# Alþingi 1934.

## Þingsetning.

### A.

### Í sameinuðu þingi.

Árið 1934, mánudaginn 1. október, var fertugasta og áttunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það þritugasta og sjöunda aðalþing í röðinni, en sextugasta og þriðja samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12.45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Séra Sveinbjörn Högnason á Breiðabólsstað steig í stólinn og lagði út af Jak. I. 22.—25.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir og allir á fundi:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
6. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
7. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
8. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
9. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
10. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
12. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
13. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
14. Guðrún Lárusdóttir, 5. landsk. þm.
15. Gunnar Thoroddsen, 11. landsk. þm.
16. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
17. Hermann Jónasson, þm. Str.
18. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
19. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
20. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
21. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
22. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
23. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.
24. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
25. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
26. Jón Sigurðsson, 7. landsk. þm.
27. Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm.
28. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
29. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
30. Magnús Guðmundsson. 1. þm. Skagf.
31. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
32. Magnús Torfason, 2. landsk. þm.
33. Ólafur Thors, þm. G.-K.
34. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
35. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
36. Páll Þorbjörnsson, 3. landsk. þm.
37. Pétur Halldórsson, 5. þm. Reykv.
38. Pétur Magnússon, 2. þm. Rang.
39. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
40. Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf.
41. Sigurður Einarsson, 9. landsk. þm.
42. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
43. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
44. Stefán Jóhann Stefánsson, 1. landsk. þm.
45. Thor Thors, þm. Snæf.
46. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.
47. Þorsteinn Briem, 10. landsk. þm.
48. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Ókominn var til þings:
Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.

**Konungsboðskapur.**

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sæta, stóð upp forsætisráðherra, **Hermann Jónasson**, og las upp opið bréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar mánudaginn 1. október 1934, dags. 5. september. (Sjá Stjtíð. 1934, A. bls. 100).

Að því búnu las forsætisráðherra upp konungsboðskap sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d. (Sjá Stjtíð. 1934, A. bls. 101). Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því, að Alþingi væri sett, og mælti síðan:

**„Minnumst ættjarðarinnar og konungsins!"**

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi þessu næst elzta þingmanninn, Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf., til þess

að stýra fundi, þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jörund Brynjólfsson, 1. þm. Árn., og Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.

**Minning látinna manna.**

**Aldursforseti (Sigfús Jónsson):** Frá því er síðasta Alþingi sleit hefir einn fyrrverandi alþingismaður fallið frá, og vil ég samkvæmt venju sem aldursforseti minnast þessa látna manns með nokkrum orðum.

Einar Þorgilsson fæddist 25. ág. 1865 í Ásmúla í Holtum í Rangárvallasýslu og var af bændaættum kominn þar eystra. Á barnsaldri fluttist hann með foreldrum sínum að Hlíð í Garðahverfi í Gullbringusýslu og ólst þar upp. Í Flensborgarskóla stundaði hann nám á árunum 1891—1894, en við búsforráðum tók hann í Hlíð 1895 og bjó þar til ársins 1900. Þá fluttist hann að Óseyri við Hafnarfjörð og rak þar bú, kaupmennsku og útgerð til 1911. Á búskaparárum sínum á Óseyri var hann jafnframt framkvæmdarstjóri Þilskipafélagsins við Hafnarfjörð (1905—1909) og hreppstjóri í Garðahreppi 1906—1908. Árið 1911 fluttist hann í kaupstaðinn í Hafnarfirði og rak þar verzlun og stórútgerð til dauðadags. Hann mun hafa verið einn af fyrstu frumkvöðlum togaraútgerðar hér á landi.

Hann var 1. þm. G.-K. kjörtímabilið 1920—1923, en bauð sig ekki fram aftur.

Í bæjarstjórn Hafnarfjarðar sat hann 1911—1923, og mörgum fleiri trúnaðarstörfum gegndi hann í almenningsþarfir.

Hann lézt í Landakotsspítala 15. júlí þ. á.

Einar Þorgilsson var framtakssamur atorkumaður, hygginn og aflasæll og um langt skeið einn af máttarstólpum atvinnulífsins í Hafnarfirði. Átti hann þar og miklum vinsældum að fagna, enda var rausn hans og hjálpsemi við brugðið.

Ég vil biðja háttvirta þm. að votta minningu þessa manns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þm. stóðu upp úr sætum sínum].

Á sama fundi, 3. okt., mælti

**forseti (JBald):** Áður en fundarstörf hefjast, vil ég minnast nokkrum orðum látins manns, Magnúsar Jónssonar prófessors, sem að vísu hafði ekki verið þingmaður, en þó haft náið samstarf við þingið um rúmlega eins árs skeið, með því að hann var fjármálaráðherra í ráðuneyti Sigurðar Eggerz frá 7. marz 1922 til 18. apríl 1923.

Magnús Jónsson fæddist að Úlfljótsvatni í Grafningi 17. júlí 1878, var sonur Jóns Þórðarsonar bónda þar og konu hans, Þórunnar Magnúsdóttur, prests að Sandfelli Jónssonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1898, lauk lagaprófi í Kaupmannahöfn 1904 og hagfræðiprófi 1907, enda var hann hinn mesti námsmaður. Frá því að hann lauk lagaprófi 1904 dvaldi hann í Kaupmannahöfn í næstu 16 ár og gegndi þar ýmsum störfum, en aðalstarf hans var í fjármálastjórn Kaupmannahafnar. Þar var hann aðstoðarmaður 1904 til 1916, en fulltrúi 1916 til 1920. Jafnframt var hann ritari í skattaráðinu 1908 til 1920, og forstöðumaður dýrtíðar- og matvælaskrifstofu Kaupmannahafnar 1916 til 1920. Hann var annar ritari nefndar þeirrar, sem hingað kom frá Danmörku 1918 til þess að semja um samband Íslands og Danmerkur, og fulltrúi í sendisveit Dana á þjóðabandalagsfundinum í Genf 1920. Sama ár var hann skipaður prófessor í lagadeild Háskóla Íslands og dvaldi síðan hér á landi til æfiloka. Eins og áður er getið var hann hér fjármálaráðherra í rúma 13 mánuði á árunum 1922—1923, en fekk lausn úr ráðuneytinu og tók þá aftur við prófessorsembætti sínu. Vegna heilsubilunar fékk hann lausn frá kennsluskyldu frá 1. jan. 1934, og hafði hann beiðzt lausnar að fullu frá embætti sínu frá næstu áramótum.

Rektor háskólans var hann skólaárið 1925—1926 og samdi þá ritgerð í Árbók háskólans um almannatryggingar.

Hann andaðist á landsspítalanum í gær, 2. okt.

Magnús Jónsson var áhugasamur um landbúnaðarmál og rak sjálfur búskap lengst af, jafnhliða embætti sínu, eftir að hann var heim kominn, á eignarjörð sinni Úlfljótsvatni og fleiri jörðum austan fjalls. Hann var glaðvær maður og vinsæll, en naut sín ekki sem skyldi á síðari árum sakir heilsubrests.

Ég vil biðja háttv. þingmenn að votta þessum látna manni virðingu sína með því að standa upp.

[Allir þm. stóðu upp úr sætum sínum.]

**Rannsókn kjörbréfa.**

Á þingsetningarfundi 1. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa. Skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

**1. kjördeild:**

ÁÁ, GÞ, GSv, HG, HermJ, HV, JAJ, JBald, JJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, ÞBr, ÞÞ.

**2. kjördeild:**

BJ, BSt, EmJ, EystJ, GÍ, IngP, JakM, JJós, JG, JörB, PHalld, PM, PO, SK, SÁÓ, ÞorbÞ.

**3. kjördeild:**

BÁ, BB, EÁrna, FJ, GG, GL, GTh, HannJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, StJSt, TT.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf allra alþingismanna. Skiptu kjördeildir með sér kjörbréfum svo sem lög mæla fyrir, þannig að 1. kjördeild hlaut til rannsóknar kjörbréf þeirra þingmanna, sem voru í 3. kjördeild, 2. deild kjörbréf þingmanna í 1. deild, og 3. deild kjörbréf þingmanna í 2. deild.

Varð nú fundarhlé, er kjördeildir gengu út úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundinum fram haldið.

**Frsm. 1. kjördeildar (Ásgeir Ásgeirsson):** 1. kjördeild hefir fengið til meðferðar kjörbréf þessara þm:

Bjarna Ásgeirssonar, þm. Mýr.,
Bjarna Bjarnasonar, 2. þm. Árn.,

Einars Árnasonar, 2. þm. Eyf.,
Finns Jónssonar, þm. Ísaf.,
Gísla Guðmundssonar, þm. N.-Þ.,
Guðrúnar Lárusdóttur, 5. landsk. þm.,
Gunnars Thoroddsens, 11. landsk. þm.,
Hannesar Jónssonar, þm. V.-Húnv.,
Jóns Ólafssonar, 1. þm. Rang.,
Jóns Pálmasonar, þm. A.-Húnv.
Jóns Sigurðssonar, 7. landsk. þm.,
Magnúsar Guðmundssonar, 1. þm. Skagf.,
Magnúsar Jónssonar, 1. þm. Reykv.,
Magnúsar Torfasonar, 2. landsk. þm.,
Stefáns Jóh. Stefánssonar, 1. landsk. þm., og
Thors Thors, þm. Snæf.

Kjördeildin leggur einróma til, að kjörbréf allra þessara þm. verði samþ.

ATKVGR.

Kosningarnar samþ. með 34 shlj. atkv.

**Frsm. 2. kjördeildar (Bergur Jónsson):** 2. kjördeild fékk til meðferðar þessi kjörbréf:

Ásgeirs Ásgeirssonar, þm. V.-Ísf.,
Garðars Þorsteinssonar, 8. landsk. þm.,
Gísla Sveinssonar, þm. V.-Sk.,
Haralds Guðmundssonar, þm. Seyðf.,
Hermanns Jónassonar, þm. Str.,
Héðins Valdimarssonar, 2. þm. Reykv.,
Jóns Auðuns Jónssonar, þm. N.-Ísf.,
Jóns Baldvinssonar, 4. landsk. þm.,
Jónasar Jónssonar, þm. S.-Þ.,
Ólafs Thors, þm. G.-K.,
Páls Hermannssonar, 1. þm. N.-M.,
Páls Zóphóníassonar, 2. þm. N.-M.,
Sigfúsar Jónssonar, 2. þm. Skagf.,
Sigurðar Einarssonar, 9. landsk. þm.,
Þorsteins Briems, 10. landsk. þm., og
Þorsteins Þorsteinssonar, þm. Dal.

Kjördeildin leggur til, að kjörbréf allra þessara þm. verði tekin gild.

Rétt er að geta þess viðvíkjandi kjörbréfi þm. S.-Þ., að sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu hefir ekki sent nein plögg, svo að vitanlegt sé, nema skýrslu til hagstofunnar, og varð kjördeildin að fara eftir henni. Taldi hún það óhætt, þar sem hún var undirrituð af sýslumanni sem oddvita yfirkjörstjórnar.

Viðvíkjandi kjörbréfi 2. þm. Skagf. bárust plögg til þingsins, sem sýna, að við talningu atkv. þar hefir verið vísað til þingsins 4 ágreiningsseðlum. Eins og kunnugt er, þá hlaut Sigfús Jónsson jöfn atkv. á móti Jóni Sigurðssyni, en við hlutkesti kom hans hlutur upp, og var hann því löglega kosinn þm. En innan yfirkjörstjórnar var ágreiningur út af 4 seðlum, þar af voru 2 utankjörfundarseðlar, þar sem kjósendur höfðu ekki skrifað undir fylgibréfin svo sem lög mæla fyrir, en hinsvegar var lögleg undirritun hreppstjóra og tveggja votta, og hafa allir þessir 3 menn vottað bréflega undirskrift sína og að kosningin hafi farið löglega fram, en kjósendur gleymt, þrátt fyrir fyrirfram áminningu hreppstjóra, að skrifa undir yfirlýsingu á fylgibréfinu. Ennfremur var þriðji utankjörfundarseðillinn, þar sem á virðist standa „Steingrímur Sigfús siera", en yfirkjörstjórn ekki taldi nógu skýran til þess að taka gildan. Loks var fjórði seðillinn — kjörfundarseðill — þar sem ekki þótti fullglöggt, hvern tilætlunin var að kjósa, því að krossinn var settur á strikið milli nafns Sigfúsar Jónssonar og Magnúsar Gíslasonar.

Kjördeildin telur, að þetta hafi ekki getað haft áhrif á kosninguna og álítur rétt, að það sé látið standa, sem úrskurðað hefir verið um þessa kosningu, en leggur til, að þessum ágreiningsatriðum verði vísað til kjörbréfanefndar til athugunar og tillagna og væntanlegs úrskurðar Alþingis.

ATKVGR.

Samþ. með 29 shlj. atkv. að taka gildar kosningar þær, allar í senn, er undir athugun 2. kjördeildar féllu.

Till. um að vísa til kjörbréfanefndar 4 ágreiningsatkvæðum úr Skagafjarðarsýslu samþ. með 27 shlj. atkv.

**Frsm. 3. kjördeildar (Magnús Guðmundsson):** 3. kjördeild hafði til meðferðar öll þau kjörbréf, sem nú hefir ekki verið samþ. að taka gild. Sé ég því ekki ástæðu til að telja þau upp, en vil aðeins geta þess, að kjördeildin er sammála um að leggja til, að öll þessi kjörbréf verði samþ. þegar í stað.

Ég skal nefna það, að kjörbréf lágu ekki fyrir úr Barðastrandarsýslu og af Akureyri, en aftur lágu fyrir símskeyti frá hlutaðeigandi yfirkjörstjórnum, og samþ. kjördeildin að taka það gilt. Leggur hún því til, að öll kjörbréfin verði tekin gild nú þegar.

ATKVGR.

Kosningarnar, allar í senn, samþ. með 37 shlj. atkv.

### Drengskaparheit unnin.

Þessu næst lét aldursforseti þá þingmenn, sem ekki höfðu áður á þingi setið, undirrita drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Bjarni Bjarnason, Emil Jónsson, Garðar Þorsteinsson, Gísli Guðmundsson, Gunnar Thoroddsen, Hermann Jónasson, Jónas Guðmundsson, Páll Zóphóníasson, Páll Þorbjörnsson, Sigfús Jónsson, Sigurður Einarsson, Sigurður Kristjánsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Þorbergur Þorleifsson, Þorsteinn Briem.

### Kosning forseta.

Aldursforseti gekkst fyrir kosningu forseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

**Jón Baldvinsson,** 4. landsk. þm.,

með 26 atkv. — Magnús Guðmundsson fékk 20 atkv. og Magnús Torfason 2 atkv.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu varaforseta Sþ. Kosningu hlaut

**Bjarni Ásgeirsson,** þm. Mýr.,

með 26 atkv. — Magnús Jónsson fékk 20 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

### Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings. Fram hafði komið áskorun frá 12 alþm.,

þeim Pétri Halldórssyni, Gísla Sveinssyni, Gunnari Thoroddsen, Thor Thors, Sigurði Kristjánssyni, Jóni Pálmasyni, Garðari Þorsteinssyni, Þorsteini Þorsteinssyni, Jóni Sigurðssyni, Pétri Ottesen, Guðbrandi Ísberg og Pétri Magnússyni, um að hlutfallskosning skyldi viðhöfð, og var það gert. Forseta bárust 2 listar, A og B. Var á A-lista Bjarni Bjarnason, en á B-lista Jón Auðunn Jónsson. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar Sþ. án atkvgr.:

**Bjarni Bjarnason**, 2. þm. Árn., og
**Jón Auðunn Jónsson**, þm. N.-Ísf.

**Kjörbréfanefnd.**

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust 2 listar, A og B. Á A-lista voru BJ, StJSt og EÁrna, og á B-lista GSv, PM og TT. Fór kosning svo, að A-listi fékk 26 atkv., B-listi 19 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Rétt voru því kosnir í kjörbréfanefnd:

Bergur Jónsson,
Gísli Sveinsson,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Pétur Magnússon,
Einar Árnason.

**Kosning til efri deildar.**

Þriðjudaginn 2. október var þingsetningarfundi fram haldið og tekin til meðferðar, að viðhafðri hlutfallskosningu, kosning 16 þingmanna til þess að skipa efri deild. Fram komu fyrst tveir listar, A og B. Var A-listi borinn fram af þm. Framsfl. og Alþfl. ásamt þm. V.-Ísf., og voru á honum þessi nöfn:

Jónas Jónsson,
Jón Baldvinsson,
Einar Árnason,
Ingvar Pálmason,
Sigurjón Á. Ólafsson,
Páll Hermannsson,
Bernharð Stefánsson,
Haraldur Guðmundsson,
Hermann Jónasson.

B-listi var borinn fram af þm. Sjálfstfl., og voru á honum þessi nöfn:

Magnús Guðmundsson,
Guðrún Lárusdóttir,
Pétur Magnússon,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Jón Auðunn Jónsson,
Magnús Jónsson.

Þar sem ekki kom fram á listunum full tala þeirra, er kjósa átti, gekk forseti eftir lista frá Bændafl.

**Þorsteinn Briem:** Bændaflokkurinn hefir ekki óskað að kjósa mann til efri deildar.

**Pétur Magnússon:** Ég get ekki séð ástæðu til að bíða með kosninguna, eins og þingmenn hafa verið að skjóta fram, þótt ekki séu eins mörg nöfn á listum eins og kjósa á til Ed. Afleiðingin af því, að ekki er stillt upp nægilega mörgum við hlutfallskosningu, sýnist hljóta að verða sú, að kjósa verður einn mann með óhlutbundinni kosningu.

**Garðar Þorsteinsson:** Út af því, sem síðasti ræðumaður sagði, vil ég taka fram, að ég get ekki séð, að rétt sé að farið, að kjósa einn mann óhlutbundinni kosningu, þótt ekki sé full tala á listunum. Við nánari athugun hlýtur hv. þm. að sjá, að þetta gæti leitt til algerðs glundroða. Ef t. d. væru tveir flokkar í þinginu og missterkir, þá gæti svo farið, að þeim sterkari þóknaðist að stilla ekki nógu mörgum og notaði síðan atkvæðafjöldann til að kjósa einn ákveðinn mann eða fleiri. Það hlýtur þess vegna að vera tilætlun þingskapa, að kosin sé fullkomin tala hlutbundinni kosningu. Annars væri hlutfallskosningin alveg tilgangslaus, vegna þess að stærsti flokkurinn gæti með óhlutbundinni kosningu kosið einn og einn þm. í senn. Og næst gæti vantað fleiri menn á lista, og mætti þá kjósa einn og einn með þessum hætti.

**Pétur Magnússon:** Ég get ekki annað séð en að þetta sé á algerðum misskilningi byggt. Hver flokkur hefir rétt til að setja á lista sinn eins mörg nöfn og honum sýnist. Ef ætti að nota hlutfallskosningu til þess að koma glundroða á flokkaskipun deildanna, þá er hægt að grípa til þess ráðs að setja menn úr öðrum flokkum inn á sinn eiginn lista. Ég get þess vegna ekki séð, að af þessu stafi nein hætta, ef fleiri menn eru kosnir óhlutbundinni kosningu til Ed., af þeirri ástæðu, að ef flokkur setur ekki nægilega mörg nöfn á lista, þá hefir hann fallið frá þeim rétti að fá hlutfallslega jafnmarga menn kosna til Ed. og aðrir. Mér skilst þarna vera að ræða um réttindi, en ekki skyldu.

**Garðar Þorsteinsson:** Ekki get ég séð, að þetta sé misskilningur hjá mér. Þingsköp gera ekki beinlínis ráð fyrir, að slík atvik sem þetta geti komið fyrir. En 6. gr. er orðuð þannig, að þingmenn til Ed. skuli kosnir hlutfallskosningu. Ég get ekki séð, að það samrýmist þeim tilgangi, sem felst í þessari grein, ef farið er kringum ákvæðið með því að stilla ekki nægilega mörgum og kjósa síðan óhlutbundið. Þá er þessari gr. ekki fullnægt. Næst er að álíta, að full tala skuli vera á hverjum lista, og sé svo hlutfallið látið ráða.

**Forseti (JBald):** Það hefir verið lögð fram uppástunga af hv. 2. þm. Reykv. (HV), uppástunga með nafninu Þorsteinn Briem. Hún er ekki komin frá Bændaflokknum, en eðlilegast væri, að flokkurinn kysi upp í Ed. eftir því atkvæðamagni, sem hann hefir.

***Þorsteinn Briem:*** *Ég vil skjóta þeirri beiðni til* hæstv. forseta, að hann geri fundarhlé.

**Pétur Magnússon:** Út af því, sem hv. 8. landsk. sagði síðast, vil ég beina spurningu til hans. Hvernig ætlar hann að leysa það vandamál, sem þingið kemst í, ef allir flokkar neita að bæta við á lista sína? Ætlar hann að láta deildina vera vanskipaða um þennan mann? Ég get ekki séð, að nokkur möguleiki sé út úr ógöngunum annar en sá, að kjósa einn mann óhlutbundinni kosningu.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég lít svo á, að þótt það sé ekki bein skylda samkv. þingsköpum, að flokkar setji eftir atkvæðafjölda menn í Ed., þá eigi það svo að vera og sé „mórölsk" skylda. Þess vegna leyfi ég mér að koma með þennan lista fyrir Bændaflokkinn, úr því að hann vill það ekki sjálfur. *En ef Bændaflokkurinn kemur sjálfur* með lista, skal ég draga mig til baka.

Forseti ákvað fundarhlé í 10 mínútur. Að því liðnu var fundinum fram haldið.

**Forseti (JBald):** Mér hafa borizt tveir listar, annar, er ég merki D, frá hv. þm. V.-Húnv., með nafninu Héðinn Valdimarsson, en á hinum listanum, er hlýtur einkennið E, er nafnið Magnús Torfason, og er sá listi borinn fram af hv. 10. landsk.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort annarhvor þessara lista eða báðir séu bornir fram af Bændaflokknum, eða aðeins einstökum mönnum. Það er vitanlegt, að samkv. hinni nýju stjskr. fara slíkar kosningar sem þessar eftir flokkum, og nýtur Bændaflokkurinn því þeirra réttinda eins og aðrir flokkar, að það eru þeir, sem ráða, en ekki kjördæmin. Mér finnst því, að hann geti ekki brugðizt þeirri þinglegu skyldu sinni að bera fram lista við þessa kosningu til Ed., þar sem hann hefir mátt til þess að koma manni upp í deildina. Ég vænti því, að þessari fyrirspurn minni verði svarað skýrt og afdráttarlaust.

**Þorsteinn Briem:** Ég vil svara fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. því einu, að það mun koma fram við atkvgr., á hvern hátt listar þessir eru bornir fram.

**Forseti (JBald):** Það hefir verið farið fram á að fá fundarhlé, og mun ég veita það.

*Að loknu fundarhléi frestaði forseti fundinum* til næsta dags, kl. 1 miðdegis.

Miðvikudaginn 3. október var fundinum enn fram haldið.

**Forseti (JBald):** Það hefir verið hér nokkurt stríð milli flokka um skipun efri deildar. Sé ég ekki ástæðu til að leyfa frekari umr. um það efni, en tek málið til úrskurðar.

Við kosningar til efri deildar Alþingis hafa komið fram fimm listar. Á A-listanum eru 9 nöfn alþingismanna úr Alþfl. og Framsfl., en þeir flokkar, ásamt hv. þm. V.-Ísf., sem er utan flokka, hafa borið þennan lista fram. Á B-listanum, lista Sjálfstfl., eru 6 alþingismenn úr þeim flokki. Þingmannatala á hvorum þessara lista um sig er hlutfallslega sú, er þessir flokkar, er að listunum standa, geta eftir atkvæðamagni sínu í þinginu kosið til efri deildar Alþingis. Þessir listar eru því bornir fram í samræmi við úrslit kosninga og í samræmi við efni stjórnarskrárinnar frá 1934. — Úrskurða ég þá lista gilda.

Samkv. 2. gr. stjskr. frá 1934 á þriðjungur þingmanna að eiga sæti í efri deild, en sé ekki unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild. Nú er tala alþingismanna 49, og ber því að kjósa 16 alþm. til að taka sæti í efri deild Alþingis. En samanlögð tala alþm. á áðurnefndum *tveim listum er eigi nema* 15.

Á fundinum í gær lýsti forseti eftir lista frá Bændaflokknum, en hv. 10 landskjörinn svaraði því, að Bændaflokkurinn óskaði ekki eftir því, að kjósa til efri deildar. Bar þá hv. 2. þm. Reykv. fram lista, er hlaut einkennið C og var á þeim lista nafn Þorsteins Briems. Eftir fundarhlé, er veitt var samkvæmt ósk hv. 10. landskjörins, kom eigi fram flokkslisti frá Bændaflokknum, en hv. þm. V.-Húnv. bar fram lista, er merktur var D og var á þeim lista nafn Héðins Valdimarssonar, og loks kom fram listi frá hv. 10. landsk., er hlaut einkennið E, með nafni Magnúsar Torfasonar.

Með þeirri breytingu á stjórnarskipunarlögum landsins, sem samþykkt var til fullnustu á auka-Alþingi 1933, *og með nýjum kosningalögum*, sem sett voru samkvæmt hinni nýju stjórnarskrá, er gerð stórfelld breyting á öllu fyrirkomulagi kosninga til Alþingis, og stjórnmálaflokkum og sérstaklega þingflokkum veittur meiri réttur en áður. Þannig er það lögbundið, að það skuli standa á kjörseðli kosninga til Alþingis, í hvaða flokki frambjóðandi sé. Þó að mönnum sé einnig heimilt að bjóða sig fram til þings utan flokka, þá gerir stjórnarskrá og kosningalög aðallega ráð fyrir því, að kosið sé um flokka.

Umbjóðendur þingmanna, kjósendurnir, hafa við síðustu alþingiskosningar hér á landi í raun og veru í fyrsta sinni kosið eftir flokkum. Á Alþingi eiga þingflokkar því að hafa þann rétt og þær skyldur, sem kosningarnar hafa veitt þeim, en hvorki meiri né minni. *Bændaflokkurinn hefir* atkvæðamagn til þess að kjósa einn alþingismann til efri deildar, en það hefir ómótmælt verið borið fram af einum alþingismanni úr Bændaflokknum, að sá flokkur óski ekki eftir því, að kjósa þingmann til efri deildar.

Ég tel ekki, að Bændaflokkurinn geti skotið sér undan því, að eiga einn alþingismann í efri deild, en heldur ekki, að einstakir þingmenn geti borið fram lista með nafni eða nöfnum alþingismanna úr öðrum flokki, sem hefir uppfyllt þá skyldu að leggja fram lista við kosninguna, með jafnmörgum nöfnum og sá flokkur á rétt á að kjósa til efri deildar, og ekki heldur með nafni eða nöfnum alþingismanna úr eigin flokki, ef það er ekki flokkslisti. Þá er komið út fyrir þau takmörk, *sem stjórnarskrá og kosningalög* gera ráð fyrir.

Háttvirtur 10. landsk. hefir svarað fyrirspurn um það, hvort E-listinn sé listi Bændaflokksins, að það muni sjást við atkvæðagreiðslu. — Verður því ekki hægt að líta svo á, að E-listinn sé listi Bændaflokksins. Heldur eigi verður D-listinn talinn listi Bændaflokksins, það er tvímælalaust ólöglegt að bera fram lista með nafni alþingismanns úr öðrum flokki, svo sem gert er með D-listanum, í því skyni að skjóta sér undan því, að koma fram með flokkslista.

Er það því úrskurður minn að vísa D-listanum

og E-listanum frá, og koma þeir því eigi til atkvæða.

C-listinn er fram borinn af 2. þm. Reykv. í samráði við formenn tveggja meirihlutaflokkanna á Alþingi. — Hann kvaðst bera þennan lista fram í því skyni að fylla löglega tölu alþingismanna til efri deildar og stinga upp á alþingismanni úr Bændaflokknum, er eigi hafði komið fram með lista, þótt hann hefði atkvæðamagn til þess að kjósa einn mann til efri deildar, og jafnframt lýsti hv. 2. þm. Reykv. yfir því, að hann myndi taka sinn lista aftur, ef Bændaflokkurinn bæri fram flokkslista.

Nú hefir það eigi orðið, svo sem áður er tekið fram. Verður að fallast á, að meirihlutaflokkum þingsins beri skylda til þess að sjá um, ef á brestur, að Alþingi verði starfhæft samkvæmt úrslitum alþingiskosninga. Það er og í samræmi við anda og tilgang hinnar nýju stjórnarskrár og hinna nýju kosningalaga og þá einnig í samræmi við þingsköp Alþingis.

Ég úrskurða því, að C-listinn sé löglega fram borinn.

Þar sem D-lista og E-lista hefir verið vísað frá, er eigi stungið upp á fleiri alþingismönnum til efri deildar Alþingis en kjósa á þangað samkvæmt stjórnarskránni og eru þá kosnir til efri deildar Alþingis þessir alþingismenn:

Af A-lista:
Jónas Jónsson,
Jón Baldvinsson,
Einar Árnason,
Ingvar Pálmason,
Sigurjón Á. Ólafsson,
Páll Hermannsson,
Bernharð Stefánsson,
Haraldur Guðmundsson,
Hermann Jónasson.

Af B-lista:
Magnús Guðmundsson,
Guðrún Lárusdóttir,
Pétur Magnússon,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Jón Auðunn Jónsson,
Magnús Jónsson.

Af C-lista:
Þorsteinn Briem.

Á 2. fundi í Sþ., 4. okt., utan dagskrár, mælti

**Þorsteinn Briem:** Ég vil nota fyrsta tækifæri, sem gefst, til að mótmæla úrskurði hv. forseta í gær, sem snertir mig sérstaklega.

Ég fæ ekki annað séð en að það sé bein og tvímælalaus skylda forseta samkv. 48. grein þingskapa, að láta fara fram kosningu um alla þá lista, sem fram koma, sbr. og 46. grein þingskapanna.

Ég geri því kröfu um, að hæstv. forseti beri úrskurð sinn undir atkvæði þingsins.

Veit ég enga heimild í þingsköpum fyrir forseta til þess að vísa lista, sem honum hefir verið afhentur, frá kosningu, enda virtist hv. forseti ekki líta svo á í fyrradag, að sér væri það heimilt.

Forseti og einstakir þingflokkar geta auðvitað litið svo á lögin sem annað, að þau ættu að vera á annan veg. En það er þó jafnan skylt að fara eftir lögum, ekki síst þar sem um jafnskýr og ótvíræð ákvæði er að ræða sem hér er.

Aðferð hv. forseta í gær er þess eðlis, að ætla mætti, að Alþingi hiki við að samþykkja.

**Ólafur Thors:** Út af úrskurði forseta í gær um kosningu þingmanna til efri deildar vill Sjálfstfl. taka þetta fram:

Í fyrsta lagi: Samkvæmt þingsköpum ber sameinuðu Alþingi að kjósa með hlutfallskosningu ákveðna tölu þingmanna til efri deildar, sbr. 6. gr. þingskapa.

Í öðru lagi: Þar sem stungið hafði verið upp á fleiri þingmönnum en kjósa átti, sbr. 48. gr. þingskapa, þá bar að láta kosningu fara fram.

Sjálfstæðisflokkurinn mótmælir því þessum úrskurði forseta sem ólöglegum og beinir þeirri eindregnu kröfu til forseta, að hann láti atkvæði þingsins ganga um úrskurðinn.

**Forseti (JBald):** Það kom fram krafa um það á þingfundi í gær að bera úrskurð forseta undir Alþ., og ég sá ekki ástæðu til að verða við því. Forsetar hafa ekki gert slíkt að jafnaði, og ég sé ekki heldur ástæðu til að verða við þeirri beiðni nú. Í úrskurðinum var gerð glögg grein fyrir niðurstöðum hans, og það er áreiðanlegt, að þessi úrskurður er réttur samkv. stjskr., kosningalögum og úrslitum kosninganna, og ekki í ósamræmi við þingsköp. Það verður ekki hægt fyrir flokka eða einstaka þm. að skjóta sér undan því með hrekkjabrögðum að gera skyldu sína, eða brjóta starfsemi þingsins. Ég mun ekki verða við því að bera úrskurðinn undir þingið. Það stendur við það, sem var í gær, og engin ástæða til að hafa um þetta langar umræður.

**Jakob Möller:** Forseti sagði, að það væri ekki venja, að forsetar leyfðu atkvgr. um úrskurði. Ég hygg, að þetta sé rangt. Það er föst venja, þegar krafa hefir komið fram um, að úrskurður sé borinn undir atkv., að það sé gert. Ég veit eitt einasta dæmi um hið gagnstæða, og ég geri ráð fyrir, að hæstv. forseti láti það dæmi ekki rugla sig í þessu efni. En hvað því dæmi viðvíkur, þá stóð svo sérstaklega á, að krafan um atkvgr. var ekki borin fram af réttum aðila. Ég veit ekki, hvort hv. þm. kannast við þetta dæmi. Það var í hv. Ed., að forseti úrskurðaði þingmann óatkvæðisbæran, og það var núv. hæstv. forseti Sþ., sem var það einstaka þingfyrirbrigði, að vera úrskurðaður óatkvæðisbær um alm. mál, er hann taldi sig þó sjálfan atkv.bæran um, en forseti neitaði að bera það undir atkv., þar sem í þingsköpunum væri það einungis viðkomandi þm., í þessu tilfelli hæstv. núv. forseti Sþ., sem gæti gert kröfu um atkvgr., en hún kom fram frá öðrum hv. þm. Þetta er því ekki því til stuðnings, að forsetar neiti atkvgr. um úrskurð, heldur þveröfugt, staðfesting á því, sem ég segi, og mig furðar á atferli hæstv. forseta og skil það á þann hátt, að hann viti, að úrskurðurinn er rangur og þingmeirihlutinn sé honum ekki samþ. og telji þetta ofbeldi og lögleysu.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég er sammála úrskurði hæstv. forseta frá í gær um það höfuðatriði, að

það sé skylda Bændaflokksins að hafa þm. í Ed. En svo má um það deila, með hverjum hætti var hyggilegast að fullnægja þeirri nauðsyn. Hæstv. forseti hefir úrskurðað, að tiltekinn listi með nafni Bændaflokksmanns á skuli tekinn gildur. Það hefði eins mátt úrskurða, að annar listi, sem var borinn fram af Bændafl.manni, skyldi tekinn gildur. Í þriðja lagi hefði mátt úrskurða ógilda alla þá lista, sem bornir voru fram af mönnum úr öðrum flokkum en þeim, sem á listunum voru, og kjósa síðan óhlutbundinni kosningu þá, sem á vantaði til að Ed. væri fullskipuð. En úr því sem komið er vil ég stinga upp á því, sem ekki þarf nema samkomulag um, að leyfa Bændaflokknum að skipta um mann í Ed., ef hann óskar þess. Þá er hvorutveggja fullnægt, þeirri skyldu Bændaflokksins að eiga mann í Ed., og hinu, að flokkurinn ráði sjálfur manninum.

**Jónas Jónsson:** Ég vil einungis bæta við fáum orðum. Við hv. þm. V.-Ísf. erum nokkuð á sama máli. Sú skýring, sem hæstv. forseti byggir á, er hvað lokatakmarkið snertir hin sama og sú, sem hv. 2. þm. Rang. stakk upp á. Einn þingflokkurinn hefir neitað að kjósa til Ed. og lýst yfir, að hann vilji ekki eiga fulltrúa þar. Það er þess vegna fullvíst, að a. m. k. einn af leiðandi mönnum Sjálfstæðisfl. litur þannig á, að í því tilfelli, að þingfl. neiti að gera skyldu sína í þessu efni, þá verði meiri hl. þingsins að sjá svo um, að slíkt fái ekki haldizt. Hv. 2. þm. Rang., hæstv. forseti og form. flokkanna, sem að hæstv. stj. standa, eru sammála um, að aðferðin, sem vakti fyrir hv. 10. landsk., sé ófær. Um atkvgr. um þessa sjálfsögðu nauðsyn er það að segja, að um það ræður hæstv. forseti náttúrlega öllu, en sá þingmeirihluti, sem að stj. stendur, er yfirleitt sömu skoðunar og hv. 2. þm. Rang., að það framferði, sem hv. 10. landsk. viðhafði, geti ekki liðizt, að það sé óhugsandi, að einn flokkur geti á þann hátt ruglað réttarreglum í þinginu með hinu fyrirhugaða verkfalli. Þess vegna get ég, út af ræðu hv. 3. þm. Reykv., sagt það, að það má ná þessu sama takmarki með uppástungu hv. 2. þm. Rang., og þingmeirihlutinn hefði þá vafalaust kosið hinn merka mann, sem að komst sem 16. maður í Ed., en ef það hefði ekki verið gert, og farið að eins og hv. 3. þm. Reykv. vildi, að bera úrskurðinn undir þingmeirihlutann, þá sé ég ekki, að það hefði breytt nokkru, þegar vitað er, að hann hefir meiri hlutann að baki sér. Allir, sem um þetta mál tala utan Bændaflokksins, eru sammála um það, að ekki komi annað til mála en að Bændaflokkurinn verði sem aðrir að lúta réttum reglum.

**Magnús Guðmundsson:** Það var aðallega dálitil fyrirspurn til hæstv. forseta út af því, að hann vísaði frá lista, sem var borinn fram af manni, sem ég hygg að sé form. Bændaflokksins, með nafni eins flokksmanns hans á. Það er atriði, sem mér finnst óskiljanlegast, því að þegar form. flokksins ber fram lista með flokksmanni á, þá sé ég ekki, hvernig hægt er annað en skoða hann sem flokkslista, jafnvel þótt komið hafi fram áður, að flokkurinn óskaði ekki eftir að eiga mann í Ed. Flokkurinn gat vel breytt um skoðun eða beygt sig fyrir kröfunni um að þeir láti mann í Ed.

Ég vil heyra frá hæstv. forseta, á hverju hann byggir þetta atriði úrskurðarins.

**Forseti (JBald):** Hv. 1. þm. Skagf. hefir spurt mig, á hverju það sé byggt, að lista frá hv. 10. landsk., sem hann segir, að sé form. Bændafl., hafi verið vísað frá. Ég vissi ekki, að þessi hv. þm. var form. Bændafl., en vera má, að hv. 1. þm. Skagf. sé kunnugra um það en mér, en það er þá undarlegt lítillæti hjá hv. 10. landsk. að fara í felur með þessa sína virðingu, og ennfremur, hafi þetta verið flokkslisti, að skjóta sér þá undan að svara fyrirspurn um það, hvort listinn væri flokkslisti. Annars eru í úrskurðinum færðar fram ástæður, sem ættu að nægja hv. 1. þm. Skagf.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil taka það fram, að Alþýðufl. stendur óskiptur að baki forseta um þetta mál.

Bændafl. neitaði að taka þátt í myndun Ed. með hinum flokkunum, og af því hlaut að leiða, að meiri hl. þings var skylt að tilnefna einhvern af þeirra mönnum á lista, sem og var gert. — Ég tel frekari umr. um þetta algerlega óþarfar, þar sem öllum hv. þm. er kunnugt um, að forsetaúrskurðurinn stendur, og fordæmin eru mörg fyrir því, t. d. í hv. Nd., að bera ekki slíka úrskurði undir atkv., enda þýðingarlaust.

**Ólafur Thors:** Í 48. gr. þingskapanna stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir þingmenn, sem komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð".

Þetta skilst mér vera skilyrði frá hendi þingskapanna fyrir því, að listi sé löglegur. Nú hefir hv. 2. þm. Reykv. borið fram lista með nafni Þorsteins Briems, en samt er því yfir lýst af forseta, að þessi hv. þm. standi að baki öðrum framkomnum lista, í því skilst mér að felist skv. þingsköpum (48. gr.), að hann hafi ekki rétt til þess að bera fram eða geti ekki borið fram löglega uppástungu um annan lista. Ég tel því tvímælalaust, að það sé rangur úrskurður hjá hæstv. forseta, þegar hann velur þennan lista úr og úrskurðar hann gildan, samtímis að úrskurðaður er ógildur listi frá Bændafl.-manni með nafni Bændaflokksmanns á. Þetta hlýtur hver maður að játa, að er rétt, og mér finnst forseti vera knúinn til þess, til að bjarga virðingu þingsins, að gefa mönnum kost á að leiðrétta með atkvæði sínu svo augljóst rangdæmi. Ef hann verður ekki við þessu, kemst hann ekki undan því, að álitið verði, að hann bresti hugrekki til þess að leggja þennan ranga úrskurð undir þingið, jafnvel þótt hans flokksmenn séu þar í meiri hluta. Ég endurtek þá áskorun til hæstv. forseta, að hann sóma þingsins vegna og sjálfs sín verði við tilmælum um, að úrskurður hans verði lagður undir atkv. þm.

**Forseti (JBald):** Hv. þm. G.-K. hefir vitnað til þingskapanna, en hv. þm. ætti að vita, að þinginu ber einnig að fara eftir stjskr., og hún er ofar þingsköpunum, ef á greinir. Hv. þm. G.-K. hefir gleymt 1. og 2. gr. stjskr. frá 1934, sem við samþ. á seinasta þingi. **(PM:** Hvergi stendur þar, að Magnús Torfason megi ekki vera í Ed. — **ÓTh:** Nei!). Þetta er lélegur útúrsnúningur hjá hv. 2. þm. Rang. Það stendur heldur ekki í stjskr., að hann eigi að vera þm. Rang., en í 1. gr. stjskr. er þingfl. gert sérlega hátt undir höfði, og því verður að skilja 48. gr. þingskapanna svo, að nú geti ekki, eins og stundum áður, hver og einn þm. hlaupið til og búið út lista. 48. gr. þingskapanna verður að skýrast í ljósi stjskr., og hana álít ég ofar, ef þar greindi á. Álít ég því, að úrskurðurinn hafi verið að lögum og fullkomlega „parlamentariskur".

**Magnús Guðmundsson:** Ég verð að segja, að ég fann ekki, að hæstv. forseti svaraði neinu minni fyrirspurn. Ég spurði, hvers vegna hann vísaði frá lista, sem borinn var fram af formanni flokks með flokksmanni á, en tekur gildan lista, borinn fram af formanni annars flokks með manni á, sem ekki er í hans eigin flokki. Þessu svaraði hann alls engu. Hann kvað það undarlegt, að ég vissi, hver er formaður Bændaflokksins. Þar um er það að segja, að ég hefi heyrt það, eins og ég hefi heyrt, að hæstv. forseti sé formaður Alþýðuflokksins. Hvorugt hefir mér verið tilkynnt. Annars þykir mér hæstv. forseti hálfilla að sér, ef hann veit ekki, hverjir eru formenn flokka hér á þingi. Ég man ekki betur en að hv. 10. landsk. hafi haft orð fyrir flokknum.

Ég vil að lokum segja það, að ég álít það vera freklegt gerræði og ekkert annað, þegar þingforseti vísar frá lista, sem borinn er fram af formanni flokks með flokksmanni á og því ber á sér svo greinileg flokksmerki, að ekki geta verið greinilegri. Annars þekki ég svo venjur hér á Alþingi, að ég fullyrði, að það er aldrei spurt, hvort listi sé borinn fram af ákveðnum flokki eða ekki. Hæstv. forseti gat líka sjálfur spurzt fyrir um þetta, ef hann vildi vita það, og hefði án efa fengið svar.

**Hannes Jónsson:** Hæstv. forseti neitaði mér um orðið, þegar hann kvað upp úrskurð sinn um kosninguna til Ed.

Það vill nú svo vel til, að það er búið að lýsa yfir því, af þeim, sem samdi þingsköpin, hversu réttmætur slíkur listi var, sem hér er um að ræða, að hann væri alls ekki á móti þingsköpum. Hæstv. forseti lítur nú öðruvísi á málið og vill úrskurða listann frá. En úr því að hann fór úrskurðarleið í þessu máli, þá er ég alveg undrandi yfir því, hvernig hann vísar frá.

Það er um að ræða þrjá lista. Tveir eru bornir fram af Bændaflokksmönnum, en einn af Alþýðuflokksmönnum. Maður hefði getað skilið, að hæstv. forseti hefði viljað heimta það af flokkunum, að þeir bæru ekki fram á sínum listum menn úr öðrum flokkum. En það virðist vera hið gagnstæða. Og hann virðist heimta að fá að ráða því sjálfur, hverjir skipa Ed. Ég hefði alveg eins getað búizt við, að úr því að ég hafði ekki komizt á neinn lista, væri sjálfsagt að skipa mig í Ed. Það lá opið fyrir að úrskurða, hvern lista ætti að telja borinn fram fyrir hönd Bændaflokksins. Það var listinn, sem Bændaflokksmaður bar fram með Bændaflokksmanni á. En þennan lista úrskurðar hann frá!

Hæstv. forseti segir, að það sé til neitun um það, að þetta sé flokkslisti. En það liggur engin neitun fyrir. Það var svarað fyrirspurn þingmanns út af þessu atriði, á þá leið, að þetta myndi koma fram við atkvæðagreiðsluna. Hv. 10. landsk. taldi sig ekki skyldan að gefa þeim, sem spurði, sérstakar upplýsingar um þetta, frekar en það, sem hann gat lesið af skipun listans. Hefði hæstv. forseti spurt flm. listans, var allt öðru máli að gegna. En það gerði hann ekki.

Það er skotið fyrir ofan markið hjá hv. þm. S.-Þ. (JJ) í ásökun hans til hv. 10. landsk. Eða er það ásökun í hans huga, að hv. 10. landsk. komi með flokksmann sinn á lista? Ég hefði skilið, hefði hann ásakað mig fyrir að koma með lista með Alþýðuflokksmanni á. Nei, það gerir hann ekki. En þegar þessum mönnum með svona hugsanagang slær saman, þá er ekki undarlegt, þótt eitthvað áður óheyrt komi á daginn.

Ég verð að segja, að það, sem gert hefir verið með þessum úrskurði, er það mesta þingglapræði, sem hugsazt getur, þó að við verðum að þola það, sem óréttinum erum beittir. Er þetta því verra, sem við höfum enga möguleika til að bera hönd fyrir höfuð okkar.

**Jakob Möller:** Ég hefi beint til hæstv. forseta áskorun tuttugu þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Er skorað á hann samkv. 45. gr. þingskapa að leggja úrskurð sinn frá í gær undir atkvæði þingsins.

Auk forseta hefir líka hv. 2. þm. Reykv. reynt að halda því fram, að forsetaúrskurðir væru aldrei lagðir undir atkvæði, væri ekkert fordæmi fyrir því. Ég benti á fordæmi, sem staðfestir réttinn til að krefjast slíks og viðurkennir í raun og veru, að um skyldu sé að ræða, nema í því einstaka tilfelli, sem ég sagði frá. Auk þess ber svo vel við, að það er beinlínis ákveðið í 45. gr. þingskapa, að þingdeild eða sameinað Alþingi geti breytt ákvörðun forseta, þegar þess er krafizt af tilteknum fjölda þingmanna, þriggja í Ed., sex í Nd. og níu í Sþ. Það er ekki hægt að líta svo á, að þetta ákvæði eigi við það einstaka tilfelli, sem um ræðir í gr., því að ef það er réttur þm. í Sþ. og deildum að krefjast breytinga á ákvörðunum forseta viðvíkjandi því eina atriði, sem í sjálfu sér er miklu þýðingarminna og óverulegra en það, sem hér er um að ræða, þá liggur í augum uppi, að þingið hefir sama rétt til að gera breytingar á slíkum úrskurði, sem hæstv. forseti gerði í gær. Enda staðhæfi ég, að það er órofin þingvenja, að slíkir úrskurðir séu bornir undir atkvæði. Það nægir ekki, eins og hv. 2. þm. Reykv. sló fram, að fordæmi sé fyrir að neita um slíkt. Hann hefir ekki nefnt neitt, og hann getur það ekki. Hinsvegar gat ég um fordæmi, þar sem slík atkvæðagreiðsla var látin fara fram.

Vænti ég þess, að hæstv. forseti verði við þeirri kröfu, sem fram er borin.

**Forseti (JBald):** Þetta skjal, sem lagt var fyrir mig, er byggt á misskilningi á þeirri gr., sem hv. þm. nefndi. Greinin hljóðar svo:

„Forseti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef þrír í efri deild, sex í neðri deild og níu í sameinuðu þingi, krefjast þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og einn af flutningsmönnum mega, hvor um sig, taka einu sinni til máls, áður en til atkvæða er gengið um það. Krefjast má þingmaður þess, að atkvæðagreiðslu um breytingartill. sé skipt, ef hann gerir það áður en umr. hefjast. Nú er stungið upp á að skipta atkvæðagreiðslu um lagagr., og telst það brtt. (sbr. 32. gr.). Þó þarf ekki að koma fram með þá till. fyrr en á þeim fundi, er atkvgr. á að fara fram".

Það er því misskilningur að vísa í 45. gr., því að hún ræðir um það eitt að haga atkvæðagreiðslu á sérstakan hátt, þ. e. a. s. atkvgr., sem fyrir liggur, eins og sést, ef lesin er 43. gr. Þess vegna ber að skoða þetta skjal, sem mér hefir borizt, sem endurtekningu á þeirri ósk að bera úrskurð forseta undir Alþingi, og get ég vísað til þess, sem ég sagði í gær um þetta efni, að ég ætla ekki að bera úrskurðinn undir atkvæði. Það var úrskurðað þá, og þessari ósk get ég því ekki orðið við. — Ég álít umræðurnar þegar orðnar nægilega langar, og mun ganga til dagskrár og taka fyrir fyrsta mál, sem er kosning í fastanefndir, samkv. 16. gr. þingskapa.

### Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 4. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir, að viðhafðri hlutfallskosningu.

#### 1. Fjárveitinganefnd.

Við kosningu fjvn. komu fram 2 listar, A og B. — Á A-lista voru JJ, JG, BB, SE og ÞorbÞ, og á B-lista PO, JS, ÞÞ og MG. — Þar sem ekki voru fleiri nöfn samtals á listunum en kjósa skyldi menn í nefndina, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jónas Jónsson,
Pétur Ottesen,
Jónas Guðmundsson,
Jón Sigurðsson,
Bjarni Bjarnason,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Sigurður Einarsson,
Þorbergur Þorleifsson,
Magnús Guðmundsson.

#### 2. Utanríkismálanefnd.

**Héðinn Valdimarsson:** Það munu vera komnir fram listar með tveimur fleiri en kjósa á. Einn er frá Bændaflokknum, og annar er frá Ásgeiri Ásgeirssyni. Við Alþýðuflokksmenn samþykkjum fyrir okkar leyti, að með afbrigðum verði fjölgað í nefndinni upp í níu.

**Forseti (JBald):** Það er rétt að lýsa listum þeim, sem komnir eru. Á A-lista eru nöfnin: Jónas Jónsson, Héðinn Valdimarsson, Bjarni Ásgeirsson, Stefán Jóh. Stefánsson. Á B-lista: Ólafur Thors, Magnús Jónsson, Pétur Magnússon. Á C-lista: Magnús Torfason. Á D-lista: Ásgeir Ásgeirsson.

Þar sem komin eru fram fleiri nöfn en kjósa á í nefndina, en komið hefir til orða að veita afbrigði til að fjölga í nefndinni, ákveð ég fundarhlé í 15 mínútur.

Að liðnu fundarhléi mælti

**forseti (JBald):** Mér hefir verið skýrt frá, að flokkarnir hafi fallizt á, að fjölgað verði mönnum í utanríkismálanefnd úr 7 upp í 9. Ég leyfi mér því að stinga upp á, að þessi afbrigði frá þingsköpum verði leyfð.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð með 32:2 atkv.

Þar sem á listunum voru samtals jafnmörg nöfn og kjósa skyldi menn í nefndina, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jónas Jónsson,
Ólafur Thors,
Héðinn Valdimarsson,
Magnús Jónsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Pétur Magnússon,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Magnús Torfason,
Ásgeir Ásgeirsson.

# B.
# Í efri deild.

Að loknum 1. fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi, nema 10. landsk. þm. (ÞBr):

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Guðrún Lárusdóttir, 5. landsk. þm.
4. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
5. Hermann Jónasson, þm. Str.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
8. Jón Baldvinsson, 4. landsk. þm.
9. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
10. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
11. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
12. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.
13. Pétur Magnússon, 2. þm. Rang.
14. Sigurjón Á. Ólafsson, 4. þm. Reykv.
15. Þorsteinn Briem, 10. landsk. þm.
16. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þingmann deildarinnar, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pál Hermannsson, 1. þm. N.-M. og Pétur Magnússon, 2. þm. Rang.

**Kosning forseta og skrifara.**

Var þá gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

**Einar Árnason**, 2. þm. Eyf.,

með 9 atkv. Pétur Magnússon fékk 6 atkv.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

**Sigurjón Á. Ólafsson**, 4. þm. Reykv.,

með 9 atkv. — Guðrún Lárusdóttir fékk 5 atkv., 1 seðill var auður.

Þessu næst var kosinn annar varaforseti

**Ingvar Pálmason**, 2. þm. S.-M.,

með 9 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram tveir listar, A og B. — Á A-lista var PHerm, en á B-lista JAJ. Þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum en kjósa átti, lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

**Páll Hermannsson**, 1. þm. N.-M., og
**Jón Auðunn Jónsson**, þm. N.-Ísf.

**Sætaskipun.**

Að lokum skyldi hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum. Fram kom tillaga um þau afbrigði, að deildarmenn héldu þeim sætum, er þeir hefðu þegar valið sér. Voru afbrigðin leyfð og samþ. með 14. shlj. atkv.

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi deildarinnar, 4. okt., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa, að viðhafðri hlutfallskosningu.

**1. Fjárhagsnefnd.**

Á A-lista voru JBald og BSt, en á B-lista MJ. Samkv. því voru kosnir án atkvgr.:

Jón Baldvinsson,
Magnús Jónsson,
Bernharð Stefánsson.

**2. Samgöngumálanefnd.**

Á A-lista voru SÁÓ og PHerm, en á B-lista JAJ. Kosnir voru því án atkvgr.:

Sigurjón Á. Ólafsson,
Jón Auðunn Jónsson,
Páll Hermannsson,

**3. Landbúnaðarnefnd.**

**Pétur Magnússon:** Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að það sé borið undir deildina, hvort landbn. skuli ekki skipuð 5 mönnum í stað 3 í þetta sinn. Fyrir þessari till. minni hefi ég þrjár ástæður. Hin fyrsta er sú, að fyrir þessu þingi munu liggja mörg vandamál snertandi landbúnaðinn, sem vandi verður að ráða fram úr, og tel ég því nauðsynlegt þeirra hluta vegna, að nefndin sé vel mennt. Í öðru lagi verður að teljast mjög nauðsynlegt, að sem bezt samkomulag náist um þessi mál á milli flokkanna, en það tel ég óvænna, ef n. er aðeins skipuð 3 mönnum. Verði hún aftur skipuð 5 mönnum, þá er hægt að láta Bændafl. fá eitt sæti í henni, og nú stendur einmitt svo á, að með því að fá fulltrúa hans hér í deildinni inn í nefndina, þá bættist henni ágætur starfskraftur. Að sjálfsögðu hefðu stjórnarflokkarnir meiri hluta nefndarinnar, enda þótt fjölgun þessi ætti sér stað.

Þá vil ég í þriðja lagi taka það fram, að ég tel illa farið með starfskrafta þingsins, ef útilokaðir eru frá nefndarstörfum einn eða fleiri góðir og gegnir þingmenn.

**Jónas Jónsson:** Það hefir stundum átt sér stað að fjölga í nefndum, þó frekar í öðrum nefndum en landbn. Hvað það snertir að fjölga í henni nú, þá tel ég ekki hægt að ganga frá því að þessu sinni. A. m. k. verður þá að fresta fundi, eða þá að öðrum kosti að bæta við í nefndina síðar.

**Jón Baldvinsson:** Mér finnst rétt að taka till. hv. 2. þm. Rang. til velviljaðar athugunar. Það er aldrei nema satt, að nauðsynlegt er að nota starfskrafta þingsins eftir því sem föng eru til og við verður komið. Ég vildi því leggja til, að nefndarkosningu þessari yrði frestað nú, eða gefið stutt fundarhlé.

**Pétur Magnússon:** Ég sætti mig við till. þær, sem fram hafa komið, og legg það undir úrskurð forseta, hvort kosningunni verður frestað nú eða gefið fundarhlé.

**Forseti (EÁrna):** Það er svo ákveðið í þingsköpum, að nefndir skuli kjósa á 2. fundi deildarinnar. Ég tel því réttara að gefa fundarhlé í nokkrar mínútur, frekar en fresta kosningu í nefndina þar til síðar.

Eftir 5 mínútna fundarhlé var leitað atkvæða um tillögu um að kjósa 5 menn í landbn. Var sú till. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fram komu 3 listar. Voru á A-lista JBald, P-Herm og JJ, á B-lista PM, og á C-lista ÞBr. Þar sem stungið var upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jón Baldvinsson,
Pétur Magnússon,
Páll Hermannsson,
Jónas Jónsson,
Þorsteinn Briem.

**4. Sjávarútvegsnefnd.**

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru IngP og SÁÓ, en á B-lista JAJ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Ingvar Pálmason,
Jón Auðunn Jónsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

**5. Iðnaðarnefnd.**

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru BSt og P-Herm, en á B-lista GL. Kosningu hlutu samkv. því án atkvgr.:

Bernharð Stefánsson,
Guðrún Lárusdóttir,
Páll Hermannsson.

**6. Menntamálanefnd.**

Fram komu 2 listar. Voru á A-lista JJ og BSt, en á B-lista GL. Samkv. því hlutu kosningu án atkvgr.:

Jónas Jónsson,
Guðrún Lárusdóttir,
Bernharð Stefánsson.

**7. Allsherjarnefnd.**

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru SÁÓ og IngP, en á B-lista PM. Kosnir voru því án atkvgr.:

Sigurjón Á. Ólafsson,
Pétur Magnússon,
Ingvar Pálmason.

# C.
# Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir menn sátu neðri deild, og voru þeir allir á fundi:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
6. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
7. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
8. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm.
9. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
10. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
11. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
12. Gunnar Thoroddsen, 11. landsk. þm.
13. Hannes Jónsson, þm V.-Húnv.
14. Héðinn Valdimarsson, 2 þm. Reykv.
15. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
16. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
17. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
18. Jón Pálmason, þm A.-Húnv.
19. Jón Sigurðsson, 7. landsk. þm.
20. Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm.
21. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
22. Magnús Torfason, 2. landsk. þm.
23. Ólafur Thors, þm. G.-K.
24. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.
25. Páll Þorbjörnsson, 3. landsk. þm.
26. Pétur Halldórsson, 5. þm. Reykv.
27. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
28. Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf.
29. Sigurður Einarsson, 9. landsk. þm.
30. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
31. Stefán Jóh. Stefánsson, 1. landsk. þm.
32. Thor Thors, þm. Snæf.
33. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.

Fjármálaráðherra kvaddi elzta mann deildarinnar, Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf., til að taka forsæti og gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. — Aldursforseti frestaði fundinum til næsta dags.

Fimmtudaginn 4. okt. var fundinum fram haldið.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara þá Emil Jónsson, þm. Hafnf., og Pétur Ottesen, þm. Borgf.

### Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

**Jörundur Brynjólfsson**, 1. þm. Árn., með 17 atkv. — Gísli Sveinsson fékk 14 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

**Stefán Jóh. Stefánsson**, 1. landsk. þm., með 17 atkv. — Jón Sigurðsson fékk 14 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst var gengið til kosningar um annan varaforseta. Kosningu hlaut

**Páll Zóphóníasson**, 2. þm. N.-M., með 17 atkv. — Jón Ólafsson fékk 13 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu 2 listar, og var á A-lista JG, en á B-lista GÍ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

**Jónas Guðmundsson**, 6. landsk. þm., og
**Guðbrandur Ísberg**, þm. Ak.

### Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

5. sæti hlaut Pétur Ottesen,
6. — — Bjarni Bjarnason,
7. — — Sigurður Kristjánsson,
8. — — Thor Thors,
9. — — Sigfús Jónsson,
10. — — Jón Pálmason,
11. — — Jón Sigurðsson,
12. — — Héðinn Valdimarsson,
13. — — Þorbergur Þorleifsson,
14. — — Páll Þorbjörnsson,
15. — — Magnús Torfason,
16. — — Finnur Jónsson,
18. — — Gísli Guðmundsson,
19. — — Bjarni Ásgeirsson,
20. — — Ólafur Thors,
21. — — Garðar Þorsteinsson,
22. — — Bergur Jónsson,
23. — — Jón Ólafsson,
24. — — Páll Zóphóníasson,
25. — — Sigurður Einarsson,
26. — — Jakob Möller,
27. — — Jóhann Jósefsson,
28. — — Ásgeir Ásgeirsson,
29. — — Hannes Jónsson,
30. — — Gunnar Thoroddsen,
31. — — Pétur Halldórsson,
32. — — Emil Jónsson,
33. — — Gísli Sveinsson.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., utan dagskrár, mælti

**Thor Thors:** Það er svo ákveðið í 34. gr. þingskapanna, að þingmenn skuli tala annaðhvort frá sætum sínum eða úr ræðustóli. Nú hefir verið hlutað um sæti hér í d. og hver þm. fengið tölusett sæti. Ég vil því leyfa mér að spyrja, hvort það tölusetta sæti í ytri hringnum, sem hver þm. hefir fengið, eigi ekki að teljast hans sæti, hafi hann ekki skipt við annan þm., og hvort innri sætahringurinn er ekki aðeins ætlaður Ed. þm., þegar fundir eru í Sþ. Mér finnst sú tilhögun greinilegri við afgreiðslu mála og gera yfirleitt skipulegri svip á hv. d.

**Forseti (JörB):** Það er rétt hjá hv. þm., að búið er að tölusetja sætin við ytri borðin og þingmenn hafa dregið um þau. Ég hefi tekið eftir, að nokkrir hv. þm. hafa tekið sér sæti annarsstaðar, og hefi ég bent á ákvæði þingskapanna um það, að þegar þm. kveðja sér hljóðs, skuli þeir tala frá sætum sínum eða ræðustóli. Enn sem komið er hafa hv. þm. ekki talað annarsstaðar en frá sætum sínum, og geri ég ráð fyrir, að áður en til þess kemur verði búið að koma þessu í lag.

### Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 5. okt., fór fram kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapa, að viðhafðri hlutfallskosningu.

#### 1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru SigfJ, ÁÁ, StJSt, og á B-lista ÓTh, JakM. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sigfús Jónsson,
Ólafur Thors,
Ásgeir Ásgeirsson,
Jakob Möller,
Stefán Jóh. Stefánsson.

#### 2. Samgöngumálanefnd.

Fram komu 2 listar, A-listi, er á stóðu GG, JG, BB, og B-listi með nöfnunum GSv, JÓl. — Þar sem tilnefndir voru jafnmargir menn og kjósa átti, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Gísli Guðmundsson,
Gísli Sveinsson,
Jónas Guðmundsson,
Jón Ólafsson,
Bjarni Bjarnason.

#### 3. Landbúnaðarnefnd.

**Hannes Jónsson:** Það er nokkurnveginn víst, að fyrir þessu þingi liggja mörg mál, er varða landbúnaðinn. Það mun því verða mikið verkefni, sem þessi n. hefir með höndum. Ed. hefir viðurkennt þetta með því að fjölga um 2 menn í n., til þess að Bændafl. gæti fengið þar sæti. Ég fer nú fram á það fyrir hönd Bændafl., að fjölgað verði í n. um 2 menn til þess að flokkurinn geti fengið þar sæti.

Ég leyfi mér að biðja hæstv. forseta að leita atkv. d. um þetta.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af þessari ósk hv. þm. V.-Húnv. vil ég segja það, að við framsóknarmenn sjáum ekki neina ástæðu til að fjölga í landbn. þessarar d. Það hefir verið fjölgað í landbn. Ed., eins og hv. þm. tók fram, en það mun vera vegna þess, að þar áttu stjórnarandstæðingar aðeins 1 sæti í n., og þess vegna gat Sjálfstfl. ekki gefið Bændafl. kost á að eiga mann í n., nema þar yrði fjölgað. Í landbn. þessarar d. eiga að vera 5 menn, og ef Sjálfstfl. vill sýna Bændafl. eins mikla umhyggju hér eins og í Ed., þá getur hann látið flokkinn hafa annað þeirra sæta, sem hann hefir ráð á í n. En við framsóknarmenn sjáum ekki ástæðu til að fjölga í landbn. þessarar d. upp í 7. Hún virðist vera starfhæf með 5 mönnum, en ef Sjálfstfl. endilega vill hafa þennan litla bróður sinn með í n., þá getur hann látið hann hafa annað sitt sæti.

**Ólafur Thors:** Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir viturlegar till. um einhvern litla bróður, sem þessi stóri maður var að tala um. En Sjálfstfl. þarf ekki að fá neinar ráðleggingar frá honum, hvorki í þessu máli né öðru.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ég fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því að verða við þessari ósk Bændafl., en það hygg ég að Sjálfstfl. muni ekki aðhyllast, enda er ekki farið fram á það af neinum réttum aðila, að afhenda öðrum flokki, hvorki Bændafl. né öðrum, neitt af sínum sætum í þessari n.

**Hannes Jónsson:** Ég vil taka það fram, að ég ætlast ekki til, að nokkur flokkur þurfi að missa af nokkrum rétti, sem hann hefir til þátttöku í þessari eða öðrum n., en fer aðeins fram á það við d., að hún fallist á þessa ósk okkar Bændaflokksmanna um að fjölga í n., til þess að við getum tekið þátt í störfum hennar ásamt öðrum flokkum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil taka það fram, að ég sé ekki, hvernig Bændaflokksmenn ættu að koma manni að í þessari n., því að þó að fjölgað væri þar upp í 7 menn, þá skilst mér, að Sjálfstfl. verði að gefa þeim sæti frá sér, og ég sé ekki ástæðu til að fjölga í n. til þess, því ef hann ætlar sér að gefa sæti, þá getur hann gefið annaðhvort þeirra tveggja, sem hann hefir, því þetta verður gjöf hvort sem er.

**Hannes Jónsson:** Það er nokkur munur á því, hvort flokkurinn veitir heimild til þess, að viðbótarsæti, sem fást í n., verði veitt öðrum flokki, eða hvort hann tekur mann úr n., sem hann áður var búinn að ákveða þangað. Það er því ólíkt á komið, að bætt sé við 2 mönnum í n. og Sjálfstfl. afsali sér rétti til þessarar uppbótar eða hann kippi manni til baka úr n.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta, og læt þá skeika að sköpuðu, hvernig það fer.

ATKVGR.

Afbrigði frá þingsköpum um að kjósa mætti 7 menn í landbn. leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 14:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh.
nei: PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB.
BÁ, PZ greiddu ekki atkv.

Fram komu 2 listar, A-listi með nöfnunum BÁ, HV, PZ, og B-listi með nöfnunum JónP, GÍ. — Forseti lýsti yfir, að samkv. því væru kosnir án atkvgr.:

Bjarni Ásgeirsson,
Jón Pálmason,
Héðinn Valdimarsson,
Guðbrandur Ísberg,
Páll Zóphóníasson.

**4. Sjávarútvegsnefnd.**

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru FJ, BJ, PÞ, og á B-lista JJós, SK. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Finnur Jónsson,
Jóhann Jósefsson,
Bergur Jónsson,
Sigurður Kristjánsson,
Páll Þorbjörnsson.

**5. Iðnaðarnefnd.**

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru PZ, EmJ, BÁ, en á B-lista GÍ, JakM. — Kosnir voru samkv. því án atkvgr.:

Páll Zóphóníasson,
Guðbrandur Ísberg,
Emil Jónsson,
Jakob Möller,
Bjarni Ásgeirsson.

**6. Menntamálanefnd.**

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru ÁÁ, EmJ, GG, en á B-lista PHalld, GTh. — Kosnir voru samkv. því án atkvgr.:

Ásgeir Ásgeirsson,
Pétur Halldórsson,
Emil Jónsson,
Gunnar Thoroddsen,
Gísli Guðmundsson.

**7. Allsherjarnefnd.**

Fram komu 2 listar. Á A-lista voru HV, BJ, StJSt, en á B-lista TT, GÞ. — Kosnir voru samkv. því án atkvgr.:

Héðinn Valdimarsson,
Thor Thors,
Bergur Jónsson,
Garðar Þorsteinsson,
Stefán Jóh. Stefánsson.

# Lagafrumvörp samþykkt.

## 1. Fjárlög 1935.

Á 2. fundi í Sþ., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til fjárlaga fyrir árið 1935** (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Áður en ég vík að frumvarpi því til fjárlaga fyrir árið 1935, sem lagt hefir verið fyrir Alþingi, mun ég svo sem venja hefir verið undanfarið, fara nokkrum orðum um afkomu ríkissjóðs og fjármálaástandið í landinu yfirleitt. Sá inngangur er alveg nauðsynlegur, til þess að menn geti áttað sig til fulls á þeim grundvelli, sem fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1935 hlaut að byggjast á.

Nú stendur svo sérstaklega á, að Alþingi er háð að hausti, og að fyrrverandi fjármálaráðherra hefir í sérstöku útvarpserindi, 6. marz síðastl., gert grein fyrir afkomu ársins 1933, að svo miklu leyti, sem þá var um hana vitað. Erindi þetta hefir og komið fyrir almenningssjónir, og sé ég því ekki ástæðu til að gefa skýrslu um einstök atriði í afkomu þess árs. Hinsvegar tel ég mjög vel viðeigandi að rifja hér upp höfuðatriðin í fjárhagsafkomu vorri undanfarin kreppuár. Með því móti fæst áreiðanlega gleggst mynd af þeim erfiðleikum, sem við hefir verið að stríða og þjóðin á óneitanlega enn í höggi við.

Þótt þetta yfirlit sé gefið í sambandi við fjárlagaumræður og umræður um afkomu ríkissjóðs, hlýtur það að verða tvíþætt. Afkoma þjóðarinnar út á við, út- og innflutningur og greiðslujöfnuður við útlönd hefir svo gagngerð áhrif á afkomu allra landsmanna og afkomu ríkissjóðs sérstaklega, að hún hlýtur að mynda annan þáttinn í því yfirliti, sem gefa á hugmynd um grundvöllinn, sem aðgerðir þings og stjórnar í fjármálum verða að byggjast á.

Árið 1931 hefir verið talið fyrsta kreppuárið hér. Á því ári voru tekjur ríkissjóðs miklu lægri en undanfarin ár, eða um 15,3 millj. Höfðu verið áætlaðar í fjárlögum 12,8 millj. Útgjöldin voru þá, að viðbættum afborgunum fastra lána og öðrum eignahreyfingum, um 18,2 millj., en samkv. fjárlögum voru þau 12,8 millj. Greiðsluhalli ársins 1931 var því um 2,9 millj. Bið ég menn að gæta þess sérstaklega, að þegar um greiðsluhalla er að ræða, eru taldar með útgjöldum afborganir af föstum lánum ríkissjóðs. Yfirlitið miða ég við greiðslujöfnuð, en ekki rekstrarhalla eða rekstrarafgang ríkissjóðs, sökum þess, að ekki er vel komið um rekstur ríkissjóðs fyrr en afborganir fastra lána eru af höndum inntar án nýrra lántaka.

Útflutningur íslenzkra afurða 1931 var um 48 millj., en innflutningur um 48,1. Var því verzlunarjöfnuður lítið eitt óhagstæður, en greiðslujöfnuður við útlönd hefir verið mjög óhagstæður það ár. Eftir því, sem næst verður komizt um upphæðir þeirra greiðslna, annara en fyrir vörur, sem mynda greiðslujöfnuðinn, er talið, að útborganir þjóðarinnar séu eigi minna en 8 milljónum hærri en innborganir. Þýðir það, að til þess að greiðslujöfnuðurinn sé hagstæður, þyrfti útflutningur vara að nema um 8 millj. meira en innflutningur. Með vissu verður þetta ekki vitað, en nálægt hinu rétta verður komizt.

Árið 1931 hefir því verið greiðsluhalli á rekstri ríkissjóðs og skuldir safnazt við útlönd. Ástæðurnar ber vitanlega fyrst og fremst að rekja til hins mikla verðfalls á afurðum landsmanna.

Árið 1932, annað kreppuárið, reyndust tekjur ríkissjóðs 11,1 millj., en voru í fjárlögum áætlaðar 11,4 millj. Greiðslur ríkissjóðs taldar á sama hátt og 1931 reyndust um 13,9 millj. Voru samkv. fjárl. 11,5 millj. Greiðsluhalli ríkissjóðs var um 2,8 millj. Vörur voru þá útfluttar fyrir 47,8 millj., en innfluttar fyrir 37,3 millj. Verzlunarjöfnuður því hagstæður, um 10,4 millj., og greiðslujöfnuður við útlönd hagstæður. Gætti hér áhrifa innflutningshaftanna. Jafnhliða því, sem innflutningshöftin björguðu greiðslujöfnuðinum við útlönd 1932, vegna þess hve mjög dró úr innflutningnum þeirra vegna, gætti áhrifa þeirra á afkomu ríkissjóðs í því, að tolltekjurnar hröpuðu niður og komust langt niður fyrir það, sem þær hafa verið um mörg ár, fyrr og síðar. Varð því mikill greiðsluhalli hjá ríkissjóði, enda þótt útgjöld ríkissjóðs væru lægri en þau höfðu verið um langt skeið, og lægri en þau hafa verið síðan. Þessi afkoma ársins 1932 sýnir mjög glöggt sambandið á milli tekna ríkissjóðs og vöruinnflutningsins. Hún sýnir, að semja verður fjárlög og skattalög með nákvæmu tilliti til þess, sem framundan virðist um möguleika fyrir vöruinnkaupum til landsins.

Árið 1933 er síðasta árið, sem nokkurnveginn fullnaðarskýrslur eru til um. Tekjur ríkissjóðs á því ári voru um 13,7 millj., en voru áætlaðar um 11 millj. Greiðslurnar reyndust um 15 millj., en áætlaðar í fjárl. um 12 millj. Greiðsluhalli ríkissjóðs árið 1933 var um 1,3 millj. Samkv. bráðabirgðaskýrslum hagstofunnar fyrir árið 1933 voru fluttar út vörur fyrir um 49,8 millj. króna, en inn vörur fyrir um 47,4 millj. 1933. Má búast við, að tölur þessar hækki nokkuð við endanlega skýrslugerð, en ekki ástæða til að ætla annað en að þær sýni nokkurnveginn réttan mismun út- og innflutnings. Hefir verzlunarjöfnuðurinn því verið hagstæður um ca. 2,4 millj., en greiðslujöfnuðurinn við útlönd óhagstæður, vegna þess hve greiðslur, aðrar en fyrir vörur, eru okkur í óhag, svo sem áður var drepið á. Heildarsvipurinn á afkomu ársins 1933 var því sá, að hagur þjóðarinnar út á við versnaði töluvert og greiðsluhalli ríkissjóðs var nokkuð á 2. millj. Var hann þó miklu lægri en undanfarin ár. Ríkisskuldir í árslok voru 39996 þús. kr. og höfðu hækkað um 916 þús. kr. á árinu. Sjóður hækkaði hinsvegar um 535 þús. kr. á árinu. Um einstök atriði viðvíkjandi afkomu ríkissjóðs á árinu 1933 tel ég fullnægjandi að vísa til opinberrar greinargerðar fyrrverandi fjármálaráðherra, sem áður er minnzt. Þó vil ég gefa stutta skýrslu um breytingu enska lánsins frá 1921.

Eins og fyrrv. fjármálaráðherra gat um í opinberri skýrslu sinni, hafði fyrrv. stjórn samið um það, að enska láninu frá 1921 yrði á þessu ári breytt úr 7% láni í 5% lán. Fór breyting þessi þannig fram, að öllu láninu var sagt upp til innlausnar 1. sept., en skuldabréfaeigendum jafnframt gefinn kostur á að fá skuldabréfunum breytt í 5% bréf og um leið greidd 3 £ af hverju 100 £ bréfi, eins og áskilið var í upphaflega lánssamningnum. Þá var ennfremur gengið frá því, að hægt væri að innleysa bréfin, ef skuldabréfaeigendur vildu fá þau greidd fremur en taka vaxtalækkuninni. Þegar fyrrv. fjmrh. gaf skýrslu sína, var vitanlega ekki vitað, hve mikið af bréfum kæmi til innlausnar. Vil ég því skýra frá því nú, að öllu láninu hefir verið breytt í 5% lán, að undanskildum 1350 £, sem innleyst voru með hver 100 £ 103 £, eins og upphaflega var áskilið.

Um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári er eigi hægt að segja með neinni vissu eins og sakir standa. Líklegt má þó telja, að tekjur verði svipaðar og í fyrra, ef þær bregðast eigi síðari hluta ársins. Um endanleg útgjöld er nokkuð í óvissu, m. a. vegna þess, hve margháttaðar greiðslur verða samkv. sérstökum ráðstöfunum Alþingis utan fjárlaga. En engar líkur virðast vera til þess, að hægt verði að komast hjá greiðsluhalla á þessu ári, enda gera gildandi fjárlög ráð fyrir greiðsluhalla. Þann 1. júlímánaðar þ. á. hafði lausaskuld ríkissjóðs í Barclay's Bank hækkað um kr. 839812 frá áramótum og var þá orðin um kr. 2160000. Síðan hefir hún staðið óbreytt. Samkv. samningi við bankann má skuld þessi vera hæst 100000 sterlingspund. Skuldir innanlands hafa á árinu hækkað um ca. 266000 kr. Þessar tölur gefa ekki hugmynd um endanlega niðurstöðu ársins, en þykir þó rétt að geta þeirra hér.

Bráðabirgðaskýrslur um út- og innflutning á þessu ári, sem fyrir liggja til 1. sept., sýna mjög óhagstæðan verzlunarjöfnuð. Samkv. þeim er útflutningur ca. 24,9 millj., en innflutningur ca. 31,9 millj. Verzlunarjöfnuðurinn samkv. því óhagstæður um ca. 7 millj. Að vísu er vonandi, að niðurstaða ársins verði ekki svona slæm, en engar líkur virðast til þess, að hún verði hagstæð.

Þegar athugað er það yfirlit, sem nú hefir verið gefið í mjög stórum dráttum um afkomuna 1931—1933 og horfurnar á þessu ári, eru það nokkur höfuðatriði, sem mér finnst mest ástæða til þess að gefa gaum.

Öll árin, að undanteknu árinu 1932, eru keyptar til landsins vörur fyrir hærri upphæðir en þjóðin hefir getað greitt með ársframleiðslu sinni.

Öll árin er greiðsluhalli á rekstri ríkissjóðs, enda þótt útgjöldin í heild hafi farið lækkandi. Greiðsluhallinn er yfirleitt jafnaður með lántökum, og 1933 og væntanlega í ár að mestu leyti með lántökum erlendis. En það, sem er þó iskyggilegra og mestum erfiðleikum mun valda við leiðréttingar, er sú staðreynd, að þessi greiðsluhallaár, að undanskildu árinu 1932, hafa tolltekjur ríkissjóðs verið hærri en eðlilegt var, vegna þess hve innflutningurinn hefir verið óeðlilega mikill. Hefði innflutningurinn ekki farið fram úr því, sem þjóðin gat borgað árlega, hefði greiðsluhalli þessara ára orðið ennþá meiri, nema ríkissjóði hefði þá verið séð fyrir nýjum tekjustofnum.

Öll árin eru útgjöldin samkv. landsreikningnum miklu hærri en útgjöldin samkv. fjárlögum. Er það gamalt og alkunnugt fyrirbrigði og stafar sumpart af þeirri hættulegu reglu, að samþykkt eru alls konar útgjöld á Alþingi önnur en þau, sem eru í fjárlögum, og sumpart af því, að upphæðir eru áætlaðar of lágt í fjárlögum. Stundum virðast áætlanir svo fjarri reynslu, að eigi verður annað álitið en þær séu vísvitandi of lágt settar í fjárlögum. Er slíkt ekki til þess fallið að auka traust Alþingis og þarf að hverfa með öllu. Verður nánar að þessu vikið í sambandi við fjárlagafrv. fyrir 1935.

Eins og yfirlit þetta um afkomu undanfarinna ára ber með sér, hlutu miklir erfiðleikar að verða á vegi stjórnarinnar við undirbúning fjárlaga fyrir 1935.

Stjórninni var það ljóst, að til lengdar getur ekki gengið, að ríkissjóður þurfi á ári hverju að taka lán erlendis til þess að nota til afborgana fastra lána, og því síður til óarðgæfra framkvæmda. Greiðsluhallann varð að stöðva — helzt þegar á næsta ári.

Ennfremur lá það fyrir, að atvinnuhorfur og ástand atvinnuveganna var þannig, að framlög til verklegra fyrirtækja og til atvinnuveganna þurfti að auka frá því, sem ákveðið var í fjárlögum 1934.

Við samning fjárlagafrv. hafði stjórnin til hliðsjónar gildandi fjárlög og landsreikninga undanfarinna ára. Var vitanlega fyrst svipazt eftir leiðum til sparnaðar á beinum kostn-

aði við rekstur ríkisins. Eins og kunnugt er, verður ekki mjög miklu um þokað í þeim efnum nema með róttækum breytingum á fyrirkomulagi ríkisrekstrarins. — Langmestur hluti útgjalda ríkissjóðs er ýmist bundinn með lögum eða við fyrirkomulag, sem ekki verður breytt nema á löngum tíma. Þó hefir stj. gert ýmsar lækkanir á útgjöldum, og verður þeirra helztu getið í sambandi við hækkanir framlaga til verklegra framkvæmda.

Við athugun á útgjöldum og samanburði við fjárlög yfirstandandi árs kom það hinsvegar í ljós, að ýmsar áætlunarupphæðir voru allt of lágt settar í þeim fjárlögum, með tilliti til reynslunnar, og þurftu að leiðréttast. Ennfremur, að ýms óumflýjanleg útgjöld, þar af ýms lögbundin, sem ekki voru í fjárlögum þessa árs, þurfti að taka í fjárlög. Sumpart var hér um ný útgjöld að ræða, sem ákveðin höfðu verið síðan fjárl. fyrir 1934 voru samin, og sumpart útgjöld, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki verið talin með fyrr í fjárlögum, þótt greidd hafi verið. Þessar bundnu hækkanir og leiðréttingar nema nálægt 1½ millj. króna, og eru þessar helztar:

1. Tillag til Kreppulánasjóðs kr. 250000,00. Er þetta nýr liður samkv. lögum um Kreppulánasjóð frá 1933.

2. Viðhald þjóðvega kr. 100000,00. Í frumvarpinu er viðhaldið alls hækkað um 150 þús. kr. Af þeirri hækkun tel ég þessar 100 þús. kr. beina leiðréttingu á þessum lið fjárlaganna, sem undanfarið hefir farið mjög fram úr áætlun.

3. Landhelgisgæzla kr. 180000,00. Þessi hækkun er sumpart vegna þess, að undanfarið hefir heildarkostnaður við gæzluna verið of lágt settur í fjárlög samanborið við reynsluna, en sumpart vegna þess, að reynslan hefir sýnt, að undanfarið hefir verið gert ráð fyrir hærra tillagi úr landhelgissjóði til gæzlunnar en honum er unnt að leggja fram. Sjóðurinn er því nær þorrinn og getur því aðeins lagt fram árlegar tekjur sínar, sem eru sektir og björgunarlaun.

4. Afborganir lána kr. 142000,00. Hækkunin á þessum lið stafar af afborgunum af hinum nýrri lánum. Má þar sérstaklega benda á lán ríkissjóðs til vega- og brúargerða.

5. Vextir kr. 90800,00. Hækkun á þessum lið, þrátt fyrir sparnað vegna breytingar enska lánsins frá 1921, stafar sumpart af skuldahækkun 1933 og að sumu leyti af því, að nú er nákvæmar áætlað fyrir vaxtagreiðslum af ósamningsbundnum skuldum en áður hefir verið í fjárlögum.

6. Tillag til sveitarfélaga vegna fátækraframfæris yfir meðallag kr. 100000.00. Er hér um leiðréttingu að ræða, samkvæmt því sem reynslan sýnir, að útgjöld þessi muni reynast. Í núgildandi fjárl. er áætlað, að greiðslur til sveitarfélaga vegna fátækraframfæris, sem er 15% yfir meðallag, muni nema kr. 100000,00, en fyrirsjáanlegt er, að þau muni nema 170 þús. kr. á þessu ári.

7. Jarðræktarstyrkur kr. 75000.00. Þessi hækkun á áætlunarupphæð er einnig gerð til leiðréttingar. Þessi liður hefir undanfarið verið áætlaður töluvert lægra en hann hefir orðið í reyndinni.

8. Kostnaður við barnafræðslu kr. 60000,00. Þessi hækkun er leiðrétting, aðallega vegna þess, að laun kennara eru í gildandi fjárl. sett lægri en þau reynast.

9. Strandferðir kr. 70000,00. Hækkun þessi er gerð til samræmis við þá reynslu, sem fæst í ár. Úr strandferðum þykir sízt fært að draga.

10. Kostnaður við spítala kr. 76800,00. Mestur hluti upphæðarinnar eru hækkanir til leiðréttingar til samræmis við reynsluna um kostnað við sjúkrahúsin, er nokkur hluti nýr liður vegna laga frá 1932 um breyting á lögum um varnir gegn kynsjúkdómum.

11. Malbikun þjóðvega kr. 77000,00. Þessi liður er nýr og settur í fjárlög samkv. breyt. á lögum um bifreiðaskatt, sem samþ. var á Alþingi 1933. Renna samkv. henni 15% af bifreiðaskatti til malbikunar á þjóðvegum.

12. Kostnaður við gjaldeyrisráðstafanir kr. 30000.00. Í fjárl. hefir eigi fyrr verið gert ráð fyrir kostnaði við framkvæmd innflutningshafta né gjaldeyrisráðstafana. Hefir þó slíkur kostnaður verið greiddur undanfarin ár. Þótti sjálfsagt að ætla fyrir þessum kostnaði í fjárlögum, þar sem alkunnugt er, að hjá því verður alls ekki komizt að hafa sterk tök á innflutningi vara og sölu erlends gjaldeyris.

13. Toll- og löggæzla kr. 50000,00. Þessi hækkun á liðnum er beinlínis til leiðréttingar samkv. reynslu um þennan kostnað. Er síður en svo, að tollgæzla megi minnka frá því, sem nú er. Er full þörf á, að hún verði hætt víða á landinu, og getur því ekki til mála komið að setja þennan lið lægra en hann hefir reynzt undanfarið.

14. Kostnaður við Alþingi kr. 25000,00. Hækkun þessi á áætluðum kostnaði við Alþingi er sett í samræmi við reynslu undanfarinna ára. Hinsvegar hefir þess verið vænzt, að kostnaður við fjölgun þingmanna myndi vegast upp með styttra þinghaldi, þar sem fjárlög eru nú afgreidd í sameinuðu þingi.

15. Kostnaður við milliríkjasamninga kr. 18500,00. Þetta er nýr liður í fjárlögum, en þó aðeins leiðrétting, því að undanfarið hafa árlega verið greiddar háar upphæðir í kostnað við slíka samninga, og vafalaust verður einhver kostnaður árlega vegna samninga við önnur ríki. Get ég þess hér til dæmis, að 1932 voru greiddar tæpar 30 þús. kr. í slíkan kostnað og 1933 um 36 þús. kr.

16. Framlag til ellistyrktarsjóða kr. 25000,00. Hækkun þessi er leiðrétting vegna ákvarðana Alþingis um að hækka tillagið til sjóða þessara.

17. Framlag til sjúkrasamlaga kr. 18000,00. Um hækkun á þessum lið er hið sama að segja.

18. Sakamálskostnaður kr. 20000,00. Á þessum lið er um leiðréttingarhækkun að ræða samkv. reynslu undanfarinna ára.

19. Kostnaður við vinnuhælið á Litla-Hrauni kr. 15000,00. Hækkunin er gerð einungis til leiðréttingar. Reynslan hefir sýnt, að of lágt hefir verið áætlaður kostnaður við stofnun þessa.

20. Kostnaður við skattanefndir kr. 15000,00. Kostnaður þessi hefir verið of lágt áætlaður

undanfarið, og er liðurinn hækkaður um þessa upphæð til leiðréttingar.

Aðrar hækkanir af þessu tægi og nýir liðir óhjákvæmilegir nema lægri upphæðum og því ekki talið sérstaklega hér með. Samkv. því, sem nú hefir verið rakið, var stjórnin bundin við að hækka útgjöld fjárl. um nálægt 1½ millj. kr., eða að öðrum kosti áætla vísvitandi of lágar upphæðir fyrir þessum útgjöldum og blekkja með því bæði sig og Alþingi.

Þá kem ég að hækkun stjórnarinnar á framlögum til verklegra framkvæmda og til atvinnuveganna. Eru þessar helztar:

1. Aukið framlag til nýrra vega kr. 43000,00.
2. Til bygginga og endurbóta á skólum kr. 80000,00.
3. Framlag til verkfærakaupasjóðs kr. 65000,00.
4. Aukið framlag til byggingar verkamannabústaða kr. 100000,00.
5. Aukið framlag til Byggingar- og landnámssjóðs kr. 100000,00.
6. Aukið framlag til hafnargerða kr. 40000,00.
7. Aukið framlag til vitabygginga kr. 16000,00.
8. Aukið framlag til nýrra símalína kr. 30000,00.
9. Aukið framlag til atvinnubóta kr. 200000,00. Þar af kr. 100000,00 til stofnunar nýbýla.
10. Kostnaður við skipulagningu afurðasölunnar kr. 20000,00.

Helztu lækkanir stjórnarinnar, sem koma hér á móti, eru þessar:

Lækkun á styrk til Eimskipafélagsins kr. 100000,00.

Launalækkanir vegna dýrtíðaruppbótar á laun yfir 4000 kr. og burtfelling uppbótarinnar á laun yfir 4600 krónur kr. 70000,00.

Þannig leggur stjórnin til, að framlög til verklegra framkvæmda hækki um sem næst 700000 kr., en hækkanir stjórnarinnar að frádregnum lækkunum hennar nema sem næst 500000 kr. Er rétt að taka það fram í þessu sambandi, að í fjárlagafrv. eru um 110000 kr. ætlaðar til greiðslu vaxta og afborgana af lánum til vega- og brúargerða, sem tekin hafa verið undanfarin ár, og er geta ríkissjóðs til framlaga til verklegra framkvæmda 1935 vitanlega minni en ella sem því nemur. Rétt þykir að benda á það alveg sérstaklega í sambandi við framlög til verklegra framkvæmda, að í frv. eru sett þau skilyrði fyrir framlagi til atvinnubóta, að ríkisstj. geti krafizt þess, að unnið verði að framkvæmdum fyrir ríkissjóð sem framlagi ríkisins nemur. Ennfremur er það mikilsverða nýmæli í frumvarpinu, að 100000 kr. af framlagi til atvinnubóta skuli verja til stofnunar nýbýla. Er hér um algerða stefnubreytingu að ræða frá því, sem verið hefir, og gengur hún í þá átt, að framlög ríkisins til atvinnubóta renni til nauðsynlegra framkvæmda ríkissjóðs og til þess að skapa varanlega atvinnuaukningu, m. a. með fjölgun býla í landinu.

Greiðslur ríkissjóðs á árinu 1935 eru samkv. frv. um 13,7 millj. kr. Eru þá meðtaldar afborganir fastra lána, sem nema um 976 þús. króna, en hinsvegar ekki fyrningar. Tel ég upphæðina þannig til samræmis við greiðslur áranna 1931—1933, sem ég hefi gert að umtalsefni, og sökum þess að ég álít, að takmarkið hljóti að vera það, að ganga frá fjárl. greiðsluhallalausum. En vel skulu menn gæta þess, að í greiðsluhallalausum fjárl. er gert ráð fyrir nál. 1 millj. kr. lækkun á ríkisskuldum. Beri menn heildargreiðslurnar samkv. frv. saman við fjárlög undanfarinna ára og yfirstandandi, kemur það í ljós, að þær eru hærri samkv. því en verið hefir, liðlega 2 millj. kr. hærri en í fjárl. þessa árs. Nú þegar hefir verið gerð grein fyrir þessari 2 millj. kr. hækkun. ¾ (1½ millj.) hlutar hennar eru leiðréttingar og ný lögboðin útgjöld, ¼ hluti (um ½ millj.) eru aukin framlög til verklegra framkvæmda, að frádregnum lækkunum stjórnarinnar.

Séu greiðslur ríkissjóðs samkv. frv. hinsvegar bornar saman við greiðslur ríkissjóðs þau 3 ár, sem ég hefi drepið á, kemur það í ljós, að greiðslurnar samkv. frv. eru lægri en samkv. reikningunum, jafnvel lítið eitt lægri en 1932, en þá voru útborganir ríkissjóðs lægri en þær hafa orðið um mörg ár, fyrr og síðar. Þannig voru greiðslurnar, eins og áður er vikið að, 1931 um 18,2 millj., 1932 um 13,9 millj. og 1933 um 15 millj. kr., en í frv. fyrir 1935 13,7 millj. kr. Kemur hér enn í ljós það, sem ég hefi drepið á fyrr í ræðu minni, að bundin útgjöld hafa yfirleitt verið of lágt áætluð í fjárlögum. Með því að hafa áætlanir sínar lægri gat stjórnin vitanlega lagt fyrir þingið frv., sem sýndi lægri heildarútgjöld en frv. það, sem hér liggur fyrir. En stj. tók þann kost að áætla bundin útgjöld, sem hún ekki treystist til þess að breyta, svo nærri sanni sem unnt var, til þess að tryggja það sem bezt, að útgjöld færu ekki fram úr áætlun. Við það hækkuðu útgjöldin í frv. eins og rakið hefir verið, en jafnframt jukust líkurnar fyrir því, að frv. stæðist í framkvæmd, og er slíkt fyrir miklu. Nái þetta frv. samþykki Alþingis og takist vel um framkvæmd þess, ættu endanleg útgjöld ársins 1935 sízt að verða hærri en útgjöld undanfarinna ára, þótt þau séu hærri samkv. frv. en í fjárl. fyrir þessi ár. Í þessu sambandi tel ég alveg sérstaka ástæðu til þess að benda á, að ef vel á að fara um afkomu ríkissjóðs framvegis, verður að hætta því að samþykkja á Alþingi útgjöld utan fjárlaga, nema alveg óhjákvæmilegt sé, enda sé þá jafnhliða séð fyrir nýjum tekjum til þess að standast þau útgjöld.

Mun ég þá þessu næst víkja að tekjuhlið frumvarpsins. Ég vék áðan að því, að undanfarin ár hefðu tekjur ríkissjóðs ekki hrokkið fyrir greiðslunum. Benti ég á í því sambandi, að undanfarin ár, að undanteknu árinu 1932, hefði ríkissjóður þó orðið aðnjótandi meiri tolltekna en verið hefði, ef vörukaup frá útlöndum hefðu verið miðuð við greiðslugetu landsmanna. Jafnframt sýndi ég fram á hið nána samband, sem er á milli vöruviðskipta við útlönd og tekna ríkissjóðsins. Af þessu er ljóst, að þegar stjórnin hlaut að gera sér grein fyrir því, hvaða tekna hún mætti eiga von á

næsta ári af tekjustofnum ríkissjóðs, varð hún að byrja á því að gera sér grein fyrir horfunum um út- og innflutning vara á árinu 1935. Varð þá fyrst fyrir að slá því föstu, að innflutningur vara hlýtur að miðast við það, sem þjóðin getur borgið með andvirði þess hluta ársframleiðslu sinnar, sem seldur er til útlanda og ekki rennur til greiðslna af lánum og annara óumflýjanlegra útgjalda. Til lengdar er ekki hægt að halda áfram að stofna til skulda erlendis vegna of mikilla vörukaupa. Nú verður ekki sagt, að útlitið með sölu á afurðum okkar á erlendum markaði sé glæsilegt. En undir sölu þeirra er vöruinnflutningurinn til landsins kominn og þar með tekjur ríkissjóðsins að verulegu leyti, eins og nú er háttað álagningu tolla. Þegar hér við bætist svo, að innflutningur vara 1933 og væntanlega í ár verður meiri en hægt er að greiða með þeim erlenda gjaldeyri, sem væntanlega verður fyrir hendi, er niðurstaða stjórnarinnar sú, að búast verði við því, að innflutningur til landsins verði að vera til muna minni 1935 en hann var 1933 og verður væntanlega í ár, og þýðir það, að búast megi við minni tekjum í ríkissjóð 1935 en verið hafa, að óbreyttum tekjustofnum. Eru tekjurnar í frv. að verulegu leyti áætlaðar með hliðsjón af reynslu ársins 1932. Er það álit stj., að mjög sé óvarlegt að gera ráð fyrir hærri tekjum næsta ár, með tilliti til þess, sem að framan er sagt um horfur fyrir inn- og útflutningi.

Í frumvarpinu eins og það liggur fyrir er reiknað með þeim tekjustofnum, sem ríkissjóður nú hefir, að undanskildum gengisviðauka á kaffi- og sykurtolli, sem stjórnin leggur til, að verði felldur niður. Ekki er heldur reiknað með 40% álagi á tekju- og eignarskatt, sem innheimt var 1933, og yfirleitt er gengið út frá að verði framlengt fyrir yfirstandandi ár, þótt dregizt hafi sökum þess, hve þinghaldið er nú seint á árinu.

Tekjurnar eru samkv. frv. áætlaðar kr. 11950 þús. Til þess að gera sér grein fyrir frumvarpinu og breytingum þess frá því, sem verið hefir, er rétt að athuga, hver tekjuáætlunin hefði orðið, ef miðað er við núverandi tekjustofna óbreytta og gengið út frá framlengingu 40% álags á tekju- og eignarskattinn. Við tekjuáætlunina mætti þá bæta: Gengisviðauka á kaffi- og sykurtolli kr. 225000,00 og 40% álag tekju- og eignarskatts ca. kr. 375000,00, eða samtals 600 þús. kr. Að óbreyttum öllum tollum og sköttum hefði þá tekjuáætlunin orðið um 12550 þús. og greiðsluhalli í frumv. um 1,2 millj. kr. Er það nokkuð í samræmi við afkomu ársins 1933. Þessi upphæð hefði þá orðið að fást eftir nýjum tekjuöflunarleiðum, ef eldri skattalöggjöf hefði átt að standa óbreytt. Nú er það hinsvegar svo, að stjórnin lítur á það sem eitt af sínum hlutverkum, að færa skatta- og tollabyrðina í réttlátara horf. Í samræmi við það leggur hún nú til þær breytingar á skattalöggjöfinni til lækkunar, að gengisviðauki á kaffi og sykri falli niður og ennfremur að útflutningsgjald af síld lækki stórlega og útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum falli niður. Eftir fjárlagafrv. eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar um 11950 þús. kr., eins og áður er sagt, og er þá eins og venja er til reiknað með núgildandi skattalöggjöf og tollum þeim, sem stj. leggur til, að verði framlengdir. Greiðslurnar eru hinsvegar um 13750 þús. kr. Er því greiðsluhalli í frv. sem nemur 1800000 kr. Hér við bætist tekjurýrnun samkv. frv. um útflutningsgjald, ef að lögum verður, áætlað um kr. 200000,00. Verður mismunurinn þá kr. 2000000,00.

Upphæð sú, sem vegast verður alveg upp með nýrri tekjuöflun, til þess að fullur greiðslujöfnuður fáist, finnst síðan með því að draga hér frá áætlað 40% álag á tekju- og eignarskatt, sem er raunverulega aðeins framlenging og innifalin í frv. stj. um hækkun tekju- og eignarskatts og ætla má, að nemi um kr. 375000,00. Verða það þá um kr. 1625000,00, sem nýju tekjuöflunarfrumvörpin þurfa að gefa í ríkissjóð. Þar af um 425 þús. kr. vegna lækkunar stjórnarinnar á útflutningsgjaldi og kaffi- og sykurtolli, og um 1200000 króna vegna þess að innflutningur vara hlýtur að lækka frá því, sem nú er, og tolltekjur ríkissjóðs að lækka. Stj. mun leggja fram frumvörp um öflun nýrra tekna, til þess að jafna greiðsluhalla fjárlaganna. Fjárlagafrv. eitt út af fyrir sig gefur því ekki hugmynd um fjármálatillögur stj. Þegar rætt er um tillögur hennar, verður að taka tekjuöflunarfrumvörpin til greina, þótt tekjur þær, sem þeim er ætlað að afla, séu ekki færðar í fjárlögin fyrr en tekjuöflunarfrumv. eru samþykkt. Tekjuöflunarfrumvörp þau, sem nú þegar hafa verið lögð fyrir Alþingi, eru þessi:

1. Frv. um hækkun á tekjuskatti og eignarskatti. Er ætlazt til, að samkv. þessu frv. hækki skatturinn upp í ca. 1925000 kr. Tekjuauki samkv. því, miðað við skattinn eins og hann var innheimtur 1933 og verður vafalaust í ár (með 40% álagi), ætti að vera um 450000 kr.

2. Frv. um hækkun á tóbakstolli og tolli á brjóstsykri og átsúkkulaði. Tekjuhækkun samkv. því ætti að nema um 250000 kr.

3. Frv. um hækkun benzínskatts. Tekjuauki samkv. því frv. er áætlaður um 240000,00.

4. Frv. um afnám undanþágu frá gjaldi af innlendum tollvörum, er þau fyrirtæki hafa notið, sem stofnsett voru fyrir 1. jan. 1927. Er þess vænzt, að tekjur ríkissjóðs aukist um nál. 150000 kr., verði þetta frv. að lögum.

5. Frv. um einkasölu á eldspýtum og frv. um að áfengisverzlun ríkisins hafi einkasölu á ilmvötnum, hárvötnum, andlitsvötnum, bökunardropum, kjörnum til iðnaðar og pressugeri. Þykir mega vænta þess, að tekjur samkv. þessum frv. nemi um 100000 kr.

Tekjuaukar þessir eru því áætlaðir samtals um 1190 þús. kr., og vantar þá rúml. 400 þús. kr. til þess að fjárlögin verði alveg greiðsluhallalaus. Verða að tilhlutun stj. flutt frumvörp til þess að jafna greiðsluhalla fjárl. að fullu.

Nú hefi ég gefið yfirlit í stórum dráttum um fjárlagafrv. og meðfylgjandi skattafrumvörp. Eins og menn munu nú hafa áttað sig á til hlítar, átti stjórnin um tvennt að velja, þegar

hún samdi fjármálatillögur sínar fyrir þingið. Annaðhvort varð hún að taka þann kost að létta ekkert tolla á neyzlu- og framleiðsluvörum og minnka jafnhliða framlög til verklegra framkvæmda vegna fyrirsjáanlegrar rýrnunar á tolltekjunum, eða hinn, að létta neyzlu- og framleiðsluvörutolla svo sem unnt var, auka verklegar framkvæmdir og afla síðan nýrra tekna í ríkissjóð. Síðari leiðin var valin, í fullu samræmi við stefnu flokka þeirra, sem að stj. standa, og þarfir almennings á þessum tímum. En ég vil leyfa mér að vekja sérstaka athygli á því, að með fjármálatillögum sínum, fjárlagafrv. og meðfylgjandi tekjuöflunarfrumvörpum fer stj. ekki fram á, að heildartekjur ríkissjóðs verði hækkaðar. Frumvörpin ganga í þá átt að færa skattabyrðina í réttlátara horf en áður hefir verið og að bæta ríkissjóði upp þá tekjurýrnun, sem hann hlýtur að verða fyrir við minnkaðan vöruinnflutning til landsins.

Ég þykist viss um, að háttvirtir stjórnarandstæðingar muni telja sig hafa eitthvað út á fjármálatillögur stj. að setja. Má vel vera, að með réttu megi að finna og að eitthvað standi til leiðréttingar. En ég sé alveg sérstaka ástæðu til þess að taka það fram, að á þeim, sem gagnrýna þessar tillögur, hvílir tvímælalaust sú skylda, að benda glöggt á það, hvaða leiðir þeir álitu réttari en þær, sem stj. leggur til að farnar séu. Sé það eigi gert, fellur gagnrýnin um sjálfa sig, en sé komið fram með ákveðnar tillögur í aðrar áttir, leiða þær vitanlega til rökræðna um málið.

Eigum við að breyta dómaskipuninni eða fyrirkomulagi lögreglumálanna? Eða eigum við að minnka tillagið til landhelgisgæzlunnar? Eigum við að lækka framlög til læknaskipunarinnar og heilbrigðismála? Eigum við að lækka framlag til samgangna, og þá hverra? Eigum við að draga úr framlagi til kennslumála, og þá hverra? Eða eigum við að draga úr verklegum framkvæmdum eða minnka framlög til atvinnuveganna? Eigum við að draga úr almennri styrktarstarfsemi, breyta berklavarnalögunum eða fátækralögunum — draga úr styrk til þeirra sveitarfélaga, sem hafa fátækrakostnað fram yfir meðallag.

Þeir hv. þingdm., sem gagnrýna frv., verða að benda á það, hvar þeir vilja láta spara, ef þeir halda því fram, að gjöldin sé hægt að lækka. Þeir verða að benda á leiðir til bóta; neikvæð gagnrýni er einskisverð.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á gjaldeyrisverzlunina sérstaklega og viðskiptin við útlönd. Ég hefi nú drepið á þau mál í sambandi við afkomu ríkissjóðs og horfurnar um tekjur hans. Eins og ég gat um, þá er útlitið hið ískyggilegasta um greiðslujöfnuð við útlönd á yfirstandandi ári. 1. sept. er innflutningur um 7 millj. kr. hærri en útflutningur, en þyrfti í árslok að verða, eftir því sem næst verður komizt, um 8 millj. kr. lægri en útflutningurinn, til þess að hagur þjóðarinnar versni ekki út á við á árinu. Virðast engar líkur til annars en að niðurstaða ársins verði í þessum efnum mjög óhagstæð.

Ástæðan til þess, að svona er komið á þessu ári, er í fyrsta lagi sú, að of mikil bjartsýni hefir ráðið gerðum manna um ákvörðun innflutnings framan af árinu. Ennfremur veldur hér miklu um, að þeir, sem starfað hafa að úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, hafa eigi haft nægilega stoð í gildandi lögum og reglum um innflutnings- og gjaldeyrishömlur til þess að gera fullnægjandi ráðstafanir til verndar greiðslujöfnuðinum. Samkv. núgildandi lagaákvæðum er eigi unnt að gera allan vöruinnflutning til landsins háðan leyfisveitingum. Hefir mér virzt, að allir þeir, sem að þessum málum vinna, séu sammála um það, að til þess að hægt sé að ráðstafa þeim gjaldeyri til vörukaupa, sem fyrir hendi er, á fullnægjandi hátt, þurfi hlutaðeigendur að hafa aðstöðu til að ráðstafa öllum vöruinnflutningi til landsins. Þá eru ennfremur í gildandi lögum um sjálfa gjaldeyrisverzlunina ýms ákvæði, sem valda því, að hvorki bankarnir né gjaldeyrisnefndin hafa náð nægilega sterkum tökum á gjaldeyrisverzluninni. Með reglugerð, sem fjármálaráðuneytið setti nú fyrir nokkrum dögum, er gjaldeyrisnefndinni fengin aðstaða til frekari íhlutunar um innflutning vara en áður.

Stj. leggur nú fyrir Alþingi frv. um gjaldeyrisverzlunina og innflutninginn, sem á að bæta úr þeim göllum, sem nú eru á lagafyrirmælum um þau efni. Miða þau að því, að hægt sé að ná fastari tökum á gjaldeyris- og innflutningsmálunum en unnt er nú. Er þess að vænta, að Alþingi viðurkenni hina brýnu þörf til leiðréttinga á greiðslujöfnuði landsins, sem á hefir verið bent, og taki frv. þessu vel.

Þess skal og getið hér, að stj. gerði ráðstafanir rétt eftir að hún tók við völdum til þess að dregið yrði úr innflutningi síðari hluta þessa árs svo sem frekast væri fært.

Um horfur á næsta ári um gjaldeyrisverzlunina og um sölu íslenzkra afurða er ekki hægt að segja neitt með vissu og jafnvel ekki um sölu afurða á þessu ári til hlítar. Eigi virðist um neina breytingu að ræða í heiminum nú í áttina til meiri rýmkunar í viðskiptum milli landa. Virðist meira að segja miða heldur í áttina til frekari hindrana. Kröfurnar um vöruskipti ríkja á milli eru sí og æ að verða háværari, og því er sízt að leyna, að þær eru utanríkisverzlun okkar mjög hættulegar, vegna þess hve útflutningsvörur okkar eru einhæfar og markaður fyrir þær óvíða. Nú er svo komið, að innflutningshömlur eru á flestum aðalútflutningsvörum okkar í aðalmarkaðslöndunum, og keppinautar okkar á mörkuðum hafa víða betri aðstöðu en við. Geta boðið meiri vörukaup en við o. s. frv. Svo er það t. d. um Norðmenn á Spánarmarkaði og Portúgalsmarkaði. Hafa þeir fengið bætta aðstöðu sína á þessum mörkuðum, og fer ekki hjá því, að það gengur að einhverju leyti út yfir sölu á okkar afurðum. Verður því ekki annað sagt en að margt sé í óvissu um sölu afurðanna framvegis og þar með um afkomuna út á við. Er vonandi, að betur rætist úr því en á horfist. Er sýnilegt, að keppa verður að því mjög eindregið að gera útflutningsvörur okkar fjölbreyttari en þær eru nú, til þess að tryggja afkomu þjóðarinnar.

Ennfremur verður að vinna að aukningu iðnaðar af alefli, til þess að auka atvinnu í landinu og spara erlendan gjaldeyri.

Fjárlagafrv. stjórnarinnar, skattafrumvörpin og frumvarpið um gjaldeyrisverzlunina mynda í raun og veru eina heild og hafa því öll hlotið að blandast inn í þá greinargerð um fjárlögin, sem hér hefir verið flutt. Vildi ég leyfa mér að æskja þess, að þetta yrði sérstaklega haft í huga við afgreiðslu og umræður um fjármálin hér á Alþingi. Að lokum vil ég svo leggja áherzlu á það, að fjárlögin verði afgr. greiðsluhallalaus að þessu sinni. Til þess að svo megi verða hlýtur Alþingi að gera ráðstafanir til þess að lækka útgjöld eða hækka tekjur ríkissjóðs frá því, sem ráð er fyrir gert í frumvörpum stjórnarinnar, ef breytinga reynist þörf til hækkunar útgjöldum. Sérhverri skynsamlegri tillögu til lækkunar á beinum kostnaði við ríkisrekstur inn mun stjórnin taka vel. Hinsvegar ætlast ég hiklaust til svo mikillar ábyrgðartilfinningar hjá hv. stjórnarandstæðingum, ef þeir bera fram tillögur, sem fela í sér hækkun á gjöldum ríkissjóðs, að þá flytji þeir líka skynsamlegar till. um hækkun á tekjunum, sem því svarar. Annars er það svo, að hver sá hv. þm., sem ber fram till. um hækkun á gjöldum ríkissjóðs án þess að finna leið til tekjuöflunar á móti, er að bera fram till. um það að láta ríkið taka nýtt lán.

Að svo mæltu óska ég, að frv. verði vísað til fjvn., er umr. verður frestað.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Mér finnst rétt að nota þessar mínútur, sem eftir samþykktum útvarpsins eru heimilaðar andstöðuflokkum stjórnarinnar til andsvara fjárlagaræðunni, enda þótt ég verði að játa, að það er jafnan nokkuð erfitt að svara fjárlagaræðum samstundis og þær eru fluttar. Þar er jafnan hrúgað saman margvíslegum tölum, sem enginn tími er til að skrifa upp, hvað þá að moka nokkuð sundur þeim haugum. Það verður að bíða þar til fjárlagaræðan hefir verið prentuð.

Hinsvegar tel ég ekki ástæðu til að falla frá þeim rétti að mega svara ræðu hæstv. fjmrh. nú þegar, því margt var það í ræðunni, sem minnti átakanlega á bágborinn fjárhag ríkissjóðsins. Ég get því hugsað mér, að ýmsum hafi brugðið við að heyra borið fram mitt í þessu ástandi hið hæsta fjárlagafrumvarp, sem sézt hefir á Alþingi. Það sýnir nokkuð ljóslega, hvaða viðhorf þeir menn, sem nú eru komnir að völdunum, hafa til fjármálanna.

Menn hafa sjálfsagt úti um landið nú sem fyrr gert sér vonir um það, að þingið og stjórnin leysti úr ýmsum erfiðum og nauðsynlegum málum, sem þangað hefir verið vísað. Sumir hafa jafnvel haldið, að nú væri myndað hreint göldrótt þing, sem leyst gæti hinar erfiðustu þrautir, en ég get ekki varizt því að efast nokkuð um krafta þessa Alþingis, er ég lít yfir hina fyrstu starfsviku þess. Mér dettur ósjálfrátt gömul vísa í hug, sem Björn heitinn Jónsson heimfærði eitt sinn upp á eitt óvenjulega lélegt þing. Hún er svona:

Mánudaginn, þriðjudaginn kerling sat og spann,
miðvikudaginn, fimmtudaginn þar hún verkið fram,
föstudaginn, laugardaginn hvíldi hún lúin bein,
en á sjálfan sunnudaginn tók hún út sín laun.

Þingið hófst nú einmitt á mánudag, — og hvað hefir það svo starfað í heila viku? Það hefir ekkert gert nema að skipuleggja sjálft sig. Það eru forráðamennirnir, sem ráða vinnubrögðunum. Stjórnarfrumvörpin eru fyrst lögð fram seinni hluta laugardags. Slíkt hefir aldrei heyrzt fyrr. Í 38. gr. stjskr. er þó tekið fram, að þau eigi að vera tilbúin fyrir þing. Eimskipafélagi Íslands er kennt um þennan drátt, eða „Gullfossi", af því hann hafi orðið á eftir áætlun. Ég held nú, að það hefði verið ákaflega vandalaust að komast hjá þessum drætti. Það hefði víst verið óhætt að lofa þingmönnum að sjá þessi merkilegu plögg, þó kóngur væri ekki búinn að leggja blessun sína yfir þau. Nei, í stað þess er þingið látið vera að berjast við það alla vikuna að skipta sér í deildir. Og hvernig hefir svo þetta eina verk farið þinginu úr hendi? Þannig, að margir efast um, að efri deild sé löglega skipuð. Það virðist þó ofur einfalt mál að kjósa til efri deildar. Það átti að kjósa þangað 16 menn, en svo komu fram listar með 18 nöfnum. Það var ekkert auðveldara en að kjósa um þessa lista, eins og þingsköp mæla fyrir, — en hvað skeður? Í stað þess að láta kosningu fram fara, úrskurðar forseti þá menn til efri deildar, sem honum lízt bezt á. Margir álíta, að vafi sé á því, hvort Ed. sé nokkur til, og þá hvort Nd. sé til, eða hvort Alþingi sé til. Og þá getur líka verið vafasamt, hvort það er löglegt, sem Alþingi gerir, hvort fundir deildanna eru ekki aðeins þingmannafundir og ályktanir þeirra nokkuð meira en þingmannaályktanir. Náttúrlega er það á ábyrgð stj. allt þetta. Hún á mest á hættu með að láta sér nægja slíkt þing. Það er dálítið undarlegt samræmi í kenningum og starfi þessara flokka, sem þykjast vera svo fylgjandi lýðræðinu.

Í ræðu hæstv. ráðh. voru mörg atriði, sem gefa tilefni til athugana, þó stundum væri dálítið erfitt að fylgjast með því, hvað hann var að fara. Mér þótti þó sérstaklega vænt um eitt, sem fram kom í ræðunni, og það var það, að hann taldi nú réttara að miða afkomu ríkissjóðs við greiðslujöfnuð, en ekki rekstrarafkomu. Þetta er alveg ný kenning úr þessari átt. Ég hefi áður fyrr lent í sennu við hæstv. ráðherra og flokksmenn hans út af þessu, hvort réttara væri að miða við greiðslujöfnuð eða rekstrarafkomu, og hafa þeir þá haldið fast við rekstrarafkomuna. Árið 1930 hömpuðu þeir henni mikið og töldu, að af henni mætti sjá góða útkomu hjá ríkissjóði, þó allir vissu, að greiðslujöfnuður ríkissjóðs var þá óhagstæður svo nam fleiri millj. króna. Það er ákaflega einkennileg aðferð til þess að reyna að skyggja á raunveruleikann, að kippa í burt úr gjaldadálkinum öllum afborgunum af lánum, eins og þeir vilji hafa það sér í skúffu, til þess að geta sýnt fjárlagafrv. betra en það er.

Þá prédikar hæstv. ráðh. sína dæmalausu haftatrú, hvílíka blessun innflutningshöftin vinni þjóðinni. Ég verð nú að segja það, að mér finnst dálítið einkennilegt samræmið í því hjá hæstv.

ráðh., að boða aukin höft og minnkaðan innflutning um leið og hann flytur hið hæsta fjárlagafrv., sem sézt hefir á Alþingi. Tvö næstu fjárl.-frv. á undan þessu voru um 12 millj. króna, en þetta er um 13,7 millj. króna, eða 1¾ millj. hærra en áður hefir þekkzt. Hæstv. fjmrh. reyndi að draga úr þessari hækkun. Hann telur mikið af hækkuninni stafa af hækkuðum áætlunum; þó játar hann, að um 700 þús. kr. sé raunveruleg hækkun. Til þess að hafa eitthvað upp í það leggur hann til, að lækkaður verði styrkurinn til Eimskipafél. Íslands um 100 þús. kr. og felld niður dýrtíðaruppbót á launum yfir 4600 kr., er nemur samtals 70 þús. kr. En þá verða enn eftir yfir 500 þús. kr., og svo er nú Alþingi ekki búið að samþ. þessar lækkunartill. ráðh. Það má því líta svo á, að virkileg hækkun sé 700 þús. krónur.

Nú er búið að ganga frá Lr. fyrir árið 1933. Þar eru útgjöldin talin 14,5 millj. kr., og er það hærra en hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir að verði í fjárl. fyrir árið 1935. En er þetta þá nokkuð annað en það, að áætlunin er of lág? Fjárlögin enn ekki nógu há. Er ekki líklegt, að útgjöldin verði svipuð 1935 og þau voru 1933? Eða treystir hæstv. ráðh. sér til þess að binda hendur þingmanna svo, að engin viðbót verði samþ. við gjöldin? Hann má reiða sig á, að það er ómögulegt. Og hvaða ráð eru þá fyrir hendi til þess að jafna fjárlögin? Það er um tvær leiðir að velja. Önnur er sú, að hækka skattana enn, reyna að knýja meira út úr hinum þrautpíndu gjaldendum, skera miskunnarlaust niður atvinnurekendurna. Hin leiðin er sú, að lækka gjöldin, láta tekjumöguleikana ákveða gjöldin, ákveða tolla og skatta ekki hærri en svo, að þjóðin fái undir þeim risið, og sníða svo útgjöldin eftir tekjunum.

Í tekjuaukafrumvörpum stj. er engin áætlun um það, hvað þau muni gefa miklar tekjur, nema í einu þeirra, en hæstv. fjmrh. gerði áætlun um það í ræðu sinni. En þegar þær tekjur eru dregnar frá tekjuhalla fjárl., þá á hann þó enn eftir 400 þús. kr í pokahorninu, sem tekjur vantar á móti. Eru þó tekjur af þessum nýju frv. vel taldar. Þetta sýnir glöggt, hvert ástandið er. Þó er það annað, sem ef til vill gefur gleggst hugmynd um ástandið. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að skattana þyrfti að hækka, af því að tekjustofnarnir væru farnir að bregðast. Það er eftirtektarvert fyrirbrigði. Það er hægt að hækka skattana á pappírnum, en skattstofnarnir eru farnir að bregðast, þeir eru farnir að rýrna. Hér er gripið á kýlinu. Þetta sýnir allra bezt, hversu háskaleg skattastefna stj. er. Atvinnuvegirnir eru farnir að sligast undan sköttunum. Tuskan er að verða þurrundin. Það er hægt að vinda hana enn, en það kemur bara ekkert úr henni. Hér er hæstv. fjmrh. ekki að draga upp neina grýlu. Svona eru tekjustofnar ríkisins á árinu 1935, þegar við eigum að búa við hæstu fjárlögin, sem sézt hafa á Alþingi. Og hvernig mundi þeim svo líða, sem eiga að standa undir þessum hæstu fjárlögum? Ástandi landbúnaðarins var lýst í áliti kreppunefndarinnar á sínum tíma. Það var ekki glæsilegt, en það hefir ekki batnað síðan. Síðan hefir þessi atvinnuvegur orðið að þola eitthvert hið hörmulegasta árferði um mikinn hluta landsins, og sumstaðar fullkomið hallæri. Þar við bætist minnkandi sala á afurðum bænda, vegna minnkandi kaupgetu innanlands. Og svo til þess að kóróna allt þetta, þá fara hinar réttmætu ráðstafanir stjórnarinnar til þess að hækka kjötverðið henni þannig úr hendi, að slíkt er alveg einsdæmi. Með blaðaskömmum í stjórnarblöðunum er hafin slík herferð gegn neytendunum, að úr hófi keyrir. Það verður erfitt að trúa því, að þarna séu að verki þeir menn, sem vilja selja kjötið. Þeir hafa kannske líka mestan áhuga fyrir því að selja það ekki, til þess að geta notað kjötsölumálið sem beitu áfram. Það hafa margir glöggir menn sagt mér, að fjöldi bænda í sveitunum hangi enn við búskapinn, af því að þeir geta ekki losnað við jarðirnar.

Ég skal þá snúa mér að sjávarsíðunni. Nefnd sú, sem á að athuga fjárhag þess atvinnuvegar, er því miður ekki búin að skila áliti, en menn vita, að ástandið er ískyggilegt. Togaraflotinn eldist og gengur úr sér. Ef skip eyðileggst, kemur ekki annað í staðinn. Þessi auðlind þjóðarinnar er að þorna. Mótorútgerðin er lömuð af skuldum. Það liggur við borð, að heilar stórar verstöðvar verði að taka til svipaðrar meðferðar og landbúnaðinn. Það eru milljónir króna, sem útgerðarmenn hafa tapað á síðustu árum, og það sýnir, að sæmilegur hagur hefir verið í landinu 1929, að þessi atvinnugrein skuli hafa getað látið eins mikla peninga af hendi eins og hún hefir gert á síðustu árum. En úr því svona er komið fyrir útgerðinni, má geta nærri, hvernig fer fyrir iðnaði og verzlun. Iðnaðurinn lifir að vísu fölsku lífi í skjóli ýmissa hafta og ráðstafana, en það er sama, hann hlýtur að líða af því, að sjálf framleiðslan á sjó og landi lamast. Þessum atvinnuvegum, sem svona er komið fyrir, býður hæstv. fjmrh. fagnaðarboðskap hárra fjárlaga, af því að tekjustofnarnir eru farnir að rýrna. Ég ætla ekki að tala um, hvernig sveitar- og bæjarfélög eru stæð eftir að hæstv. fjmrh. hefir farið eins og stormvindur og sópað hvern vasa í ríkissjóð, hvernig þau eigi að ná inn sínum tekjum. Ef ég mætti leyfa mér ofurlitla líkingu í þessu sambandi þá finnst mér þetta ástand ekki ólíkt manni, sem er staddur einhesta fjarri öllum mannabyggðum. Hann á allt undir fótum þessa klárs, en hann fer að finna, að klárinn er farinn að þreytast. Hæstv. fjmrh. tekur þá aðferð að slá í klárinn, sem sagt auka skattana. Klárinn tekur sennilega kippi snöggvast, en brátt sækir í sama horfið. Þá má slá í enn, þangað til klárinn, atvinnuvegirnir, liggur og hreyfir sig ekki lengur. Nei, hér þarf að fara öðruvísi að. Hygginn maður mundi fara af baki, ganga hverja brekku og hverja þunga færð. Þó hann væri veikur og haltur, mundi hann gera það, því hann á líf sitt undir klárnum. Hann myndi ekki spyrja: hvað á að gera, hvenær er mér óhætt að ganga? Hann myndi bara segja: ég verð að ganga eins mikið og ég get.

Það er satt og það skal ég játa með hæstv. fjmrh., að það er ekkert verk til erfiðara í meðferð opinberra mála en það að rifa seglin í fjár-

málum. Það getur kostað þá þm., sem eru með í því, þingsætið. Þeir fá ekkert lof, bara skammir, þeir eru kallaðir þröngsýnir og afturhaldssamir. En það þýðir ekki að spyrja eins og hæstv. fjmrh. gerði: Á að skera niður landhelgina, skólana eða læknaskipunina? Það á bara að spyrja um það, hvort til séu peningar, og ef þeir eru ekki til, þá er eina leiðin að fara um allt svæðið og reyna að draga saman á öllum sviðum, og eins ef þarf að hækka skattana, þá er helzta ráðið að dreifa hækkuninni sem víðast.

Ég veit, að hæstv. ráðh. getur ekki ætlazt til þess, að ég á þessum fáu mínútum, sem ég hefi til minna umráða, geti gert ákveðnar till. um niðurfærslur. Ég álít bara, að það þurfi að fara af baki klárnum, hlífa honum; þetta er bezta skepna, — sveitirnar okkar eru ágætar. Mér er sagt, að íslenzk mold sé ein bezta í veröldinni; en tíðarfarið er erfitt. Sveitirnar gætu fóstrað stórar þjóðir. Og fiskimiðin okkar eru þau beztu og sjómennirnir ágætir. En þetta er allt lamað, þreytt eftir kreppuna, sem hefir verið undanfarið. Við verðum að hlífa atvinnuvegunum í svipinn, þá gefa þeir meiri arð.

Ég vildi óska, að fjvn. þingsins fari þá einu réttu leið, að hækka ekki gjöldin, sem á þjóðinni hvíla, en sníða þau þannig, að ekki verði halli á fjárlögunum, því ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. um það, að þetta þing á að afgreiða hallalaus fjárlög, ekki rekstrarhallalaus, heldur eins og hann sagði sjálfur greiðsluhallalaus fjárlög.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég sé, að enginn ætlar að taka til máls, svo mér gefst tækifæri til að gera mínar aths. nú þegar.

Hv. 1. þm. Reykv. hafði orð fyrir Sjálfstfl. og talaði að vísu nokkuð um fjárlagafrv., sem fyrir liggur, en þó alveg eins mikið um ýmislegt annað, sem mér skilst, að frekar ætti heima í eldhúsumr. en í þeim umr., sem hér er ætlazt til, að fram fari um frv. sjálft.

Hv. þm. minntist á kjötlögin. — Ég býst nú við, að hann hafi gert það vegna þess, að hann sá útvarpstæki fyrir framan sig og hafi því ekki viljað sleppa tækifærinu til þess að hnýta í þá löggjöf nú. En ég vil setja það fram sem staðhæfingu, af því ég hefi ekki tíma til að rökræða það, að þetta, sem hv. þm. sagði nú um þessa löggjöf, er í fullu samræmi við þær tilraunir, sem hans flokkur hefir haft í frammi til þess að spilla fyrir því, að kjötlögin geti komið að tilætluðum notum fyrir bændur. Þess vegna er hvorki ég né aðrir, sem hér eru staddir, hissa á því að heyra þessar fullyrðingar úr þessari átt.

Hvað hv. þm. sagði um úrskurð forseta, ætla ég ekki að fjölyrða um. Ef hæstv. forseta þykir ástæða til, þá mun hann gera sínar aths.

Hv. þm. talaði mikið um það, að þetta fjárl.frv. væri hæsta fjárl.frv., sem nokkru sinni hefði verið borið fram. Ég hygg, að þetta sé rétt, enda dró ég enga dul á í framsöguræðu minni, að þetta fjárlfrv. væri hærra en þau, sem fram hefðu verið borin undanfarin ár, og aðallega hærra vegna þess, að það hafa verið gerðar leiðréttingar á ýmsum áætlunarupphæðum, sem undanfarin þing, mér liggur við að segja vísvitandi hafa haft of lágar. Hv. þm. talaði um það, að að líkindum yrðu útgjöldin ekki lægri en undanfarin ár, og nefndi í því sambandi árið 1933. Ég vil í því sambandi benda honum á, að núv. stj. mun aldrei láta það henda, að á landsreikningnum 1935 verði 400 þús. kr. til ríkislögreglu, eins og hjá fyrrv. stj. 1933. Það er áreiðanlegt, að sú upphæð kemur ekki aftur á landsreikninginn meðan þessi stj. situr, og vænti ég, að ýmsar aðrar upphæðir greiddar utan fjárlaga sparist einnig.

Hvað því viðvíkur, sem hv. þm. sagði, að þetta fjárlfrv. væri í ósamræmi við till. stj. um að reyna að takmarka innflutning til landsins, þá get ég sagt honum, að það er misskilningur, vegna þess, að svo að segja allar hækkanir til verklegra framkvæmda eru vinnulaun ein, og þó að kaupgeta innanlands aukist við þessi vinnulaun, sem þannig færast til, þá er það ekki neitt til þess að auka vöruinnflutning frá því, sem áður var.

Höft og gjaldeyrisráðstafanir eiga að tryggja það, að þjóðin kaupi ekki meira en hún getur borgað. Það er óhætt að auka kaupgetuna upp á það, að það á ekki að þurfa að kosta meiri innflutning til landsins en þjóðin getur borgað. En frá sjónarmiði þess flokks, sem hv. þm. talar fyrir, er eðlilegt, að þetta rugli hann, vegna þess að hann vill ekki miða vörukaupin við það, sem nauðsynlegt er að kaupa. En ef ekki væri haft eftirlit með slíku, þá gæti aukin kaupgeta haft í för með sér meiri vörukaup frá útlöndum en góðu hófi gegnir. Það er misskilningur, að ósamræmi sé í því að minnka innflutninginn og bera fram slíkt fjárlagafrv. sem þetta.

Þá sagði hv. þm., og endurtók það hvað eftir annað, að við með þessum till. okkar færum fram á miklar skattahækkanir. Ég sýndi fram á það í framsöguræðu minni, að stj. fer ekki fram á raunverulegar skattahækkanir, en þegar vöruinnflutningur hlýtur að minnka, en við hann hafa verið miðaðar tekjur ríkissjóðs, verður að miða við eitthvað annað í staðinn, og það er það, sem hér er verið að gera, því hér er farið fram á, að þegar ekki er hægt að ná jafnhárri upphæð og áður með því að miða við vöruinnflutning, þá sé það bætt upp, og stj. leggur því til, að reynt sé að tryggja ríkissjóði svipaðar tekjur og undanfarin ár, en ekki meiri.

Þá sagði hv. þm., að ástandið í sveitunum og við sjóinn væri þannig, að það þyldi ekki há fjárlög. Ég held það sé óhætt að segja, að í ræðu sinni hafi hv. þm. ekki talað fyrir munn þeirra manna, sem búa í sveitunum og við sjóinn, því sannleikurinn er sá, að það er einmitt það fólk, sem hefir mesta þörf fyrir, að verklegar framkvæmdir séu auknar. Ef hv. þm. heldur, að það sé til þess að létta lífsbaráttuna fyrir fólki í sveitunum eða verkamönnum að skera niður framlög til atvinnubóta eða til húsabygginga í sveitum og kaupstöðum, þá er hann á villigötum, því sannleikurinn er sá, að þessu fólki er nauðsynlegt, að þessi útgjöld hækki eins og hægt er eftir þeim tekjuöflunar-

möguleikum, sem fyrir hendi eru. Hinsvegar er ég ánægður með þá yfirlýsingu af hálfu Sjálfstfl., að tekjuöflunarmöguleikarnir eigi að ráða. En úr því að þessi flokkur vill, að skorið sé niður það mikið af fjárveitingum, að fjárl. verði með fullum jöfnuði, án þess að nokkuð sé samþ. af skattafrv., sem stj. leggur fram, þá vil ég vænta þess, að hann komi fram með ákveðnar till., svo að menn geti áttað sig á því, hvaða stefnu þessi flokkur hefir í fjármálum. Það væri gaman að sjá, hvaða pinklar það eru, sem þessi flokkur vill láta taka af þessum þreytta klár, svo menn geti þá loksins haft aðstöðu til að ræða við þá um þessi mál í alvöru og menn fái skilið, hvað það er, sem þessi flokkur vill láta gera. Hygg ég þá mikið unnið.

Hv. þm. talaði mikið um það, að ég í minni framsöguræðu hefði gengið inn á, að það bæri að taka mest tillit til greiðslujafnaðar á fjárl., en ekki rekstrarhalla. Það er rétt, að eins og málið liggur fyrir, legg ég mesta áherzlu á fullan greiðslujöfnuð. En það hefir ekkert komið fram hjá mér áður, sem fer í bága við þetta.

Einmitt með því að setja fjárl. og landsreikninginn upp eins og við framsóknarmenn höfum gengizt fyrir, er hægt að gera sér grein fyrir rekstrarafgangi og rekstrarhalla og einnig greiðslujöfnuði, og það skiptir miklu máli.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar að sinni, enda er ég víst búinn að útenda minn tíma. Vil að lokum fara fram á, að frv. verði vísað til fjvn. um leið og umr. verður frestað.

**Magnús Jónsson:** Ég vildi leyfa mér að gera fyrirspurn viðvíkjandi formi á þessari umr. Ég hefi ekki orðið var við, að fjárlagafrv. hafi verið útbýtt í Sþ., og ég hefi ekki heldur séð það í bókun Sþ., að þessu frv. hafi verið útbýtt, en mér skilst, að það hljóti að verða að hlíta þeim reglum, að hafa legið frammi 2 nætur áður en það kemur til umr.

**Forseti (JBald):** Síðastl. laugardag var fjárlagafrv. útbýtt í deildum. Ætla ég því, að frv. liggi hér alveg þinglega fyrir.

**Magnús Jónsson:** Það ætti að vera auðvelt að skjóta á fundi í Sþ. til þess að úbýta þingskjölum. En það, að leggja þingskj. á borðin hjá þm. í deildum, er engin útbýting í Sþ.

**Forseti (JBald):** Þetta mun vera misskilningur hjá hv. þm. Það hefir verið venja að taka mál fyrir í Sþ., þó ekki hafi sérstaklega verið settur fundur til þess að segja þau útbýtt þar. Það mun mega finna mörg dæmi þess, eins og hv. þm. sjálfsagt veit, sem er svo gamall þm.

**Magnús Jónsson:** Það þýðir ekki að vitna í það, hve gamall þm. ég sé, því þingið hefir aldrei fyrr haft frv. til l. til meðferðar í Sþ. Þetta er fyrsta þingið, sem frv. til fjárl. fær alla sína meðferð í Sþ.

**Forseti (JBald):** Í 19. gr. þingskapa segir aðeins, að frv. skuli útbýta meðal þm. á fundum. Nánara er ekki til tekið. En ef hv. þm. vill hafa þetta eitthvað hátíðlegra, þá væri rétt að fylla út þessa grein og gera að skyldu, að frv. skuli útbýtt í Sþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 23. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Frsm. (Jónas Guðmundsson):** Ég vil óska þess af hálfu fjvn., að þegar þessari umr. er lokið, verði málinu vísað til 2. umr.

**Forseti (JBald):** Umr. verður nú frestað til kl. 7,30 í kvöld, en þá hefjast útvarpsumræður.

**Þorsteinn Briem:** Herra forseti. Samkv. venju, þegar fjárlögin koma úr nefnd til framhalds 1. umr., gera andstæðingar ríkisstjórnarinnar grein fyrir afstöðu sinni til hennar, og hæstv. stjórn svarar.

Um afstöðu þess flokks, sem ég fylgi, Bændaflokksins, vil ég þegar í upphafi taka þetta fram:

Blað Bændafl. lýsti yfir því, þegar núv. stjórn var í fæðingu, að Bændafl. myndi veita henni, eins og hvaða stjórn sem væri, stuðning til allra góðra mála og drengilegra, en hinsvegar sýna henni fulla andstöðu í öllum þeim málum, er horfðu að flokksins dómi til skaðsemdar landi og þjóð.

Þessi afstaða Bændafl., sem þannig var lýst í upphafi, er enn hin sama og þá.

En því miður verð ég að játa, að stj. hefir á þeim stutta tíma, sem hún hefir farið með völd, svo mjög brugðizt vonum okkar, að við teljum okkur ekki fært að ljá henni stuðning okkar.

Þessar vonir tóku þegar að bregðast, þegar þeir samningar, sem framsóknarmenn og sósíalistar gerðu með sér um stjórnarmyndun, komu fram í dagsljósið.

Það sást þegar, er samningar þessir voru birtir, að þeir voru ekkert annað en endurprentun á 4 ára áætlun sósíalista fyrir kosningarnar í vor. Alþýðublaðið sýndi mjög greinilega fram á þetta með því að prenta samninginn með tilvitnunum í 4 ára áætlunina við hvert einasta atriði samningsins. Með þessu vildi aðalmálgagn sósíalista sýna flokksmönnum sínum yfirburði foringja sinna í samningagerðinni, og jafnframt að sýna fylgjendum sínum, sem nær allir eru kaupstaðabúar, það svart á hvítu, að þeir hefðu þar með markað stefnu stjórnarinnar undir sitt mark; og stjórnin væri því sósíalistastjórn, en ekki bændastjórn. Hefi ég ekki ástæðu til að lá blaði sósíalista þetta, því að ég ætla, að það hafi oft farið með meiri fjarstæður.

Þetta er að vísu í samræmi við þau straumbrigði, sem orðið hafa meðal fjölda manna hin síðustu kreppuár — þau straumbrigði, að fjöldi manna er að missa trú á landbúnaðinn, missa trú á framleiðsluna, en vill fremur vinna fyrir kaupi í kaupstöðunum, og hugsar þá til atvinnubótavinnunnar í bakhöndinni, ef annað bregzt. Því freistast menn til að prófa leiðir sósíalista og

jafnvel kommúnistanna. En Bændafl. vill rísa í móti þeim straumi. Bændafl. lítur svo á, að framleiðslan til lands og sjávar sé undirstaðan, sem allt þjóðlífið hvílir á, og því sé það hinn mesti voði hinni íslenzku þjóð, ef menn missa trúna á framleiðsluna og hverfa frá henni.

Ein hin ríkasta skylda þjóðfélagsins er því sú, að dómi okkar, að styðja framleiðsluna og stuðla að því á allan hátt, að hún fái borið sig. Að vinna að því af fremst megni, að framleiðendurnir missi ekki móðinn, heldur kosti alls kapps um að reka framleiðsluna með orku og hagsýni. Sérstaka áherzlu leggur þó Bændafl. á landbúnaðinn, með því að hann er traustasti hornsteinn þjóðfélagsins og þjóðernis vors.

Ég veit, að andstæðingar okkar til beggja handa líta á okkur smáum augum, sökum ásku og smæðar flokksins. En flokkurinn var aðeins nokkurra mánaða gamall í síðustu kosningum, en þá hlaut hann þó þegar fylgi nálega sjötta hluta sveitafólksins. Hvorugur stjórnarflokkurinn hefir átt þar svo miklu fylgi að fagna í byrjun.

Flokkur vor vill reynast kjósendum sínum og stefnu sinni trúr. Þess vegna munum vér Bændaflokksmenn miða afstöðu vora til stjórnarinnar við landbúnaðarmálin fyrst og fremst. Skal það þá fyrst viðurkennt, sem stj. hefir rétt gert í þeim málum. Það skal játað, að hin nýja stjórn tók til *meðferðar þau mál, sem fyrrv. stjórn* hafði sérstaklega látið undirbúa og fékk henni því nálega fulltilbúin í hendur, er hún settist að völdum. En það voru afurðasölumálin.

Með skipun afurðasölunefndarinnar, sem fyrrv. landbúnaðarráðh. skipaði á síðastl. vetri samkv. þáltill., sem Jón í Stóradal bar fram í Ed. í fyrra, hafði fyrrv. stjórn undirbúið kjötsölulögin, svo að núv. stj. þurfti ekki annað en fá undirskrift konungs. Það munaði því aðeins nokkrum dögum, hvor stjórnin, sú fyrrv. eða núv., hefði getað gefið kjötsölulögin út sem bráðabirgðalög. En strax í þessu fyrsta máli kom það fram, sem Alþbl. hafði sýnt svo ljóslega, er það birti stjórnarmyndunarsamninginn, að sósíalistar höfðu markað stefnu stj. undir sitt mark.

Í kjötsölulagafrv., sem fyrrv. stjórn hafði látið undirbúa, breytti núv. stjórn aðeins einu atriði. Hún nam burt það ákvæði frv., að Búnaðarfélag Íslands, sem er hið eina allsherjarfélag íslenzkra bænda, skyldi eiga fulltrúa í kjötverðlagsnefndinni. En í stað þess fékk þar sæti einn samherji sósíalista í því, að fá verðið knúð niður. Íslenzkir bændur voru ekki virtir þess, að þetta allsherjarfélag þeirra mætti tilnefna mann í nefnd til að ákveða verðlag á þeirra eigin framleiðslu.

Nú er það svo, að kjötsölulögin eru í raun og veru aðeins umgerð eða rammi, sem fylla verður út jafnóðum og þau eru framkvæmd. Það má því segja, að allt sé undir framkvæmd laganna komið um það, hvort þau koma að tilætluðum notum eða ekki. Og ég verð því miður að játa það, að hæstv. stj. hafa orðið mjög mislagðar hendur um framkvæmd laganna, þótt henni hafi að vísu verið gert erfiðara fyrir en ella myndi vegna algerlega ástæðulausra árása af hálfu blaða Sjálfstfl. á kjötsölulögin, vegna verðhækkunar á kjöti hér í bænum. Hversu ástæðulausar þær árásir hafa verið, sést bezt á því, að skýrslur hagstofunnar sýna, að vísitala kjötverðs var lægri í septembermánuði í ár heldur en í fyrra. Það getur orkað mjög tvímælis, hvort kjötverðið hefir ekki verið ákveðið of lágt. A. m. k. er óhætt að fullyrða, að hin síðasta lækkun hafi verið úr hófi fram, enda var hún ákveðin þvert ofan í kröfur stjórnar Sláturfél. Suðurlands.

Þó að fullyrða megi, að kjötið hefði hækkað eitthvað í haust án sérstakra lagaráðstafana, er þó víst, að lögin hafa gert sunnlenzkum bændum mikið gagn. En hlutverk kjötlaganna á að ná lengra en það, að hækka verðið á aðalmarkaðinum innanlands. Þau eiga jafnframt að stuðla með verðjöfnunargjaldinu að verðhækkun á því kjöti, sem flutt er út úr landinu. En nú er það komið í ljós, sem ég lét í ljós ótta um fyrir mörgum vikum, að verðjöfnunargjaldið myndi ekki hrökkva til að bæta bændum upp hallann á hinu útflutta kjöti. Það má vera, að sjóður þessi, sem mun verða um 130—150 þús. kr., hrökkvi til þess að bæta bændum upp að nokkru hallann á útfluttu saltkjöti. En það er fjarri lagi, að hann nægi til þess að bæta einnig upp hallann á freðkjöti, sízt þar sem horfur eru á, að verðið verði nú 10 aurum lægra á kg. en í fyrra.

Ég benti á þessa hættu fyrir alllöngu hér á þingi, og vænti þá þess, að stj. hefði forgöngu um að bæta úr þessum vandræðum. En þegar auðsætt var, að stj. ætlaði ekkert að gera í málinu, flutti Bændafl. brtt. við kjötsölulögin í Ed., á þessa leið:

„Nú verður verð á útfluttu kjöti tilfinnanlega lágt, svo að verðjöfnunarsjóður hrekkur hvergi nærri til að bæta upp verð útflutta kjötsins til nokkurs samræmis við kjötverð á innlendum markaði, og er ríkisstjórninni þá heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag til verðjöfnunarsjóðs til aukaverðuppbótar á útfluttt kjöt, allt að þeirri upphæð, er aðrar tekjur sjóðsins nema það söluár".

*Ég hafði nú vænzt þess, að þessi brtt. fengi góðar undirtektir hjá hæstv. stj.*, af því að hún og flokkar hennar höfðu fáum dögum áður samþ. hlutaruppbót til sjómanna úr ríkissjóði, sem nam sem svarar þessari upphæð. Þeirri uppbót átti auk þess að verja með þeim kynlega hætti, að þeir fengju mest, er mest höfðu aflað, en hinir minnst, er mesta höfðu þörfina. En eftir þessari brtt. minni hefðu þeir bændur fengið uppbót, sem mesta höfðu þörfina, þ. e. bændur á Norður- og Austurlandi og nokkrum hluta Vesturlands. Þessir bændur urðu fyrir miklum vanhöldum á fé sínu í fyrra vegna fjársýki, og sumarið síðasta var á þessum slóðum eitthvert hið mesta votviðrasumar, svo að varla náðist óskemmd tugga. Þetta hlaut að hafa mikil fóðurbætiskaup í för með sér fyrir bændur í þessum landshlutum og setja þá í nýjar skuldir. Ofan á þetta bætist svo verðfall kjötsins á erlendum markaði í haust.

En gegn þessu gekk stj. og flokkar hennar og felldu tillöguna. Það var eftirtektarvert, að í þessu máli tók stj. saman höndum við þá tvo hv. þm. Sjálfstfl., sem helzt hafa verið kallaðir fulltrúar Reykjavíkur.

Samkv. núgildandi fjárl. er heimild fyrir ríkis-

stj. til að veita uppbót á útflutt kjöt í fyrra. Þessa var sannarlega ekki vanþörf, því að saltkjötsverðið varð ekki nema 55—60 aurar kg. Freðkjötið var nokkru hærra, en sérstaka nauðsyn bar til að bæta upp saltkjötið til samræmis við hitt. Fyrrv. stj. hafði auglýst eftir skýrslum um kjötútflutning frá öllum þeim, er selt höfðu saltkjöt til útlanda, en þessar skýrslur voru ekki allar komnar, er hún lét af völdum, og var því ekki hægt að greiða þessa verðuppbót fyrir stjórnarskiptin, eins og þá var ákveðið.

Nýja stjórnin hefir algerlega daufheyrzt við því að veita þessa sjálfsögðu og nauðsynlegu uppbót. Hinsvegar hefir hún veitt stórfé til sundhallar í Reykjavík og hækkað kaup í opinberri vinnu, svo að nema mun 1000 kr. á dag. Ég vil spyrja hæstv. stj., hvað þessu máli líður, og hvort hún ætli algerlega að láta það undir höfuð leggjast.

Um mjólkurlögin er það að segja, að þau voru ekki eins aðkallandi og kjötsölulögin. Þegar þing kom saman, var ekki farið að framkvæma þau á nokkurn hátt, og enn hefir ekkert verið gert nema að lækka mjólkina í verði. Þessa verðlækkun verður að telja alveg ástæðulausa, þar sem bændur eru ekki enn farnir að njóta neins góðs af hinu nýja skipulagi, og meira að segja vafasamt, hvort hún er lögleg, þar sem engin reglugerð hefir verið gefin út ennþá.

Einmitt þessi lækkunarráðstöfun varð til þess, að við tveir landbnm. í Ed. fluttum svo hljóðandi brtt. við mjólkursölulögin:

„Við ákvörðun á útsöluverði mjólkur og mjólkurafurða skal sérstaklega hafa hliðsjón af kostnaði við framleiðsluna á hverjum tíma, og þess gætt, að framleiðendur njóti að fullu þess hagnaðar, er leiða kann af breyttri tilhögun mjólkursölunnar, að minnsta kosti að eins miklu leyti sem þarf til þess, að mjólkurframleiðslan geti borið sig. Í því skyni skal við ákvörðun mjólkurverðsins stuðzt við verðvísitölur, er sýni aðalkostnaðarliði framleiðslunnar hvert ár, eftir nánari ákvæðum, er ráðherra setur í reglugerð".

Í þessari till. er aðeins farið fram á það, að bændur fái það verð fyrir mjólk sína, að búskapur þeirra geti borið sig, svo að þeir geti lifað af framleiðslunni. En þessi brtt. var felld með atkv. stjórnarflokkanna og tveggja sjálfstæðismanna úr Rvík. Þennan sama dag var einnig felld brtt. um uppbót á kjöti með sama liðstyrk, og má því segja, að á þessum degi hafi þeir Heródes og Pílatus tvisvar orðið vinir.

Þetta eru nú þá í fám orðum afskipti núv. stj. af þeim málum, sem fyrrv. stj. hafði undirbúið.

Aftur á móti hefir stj. **algerlega vanrækt** að hrinda fram lækkun vaxta á fasteignalánum bænda, bæði almennum fasteignalánum og lánum úr Byggingar- og landnámssjóði. Bændaflokkurinn bar því fram till. um framlenging á vaxtatillögum ríkissjóðs á þessa leið:

„4. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum meðmælum stjórnar Kreppulánasjóðs, að greiða árlega úr ríkissjóði allt að 2% af vöxtum fasteignalána og lána gegn afgjaldskvöð þeirra manna, er reka landbúnað sem aðalatvinnuveg, þó ekki meira en svo, að lántakandi greiði sjálfur 2% vöxtu af lánum til nýbýla frá byggingar- og landnámssjóði og 3% af lánum til endurbygginga íbúðarhúsa í sveitum, en 4% af öðrum fasteignalánum.

Heimild þessi nær og til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkurbúa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga".

Er hér nokkru aukið við það vaxtatillag, sem greitt var síðastl. 2 ár samkv. heimild í l. frá 1933, sem nú eru úr gildi fallin.

Þessi aukning myndi nema um 40 þús. kr. á hinum almennu fasteignalánum og um 20 þús. kr. á lánum Byggingar- og landnámssjóðs.

Fyrst eftir að flm. höfðu margsinnis rekið á eftir því, að þetta mál yrði tekið fyrir, fól stj. landbn. Nd. að flytja frv. um þetta efni. Samkv. því eiga vextir af nokkrum hluta lána bænda að lækka niður í 5%. Vextirnir verða því 1% hærri heldur en eftir till. okkar og ½% hærri en síðastl. 2 ár. Auk þess á engin lækkun að verða á vöxtum af lánum úr Byggingar- og landnámssjóði eftir frv. nefndarinnar.

Þá hefir stj. ekki tekið mjúklega í frv. Bændafl. um breyt. á jarðræktarlögunum, til að styðja bændur til umbóta á jörðum sínum. Í því frv. er lagt til, að hækkaður verði styrkur til nauðsynlegustu jarðabóta: Á safnþrær á styrkurinn að hækka um 50 aura á dagsverk, fyrir framræslu um 50 aura, fyrir hlöður um helming, fyrir matjurtagarða um 50 aura og fyrir votheystóftir verði styrkurinn fjórum sinnum hærri en hann nú er, miðað við dagsverk. Var styrkurinn til votheystóftanna sérstaklega aðkallandi mál, þar sem við höfum nú fengið svo rækilega áminningu í því efni undanfarið ár vegna hinna miklu votviðra, sem náðu yfir því nær þrjá landsfjórðunga síðastl. sumar. Með votheystóftum má tryggja, að ⅓ heyaflans fáist með sæmilegri verkun án nokkurs verulegs efnataps. Í þessu umbótamáli landbúnaðarins fékk Bændafl. ekki annað svar frá Framsóknarfl. en skammir hjá einum af foringjum flokksins. Þótt ríkisstj. hafi þannig viljað draga úr fjárveitingum til landbúnaðarins, hefir hún verið allörlát á aðra hluti. Hún var fljót á sér að lofa fé til sundhallarbyggingar í Reykjavík, og það kom á undan verðuppbót á útflutt saltkjöt á árinu 1933, sem heimilt er að greiða eftir núgildandi fjárl. og fyrrv. stj. hafði verið að safna skýrslum til þess að geta greitt. Hv. stj. hefir hinsvegar séð sér fært að auka framlag til atvinnubótavinnu í kaupstöðum í þessu fjárlfrv. úr 300 þús. kr. í ½ milljón á næsta ári. Aftur á móti hefir stj. ekki séð sér fært að verja til sýsluvegasjóða nema helmingi þess fjár, sem veitt er í gildandi fjárl. Hinsvegar hefir hún gert ráð fyrir að nota til fullnustu heimild til malbikunar á vegum í kaupstöðum. Er það sérstaklega leiðinleg hlutdrægni hjá stj., sem þykist bera fyrir brjósti hag sveitanna. Þá hefir ekki fyrr sézt jafnmikil pólitísk hlutdrægni í úthlutun á vegafé til einstakra héraða og í þessu fjárlagafrv. Þó vegaféð sé í heild nokkuð meira en undanfarin ár, þá eru sum héruð herfilega afskipt. Það er þó ekki fyrir það, að í þeim héruðum sé minni þörf á vegabótum en annarsstaðar, og ekki er heldur svo, að þar sé að ræða um vegi, sem séu eingöngu

fyrir þau héruð, heldur eru þeir liðir í heildarvegakerfi landsins, og mátti því hér líta á alþjóðarþörf.

Þá kem ég að því máli, sem vakið hefir almennasta undrun og gremju meðal bænda landsins, þegar fréttist um tilræði hv. stj. í fjárlfrv. gegn Búnaðarfélagi Íslands. Það er öllum landslýð kunnugt, að það félag er og hefir verið eitt hið mesta nytsemdarfélag hér á landi í áratugi. Það hefir haft forustu í sandgræðslumálunum, það hefir stjórnað og komið skipulagi á búfjárræktina og jarðræktina, það hefir í síðustu áratugi verið höfuðráðgjafi og leiðbeinandi bænda í öllum búnaðarmálum. Enginn bóndi hefir ráðizt í neinar verulegar umbætur, hvorki jarðabætur eða aðrar, án þess að njóta beint eða óbeint leiðbeininga frá Búnaðarfélagi Íslands, og Búnaðarfél. má þakka þær framfarir í búnaðarframkvæmdum, einkum í jarðræktinni, sem orðið hafa síðan félagið var stofnað. Búnaðarfél. Ísl. hefir jafnan notið viðurkenningar og virðingar hæstv. ríkisstjórna þangað til nú. Þess er áður getið, að hæstv. stj. gat ekki þolað, að Búnaðarfélagið ætti fulltrúa í kjötverðlagsnefnd. En árásin á félagið í fjárlfrv. er einstæð. Þar er það gert að skilyrði fyrir útborgun allra fjárveitinga til félagsins, að þegar í stað á næsta ári verði gerð stórvægileg breyting á skipulagi félagsins eftir geðþótta hæstv. landbúnaðarráðh. Og ef Búnaðarfél. Ísl. vill ekki láta hábinda sig, þá á landbúnaðarráðh. að taka stjórn þess í sínar hendur. Búnaðarfél. Ísl. setti sér árið 1931 ágætt skipulag, sem er reist á fullkomnum lýðræðisgrundvelli. Hreppabúnaðarfélögin kjósa fulltrúa á fundi búnaðarsambandanna, en búnaðarsamböndin kjósa aftur á móti fulltrúa á búnaðarþing í tiltölu við fjölda bænda á hverju sambandssvæði. Eru þessar reglur að mestu leyti hliðstæðar þeim, sem gilda hjá S. Í. S. Búnaðarþing á samkv. lögum Búnaðarfél. að kjósa félaginu stjórn. Á þessu hefir Alþingi gert þá takmörkun, að ⅔ stjórnarinnar skuli kosnir af landbn. beggja deilda Alþingis. Hefir Búnaðarfél. hvað eftir annað farið fram á að fá afnumda þessa takmörkun á sjálfsstjórn félagsins, til þess að lýðræðisfyrirkomulag þess geti að fullu notið sín. En þrátt fyrir það, þó Búnaðarfél. Ísl. sé byggt á svo öruggum lýðræðisgrundvelli, þrátt fyrir það, þó að Búnaðarfélagið sé svo þýðingarmikill fulltrúi landbúnaðarins sem kunnugt er, og þrátt fyrir það, þó Búnaðarfélagið hafi unnið jafnmikið og raun ber vitni um til eflingar búnaðarframkvæmda og umbóta í landinu, þá skirrist stj. ekki við því að setja það skilyrði fyrir styrkveitingu til félagsins, sem útilokað er, að félagið geti gengið að. Styrkurinn er hreint og beint skipun til Búnaðarfélagsins um **að leggja sjálft sig niður**, og þar með væru búnaðarsamböndin rofin. Hinsvegar á að stofna til nýs bændaþings. En á engan hátt er það betur tryggt, að þar eigi sæti hinir beztu bændur á þessu sviði, nema síður sé. Stjórn Búnaðarfél. Ísl. er nú kosin að ⅔ af landbúnaðarnefndum beggja deilda Alþingis samkv. jarðræktarlögunum, en það er ekki á valdi búnaðarþings að breyta þeim l. Skipun búnaðarþings fer aftur eftir l. Búnaðarfél. frá 1931, og þeim l. er erfitt að breyta áður en næstu fjárl. koma til framkvæmda. Skilyrðið fyrir fjárveitingu til félagsins er því hnefahögg til Búnaðarfélagsins, það er hnefahögg í andlit bændastéttarinnar íslenzku af hendi núv. stj.

Ég hefi nú rakið afstöðu Bændafl. til stj. og rakið afskipti hennar af landbúnaðarmálunum. Síðar gefst e. t. v. tilefni til þess að minnast á ýmis þau mál, sem hæstv. stj. hefir lagt fram hér á Alþingi, og á stefnu hennar í þeim málum. Það er haft eftir einum góðum framsóknarmanni daginn sem stj. var mynduð, að það væri ekki mikill bændasvipur á henni. Því miður er þetta satt; það er ekki mikill bændasvipur á henni. Hún hefir að vísu borið fram það frv., er fyrrv. stj. var búin að undirbúa. Það skal ég viðurkenna og þakka, og ég vil vona, ef ekki fer því óhönduglegar með framkvæmd þess, að þá geti það orðið bændum til mikils hagnaðar, en bændastéttin hefir því miður ekki orðið vör við eins mikla velvild frá hálfu stj. eins og hún hefði getað búizt við. Ríkisstj. hefir, eins og ég sagði áðan, reitt til höggs gegn einu allra helzta og bezta félagi íslenzkra bænda, stj. hefir gert tilraun til að hrifsa allt vald úr höndum Búnaðarfélagsins og leggja það í félagslegan dróma. Í fjárlfrv. hótar hún að svipta félagið ríkissjóðsstyrk og gera það óstarfhæft. Hún hefir látið ógert að bæta upp saltkjötsverðið frá 1933, þrátt fyrir lagafyrirmæli. Á sama tíma hefir hún látið samþ. l. um að greiða hlutaruppbót úr ríkissjóði til sjómanna, er síldveiði hafa stundað, og það mest til þeirra, sem hæstan hlut fengu, en minnst til hinna, er lélegasta hlutinn báru úr býtum. Hún leggur ekki fyrir þingið frv. um að framlengja lögin um vaxtalækkun á landbúnaðarmálum, sem ganga úr gildi um næstu áramót, og hún hefir tekið með kulda frv. Bændafl. um að lækka vexti af fasteignalánum bænda, af nýbýlalánum niður í 2%, af lánum Byggingar- og landnámssjóðs til endurbygginga á íbúðarhúsum úr 5% í 3%, og af öðrum fasteignalánum úr 6% í 4%. Og Framsfl. hefir tekið frv. Bændafl. um aukinn jarðræktarstyrk með skömmum frá formanni flokksins. Stj. hefir sett sýsluvegina skör lægra en bæjarvegi, og dregið úr fjárveitingu til þeirra þrátt fyrir skýlausa heimild. Stj. hefir lækkað mjólkurverðið, í beinni óþökk bænda, sem þörfnuðust meira verðs. Loks hefir hún á einum og sama degi látið fella í hv. Ed. tvær brtt., er stefndu til bóta fyrir landbúnaðinn, aðra um að greiða í verðjöfnunarsjóð gjald til þess að bæta upp verð fyrir útflutt kjöt, hina um að bændur skyldu fá framleiðsluverð fyrir mjólk sína. Stjórnin hefir þannig gengið berlega á móti hagsmunum bændanna, og veitt jafnvel högg, þar sem hlífa skyldi.

Ég bíð rólegur andsvara frá hæstv. stj. og öðrum andstæðingum. Næstkomandi mánudag mun ég og aðrir flokksmenn mínir svara þeim. Hitt vona ég, að bændaflokksmenn og aðrir sveitamenn gæti vel að, hvert horfir, og séu vakandi á verði, a. m. k. meðan ekki er meiri bændasvipur á hæstv. stjórn en nú er.

**Ólafur Thors**: Sjálfstæðisflokkurinn hefir talið rétt að notfæra sér heimild þingskapanna til þess að ávarpa kjósendur landsins við fram-

hald 1. umr. fjárl., m. a. og fyrst og fremst vegna þeirra, sem í fjarlægðinni búa og ekki geta fylgzt með því, sem gerist í sölum Alþingis og að tjaldabaki í herbúðum stjórnmálaflokkanna.

Úrslit kosninganna í júlímánuði síðastl. komu flestum á óvart. Sjálfstæðismenn bjuggust við meiri sigri en raun varð á, og þeir munu fáir, sem gerðu sér í hugarlund, að sósialistar og Framsókn næðu meiri hluta, enda réð því hending ein, eins og öllum er kunnugt.

Það verður að telja fullkomlega eðlilega afleiðingu kosningaúrslitanna, að Framsfl. og sósialistar gengju til samstarfs um stjórnarmyndun og framgang mála. Hitt er stórmerkur viðburður í stjórnmálasögu þjóðarinnar, að allir 14 liðir þess málefnasamnings, sem þessir flokkar gerðu með sér, eru teknir upp úr 4 ára áætlun sósialista. Með undirskrift sinni undir þennan samning er helzt að sjá sem Framsfl. hafi beiðzt og fengið upptöku í sósialistafl., enda benda síðari viðburðir til þess, að svo hafi verið til ætlazt. Að ég nefni þetta stórmerkan viðburð, er ekki af því, að samruni þessara flokka kæmi kunnugum á óvart, — þvert á móti. Heldur af hinu, að það er líklega eins dæmi í stjórnmálasögu þingræðislanda, að stór stjórnmálaflokkur renni inn í annan flokk, þegar í stað að afloknum kosningum og án þess að hafa gert kjósendum sínum aðvart fyrir kosningar. Slíkt atferli er beinlínis sviksamlegt gagnvart kjósendum, og hvort sem það kann að verða fyrirgefið eða eigi, verður að telja alveg víst, að ýmsir þeirra, er kusu Framsfl. við síðustu kosningar, séu andvígir sósialismanum, þ. á. m. því, að ríkið eigi allar jarðir, en sjálfseignarbændur hverfi úr sögunni.

Strax eftir að hin nýja stj. settist að völdum, virðist hún hafa verið ráðin í því að geta sér orðstí fyrir athafnasemi. Er út af fyrir sig engin ástæða til að finna að því, en hitt verður að víta, að ríkisstj. í þessu skyni gaf út gersamlega að nauðsynjalausu ýms bráðabirgðalög, en það er beint brot á anda stjskr. Hefir stj. sætt ávítum fyrir þetta á Alþingi, og þá fyrst og fremst hæstv. forsrh., sem hlaut ámæli bæði sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna út af þessu. Tók hæstv. forsrh. þeim alveg réttmætu ásökunum með svo mikilli vanstillingu og óþinglegri hegðun, að víða í öðrum löndum mundi það hafa varðað vantraustsyfirlýsingu á stjórnina.

Á landsfundi sjálfstæðismanna, sem haldinn var í aprílmánuði síðastl., voru rædd öll helztu þjóðmálin og þau viðfangsefni, er þurfa þóttu bráðrar úrlausnar. Bjuggust sjálfstæðismenn við því, að þeir mundu taka við ríkisstj., og má því líta á ályktanir landsfundarins sem þá stefnuskrá, sem Sjálfstfl. mundi hafa lagt til grundvallar fyrir löggjöf og stjórnarstarfsemi, ef hann hefði náð völdum. Á þeim fundi var lögð höfuðáherzla á þrennt. Í fyrsta lagi að tryggja varfærna, skynsamlega og ráðvanda meðferð ríkisfjár. Í öðru lagi að skipuleggja sölu ísl. landbúnaðarafurða á innlendum markaði. Í þriðja lagi að efla annan atvinnurekstur í landinu, þ. á m. og einkum sjávarútveginn. Var í því sambandi lögð rík áherzla á, að lagt yrði inn á nýjar leiðir, til þess að hagnýta alla þá möguleika, sem fyrir hendi kunna að vera um sölu íslenzkra sjávarafurða.

Þó að nú svo færi sem fór, að Sjálfstfl. næði ekki völdum, þá hefir hann talið sér skylt að gera sitt ýtrasta til þess að koma þessum boðorðum landsfundarins á framfæri.

Í því skyni hafa sjálfstæðismenn í efri deild borið fram frv. um ríkisgjaldanefnd, sem mun girða fyrir, að önnur eins misnotkun á ríkisfé og átti sér stað á fyrri valdaárum Framsóknar og sósialista geti endurtekið sig. Er ólíklegt annað en að frumvarpið nái fram að ganga, vegna þess, að sósialistar höfðu séð sér vænlegast fyrir kosningar að lofa því fylgi.

Sjálfstæðismenn munu og freista þess að færa niður útgjöld fjárlaga, en fjárlögin eru frá hendi hins unga og óreynda fjmrh. sérstaklega ógætilega samin, einkum þegar tekið er tillit til hins óvenju erfiða árferðis. Væntir Sjálfstfl., að tillögur hans verði að einhverju leyti teknar til greina, því að þrátt fyrir auðsveipni og hlýðni einstakra þingmanna við herra sína, er ekki úrkula vonar, að almenningsálitið knýi einstaka stjórnarliða til samstarfs við Sjálfstfl. í þessum efnum.

Að öðru leyti er það um fjárl. að segja, að þau eru alveg **einstök** fyrir það tvennt, að útgjaldahlið þeirra er hærri en nokkurra annara fjárl., sem fyrir Alþingi hafa verið lögð, og jafnframt gætir í samningu þeirra alveg óvenjulegrar hlutdrægni. Má sem dæmi um hlutdrægnina geta þess, að lagt er til, að dýrtíðaruppbót af launum embættismanna yfir 4600 krónur, þeirra sem laun taka eftir launalögunum, sé felld niður, en hinsvegar er ekki gerð nein till. um lækkun á launum alls þess aragrúa launamanna, sem laun taka utan launalaga, en þeir eru **miklu hærra** launaðir. Ókunnugir koma kannske ekki auga á, af hverju þetta stafar, en kunnugir vita, að orsökin er sú, að hinir háttlaunuðu, sem eiga að halda launum sínum, eru bitlingahjörðin, sem raðað var á jötuna í fyrri stjórnartíð Framsóknar og sósialista.

Er það með öllu óverjandi, að skattþegnarnir, sem þurfa að rýja sig inn að skyrtunni til að rísa undir nauðsynlegustu þörfum ríkisins, geta ekki verið nokkurn veginn vissir um, að sæmilegs siðgæðis sé gætt í úthlutun þessa blóðpenings.

Þessum athugasemdum um fjárlögin vil ég ljúka með því að skýra frá því, að meiri hluti Alþingis hefir eigi fundið annan mann hæfari til þess að endurskoða tillögur stj. og reyna að finna leið til þess að tryggja sem viturlegasta og réttlátasta meðferð á ríkisfé á þessum erfiðu tímum heldur en hv. þm. S.-Þ., Jónas Jónsson, manninn, sem liggur undir eilífu ámæli fyrir stórvítaverða, óleyfilega óhófseyðslu, jafnvel svo að við lög varðar, á sínum valdaárum. En þennan mann gerði þingmeirihlutinn að formanni fjárveitinganefndar. Mér er eigi ljóst, hvernig hægt er að sýna meira alvöruleysi og meiri lítilsvirðingu fyrir aðþrengdum almenningi heldur en þingmeirihlutinn hefir gert með þessu.

Að því er snertir önnur höfuðviðfangsefni landsfundarins, nefnilega skipulagningu á sölu

landbúnaðarafurða á innlendum markaði, þá vil ég fúslega viðurkenna, að hæstv. forsrh. hefir a. m. k. á yfirborðinu sýnt viðleitni í þeim efnum. Frumvörp þau, er fyrir Alþingi liggja, bæði í kjöt- og mjólkurmálinu, fullnægja að ýmsu leyti tilgangi landsfundarins, og hafa því yfirleitt mætt samúð og stuðningi Sjálfstfl. á Alþingi.

Á báðum þessum frv. eru þó smíðagallar, sem enn skal ósagt um, hverju illu geta komið til leiðar, og um frumvörpin er í rauninni það að segja, að gildi þeirra veltur að mestu leyti á framkvæmdinni. Þykir því enn eigi kominn tími til að kveða upp dóm í þessum málum, að öðru leyti en því, að sjálfstæðismenn telja, að viturlegar hefði mátt skipa um forstöðu í þessum vandamálum heldur en gert hefir verið. Og það er þegar orðið tímabært að aðvara gegn hlutdrægni í framkvæmd laganna. Verði ákvæðum laganna þegar í öndverðu misbeitt, falla þau þar með sem dauður og ógildur bókstafur. Jafnframt benda sjálfstæðismenn á það, að vegna þess að gildi slíkrar löggjafar veltur mikið á því, að tryggð sé samúð neytenda, þá er óhætt að fullyrða, að Sjálfstfl. mundi hafa haft miklu betri aðstöðu til þess að fullnægja þörf bændanna.

Mikill meiri hl. neytenda, sem hlut eiga að máli, eru flokksmenn í Sjálfstfl. og hafa þess vegna af alveg eðlilegum ástæðum meiri samúð með þeim ráðstöfunum, sem rætur sínar eiga að rekja til óska og tillagna ráðamanna Sjálfstfl.

Ég nota þetta tækifæri til að mótmæla sem alveg rakalausum staðhæfingum og skætingi hv. 10. landsk., í garð blaða Sjálfstfl. út af kjötsölulögunum. Hann gat ekki um óhæfilegan ritháttt Nýja dagbl. í þessu máli. Það sýnir, að hv. 10. landsk. er enn ekki með öllu losnaður úr álögum, og kann því enn ekki eins vel að fara með sannleikann í þingsalnum og í kirkjunni. Að öðru leyti get ég tekið undir margt af því, sem hv. 10. landsk. sagði um landbúnaðarmálin.

Þá vil ég víkja að þriðja höfuðviðfangsefni landsfundar sjálfstæðismanna, þ. e. a. s. viðreisn og efling sjávarútvegsins. Í þeim efnum hefir lítið bólað á úrræðum frá þingmeirihlutanum, sem kannske heldur er ekki að vænta, þar eð stjórnarliðið skortir bæði fullkomna þekkingu á og samúð með þessum höfuðatvinnuvegi landsmanna. Hefir því Sjálfstfl. orðið að taka forystuna í þessum málum, og þykir rétt að greina nokkuð nánar frá hinum stórmerkilegu tilraunum, sem Sjálfstfl. hefir gert á því sviði.

Á aðalþinginu 1933 báru sjálfstæðismenn fram till. um skipun milliþinganefndar til þess að rannsaka efnahags- og rekstrarafkomu sjávarútvegsins. Nefnd þessa skipuðu þeir Jóhann Þ. Jósefsson og Sigurður Kristjánsson alþingismenn og Kristján Jónsson frá Ísafirði. Á öndverðu þingi lögðu þeir fyrir ríkisstj. till. sínar í því skyni, að þær yrðu bornar fram á Alþingi sem stjfrv. Eftir að ráðh. hafði haft þessi frv. til athugunar í 17 daga, tilkynnti hann þeim, að hann teldi ekki fært að bera þau fram, og þá ekki heldur, að fyrirmæli þeirra yrðu lögfest á Alþingi. Þeir Sig. Kristjánsson og Jóhann Þ. Jósefsson, sem báðir eiga sæti í sjávn. Nd., leituðu nú hófanna við samnefndarmenn sína um sameiginlegan flutning þessara mála, en þeir reyndust ekki reiðubúnir til þess, og tóku þá sjálfstæðismenn til sinna ráða, nefnil. þeirra, að bera málin fram á Alþingi einir, í fullu trausti þess, að sú þjóðarnauðsyn, sem liggur til grundvallar fyrir frv., mundi skapa þeim svo mikla samúð, er þau kæmu fyrir almenningssjónir, að einstakir þm. innan stjórnarliðsins léðust til fylgis við þau. Eru góðar horfur á, að þetta muni takast, og sjálfstæðismenn þannig fái borið fram til sigurs þessi miklu þjóðþrifamál, sem mjög margir sjómenn og útvegsmenn eiga framtíð sína undir, að leysist á farsælan hátt.

Sjálfstfl. hefir tekið til meðferðar og gert tillögur til úrlausnar í þríþættum vanda sjávarútvegsins. Hann hefir borið fram þrjú sjálfstæð frv., sem hvert um sig miðar að því að leysa sinn þáttinn í þessum örðugleikum, og þykir mér rétt að víkja örfáum orðum að þessum frumvörpum.

Frumv. um skuldaskilasjóð útvegsmanna er ætlað að leysa svipaða þörf útvegsmanna eins og kreppulánasjóður bændanna. Stofnfé skuldaskilasjóðs á að vera 5 millj., og grundvallarhugsunin er sú, að útvegsmenn fái að reisa sig við sjálfir á þann hátt, að útflutningsgjaldið af sjávarafurðum renni, um takmarkaðan tíma, til þessa sjóðs. Sjóðnum á svo að verja til þess að veita nauðulega stöddum útvegsmönnum lán, í því skyni að koma undir þá fótunum af nýju. Þessi lán eiga að vera afborgunarlaus fyrsta árið, en síðan að greiðast á 20 árum. Þau eru vaxtalaus fyrstu 3 árin, en að þeim liðnum getur sjóðsstjórnin ákveðið, að teknir skuli vextir af þeim, en þó aldrei meira en 3% á ári. — Með þessum hagstæðu lánum er svo útvegsmönnum ætlað að ná hagkvæmum samningum um afslátt og greiðslu þeirra skulda, er nú hvíla á þeim.

Annað aðalfrumv. sjálfstæðismanna er frumvarp um Fiskveiðasjóð Íslands. Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst sá, að veita útvegsmönnum aðstöðu til þess að endurnýja skipastólinn. Höfuðtekjustofn þessa sjóðs verður útflutningsgjaldið af sjávarafurðum, sem renna á í Fiskveiðasjóð, eftir að skuldaskilasjóður hefir fengið sinn höfuðstól, en gera má ráð fyrir, að svo verði í árslok 1940. En jafnframt er farið fram á árlegt framlag úr ríkissjóði, og einnig svo ákveðið, að fiskveiðasjóðsgjaldið samkv. lögum frá 1930 renni óskert í sjóðinn. Með þessum hætti verður stofnfé sjóðsins um 10 millj. króna. Nauðsynlegt hefir þótt að mæla svo fyrir, að sjóðurinn bæti fyrst úr þörf smærri útvegsmanna, þ. e. a. s. að í öndverðu verði veitt veðréttarlán í skip allt að 60 rúmlestum að stærð. Þar næst koma lánveitingar gegn veði í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðnaðarfyrirtækjum, sem vinna að hagnýtingu fiskiafurða. Þá koma veðlán til fiskverkunarstöðva og loks veðlán út á fiskiskip, sem stærri eru en 60 rúmlestir, en slík lán má þó eigi veita fyrr en eftir 1940,

að gera má ráð fyrir, að útflutningsgjaldið af sjávarafurðum fari að renna í þennan sjóð.

Rökin fyrir nauðsyn þessara mála eru augljós. Hin stórmerkilega rannsókn og skýrslugerð mþn. í sjávarútvegsmálum sannar, að undanfarin 5 ár hafa útvegsmenn tapað aleigunni. Á árunum 1930, 1931 og 1932 er tap þeirra útvegsmanna, er skýrslur gáfu nefndinni, hvorki meira né minna en 8 millj. 649 þús. króna, og skortir þó nokkuð á, að allir útvegsmenn gæfu skýrslu, og í árslok 1932 er svo komið, að skuldir útvegsmanna eru orðnar rúmlega 26½ millj., en eignir aðeins tæpar 32½ millj. króna. Síðan hefir sigið í sömu átt, og þykir mér líklegt, að áhöld séu nú um, hvort meira er, skuldir útvegsmanna eða eignir, sem þó nær allar eru óseljanlegar, bæði af því að fáir geta keypt og jafnframt af hinu, að enginn vill kaupa þau framleiðslutæki, sem rekin eru með stöðugu tapi.

Vilja nú ýmsir ganga á lagið og vega að útvegsmönnum meðan þeir eru máttfarnir eftir blóðtökuna. En mikil er skammsýni slíkra heiftblindra manna, og mikil ógæfa þjóðarinnar, ef þeir fá ráðið. Því þótt útvegsmenn séu nú rúnir að fjármunum, eiga þeir í fórum sínum þá reynslu og þekkingu, sem þjóðin má ekki án vera. Undanfarin 5 ár hafa þær 32 millj., sem í sjávarútvegnum liggja, skapað yfir 90% af útflutningsvöru landsmanna, að andvirði rúml. 53 millj. króna á ári, og jafnframt hefir útgerðin staðið undir langsamlega mestum hluta ríkisþarfanna. Veit ég þess engin dæmi, að svo lítið fé fæði af sér jafnmikil verðmæti, enda kemur þar allt saman, ríkustu fiskimið, dugmesta sjómannastétt og djarfir og ráðkænir útvegsmenn.

Við sjálfstæðismenn krefjumst þess, að útvegsmenn verði réttir úr kútnum. Við beiðumst engrar ölmusu þeim til handa, alls engrar. Við förum ekki einu sinni fram á, að útgerðin fái að snara af sér klyfjunum. Við vitum sem er, að þess er enginn kostur. Þess vegna þjóðum við fram, að útgerðin haldi áfram að rogast undir háum innflutningsgjöldum af öllu, er til útvegsins þarf, kolum, salti, olíu, veiðarfærum, matvælum og sérhverju öðru, og reyni jafnvel að greiða hinn óheyrilega háa tekjuskatt, ef eitthvað skyldi rofa til.

En við viljum, að pinklunum, sem lagðir hafa verið ofan á milli klyfjanna, verði létt af útvegnum. Útflutningsgjaldinu, þessu gjaldi, sem hvergi þekkist annarsstaðar en hér, heimtum við, að útvegurinn fái að halda sjálfum sér til viðreisnar. Fyrst til þess að losna af versta skuldaklafanum og síðan til þess að endurnýja flotann. Meðalaldur togaranna er orðinn yfir 14 ár, línuveiðara 30 ár, og vélbátarnir ganga unnvörpum úr sér. Minnist ég þess, að fyrir stríðið þótti varhugavert að kaupa 5 ára gamla togara, og talið var, að þeir hefðu lifað sitt fegursta er þeir voru orðnir 12 ára. Hitt er og augljóst, að fyrir fiskiveiðaþjóð eins og Íslendinga lýtur það að vera ófrávíkjanleg skylda, af því það er lífsnauðsyn, að halda vel við og endurnýja fiskiflotann eftir eðlilegum hætti.

Og ef til vill sýnir ekkert eins vel eymd og volæði atvinnulífsins eins og það, að nær fullkomin þögn ríkir um þá staðreynd, að árin eru smátt og smátt að breyta fiskiflotanum í ryðkláfa og fúaduggur. Svo hörð er lífsbaráttan, svo örðug glíman við hið lága afurðaverð og sligandi skattpyndingar ríkisvaldsins, að útvegsmenn gefa sér hvorki tíma til þess að líta um öxl eða horfa fram á veginn, en einblína á þann hjallann, sem næstur er, til þess að missa ekki fótanna. Þannig draga þrengingar líðandi stundar athyglina frá þeim voða, sem framundan bíður, þegar útvegsmenn, sjómenn og verkamenn, þegar öll íslenzka þjóðin vaknar til fulls skilnings á þeirri hræðilegu staðreynd, að fiskiskipin eru orðin mannskaðabollar, ósjófærar fleytur, sem samt verða notaðar, af því okkar fátæka þjóð á sér ekki annars úrkosta til lífsframfæris, notaðar þar til þeim smáfækkar sem líkkistum dugmestu sjómanna heimsins.

Allt þetta, sem ég hefi nú sagt, er satt og rétt og í engu ofmælt. Flestir hv. þm. vita það og skilja. Sú vitneskja verður að knýja þá til fylgis við skuldaskilasjóðinn ag fiskveiðasjóðinn. Hjálpin verður að koma áður en allt er um seinan, og ég held, að nú séu síðustu forvöð, og að einu leyti er a. m. k. mikil hætta í sérhverri bið, sú hætta, sem af því leiðir, ef útvegsmenn skyldu gugna í baráttunni, en kjarkurinn, þessi þrekmikla karlmannslund, sem aldrei vill undan láta og alltaf reynir á nýjan leik, er einmitt á tímum neyðarinnar meira virði en margan ef til vill grunar. Færi hinsvegar svo, að útvegsmenn kiknuðu, vaxa og margfaldast örðugleikar viðreisnarinnar, svo að þá verður ef til vill ekki við neitt ráðið.

Af þessum ástæðum, af umhyggjunni fyrir útvegsmönnum, sjómönnum, verkalýðnum, af skilningi þess, hversu mikið þjóðin á í húfi, skora sjálfstæðismenn á alla þm. til fylgis við þessi mál, fara fram á, að sverðin séu slíðruð og niður falli flokkadeilur þá stundina, en allir sameinist í einlægri viðleitni til þess að bjarga þjóðfélaginu.

Fjárskortur ríkissjóðs er ekki frambærileg rök gegn þessum málum. Stjórnarliðar geta aldrei neitað því, að í fjárlögum eru nær öll útgjöldin óþörf, miðað við það, að forða útvegnum frá rústum, og auk þess mundu menn jafnvel vilja vinna til að auka að einhverju leyti nýja skatta, fremur en sitja auðum höndum og hafast ekkert að gegn voðanum.

Bændur Íslands skilja þörf útvegsmanna. Frá þeim er áreiðanlega skilnings og samúðar að vænta. Öndvegismenn sveitanna, gerið þingmönnum ykkar boð og segið þeim, hvers þið óskið og af þeim væntið. Og þið, sem við sjávarsíðuna búið, látið raddir ykkar hljóma, krefjist tafarlausrar úrlausnar þessara nytjamála, án allra undanbragða. Verði þær raddir nógu margar og nógu háværar, fæst lausnin í tæka tíð, þ. e. a. s. nú á þessu þingi. Annars ekki.

Takist nú svo giftusamlega til, að leyst verði sú þörf útvegsins, er ég nú hefi rætt, mun mörgum létta. Samt sem áður má ekki leggja árar í bát, heldur verður að róa lífróður til

þess að hafa sig undan þeirri öldu, er nú berst að ströndum landsins og risið hefir í fjarlægðinni. Á ég þar við þann geigvænlega voða, sem Íslendingum er búinn af haftastefnum viðskiptaþjóðanna. Verður ekki enn með vissu sagt, hverjar afleiðingar hennar verða fyrir Íslendinga, en eins og nú horfir, má telja, að þeim málum skipist sæmilega, ef Íslendingar fá að halda áfram ⅔ hluta síns sölumarkaðs í Suðurlöndum. Ýmsar leiðir liggja að því að draga úr eða ráða bót á því böli, sem við blasir, ef ekkert er aðhafzt. Er í greinargerð frumv. um fiskiráð bent á nokkur helztu úrræðin, svo sem betri hagnýtingu eldri markaða fyrir bæði saltfisk og ísfisk, og öflun nýrra markaða fyrir þær framleiðsluvörur. Ennfremur og einkum þó hitt, að lagt sé inn á nýjar leiðir í meðferð framleiðsluvörunnar, og þá fyrst og fremst með því ýmist að herða fisk eða frysta hann.

Margt af því, sem þar er nefnt, hafa menn skrafað um sín á milli og verið sammála um, að rétt væri að reyna. En við það hefir líka setið. En nú er svo komið, að ekki dugir lengur að láta við svo búið standa. Nú verða athafnir að fylgja orðum, nú verða Íslendingar að leggja inn á nýjar leiðir í meðferð, hagnýtingu og sölu sjávarafurða. Í þessu skyni verður tafarlaust að hefja skipulagðar, víðtækar og e. t. v. fjárfrekar tilraunir, undir forystu vitrustu og fróðustu manna á þessu sviði. Og til þess að tryggja þjóðinni þá forystu í varnar- og viðreisnarbaráttunni, bera sjálfstæðismenn fram frv. um fiskiráð. Frumv. mælir svo fyrir, að sjö manna ráð skuli skipa til þess að rannsaka og gera till. um bættar og nýjar aðferðir í framleiðslu og sölu sjávarafurða, útvega nýja markaði og annað, sem lýtur að vexti og viðgangi sjávarútvegsins, og ber fiskiráðinu að gera allt, sem í þess valdi stendur, til þess að koma þessu í framkvæmd. Með fyrirmælum um skipun ráðsins, er leitazt við að tryggja það tvennt, að fullnægjandi þekking á viðfangsefnum sé fyrir hendi, og jafnframt, að það sé nokkurn veginn tryggt, að það, sem fiskiráðið leggur til, komi tafarlaust í framkvæmd. Get ég að öðru leyti vísað til grg. frumv., sem prentuð hefir verið í víðlesnustu blöðum landsins og ætla má, að sé almenningi kunn.

Andstæðingar sjálfstæðismanna hafa reynt að finna þessu frumv. það til foráttu, að eigi væri nægilega séð fyrir fjármagni og valdi fiskiráðsins. En það er skoðun sjálfstæðismanna, og hún er rétt, að þessar aðfinnslur eigi við engin rök að styðjast. Þess eru nóg dæmi, þó skammt sé leitað, að slík ráð eða nefndir koma að fullu liði, enda þótt vald þeirra sé ekki tryggt með lögum. Skal ég færa á það fullar sönnur, verði það vefengt í þessum umræðum.

Undirtektir einstakra þm. í stjórnarliðinu undir þetta mál lýsa skilningsleysi, ábyrgðarleysi og fullkomnum stráksskap. En fyrir því get ég látið mér þau andmæli — eða öllu heldur árásir — í léttu rúmi liggja, og fyrir því get ég með meiri hugarró talað um þetta frumv. en frumvörpin um skuldaskilasjóð og fiskiveiðasjóð, að enn er allt í óvissu um hin síðarnefndu, en allar horfur eru á því, að fiskiráðshugmyndinni sé tryggður framgangur. Árásirnar á fiskiráðið eru nefnilega sprottnar af andúð gegn mér sjálfum, en ekki málefninu. Það sést meðal annars á því, að stjórnarliðið hefir viðurkennt þá þörf, sem liggur til grundvallar fyrir frumv., og tekið fyrirmæli þess upp í frumv. sitt um fiskimálanefnd. Höfum við sjálfstæðismenn því vakið af svefni stjórnina og lið hennar og leitt valdhafana til skilnings á voðanum. Og enda þótt umbúðirnar, sem hugmynd okkar er sveipuð í í frumv. hv. andstæðinga, séu lélegar og með öllu óhæfar, má vonandi ráða bót á því í meðferð þingsins á frumv. um fiskimálanefnd. Tel ég því allar horfur á, að takast megi að skipa þjóðinni forystu í baráttunni gegn aðsteðjandi og yfirvofandi voða, og er þá fullnægt tilgangi okkar sjálfstæðismanna með flutningi þessa frumv.

Um frumv. stjórnarliða um fiskimálanefnd vil ég að öðru leyti segja það eitt, að í því sé ég auk hugmynda okkar um fiskiráð ekkert nema einkasölu á saltfiski. Fyrsta afleiðing þess verður sú, að sölusamband ísl. fiskframleiðenda leggst niður. Tel ég flutning þess inn á Alþingi stórvægilega yfirsjón, og verði það að lögum, sýnist mér hinar mestu líkur til þess, að af hljótist þjóðarböl, bölvun, sem við sjálfir að nauðsynjalausu höfum yfir okkur fært og aldrei fáum undir risið.

Er ég reiðubúinn að færa þeim orðum stað og mun, ef svo ber undir, gera það áður þessum umr. lýkur, enda þótt mér sé nauðugt að láta uppi allt, sem veldur kvíða mínum, af ótta við það, að opnar umræður um málið bæti á þá hættu, sem frumv. færir yfir þjóðina.

Þessi þrjú frumv., frv. um skuldaskilasjóð, fiskiveiðasjóð og fiskiráðið, eru tillögur sjálfstæðismanna um alhliða viðreisn og eflingu sjávarútvegsins. Þegar þess er nú gætt, að landbúnaðurinn selur ⅔ hluta kjöts og alla mjólk og mjólkurafurðir á innlendum markaði, og á því afkomu sína undir kaupgetu á þessum markaði, og að sú kaupgeta getur ekki skapazt með öðru en velgengni sjávarútvegsins, þá má alveg eins segja, að þessi frv. séu um alhliða eflingu og viðreisn beggja höfuðatvinnuvega landsmanna.

Það má náttúrlega afsaka ríkisstj. og hennar lið fyrir að hafa enga forystu í því að bæta úr hinni augljósu og aðkallandi þjóðarþörf á þessu sviði, vegna þess, að stjórnarliðið ræður ekki yfir nægilegri þekkingu í þeim efnum. Hitt er ámælisvert, hversu treglega stjórnarliðið hefir lagzt til fylgis við forystu sjálfstæðismanna, og það er beinlínis hneykslanlegt, hversu einstakir þm. hafa leitazt við að hafa þessi alvörumál að fíflskaparmálum, eingöngu af því, að persónuleg andúð gegn flutningsmönnunum hefir orðið yfirsterkari þeirri ábyrgðartilfinningu, sem einhversstaðar kann að leynast í hugarfari þessara manna. En þeim þm., sem setja persónulega andúð ofar þörf þjóðarinnar, munu fljótlega hljóta maklegan dóm kjósenda sinna.

Sjálfstæðisfl. hefir flutt á þessu þingi ýms önnur þarfleg mál, sem hér vinnst ekki tími til að greina frá, en þó þykir mér rétt að vekja

athygli allra hinna mörgu hlustenda á tveim frumvörpum. Annað er frv. hv. 2. þm. Rang. (PM) um breyt. á kreppulánalögunum. Nái það frv. lögfestu, er þar með ráðin bót á þeim mikla ágalla kreppulánalöggjafarinnar, hversu ábyrgðarmenn lántakenda í kreppulánasjóði oft og einatt verða illa úti. Er það réttlætismál og nauðsynjamál, sem áreiðanlega mun fagna miklum vinsældum um allar byggðir landsins.

Hitt er frv. það um óðalsrétt, sem hv. 7. landsk., Jón á Reynistað, flytur ásamt nokkrum flokksbræðrum sínum.

Í grg. þess frv. segir m. a.:

„Það, sem við leggjum sérstaka áherzlu á að koma til leiðar, er:

að jarðir haldist í sjálfsábúð og að sjálfseignarbændum fjölgi,

að komið sé í veg fyrir, að óbærilegar veðskuldir safnist á jarðirnar, svo búreksturinn á þeim beri sig ekki,

að sjálfseignarbændur þurfi ekki að kaupa ábýlisjarðir sínar af meðerfingjum sínum þannig, að hver ættliður stofni þess vegna til stórskulda, er hann þýr að alla æfi,

að sporna við því, að bóndi geti með óreiðu eða ónytjungshætti eyðilagt staðfestu barns síns eða ættingja eða framtíð þeirra,

að glæða og þroska heilbrigðan ættarmetnað og tryggð bænda við föðurleifð sína og íslenzkan landbúnað".

Ég er þess fullviss, að nái þetta frumv. lögfestu, og það gerir það áður en langt um líður, mun það þegar fram líða stundir verða talið ein merkasta löggjöf og ein mesta lyftistöng íslenzks landbúnaðar.

Ég hefi nú sýnt fram á, að Sjálfstfl. hefir orðið að hafa forystuna um tillögur um lausn flestra höfuðvandamálanna, enda þótt slík skylda eigi samkv. eðli málsins að hvíla á ríkisstj. En þrátt fyrir þetta er stjórnarliðið enganveginn aðgerðarlaust á Alþingi. Þess er auðvitað enginn kostur að rekja til hlítar þær till., sem stj. og lið hennar ber fram á Alþingi, en nokkra höfuðdrætti má draga upp, og uggir mig, að úr muni verða ófögur mynd af hugarfari og hæfileikum þeirra, sem þjóðin hefir falið forystu á þessum erfiðu tímum.

Ég hefi þegar drepið á það ábyrgðarleysi og þá hlutdrægni, sem lýsir sér í samningu fjárlaganna. Við það þykir mér svo rétt að bæta þeim upplýsingum, að fjmrh. leggur fyrir Alþingi mikinn fjölda skattafrv., sumpart um framlengingu laga, sem gilt hafa um stundarsakir og ætluð voru til bráðabirgða, og sumpart algerlega nýjar, mjög stórfelldar og þungbærar skattahækkanir.

Meðal nýmæla skal tilgreint, að fjmrh. fer fram á stórvægilega hækkun á tekju- og eignarskattinum, og er sú hækkun hlutfallslega mest á lágum og miðlungstekjum, og meiri utan Reykjavíkur en í Reykjavík. Er hækkun þessi svo gífurleg, að jafnvel á 1 þús. króna tekjum er hún orðin milli 40—50%, og komin um og yfir 100% á 4 þús. króna tekjum, þegar um er að ræða einstaklinga utan Rvíkur, og það þó að miðað sé við hreinar tekjur, eins og fjmrh. gerir í þeim mjög veigalitlu tilraunum, sem hann nú að undanförnu hefir gert í blöðum sínum til þess að verja þessa einstaklega óvinsælu skattapyndingu. Á 5 manna fjölskyldu utan Rvíkur er hækkunin orðin 26% á 1 þús. króna tekjum og á 5 þús. króna tekjum er hún orðin 108%, þegar miðað er við skattskyldar tekjur, en sé miðað við hreinar tekjur, þá kemst hækkunin upp í 100% á 7 þús. króna tekjum. Þessi skattahækkun er ennþá varhugaverðari fyrir það, að útsvörin hafa til þessa verið aðaltekjustofn sveitarsjóða, og það er alveg augljóst, að eftir því sem ríkissjóður krefst hærri tekju- og eignarskatts, því erfiðara verður það sveitarsjóðum að afla sinna tekna með útsvörum. Þetta er líka þegar komið í ljós í ýmsum kaupstöðum landsins. Reykjavík reið á vaðið meðan Eysteinn Jónsson var skattstjóri, og Vestmannaeyjar, Akureyri og Siglufjörður eru nú að sigla í kjölfarið um það að leggja tolla í einu eða öðru formi á neyzluvörur almennings. Með því eru þessar nauðsynjavörur orðnar gjaldstofn, ekki eingöngu til ríkissjóðs, heldur og til sveitarsjóða. Þegar nú fjmrh. tvöfaldar tekju- og eignarskattinn, neyðir hann sveitarfélögin enn á ný til að stórhækka toll á nauðsynjavörum fólksins, og þykir sérstök ástæða til þess að vekja athygli skattþegnanna á því, að þingmeirihlutinn, sem lægst vilja lækka tolla á nauðsynjavörum almennings, efnir sín loforð þannig, að hann að vísu skortir þrek til þess beinlínis sjálfur að hækka þessa tolla ríkissjóði til hagsmuna, en neyðir hinsvegar með ráðstöfunum sínum sveitarfélögin til þess að hækka þá. Má vera, að þannig takist að blekkja almenning um stundarsakir, en hitt stendur eigi að síður óhrekjanlegt, að þessir menn, þingmeirihlutinn, eru í raun og veru að hækka tollana, og það mun aldrei dyljast skattþegnunum til langframa.

Með þessu frumv. sínu hyggst ráðh. að leggja átta hundruð þúsund króna nýjan skatt á þjóðina, og verður að telja líklegt, að honum takist það, þó að vísu sé ekki ennþá með öllu víst, að sósialistar þori að fylgja honum í þeirri herferð.

Þá er það eftirtektarvert, að fjmrh. hefir mikið gumað af því, að fátækum almenningi til framdráttar hafi hann aflétt gengisviðaukanum á kaffi. Nemur sú lækkun 75 þús. króna árlega. En jafnframt ber ráðh. fram í öðru frv. hækkun á tolli á exportkaffi, sem nemur einnig 75 þús. króna árlega, og ennfremur tveggja króna tollhækkun á hverju kg. af neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, og nemur nefskattur þessi hvorki meira né minna en 140 þús. kr. árlega. En um þetta hafa blöð stjórnarliðsins lítið talað.

Þá er og meðal hinna ýmsu tekjufrumvarpa frv. um að hækka benzínskattinn úr 4 aurum og upp í 8 aura af hverjum lítra af benzíni. Er með því ætlað að ná í ríkissjóð árlega 250 þús. króna. Má mér sérstaklega vera ljúft að rifja upp fornar umr. á Alþingi um þetta mál, er ég á þinginu 1927 bar fram frv. um að breyta bifreiðaskattinum, sem miðaður var við hestorku, yfir í lágan benzínskatt. Sætti ég af þessu harðvítugri og ósvífinni árás, bæði frá

Tímamönnum, og ekki síður frá benzínsalanum, hv. 2. þm. Reykv. (HV). Mun margir kannast við blaðaskrif um þetta frv., sem andstæðingar mínir nefndu aldrei annað en „litla ljóta frv.“, og sem þá var talið vera niðurdrep fyrir allar samgöngur í bílum hér innanlands, og þá ekki síst á Suðurlandsundirlendinu. Nú bera þessir sömu andstæðingar mínir fram till. um margfaldan benzínskatt, og verður nú fróðlegt að sjá, hvernig vörn þeirra verður um þetta „stóra ljóta frumvarp“ þeirra.

Fjmrh. hefir ekki gert neina tilraun til að gera þinginu grein fyrir, hverju muni nema þeir nýju skattar, sem hann ætlar að leggja á þjóðina, enda mun hann ekki einu sinni hafa gert sjálfum sér neina grein fyrir því. Þetta er náttúrlega mjög vítavert, en að öðru leyti í fullu samræmi við allan frágang þeirra mála, sem hann leggur fyrir Alþingi, því hann er allur svo óvandaður, að þingnefndir og einstakir þm. verða að leggjast á eitt um að leiðrétta það, sem aflaga hefir farið hjá honum, svo að ekki verði til stórvansa í löggjöfinni.

Ég hefi reynt að gera mér nokkra grein fyrir, hverra tekna sé von í ríkissjóðinn af þessum nýju sköttum, og komizt að þeirri lauslegu niðurstöðu, að nýju skattarnir nema alls um eða yfir 2 millj. króna.

Heildarblærinn á fjármálastjórninni er þessi: Það er hvergi reynt að spara. Það er hinsvegar leitazt við að leggja svo háa nýja skatta á þjóðina, að jöfnuður sýnist á tekjum og útgjöldum fjárl. Ég segi sýnist, vegna þess, að þegar skattaæðið keyrir svo úr hófi sem nú er orðið, má telja fullvíst, að sumir skattarnir bregðist að meira eða minna leyti. Þetta ber vott um, að fjmrh. skilur ekki, hversu komið er högum þjóðarinnar. Hann virðist álíta öllu borgið, meðan hægt er að kreista út úr skattþegnunum það, sem stj. þarf til þess að geta leikið sér með fjármuni ríkissjóðs eftir geðþótta. Slíkt skattaæði, slíkur feigðardans á rústum lamaðs og lémagna atvinnulífs endar auðvitað í alveg fyrirsjáanlegu bráðu gjaldþroti ríkis og einstaklinga.

Það er ákaflega sorglegt, að einmitt á þessum örlagatímum, þegar þjóðinni reið lífið á, að fjármálastjórnin yrði einbeitt, sterk og hugrökk, þá skyldi til forystu veljast óreyndur unglingur, sem að vísu kann vel að fara með tölur og er tvímælalaust reikningsglöggur, en skortir auðvitað allt það samband við lífið og raunveruleikann, allan þann dýpri skilning á þörfum og getu þjóðar sinnar, sem telja má von um, að hann búi yfir eftir 20—30 ár, auðnist honum líf og heilsa. — Slík forysta stýrir ekki lukku.

Það má afsaka þennan unga mann þótt óvenjuleg framhleypni og valdafíkn hafi afvegaleitt hann upp í ráðherrasess, einmitt af því hann skortir lífsreynslu.

Flokkurinn, sem lét eftir þessum hégómagjarna ungling, á sér engar afsakanir.

Samfara skattaæðinu virðist einokunarstefnan fara hamförum á Alþingi. Hefir stj. og lið hennar borið fram fjölda frv. um nýjar einokanir, á smáu og stóru. Ætla ég hér aðeins að víkja með örfáum orðum að einu af þessum frumv., svona rétt til að sýna andann, sem yfir vötnunum svífur. Það er frv. um heimild handa ríkisstj. um einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum og efni til raflagninga. Í 1. gr. þessa frv. eru nánar tilgreindar allar þær vörur, sem ríkisstj. með frv. er heimilað að taka einkasölu á, og þær vörur eru feiknalega margar. Í 2. gr. frv. er svo sagt, að „ríkisstj. er heimilt að taka einkasölu á einum framantalinna vöruflokka án þess að hinir fylgi með, og henni er einnig heimilt að taka einkasölu á einstaka tegund innan vöruflokka þeirra, sem í 1. gr. getur, án þess að tekin sé einkasala á þeim öllum“. Frv. þetta er flutt af formanni sósíalistaflokksins, eftir tilmælum fjmrh., og það er alveg sérstaklega eftirtektarvert, að í grg. þessa frv. er ekki svo mikið sem einu orði minnzt á, hverjar tekjur það muni færa ríkisstj., né heldur hver áhrif það hafi á hagsmuni almennings í landinu.

Að sósíalistar, eins og þeir, sem að þessu frv. standa, flytja frv. um einkasölu á ákveðinni vörutegund og láta máli sínu til stuðnings fylgja grg. og skýrslu um tekjur ríkissjóðs af frumvarpinu og áhrif þess á hugsmuni almennings, verða auðvitað andstæðingar einokunarstefnunnar að sætta sig við og telja eftir atvikum eðlilegt. En frv. eins og þetta, um einkasölu á ótölulegum grúa af vörum, flutt inn á Alþingi án allrar greinargerðar, stefnir nærri því að vera hneyksli, og ekki síst þegar þess er gætt, að frv. gefur ríkisstj. heimild, sem hún getur notað að öllu, miklu, litlu eða engu leyti, rétt eftir því, sem henni þykir henta. — Hér á landi eru nú hundruð og jafnvel þúsundir manna, sem eiga framfærslumöguleika sína alveg undir því, hvort ríkisstj. eða sá ráðh., er þetta heyrir undir, þóknast að nota þessa heimild. Hafa menn nú gert sér grein fyrir, hvaða vald ráðherra er fengið í hendur með slíkri heimild? Hvernig löggjafinn svo að segja afhendir slíkum manni umráð yfir fjármunum og atvinnu ótölulegs fjölda af borgurum í landinu? Og hafa menn gert sér grein fyrir því, hvernig hægt er að misnota slíka heimild?

Það er langt fyrir neðan allt velsæmi að flytja slík mál inn á hið háa Alþingi. Hitt er svo alveg auðljóst, að ríkissjóður, sem kominn er í mestu fjárþröng vegna óhófseyðslu sósíalista og Framsóknar á fyrri valdaárum þeirra, hefir náttúrlega engin tök á því að byrja að reka verzlun með þessar vörur, því til þess þarf margar millj. króna, sem ekki verður að telja líklegt, að nokkur gerist til að lána ríkisstj. eins og nú standa sakir. Það er þess vegna alveg sama, frá hvaða sjónarmiði þetta frv. er skoðað, það er og verður blettur á Alþingi og þeim, sem það hafa flutt inn á þingið.

Þetta eru drættir af ófagurri ásjónu, sem þó ófríkkar, ef við er bætt. Tilraunir þær, sem hafðar eru í frammi á Alþingi til þess að nota hinn hæpna og ranglega fengna þingmeirihluta, sem stj. styðst við, til þess að brjóta á bak aftur það vald, sem lýðræðislega réttkosinn meiri hluti bæjarstjórnar Reykjavíkur að lögum og samkv. stjórnarskránni hefir um stjórn og með-

ferð málefna Reykjavíkurhæjar, eru víst alveg einsdæmi í þingsögunni. Nægir í því sambandi að minna á frumvörpin um vinnumiðlun og verkamannabústaði, sem bæði sýna fádæma ofbeldis- og kúgunarhneigð stjórnarliðsins.

Við þetta ætla ég svo bara að bæta einni hrukku. Það eru frumvörp þau, sem stjórnarliðar bera fram eingöngu í því skyni að hægja frá atvinnu stjórnmálaandstæðingum sínum. Þau frv. eru mörg, svo sem frv. hv. 2. þm. Reykv. (HV) um að bola Jóni frá Stóradal frá stjórn Kreppulánasjóðs, frv. fjmrh. um gjaldeyrisverzlun, sem hefir þann aðaltilgang að hægja hv. þm. V.-Húnv. úr gjaldeyrisnefnd, frv. þm. Ísaf. (FJ), sem fyrst og fremst miðar að því að bola Sveini Benediktssyni og Jóni Þórðarsyni úr stjórn Síldarverksmiðju ríkisins, frumv. um breyt. á útvarpslögunum, í því skyni að koma Helga Hjörvar frá formennsku útvarpsráðsins, vinnumiðlunin, er ég áðan drap á, sem ætluð er til höfuðs Gunnari Benediktssyni, o. fl. o. fl.

Hv. hlustendur hafa sjálfsagt veitt því eftirtekt, að ég hefi leitt hjá mér að tala um eitt aðalhneykslismál þingsins, rauðku-frumvarpið svokallaða. Þetta stafar bæði af því, að um það mál fóru fram allýtarlegar útvarpsumræður nú nýverið, en auk þess hefir nú neðri deild samþykkt, að Sjálfstfl. gefist kostur á að nefna tvo menn í nefndina. Noti flokkurinn þann rétt, skal ég lofa því, að allfruntalega skal verða kippt í tauminn, svo Rauðka lulli út af þjóðnýtingarbrautinni og í áttina til annarar skrifstofu, sem aðaltamningamaður Rauðku situr á. Þar munum við sjálfstæðismenn rannsaka, hvers vegna olían er helmingi dýrari hér en í nágrannalöndunum. Þaðan munum við svo halda á Rauðku, þangað sem geymdar eru upplýsingar um það, sem almenning til sjávar og sveita varðar, upplýsingar, sem til þessa hafa aðeins verið skoðaðar gegnum rauð gleraugu.

Ég neita því ekki, að margan sjálfstæðismann hálflangar að fá sér sprett á Rauðku.

Með fáum dráttum hefi ég nú leitazt við að bregða upp mynd af ríkisstj. og Alþingi. Hún sýnir, að stjórnina skortir ef til vill ekki dugnað. Óhófleg og hlutdræg fjáreyðsla, nýir skattar, nýjar einkasölur, sem svipta fjölda andstæðinga atvinnu, lítilmótlegar tilraunir til þess með sérstakri löggjöf og ákvæðum fjárlaga að ná sér niðri á þeim andstæðingum, sem stjórnarliðar bera þyngstan hug til, og samtímis á sama hátt að hagna samherjum, allt er þetta dugnaður fyrir sig, dugnaður þeirrar stj., sem skortir lífsreynslu og alla yfirsýn yfir þjóðmálin, dugnaður flokksstjórnar, en ekki þjóðstjórnar, dugnaður, sem leiðir til heiftar og bölvunar, en ekki friðar og blessunar, af því hann lætur stjórnast af ógöfugum hvötum.

Þetta er myndin af stjórninni og liði hennar. Sjálfstfl. hefir auðvitað reynt að standa gegn óþrifunum. Af því spinnast deilur, og stundum harðar. Það getur hver sem vill láð okkur. Við munum ekkert tillit taka til þess, heldur verjast með öllu löglegu móti, og berjast þar til yfir lýkur og sigur er fenginn.

Samtímis hefir Sjálfstfl. tekið forystuna í þeim málum, sem þjóðin á lífsframfæri sitt undir, að vel leysist og giftusamlega, hversu sem til tekst um að knýja stjórnarliðið til fylgis.

Í örfáum orðum ætla ég að lokum að bregða upp annari mynd, mynd af þjóðinni okkar og högum hennar.

Fyrir tveim árum fór fram rannsókn á hag bændanna. Hún leiddi til þess, að Alþingi samþykkti tólf millj. króna fjárframlag til bjargar þeim bágstöddustu. Enn er þó allt í óvissu, og þó raunar heldur voða um fjárhagsafkomu bænda, þar eð búskapurinn ber sig ekki.

Milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum hefir nú upplýst, að ennþá verr eru útvegsmenn farnir. Hálfum öðrum miljónatug hafa þeir tapað síðustu 5 árin, og standa nú uppi eignalausir með óarðbæran atvinnurekstur.

Hér við má bæta fátækum verkalýð og illa höldnum embættismönnum. Þá sjá menn þjóðarauðinn, þó að því viðbættu, að skuldir okkar erlendis eru orðnar milli 90 og 100 millj. króna, en nýjar geigvænlegar utanaðkomandi hættur steðja að þjóðinni, svo að allt má heita í óvissu um sölu framleiðsluvörunnar.

Sjá nú ekki allir menn, hver voði leiðir af því, að ríkisstj. hegðar sér eins og grimmúðug flokksstjórn. Skilja ekki allir nauðsyn þess, að valdhafarnir komi fram með fullum skilningi á og samúð með hagsmunum allrar þjóðarinnar, einnig andstæðinganna, til þess þannig að afla sér trausts og skapa sér aðstöðu til að efla til samstarfs alla beztu krafta þjóðfélagsins í baráttunni fyrir lífi og frelsi þjóðarinnar, þeirri baráttu, sem ekki getur endað nema á einn veg, ef valdhafarnir sjá ekki að sér.

Sú ríkisstj., sem nú fer með völdin, hefir enn ekki sýnt hinn allra minnsta skilning á þessu. Hún hagar sér eins og harðvítug flokksstjórn á tímum ársældar og velfarnaðar.

Ég geri þó skyldu mína, þegar ég aðvara hana og segi: Bæti ríkisstj. ekki ráð sitt í einu og öllu, þá er það ekki slys, sem bíður þjóðarinnar, heldur sjálfsmorð.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Herra forseti! Hv. 10. landsk. hefir nú haldið hér allt að því klukkustundarræðu og mest deilt á mig, eða þau mál, sem ég hefi til meðferðar í ríkisstj., og mun ég því aðallega snúa mér að því að svara honum nokkrum orðum. Viðvíkjandi ræðu hv. þm. G.-K. er það að segja, að hún var nú meira svona hávaði heldur en innihald. Hefir hann þó setið við heima hjá sér á annan dag að semja hana og ekki mætt hér á þingfundum. (ÓTh: Menn eru ekki vanir að hæla sér af því, þó andstæðingar þeirra séu veikir). Og þetta er nú árangurinn.

Það var gaman að heyra hv. 10. landsk. tala um hið mikla fylgi Bændafl., og mun það verka skoplega á alla tilheyrendur. Við útvarpsumræðurnar í vor, rétt fyrir kosningarnar, taldi þessi flokkur, að hann mundi eiga alveg vís eitthvað átta eða níu þingsæti. En nú vita allir, að það er litið á þennan flokk sem steindauðan flokk, og ekki tekið neitt mark á honum, nema hvað menn þurfa öðruhverju að hrekja þau ósannindi,

sem koma frá þeim mönnum, sem halda uppi að því er kallað er flokksstarfsemi.

Hv. þm. minntist á samninginn milli Framsfl. og Alþfl. Það, sem hann sagði um þann samning, hefir allt verið margendurtekið af stjórnarandstæðingum, bæði í blöðum og umr. hér á Alþ., m. a. við síðustu útvarpsumræður, og var það þá allt hrakið.

Það vita allir menn, að tilgangurinn með þessu af Bændafl. hálfu er sá, að reyna að vekja tortryggni gagnvart okkur framsóknarmönnum í sveitum landsins. Bændaflokksmennirnir hafa sama hlutverk og Morgunblaðið, að reyna að læða þeirri trú inn hjá bændum, að framsóknarmenn séu algerlega háðir jafnaðarmönnum. Aftur hefir Vísir, eins og bent var á í síðustu útvarpsumr., það hlutverk að benda jafnaðarmönnum á, að þeir séu ánauðugir þrælar hjá Framsóknarfl. Sannleikurinn er vitanlega sá um þennan sáttmála, sem gerður var milli Framsfl. og Alþfl., að þar er tekið tillit til beggja flokkanna, eða þess fólks, sem þessir flokkar vinna fyrir, tekið tillit til alls vinnandi fólks, bæði til sjávar og sveita. Í þessum sáttmála er talað um að skipuleggja kjötsöluna og mjólkursöluna, koma vaxtakjörum bænda í betra horf og lengja lánstímann, koma upp samvinnubyggðum og margt og margt fleira. Annars hafa farið fram svo miklar blaðadeilur um þetta atriði og svo rækilega verið svarað af hálfu stjórnarflokkanna, að ég sé ekki ástæðu til að eyða mínum stutta tíma til þess að hrekja sérstaklega það, sem hv. 10. landsk. sagði um það.

Hv. 10. landsk. reyndi að koma þeirri tortryggni inn hjá bændum úti um land, að við hefðum ekki skipað mann frá Búnaðarfélaginu í kjötsölunefndina af óvináttu við bændur. Sannleikurinn er sá um skipun þessarar nefndar, eins og hv. þm. veit vel sjálfur, að einn maður er skipaður í hana frá S. Í. S., einn frá Kaupfélagi Borgfirðinga og Sláturfélagi Suðurlands, tveir eru skipaðir af hálfu neytenda, annar tilnefndur af Alþýðusambandinu og hinn af Iðnsambandinu, og einn er skipaður af ríkisstj. Það hefir verið reynt að koma því inn hjá mönnum, þó ekki hafi það sérstaklega verið reynt nú, að bændur hafi tapað valdi sínu í nefndinni vegna þess að ekki var skipaður í hana maður frá Búnaðarfélaginu. Ég ætla nú að nota tækifærið til þess að sýna fram á, hvað óheyrileg blekking þetta er. Það er vitað, að bændur hafa fulltrúa að meiri hluta í nefndinni. Þeir hafa Jón Ívarsson, Jón Árnason og Helga Bergs. Þeir hafa það, sem máli skiptir, meiri hlutann, valdið í nefndinni, þrjá menn af fimm. Neytendur voru aðeins látnir hafa tvo menn í nefndinni. Þeir hafa það vald, sem sjálfsagt var og nauðsynlegt að þeir fengju, til þess að sýna þeim sem fyllsta sanngirni og til þess að tækist að leysa málið. Því einmitt um leið og neytendur fá að kynnast því, með því að taka þátt í störfum nefndarinnar, að bændur þurfa í sannleika að fá þetta verð fyrir kjötið, þá taka þeir þessum ráðstöfunum betur. Ósanngirni sú, sem fram kemur af hálfu Bændafl., hefði ekki orðið til annars en eyðileggja málið, sprengja samkomulagið og sigla öllu í strand.

Þá kom fram hjá hv. 10. landsk. ádeila viðvíkjandi því, að ég hefði ekki staðið nægilega í ístaðinu að því er snerti kjötverðlagið. Hann minntist á verðuppbót á þessu ári. Því var ekki þessi hv. þm., sem áður var landbrh., búinn að gefa út auglýsingu um, að verðuppbót skyldi greidd? Hann gat það vel, þó ekki væri komin sérstök beiðni um það. Annars var þetta auðsjáanlega borið fram í blekkingarskyni, eins og svo margt annað hjá þessum hv. þm., því hann veit ósköp vel, að það er búið að afgreiða þetta mál í ráðuneytinu og að uppbótin verður greidd út í næsta mánuði. „Ég vildi spyrjast fyrir um, hvað þessu liði", sagði hv. þm. Hann hefir e. t. v. hugsað, að ég mundi gleyma að svara fyrirspurninni og hann gæti þannig komið inn hjá einhverjum, að uppbótin yrði ekki greidd.

Þá vildi hv. þm. smeygja því inn hjá mönnum, að kjötið mundi hafa hækkað, þó engar ráðstafanir hefðu verið gerðar af hálfu hins opinbera. Aðrar eins blekkingar minnist ég ekki að hafa heyrt. Þegar hv. þm. í næstu setningu sagði, að verðið á útlenda markaðinum hefði lækkað, a. m. k. á haustmarkaðinum, hvað sem verður þegar kemur fram um áramót. Vitanlega hefði kjötið þess vegna streymt á innlenda markaðinn, framboðið orðið meira heldur en nokkru sinni áður og verðið hrapað niður.

Þá minntist hv. þm. á það, sem einnig kom fram í síðustu útvarpsumræðum, að kjötverðið hefði ekki verið hærra í ár. (ÞBr: Í september í ár). Hefði ekki verið hærra í september í ár heldur en í fyrra, sagði þessi hv. þm., en sá, er síðar talaði, sagði aðeins, að kjötverðið hefði ekki verið hærra í ár. En af hverju stafar þetta? Það stafar af því, að kjötverðlagsnefnd hefir tekizt að minnka smásölu- og heildsölukostnaðinn næstum því sem verðuppbót bændanna nemur. Þess vegna sýna skýrslur um smásöluverð svipað verðlag eins og í fyrra, þó vitað sé, að bændur, a. m. k. hér í grennd, fá 20 til 30 aurum hærra verð fyrir kg. af kjötinu heldur en í fyrra. Þetta er því samskonar tilraun til að smeygja inn hjá mönnum blekkingum.

Þá minntist hv. þm. á, að kjötverðið á erlendum markaði mundi verða lágt, og því hefði hann fyrir fáum dögum flutt till. um það í Ed., að greidd yrði uppbót á útflutt kjöt, og sett væri inn í kjötsölulögin heimild til að greiða hana úr ríkissjóði. Þar er sama aðferðin, sem höfð var í sambandi við þessa till., eins og viðhöfð er yfirleitt af Bændafl. í svo að segja hverju máli hér á þingi. Þremur dögum áður en þessi till. kom fram hafði ég skýrt frá því hér í Nd., að ég væri þegar byrjaður að láta rannsaka, í samráði við þá menn, sem bezt þekkja til markaðsins erlendis, hvernig hægt væri að bæta upp verðið á erlenda markaðinum til viðbótar verðjöfnunargjaldinu. Vitanlega var till. felld; ég kann ekki við að taka við slíkum yfirboðum, sízt þegar svo stendur á sem þarna, að fella átti till. inn í kjötsölulögin, þar sem hún átti ekki heima, og án þess að séð væri fyrir nokkrum tekjum á móti. En það er einmitt einkennið á öllum þessum yfirboðum Bændafl., að ekki er séð fyrir neinni tekjuöflun til að mæta útgjöldunum, sem af þeim mundi leiða, og skal ég seinna koma að því, hvers vegna svo er.

Það mun e. t. v. sjást innan skamms, hverjum tökum Framsfl. tekur kjötverðið, og hvernig verður snúizt við því máli. Hann mun ekki þurfa aðstoð Bændafl. til þess að leysa það mál, enda fer vel á því, eins og þessi hv. þm. stóð í ístaðinu meðan hann fór með mál landbúnaðarins, er ég einnig kem að síðar.

Þá minntist hv. þm. á, að mjólkurverðið hefði verið lækkað. Skipulagning mjólkursölunnar kæmi neytendum einum til góða, framleiðendur fengju ekki neitt. Ég þóttist alveg viss um, að þessi skröksaga kæmi hér fram í kvöld, og þess vegna fékk ég mann, sem er nákunnugur þessum málum, Pál Zóphóníasson, til þess að reikna þetta út fyrir mig, og er ég með tölurnar hér fyrir framan mig.

Hann hefir reiknað út, að sú lækkun, sem tekizt hefir að fá á útsölukostnaði síðan lögin komu í gildi, nemur allt að því 4 aurum á lítra. Þá hefir hann reiknað út, að það, sem neytendur græða á þessu gegnum verðlækkunina til nýárs, eru 9311 kr. En það, sem framleiðendurnir græða til nýárs, nemur 14203 kr. Það er vitanlegt, að vegna laganna tókst að lækka sölugjöld búðanna, og það er ekki nema eðlilegt, að það komi báðum aðilum að gagni, sérstaklega með tilliti til þess, að gera þurfti lögin vinsæl, svo sem ráðizt hefir verið á móti þeim af blöðum sjálfstæðismanna og meira að segja af blaði Bændafl. Till., sem borin var fram í Ed. um að bændur ættu að fá a. m. k. svo mikið, að framleiðslan bæri sig, var vitanlega borin fram sem fleygur, til þess að reyna að koma á illu samkomulagi milli framleiðenda og neytenda, og þess vegna var hún felld.

Þá er það viðvíkjandi landbúnaðarlánunum. Það var að heyra á hv. 10. landsk., að þær till., sem landbn. hefir borið fram viðvíkjandi þeim, væru ekki að öllu leyti frá ríkisstj. Þetta er rangt, till. eru að öllu leyti frá ríkisstj. Þær gera ráð fyrir þeirri skipun á landbúnaðarlánum, að vextir af þeim verði 5%, og jafnframt a. m. k. öll aðallánin verði lengd um 10 ár, sem svarar til um 2% lækkun á afborgunum árlega frá því, sem er. Það er rétt, að Bændafl. hefir borið fram í þessu máli svokallað yfirboð. Hann hefir komið fram með till. um, að ríkissjóður greiði vaxtatillag, allt að 2% af veðlánum landbúnaðarins, þannig að vextirnir komist niður í 4½%, en jafnframt því er ekki gerð nein tilraun til að lengja lánin og koma á þau betra skipulagi. Einnig verður að benda á, að ekki er í sambandi við þetta yfirboð, fremur en önnur yfirboð þessa flokks, gert ráð fyrir neinni tekjuöflun til þess að standast þessar greiðslur.

Þá minntist sami hv. þm. á það, að dregið hefði verið úr framlögum til landbúnaðarins í fjárlfrv. nú frá því sem verið hefir undanfarin ár. Af öllum þeim ósannindum, sem borin voru fram í ræðu hv. þm., eru þetta einhver þau allra ósvífnustu. Þetta er æðimikil dirfska, þegar hv. þm. veit, að hægt er að lesa upp úr frv. hækkaðar tölur, og það skal ég gera þegar í stað. Þegar borið er saman við fjárlögin fyrir árið 1934, er hækkunin á framlögum til landbúnaðarins þessi:

Til verkfærakaupasjóðs, algerlega nýr liður, sem hv. þm. hafði aldrei dugnað í sér til þess að taka upp meðan hann var landbrh., 65 þús. krónur. Til Byggingar- og landnámssjóðs 100 þús. kr. hækkun. Til skipulagningar afurðasölunnar 20 þús. kr. Til nýbýla af atvinnubótafé 100 þús. kr. Hækkun á vegafé, sem næstum allt fer í sveitir landsins, 270 þús. kr. Símafé 30 þús. kr. Samtals er hækkun á fé til landbúnaðarins í fjárl. fyrir árið 1935, ef miðað er við fjárl. fyrir 1934, 585 þús. kr.

Er nú hægt að hugsa sér öllu fífldjarfari ósannindi heldur en þetta, sem hv. þm. bar fram? Og svo er þessi hv. þm. að telja það eftir, þó að atvinnubótafé hafi verið hækkað um 200 þús. kr., þar sem ákveðið hefir verið að setja helming af því í nýbýli.

En það væri nógu gaman, um leið og ég er búinn að jarða allrækilega þessar staðhæfingar, þessar tilraunir, sem hv. þm. hefir gert til að deila á ríkisstj. fyrir þau verk, sem hún hefir sérstaklega með höndum, að verja nokkrum mínútum til þess að sýna mönnum dálitla mynd af störfum þessa hv. þm. á meðan hann var ráðh. Það væri dálítið gaman að líta á, hvernig hann hefir þá hagað sér í skipulagningarmálinu. Hann fékk, samkv. l. nr. 90 frá 1933, heimild til þess að skipuleggja kjötsöluna, og hann notar ekki heimildina, þessi hv. þm., sem þá var landbrh. Hann horfði á samkeppnina um kjötsöluna hér í bænum, horfði á kjötið lækka í verði dag frá degi, horfði á það, að kaupmenn keyptu kjöt austur í sveitum fyrir 5 aurum lægra verð hvert kg. en á opinberum markaði, og samt notar hann ekki þessa heimild. Hann hefir aldrei getað varið þetta með neinu, hvorki hér á hæstv. Alþ. né á neinum öðrum vettvangi, þegar þetta hefir verið borið á hann.

En hvers vegna notaði hv. þm. ekki þessa heimild? Vegna þess, að hann vissi, að slíkt verk mundi verða óvinsælt hjá þeim stjórnmálaflokki, sem hann vann með og sem hafði framar öllum öðrum stjórnmálaflokkum þann milliliðagróða, sem núverandi stj. hefir tekið af þessum mönnum með skipulagningu kjötsölunnar. Hv. fyrrv. ráðh. var svo hræddur um ónáð þess flokks fyrir það verk, að hann þorði ekki að hreyfa sig til að nota heimildina.

Hvernig hagaði þessi fyrrv. ráðh. sér í mjólkurmálinu? Var það mál ekki drepið á milli handanna á honum í Ed. af þeim flokki, sem aðallega vann með þessum hv. þm. sem ráðh.? Hv. fyrrv. ráðh. hefir viðurkennt, að mjólkurl. hafi verið orðin þannig, þegar þau fóru út úr Ed., að það hafi verið ómögulegt að framkvæma þau, vegna þess, að búið var að taka burt úr þeim aðalatriði þeirra. Þetta viðurkenndi hv. þm. tvisvar sinnum undir umr. í Ed.

Þannig stóð þessi hv. þm. sig, þegar hann var landbúnaðarráðh., bæði í kjötsölu- og mjólkursölumálinu.

Viðvíkjandi þeirri n., sem starfað hefir að undirbúningi þessara mála, má segja nákvæmlega hið sama um hv. þm., að það er ekki honum að þakka, þó að hann neyddist til að skipa n. til þess að rannsaka þessi mál. Flokksþing Framsfl. og Samb. ísl. samvinnufél. neyddu hann til þess,

Með hangandi hendi skipaði fyrrv. ráðh. svo þessa n., að vísu snemma á árinu, en hún kom ekki nema einu sinni saman á fundi þangað til eftir kosningar. En þá var keppzt við að koma fram með till., ekki till. frá þessum ráðh., sem þá var. Nei, till. frá Samb. ísl. samvinnufélaga voru að öllu leyti lagðar til grundvallar í þessari n., því að engar till. komu frá þáv. landbrh., hv. 10. landsk. Vitanlega hefði hann getað verið margoft búinn að gefa út fullkomin bráðabirgðalög um kjötsöluna tímans vegna í sinni ráðherratíð, ef hann hefði haft nokkurn áhuga á því, m. ö. o. ef hann hefði ekki unnið með þeim flokki, sem hafði þannig afstöðu gagnvart afurðasölumálinu eins og skýrt hefir komið fram nú eftir að skipulagning afurðasölunnar hefir verið ákveðin. Þessi hv. þm. varð til þess að kljúfa Framsfl. vegna þess, að hv. þm. vildi ekki leysa afurðasölumálið með Alþfl., eins og hann vildi ekki heldur viðurkenna Alþýðusamband Íslands sem samningsaðila í kaupgjaldsmálum. En nú er það greinilegt og allur landslýður veit það, hver afstaða Sjálfstfl. var gagnvart þessu máli. Aldrei nokkurn tíma hefir um nokkurt mál verið skrifað jafnhatramlega og skrifað var á móti þessu máli í blöðum Sjálfstfl., þess flokks, sem hæstv. fyrrv. ráðh. tók höndum saman við og klauf Framsfl., vegna þess að hann vildi ekki leysa þetta mál á þann hátt, sem við vildum. Skrifin um þetta í blöðum Sjálfstfl. verða kannske lesin upp síðar við þessar umr. En hitt er þó ennþá verra, að blað þessa hv. þm. hefir notað sömu aðferð til þess að reyna að tortryggja afurðasölumálið eins og blöð Sjálfstæðisflokksins. Má í því blaði, Bændaflokksblaðinu Framsókn, benda á grein um eignarnám, sem er einhver ljótasta tilraun, sem gerð hefir verið til þess að vekja tortryggni í garð þessa máls.

En það, sem sérstaklega einkennir alla framkomu þessa hv. þm. í þessu máli, og sérstaklega nú í seinni tíð, eftir að hann komst í minni hl., það er m. a. það, að í sambandi við allar þessar heimildir, sem hann vill láta veita til þess að greiða úr ríkissjóði verðuppbót á kjöti, vaxtatillag, tillag til að koma upp nýbýlum, að upphæð 250 þús. kr., aukið tillag samkv. jarðræktarl. — í sambandi við allar þessar heimildir kemur það fram, sem ég ætla að biðja alla að taka vel eftir, **að alstaðar vantar till. um að auka tekjur ríkissjóðs til þess að hægt sé að framkvæma allt þetta.** En það eru einmitt tekjuliðirnir, sem allt veltur á um það, hvort framkvæmd útgjaldanna sé möguleg í þessu sambandi.

Ég vil nú varpa fram þessari spurningu: Með hverju eiga bændur að afla tekna til þess að geta fengið þau framlög, sem lagt er til, að þeir fái í frv. hv. þm.?

Hin fátæka bændastétt á að vinna að því með þeirri stétt, sem líka er fátæk, að jafna hag einstaklinganna í þjóðfélaginu. Einmitt þetta er starfsstefna núv. stj. En að allar till. vantar um tekjuliði til þess að standast útgjöld af framlögum þeim öllum, sem hv. 10. landsk. gerir till. um, kemur af því, að hv. þm. og hans bandamönnum er ómögulegt að vilja, að hækkaðir verði beinir skattar til að bæta kjör vinnandi stéttanna í landinu.

Ef athuguð er deilan, sem staðið hefir í Danmörku og risið hefir um það sérstaklega, hvernig eigi að bæta kjör landbúnaðarins, þá verður maður þess brátt var, að deilan er ekki um það, hvernig pappírsheimildir eigi að gefa stj. um framlög til þess, heldur um hitt, hvar eigi að taka peningana til þess að bæta lánakjör bænda. Þessar deilur hafa þar staðið óslitnar í hálft ár. En það er einmitt þetta höfuðatriði, sem hv. þm. gengur svo rækilega framhjá, að hann minnist ekki einu orði á tekjuöflunarmöguleikana, og þessi stóra synd fulltrúa Bændafl. er í mjög nánu sambandi við það, að vitanlega var aldrei hægt að leysa afurðasölumálið með hjálp sjálfstæðismanna.

Mér er sagt, að minn ræðutími sé nú þrotinn að sinni. Verð ég því að segja það síðar, sem ég þarf við þetta að bæta. — Góða nótt!

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég ætla ekki að eyða mínum ræðutíma í að kroppa í það, sem eftir er af hv. 10. landsk. þm., eftir að forsrh. hefir gert honum þessi skil. En ég get þó ekki komizt hjá því að benda á það, sem mér virtist vera undarlegast í ræðu þessa hv. þm. Að öðru leytinu vítir hann stj. harðlega fyrir það, hve hún sé ákaflega smátæk á fjárveitingar til bænda. Það væri svo sem einhver munur með hann og blessaðan Bændafl. Þeir ætluðu ekki að klípa við neglur sér framlög til hagsbóta fyrir bændur. Á hinn bóginn veitir hann svo stj. ákúrur fyrir það, hve hún sé örlát á fé til verkamanna og þeirra, sem í kaupstöðunum búa; segir, að stj. hafi svo sem nóg fé til atvinnubóta og til að leggja fram til sundhallarinnar. Hvað fyrir hv. þm. vakir með slíkum fullyrðingum sem þessum, er augljóst. Það er ekkert annað en að reyna að ala á rig og tortryggni á milli þeirra, sem búa við svipaðan hag, og sumir eru búsettir í sveit, en aðrir við sjó. Þetta er einhver allra leiðinlegasti þátturinn í íslenzku stjórnmálalífi, sem er því miður ekki nýr, því að hans hefir orðið vart hjá samherjum þessa hv. þm., sjálfstæðismönnum, og hjá samflokksmönnum hv. þm. Af þeim, sem hæst hafa talað í Sjálfstfl., hefir verið reynt að lauma inn hjá fólki þeirri hugmynd, að hagsmunir þessara stétta rekist á, og að dylja það, að hagsmunir þeirra stétta hljóti að fara saman. Kenningin um, að hagsmunir þeirra stétta rekist á, er hin hættulegasta villukenning, sem hægt er að bera fram í stjórnmálum, hvort heldur er hér á landi eða annarsstaðar.

Vil ég svo víkja nokkrum orðum að bandamanni hv. 10. landsk., hv. þm. G.-K. Um ræðu hv. þm. G.-K. vil ég segja það, að ég hefi aldrei heyrt slíka eldhúsræðu fyrr á æfi minni. Sumpart tók hann í streng með hv. 10. landsk. og lét í veðri vaka, að það, sem stj. hefir nú gert, og mér skilst, að hann álíti vel gert, það hefði stj. gert fyrir atbeina og forsjá Sjálfstfl., t. d. að setja bráðabirgðal. um kjötsöluna og mjólkursöluna. Öllu betri viðurkenningu er ekki hægt fyrir stj. að fá fyrir því, að eitthvert verk sé vel gert, heldur en þá, að andstöðuflokkar hæli sér af því á eldhúsdegi, að þeir hafi ætlað sér að gera hið sama, ef þeir hefðu náð völdum, og

hafi átt þátt í upptökum málsins. Það er óvanalegt á eldhúsdegi, að andstæðingar stj. reyni að hnupla frá henni því, að hafa átt upptök þeirra mála, sem hún reynir að koma fram.

En annað atriði er þó enn eftirtektarverðara, sem fram kom í ræðu hv. þm., og mér finnst að stj. ætti að vera honum þakklát fyrir að hafa dregið svo rækilega fram, a. m. k. er ég sem atvmrh. honum þakklátur fyrir það. Hv. þm. lýsti því með sterkum orðum, hversu högum atvinnuveganna væri nú háttað. Ég skal taka undir það, að ég er hv. þm. fyllilega sammála um, að ástandið sé slæmt í þessu efni.

Hv þm. talaði um, að sjávarútvegurinn væri illa kominn. Hann talaði einnig um, og það réttilega, að hagur bænda sé sá, að þrátt fyrir þá miklu hjálp, sem talið er, að þeim hafi verið veitt með kreppulöggjöfinni, og þær býsna miklu fórnir ríkissjóðs vegna þeirrar löggjafar, þá sé ákaflega dimmt fram undan, a. m. k. í bili, um rekstrarafkomu þessa annars aðalatvinnuvegar þjóðarinnar.

En aðalatriðið í hans ræðu var viðkomandi því máli, sem hann telur sig bæran um að dæma, ástandinu í sjávarútvegsmálum okkar og sölu á sjávarafurðunum. Þó að hann viðurkenndi, að ástandið væri ófagurt á ýmsum sviðum atvinnulífsins, þá komst hann að þeirri niðurstöðu, að ástandið væri þó hvergi ófegurra en einmitt þar. Hann sagði, sem sennilega er rétt, að ef dæma mætti eftir skýrslu mþn. í sjávarútvegsmálum, þá væri nú svo komið hag sjávarútvegsins, að nærri liggi, að standist á skuldir hans og eignir, ef tekið er tillit til útgerðarinnar yfirleitt. Við þetta bætir hann svo réttilega, að útlitið með rekstrarmöguleika sjávarútvegsins sé ekki glæsilegt, og að h. u. b. þriðji hluti af fiskframleiðslu okkar, miðað við framleiðslu undanfarinna ára, verði óseljanlegur, a. m. k. í þeim löndum, þar sem við höfum selt okkar saltfisk.

Ég get sagt það sem atvmrh., að ég get verið þessum hv. andstæðingi stj. þakklátur mjög fyrir það, að hann eyddi tíma sínum hér í kvöld til þess að sýna þjóðinni fram á, hvílíkir geypiörðugleikar það eru, sem mættu ríkisstj. strax er hún tók við völdum, nú fyrir h. u. b. 4½ mánuði. Ég fagna því, að þjóðin gerir sér þetta ljóst. Það sér hver heilvita maður, að ekki er hægt að ásaka núv. stj. um það, hvernig komið er í okkar sjávarútvegsmálum. Þar eiga einhverjir aðrir sök á, ef um sök er að ræða í því sambandi. Það er því engan veginn eldhúsumræðnaefni gagnvart þeirri stj., sem nú situr, hvernig ástandið er í þessu efni. En stj. fær aftur á móti það hlutskipti, að mæta örðugleikunum og gera það, sem hún telur rétt, til þess að þjóðin geti staðizt þá raun, sem núv. ástandi hlýtur að fylgja. Til þess þarf giftu, ef vel á að lánast.

En svo þakklátur sem ég er hv. þm. fyrir að hafa bent áheyrendum á þetta, get ég þó ekki neitað því, að mig furðar nokkuð á þessu, sérstaklega ef um eldhúsbragð eða keim var að ræða að ræðu hv. þm. þá mátti það ekki á annan veg skilja en þann, að hann vildi gera eldhúsdag að þeim mönnum, sem allt að þessum degi eru hinir eiginlegu stjórnendur stórútgerðarinnar og fisksölunnar í landinu. Ef um sök er að ræða viðvíkjandi því, hvernig ástand sjávarútvegsins er nú hér hjá okkur, sem ég fullyrði ekki að sé, þá ber vitanlega hvergi að leita að henni annarsstaðar en hjá þessum mönnum, sem farið hafa með saltfiskverkun og útflutning fiskjar og hafa ráðið yfir stærsta útgerðarflota landsins.

En hvaða menn eru það?

Það eru flokksmenn þessa hv. þm., og þar á meðal hann sjálfur. Og hvenær sem hann talar um þessi mál hér á þingi, þá talar hann með svo miklum þekkingargorgeir, sem ég hefi ekki annarsstaðar kynnzt. Þessi maður stendur hér upp fund eftir fund og segir: Það er ég, sem hefi þekkinguna. Það erum við, sem höfum stjórnað þessum málum. Við einir getum bjargað þeim. Það erum við, sem höfum leitt fiskverzlunina í það ástand, sem hún er nú í. Hv. þm. sagði að vísu ekki niðurlagið af þessu, en svona er það. Ég skal ekki miklu við þær eldhúsræður bæta. Þó get ég ekki látið vera að taka undir þetta hjá honum.

Öllum er það vitanlegt, að þeir, sem stjórnað hafa útgerðarmálum hér, hafa yfirleitt rekið útgerðina þannig, að það, sem þeir hafa fyrst og fremst hugsað um, og mér liggur við að segja eingöngu hugsað um, hefir verið að veiða sem allra, allra mest af fiski, næstum án tillits til þess, hvað það hefir kostað og án nokkurs tillits til þess, hvort hægt væri að verka fiskinn svo, að hann yrði gerður að fjölbreyttari og betri markaðsvöru. Það hefir verið lögð mest áherzla á það að ryðja sem mestu af fiski á land, til þess svo að verka hann með sömu aðferð til sölu í sömu löndunum ár eftir ár, án þess að leita að nýjum markaði fyrir fiskinn. Við höfum fengizt við fiskiveiðar og fiskverzlun frá því að nokkuð fór að kveða að atvinnulífi hjá okkur. Um saltfiskverzlunina höfum við bundið okkur við viss lönd, sem eru Spánn, Ítalía og Portúgal. Sá fiskur, sem þangað er seldur, þarf að vera verkaður með nokkuð vissum ákveðnum hætti. Einnig höfum við selt nokkuð af ísfiski til Englands og Þýzkalands.

Þegar greitt er um alla sölu afurða, þá hefir þetta ekki reynzt háskalegt, að hafa markaðssviðið fyrir saltfiskinn ekki meira en þetta. En hvenær sem viðskiptahömlur eru teknar upp þar, þá er þetta mesti voði, sem hægt er að hugsa sér, t. d. ef þessi lönd færu að skammta okkur innflutninginn. Þá höfum við ekki neina þekkingu eða reynslu um það að flytja út öðruvísi verkaðan fisk eða til annara markaðslanda. Einmitt í þessu hefir glapræðið verið mest hjá stjórnendum stórútgerðarinnar og saltfiskverzlunarinnar í landinu. Það er einmitt þessi skammsýni, sem nú er að koma okkur í koll og sem skapar okkur þá geysimiklu örðugleika, sem hv. þm. talaði svo mjög um. Það er vitanlegt, að það eru tugir milljóna manna, sem borða fisk annarsstaðar en á Spáni, Ítalíu og í Portúgal. En stjórnendum fisksölunnar hjá okkur hefir ekki hugsazt að ná samböndum við þá. Ef litið er til Norðmanna, þá sjáum við, að þeir hafa ekki verið svo óvitrir, að þeir hafi selt allan sinn fisk á svo takmörkuðu markaðssvæði.

Þegar þetta er athugað, sem ég hefi sagt, þá er skiljanlegt, að hv. þm. G.-K. og samflokks-

mönnum hans finnist þeir verða að reka af sér slyðruorðið og sýna fram á, hvað gera beri, eins og nú er komið. Enda snerist mikill hluti ræðu hv. þm. um það. En einkennilegt þótti mér þó niðurlag ræðu hans. Mér skildist á honum, að hann teldi sig og flokk sinn hafa forgöngu í þessu máli og öll ráðin um það, hvernig það yrði afgr. Mér skildist hann telja víst, að frv. stj. yrðu samþ., en að þeir hefðu bara forgöngu í málinu.

Ég ætla að víkja að frv. um skuldaskilasjóð og fiskiráð. Verð ég þá fyrst að leiðrétta missögn hjá hv. þm. Hann sagði, að stj. og meðflokksmenn hennar í sjútvn. hefðu neitað að flytja þessi frv. Hann kvað mikla andstöðu hafa komið fram gegn frv. hjá stj.flokkunum, þó að e. t. v. tækist fyrir viturlegar fortölur Sjálfstfl. að telja þeim hughvarf. Hér er rangt frá skýrt. Þessi frv. eru samin af mþn. í sjútv.málum. Ég fékk þau ekki í hendur fyrr en 10 dögum eftir þingbyrjun. Þá var ekki tilbúið nál. mþn. í sjútv.málum og ekki búið að prenta skýrslu hennar. Ég ræddi þessi frv. með flokksmönnum mínum. 27. okt. óskaði ég eftir fundi með sjútvn. þessarar hv. d., og voru þar lögð fram þessi tvö frv., ásamt einu litlu frv. frá mþn. Í gerðabók sjútvn. Nd. hefir verið bókað eftirfarandi:

„Ráðherrann óskaði þess getið, að frv. þessi væru öll samin af mþn. í sjútv.málum, sem hefði óskað eftir því, að sjútvn. Nd. fengi þau til athugunar nú þegar, þó að nál. og heildarskýrslur hennar væru eigi enn fullprentuð. Þar sem ríkisstj. hefði eigi borizt frv. þessi fyrr en nokkru eftir þingbyrjun, hefði ríkisstj. ekki getað haft hliðsjón af þeim við samningu frv. til fjárl. og tekjuaukal. og treystist því eigi til að óska eftir því, að frv. verði samþ. á þessu þingi, nema jafnframt séu gerðar ráðstafanir til þess að mæta þeim útgjöldum og tekjumissi fyrir ríkissjóð, sem leiða myndi af samþykkt tveggja hinna fyrrtöldu frv. Hinsvegar óskar ríkisstj. þess, að sjútvn. taki frv. til athugunar og tekjuöflunarmöguleika í sambandi við þau, og jafnframt, að hún rannsaki sérstaklega, þegar fyrir liggur heildarskýrsla milliþingan., hvort eigi sé unnt að gera þegar á þessu þingi ráðstafanir til þess að hjálpa einhverjum hluta útgerðarinnar til að fá samninga um skuldaskil, þótt eigi þætti fært að gera slíkar ráðstafanir fyrir alla útgerð, stærri sem smærri, að svo stöddu." ....

Nú mega allir áheyrendur dæma um það, hvort stj. er á móti þessum frv. Þarna stendur greinilega, að það sé ósk stj. til sjútvn., að hún athugi, hvort ekki sé hægt að létta undir með smáútgerðinni þegar á þessu þingi, þó að ekki sé hægt að stofna til skuldaskila fyrir alla útgerð, smærri og stærri, nú þegar.

Mþn. þeirri, sem starfað hefir að þessu, láðist að athuga, hvernig afla skyldi þess fjár, er óhjákvæmilegt er til að mæta þessum útgjöldum, og hefir hún líklega ekki talið það sitt hlutverk. En þessi útgjöld myndu nema einni millj. kr. á ári úr ríkissjóði. Sjá allir, að þýðingarlaust er að samþ. lagafrv., hversu fallegt sem það kann að vera ásýndum, ef ekki eru jafnframt gerðar ráðstafanir til að mæta þeim útgjöldum, er af því leiðir.

Ég vil geta þess, að þótt mikið sé unnið með því að létta skuldabyrðinni af útgerðarmönnum, létta af þeim vöxtum og tryggja það, að þeir séu ekki sviptir atvinnutekjum sínum, þá er ekki þar með leystur allur vandi útgerðarinnar. Eftir skýrslu mþn. sjálfrar virðast töp útgerðarinnar á tíma þeim, er skýrslan nær yfir, liggja milli 8 og 20% af brúttótekjum hennar. Setjum svo, að meðalhallinn hafi verið 12—14%, en einhver hefir haldið því fram, að það muni vera sá raunverulegi halli á rekstri útgerðarinnar. En af þessu eru þó ekki meira en 4% vextir af öllu, sem útgerðin ber. Svo að þó að allir vextir væru strikaðir út eða skuldirnar hefðu staðið vaxtalausar þann tíma, sem skýrslan nær yfir, þá væri samt halli á útgerðinni, er næmi a. m. k. 8% af heildartekjum hennar. Það er ekki nóg að gera bú upp á ákveðinni stundu, ef ekki er séð fyrir því, að reksturinn geti borið sig síðar. Ég tel því ekki rétt, að ríkissjóður bindi svo getu sína með því að kaupa mönnum skuldaskil, að hann sé ófær um að tryggja rekstur inn í framtíðinni. Hinsvegar tel ég óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að létta vaxandi skuldabyrðum af nokkrum hluta útgerðarinnar, með því að hjálpa henni til að ná samningum um greiðslur. En ég held ekki, að nauðsyn beri til að gera þetta fyrir alla útgerðina, enda yrði það ríkissjóði um megn. Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessi bjargráð sjálfstæðismanna.

Þá er hitt frv. hv. þm. G.-K., frv. um fiskiráð, sem átti að leysa allan vanda útflutnings og fisksölu. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv., enda er það ekki mikið fyrirferðar, og innihaldið þó sízt meira en fyrirferðin. Aftur er grg. mikil að vöxtum, og er þar að vísu margt skynsamlega sagt. En till. frv. eru þannig, að þótt þetta ráð hefði verið sett á stofn, þá hefði það skort allt vald til að geta orðið að nokkru gagni. Það átti aðeins að veita þeim ráðleggingar, sem svo þykjast reyndir og vitrir, að þeir þurfi ekki ráðlegginga við. Og ef einhver vildi ekki þiggja þessar ráðleggingar, heldur vildi verka og selja fiskinn eftir sínum geðþótta, þá myndi ráðið ekkert vald hafa haft til að setja honum stólinn fyrir dyrnar. Gæti sá maður gert hinn versta óskunda.

Hv. sjútvn. hefir hinsvegar að tilhlutun minni flutt annað frv. um þetta efni. Að því leyti er ég ber skynbragð á þessi mál, er þar reynt að skapa ákveðinn ramma, sem skipulagningunni er ætlað að fylla út, eftir því sem bezt hentar. Þar er ætlazt til stofnunar, er hafi vald til að skipa málunum, ef það sýnir sig, að hin frjálsa samkeppni er ekki fær um það. Og hún hefir sýnt, að hún er ekki fær um þetta.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir ákveðnum stofnunum, er vinni ákveðin störf, en frv. hv. þm. G.-K. er ekkert annað en frómar hugleiðingar um það, hvað sé gott og hvað ekki.

Þá vil ég víkja að máli því, sem hér er á dagskrá, fjárlfrv. fyrir 1935. Það á að vera umr.-efnið í kvöld.

Það er nú svo, að fá frv. valda meiri átökum innan þings en fjárlagafrv. Fá frv. marka flokkalínurnar jafnskýrt við afgreiðsluna eins og fjárlfrv. og tekjuöflunarfrv. í sambandi við það. Það

er ofur-eðlilegt. Þá er um það tvennt deilt, hversu mikils fjár afla beri til opinberra þarfa, og hitt, hvernig eigi að verja því fé. Mætti segja, að um það væri deilt, hver eigi að borga brúsann og hver eigi hinsvegar að njóta þess fjár, sem aflað er. Verður því um þau mál mikill reipdráttur flokka í milli, því að flokkaskiptingin grundvallast einmitt á misjöfnu viðhorfi til hinna ýmsu stétta. Þar verður að taka fullt tillit til þess, hvort einni stétt sé íþyngt í annarar hag eða ekki. Þá er samning fjárl. mikið vandaverk og óvinsælt, og er þetta verk sérstaklega erfitt, þegar ástatt er eins og nú, þegar atvinnuleysi er mikið og vaxandi, þegar vandræði steðja að fátækum verkalýð og hungruðum embættismönnum, þegar landbúnaður og sjávarútvegur eru í hinum mestu kröggum. Þá er erfitt að semja fjárl., sem hvergi koma óþægilega við kaunin. Það liggur í augum uppi, að þegar viðskiptaveltan er svo mikil, að útflutningurinn nemur 60—70 millj. kr. og innflutningurinn svipaðri upphæð, þá er auðveldara að ná inn 14 millj. kr. en þegar útflutningurinn fer niður í 30—40 millj. og innflutningurinn er eitthvað lægri. Þessum örðugleikum varð stj. að mæta. Var þá um tvær leiðir að velja. Önnur var sú, að halda, eins og tök voru á, óbreyttum þeim tekjustofnum, sem ríkissjóður hefir nú. Það hefði þýtt, að óhjákvæmilegt hefði verið að draga úr verklegum framkvæmdum og eins tillögum til menningarmála. Hin leiðin var sú, að auka framlögin til verklegra framkvæmda, heilbrigðismála og menningarmála og lækka nokkra þá tolla, er ranglátast komu niður. En væri þessi leið valin, þá var óhjákvæmilegt, að fundnar yrðu nýjar tekjuöflunarleiðir.

Ríkisstj. kom sér niður á að hallast á þessa sveifina, einmitt vegna atvinnuleysisins og erfiðleika atvinnuveganna. Vegna atvinnuleysisins taldi stj. það skyldu sína að auka framlög til verklegra framkvæmda, í því skyni að bæta úr atvinnuleysinu. Eru því fjárl. samin með tilliti til þessa. Hinsvegar var stj. ljóst, að óhjákvæmilegt væri að fella niður nokkra tolla, t. d. kaffi- og sykurtoll, sem lagður var á í fyrra og nemur yfir 200 þús. kr. árlega. Ennfremur þótti henni rétt að lækka útflutningsgjald af síld á móts við það, sem er um aðrar sjávarafurðir, en það var svo hátt, 1 kr. á tunnuna, að engu tali tók. Síðasta sumar var verð síldartunnunnar 5 kr. Ráðningarkjör voru þannig á flestum skipum, að skipshöfnin átti ⅓ af síldarverðinu, eða 1,66 af tunnunni, og þetta átti að skiptast milli 18 manna. Á sama tíma lét ríkissjóður sér sæma að taka ⅔ af því, sem allir skipverjar fengu. Þetta var svo gegndarlaus rangsleitni, að mig undrar, ef nokkur telur vanþörf á að bæta hér úr. Auk þess að útflutningsgjaldið lækkar niður í það, sem tekið er af öðrum sjávarafurðum, hefir verið ákveðið að endurgreiða sjómönnum 12 þús. kr. Hefir það frv. þegar fengið staðfestingu konungs og er orðið að lögum. Er mér ánægja að geta þessa. Aðrar tollalækkanir eru í því fólgnar t. d. að lækka útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, og nemur sú lækkun 40 þús. kr. samkv. áætlun hæstv. fjmrh.

Ég skal svo gera grein fyrir því, hver sé svipur þess fjárlfrv., sem ríkisstj. hefir nú lagt fyrir þingið. Skal ég þá jafnframt gera grein fyrir, hverjar brtt. meiri hl. fjvn. flytur við frv. í samráði við stj. Tek ég þá fyrst 12. gr., heilbrigðismál:

Í gildandi fjárl. eru veittar til þessara mála 655 þús. kr., en í frv. er gert ráð fyrir 705 þús. Er það 50 þús. kr. hækkun.

Í 2. lagi er í frv. gert ráð fyrir 2411000 kr. til samgangna á sjó og landi, vitamála o. þ. h., í stað 2146000 kr. í gildandi fjárl. Þar er hækkunin, með 160 þús. kr. viðbótinni frá fjvn., 425 þús. kr.

Til kennslumála er veitt: 1460000 kr. Hækkun: 156 þús., með viðbótinni frá fjvn.

Þá er 16. gr., verklegar framkvæmdir. Nú er veitt til þeirra 1719000, en í frv. 2563000. Hækkunin er 844 þús. kr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er í gildandi fjárl. veitt 918 þús. kr., en í frv. er gert ráð fyrir 1057000 kr. Hækkunin er þar 139 þús. kr.

Ég skal geta þess, að þetta sýnir ekki glögga mynd af atvinnuaukningu þeirri, sem af þessu leiðir. Ég skal sundurliða það:

| | | |
|---|---|---|
| Til síma er í frv. stj. veitt .... | 350 | þús. kr. |
| Í gildandi fjárl. ..... | 305 | — — |
| Hækkun ..... | 45 | — — |

Til læknabústaða og sjúkraskýla er í frv. stj. gert ráð fyrir 10 þús. kr. styrk, en fjvn. vill hækka þetta um 13500 kr.

Til vega eru í frv. veittar 1201000 kr. Þar er hækkunin 253 þús. kr., og með 58 þús. kr. viðbót fjvn. nemur hækkunin 311 þús. kr.

Til vita og hafna er veitt í þessum fjárl.:

| | | |
|---|---|---|
| Til hafnargerða ..... | 68 | þús. kr. |
| — bryggjugerða ..... | 15 | — — |
| — öldubrjóts ..... | 50 | — — |
| Ýmislegt ..... | 40 | — — |
| Vitar ..... | 76 | — — |
| Samtals | 249 | þús. kr. |

Áður voru veittar í þessu skyni 198 þús. kr., og nemur hækkunin því 51 þús. kr., og samkv. till. meiri hl. fjvn. er þetta hækkað um 52500 kr.

Til skóla og prestssetra er veitt í þessum fjárl.:

| | | |
|---|---|---|
| Prestssetur ..... | 24 | þús. kr. |
| Barnaskólar ..... | 35 | — — |
| Eiðaskóli ..... | 50 | — — |
| Héraðsskólar ..... | 5 | — — |
| Gagnfræðaskólar ..... | 30 | — — |
| Hallormsstaðaskóli ..... | 5 | — — |
| Sundlaugar ..... | 5 | — — |
| Samtals | 154 | þús. kr. |

Áður voru veittar í þessu skyni 49 þús., og nemur hækkunin því 95 þús., og samkv. till. meiri hl. fjvn. er þetta hækkað um 36 þús. kr.

Til verklegra framkvæmda er veitt í þessum fjárl.:

| | | |
|---|---|---|
| Atvinnubætur ..... | 500 | þús. kr. |
| Sandgræðsla ..... | 30 | — — |
| Jarðræktarstyrkur ..... | 475 | — — |
| Landnámssjóður ..... | 300 | — — |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verkamannabústaðir ..... | 180 | — | — |
| Skóggræðsla ..... | 8 | — | — |

Samtals 1493 þús. kr.

Áður var veitt í þessu skyni 1 millj. og 8 þús. kr. og nemur hækkunin því 485 þús. kr.

Hækkunin til hreinna atvinnubóta verður því samkv. því, sem ég nú hefi talið, 939 þús. kr., og þar við bætist, ef till. meiri hl. fjvn. verða samþ., 160 þús. kr., og verður það samtals 1 millj. 99 þús. kr. Verður þá framlagið til verklegra framkvæmda 3 millj. 467 þús., að viðbættum 160 þús. kr., ef till. meiri hl. fjvn. verða samþ.

Nokkuð af þessu fé er lagt fram með því skilyrði, að hlutaðeigandi aðilar leggi fram á móti 1 millj. 736 þús. kr. Alls verður því varið til verklegra framkvæmda, ef fjárl. verða samþ., 5 millj. 363 þús. kr., og er það meira en nokkru sinni áður hefir verið gert ráð fyrir í fjárl. að verja til verklegra framkvæmda, enda hefir þörfin aldrei verið meiri til þess að tryggja það, að menn gangi ekki auðum höndum, heldur sé þeim gert kleift að vinna fyrir sér og sínum og skapa um leið verðmæti fyrir þjóðarheildina. Verður þetta að teljast nauðsynlegra heldur en að verja 400 þús. kr. til þess að halda atvinnulausum mönnum í skefjum. Það verður að álítast heppilegra að verja fé til þess að skapa varanleg verðmæti heldur en að borga ríkislögreglu fyrir að gera ekki neitt.

Ef athuguð eru nál. meiri og minni hl. fjvn., þá kemur glögglega í ljós stefnumunur sá, sem er á stefnu stjórnarflokkanna og andstæðinga þeirra. Minnihl.mennirnir í fjvn. segjast vera sparnaðarmenn. En hvað vilja þeir spara? Þeir vilja lækka framlagið til nýrra símalína um 35 þús. kr., fella niður styrk til sjúkrahússbyggingar á Reyðarfirði, lækka framlagið til strandferða um 80 þús. kr., fella niður allt, sem lagt er fram til skólabygginga, lækka framlag til atvinnubóta um 200 þús. kr., til Byggingar- og landnámssjóðs um 100 þús. kr. og til verkamannabústaða um 100 þús. kr. Þetta eru nú þeirra till. Þær hníga allar í þá átt að spara framlag til verklegra framkvæmda, svo að menn geti ekki notað tímann í atvinnuleysinu til þess að reisa nauðsynlegar byggingar, heldur eiga menn að sitja auðum höndum. Þeir vilja spara fé til atvinnubóta og eiga það á hættu að þurfa að stofna ríkislögreglu fyrir helmingi meira fé. Þeir hafa ekki hreyft við framlagi til vega, og er mér ekki grunlaust um, að það stafi af því, að þeir eiga kjósendur í kjördæmum, þar sem veitt er til vega, og myndi það verða illa séð, ef vegarspottar þar væru numdir í burtu. Mér er ekki grunlaust um, að þetta sé ástæðan fyrir því, að vegunum er hlíft.

Ég hefi reynt með þessu að gera hv. áheyrendum grein fyrir því, í hverju stefnubreytingin er fólgin við samningu fjárl. Þörfin er aldrei meiri fyrir hið opinbera að auka verklegar framkvæmdir en þegar atvinnuleysið er sem mest. Og svo er ástatt núna, að hið opinbera verður að skapa atvinnuaukningu, og er sýnd viðleitni í þá átt í þessum fjárl.

Á þinginu 1931 átti ég sæti í fjvn. Þá gerðu sjálfstæðismenn á þingi gys að okkur jafnaðarmönnum fyrir kreppuhjal okkar. En þá var eins og menn muna kreppan að byrja. Á því þingi klofnaði fjvn. um það atriði, sem ég nú hefi verið að drepa á. Í fjárlfrv. stjórnarinnar þá var enginn eyrir ætlaður til verklegra framkvæmda. Þá voru veittar 300 þús. kr. til viðhalds þjóðvega, þó að vegamálastjóri hefði lýst því yfir, að það væri of lítið. En þetta framlag var hækkað síðar í meðferð þingsins. Þetta varð til þess, að ég skilaði sérstöku minnihl.nál. Þar er bent á það, að undanfarin ár hafi verið veitt mikið fé til verklegra framkvæmda, og segir svo í nál: „Hin síðari ár hefir verið lagt svo ríflega fé til verklegra framkvæmda í fjárlögum, að þess eru engin dæmi fyrr. Samt hefir stjórnin tekið sér bessaleyfi og aukið stórkostlega við ýmsar fjárveitingar, í sumum tilfellum um 100% eða meira.

Nú er blaðinu snúið við. Í frv. stjórnarinnar nú er enginn eyrir ætlaður til verklegra framkvæmda, þegar frá eru teknir smávægilegir styrkir til einkasíma, sýsluvega og skólahúsa.

Þetta er megingalli frv. Og um þetta atriði reis sá ágreiningur innan nefndarinnar, er olli því, að hún klofnaði. Meiri hl. taldi ekki fært að breyta þessu og taka upp fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Ég tel ekki fært að samþykkja fjárl. án þess, að þessu atriði sé breytt og upp teknar fjárveitingar til verklegra framkvæmda svo um muni.

Ríkisstjórnin er langstærsti atvinnurekandinn á landinu, þótt ekkert tillit sé tekið til embættismanna og annara fastra starfsmanna, en aðeins litið á þann hóp daglaunamanna, sem þar hefir átt sína aðalatvinnu. Auk framlaga til viðhalds vega og annara opinberra mannvirkja hefir ríkissjóður undanfarin ár lagt fram stórfé árlega til nýbygginga vega, síma, vita, hafna, lendingarbóta og allskonar húsabygginga. Hafa upphæðir þessar hlaupið á milljónum hvert síðustu ára. Þúsundir verkamanna um land allt hafa byggt og byggja atvinnuvonir sínar á þessum framkvæmdum. Þúsundir bænda, sjómanna og útvegsmanna byggja vonir sínar um bætt skilyrði til sjálfsbjargar á því, að þessum framkvæmdum verði haldið áfram. Enn vantar vegi, síma og brýr um sveitir landsins til að bæta lífsskilyrði þeirra, sem þær byggja. Enn vantar vita, sjómerki, bryggjur, hafnir og lendingarbætur til þess að tryggja líf og starf sjómanna og fiskimanna. Enn vantar skóla fyrir börn og unglinga. Og atvinnuleysið hangir eins og svipa yfir höfði verkalýðsins, sem engin starfstæki á og vantar kaupanda að vinnu sinni.

Allar þessar vonir þúsunda verkamanna, bænda og sjómanna á nú að drepa með einu höggi. Verði frv. stjórnarinnar samþ., er úti um þær. Meiri hl. nefndarinnar er sama sinnis og stjórnin. Hún afsakar sig með því, að „eins og árferði er nú“ sé ekki fært að veita einn eyri til verklegra framkvæmda.

Ég er á gagnstæðri skoðun. Ég lít svo á, að einmitt vegna þess, að árferði og útlit er eins

og það er, sé allsendis ófært að fella niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda".

Ég vík að þessum kafla í nál. til þess að sýna, að átök hafa orðið áður um það atriði, hvort eigi að reyna að reisa rönd við kreppunni með því að draga úr framkvæmdum eða auka þær. Mér er það gleðiefni, að ríkisstj. er öll þeirrar skoðunar, að það eigi eins og gert er ráð fyrir í þessum fjárl. að mæta kreppunni með því að auka framkvæmdir.

Ég minnist þess, að fyrir skömmu sagði einn af helztu forystumönnum Sjálfstfl. í Ed., að það, sem nú þyrfti að gera í þessu landi, væri þetta: „Kaupgetuna verður að takmarka með gætilegri fjármálastjórn hins opinbera og íhaldi bankanna um fjárveitingar". Hvað þýðir nú þetta á venjulegu máli? Það þýðir það, að kaupið þarf að lækka, svo minna verði eytt, og að bankarnir þurfi að vera tregari við lánveitingar, svo að þeir, sem láta vinna með fé þeirra, hafi minna til eyðslu. Ef nokkur meining er í þessu, þá er hún það, að sjá um, að kaupgetan sé ekki of mikil, með því að lækka kaupið og með íhaldi bankanna um lánveitingar, og í samræmi við þetta er lagt til að lækka framlagið til verklegra framkvæmda. Þetta eru þær leiðir, sem Sjálfstfl. sér til þess að mæta valdi kreppunnar. Þetta eru tvö gerólík sjónarmið, og er í þessu fólginn grundvallarskoðanamunurinn, sem er milli sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna.

Það er þó eitt atriði í sambandi við þessi ummæli hv. 1. þm. Reykv., sem er þess vert, að því sé gaumur gefinn. Svo að segja samtímis við það, að hann flytur þessar skoðanir á þingi, er útbýtt erindi frá kennurum háskólans, þar sem er á sannfærandi hátt sýnt fram á, að laun þeirra séu ófullnægjandi, og veit ég ekki betur en hv. 1. þm. Reykv. hafi skrifað undir þetta skjal. Hann lítur því auðsjáanlega ekki svo á, að ástæða sé til þess að takmarka kaupgetu þessara manna. Það er því einhver viss hluti þjóðarinnar, sem á að takmarka kaupgetuna hjá. Það er alþýða manna í sveit og við sjó, sem á að lækka kaupgetuna hjá, eða sá hluti þjóðarinnar, sem á tekjur sínar undir eigin handafla. Ég hygg, að það megi fátt betra um ríkisstjórnina segja, ef fundið verður upp á því að ávíta hana fyrir það, að hún hafi orðið til þess að hækka kaupgetuna innanlands.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég held, að það sé ekki bætandi á byrði hv. 10. landsk. og mun því ekki víkja að honum. En ég vil víkja að ræðu hv. þm. G.-K., sem kom hér fram fyrir hönd síns flokks. Hann hélt því fram, að í fjárlagafrv. ríkisstj. felist hreint brjálæði, að útgjaldaliðirnir væru svo háir, að þar væri um brjálæði að ræða. Ég hefi í framsöguræðu gert grein fyrir heildarupphæðum fjárlagafrv. En í sambandi við þessar umr. vil ég bæta nokkru við það, sem hæstv. atvmrh. hefir sagt um stefnu stj., og líka við það, sem ég hefi sagt hér áður við 1. umr.

Stefna ríkisstj. er sú, að auka svo atvinnu í landinu með framlagi frá því opinbera, að reynt sé að bæta aðstöðu þeirra, sem hafa hana lakari, með því að veita styrki til verklegra fyrirtækja og til atvinnugreina þeirra, sem menn leggja stund á. Þar sem stefna stj. er þessi, þá hlýtur útgjaldaliðurinn að hækka, og verður þá að sækja jafnhliða fram til þess að afla tekna móti útgjaldaaukningunni.

Ég held því fram, að það megi greina á milli stefnu íhaldsflokka og umbótaflokka í fjármálum þannig, að umbótaflokkarnir vilja hafa skatta á háum tekjum og verja því fé, sem er þannig aflað, til að bæta kjör hinna, sem verr eru staðir, en íhaldsflokkarnir vilja hafa háa skatta á lágtekjum, og leggja ekkert fé fram til þess að bæta kjör þeirra, sem verst eru staðir. Það hefir oft lent í erjum út af þessu. Nú verð ég að halda því fram, að með till. minni hl. fjvn. sé beinlínis sannað það, sem ég hefi haldið fram um þetta efni. Þeir flytja till. um að lækka framlagið til verklegra framkvæmda. Þið haldið kannske, að þeir flytji till. um að spara þein útgjöld? Nei, það gera þeir ekki. Allar till. þeirra fara í þá átt, að sýnilegt er, að Sjálfstfl. er í innsta eðli sínu hreinn íhaldsflokkur og ætti að heita því nafni.

Með þessum till. minni hl. fjvn. er skorið úr langri deilu um þetta efni, og er nú komin fram yfirlýsing um stefnu flokksins, og í sambandi við þá yfirlýsingu og ræðu hv. þm. G.-K. vil ég fara örfáum orðum um þetta efni. En ég get ekki farið eins rækilega út í þetta atriði eins og ég vildi, þar sem ég hefi ekki nema hálfa klukkustund til umráða. En ég vil þó reyna að segja álit mitt á þessu máli, því að ég álít, að það verði að koma fram.

Um þetta frv. ríkisstj. má það segja, að heildarstefnan er sú, að afla tekna með því að leggja á beina skatta, taka tolla af óþörfum vörum og að ná tekjum með einkasölum, þar sem hægt er að koma því við. Ég get vel skilið það, að það hafi verið freistandi fyrir hv. þm. G.-K. að tala um tekju- og eignarskattsfrv. og hafa frammi blekkingar í sambandi við það, þó að ég viti, að hver einasti af hans kjósendum er með því máli, ef það er réttilega útskýrt fyrir þeim. Ég get vel skilið, að hann vilji hafa blekkingar í frammi, einkanlega viðvíkjandi þessu frv. Ég vil segja það, sem oft hefir verið tekið fram áður, að tekjuskatturinn hefir verið hækkaður á háum tekjum. Til dæmis ef maður hefir 5000 kr. tekjur, þá er hækkað á honum, og mér þætti gaman að sjá framan í þann mann, sem heldur því fram, að það séu lágar tekjur, og í sveit eru það engir, sem hafa slíkar tekjur, nema ef til vill embættismenn, og ég býst jafnvel við, að það megi finna heilar sýslur, þar sem enginn hefir svo háar tekjur. Og svo koma menn og halda því fram, að verið sé að niðast á lágtekjumönnum. Hv. þm. G.-K. var að tala um, að stj. ætlaði að fella niður toll á kaffi, en halda tolli á kaffibæti. Þetta getur nú litið nógu vel út, en hv. þm. sagði bara ekki satt, eða sagði a. m. k. ekki allan sannleikann. Hann átti að segja, að stj. legði til, að felldur væri niður gengisviðauki á kaffi og sykri. Ég játa, að í frv. stj. var fólgin nokkur hækkun á tolli á kaffibæti, en því hefir nú verið breytt svo með minu samþykki, að sá

tollur færist yfir á brjóstsykur og sódavatn. En hvernig hafa svo þessir menn, sem þykjast svo mjög bera hagsmuni lágtekjumanna fyrir brjósti, tekið á tollalækkunarfrv. ríkisstj.? Þeir hafa snúizt þannig gegn þeim, að það er augljóst, að þetta hjal þeirra er eintóm hræsni.

Til viðbótar því, sem sagt hefir verið um áætlanir stj. í fjármálum, vil ég segja þetta: Stj. vill keppa að því að auka kaupgetuna og dreifa henni til sem flestra, svo að þeir geti keypt nauðsynjar sínar. Hún vill m. a. gera þetta með því að leggja á tekjuskatt og verja því fé, sem þannig aflast, til þess að auka verklegar framkvæmdir í landinu. Ég vil taka dæmi til þess að sýna, hvernig þetta verkar. Eftir till. stj. verður tekjuskattur á 10 þús. kr. meðaltekjum hækkaður um 150 kr. Þessar 150 kr. og margar samskonar upphæðir verða til þess að auka verklegar framkvæmdir, og verða þessar upphæðir m. a. til þess að margir fá atvinnu og auknar tekjur, sem áður höfðu litlar, og geta því keypt sér ýmsar nauðsynjar. En maðurinn, sem hefir 10 þús. kr. tekjur, getur eftir sem áður keypt sér kjöt og allar lífsnauðsynjar. Ríkisstj. vill flytja peningana frá þeim, sem hafa þá of mikla, og yfir til hinna, sem hafa þá of litla. Með þessu er tvennt unnið, að bæta hag þeirra, sem atvinnuna fá, og einnig þeirra, sem selja vörur á innlendum markaði. Þetta er grundvöllurinn fyrir öllum gerðum núv. stj., vegna þess að það er aukin og dreifð kaupgeta innanlands. Það eru hagsmunir verkamanna og smáframleiðendanna, allra bænda og iðnrekenda, að innlenda framleiðslan seljist sem bezt.

Stj. er það ljóst, að það er ekki nóg að útsjá eða gera till. um framkvæmdir. Það verður jafnframt að gæta þess, um leið og kaupgetan er aukin með auknum framkvæmdum, að hún beinist ekki of mikið í eftirspurn um erlenda vöru, eða m. ö. o. að loka kaupgetuna inni í landinu. Það er fastur nauðsynlegur liður í fjármálatillögum stj. að herða á gjaldeyrisráðstöfunum og taka innflutninginn fastari tökum en áður, að gæta þess að aðeins hæfilegur hluti kaupgetunnar beinist að kaupum á erlendri vöru og þannig séu auknir sölumöguleikar innanlands, til framdráttar innlendri framleiðslu. En *hvernig haldið þið, að þessum till. og áætlunum* hafi verið tekið af stjórnarandstæðingum? Það er svo merkilegt, að það er óhætt að minnast á það. Þeir hafa beitt sér gegn till. stj. Því hefir verið haldið fram, og þó mest af hv. 1. þm. Reykv., og það er óhætt að fullyrða, að allur Sjálfstfl. stendur bak við þá kenningu, að þessi braut sé hættuleg og skaðleg, það þurfi að slá niður kaupgetuna í landinu, svo ekki skapist of mikil eftirspurn, eða svo held ég að hv. 1. þm. Reykv. hafi komizt að orði.

Svo aumir og úrræðalausir eru þessir menn, að þeir sjá enga leið aðra, enga leið til að bæta úr vandræðunum aðra en niðurskurð á verklegum framkvæmdum.

Hvað segja menn nú um þetta, og hvernig finnst mönnum þetta koma heim? Jafnhliða og þessu er haldið fram af flokknum, þá kemur form. hans hér fram og segir, að landbúnaðurinn eigi afkomu sína undir kaupgetunni innanlands. Þetta segir form. þess flokks, sem heldur því fram, að eigi að slá kaupgetuna niður. Þetta er hræsni, og það ósvinn hræsni fyrir kjósendum. Hv. þm. G.-K. talaði mikið um, að menn skyldu gefa góðan gaum að till. Sjálfstfl. í fjármálum, því það mætti vænta þess, að þær hefðu mikil áhrif á afgreiðslu fjárl. hér á þingi, og það er sjálfsagt að eyða tíma í að gefa till. gaum. Ég ætla því að bæta úr því, sem hv. þm. G.-K. átti vangert. Hann gerði nefnil. engar tilraunir til að sýna, í hverju tillögurnar væru fólgnar. Ég skal því taka af honum ómakið og gera það. Ég skal benda á, á hvaða leið Sjálfstfl. er. Þó till. séu blekkingartill., er ekki einskis virði að gera sér grein fyrir, af hverju þær eru settar fram. Þær eru settar fram með það fyrir augum, að kjósendur trúi því, að þetta hefði flokkurinn gert, ef hann hefði farið með völdin, en nú nái þessar tillögur ekki fram að ganga. Þá eiga kjósendur að hugsa sem svo, að það sé af illvilja stjórnarflokkanna. Við skulum því gera okkur grein fyrir, hvort heil brú er í þessum till. Sjálfstfl. og hvort óhætt sé að trúa því, að þær hefðu verið framkvæmdar, ef Sjálfstfl. og Bændafl. hefðu fengið meiri hl. og myndað stjórnina. Ef niðurstaða rannsókna okkar verður sú, að þessir flokkar hefðu framkvæmt það, sem till. gera ráð fyrir, þá er eðlilegt, að þeim vaxi fylgi, en ef niðurstaðan verður hinsvegar sú, að þær séu settar fram til að sýnast, séu eingöngu blekking, þá mun þetta ekki verða til að auka fylgi þessara flokka.

Nú vita menn, að ekki var nema um tvennt að velja eftir síðustu kosningar, annaðhvort að Sjálfstfl. og Bændafl. mynduðu stjórn saman, eða þá hitt, að Alþýðufl. og Framsfl. mynduðu stjórn saman og yrðu að jafna saman sínum till. eins og nú liggur fyrir í þessu fjárlfrv. Þess vegna verðum við að gera okkur grein fyrir, hvernig tillögur Sjálfstfl. og Bændafl. verkuðu samanlagt, ef þær væru samþ., því vitaskuld meinar Bændafl., að hann hefði komið sínum till. fram með stuðningi Sjálfstfl., og Sjálfstfl. meinar það sama, ef meiningin er annars nokkur. Á. m. k. er til þess ætlazt, að kjósendur líti svo á.

Útgjöldin í þessu fjárlfrv. eru áætluð 13,7 millj. króna. Sjálfstfl. hefir lagt til, að framlag til verklegra framkvæmda yrði lækkað um 620 þús. kr. En sami flokkur hefir lagt til, að Fiskveiðasjóði yrðu veittar 160 þús. kr., og mér heyrðist hv. þm. G.-K. lýsa þeirri nauðsyn með miklum fjálgleik. M. ö. o., ef aðeins eru teknar till. flokksins sjálfs, og það hefi ég gert, en ekki reiknaðar till. einstakra flokksmanna, sem þeir munu bera fram fyrir sín kjördæmi, til að geta talað um þær og sagt, að hefðu verið framkvæmdar, ef „ekki sens" Framsóknar- og Alþýðufl. hefðu ekki ráðið, ef þeim kröfum öllum er kastað í pappírskörfuna, þá eru þó gjöldin eftir till. sjálfstæðismanna 13,3 millj. kr. Nú eru tekjurnar áætlaðar tæpar 12 millj. kr. Sjálfstfl. gerir till. um, að útflutningsgjald af sjávarafurðum renni í skuldaskilasjóð, og nemur það um 800 þús. kr. Þá flytja þeir till. um, að helmingur tekju- og eignarskatts renni til bæjar- og sveitarsjóða, eða 125 þús. kr. Þessar lækkunar-

tillögur nema frá frv. stj. 925 þús. kr. Hinsvegar hafa þeir beitt sér á móti lækkun á kaffi- og sykurtolli, er nemur um 225 þús. kr. Útkoman verður því eftir till. Sjálfstfl. tekjulækkun, er nemur 700 þús. kr. Tekjurnar mundu þá verða eftir till. Sjálfstfl. 11250 þús. kr. Sjá menn þá, að á fjárl. yrði um 2 millj. kr. greiðsluhalli, ef fylgt væri till. Sjálfstfl.

Þetta þýðir því ekki annað en það, að annaðhvort meina þeir ekkert með skrafi sínu um tekjuhallalaus fjárlög, eða þá hitt, ef þeir kjósa þann kostinn heldur, að þeir meina ekkert með tillögunum, sem þeir flytja, og geta þeir að sjálfsögðu valið um, hvort þeir vilja láta álíta. En sagan er ekki öll sögð enn, því hér við bætist, að ef þeir ætluðu að standa við sín stefnumál, að leggja niður ríkisstofnanir, þá myndu skerðast tekjur ríkissjóðs um 740 þús. kr. Ef flokkurinn hefði staðið við þetta stefnumál, sem hann hélt mjög fast fram í kosningunum í vor, og ég vil ekki ætla, að hann hefði svikið eða þorað að renna frá, þá hefði tekjuhalli á fjárl. eftir till. flokksins, sem hann hefir fram haldið á þessu þingi og í kosningunum, numið 2800 þús. krónum.

Ég þarf ekki að taka það fram, sem allir vita, að þrátt fyrir það, að allar þessar till. eru blekkingar, og ekkert annað, þá hafa þeir verið á móti hverri einustu till., sem fram hefir komið og miðar að tekjuauka fyrir ríkissjóð. Þeir hafa verið að skrafa um, að þeir væru fúsir til samvinnu um tillögur í því að auka tekjurnar, en þeir hafa ekki komið fram með neitt ákveðið. Ef hækka á hlutfallslega skatta og tolla miðað við 2,8 millj. kr. greiðsluhalla, hvað er þá orðið um „hina sliguðu ríkissjóðsbykkju", sem þeir hafa kallað svo. En nú er eftir einn þátturinn enn, og það er Bændafl. og allar hans miklu kröfur, sem hann vill láta líta svo á, að hann hefði gert og komið fram fyrir að ljá Sjálfstfl. fylgi. Hvernig hefði útkoman þá orðið, ef hans kröfum væri líka sinnt ofan á 2,8 millj. króna greiðsluhalla Sjálfstfl. Bændafl. flytur till. um ½ millj. kr. framlag úr ríkissjóði til bændanna, og ennfremur till. um, að fasteignaskatturinn úr sveitarfélögunum renni til þeirra, og skerða þannig tekjur ríkissjóðs um 150 þús. kr. Þeir vilja sýna, að þeirra krafa f. h. bændanna sé líka stór, eða um 700 þús. kr. Ef þeir hefðu ráðið, auðvitað með Sjálfstfl., og komið sínum kröfum fram, hefði greiðsluhalli fjárl. komizt upp í 3,5 millj. kr. Og öllum þessum till., segja þeir svo í þessum umr., er Framsókn og Alþfl. á móti! En er það til svívirðingar fyrir stj., þó hún vilji ekki afgreiða fjárl. með 3,5 millj. kr. greiðsluhalla? Þó á ég ótaldar allar till. einstakra þm. úr þessum flokkum, sem þeir eiga eftir að tönnlast á heima í héraði, að þeir hefðu komið fram, ef stjórnarflokkarnir hefðu ekki staðið í vegi. En af hverju eru till. þeirra eintóm endileysa? Hvernig stendur á því, að þessir flokkar bera fram kröfur og aftur kröfur? Af því það er ætlazt til þess, að það slái ryki í augu þeirra manna, sem ekki vilja eða geta gert sér grein fyrir málunum í heild.

Nú farið þið e. t. v. að skilja, hvers vegna form. Sjálfstfl., hv. þm. G.-K., vanrækti að gera grein fyrir stefnu Sjálfstfl. í fjármálum, sem hann vænti, að til hliðsjónar yrði höfð um alla afgreiðslu fjárl. á þessu þingi.

Að lokum vil ég svo aðeins taka það fram, og get áreiðanlega mælt það fyrir hönd allrar stj., að hún treystir svo á dómgreind alls almennings, að hún er óhrædd við þennan loddaraleik, sem hér er leikinn af hálfu stjórnarandstæðinga. Allir, sem hugsa um þessi mál og hafa vit á að gera sér grein fyrir því, um hvað er að ræða, munu sjá muninn á till. núv. stj. og þeim till., sem hefðu orðið framkvæmdar í fjármálum, ef Bændafl. og Sjálfstfl. hefðu ráðið, og kunna að gera mun á þeim tekjuöflunaraðferðum, sem nú er beitt.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 26. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Magnús Guðmundsson:** Jafnvel þótt það sé réttur stjórnarandstæðinga við framhald 1. umr. fjárlfrv. að ræða um allt, sem þeim þykir miður vera í fari ríkisstj., þá mun ég lítið eða ekki nota þann rétt, heldur aðallega ræða um það frv., sem hér er til meðferðar, það er að segja fjárlagafrv. fyrir árið 1935, með hliðsjón af þeim umr., sem þegar hafa farið fram.

Það hefir verið bent á, að fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, geri ráð fyrir meiri gjöldum en nokkurt annað slíkt frv., sem nokkru sinni hefir verið lagt fyrir Alþingi. Gjöldin samkv. því nema undir 14 millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að frumvarpið, sem var lagt fyrir þingið í fyrra, gerði ráð fyrir 11,5 millj. kr. Það hefir líka verið bent á, að vegna þessarar hækkunar gjaldanna er meiri tekjuhalli á fjárlagafrv. en nokkru sinni fyrr og að stjórnin fer þar af leiðandi fram á meiri skattahækkun en nokkru sinni fyrr.

Það hefir einnig verið bent á það, og það er viðurkennt af öllum, jafnvel hæstv. stj., að ástand aðalatvinnuvega landsins, landbúnaðar og sjávarútvegs, sé alveg óvenjulega örðugt. Því má bæta við um hina atvinnuvegi vora, að verzlunin er lömuð af höftum, innlendum og erlendum, iðnaðurinn er ekki nema lítill veikur vísir og siglingar innanlands og til og frá útlöndum verður að styrkja með framlagi úr ríkissjóði.

Einmitt þegar svona stendur á kemur hæstv. stj. með mjög svo auknar kröfur um framlög til ríkissjóðs, þegar við sjálfstæðismenn flytjum mjög hóflegar lækkunartillögur og röksýnum fjármálastefnu stjórnarinnar, ætlar hæstv. fjmrh. að ærast og leyfir sér hvað eftir annað að tala um hræsni, loddaraleik og skrípaleik af hálfu okkar sjálfstæðismanna. Ég mun nú reyna að ræða þetta mál öfga- og stóryrðalaust, enda lít ég svo á, að sá tónn og sá æsingur, sem hæstv. fjmrh. viðhafði, eigi alls ekki við í opinberum umr. um hin alvarlegustu vandamál.

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni síðastl. föstudag, að fjármála- eða skattastefna stj. væri sú, að auka kaupgetuna sem mest, með því að taka af þeim, sem mikið hafa, og láta það í hendur þeirra, sem lítið hafa, þó þannig, að kaupgetan

beinist ekki að erlendum kaupum. En hverjir eru það hér á landi nú, sem hafa miklar tekjur? Ekki eru það bændurnir. Það er viðurkennt í þessum umr. Ekki eru það þeir, sem við sjávarútveg fást. Það er líka viðurkennt í þessum umr. Ætli það séu kaupmennirnir eða kaupfélögin, sem ekki mega flytja inn eða út nema hluta af því, sem landsmenn telja sig þarfnast. Ég held ekki. Vaða iðnaðarmenn í peningum? Ég hygg, að þeir líti ekki svo á. Hvaðan ætlar þá hæstv. ráðh. að taka þetta fé? Heldur hann, að hann geti fengið það allt hjá þeim mönnum, sem taka laun hjá því opinbera, eða einstökum mönnum?

Þá tók ekki betra við þegar hæstv. fjmrh. fór að lýsa fjármálastefnu Sjálfstfl. Hann sagði, að sá flokkur vildi draga sem mest úr atvinnu í landinu, eða „slá niður kaupgetuna", eins og hann orðaði það. Annað veifið sagði hann, að sjálfstæðismenn tímdu ekki að borga skatta, hitt veifið sagði hann, að þeir vildu fá fram stórkostlegar gjaldaaukningar og láta svo allt koma fram sem halla á þjóðarbúskapnum. Mig minnir, að hann segði, að hallinn ætti að verða eftir till. okkar sjálfstæðismanna 3½ millj. kr. 1935.

Ég er þess fullviss, að þó að hæstv. ráðh. reyni að klína því á Sjálfstfl., að hann séu hirðulaus um afkomu ríkissjóðs, þá vinnur hann ekkert á með því. Sá flokkur er búinn að sýna það þá tíma, sem hann hefir haft stjórn landsins á höndum. Sá flokkur, sem á 3 stjórnarárum hefir lækkað skuldir ríkissjóðs úr 18 millj. kr. niður í 11 millj. kr. og þó haldið uppi verklegum framkvæmdum í allverulegum stíl, en haft til þess minni tekjur í ríkissjóð en oft síðan, hann þarf ekki að hræðast sleggjudóm hæstv. fjmrh., sem ennþá er nýgræðingur í þessum málum og hingað til hefir ekki verið talinn annað en vikapiltur þess manns, sem af minnstu viti hefir stjórnað málefnum þessa lands.

Þá er það hlægileg fjarstæða, að Sjálfstfl. vilji „slá niður kaupgetuna", eða m. ö. o. hafa atvinnu á landinu sem minnsta. Þetta er hlægilegt af því, að meðal þess tæps helmings kjósenda landsins, sem fylla þennan flokk, eru einmitt þeir athafnamennirnir, sem mesta atvinnu hafa veitt, þeir mennirnir, sem mest hafa framkvæmt.

En úr því að hæstv. ráðh. minntist á stefnu Sjáfstfl. í fjármálum ríkissjóðs, þá er rétt, að ég skýri hana í stórum dráttum.

Sjálfstfl. hefir jafnan lagt mikla áherzlu á það, að ríkisbúskapurinn væri hallalaus, og að forðazt væri að safna skuldum, sem ríkissjóður á að standa straum af, nema til fyrirtækja, sem ætla má, að beri sig sjálf. Skattana vill hann ekki hafa hærri en svo, að framtak einstaklingsins njóti sín, en það gerir það ekki, ef skattar eru svo háir, að til lítils er að vinna, þó eitthvað græðist. Sjálfstæðismenn eru með öllu ótrauðir að taka á sig þunga skatta, ef þeim er réttlátlega skipt og fénu varið hyggilega. En það verður á hverjum tíma að taka tillit til, hvernig er ástatt um atvinnuvegina. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að tekjuskattur hér á landi er nú orðinn miklu hærri en í nokkru öðru landi, sem ég þekki til, jafnvel þar, sem sósialistar eru við stjórn.

Hér á landi ganga framsóknarmenn miklu lengra í þessum efnum en erlendir sósialistar. Svipað má segja um einkasölurnar. Í Danmörku hefir t. d. lengi verið sósialistastjórn, en ég þekki ekki þar eina einustu vörutegund, sem ríkið hefir tekið einkasölu á. Það er því ekki að undra, þótt við sjálfstæðismenn stingum við fótum, þegar framsóknarmennirnir hér taka einkasölu á hverri vörutegundinni eftir aðra og stefna þannig hröðum skrefum í þjóðnýtingaráttina. Og meira að segja lýsa því yfir, að ríkið eigi að verzla með það, sem eitthvað er upp úr að hafa, þ. e. a. s. þjóðnýta alla verzlunina.

Í sambandi við þetta vil ég einnig benda á og leiða athygli að því, að öll gjöld ríkissjóðs verða að greiðast annaðhvort af afrakstri atvinnuvega landsmanna eða af eign, sem þeir hafa sparað saman áður, eða með lántöku. Fleiri leiðir til skattgreiðslu eru ekki til. Lánaleiðina er ekki tilætlunin að fara, enda hefir verið gengið lengra á þeirri óhappabraut en hæfilegt er. Að leggja á landsmenn svo háa skatta eða heimta af þeim svo há gjöld í ríkissjóðinn, að taka verði af samanspöruðum eignum landsmanna, leiðir að síðustu til nákvæmlega sömu niðurstöðu og lánaleiðin, þ. e. til algerðs hruns, því að jafnvel þótt það megi hugsa sér að láta skattana bitna aðallega á þeim, sem standa upp úr fjárhagslega, þá kemur fyrr eða síðar að því, að þar er enginn öðrum hærri. Þá leggjast skattarnir á lítilmagnana með öllum sínum þunga, því að þá eru allir orðnir lítilmagnar. — Þarf þá ekki að rekja þá sögu lengur, enda hygg ég, að það sé almennt viðurkennt, að skattastefna, sem beinist að því að gera alla að öreigum, sé hámark heimskunnar. Geri ríkið þetta, tekur það að sér hlutverk svallarans eða eyðsluseggsins.

Ég geng þess vegna út frá því, að sú skattastefna ein sé heilbrigð, sem byggist á því, að ekki sé heimtað meira framlag af þegnunum til opinberra þarfa en sem nemur afrakstri atvinnuvega landsmanna og ef til vill vöxtum af samanspöruðu fé. En með því að nær allt eða a. m. k. mjög mikill hluti hins samansparaða fjár landsmanna er fast í atvinnutækjum, sem ekki bera sig, kemur það tiltölulega lítið til greina í þessu sambandi. Atvinnuvegir landsmanna verða því að bera uppi skattana, ef á viti á að byggja, og þá vaknar sú spurning, hvort atvinnuvegir vorir séu nú svo á vegi staddir, að þeir þoli þá gífurlegu skattahækkun, sem ríkisstj. krefst nú.

Ég hygg, að engum blandist hugur um, að ástand atvinnuveganna er nú þannig, að þeir þola ekki mikla skattaauka. — Vísa ég um það til þess, sem þegar er komið fram í þessum umr. og þykist ekki þurfa að færa að því frekari rök. — Þetta ástand virðist mér hrópa til okkar, sem nú sitjum á þingi, hárri röddu um það, að stilla kröfum í hóf, og þó einkum um það, sem leiðir af sér kaup á erlendum vörum. En stillir þá ríkisstj. kröfum sínum í hóf nú? Það gerir hún alls ekki. Það er eins og hún sé blind fyrir því ástandi, sem nú er. Hvað ætlar hún að gera, ef atvinnuvegirnir hrynja í rústir? Hvaðan ætlar hún þá að fá fé? Sennilega svarar hún því, að þá

taki við þjóðnýtingin, enda sýnist nú kappsamlega að henni unnið, en þeir munu verða óþægilega margir, sem telja, að hún sé ekki bjargráð.

Það mun hæstv. stjórn áreiðanlega reka sig á. Ég benti á, að aðalatvinnuvegir landsins þurfa á beinum fjárstuðningi að halda af hálfu ríkissjóðs. Nú er ríkissjóðurinn ekkert annað en framlag atvinnuveganna og annara landsmanna, sem beint eða óbeint verða að lifa á atvinnuvegunum. Atvinnuvegirnir eru beint og óbeint aðalmjólkurkýr ríkissjóðsins. Þessi mjólkurkýr er sem stendur horuð og nytlág, og eigi hún að geta fullnægt sínu verkefni, því, að mjólka ríkissjóðnum, má ekki gera of háar kröfur til hennar í bili, meðan ástandið batnar ekki. Að ætla sér að láta ríkissjóðinn fleytifyllast meira en nokkru sinni fyrr fyrir beinan og óbeinan atbeina atvinnuveganna, samtímis og atvinnuvegirnir þarfnast stuðnings úr ríkissjóði, er og verður svikamylla, sem ekki getur gengið til lengdar.

Ég tók eftir því í ræðu þeirri, sem hæstv. fjmrh. flutti hér um fjárlagafrv. við fyrri hluta þessarar umr., að honum óx alls ekki í augum gjaldaupphæð frumvarpsins. Hann lét skína í gegn, að það væri ekki ógurlegt, þó að hann vildi fá um 14 millj. kr., því að árið 1932 hefðu gjöld ríkissjóðs verið 13,9 millj. kr. og 1933 um 14,7 millj. kr. En það skjátlast honum. Fyrst og fremst er nú það að athuga, að reynslan hefir jafnan sýnt, að gjaldahlið fjárl. hefir hækkað í meðferð þingsins, enda er það ekki nema eðlilegt, því að þingið vill hafa ofurlítið hönd í bagga með fjárveitingum úr ríkissjóði. Þannig má benda á, að þetta fjárlagafrv. hækkar gjaldamegin um 200 þús. kr. hér um bil, ef till. meiri hl. fjvn. verða samþ. Og hver veit, hvað gjöldin eiga eftir að hækka þess utan vegna till. einstakra þm. við 2. umr. og 3. umr.

Í öðru lagi fer ástandið stöðugt versnandi, og í þriðja lagi má hæstv. fjmrh. ekki vera svo mikið barn að halda, að á heilu ári komi ekki fram miklar óvæntar greiðslur. Svo hefir þetta jafnan verið, og svo verður það enn. Ég vil benda á, að slíkar greiðslur hafa oft numið milljónum og sjaldan eða aldrei undir 1 millj. kr. Þessar greiðslur koma jafnvel þótt reynt sé að áætla rétt, þær koma fyrir rás nýrra viðburða, sem enginn getur séð fyrir. Það hefir oft verið reynt fyrr að búa til réttar áætlanir, en rás viðburðanna hefir jafnan truflað þær að meira eða minna leyti. Ég sé t. d. ekki, að í fjárlagafrv. nú sé tekið neitt til greiðslu á þeirri milljón, sem síldareinkasalan sáluga væntanlega eftirlætur ríkissjóði til greiðslu, og eitthvað þarf þó væntanlega að greiða af þessu á næsta ári. — Svona getur verið og áreiðanlega er ýmislegt fleira. Það er því áreiðanlegt, að þegar landsreikn. 1935 kemur, þá verður gjaldaupphæð hans miklu hærri en gjaldaupphæð þess frv., sem hæstv. stj. hefir lagt fyrir þingið.

Fjvn. þingsins hefir nú nýlega lokið störfum í bili, og nú hefir það komið fyrir, sem sjaldgæft er, að nefndin hefir klofnað. Í meiri hl. eru framsóknarmennirnir 3 og Alþfl.mennirnir 2, en í minni hlutanum eru 4 sjálfstæðismenn. Flokksmenn stj. hafa yfirleitt algerlega fallizt á stefnu stj., og enda gengið feti framar, þar sem þeir leggja til, að gjaldabálkur fjárl. hækki um 200 þús. kr. Við sjálfstæðismennirnir í n. höfum aftur á móti komið með lækkunartill., sem samtals nema milli 6 og 7 hundr. þús. kr. Þessar till. hafa verið teknar til umr. hér af hæstv. atvmrh. og ekki verið tekið blíðlega. Er það óvenjuleg aðferð, að gera slíkt áður en flm. hafa haft nokkurt tækifæri til þess að mæla fyrir sínum till. og rökstyðja þær.

Það kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. við fyrri hluta þessarar umr. og í ræðu hæstv. atvmrh. á föstudaginn var, að stj. hefði talið mikla þörf á að auka framlög til verklegra framkvæmda vegna væntanlegs atvinnuleysis á næsta ári. Nú er það fjarri mér að neita því, að atvinnuleysi hljóti að vaxa, ef lítið er um verklegar framkvæmdir. Og ég viðurkenni það vitaskuld, að verkamenn eiga nákvæmlega sömu kröfu gagnvart ríkisvaldinu og aðrir landsmenn, um að gætt sé hagsmuna þeirra. En mér virðist hæstv. stj. alveg hafa gleymt því, þegar hún var að meta atvinnuhorfurnar næsta ár, að það er talið fullvíst, að á því ári verði hafið langstærsta framkvæmdafyrirtæki, sem nokkru sinni hefir verið af hendi leyst á landi hér, og á ég þar við Sogsvirkjunina. Borgarstjórinn hér í bænum er nú erlendis til þess að taka lán til þessarar virkjunar, og er nú allur undirbúningur undir byrjun verksins á enda, að því er ég bezt veit, og lán fáanleg með viðunandi kjörum á fleiri en einum stað.

Þetta mannvirki, Sogsvirkjunin, mun kosta um 6 millj. kr., og eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið, munu verkalaun við þessa framkvæmd nema allt að 2 millj. kr. Verkið á að vinna á þrem árum, 1935, 1936 og 1937. Þetta þýðir, að verkalaun, sem fyrirtæki þetta greiðir til jafnaðar árlega, verða varla undir 600 þús. kr. Hér er því um stórfellda atvinnuaukningu að ræða, svo stórkostlega, að hún nemur meiru en ætlað er til viðhalds þjóðvega á öllu landinu og nær tvöfalt meiru en ætlað er til nýrra vega, en vegirnir eru einmitt þær framkvæmdir hins opinbera, sem ég hygg gefa mesta vinnu. Ég fæ því ekki séð, að útlitið með atvinnu verkamanna á næsta ári sé slæmt. Þvert á móti sýnist mér vera von meiri vinnu en venja er til, jafnvel þótt atvinnuvegirnir dragi eitthvað saman seglin, sem við má búast. Undir þessum kringumstæðum fæ ég ekki betur séð en að Reykjavík og nærsveitir hennar verði vel settar um atvinnu, en einmitt í Reykjavík hefir bróðurhlutinn af atvinnubótafénu farið.

En svo er annað í þessu sambandi, sem verður að minna á, og það er landbúnaðurinn. Ríkisvaldinu ber vissulega skylda til þess að gera ekki ráðstafanir, sem miða til þess að draga frá honum vinnukraftinn svo að til vandræða horfi. En á því er einmitt mjög mikil hætta, ef saman fara stórmiklar framkvæmdir bæði hjá ríkissjóði og öðrum. Ég lít svo á, að þegar miklar framkvæmdir eru hjá bæjar- eða sveitarfélögum eða einstökum mönnum, þá eigi ríkissjóður að draga inn seglin. Ríkissjóðurinn á að vera sá, sem skapar jafnvægið í framboði og eftirspurn vinnu frá ári til árs, því að ella koma sveiflur, sem bæði atvinnuvegum og

verkamönnum eru til bölvunar. Sé þetta ekki gert, skiptast á atvinnuleysisár og atvinnunægtaár. Landbúnaðurinn þarf á aðkeyptum vinnukrafti að halda á sumrin, en hvar á hann að fá hann, ef ríki, bæjar- og sveitarfélög og aðrir atvinnuvegir hlaupa með miklum krafti í kapp við hann, bjóðandi kaup, sem landbúnaðarframleiðslan getur ekki keppt við vegna afurðaverðsins.

Þessi atriði, sem ég nú hefi bent á, virðast mér meginatriði, þungamiðja alls þessa máls. En þessu sýnist mér hæstv. stj. hafa skellt skollaeyrum við. Þær skoðanir, sem ég hér hefi haldið fram, er mér óhætt að segja, að eru skoðanir Sjálfstfl. í þessum málum. Stjórnmálaflokkarnir virðast vera á þveröfugri skoðun, en ég er sannfærður um, að þeir eru á villigötum, og ég er reiðubúinn að taka upp frekari umr. um þetta hvenær sem er og hvar sem er. Í þeim tíma, sem mér er ætlaður nú, get ég ekki rökstutt þetta frekar, en vera má, að ég gangi nokkru nánar inn á þetta við 2. umr.

Að athuguðu öllu því, sem ég hefi sagt, vænti ég, að minir háttv. tilheyrendur nær og fjær sjái nauðsynina á lækkun gjaldanna og telji, að till. okkar minnihlutamanna séu á rökum reistar. En ég gæti ímyndað mér, að einhverjir, sem fjærri búa Reykjavík, mundu segja sem svo: Það er gott og blessað, að Reykjavík og nágrenni nýtur góðs af hinum miklu framkvæmdum við Sogið, en ekki nýtur allt landið góðs af því, og hvernig er þá séð fyrir aukinni atvinnu hjá okkur? Við þessu er því að svara, að eftir till. okkar minnihlutamanna á atvinnubótafé að vera jafnhátt og það er nú áætlað í fjárl. yfirstandandi árs, eða 300 þús. kr. Reykjavík hefir hingað til fengið helming eða meira af þessu fé, en vegna Sogsvirkjunarinnar hlýtur framlagið til hennar að geta minnkað mikið, og þá verður líka miklu meira til útbýtingar í öðrum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Þá skal ég og nefna það, að gert er ráð fyrir miklum auknum vegagerðum, einmitt af því að þær skapa mikla atvinnu, en tiltölulega lítið þarf til þeirra að kaupa frá útlöndum. — Í sambandi við vegina minnist ég þess, að í ræðu hæstv. atvmrh. var hann með slettur til okkar minnihlutamanna fjvn. um það, að okkur mundi hafa langað til að skera niður vegaféð, en ekki þorað það vegna kjósendanna. Þetta eru ósæmilegar getsakir, og skora ég á þennan ráðh. að rökstyðja þessi ummæli sín eða taka þau aftur, sem sæmst væri. Hæstv. stj. ætti annars að tala sem minnst um vegaféð, eða a. m. k. skiptingu þess milli kjördæmanna, því að það mun verða sýnt fram á í umr. þessa máls, hve geysileg hlutdrægni kemur fram í þeirri skiptingu.

Ég tók svo eftir, að hæstv. atvmrh. segði í ræðu sinni um þetta mál um daginn, að eftir till. stj. hefðu framlögin til verklegra framkvæmda verið hækkuð um rúmlega 1 millj. kr. frá því, sem er í fjárl. yfirstandandi árs, og mátti jafnvel skilja á orðum hans, að sú upphæð færi öll til verkamanna í landinu. En það er nú eitthvað annað. Ég geri ráð fyrir, að það muni ekki vera mjög fjarri sanni, að helmingur þessa fjár fari til útlanda fyrir efni, því að mikið af þessu eru framkvæmdir, sem mikið útlent efni þarf til, svo sem húsbyggingar, símalagningar o. fl. Fer það alveg í bága við þá stefnu, sem stj. annars þykist fylgja, er hún með þessu vill auka kaupin frá útlöndum, og þetta er þveröfugt við það, sem fjmrh. sagði í ræðu sinni um aukning kaupgetunnar án þess að hún beindist að erlendum kaupum. En till. okkar sjálfstæðismanna eru einmitt miðaðar við það, að fella niður nú um sinn þær framkvæmdir, sem kosta mikinn aukinn innflutning, með sérstöku tilliti til, að á döfinni er framkvæmd stórfelldasta fyrirtækisins, sem hér hefir verið unnið. Það, sem við leggjum til að fella burt, nemur fyrir verkamenn miklu minnu en aukningin af Sogsvirkjuninni, og þó að okkar till. verði samþ., þá eru samt auknar framkvæmdir ríkisins frá því, sem verið hefir, og að meðtalinni Sogsvirkjuninni er aukningin ákaflega mikil, svo mikil, að það eru ekki líkur til, að svo miklu sé hægt að halda uppi að staðaldri, og þá er betra að fara hægara og reyna að hafa meiri jöfnuð á. Það verður öllum fyrir beztu. Ég er líka sannfærður um, þótt hæstv. stj. vilji kannske ekki viðurkenna það, að hún sér það, að það má ekki, eins og nú er ástatt, heimta meiri framlög af landsmönnum til opinberra þarfa en hægt er að komast af með, og þegar það er vegið og metið, þá ber auðvitað að taka tillit til hinnar gífurlegu atvinnuaukningar, sem Sogsvirkjunin veitir. Ég vísa þess vegna algerlega á bug öllum aðdróttunum úr garði hæstv. stj. um það, að till. okkar minnihlutamanna fjvn. séu vanhugsaðar eða af illum vilja sprottnar.

Ég læt svo úttalað um þetta mál í bili, en ætla í fáeinar mínútur að snúa máli mínu til hæstv. forsrh.

Á flokksþingi framsóknarmanna í marz í fyrravetur flutti hæstv. forsrh. erindi, sem hann nefndi „Dómsmál og réttarfar“. Þetta erindi var síðan prentað í Tímanum 9. júní í sumar, eða hæfilega löngu fyrir kosningar til þess að það væri komið út um allt land á undan þeim. Um sama leyti skoraði hann á mig að mæta sér á fundum í kjördæmi mínu, og þar flutti hann þetta erindi enn á öllum fundum, þar sem við vorum saman. Aðalefnið í þessu erindi hans, sem hann reyndi svo vel að breiða út, voru svæsnar árásir á dómsmálastjórn mína, og þar þar mest á hinu svonefnda Björns Gíslasonar máli. Björn var dæmdur í hæstarétti um mánaðamótin febr. og marz 1933, en með því að hann kom með læknisvottorð um, að hann þyldi ekki heilsunnar vegna að taka út refsingu, var framkvæmd refsingarinnar frestað. Það var nú þessi frestun, sem olli því, að hæstv. forsrh. gerði harða hríð að mér. Hann hélt því fram, að ég héldi hlífiskildi yfir hættulegum manni og sagði, að með slíkri meðferð væri lögreglustjórum landsins gert illmögulegt að halda uppi lögum í landinu, því að það væri stöðugt viðkvæði hjá lögbrjótunum, að það væri undarlegt að vera að ónáða sig, úr því að Björn Gíslason væri látinn vera laus. Hann setti málið þannig fram, að hér væri af minni hálfu

viðhaft svonefnt „hvítbrystingaréttarfar", þ. e. a. s., að ómögulegt væri að láta þá, sem eru einhvers megandi, taka út refsingu.

Ég tók það fram, að refsingu var í byrjun frestað vegna læknisvottorða, en eftir að talsverður tími var liðinn, var þess krafizt af hinum dæmda, að hann fengi ný vottorð um heilsu sína, til þess að hægt væri að ganga úr skugga um, hvort heilsa hans stæði enn í vegi fyrir úttekt refsingar. En þá brá svo við, að læknar hliðruðu sér hjá að gefa ákveðin vottorð um heilsu hans, því að þeir læknar, sem upprunalega gáfu vottorð um heilsu hans, höfðu verið skammaðir hinum blóðugustu skömmum í blöðum. Niðurstaðan varð því sú, að maður þessi gat ekki fengið sér læknisvottorð, sem væri nægilega ótvírætt til þess að enn væri frestað úttekt refsingarinnar. Hann varð því að fara að Litla-Hrauni til að taka út refsinguna í maí í vor, ef ég man rétt, en undir mánaðamótin júlí og ágúst í sumar flutti fangavörðurinn hann hingað og tilkynnti, að hann gæti ekki lengur haft hann sökum veikinda, og yrði að fresta úttekt refsingarinnar. Þannig stóð þetta mál þegar stjórnarskiptin urðu síðast í júlí í sumar.

Nú kom til kasta hæstv. forsrh., mannsins, sem mest hafði ráðizt á mig fyrir að fresta úttekt refsingarinnar sökum heilsuleysis hins dæmda. Og hvað gerir hann þá, þessi eftirmaður minn, þessi mikli vandlætari, þessi lögreglustjóri, sem svo hafði stórhneykslazt á mínum aðförum í málinu? Ja, — þar kemur rúsínan í pylsuendanum. Hann frestar úttekt refsingarinnar alveg eins og ég gerði. Og hann gerir meira. — Hann leyfir manni þessum að fara til útlanda, og veit ég ekki, hvenær hann kemur, en ókominn hygg ég að hann sé.

Mér hefir þótt gott að geta notað þetta tækifæri til þess að geta komið þessari skrítnu sögu um land allt á einu augnabliki. Það er ekki sjaldgæft í stjórnmálum að verða fyrir árásum, en það er sannarlega sjaldgæft að geta sýnt og sannað, að sá, sem árásina gerir, fari nákvæmlega eins að um nákvæmlega sama efni viðkomandi sama manni og sá, sem fyrir árásinni varð. Ef ráðh. sá, sem hér á hlut að máli, vildi hegða sér sæmilega, ætti hann að biðja opinberlega fyrirgefningar á hinu fruntalega frumhlaupi sínu og því að hafa flutt algerlega rangt mál til liðsauka sér og sínum flokki. En það tek ég skýrt fram, að ég býst alls ekki við slíku af þessum ráðherra. Til þess tel ég mig þekkja hann allt of vel. Ég get ekki búizt við þessu af manni, sem hefir lagzt lægra í pólitískum tilgangi í minn garð en nokkur annar, ef til vill að einum manni undanskildum.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Herra forseti! Þetta er í fyrsta sinn, sem ég fæ tækifæri til þess að bregða mér inn í eldhús hæstv. ríkisstj. Finn ég því ástæðu til að gefa áheyrendum mínum nokkurt yfirlit yfir, hvernig um er að litast í þessu langsamlega frægasta eldhúsi landsins. Þegar inn úr dyrunum kemur, mæta manni fyrst píkur tvær, og er auðsjáanlegt, að önnur er húsfreyjan á heimilinu. Báðar eru þær uppskrúfaðar og tilgerðarlegar. En það er líka kokkur í þessu eldhúsi, eins og vera ber, og ef maður lítur á tilbeiðslu- og undirgefnissvipinn á meyjunum, þegar þær líta á kokkinn, þá er auðséð, að hann er sá, sem segir fyrir verkum. Þar er pottur á hlóðum, því slátur er soðið á hverjum degi í þessu eldhúsi úr mestu nytjamálunum, sem á þingi eru flutt. Í rjáfrum uppi hanga sauðarkrof feit og mikil, jólamatur stjórnarliða; er þar hverjum manni merktur sinn biti. Sóðaleg umgengni og subbulegt sýnist mér vera í þessu eldhúsi, en þó er sjáanlegt, að húsfreyjurnar vita, að það er hátíðis- eða tyllidagur nokkur, og hafa þær því slett karklútnum í andlit sér, en ekki tekizt betur en það, að sótið drýpur niður um háls og herðar. En ef nokkuð má marka af yglibrún kokksins, þá hygg ég, að vonir þjóðarinnar eigi ekki betra að vænta í höndum hans heldur en gæsirnar í greipum Grettis forðum daga. Og ekki mun Kengála þeirra framsóknarmanna verða betur fallin til útigangs eftir gæzlu hans heldur en áður.

Nú skal ég snúa mér með örfáum orðum að húsfreyjunni, sem talin er. Hæstv. fors.- og dómsmrh. var hér um daginn að bretta brúnum yfir Bændafl. og talaði um hann sem algerlega dauðan flokk. Það var nú dálítið einkennileg hjá honum líkræðan að vísu, því hún var ekkert annað en bullandi skammir um þennan steindauða flokk. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi því verið að tala gegn betri vitund, og svo var ótti hans vegna starfsemi Bændafl. ríkur, að hann sá þann kost vænstan að reyna að gera sig eftir mætti hreinan í augum umbjóðenda sinna, bænda landsins, sem honum þó hefir tekizt mjög ófimlega. Ræða hans var mjög ómerkileg; þar gætti langmest monts og yfirlætis, en rakanna gætti minna. Hann hélt fram, að Bændafl. legði sérstaka áherzlu á að vekja tortryggni manna gegn Tímamönnum. Auðvitað er ómögulegt annað, ef satt og rétt er frá málum skýrt, en að það leiði til tortryggni gagnvart þeim, sem með völdin fara fyrir Framsfl., svo áberandi er vesalmennska þeirra í sambúðinni við sósíalista. Þetta verður einungis skýrt þannig, að þeir hafa látið kúgast, hafa algerlega látið bugast af þeirri miklu orku og starfhæfni, sem hjá sósíalistum er.

Hæstv. ráðh. minntist m. a. á þau málefni, sem áður hafa verið gerð um umræðuefni í útvarpsumr. héðan og snerta afurðasölu bænda. M. a. minntist hann á till. Þorsteins Briems í kjötsölumálinu og till. þeirra Péturs Magnússonar í mjólkursölumálinu. Hann sagði t. d. um till. Þorsteins Briems um að bæta nokkuð upp þann mikla verðmun, sem er á útfluttu kjöti og því, sem selt er á innanlandsmarkaði, að það hefði verið gripið til að bera hana fram í Ed. nokkrum dögum eftir að hann sjálfur hefði bent á nauðsyn slíkra ráðstafana í Nd. Ég minnist þess nú ekki, að hæstv. forsrh. hafi nokkurn tíma ymprað á þessu efni í Nd. En hafi hann einhverntíma gert það, og hafi hann gert það í alvöru og einlægni vegna hagsmuna bænda, hvernig er þá hægt að skilja þá afstöðu hans, að þegar till. kemur fram um að

láta þetta vera að veruleika, þá snýst hann og flokkur hans á móti henni og drepur hana? Hæstv. ráðh. hefir gefið skýringuna sjálfur. Af því það var Bændafl., sem bar þetta fram, þá kunni ég ekki við að samþ. það, segir hann. Menn geta nú gert sér í hugarlund, hvernig ástatt er í hugarheimi þessara manna, sem ekki vilja standa með sjálfsögðum málum, sem þeir sjálfir hafa ymprað á, að væru nauðsynleg, bara af því að þau eru fram borin af andstæðingum þeirra. Svona er nú réttlætiskenndin hjá hæstv. forsrh., og er hún í fullu samræmi við margt annað, sem fram hefir komið.

Þá er það og með einsdæmum, hvernig þessi hæstv. landbrh. hefir snúizt gegn einu aðalfélagi bændanna í landinu, Búnaðarfélaginu. Það hefir verið siður allra stjórna að taka Búnaðarfélag Íslands sem ráðunaut í öllum málum, sem landbúnaðinn snerta. Það er þessi hæstv. ráðh. einn, sem hefir gengið á snið við það. Og hann hefir gert meira; hann hefir beinlínis ráðizt á það; hann vill eyðileggja starfsemi þess að öllu leyti. Það er ekki nóg með það, að hann hefir útilokað Búnaðarfélagið frá að taka þátt í framkvæmd þeirra mála, sem mest snerta landbúnaðinn, eins og afurðasölumálin; hann vill einnig taka af því ráðin í öllum öðrum málum, sem hingað til hafa undir það heyrt. Svo hatramleg er þessi árás hæstv. landbrh. á Búnaðarfélagið, að hann gætir ekki hófs. Hann gætir þess ekki, að þó handjárnin á flokksmönnum hans séu sterk, þá er ekki þrautreynt, hvort þau halda á þessu sviði. Og þegar kemur í ljós, að ekki er hægt að gera þann niðurskurð á Búnaðarfélagi Íslands, sem hann ætlaðist til, þá hopar hann að vísu dálitið, en reynir um leið að koma því svo fyrir, að Búnaðarfélagið verði hér eftir háðara ríkisstj. sjálfri heldur en verið hefir, og vill þar með draga það undir valdsvið sitt.

Hæstv. fjmrh. var hér með mikinn gorgeir yfir því, að Bændafl. bæri hér fram hóflausar kröfur vegna bændanna, og nefndi hann nokkrar tölur í því sambandi. Já, við höfum beðið um allháar uppbætur á útflutt kjöt, vegna þess að fyrirsjáanlegt er, að verðjöfnunarsjóður hrekkur hvergi nærri til jöfnunar við verðið á innlenda markaðinum. Upphæðin, sem við förum fram á í þessu skyni, nemur 130—150 þús. kr. Er það nú virkilega svo, að ríkissjóður geti ekki greitt þessa upphæð? Ég verð þá að spyrja hæstv. fjmrh., hvernig stóð á því, að hann gat greitt hlutaruppbót til sjómanna úr ríkissjóði, er nam 120—130 þús. kr., og 100 þús. kr. á síðastl. sumri í óþarfa kauphækkun í opinberri vinnu. Þá voru til peningar í ríkissjóði, en það var af því skjólstæðingar sósíalista áttu hlut að máli. Þegar svo stendur á, er hæstv. fjmrh., fulltrúi framsóknarmanna í ríkisstj., reiðubúinn að greiða fé úr ríkissjóði. Og til samanburðar við það, sem við förum fram á handa landbúnaðinum, skal ég benda á, hvað hæstv. fjmrh. hefir séð sér fært að ætla ríkissjóði að leggja fram á næsta ári til skjólstæðinga sósíalista. Hann hefir séð sér fært að ætla ½ millj. kr. til atvinnubóta, sem krafizt er 1 millj. kr. útgjalda á móti frá bæjarfélögum. Þar koma 1½ millj. kr. til hagsbóta verkamönnum. Á sama tíma sér hæstv. ráðh. sér ekki fært að greiða um 200 þús. kr. í vaxtatillag af veðlánum landbúnaðarins, sem bændur fyrirsjáanlega geta ekki risið undir. Að vísu kom fram í landbn. Nd., eftir að hún hafði haft frv. okkar hv. 2. landsk. til meðferðar hátt á annan mánuð, frv., sem gengur dálítið í þessa sömu átt. En ég vil strax taka það fram, að það er rangt með farið hjá hæstv. forsrh., þegar hann vill eigna stj. þá till., því þegar frv. var lagt fyrir landbn. af þeirri n., sem stj. skipaði í sumar til þess að athuga þessi mál, þá var ekki í því einn stafur um að veita bændum eftirgjöf á vöxtum. Því atriði var bætt inn í við meðferð frv. í landbn. Í 3. kafla frv. er nú gert ráð fyrir allt að 97 þús. kr. greiðslu upp í vexti beint eða óbeint úr ríkissjóði. Þar með hafa þessir menn viðurkennt þörfina á vaxtastyrk til bænda. En til þess að ásaka hæstv. stj. ekki fyrir allt of mikla fórnfýsi í garð bændanna, skal ég geta þess, að meiri hl. stjórnarliðsins í landbn. neitaði harðlega að láta nokkuð af hendi rakna í þessu skyni til bændanna. Hefði því lítið orðið úr þessari till., ef stjórnarflokkarnir einir hefðu átt að ráða. En það voru aðrir menn, sem skildu betur þörfina á þessu, og því er það fram komið sem till. landbn., sem þó gengur allt of skammt. Vona ég, að þessi íhaldssemi stj. og stuðningsmanna hennar verði drepin niður við meðferð málsins.

Eins og ég sagði hefir það sýnt sig, að hæstv. stj. vantar ekki alltaf peninga; það fer bara eftir því, til hvers á að nota þá. Það þarf einnig peninga fyrir feitu sauðarkrofin. Mönnum hefir reiknazt til, að á 2. hundrað manns mundu komast í ný embætti samkv. till. stj., sem hún flytur hér á þingi. Mundi sparast laglegur skildingur, sennilega nægilega mikið upp í vaxtagreiðslur bænda, ef allar þessar óþörfu nefndir væru felldar niður. Ég geri ekki ráð fyrir, að margir vinni fyrir minna en þús. kr., og margir hafa mörg þús., svo sjáanlegt er, að í allt þetta nefndafargan fer svo hundruðum þús. skiptir. Ég hefi heyrt, að ein n. væri búin að ráða sér skrifstofustjóra fyrir 600 kr. á mánuði, og einn af nefndarmönnunum sjálfum til þess að vinna fyrir n. upp á sérstök laun. Sá maður fær þannig fyrst laun fyrir að sitja í n. og síðan önnur laun fyrir að vinna í n. Það er því áreiðanlegt, að það vantar ekki peninga, þegar verið er að úthluta sauðarkrofunum eða hlýða boðum kokksins í eldhúsi stjórnarinnar.

Hæstv. atvmrh. sagði hér um daginn, að það væri háskaleg villukenning, ef ekki væru látnir fara saman hagsmunir þeirra, sem í þorpum og sveitum búa. Hvenær hefir þessi hæstv. ráðh. hugsað um að láta hagsmuni fólks fara saman? Ég hygg, að hann hafi aldrei hugsað um annað en að láta hagsmuni sinna umbjóðenda verða gildandi, hvað sem öðru liði. Hver hefir heyrt um, að hann eða hans flokkur hafi nokkurntíma verið að leggja niður fyrir sér, hvaða kaupgjald atvinnuvegirnir þyldu? Nei, þeir hafa bara gert þær kröfur, sem verkamennirnir hafa viljað gera og þótzt þurfa til þess að geta lifað. En svo þegar bændurnir koma og gera sams-

konar kröfur um að geta lifað, þá má ekkert gera nema verkamennirnir í bæjunum fái helminginn af öllu, sem fram er lagt. Þetta kemur m. a. fram við meðferð mjólkurmálsins. Það má ekki lækka útsölukostnaðinn á mjólk, nema því, sem sparast, sé skipt á milli framleiðenda og neytenda, án tillits til þess, hvort bændur hafa fengið nokkuð, sem nálgast það að vera framleiðslukostnaður. Þessi hæstv. ráðh. talar ekki um réttlæti, þegar hann er að gera kröfur fyrir sína menn; þá talar hann ekki um, að það sé háskaleg villukenning að líta ekki á hagsmuni annara stétta í landinu jafnframt.

Það er annars nokkuð áberandi á þessu þingi, að það er sama, hvaða mál er flutt fyrir framleiðendur til lands, og raunar sjávar líka, alltaf er hæstv. stj. að reka tærnar í einhverja ímyndaða örðugleika við að koma af stað umbótum á þessu sviði. Fulltrúar framsóknarmanna í stj. eru orðnir svo rignegldir við þær kröfur frá samstarfsflokki sínum, sem þeir verða að beygja sig undir, að þeir komast hvorki aftur né fram, þegar um hagsmuni bændanna er að ræða.

Eitt af því allra nauðsynlegasta fyrir bændur landsins er að fá skuldum sínum öllum komið á hreinan grundvöll. Að því hefir verið unnið við afgreiðslu kreppulánanna. En það hefir verið viðurkennt bæði á síðasta þingi og þessu, að bændur geta ekki staðið undir þeim fasteignaveðslánum, sem fyrir eru. Er því óhjákvæmilegt og sjálfsagt að rétta í bili hjálparhönd, til þess að þeir geti risið undir skuldaþunganum.

Jafnhliða þessu var svo nauðsynlegt að koma því skipulagi á sölu afurðanna, að bændur fengju framleiðslukostnaðinn greiddan. Því að hvað stoðar það, þótt bændum, sem sokknir eru niður í ófærur í atvinnurekstri sínum upp í axlir, vegna ómögulegrar aðstöðu, sé kippt upp úr svo að þeir séu samt niðri í upp að mitti. Þeir eru þá fastir í sama foraðinu, og það þarf að kippa þeim alveg upp úr, upp á hreinan starfsgrundvöll, ef þeir eiga að geta lifað. Þegar að því kemur, að bændur þurfa að fara að borga vexti og afborganir af þessum tiltölulega hagstæðu lánum, sem mynduð eru með kreppuráðstöfunum, þá mun koma að því, að þeir geta ekki innt þessar greiðslur af höndum. Og hvað tekur þá við? Kreppulánasjóður getur ekki annað en gengið fast að mönnum um að fá greiddar afborganir og vexti af lánunum, því að ef hann gefur einum eftir greiðslur, þá munu aðrir koma og heimta hið sama af sjóðnum. Annaðhvort verður því að ganga fast að öllum um þessar greiðslur, og til þess taka bústofn af bændum, ef greiðslur fást ekki á annan hátt, eða þá að allar skuldir, sem myndaðar hafa verið á þennan hátt, verður að yfirfæra á ríkissjóðinn. En ætli ríkissjóði yrði þá ekki réttara að reyna að gera mönnum kleift að standa undir vaxtagreiðslum af kreppulánunum heldur en að eiga það á hættu, að verða fyrir svo eða svo miklum töpum vegna þess að vextir og afborganir lánanna greiddust ekki?

Ég mun fá tækifæri til þess seinna við þessar umr. að nefna fleira, sem ástæða er til að koma fram með við þessar umr. Læt ég staðar numið að sinni, því að ég hefi nú tekið fram það, sem mestu máli skiptir, en nenni ekki að fara að elta hæstv. forsrh. út á allar þær vafasömu koppagötur, sem hann komst inn á í sinni mjög svo lélegu ræðu hér á dögunum.

**Jón Baldvinsson:** Góðir hlustendur! Ég ætla að segja hér nokkur orð, þó að það sé nú mikill vandi að taka til máls á eftir jafnskemmtilegum, eða öllu heldur jafnspaugilegum ræðumanni og hv. síðasta ræðumanni, þm. V.-Húnv. Það er auðséð, að það hefir mikið fengið á hann að litast um inni í eldhúsinu og sjá öll þau matföng, sem þar eru, og að e. t. v. ætti hann nú engan bitann að fá. — —

Ríkisstj. sú, sem nú situr, tók við völdum rúmlega tveim mánuðum áður en þingið kom saman, og tók þá við af ríkisstj., sem studd var af þeim flokkum, sem nú hafa gert tilraun til þess að hefja ádeilu á núv. ríkisstj. Ekki dettur mér í hug að biðjast undan því, að þessar umr. fari fram. Það, sem enn er fram komið, hefir ekki verið þess eðlis, að hæstv. ráðherrum hafi verið nokkur raun að svara því. Mun það og flestra manna mál, sem á hafa hlýtt, að fremur hafi verið sókn en vörn af þeirra hendi. Þó má telja alveg víst, að hið veigamesta af þeim ásökunum gegn ríkisstj. sé fram komið í ræðum þeirra hálfbræðranna, hv. þm. G.-K., Ólafur Thors, form. Sjálfstfl., og hv. 10. landsk., Þorsteins Briems, er framsögu höfðu hvor af hálfu síns flokks. Vita menn innan þingsins, að mjög hefir verið vandað til þess að semja þessar ádeiluræður. Og þegar þess er gætt, sem öllum er kunnugt, að þessum hv. þm., Ólafi Thors og Þorsteini Briem, er það létt verk að semja stundar ræðu, og jafnframt tillit til þess tekið, hve veigalitlar ásakanir þeirra voru í garð stj., þá virðist hinn mikli undirbúningur bera þess vott, að ekki hafi verið um auðugan garð að gresja að finna frambærilegar ásakanir í garð hæstv. ríkisstj.

En úr því að farið er að tala um stjórnarframkvæmdir eftir að núv. ríkisstj. tók við, þá virðist einnig liggja beint við að tala um ýmsar framkvæmdir í tíð fyrrv. ríkisstj., a. m. k. þær, er gerzt hafa á yfirstandandi ári, þar til hún sagði af sér og núv. stj. tók við völdum. Þeir mega því ekki kippa sér upp við það, sumir hv. fyrrv. ráðh., þó eitthvað af þeirra gerðum sé gagnrýnt, og enda þótt ég geri það ekki nema að litlu leyti nú, ætla ég víst, að þar sé þó ekki af svo litlu að taka.

Hv. 10. landsk., Þorsteinn Briem, sá sem fyrstur hóf eldhúsdagsumr. á föstudaginn var, hefir verið ráðh. síðan í þinglok 1932 og þangað til síðast í júlí á síðastl. sumri. Hann talaði eins og hann og flokkur hans væri eini flokkurinn í landinu, sem setti hagsmuni íslenzkrar bændastéttar öllu ofar. Aftur sparaði hann ekki að reka hnífana í verkamanna- og sjómannastéttina, og virtist hann gera það af innri sannfæringu. Átaldi hann þá framsóknarmennina fyrir það, að hafa gert málefnasamning við okkur jafnaðarmenn, og fyrir það, að í þessum málefnasamningi væri tekið tillit til beggja þeirra stétta, sem að flokkum þessum aðallega standa, hinum vinnandi stéttum til sjávar og sveita. „Þessu“, sagði hv.

þm., „setur Bændafl. sig á móti og hann mun reynast stefnu sinni trúr, að vinna að málefnum landbúnaðarins“.

Þessi orð hv. 10. landsk., skoðuð í ljósi þeirra tillagna, sem hann hefir borið fram á þessu þingi, verða ekki skilin á annan veg en þann, að hann vilji vinna að málefnum bænda á kostnað annara stétta. Þetta, þannig skilið, ber áreiðanlega að líta á sem persónulega skoðun hv. 10. landsk. og e. t. v. fárra annara í hans flokki. En ég þekki þó nokkra af forustumönnum Bændafl., sem ekki eiga slíkt einsýni til og hafa oft sýnt í opinberri framkomu sinni, að þeir líta ekki svo á.

En hv. 10. landsk., Þorsteini Briem, þessum lagna, ráðslynga og djúphyggna manni og feikna-áhugamanni um landbúnaðarmál, tókst einhvern veginn óskiljanlega illa að koma í framkvæmd áhugamálum sínum fyrir landbúnaðinn á meðan hann var landbrh. og hafði stuðning meginhluta þm., bæði Framsfl. og Sjálfstfl. Það er búið að kvelja hann svo mikið með því að lýsa, hversu óhönduglega honum, þegar hann var ráðh., tókst í mjólkurmálinu og hversu tómlátur hann var í því að láta undirbúa kjötsölulögin, að ég hefi ekki brjóst í mér til að fara að rekja þá sorgarsögu.

Í fjárl. yfirstandandi árs er heimild handa ríkisstj. til þess að greiða uppbót á útflutt kjöt af framleiðslu ársins 1933. Ég man það, að ég greiddi þessari till. atkv., því að mér fannst það sanngjarnt, ef verð á útfluttu kjöti hrapaði niður úr verðinu, sem var á því 1932, að láta bændur þá fá nokkra uppbót. Þetta var heimild, sem samþ. var með það fyrir augum, að þetta yrði greitt, ef ríkissjóður hefði fé til þess. Þegar hv. 10. landsk. lét af ráðherrastörfum síðast í júlímánuði 1934, eða fyrir tæpum fjórum mánuðum, þá var hann ekki farinn að nota þessa heimild. Ég get þess til, og það eftir miklum líkum, að ríkissjóður hafi ekki haft 400 þús. kr. handbærar í þessa uppbót, og því hafi nú ráðh. ekki notað þessa heimild. En þegar hann er nú búinn að láta af ráðherradómi, þá er hann orðinn fullur af áhuga. Það er eins og hann hafi hrokkið við, þegar hann var að loka á eftir sér stjórnarráðinu og sagt: „Æ! hver skollinn! Nú gleymdi ég alveg að borga bændunum uppbótina“. Hann sendir því einskonar skilaboð til eftirmanna sinna um að greiða nú þessa uppbót til bændanna, sem hann annaðhvort hefir gleymt eða ekki getað framkvæmt.

Hv. 10. landsk. hefir á þessu þingi borið fram ýmsar till. í afurðasölumálinu. Flestar eru þær svo einhliða, að auðsætt er, að þær hefðu orðið til þess að spilla fyrir þessum málum, ef þær hefðu verið samþykktar. Svo er um þá till. hans í mjólkurmálinu á þskj. 407, um að það, sem kann að vinnast við skipulag á mjólkursölunni, renni óskipt til bændanna, þó að með klókindalegu orðalagi sé því bætt við í till., að þetta skuli renna til bændanna, þangað til búskapurinn beri sig, í stað þess að skipta þessu á milli neytenda og framleiðenda. Og láti nokkrir bændur blekkja sig á þessu, þá er það af því, að þeir hafa ekki gert sér það ljóst, hversu mjög þeir þarfnast þess, að í þessum málum verði ekki gerð nein þau mistök, sem espa neytendurna gegn skipulagi á sölu mjólkur og sláturfjárafurða. Svo hefir þetta mál reynzt víðkvæmt annarsstaðar, og svo er þetta mál víðkvæmt hér í Reykjavík, a. m. k. þar, sem neytendur verða í upphafi fyrir ekki litlum óþægindum.

Við Alþýðuflokksmenn viljum taka tillit til beggja aðila, framleiðenda og neytenda. Verkamenn hafa fullan skilning á því, að styrkja beri bændur, sem erfiðust eiga kjörin. Ekki er betra, að þeir flosni upp og bætist í atvinnuleysingjahópinn. Þess vegna höfum við Alþýðuflokksmenn á Alþ. fylgt skynsamlegum till. til stuðnings bændastéttinni, og gæti ég nefnt þess mörg dæmi. Og sum af stórum hagsmunamálum bænda hafa beinlínis komizt fram fyrir atbeina okkar, þar sem samþykkt þeirra mála hefir oltið á okkar atkvæði.

En hvers vegna kom ekki hv. 10. landsk. með þessar till. til stuðnings landbúnaðinum þegar hann hafði valdið til framkvæmda á þeim? Hvers vegna var hann þá ekki þeirri stefnu sinni trúr, að vinna að málum landbúnaðarins? Eða eru þetta, eins og til hefir verið getið, einskonar yfirboð yfir till. stj. í landbúnaðarmálum? Ég get hugsað mér, að sumum framsóknarmönnum muni sárna þessi yfirboð, að aðrir setji hærri kröfur en þeir í landbúnaðarmálum. Og þó að ég sé í mörgu ósamþykkur þeim um stefnu í landbúnaðarmálum, þá ætla ég að hugga þá svolítið, ef þeir skyldu vera eitthvað hnuggnir.

Ég þekki vel þess háttar yfirboð frá kommúnistum. Við Alþýðuflokksmenn erum orðnir þeim svo vanir, að við erum orðnir vanir því, að skeyta ekki um yfirboðin, heldur fylgja því í hvert sinn, sem hægt er að framkvæma, alþýðu til gagns, en missa þó aldrei sjónar á því marki, sem við höfum sett. Ef kommúnisti væri á þingi, mundi hann t. d. vafalaust gera yfirboð við hverja till., sem við Alþýðuflokksmenn flytjum í atvinnumálum. Þó að kommúnisti vissi, að það, að hann gerði slíkt yfirboð, þýddi, að ekkert gæti fengizt, mundi hann þó vafalaust flytja slíka tillögu, aðeins til þess að geta sagt, að kommúnistar gerðu hærri kröfur en Alþfl.

Hv. 10. landsk. er því einskonar kommúnisti þeirra framsóknarmanna nú sem stendur. Hann ber fram yfirboðstill., sem mundu spilla, eða jafnvel eyðileggja framgang landbúnaðarmála eða framkvæmd þeirra, til þess að geta haldið því fram, að hann hafi gert hærri kröfur en framsóknarmenn.

Tvisvar í ræðu sinni kom hv. 10. landsk. með eftirtölur út af því, að sjómönnum er endurgreiddur sá óheyrilega hái útflutningstollur, sem nú er á síld. Á sama tíma er verið að afnema útflutningsgjald af kjöti. Heldur nú hv. 10. landsk., að þvílíkar eftirtölur séu til þess fallnar að auka velvild á milli stéttanna? Sama gildir eftirtölur hans um hækkun atvinnubótafjárins í fjárlagafrv.

Ég má ekki skiljast svo við hv. 10. landsk., að ég minnist ekki á framkomu hans í vegavinnukaupdeilunni á síðastl. vori.

Undanfarin ár lækkaði svo mjög kaup í opinberri vinnu, að verklýðsfélögin víðsvegar á land-

inu tóku málið upp og fólu Alþýðusambandi Íslands forystu þess máls, eins og raunar flest verklýðsfélög gera, þegar um umfangsmiklar deilur er að ræða. Í síðastl. marzmánuði komu svo saman hér í Reykjavík fulltrúar frá þeim félögum á landinu, sem einna mestra hagsmuna höfðu að gæta í þessu sambandi vegna meðlima sinna. Á þessum landsfundi voru síðan samþ. till. um kaup og kjör þeirra manna, er vinna að vega- og brúargerð hjá ríkissjóði. Kaus fundurinn nefnd manna til þess að bera þessar kröfur fram við hv. 10. landsk., sem þá var atvmrh. og þessi mál heyrðu því undir. Þóttist ráðh. engu geta svarað þessum málum fyrr en hann hefði fengið að vita ákvarðanir sýslunefnda, og fór að öðru leyti mjög undan í flæmingi. Var þetta síðan nokkru seinna ámálgað við ráðh., en svör fengust eigi. Þegar svo vega- og brúargerð hófst, hafði ráðh. engu svarað málaleitunum Alþýðusambandsins. Magnaðist nú óánægja þeirra manna, er vegavinnu stunduðu, sem von var. Hófst þá víða undirbúningur til þess að leggja niður vinnu, og lögðu um 300 vegavinnumenn niður vinnu. Hafði þáv. ráðh., Þorsteinn Briem, mörg ráð í frammi til þess að hnekkja samtökunum. Tók hann m. a. til þess ráðs, og notaði til þess þá aðstöðu, sem hann þá hafði sem yfirmaður útvarpsins, að hann fyrirskipaði eftirlit með fréttum útvarpsins um vegavinnudeiluna, og setti í það eftirlit undirmann sinn, vegamálastjórann, til þess að gefa, vægast sagt, mjög litaða skýrslu um verkfallið, þar sem mjög lítið var úr því gert. Miklu færri voru í þeim fréttum taldir hafa lagt niður vinnu en í raun og veru var, allt til þess að draga úr vegavinnumönnum kjarkinn. Þá var og ýmsum verkstjórum falið að telja kjark úr mönnum um að halda fram réttmætum kröfum sínum. (En þó er rétt að geta þess, að nokkrir verkstjórar sýndu fullan skilning á kröfum verkamanna). Þetta bar árangur sumstaðar. En Alþýðusambandið, sem hafði forystu í málinu, og alþýðusamtökin í Reykjavík létu það ekki á sig fá, en gerðu margvíslegar ráðstafanir til þess að halda uppi deilunni og sumpart höfðu á reiðum höndum frekari ráðstafanir í því skyni. Tókust þá viðtöl við þáv. ráðh. um málið, og þótt ekki væru gerðir formlegir samningar um málið, þá lofaði ráðh. nokkurri hækkun á vegavinnukaupi, er skyldi koma til framkvæmda 1. júlí. Hann rökstuddi þá kauphækkun með því, að kjötið hefði hækkað í verði haustið 1933. Ekki komu þó loforð þáv. ráðh. öll til framkvæmda, t. d. var kaup bifreiðastjóra ekki hækkað.

Er skylt að geta þess, að þáv. forsrh., Ásgeir Ásgeirsson, átti hér góðan hlut að, og dómsmrh., Magnús Guðmundsson, ekki illan.

En aftur á móti var Þorsteinn Briem í fullu samræmi og samvinnu við Morgunblaðið, sem réðist heiftarlega á verkamenn í þessu máli og afflutti málstað þeirra. Hefi ég oft átt viðtöl og gert samninga um kaup og kjör verkafólks við ráðh. af ýmsum flokkum í stjórnum, er setið hafa undanfarið. En enginn þeirra ráðh. hefir tekið í mál þessa fólks af eins miklum þvergirðingshætti og eins miklu skilningsleysi eins og hv. 10. landsk., Þorsteinn Briem, á meðan hann var ráðh.

Ræða hv. þm. G.-K. (ÓTh) var full af stórmennskuhroka yfir þeirri þekkingu og reynslu, sem hann og flokksbræður hans hefðu til brunns að bera í landsmálum yfirleitt og í útgerðarmálum sérstaklega. Það mun marga, er á ræðu hans hlýddu, hafa furðað á þeirri ljótu lýsingu, sem líklega fer þó nærri sanni, á ástandi fiskveiðaskipastólsins og málum útvegsins í heild sinni í sambandi við þann þekkingargorgeir, sem var uppistaðan í máli þessa hv. þm. hér á föstudagskvöldið. Hæstv. atvmrh. svaraði samstundis þessum atriðum svo rækilega, að þar við hefi ég engu að bæta. En það var ýmislegt í ræðu hv. þm. G.-K., sem mér finnst rétt að benda á, og í sambandi við það benda á örfá atriði, sem ekki sómdu sér sérlega vel í ræðu þessa hv. þm. Hann var einu sinni ráðh., sællar minningar, þessi hv. þm. Eitt af hans fyrstu verkum í ráðherrastóli var það, að setja á stofn ríkislögreglu. Raunar mun hann ekki hafa getað haft hana eins mannmarga og hann óskaði, því að hann vildi hafa lögreglu þessa 600 manna sveit, vel vopnum búna og gera sundhöllina hér í Reykjavík að hermannaskála. En honum tókst þó að setja á stofn 120 manna sveit. Það þarf ekki að taka það fram, að þessi ráðstöfun hafði ekki við lög að styðjast, og að fjárfúlga sú, þær mörg hundruð þús. kr., sem síðan hefir verið eytt í ríkislögreglu, þar til hún var lögð niður af núv. ríkisstj., er að langmestu leyti greidd án nokkurrar heimildar í l. eða fjárl. Hlutverk þessarar ríkislögreglu var á yfirborðinu það, að hún átti að halda uppi lögum og reglu, en hún átti í raun og veru að notast gegn verkamönnum, og það sýnir þetta bezt, að hv. þm. G.-K. kom upp launaðri njósnarasveit, sem átti að blanda sér í hópa verkamanna til þess að njósna um, hvað þeir töluðu sín á milli. Varalögreglan var vopnuð byssum og hafði auk þess ýms hergögn önnur. Allt útbúið að ofbeldishætti erlendra einræðisflokka. Svo dirfist þessi maður að koma fram á Alþingi og tala um bitlingahjörð, þessi maður, sem í sinni stuttu og aumu ráðherratíð tók hundruð manna á mála og greiddi þeim málann úr ríkissjóði í algerðu heimildarleysi.

Þegar hv. þm. G.-K. var búinn að vera tæpan mánuð í ráðherrastóli, setti hann Helga Tómasson, fylgismann sinn, í læknisstöðu á Kleppi og rak þaðan fyrirvaralaust andstæðing sinn, Lárus Jónsson, setti síðan lögfræðing til þess að finna nú, eftir á, einhverjar sakir á L. J., til þess að réttlæta brottrekstrinn, — að ég nú ekki tali um hinn hneykslanlega samning hv. þáv. ráðh. við Helga Tómasson.

Það er áreiðanlegt, að Ólafur Thors hefir ekki getað komið fram öllum þeim hefndum á andstæðingum sínum, sem hann vildi eða flokksmenn hans heimtuðu af honum, þar á meðal því, að reka þáv. lögreglustjóra, en núv. forsrh., Hermann Jónasson, úr embætti, sem þá var svo kyrfilega undirbúið af „foringjaráði“ Varðarfélagsins í Reykjavík, sem flutti Hermanni Jónassyni lögreglustjóra hið fræga bréf, þar sem „foringjaráð“ Varðarfélagsins lýsir vanþóknun sinni

á lögreglustjóra Hermanni Jónassyni fyrir stjórnleysi hans á lögreglunni; og foringjaráðið segir ennfremur, að það lýsi „almennu vantrausti á þessum manni sem lögreglustjóra“ (þ. e. H. J.). Og það telur ekki borgið lögum og rétti í bænum, á meðan H. J. hafi á hendi stj. lögreglunnar.

Það er ekki efamál, að í herbúðum sjálfstæðisliðsins hefir afsetning Hermanns Jónassonar verið fullkomlega undirbúin. Og að hún var ekki framkvæmd, var ekki af því, að hv. þm. G.-K. hafi skort vilja til þess. Að orsökin hafi verið sú, að hv. þm. G.-K. hafi ekki fengizt til þess, því mega þeir trúa, sem vilja.

Hv. þm. G.-K. fjargviðraðist mikið út af brostnum vonum hjá Sjálfstfl. í síðustu kosningum, og að þeir hafi gert sér vonir um að komast í meirihl.aðstöðu eftir kosningarnar, og að allir hefðu nú búizt við því, að þeir gætu þá myndað stj. Hv. þm. fór ekkert út í það, af vel skiljanlegum ástæðum, að skýra það, hvernig á þessu stæði, hvers vegna þessar vonir brugðust. Og ég er ekki viss um, að honum sé það sjálfum ljóst. En mörgum öðrum er þetta vel ljóst.

Ég vil benda á nokkur atriði, sem gætu leitt líkur að því, hvers vegna fór sem fór, að sjálfstæðismenn náðu ekki þeim meiri hl., sem þeir héldu, að þeir mundu ná, þegar þeir, eins og stendur í fundargerð flokksfundar Sjálfstfl. frá síðasta vori „gengu sigurglaðir af fundi“.

Fyrst var það, að við þessar kosningar gekk Sjálfstfl. til kosninga með nýjum foringja. Jón Þorlákksson, borgarstjóri í Reykjavík, lét af formannsstörfum. Og því verður ekki neitað, að hann hafði nokkra ástæðu til að leggja niður starf þetta. Sá maður hafði mikið traust meðal landsmanna, og að mjög miklu leyti að verðleikum. En ég get þess til, að landsmönnum hafi ekki fundizt til um hinn nýja foringja. Að vísu hafði Jón Þorlákksson gilda afsökun fyrir því að láta af formennsku Sjálfstfl., þar sem hann gegnir jafnumsvifamiklu starfi og borgarstjórastarfinu í Reykjavík. En ég get mér þess líka til, að aðrar ástæður hafi legið til þess, að Jón Þorlákksson sagði af sér formannsstarfinu, heldur en það eitt, að hann hafi haft miklum störfum að gegna. Mun ég bera fram þær ástæður, sem ég hefi fyrir því, ef mál mitt verður véfengt.

Þá mun miklu hafa ráðið um þennan ósigur ótti kjósendanna við það, að aftur yrði tekin upp stefnan frá árunum 1924—1927, ef Sjálfstfl. næði meiri hluta. Og þetta hefir fælt menn frá flokknum. Ekki sízt mun hafa slegið óhug á marga kjósendur Sjálfstfl., hvernig forráðamenn hans gerðu opinberlega gælur við ofbeldisflokk nazista hér í fyrra. Ég vil ekki bera þetta á alla þm. flokksins eða form. hans, hv. þm. G.-K., að þeir séu í beinu sambandi við nazista. En blöð þessa flokks, Morgunblaðið og Vísir, hafa ekki átt nógu sterk orð til að lýsa þessum áhugasömu mönnum, nazistaforsprökkunum, og ekki farið leynt með það, að æskilegt væri, að þeir yrðu í samvinnu við Sjálfstfl. Ég er á því, að þetta daður við nazistana eigi sinn þátt í brostnum vonum sjálfstæðisforingjanna við kosningarnar í sumar. Og vissast er fyrir forkólfa sjálfstæðismanna að vera viðbúnir meiri og erfiðari ósigrum á komandi árum, því að það mun sýna sig, að í kjósendafylgi á flokkurinn ekki framar viðreisnarvon.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Ég mun að þessu sinni víkja nokkuð að þeim ræðum, sem haldnar hafa verið frá því, að ég talaði síðast, og vil ég þá fyrst fara nokkrum orðum um ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hann virðist nú hafa tekið að sér hlutverk frsm. Sjálfstfl. í fjármálunum. Þessi hv. þm. ber þær sakir á mig, að ég hefði í fyrrakvöld talað í mjög óviðurkvæmilegum tón, í æsingu og með illu orðalagi. Ég verð að segja það, að meðan þessi hv. þm. lætur sér sæma að vera *undir stjórn hv. þm. G.-K., ætti hann sem minnst* að tala um óþinglegt orðbragð. Því að verra orðbragð en þessi hv. þm. viðhefir daglega hér í d. hefi ég ekki heyrt á pólitískum fundum, þar sem þó sitt af hverju er látið fjúka. En það verður að virða manni til vorkunnar, þegar talað er fyrir munn þessara manna, þó að nokkuð stór orð séu notuð.

Hv. 1. þm. Skagf. taldi það fjarstæðu eina, að sjálfstæðismenn vildu minnka kaupgetuna. En það er ekki að undra, þó að sjálfstæðismenn hafi séð eftir því, hversu opinskáir þeir hafa verið undanfarið um þetta efni. Undanfarna daga hefir einmitt komið mjög skýrt fram stefna flokksins í þessu máli, einmitt í ræðum hv. 1. þm. Reykv., sem verið hefir frsm. flokksins í fjármálum. Nú er annar maður gerður að frsm., og tel ég ekki ólíklegt, að það sé í sambandi við hreinskilni hv. 1. þm. Reykv. um stefnu *flokksins í þessu máli. En til þess að færa sönnur á mál mitt, vil ég*, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp örfá ummæli úr grein eftir þennan hv. fyrrv. frsm. Sjálfstfl. í fjármálum. Hv. þm. lét orð þessi falla í Ed. í umr. um frv. til gjaldeyrisl., sem ég hefi lagt fyrir þingið, og þau voru síðan prentuð í grein í Morgunblaðinu 21. nóv. síðastl. undir nafninu „Greiðslujöfnuður og gjaldeyrir“. Þar stendur m. a.:

„Kaupgetuna verður að takmarka, með gætilegri fjármálastjórn þess opinbera og íhaldi bankanna um lánveitingar“.

Og nokkru síðar í greininni stendur:

„Fjármálaráðherrann hefir að vísu sagt, að stefna stjórnarinnar sé sú, að auka kaupgetuna jafnhliða því að bæta greiðslujöfnuðinn. En þetta er eitthvert mesta óvit, sem heyrzt hefir“.

Þetta er ekki í fyrsta sinnið sem það hefir verið kallað óvit af stj. að halda fram þeirri stefnu, að auka kaupgetuna og koma jafnframt í veg fyrir það, að sú aukning kaupgetunnar verði til vaxandi eftirspurnar eftir erlendum vörum. Þetta er vitað, að er stefna flokksins, og það kom enda skýrt fram í þessum hreinskilnislegu yfirlýsingum hv. 1. þm. Reykv., fyrrv. frsm. flokksins í fjármálum; allar till. flokksins á þingi benda líka í þessa átt, að flokkurinn ætli sér að „slá á kaupgetuna“, eins og hv. 1. þm. Reykv. hefir orðað það. En það þýðir, að framkvæmdir verði sem minnstar, að atvinna verði sem minnst. En það er von, að þeim sviði að fá svona yfirlýsingar á sig, jafnframt því að hv. þm. G.-K. er að tala hjartnæm orð og mörg um það, hve landbúnaðinum væri það mikils

virði, ef kaupgetan væri aukin. Samt kallar hv. 1. þm. Reykv. það óvit af mér að stefna að aukinni kaupgetu. — Hv. 1. þm. Skagf. talaði um, að þetta væri útgjaldahæsta fjárlagafrv., sem hér hefði sézt. Þetta er rétt, þetta frv. er útgjaldahærra en fjárlagafrv. hafa verið áður. En ég gerði grein fyrir því, þegar ég lagði frv. fram, að ⅔ hlutar þess mismunar, sem er á útgjöldum þessa fjárlagafrv. fyrir 1935 og fjárl. fyrir 1934, er fram komið sem leiðrétting á áætlunarupphæðum. Ég hefi viljað áætla upphæðirnar svo, að lítil líkindi væru til þess, að eyðslan færi fram úr því. — Ef sú regla er höfð um áætlanir, knýr það menn til að sjá fyrir tekjum, sem nægja til útgjaldanna. En sé alltaf áætlað of lágt, er frekar látið undir höfuð leggjast að afla nægilegra tekna. Það er rétt, að stj. hefir lagt til, að 600—700 þús. kr. verði veittar í viðbót við það, sem ákveðið er í fjárlagafrv., til þess að auka atvinnu í landinu og jafna kjör manna. — Hv. þm. spurði, hvort ég væri það barn að halda, að raunverulegar greiðslur ársins 1935 færu ekki fram úr áætlunum frv. Ég segi ekkert um nema svo kunni að fara. Og ég held, að þessi hv. þm. þurfi ekki að setja sig á háan hest yfir mér í þessu máli, hann hefir verið forystumaður flokks hér á þingi, sem afgr. fjárl. svo, að gjöldin hafa verið áætluð vísvitandi of lágt á mörgum liðum, og þegar svo er, getur Alþ. ekki horft fram á rétta mynd af fjármálunum. — Í sambandi við öflun nýrra tekna sagði þessi hv. þm., að ekki gætu bændurnir, útgerðarmenn eða iðnaðarmenn borgað aukna skatta, ekki væri hægt að taka meira af embættismönnum, hvar ég ætlaði mér að leggja á hækkaða skatta. Því hefi ég svarað með frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem stj. hefir lagt fyrir þingið. Tekjuskatturinn snertir ekki nema að litlu leyti bændur og útvegsmenn, en hann kemur fyrst og fremst niður á þeim, sem hafa hreinan ágóða af rekstri sínum, og er það í fyllsta samræmi við stefnu stjórnarflokkanna, að leggja tekjuskatt á þá menn, sem hafa hreinan ágóða af fyrirtækjum sínum, en létta á þeim, sem engum hreinum gróða ná. Það eru mennirnir, sem hv. þm. segir, að geti ekki borið aukna skatta. En samt hefir Sjálfstfl. staðið á móti þessu skattafrv. Hvaða samræmi er nú í þessu? Þessum mönnum, sem hv. þm. taldi upp, yrði heldur ekki mikið fyrir því, þótt hækkaður væri tollur á óþarfavarningi, þeir munu ekki að jafnaði kaupa mikið af slíkum vörum. — Skattamálastefna stj. miðar að því, að þurfa ekki að taka tekjur sínar af þeim mönnum, sem sama og ekkert bera úr býtum af sínum atvinnurekstri, heldur öðrum. En skattamálastefna Sjálfstfl. er sú, að vanti ríkissjóð tekjur, er þeim náð með því að leggja hlutfallslega jafnt á alla, með sköttum og tollum. Ef horfið væri að þeirri stefnu, að hækka um einhvern ákveðinn hundraðshluta vörutolla, verðtoll, útflutningsgjald o. s. frv., gæti það komið illa niður á þessum mönnum, sem hv. þm. taldi upp og sagði, að engin aukin útgjöld þyldu. En þetta er stefna Sjálfstfl., samkv. áliti því, er síðasti landsfundur flokksins samþykkti og er æðsta starfsskrá flokksins.

Ég ætla ekki að fara mikið út í það að svara hv. þm. V.-Húnv. Þó vil ég benda á það, að öll þátttaka þessa hv. þm. í eldhúsumr. hefir gengið út á það, að reyna að gera tortryggileg fyrir bændum þau framlög, sem veitt hafa verið til verkafólks og sjómanna. Hann heldur því fram, að hægt hefði verið að fá stóreflis framlög til hjálpar bændum, án þess að sinna að nokkru hliðstæðum kröfum annara stétta. Ég vil spyrja þennan hv. þm., hvernig hann haldi, að tekizt hefði að ráða fram úr afurðasölumálum bænda án þess að tillit hefði verið tekið til þarfa annara stétta um leið? — Þá talaði hv. þm. um það, að ekki sæi á, að peninga vantaði, þegar um bitlinga væri að ræða, og staðhæfði, að í frv., sem stuðningsflokkur stj. bera fram, væri stofnað til 200 nýrra embætta. Ég vildi mælast til þess, að hv. þm. flytti einhver rök fyrir þessu. Ennfremur minntist ræðumaður á, að ein af n. þeim, er stj. hefði skipað, hefði ráðið sér skrifstofustjóra með 600 kr. launum á mánuði. En það er ábyggilegt, að þessi maður hefir meira starf með höndum en það, sem hv. þm. V.-Húnv. fær 450 kr. fyrir á mánuði, en það er í því fólgið að starfa 2 klst. á dag í gjaldeyrisn. Samt þykist þessi hv. þm. vera að hneykslast á því hér í útvarpið, að maður fái 600 kr. á mánuði fyrir fullt starf, og þegir um þessar 450 kr., sem hann hirðir á mánuði hverjum fyrir stund úr degi hverjum, — já, og mætir ekki margan daginn. Hann talaði um allt hið feita og girnilega hangikjöt í eldhúsi stj., og um það talar hann af þekkingu, því að hann hefir sannarlega ekki farið varhluta af bitunum úr því eldhúsi undanfarið.

Ég skal viðurkenna, að ekki er gustuk að bæta mikið á áhyggjur hv. 10. landsk., en verð þó að minnast á eitt atriði í ræðu hans. Hann talaði um þær framkvæmdir stj. að endurgreiða sjómönnum síldarútflutningsgjaldið sem hlutaruppbót. Og ekki hefði stj. verið að borga þeim mest, sem minnstan höfðu hlutinn, sagði hv. þm. Nei, þeir, sem stærstan höfðu hlutinn, fengu mesta uppbót, og hv. þm. var stórhneykslaður á þessu. Nú vil ég spyrja hv. 10. landsk., sem flytur till. í hv. Ed. um að borga bændum kjöt, — ætlar hann að leggja til, að bændum verði borgað þetta í öfugu hlutfalli við það kjöt, sem þeir hafa lagt inn í kaupstaðnum? Nei, þessi hv. þm. ætti ekki að vera að býsnast yfir því, að sjómönnum sé greidd hlutaruppbót í réttu hlutfalli við afla þeirra, þegar hann leggur til, að samskonar aðferð verði höfð þegar bændur eiga í hlut. En þetta dæmi sýnir ljóslega málaflutning Bændaflokksmanna; fyrir þeim vakir það eitt, að gera ráðstafanir stj. tortryggilegar fyrir bændum.

Eitt var merkilegt í ræðum þeirra hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. V.-Húnv., og það var, að þeim gleymdist alveg að skýra hlustendum frá því, hvernig þeir hugsuðu sér framkvæmd allra þeirra stóru og miklu mála, sem flokkar þeirra flytja nú á þinginu til hjálpar útvegsmönnum og bændum, án þess að nokkursstaðar mætti hækka skatta. Ég beið satt að segja eftirvæntingarfullur eftir því að heyra leiðir þeirra til fjáröflunar handa skuldaskilasjóðnum, fiskveiðasjóðnum, svo að nefnd séu dæmi. En hvorugur þessara hv. þm. minntist á þetta einu orði. En viðvíkjandi þessum frv. sínum á Sjálfstfl. nú aðeins um tvær

leiðir að velja. Önnur er sú, að taka aftur allt það, sem þeir hafa sagt um það, að ekki mætti hækka skattana, til öflunar fjár á móti útgjöldum þeim, sem frv. hafa í för með sér, ef samþ. verða. Hin er sú, að viðurkenna, að engin leið sé til þess, að till. þeirra verði samþ. Ég heyrði það á ræðu hv. 1. þm. Skagf., þótt ekki segði hann það beint, að nú hefir flokkurinn valið um þessar leiðir; hv. þm. hélt sér nefnilega fast við það, að undir engum kringumstæðum mætti hækka skattana. Þar með verður að líta svo á, að gjaldatill. sjálfstæðismanna séu sjálfdæmdar, fyrst flokkurinn sér enga leið til að auka tekjur ríkissjóðs svo, að jöfnuður fáist, ef þær verða samþ. Ég geri mig ánægðan með þessa yfirlýsingu.

Því hefir oft verið haldið fram af stjórnarandstæðingum, að það væru sósialistar, sem öllu réðu um gerðir stj., og hagsmunum kjósenda okkar framsóknarmanna væri alveg stungið undir stól. Þetta væri þung ásökun, ef hún hefði við eitthvað að styðjast. En ég vil benda t. d. á afurðasölumálin. Ekki hefir stj. tekið upp ríkisrekstrarstefnu sósialista í þeim. Í fisksölumálunum er með frv. um fiskimálanefnd stuðlað að samtökum þeirra, sem að fiskframleiðslunni standa. Þar er að vísu einkasöluheimild, en til er ætlazt, að einkasala verði síðasta úrræðið, ef allt annað bregzt. Bendir þetta til þess, að Framsfl. hafi svikið stefnu sína? Nei, það er sama, hvernig á það er litið, það verður ekki sýnt fram á með rökum, að Framsfl. hafi hvikað frá stefnu sinni. Þetta eru slagorð, sem andstæðingar okkar búa til, og við ekkert hafa að styðjast. Þessari sósialistagrýlu hefir verið haldið á lofti stöðugt síðan 1927, og enn á það að vera mikið atriði í baráttu Sjálfstfl. og Bændafl. að reyna að fá bændur til að trúa því, að Framsfl. sé runninn inn í flokk sósialista. En þetta er gersamlega hætt að hafa áhrif. Fólk er hætt að trúa á Grýlu, nema örfáar lítilsigldar sálir, sem þá vafalaust eru í Sjálfstfl. áður.

Ég benti á það um daginn í útvarpsumr. um skipulagsn. atvinnumálanna, hvílíkur tviskinnungur er í þessari agitation. Bændum er sagt, að framsóknarmenn séu gengnir sósialistum á hönd, en verkamönnum er talin trú um það, að sósialistar séu gengnir undir stj. Framsfl., og ráði nú engu. Það kveður svo rammt að, að stundum þegar einhver sjálfstæðisþm. er að tala um það hér í Nd., að við séum í vasa sósialista, þá er annar sjálfstæðisþm. að þruma um það í Ed., að sósialistar séu nú einskis orðnir ráðandi fyrir okkur framsóknarmönnum. Og þarna er þó ekki nema ein hurð á milli. Ég ætla að lesa upp svolitlar klausur úr ræðum þessara manna til að sanna mál mitt. Í umr. um bifreiðaskattinn í Ed. segir Magnús Jónsson, hv. 1. þm. Reykv.:

„En ég fer nú að efast um andstöðuna, úr því að hv. þm. Alþfl. hér í d. hafa greitt atkv. með innflutningshöftunum, sem þeir áður hafa verið mjög á móti. Ég sé nú, að þeir hafa orðið að kaupa dýru verði að fá að sitja í sólskininu stjórnarmegin, og ef til vill eiga þeir nú að greiða hluta af því gjaldi".

Sami hv. þm. lýsti því yfir í umr. um mjólkurmálið, að við framsóknarmenn hefðum sett handjárn á sósialista í því máli. En rétt um sama leyti segir hv. þm. Snæf. hér í Nd. eftirfarandi:

„Langmestur hluti þeirra, sem kusu Framsfl., hefir ekki ætlazt til, að sá flokkur gengi óskiptur sósialistum á hönd og léti þá eina öllu ráða".

Svona er samræmið. Þessir hv. þm. tala bara eftir því, sem þeim finnst við eiga í það og það skiptið, eftir því, hvort tilætlunin er sú, að blekkja bændur eða verkamenn. — Ég skil ekki í öðru en allir heilvita menn séu hættir að taka mark á þessum heimskulega rógi.

Því er haldið fram, að síðan samvinna hófst milli framsóknarmanna og jafnaðarmanna um stjórnarmyndun, þá hafi eingöngu verið teknar till. frá sósialistum og reynt að framkvæma þær. Ég vil nefna eitt atriði í sambandi við ræðu hv. þm. G.-K., sem hann var að reyna að gera að stóru atriði. Hann sagði, að það væri bert, að við framsóknarmenn hefðum gengið inn á þá stefnu jafnaðarmanna, að gera allar jarðir að ríkiseign. Maður skyldi nú ætla, að þeir hefðu ekki verið margir, sem hefðu trúað okkur framsóknarmönnum til þess að fara með umboð sitt, ef þeir hefðu vitað þetta. En sannleikurinn er sá, að þetta hefir verið eitt af kosningamálum framsóknarmanna og var nefnt í kosningaávarpi flokksins við síðustu kosningar. Sá, sem ekki fylgist betur með, getur ekki ætlazt til þess, þegar hann er að gagnrýna aðra flokka, að hann sé tekinn alvarlega. Eða var það mál jafnaðarmanna að fá leyst kjötmálið og mjólkurmálið? Þessi stærstu mál landbúnaðarins voru ekki leyst á meðan sjálfstæðismenn höfðu aðstöðu til þess að leysa þau. En í samvinnu við jafnaðarmenn tókst framsóknarmönnum að leysa þessi mál, sem ekki var hægt að leysa í samvinnu við sjálfstæðismenn. Jafnaðarmenn fá í staðinn lausn þeirra mála, sem er þeim fyrir miklu. Samvinnunni milli þessara flokka er þann veg háttað, að þar eru tekin höfuðatriðin úr dagskrárstefnumálum okkar framsóknarmanna og jafnaðarmanna og stjórn mynduð á þeim grundvelli að leysa þessi mál. Framsfl. fær leyst kjöt- og mjólkurmálið, en jafnaðarmenn fá þar á móti, að framsóknarmenn ætla að leysa tryggingarmálin með þeim; sömuleiðis á að lækka útflutningsgjald af síldarafurðum og endurgreiða síldartoll til sjómanna, en þá um leið fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum. Samvinnan er þannig, að jafnað er saman áhugamálum framsóknarmanna og jafnaðarmanna. Sjálfstfl. hefir ekki fengizt til þess að leysa áhugamál bændanna, og sýnir það, hverra hagsmuni flokkurinn lætur ganga fyrir, ef hann fær að ráða. Þetta sýnir líka mætavel, að grundvallarstefna Bændafl. er röng, en hún er sú, að bændum beri að vinna til hægri. Það er kannske það merkasta í sambandi við þessi mál, að það hefir sýnt sig, að ef bændur eiga að fá sín stærstu mál leyst, þá verða þeir að vinna til vinstri.

**Þorsteinn Briem:** Herra forseti! Hv. þm. G.-K. er ekki viðstaddur, og þess vegna mun ég geyma mér að svara þeim orðum, sem hann beindi til

mín, þangað til síðar. Allir þeir, sem lesið hafa dagblöð Sjálfstfl., munu og sjá, að ég fór þar með rétt mál, er ég deildi á hann fyrir framkomu sína í afurðasölumálunum, þó að formaður flokksins væri að reyna að bera í bætifláka fyrir þau. Ég mun ekki svara löngu máli ræðu hæstv. forseta (JBald), heldur geyma mér það þangað til síðar. Ég vil þó mótmæla því, sem hann sagði um það, að ég vildi reka hnífla í sjómannastéttina. Ég greiddi í því máli atkv. með því atriði, sem ég taldi að færi í sanngirnisáttina. En úr því að sjómenn fengu þessa hlutaruppbót, þá átti því síður að setja bændur hjá. Hann sagði, að mér hefði tekizt illa að vinna fyrir bændastéttina. Ekkert þing hefir þó verið stórtækara í því að vinna fyrir bændur en þingið 1933. Eftir þinglokin þá kom til mín einn af elztu þm. að þingsetuárum og sagði, að hann hefði aldrei verið á þingi, sem eins mikið hefði verið gert fyrir bændur og þá var gert. En það, sem gert var fyrir landbúnaðinn á þinginu 1933, það var gert annaðhvort í samráði við mig, eða fyrir mitt frumkvæði. Ég vil því reka til baka þessar órökstuddu árásir í minn garð. Um vegavinnukaupið mun ég tala síðar, því mig vantar gögn í því máli, sem eru nú heima hjá mér, en ég mun sýna síðar í umr. Hæstv. forseti talaði um, að sér væri illa við það, að menn töluðu af „innri sannfæringu". Hann vill þá víst heldur, að menn tali af „ytri sannfæringu". Eða standa þeir menn honum nærri, sem bregða yfir sig „sannfæringunni" eins og einhverjum ytri hjúp?

Hæstv. fjmrh. var að tala um það, að ég hefði fundið að því, að hlutaruppbótin til sjómanna var greidd þannig, að þeir, sem báru beztan hlut frá borði, fengu mest, en hinir sama sem ekkert, er minnst báru úr býtum. Hann deildi á till. mína um verðuppbót til kjötframleiðenda og var að tala um, að þar hefði átt að fara eftir magni kjötsins. Vill þá hæstv. fjmrh., að þeir fái mesta uppbót, sem hafa bezta aðstöðu til mjólkurframleiðslu og standa því betur að vígi en hinir, þótt þeir selji minna kjöt?

Þá kem ég að því mikla nafni, sjálfum hv. forsrh. Það var ekki um að villast, að hann fann til þeirrar tignar, sem hann er nú nýhafinn til, að vera forsætisrh. landsins. En þó að hin skjótfengna sæmd hafi stigið honum til höfuðs, þá hefði hann samt mátt minnast þess, að hárri stöðu hæfir allt eins vel almenn hófstilling í orðum og framkomu eins og þetta ógnarlega mont og mikillæti, sem hann var alveg barmafullur af. A. m. k. hefði hann mátt muna málsháttinn, að fyrr er nú fullt en að það flói svona út af.

Ég þóttist sjálfur hafa talað æsingalaust og stillt orðum í hóf, því að ég ætlaði ekki að egna að fyrra bragði vanstillt skap. Eftir viðeigandi inngang hóf hann máls á því, að þessi flokkur, sem ég til heyri, Bændafl., væri steindauður. En í sömu setningu sagði hann þó, að flokkurinn héldi uppi flokksstarfi. Þetta er nú svo sem minnsta dæmið um röksemdafærsluna og hugsanaganginn, að tala um, að sá starfi, sem er ekki aðeins blátt áfram dauður, heldur steindauður.

En höldum okkur nú samt við þennan nýstárlega hugsanagang og rökvísi forsrh. Hvers vegna eyddi hann þá öllum ræðutíma sínum og öllu sínu púðri á þennan steindauða flokk? Er það ekki einmitt vottur þess, að hann óttast þennan flokk, einmitt mest nú, þegar hann er að þurrka af sér hin gömlu einkenni flokks síns, meðan hann var bændaflokkur, og er að gera hann að ósjálfstæðum fylgiflokki sósíalista, eins og hann var sjálfur ósjálfstæður fylgisveinn sósíalista í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Þá reyndi hann að verja þá einu breytingu, sem hann gerði á kjötsölufrv. fyrrv. stjórnar. að bola fulltrúa frá Búnf. burt úr kjötverðlagsnefnd til þess að skoðanabræður sósíalista í þessu máli fengju þar manninum fleira. Hann sannaði þar rækilega, að hann ætlaði ekki ísl. bændastétt hinn sama metnað og hin norska bændastétt hefir, þar sem ekki aðeins allsherjarbún.fél. þeirra, heldur 6 önnur bændafélög kjósa sér fulltrúa til að fara einir og óháðir með kjötsölumálin. Það er auðséð, að hann telur það ofrausn ísl. bændum til handa, að ætla þeim hinn sama rétt og bændur frændþjóðar okkar hafa talið sér sjálfsagðan og gefizt vel.

Hann sagði, að tillaga Bændafl. um að þetta væri lagfært, svo að ísl. bændur fengju nokkuð í áttina til sama réttar og norskir bændur heimtuðu, hefði orðið til að sprengja málið. — Jæja! — Átti þá forsrh. von á kárínu frá foringjum sósíalista, ef bændur fengju meiri rétt? Eða ætluðu þeir að kasta honum út úr stj., ef ekki væri hlýtt þeirra æðri skipan? Mig grunaði reyndar, að þar væri fiskurinn falinn. En þ. e. eigi að síður gott að fá þessar upplýsingar.

Ég skýrði frá því á föstudagskvöldið var, að ég hefði kallað eftir skýrslum útflytjenda á **saltkjöti af framleiðslu ársins 1933** til þess að **geta greitt verðuppbót** til bænda á útflutt kjöt fyrir það ár. En skýrslurnar voru ekki nema örfáar komnar fyrir stjórnarskiptin. Ég ítrekaði þessa auglýsingu í Lögbirt.bl. og ég lét lesa auglýsinguna upp í útvarpinu hvað eftir annað í samfleytt tvo mánuði, til þess að herða á, að þessar skýrslur kæmu sem fyrst. En þær voru samt ekki nærri allar komnar fyrir stj.skiptin.

Til hvers þurfti ég að fá þessar skýrslur? Til hvers lagði ég svona ríka áherzlu á, að skýrslusendingunum væri hraðað? Til hvers gat það verið annars en til þess að geta greitt bændum verðuppbótina skv. skýrslunum? Þetta, að ég kalla svo oft eftir skýrslunum, er einmitt yfirlýsing til alþjóðar um þetta. Og var það í samræmi við orð mín, sem ég hafði sagt hér á sjálfu Alþingi um þetta síðastl. vetur.

Og svo brýnir hæstv. forsrh. sína sterku raust á föstudagskvöldið var og spyr: „Hvers vegna lét maðurinn menn ekki vita, að hann ætlaði að greiða verðuppbótina?" Eftir að ég er búinn að auglýsa þetta margsinnis, bæði í Lögb.bl. og útvarpinu, til staðfestingar orðum mínum á sjálfu Alþingi, þá hrópar hæstv. forsrh. út til alþjóðar: „Hvers vegna lét maðurinn menn ekki vita þetta?"

Ég leyfi mér að spyrja þá, sem hlýða á mál mitt: Er hægt að sýna öllu meiri óskammfeilni og einurð til þess að reyna að rugla menn með blekkingum en hér er gert? En hitt skal ég játa, að getan hefir ekki verið eins *mikil og viðleitnin hjá hæstv. forsrh.*!

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir það, að hann ætlar nú loks að greiða verðuppbótina fyrir áramótin. Og er gott að heyra, að háværar kröfur um þetta, m. a. af hendi Bændafl., hafa loks haft þennan árangur.

Það hneykslaði mjög hv. forsrh., að ég hafði sagt það — um leið og ég lagði áherzlu á það *gagn, sem orðið hefði af kjötsölulögunum* —, að að vísu hefði hvort sem er mátt búast við nokkurri verðhækkun síðastl. haust á innlendum markaði móts við árið áður. Ég byggði þetta á því, að í haust fengu kaupfélögin þær upplýsingar í byrjun sláturtíðar, að verð á freðkjöti mundi verða svipað og 1933, en þá höfðu menn brennt sig á því að setja kjötverðið *innanlands of lágt í byrjun. Enskt og skozkt* dilkakjöt var í hærra verði í sumar í Englandi en árið áður og mátti því ætla, að aðflutt kjöt lækkaði ekki. Hygg ég því, að menn hefðu skv. þeim fréttum sett kjötverðið innanlands hærra en árið áður, vegna þeirra upplýsinga, sem fyrir lágu þá í byrjun sláturtíðar um útlitið á enska markaðinum, þó að það *útlit breyttist tilfinnanlega til hins verra* þegar leið fram á haustið. Að þetta hafi líka verið álit þeirra, sem þessum málum eru nákunnugastir, má og sjá af því, að verðjöfnunargjaldsheimildin var ekki notuð nema að ¾ hlutum skv. kjötsölulögunum. Enginn getur ímyndað sér, að kjötverðlagsnefndin hefði ekki notað verðjöfnunargjaldsheimildina að fullu, ef hún hefði ekki í byrjun sláturtíðar *búizt* við mun hærra verði en raun varð á. Hún hefði ekki vitandi vits stefnt út í þann voða, sem nú er fyrir dyrum, þar sem enska verðið hefir stórhrapað á freðkjöti, en verðjöfnunarsjóður hrekkur vart til að bæta upp útflutta kjötið, nema um 3—5 aura á kg. í mesta lagi, ef jafnað er niður á kjötið allt. Sýnir þetta, að í byrjun sláturtíðar í haust voru kunnugustu menn bjartsýnir á enska markaðinn. Og er þá sízt fjarri að ætla, að þessi bjartsýni um enska verðið hefði haft hækkandi áhrif á kjötverðið innanlands, hvað sem hefði liðið innlendum ráðstöfunum.

Ég segi þetta ekki til að draga úr gagni og nauðsyn kjötsölulaganna, enda hefði það komið niður á sjálfum mér, þar sem kjötsölulagafrv. var undirbúið fyrir stjórnarskiptin, heldur til þess að benda á, hve hæstv. forsrh. er annaðhvort ókunnugur málinu, eða fljótur að bregða fyrir sig blekkingum, þegar svo býður við að horfa.

Þá var hann að fetta fingur út í það, að ég sagði, að ekki mundi hafa verið ástæða til að setja kjötverðið í sept. síðastl. lægra en árið áður, eins og skýrslur hagtíðindanna sýna svart á hvítu. Ég gat um þetta til þess að sýna, að aðfinnslur tveggja dagblaða Sjálfstæðisfl. þegar í sept. um of hátt verð á kjötinu hefðu verið tilefnislausar, og að ástæðulaust hefði verið að lækka útsöluverðið frá því, sem það var á sama tíma árið áður. Hæstv. ráðh. sagði, að lækkun á sölukostnaði kjötsins hefði fullkomlega bætt bændum þetta upp. En mega þá ekki bændur njóta sjálfir þeirrar lækkunar, sem unnt er að ná í sölukostnaðinum? Veitir þeim af að njóta hennar að fullu, eins og hag þeirra er komið, þar sem búin geta ekki, þrátt fyrir þeirra mikla erfiði, borið sig?

Ég vék að því áðan, hvílikt verðhrun hefði orðið á freðkjöti á enskum markaði frá því, sem kunnugir menn bjuggust við í byrjun sláturtíðar. Þetta er svo alvarlegt mál fyrir mikinn hluta bænda, að ég kemst ekki hjá því að fara um það nokkrum fleiri orðum. Það er eins og stendur ekki hægt að búast við, að bændur fái úr verðjöfnunarsjóði meira en 3—5 aura á kg. í uppbót á útflutt kjöt. Og kemur þetta tilfinnanlegast niður á þeim bændum, sem urðu fyrir mestum hnekki vegna ótíðarinnar síðastl. sumar. Ég flutti því þá brtt. við *kjötsölulögin*, að *ríkisstj.* væri heimilað að greiða þessum bændum aukaverðuppbót úr ríkissjóði, sem þannig yrðu verst úti, til samræmis við kjötverð á innlendum markaði. Hæstv. forsrh. sagði, að hann hefði nú sjálfur verið farinn að íhuga þetta mál áður en till. mín kom fram. Og hann sagðist hafa getið um það í hv. Nd., að hann ætlaði að fela öðrum að íhuga það líka. *Þetta er sjálfsagt satt. En mér var* það bara ekki kunnugt. Enda á ég, skv. eftirminnilegum úrskurði, sæti í Ed. og get því ekki fylgzt með hverju orði, sem sagt er í báðum deildum. En ég hefi spurzt fyrir um þetta meðal samflokksmanna minna í Nd., og þeir hafa ekki heyrt það. Ég verð því að ætla, að hæstv. ráðh. hafi ekki brýnt eins röddina þegar *hann var að tala um þetta í Nd. eins og* þegar hann var að kasta til mín skætingi fyrir þessa till., bæði þegar ég bar hana fram í Ed. og á föstudagskvöldið. Eða þá að orð hans um þetta hafi ekki verið svo ákveðin, að eftir þeim væri tekið. Þá hafði það blað hér í bæ, sem annars getur flestra meiri háttar verka ráðherrans, ekki getið um þetta. Verð ég því að telja mér það vansalaust, *þótt mér væri* ekki kunnugt um þetta.

En hvað sagði þá hæstv. ráðh., þegar hann mælti á móti till. í Ed.? Það heyrði ég. Jú, hann kvaðst ætla að láta rannsaka þetta og íhuga. Og ef ástæða þætti til, þá mætti setja heimild eða fjárveitingu til þess í fjárlög að ári. En bændur fá nú tæplega peninga til hinna óumflýjanlegu fóðurbætiskaupa í haust og annara nauðsynja út á svona lauslegt tal um rannsóknir og íhugun, og um að setja megi heimild til þess í fjárlög að ári. Það væri auðvitað sök sér, ef ráðh. vildi lána bændum síldarmjöl út á þetta lauslega tal sitt. Hæstv. forsrh. sagði og, að það ætti ekki við að setja svona ákvæði í lögum. Eins og heimildir til að greiða eitt og annað úr ríkissjóði, sem óþarfara er, séu ekki oft settar í lög? Það ætti honum sjálfum, sem er lögfræðingur, að vera kunnugt.

Nei, þetta er ekki frambærileg ástæða. Það eru aðeins undanbrögð, En það goppaðist nú reyndar, líklega þó alveg óvart, upp úr hæstv.

forsrh., hver væri ástæðan til þess, að hann fékk allt sitt fylgilið yfir til þessara tveggja sjálfstæðismanna í Rvík, sem greiddu atkv. gegn tillögunni. Hann sagði: „Ég kann ekki við að taka við tillögum frá Bændafl.“. Ég skrifaði orðin hjá mér, svo að þau sæust í þingtíð., ef hann kynni að breyta þeim í handriti skrifaranna, því þetta eru eftirtektarverð orð og einkennandi fyrir þennan hæstv. ráðh. og form. stj. Þau sýna, að hann hefir verið námfús á þá reglu, sem alþm. einn og stjórnmálaleiðtogi vildi kenna nýjum þingm. og samflokksmönnum sínum. Hann sagði, að það væri til mjög auðveld og algild regla fyrir þá, sem vildu vita hið rétta í hverju þingmáli. Og það væri að kynna sér, hvernig tilteknir andstæðingar litu á málið og hvað þeir segðu um það. Ef andstæðingarnir teldu málið gott, þá væri málið vont mál og þá ætti að vera á móti því. En ef einhver andstæðingur teldi eitthvert mál athugavert, þá væri málið áreiðanlega gott og sjálfsagt að vera með því.

Ég sé, að hæstv. forsrh. hefir verið námfús. Ég sé það mér til vonbrigða, að þetta á að vera stjórnar- og þingregla hans, ef svo verður fram haldið sem nú er byrjað. Það á ekki að kynna sér málin sjálf og rannsaka, hvort þau eru nýtileg, það er nóg að sjá, hver flytur þau. Það er sama, hvað mikið nauðsynjamál er flutt af manni úr andstæðingaflokki þá á að hrakyrða það og drepa það þegar í stað. En til hvers er þá verið að halda Alþingi? Eru þá ekki flokksþingin nóg, þegar stjórnin er hvort sem er orðin flokksstj., en ekki landsstjórn? Það er þá þess vegna, að svona var tekið á móti hinni stórnauðsynlegu breyt. á jarðræktarl. og öðrum nauðsynjamálum, sem Bændafl. hefir flutt. Stjórnarflokkarnir sjá, að þau eru þörf og nauðsynleg. En bara af því að andstæðingar flytja þau, þá leggjast þeir á móti þeim. En ég er nú samt á því, að á móti góðu máli verði aldrei spyrnt til lengdar. Og jafnvel stjórnarflokkarnir muni neyðast til að verða þeim fylgjandi um síðir í einhverri mynd. Þeir munu kannske breyta þeim eitthvað og reyna að marka þau undir sitt mark fyrst, til þess að geta þakkað sér þau. En þau munu ganga fram að lokum. **Og sjá menn þá, að Bændafl. hefir hlutverk að vinna. Hann hefir það hlutverk, að koma nauðsynjamálunum á framfæri, sem andstöðufl. neyðast til að taka tillit til,** þó að þau verði ekki að lögum fyrr en andstöðufl. hafa getað markað þau undir sitt mark og eignað sér heiðurinn.

Þá var hæstv. forsrh. að reyna að verja mjólkurlækkun sína, sem sett var á áður en mjólkurlögin voru að öðru leyti komin til framkvæmda. Og hann bar fyrir sig reikninga, sem hann hefði látið Pál Zóphóníasson gera um einhvern gróða upp á kr. 14093,11, sem bændur fengu fyrir mjólkurlækkunina. Hann nefndi nú ekki, við hvað langan tíma sá gróði væri miðaður, hvort heldur viku, mánuð eða ár.

Ég held, að bændur hér í nánd skilji nú tæplega þessa útreikninga. Og þeim mun finnast þessi gróðinn heldur léttur í buddunni enn. Og ég hefi heyrt, að sumir þeirra telji, að það hefði verið vissara að fá Þóri Guðmundsson, kennara á Hvanneyri, til að endurskoða þessa reikninga, eins og suma útreikninga þessa manns áður, svo sem sjá má í Búnaðarritinu.

Annars get ég upplýst það, að sú lækkun sölu- og dreifingarkostnaðar, sem um er að ræða hér í Rvík, hún var komin á í vor og sumar, áður en mjólkurlögin komu til sögunnar. Mjólkurfél. Rvíkur hafði tekizt, með nýjum samningum, sem hafnir voru síðastl. vor við mjólkurbúðirnar, að lækka sölukostnaðinn sem svarar 1,4 eyri að meðaltali. Þetta gerðist áður en mjólkurverðlagsnefndin var sett á laggirnar. En þegar mjólkurverðlagsnefndin kemur, þá er það hennar fyrsta verk, að taka af framleiðendunum þennan gróða, sem þeir höfðu sjálfir skapað sér, og lækka mjólkina fyllilega sem þessu svarar, þannig að neytendurnir fengju hann allan, en bændurnir ekkert af honum. Þeir urðu auk þess að tapa 0,6 eyri af hverjum lítra. Og svo er enn, þar til einhver sparnaður kemst á vegna laganna. Þetta er hægt að sanna skjallega, ef krafizt verður.

Annars getur hver bóndi reiknað það sjálfur, hvað hann tapar á hverjum eyri, sem mjólkin lækkar. Bóndi, sem selur daglega t. d. 50 lítra af mjólk, tapar 50 aur. á dag, eða rúmum 180 kr. á ári fyrir hverja 1 eyris lækkun. Þetta eru peningar, sem bóndann munar um.

En þessir 50 lítrar dreifast á mörg heimili hér í Rvík, segjum 20 smáheimili, er hvert kaupir 2½ lítra á dag. Eins eyris lækkun munar þá hvert þeirra 2½ eyri daglega, eða 75 aura á mánuði hverjum. Það munar m. ö. o. ekki eins kaffibolla virði, ef hann er keyptur á kaffihúsunum, sem hér eru full kvöld eftir kvöld.

Eins eða tveggja aura lækkun á mjólkinni segir því ekki mikið fyrir hverja fjölskyldu hér í Rvík. En hún munar bónda, sem selur 50 lítra á dag, 180 kr. á ári fyrir hverja eins eyris lækkun. En nú er hér um 2 aura lækkun að ræða, og munar þetta þá 360 kr. á ári. Hér er því um lækkun að ræða, sem dregur neytandann engu, en munar framleiðandann því, að hann missir af möguleikanum til þess að geta greitt vexti af 6 þúsundum með 6% vöxtum.

Svo segir hann, að Bændafl. hafi ráðizt á mjólkurlögin sjálf, vegna þess að hann hefir átalið þessa óréttmætu mjólkurlækkun. Bændafl. hefir eindregið fylgt mjólkurlögunum. En hann hefir átalið svona framkvæmd á lögunum, áður en þau eru farin að gera bændum nokkurt gagn að öðru leyti.

Hæstv. forsrh. sagði, að ljótasta greinin, sem komið hefði um þetta mál, væri greinin „Eignarnám“ í blaðinu Framsókn. Ég skal nú lesa, með leyfi hæstv. forseta, nokkur orð úr þessari grein til að sýna þetta. Í greininni er talað um grein, sem þá var nýbirt í Alþýðublaðinu um mjólkurmálin, og í blaði Bændafl. segir svo m. a. um þessa grein Alþýðublaðsins: „Einn hinn nýkjörni þm. Alþfl., Sigurður Einarsson, krefst þess þar, að eignarnámið á afurðum bændanna, sem hann ber ábyrgð á og

tekur þátt í, það eigi að nota til að knýja fram stórfellda lækkun á annari aðalframleiðsluvöru bændanna — mjólkinni. Hann kveður upp þann dóm, að verðið á hverjum mjólkurlítra eigi nú þegar að lækka um 4 aura, og um áramótin næstum 7 aura.

Og Alþýðublaðið hefir í fullum hótunum um að láta sérfræðinga leggja ráðin á, hvernig draga megi úr mjólkurnotkun, til þess að hægt sé að knýja fram verðlækkun. Þetta er sami aðilinn, sem tekur afurðirnar eignarnámi af bændum. Þessar fráleitu kröfur ber Alþýðublaðið fram sömu dagana og fregnir berast um verðhækkun á öðrum matvörum. Þá á að taka vörur bændanna eignarnámi til að kúga niður á þeim verðið. Daginn eftir syngur Morgunblaðið sama sönginn.

Allir munu fylgjast gaumgæfilega með því, hver verða úrslit þessa máls. Allir, sem unna landbúnaði Íslands og meta gildi hans fyrir þjóðina, óska þess af alhug, að takast megi að ákveða bændum fullt og réttlátt verð fyrir afurðir þeirra. Þess verður að krefjast af ríkisstj., að hún hafi manndóm til að standa gegn hinum frekjulegu kröfum og ofsa Alþfl. og búi tryggilega um, að bændur fái greitt sannvirði framleiðslu sinnar".

Þetta kallar forsrh. það allra ljótasta, sem sagt hafi verið um afurðasöluna. M. ö. o. það er það allra ljótasta, sem hægt er að segja í garð bænda, að þeir eigi heimtingu á að fá fullt verð fyrir sínar afurðir, svo þeir fái lifað.

Þá er skiljanlegt, hvers vegna hæstv. forsrh. lét drepa tillögu okkar Péturs Magnússonar, sem átti að tryggja bændum það, að þeir nytu hagnaðarins af framkvæmd mjólkursölulaganna, a. m. k. þangað til búin gætu borið sig.

Ég stend nú í þeirri meiningu, að mjólkurframleiðsluna verði að stunda til þess að Reykjavík geti lifað. En hvernig er hægt að ætlast til annars en að þeir, sem stunda þessa framleiðslu, fái og það verð fyrir vöruna, að þeir geti líka fyrst og fremst lifað?

Forsrh. sagði, að það væru ósannindi, að landbúnaðarnefnd hefði umbætt frv. forsrh. um fasteignalánin og bætt við ákvæði um vaxtatillag. Hvað segir nefndin sjálf?

Í grg. frv. segir nefndin, að hún hafi bætt við frv. III. kaflanum. En þar er heimildin til þess að greiða vaxtatillag af fasteignaveðlánum bænda, þó að sú heimild nái ½% skemmra en nú er í lögum. Nefndin hefir því sannað mitt mál, en ósannað orð hæstv. forsrh.

Þá hafa 2 rh. verið að dylgja um það, að ég hafi haft heimild til þess að skipuleggja mjólkursöluna og kjötsöluna skv. lögum frá 1933. Sá þeirra, sem kunnugri er þessum málum, er nú reyndar fallinn frá því, að lagaheimild hafi verið til að skipuleggja sölu mjólkur. Enda er þar ekkert á skipulagningu minnzt, og hefir hann sjálfur sagt kónginum, að þau væru ónothæf. Á ég þar við l. um heilbrigðisráðstafanir við sölu mjólkur og rjóma frá 1933. Forsrh. sagði það sjálfur á föstudagskvöldið, að þessi lög hefðu verið „óframkvæmanleg" og „handónýt". Enda **gat hann ekki sjálfur framkvæmt þau sem lögreglustjóri, þó að svo væri fyrir hann lagt af stjórnarráðinu.** En hann hljóp þá í annað. Hann sagði, að ég hefði ekki getað komið fram mjólkurlögum á þinginu 1933. Þar var borið fram frv. um þetta efni, sem hefði líklega komið að notum ef það hefði verið samþ. óbreytt. Það var samþ. í Nd. þrátt fyrir andmæli sósialista. Það var samþ. við 2. umr. í Ed. og átti vís atkvæði við 3. umr. til þess að verða að lögum. En þá kemur alt í einu síðustu daga þingsins fram ósk frá Mjólkurbandalagi Suðurlands, um að fella burt allan innviðinn úr frv., svo að ekki *var eftir nema fyrsta greinin.* Þessa ósk bar Mjólkurbandalagið fram vegna þess, að fá þurfti afbrigði frá þingsköpum, þegar frv. kæmi aftur til Nd. En þar voru allir sósialistarnir á móti lögunum og þm. Sjálfstfl., þeir sem báru Rvík fyrir brjósti. Þess vegna var ekki hægt að fá afbrigðin í Nd., vegna Rvíkurþm. Sjálfstfl. og allra sósialista í deildinni. Mætti forsrh. því beina skeytum sínum til vina sinna sósialista heldur en til mín.

Þá kom forsrh. með þá ásökun, að ég hefði ekki notað heimild í lögum nr. 90 1933 til að skipuleggja kjötsöluna innanlands. Þetta er annaðhvort furðulegur óvitaskapur af lögfræðingi, eða undraverð blekking. Því að forsrh. gengur alveg framhjá því, með hvaða forsendum þessi ákvæði, sem hann á við í 8. gr. laganna nr. 90 frá 1933, eru sett. Þá stóð svo á, að Englendingar höfðu enn ekki gefið full svör um, hve mikinn innflutning á kjöti þeir vildu leyfa frá Íslandi. Vegna þeirrar hættu, sem þá var yfirvofandi um útflutningstregðu til Englands, þá *lét ég bæta þessari 8. gr. inn í frv. í Ed., til þess* að hægt væri að gera ráðstafanir, ef þessi markaður þrengdist. Ákvæðin eru sett beinlínis með þetta fyrir augum. Og þessu lýsti frsm. landbn. yfir í Ed. Nú rættist betur úr horfunum um enska markaðinn en á horfðist, þannig, að við höfum haft fullnægjandi innflutningsleyfi þar fyrir freðkjöt. Forsendur þær, sem lögin byggðust á, voru því ekki fyrir hendi1933. Þar sem við fengum innflutningsleyfi í Englandi fyrir allt okkar freðkjöt og við þurftum ekki að nota nema rúml. helming þess innflutningsleyfis, sem við höfðum í Noregi.

Skv. þessu er ljóst, að útlendi markaðurinn á kjöti var nægilega rúmur haustið 1933, og þar af leiðandi skorti heimild til þess að beita ákvæði 8. gr. laga nr. 90 frá 1933, til þess að ákveða með reglugerð, að komið yrði skipulagi á sölu kjöts innanlands. Ég hefi borið þetta undir ýmsa merka lögfræðinga, og þeir hafa allir talið, að undir þeim markaðsskilyrðum, sem voru haustið 1933, hafi ekki verið unnt að nota þessa heimild. *Því að dómstólarnir hefðu dæmt* reglugerðina skv. þeim lögum ógilda, þar sem þau skilyrði voru ekki fyrir hendi, sem þurftu að vera til þess að hún gæti haft gildi. Hér er því annaðhvort um óvit eða blekkingu að ræða af hálfu hæstv. forsrh.

Þannig er þá einnig um þessa ásökun, og hvað mun þá um þau atriði, sem hann reyndi alls ekki að svara í ræðu minni? Um breytingu á jarðræktarlögunum, um ranglætið í úthlutun vegafjár og annað, sem hann gekk alveg framhjá að svara í ræðu sinni.

Hefi ég þá rakið röksemdir hæstv. forsrh. gegn ræðu minni á föstudaginn, að svo miklu leyti sem þess er þörf. Ég ætla, að margur segi nú um þá ræðu ráðherrans: Fyrr má nú vera, að málsvörn takist óhönduglega en svo, sem var í ræðu hans.

**Pétur Ottesen:** Ég held, að ég hafi ekki heyrt nokkurn mann freista eða sýna meiri dirfsku en þá, sem fram kemur hjá hæstv. fjmrh. þegar hann ætlar sér þá dul, að reyna að þvo af sér og sínum flokki sósialistamarkið. Það er öllum kunnugt hér, sem fylgzt hafa með gerðum þessa þings, og þeir, sem fjær búa, eiga eftir að kynnast því betur, að sósialistar eru nú búnir að soramarka Framsfl. svo, að það er ekki hægt að marka hann upp aftur. Ég vil nú finna þessum orðum mínum stað með því að benda á órækar staðreyndir í þessu efni. Hvenær hefir meira verið borið fram af stefnumálum sósialista en á þessu þingi? Hvenær hafa komið fleiri einkasölufrv.? Hvenær hefir hið opinbera sýnt aðra eins viðleitni í því að leggja hramm sinn á athafnafrelsi þjóðarinnar í framleiðslu og á sviði samgangna á sjó og landi? Aldrei — enda eru þeir svo gersamlega fallnir í faðma um þetta, Framsóknarfl. og sósialistar, að ekki má þegar greina á milli, hverjir sækja fastara fram að því marki að framkvæma fjögra ára áætlun þá, sem sósialistar gáfu út fyrir kosningarnar. Það er svo sem ekki séð fyrir endann á þessu enn; daglega koma fram ný frumvörp og tillögur, sem bera með sér skýr og óræk merki þess mikla kapps, sem stjórnarflokkarnir leggja á það að koma stefnumálum sósialista í framkvæmd hér á landi. Hæstv. fjmrh. sagði hér á föstudagskvöldið, að stefna sín og þeirra flokka, sem stj. styðja, væri sú, að taka alla verzlun með aðfluttar vörur í hendur ríkisins, alla, sem eitthvað væri upp úr að hafa. Hitt má kaupmannastéttin og kaupfélögin hafa. Ég held, að sósialistar hafi aldrei hugsað sér að komast lengra en þetta eða hærra á einokunarbrautinni. Og þeir ætla ekki, þessir sameiginlegu einokunarpostular, að láta sér nægja að taka verzlun með aðfluttar vörur í sínar hendur, heldur ætla þeir líka að taka verzlunina með aðalútflutningsvöru landsmanna, fiskinn, undir ríkið, því það er ekki nema fyrirsláttur, að þó frv. um fiskimálanefnd yrði að lögum, þá geti fisksölusamlagið eða aðrir aðilar haldið áfram að hafa fiskverzlunina með höndum; meiningin er með þessu að ganga af fisksölusamlaginu dauðu, taka fyrir kverkarnar á því, að nokkur frjáls samtök um fiskverzlunina geti átt sér stað. Einokun og ekkert annað en einokun. Það er vitanlegt, að svo fast er sótt að koma á einokuninni á öllum vörum, að þeir munu ekki sætta sig við neitt millibilsástand. Og þetta gera þeir, þó að fyrir liggi hin sorglega saga um afkomu síldareinkasölunnar sálugu, sem var þannig, að þó hún hefði fengið alla síldina gefins síðasta árið, sem hún starfaði, þá hefði það ekki hrokkið að vega upp á móti mistökum og skakkaföllum, því eins og kunnugt er, þá lenti á ríkinu um 1 millj. króna halli af þessu fyrirtæki, þegar það setti upp tærnar. Samt er svo hörð sóknin af hálfu Framsóknar og sósialista, að þeir flokkar láta sér slíkt fordæmi ekki að varnaði verða, — síður en svo. Ennfremur mætti benda á, að það orkar ekki tvímælis, að sameiginlegt mark þessara flokka er á nefnd þeirri, er sett var á laggirnar fyrir þing og kölluð hefir verið Rauðka, og ekki leikur nokkur minnsti vafi á um, hvert þar er stefnt. Þar er feimnis- og skefjalaust stefnt beint í þjóðnýtingaráttina. Hvers vegna á Sjálfstfl. ekki menn í nefndinni? Því hefir verið lýst yfir af hæstv. atvmrh., að þeir hefðu ekkert að gera í nefndinni, af því þeir vildu ekki þjóðnýtingu. Nefndin er að meiri hluta skipuð sósialistum, en það er engin tilviljun, að þeir menn, sem Framsfl. velur í nefndina, hafa frá upphafi verið hreinræktaðir sósialistar, þó þeir hafi þangað til nú verið við og við að reyna að villa á sér heimildir í þessu efni. — Fjmrh. var að tala um, að það væri hurð á milli deildanna. Það er alveg rétt, að það er hurð hér á milli deildanna. Og það er kannske hægt að segja, að á fyrra samstarfstímabili Framsóknar og sósialista, á árunum 1927—30, þá hafi verið þar hurð á milli, en nú er a. m. k. búið að taka þá hurð af hjörunum, og það er búið að taka líka burt allar milligerðir og slagbranda, sem haldið hefir verið fram, að skildu skoðanir og stefnur þessara flokka, svo nú eru þeir komnir fullkomlega í eina sameiginlega flatsæng. Hæstv. fjmrh. minntist á í ræðu sinni, í sambandi við afurðasölumálið, og það sama kom greinilega í ljós í ræðu forseta sameinaðs þings, hv. 4. landsk., sem talaði um ræðu hv. 10. landsk., að það væri ekki fyrst og fremst tilgangurinn með afurðasölulögunum, að bændur ættu að fá framleiðslukostnaðarverð fyrir kjötið. Það átti að fara að skipta hagnaðinum, sem leiddi af þessari löggjöf, milli framleiðenda og neytenda áður en því marki væri náð. Hv. 4. landsk. kallaði tillögu, sem fram kom í Ed. frá 10. landsk., sem fól það í sér, að lögin ættu fyrst og fremst að tryggja það, að bændur fengju a. m. k. raunverulegt framleiðslukostnaðarverð fyrir afurðirnar, lævíslega orðaða, og valdi hann henni þessi og önnur þvílík heiti. En þetta kemur vel heim við fyrstu aðgerðir mjólkursölunefndarinnar, að verða við kröfum sósialista og lækka verðið á mjólkinni fyrir neytendurna, áður en komið var í ljós, að hið nýja skipulag leiddi til ávinnings fyrir framleiðendur. Þetta er þá það hlutskipti, sem sósialistarnir ætla bændum með samstarfi sínu við Framsfl. um lausn á afurðasölumálinu. Samt segir þessi hv. þm., foringi sósialista, við bændurna: Við sósialistar viljum hjálpa ykkur bændunum, svo þið þurfið ekki að hrekjast á mölina; við viljum berjast á móti því. En hvað bíður bændanna, ef búskapurinn ber sig ekki? Ekkert annað en að þeir flosna upp af jörðunum og flytja á mölina. Þetta ástand virðast sósialistar hafa gert samning um við Framsfl., að haldist, og á þann hátt þykjast þeir vera með útrétta hönd til að hjálpa bændum. Hvílík hræsni!

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri stefnumál framsóknar, að ríkið eignaðist jarðirnar. Ég var á nokkrum kosningafundum bæði í minu

héraði og öðrum, og ég heyrði hvergi frambjóðendur Framsfl. minnast á þetta sem stefnumál þess flokks. Þeir, sem lengst gengu, töldu sig geta fylgt því, að ríkið keypti þær jarðir, sem lent hefðu hjá bönkum. Og mér er kunnugt um það, að ýmsir frambjóðendur Framsfl. mótmæltu fyrir sitt leyti þeirri stefnu, að ríkið færi að draga undir sig jarðeignirnar. Nú lýsir fjmrh. því yfir, að það sé stefnumál Framsfl., að ríkið kaupi allar jarðir. Þetta sýnir bara, að Framsfl. er líka í þessu efni að sogast lengra og lengra inn í sósíalismann og að nú er svo komið, að í þessu mikilsverða atriði hefir Framsfl. tekið upp og berst fyrir stefnu sósíalista. Það er ágætt, að hæstv. fjmrh. kallar þetta út til þjóðarinnar, svo hún viti, á hverju hún má eiga von. (Fjmrh.: Þeir vissu það áður). Nei, þeir voru sannarlega ekki allir búnir að átta sig á því áður. En ég má ekki dvelja við þetta lengur, heldur víkja að öðru máli, afurðasölumálinu.

Sökum þess að mönnum í núv. stjórnarflokkum, þó einkum og sér í lagi Framsfl., blöðum þess flokks og ráðherrum flokksins hefir orðið mjög tíðrætt um það og hreint og beint gengið berserksgang í því að telja mönnum trú um, að Sjálfstfl. væri og hefði verið óvinveittur og fjandsamlegur skipulagningu á afurðasölunni innanland, það er mjólkur- og kjötsölulögunum, þá þykir mér rétt að nota þetta tækifæri til þess að rifja upp gang þessara mála hér á Alþingi, því það eitt er nóg til þess að sýna og sanna, að það er fjarri öllu lagi, að þessar ásakanir á flokkinn séu á rökum reistar.

Það er þá upphaf þessa máls, að á þinginu 1932 flutti landbn. neðri deildar, að tilhlutun búnaðarþingsins, frv. um skipulagningu á mjólkursölunni. Í landbn. áttu þá sæti af hálfu Sjálfstfl. hv. 1. þm. Skagf. (MG) og ég.

Mál þetta gekk í gegnum Nd., en dagaði uppi í Ed. Á þinginu 1933 var mál þetta flutt af nýju í Nd., og stóðu að flutningi þess fulltrúar þeirra bænda, sem mikið áttu undir því, að mjólkursalan færi vel úr hendi, og var hv. þm. G.-K. (ÓTh) fyrsti flm. málsins.

Málið var samþ. í Nd., en var breytt í verulegum atriðum í Ed., sökum ágreinings, sem reis þar um nokkur atriði frv., og var það með samþykki og fyrir tilmæli forráðamanna mjólkurbúanna, sem selja mjólk til Reykjavíkur, að sá kosturinn var tekinn að breyta frv., en sú leið ekki farin að láta atkvæði ganga um frv. óbreytt.

Síðan hefir verið deilt um það, hver ætti sök á því, að mjólkurlögin eins og þau voru samþ. að lokum komust ekki til framkvæmda hér í Rvík, hvort það væri þáv. landbúnaðarráðh. Þ. Briem að kenna, eða hvort þáv. lögreglustjóri, núverandi forsætisráðherra, H. Jónasson, ætti sök á því, og skal ég leiða þá deilu hjá mér.

Næsta sporið, sem stigið er í þessum afurðasölumálum eða afskiptum Alþ. af þeim, er það, eins og lýst hefir verið, að þáv. landsk. þm. Jón í Stóradal flutti á þinginu 1933 þáltill. um skipun nefndar til þess að undirbúa löggjöf um afurðasöluna. Tillaga þessi var samþ. með góðu samkomulagi allra flokka í þinginu.

Nefnd þessi var svo skipuð, og átti Sjálfstfl. að sjálfsögðu fulltrúa í nefndinni.

Þessi nefnd rannsakaði svo og undirbjó þetta mál og skilaði núv. stj. fullbúnum frv. bæði um kjötsöluna og mjólkursöluna. Hlutverk núv. stj. var því það eitt að taka við þessum frv. fullbúnum og koma þessum málum í framkvæmd, en það varð að gera með bráðabirgðalögum, a. m. k. hvað kjötsölulögin snertir, svo þau gætu náð til kjötsölunnar á þessu hausti.

Þetta er vitanlega sú skylda, sem hver ríkisstj., sem setið hefði að völdum á þessum tíma, hefði talið sér óhjákvæmilegt að framkvæma.

Svo sem ákveðið er í stjskr. landsins, lagði ríkisstj. bráðabirgðalögin um kjöt- og mjólkursöluna fram á Alþingi því, er nú situr, í byrjun þings. Því þannig er því varið með bráðabirgðalög, sem gefin eru út af stj., að þau öðlast því aðeins gildi til frambúðar, að næsta þing, sem saman kemur eftir að þau hafa verið gefin út, samþykki þau.

Er þá næst að rekja gang þessarar löggjafar í þinginu og afstöðu Sjálfstfl. til hennar. — Bráðabirgðalögin um kjötsöluna eru nú afgr. frá þinginu og orðin að lögum. Mjólkursölulögin hafa verið samþ. í Ed. og komin í nefnd í Nd.

Er það skemmst að segja, að Sjálfstfl. á þingi hefir fylgt þessum málum óskiptur, þegar frá eru teknir þingmenn Reykv. Eftir því, sem fram hefir komið, þá er það síður en svo, að þessir þm. séu á móti þessum málum í heild, heldur eru það einstök atriði, sem snerta Reykjavík alveg sérstaklega, sem þessi sérstaða þeirra byggist á, það t. d., að í kjötsölulögunum eru bönnuð bein milliliðalaus viðskipti með nýtt kjöt og saltkjöt milli framleiðenda og neytenda. Það ákvæði í mjólkurlögunum, að mjólkurframleiðendum í Rvík er fyrirmunað að selja mjólk frá búum sínum beint til neytenda.

Þess má geta, að sjálfstæðismenn báru fram nokkrar breytingar við kjötsölulögin, sem voru samþ.

Ég hefi nú rakið sögu þessa máls, og ætla ég, að engum manni geti blandazt hugur um það, að Sjálfstfl. hefir að sínu leyti fullkomlega tekið virkan þátt í því: **Í fyrsta lagi að hrinda þessum málum af stað, í öðru lagi að undirbúa og semja löggjöf um þau, og í þriðja lagi að styðja að endanlegri samþykkt þessarar löggjafar.**

Þrátt fyrir þessar staðreyndir um afstöðu Sjálfstfl. til skipulagningar á afurðasölunni innanlands, þá leyfa þeir sér það samt sem áður, andstæðingar okkar, að halda því fram, að Sjálfstfl. sé þessum málum andvígur.

Og í því sambandi eru þeir að vitna í blaðaskrif um þessi mál í bæjarblöðunum hér í Rvík, þeim, sem að Sjálfstfl. standa, og sem þeir segja að séu fram komin til að spilla fyrir kjötsölunni í bænum. Um þessi blaðaskrif er það eitt að segja, að það er í sjálfu sér ekkert undarlegt, þegar verið er að gera svona ráðstafanir, þó fram komi í blöðunum raddir frá neytendunum, sem ef til vill halda, að það eigi að nota þessar ráðstafanir til þess að okra á sér.

Þetta er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, þó slíkt komi fram í landi, þar sem er þó ritfrelsi og

skoðanafrelsi, og frá mönnum í flokkum, er ekki hafa lagt handjárn atkvæða- og skoðanakúgunar á flokksmenn sína. Hefir svo reynslan sýnt, að það var með öllu ástæðulaust að bera kvíðboga fyrir því, að þessum ráðstöfunum yrði beitt þannig, að af þeim leiddi óeðlileg íþynging fyrir neytendurna; því þrátt fyrir þá hækkun, sem varð á kjötverðinu innanlands, þá er það nú svo um þá bændur, sem þess verðs njóta, að þeir berjast í bökkum og gengur illa að láta búreksturinn bera sig. En það má öllum vera ljóst, að framtíð þjóðarinnar og sjálfstæði byggist á því, að atvinnuvegirnir geti borið sig.

Það er því meira en meðalheimska að ætla sér að telja nokkrum manni trú um það, að af því, sem fram kemur í þessum blaðaskrifum, sem þannig eru til komin sem ég nú hefi lýst, megi marka stefnu Sjálfstfl. í þessum málum.

Þvílík fjarstæða.

Ég býst nú við því, að hæstv. forsrh. hefji nú bráðum sinn venjulega húslestur, fari að lesa samtíning af setningum og málsgreinum, slitnum úr öllu samhengi upp úr þessum blaðaskrifum, sem hann, að því er virðist, skilur aldrei við sig og ber ávallt í barmi sér, og mætti þá ef til vill síðar í þessum umr. benda honum á skrif í dálkum hans eigin flokksblaða, sem þá gæti komið til álita, hvort þau væru beinlínis til þess fallin að bæta fyrir kjötsölunni hér í bænum, ef þau væru tekin alvarlega.

Með þessu, er ég nú hefi sagt, eru því kveðin niður gersamlega þau rakalausu, vísvitandi ósannindi, að Sjálfstfl. hafi nokkurntíma verið eða sé því óvinveittur, hvað þá heldur fjandsamlegur, að komið yrði skipulagi á afurðasöluna innanlands.

Jafnframt er það ljóst öllum almenningi, að það eru ósannindi og blekkingar einar, sem framsóknarmenn halda fram, að þeir hafi orðið að láta að vilja bandamanna sinna, sósíalistanna, í því að hækka vegavinnukaupið á síðastl. sumri til þess að tryggja með því framgang kjöt- og mjólkursölulaga á þingi. Það var öllum ljóst frá upphafi, að slík verzlun um þessi mál var óþörf með öllu, því innan Framsfl., Sjálfstfl. og Bændafl. var langsamlega nóg fylgi við þessi mál, svo þeim yrði komið í trygga höfn. Hitt kom strax á daginn, að af hækkun á vegavinnukaupinu leiddi almenn kauphækkun í sveitum landsins, en það hefir vitanlega orðið til að skerða allverulega þann hagnað, sem bændur gátu vænzt sér til handa í hækkuðu afurðaverði, fyrir áhrif þessarar löggjafar.

Og þessarar skerðingar, sem að þessu leyti er að ófyrirsynju og ástæðulausu á komið, hefir Framsfl. orðið valdandi.

Vil ég nú þessu næst víkja nokkuð að viðhorfinu um framkvæmd þessara laga.

Það er nú svo um þessa löggjöf, kjötsölulögin og mjólkursölulögin, að því verður eigi við komið að kveða á um hvað eina í lögunum sjálfum, heldur verður að fela viðkomandi ráðh. og þar tilkjörnum nefndum framkvæmd á fjölmörgum atriðum.

Árangur þessarar löggjafar byggist því að langsamlega mestu leyti á því, hvernig tekst um framkvæmdina.

Eftir því sem ráðið verður af því, sem fram er komið í þessu efni, þá virðist mér, að þar séu a. m. k. tvær iskyggilegar blikur á lofti.

Eins og kunnugt er, þá er svo ákveðið í mjólkursölulögunum, að mjólkursölunefndin ákveði verðlagssvæðin, það er hvar, í hvaða kaupstað eða kauptúni menn af ákveðnum svæðum megi selja mjólkurafurðir sínar. Með þessu er nefndinni gefið ákaflega mikið vald, og ef því er misbeitt, getur það leitt til þess, að heilar sveitir og héruð verði útilokuð af markaði, sem þau hafa notið um langt skeið.

Nú er það kunnugt, að innan mjólkursölunefndarinnar hafa verið háværar raddir um það, að útiloka t. d. mjólkursölusamlag Borgfirðinga — það er Borgarfjarðarhérað ofan Skarðsheiðar — af Reykjavíkurmarkaðinum. Slík ósanngirni og harðræði gagnvart þeim Borgfirðingum og öðrum, er líkt stæði á um, nær vitanlega ekki nokkurri átt, og það er undravert, að slík firra skuli hafa skotið upp höfðinu í nefndinni. Að gefnu tilefni frá mér upplýsti hæstv. forsrh. fyrir nokkrum dögum í Nd., að það mundi vera búið að slá því föstu í mjólkursölunefndinni, að Mjólkursamlag Borgfirðinga teldist til verðlagssvæðis Reykjavíkur. Ég hefi nú í dag aflað mér upplýsinga um þetta í viðtali við einn nefndarmanna, hr. Árna Eylands, og sagði hann mér, að það væri ekki búið að gera neina formlega samþykkt um þetta.

Það, sem hér hefir skeð, gefur fullkomlega tilefni til, að tekin séu upp í mjólkurlögin skýlaus ákvæði um það, að framleiðendur verði ekki útilokaðir frá þeim mjólkurmarkaði, sem þeir hafa notið að undanförnu.

Hitt atriðið, sem ég vildi minnast á í sambandi við framkvæmd kjötsölulaganna, er ákvörðun kjötsölunefndar um útsöluverð á frosnu kjöti.

Nú hefir t. d. kjötsölunefndin nýverið ákveðið útsöluverð á frosnu kjöti hér í Reykjavík, og kemur þá í ljós, að hækkunin á verðinu, frá því sem það var á nýslátruðu kjöti, nemur ekki nema ⅓ af þeim kostnaði, sem á kjötið leggst við frystun, geymslu o. fl., þar í reiknaðir vextir af því lánsfé, sem í kjötbirgðunum stendur, og nemur þá tap Sláturfél. Suðurlands á þessu yfir 20 þús. kr., ef það á að hlíta þessu verðlagi til frambúðar.

Hliðstætt þessu verður vitanlega tap Kaupfél. Borgfirðinga og annara, sem keypt hafa hér kjöt til frystingar og borgað það út með því verði, sem kjötverðlagsnefndin ákvað hér í haust.

Það hefir verið deilt á núv. hæstv. stj. fyrir það, að hún skerti áhrifavald bænda til þess að ákveða kjötverðið með því að neita Búnaðarfél. Íslands að tilnefna einn mann í kjötverðlagsnefndina, en í þess stað jók stj. að sama skapi áhrifavald kaupendanna í nefndinni. Skyldi nú ekki þetta fyrirbrigði, sem ég nú nefndi um verðlagið á frosna kjötinu, að einhverju leyti eiga rót sína að rekja til þess, hvernig kjötverðlagsnefndin er skipuð. Og í þessu felst e. t. v.

nokkur bending um það, að uggur bænda við þessa ráðabreytni ríkisstj. sé ekki með öllu ástæðulaus.

Það er vitað, að þessi skerðing á áhrifavaldi bændanna í kjötverðlagsnefndinni var knúin fram af sósialistum. Af sama toga er spunnin lækkun mjólkurverðsins hér í Reykjavík, þrátt fyrir það, þótt mjólkurframleiðendum og flestum kunnugum mönnum komi saman um, að hún væri ósanngjörn gagnvart framleiðendum. og engin reynsla væri fengin fyrir möguleikum á því að lækka sölu- og dreifingarkostnaðinn.

Þá veltur og mikið á því fyrir þá, sem selja kjöt sitt á innanlandsmarkaðinum og borga af því verðjöfnunarskatt til hinna, sem selja kjötið erlendis, að þeir í notum skattgreiðslunnar njóti þess öryggis, að markaðurinn á hinum ýmsu stöðum innanlands, eins og t. d. hér í Reykjavík, sé ekki offylltur. Nú er það kunnugt, að mikið var flutt af nýju kjöti víðsvegar af landinu á Rvíkurmarkaðinn á síðastl. hausti. Veit ég ekki, hvort svo mikil brögð hafa verið að þessu, að líkur séu til, að Sláturfél. Suðurl. og aðrir, er fryst hafa hér kjöt, sitji með óseljanlegar birgðir; það kemur í ljós á sínum tíma. Það eitt getur vitanlega réttlætt verðjöfnunarskattinn, að slík vernd komi á móti.

Sem dæmi þess, að þessi skattur nemur allverulegri upphæð, má geta þess, að viðskiptamenn Sláturfél. Suðurl. hafa á þessu hausti greitt í verðjöfnunarskatt 36 þús. kr., og hefir skatturinn þó ekki að þessu sinni verið nema 6 au. á kg. Nú hefir hámark skattsins verið fært upp í 10 au. á kg. í kjötsölul., og ef farið yrði með skattinn upp í hámark, þá mundi skatturinn á Sláturfél. Suðurl. hækka upp í 60 þús. kr. á ári, miðað við það kjötmagn, sem það hefir haft þessi árin.

Einn megintilgangur bæði mjólkur- og kjötsölulaganna er að draga úr dreifingarkostnaði þessara vara með því að fækka útsölustöðunum. Því er það, að þeim nefndum, sem eiga ásamt viðkomandi ráðh. að hafa á hendi framkvæmd þessarar löggjafar, er veitt vald til þess að hafa íhlutun um það, að dregið sé úr þessum kostnaði með því að fækka útsölustöðum.

Nú hefi ég það fyrir satt, að kjötbúðunum hér í Rvík hafi fjölgað allmjög á þessu hausti, jafnvel meira en nokkru sinni fyrr. Það virðist því ekki blása byrlega að ná tilætluðum árangri í þessu efni, a. m. k. hvað kjötið snertir.

Eins og og ég sagði áður, byggist árangurinn af kjöt- og mjólkursölulögunum langsamlega mest á því, hvernig tekst til um framkvæmd þessara laga.

Það hvílir því rík skylda á landbúnaðarráðh. og þeim nefndum, sem hafa framkvæmdirnar í sinni hendi, að gæta hinnar fyllstu sanngirni í starfi sínu, og að þar sé í engu rasað fyrir ráð fram.

Að lokum vil ég leggja áherzlu á, að í framkvæmd þessara laga verði þess gætt:

1. Að innlendi markaðurinn verði ekki offylltur, svo að þeir, sem nú greiða háan verðjöfnunarskatt til að fá að sitja að þeim markaði, er þeir hafa haft um langt skeið, verði ekki þrátt fyrir það bolað út af honum að meira eða minna leyti.

2. Að bændur, og þá sérstaklega mjólkurframleiðendur, verði ekki útilokaðir frá þeim mjólkurmarkaði, sem þeir hafa notið á undanförnum árum og sem búrekstur þeirra og öll afkoma er byggð á.

3. Að landbúnaðarráðh. láti ekki stjórnast af hræðslu við sósialista og ógnanir frá einstökum þm. þess flokks um að þeir slíti samvinnunni og felli stjórnina, ef ráðh. dansi ekki eftir þeirra pípu, og þvingi fram óeðlilega verðlækkun á afurðum bænda, eins og nú hefir átt sér stað með mjólkurlækkuninni.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Herra forseti! Ræða mín mun að þessu sinni vera sundurlaus, vegna þess að ég þarf að svara nokkrum atriðum, sem er að nokkru leyti endurtekning á því, sem áður hefir verið sagt um ýmis mál.

Ég vil þá fyrst víkja að hv. 1. þm. Skagf. Það er í raun og veru ekki nema eitt atriði úr ræðu hans, sem ég þarf að svara, og það er viðvíkjandi Björns Gíslasonar málinu. Hann minntist á það, að ég hefði haldið því fram, að Björn Gíslason hefði ekki verið settur í fangahúsið, þó að svo hefði átt að vera. Hann hélt því fram, að deila okkar á fundum í Skagafirði í vor hefði aðallega snúizt um þetta atriði.

Það er fyrst og fremst rangt, að deilur okkar hafi aðallega snúizt um þetta, heldur um fjölda mörg dæmi um misnotkun á náðunarvaldinu, sem þessi fyrrv. dómsmrh. var kunnur að, og ég færði þar rök að, en þetta var aðeins eitt af því. En viðvíkjandi þessu máli er það að segja, að það stóð yfir í 3 ár og er eitt af mörgum málum, sem átti að beita gegn mér, meðan ég var lögreglustjóri, eitt af þeim málum, sem átti að nota til að ryðja mér úr veginum. Þessi maður hafði hvað eftir annað sloppið úr greipum þeirra, sem við hann höfðu átt, og nú var það trú, að með því að hjálpa honum í þessu máli mætti takast að koma mér á kné. En það mistókst, eins og aðrar þær herferðir, sem farnar voru gegn mér, svo sem ljúgvitnamálið og lögregluþjónamálið. Og ég býst við, að þeir, sem hafa staðið að þeim, mundu helzt óska eftir, að þeir hefðu aldrei lagt út í það.

En um Björn Gíslason er það að segja, að hann var af fyrrv. dómsmrh. settur í fangahúsið, en þoldi ekki refsinguna eftir nokkurn tíma, gat ekki sofið, en þoldi ekki svefnmeðöl. Fékk hann því hvíld frá refsingunni um tíma, og það er ekki skipt sér af því, hvar hann dvelst á meðan, og nú er heilsa hans undir eftirliti prófessors landsspítalans, Jóns Hjaltalíns. En um það snerist deilan, þegar við ræddum um Björn Gíslason, hvort almennir læknar eins og Eiríkur Kjerúlf, sem ég skal annars ekkert um segja, ættu að ráða, hvort menn væru settir í fangahús eða ekki, en það var vottorð frá þessum manni, sem byggt var á af fyrrv. ráðh. Um það var aðallega deilt, svo að þessi rökfærsla hefir ekki við neitt að styðjast. Þessi maður verður vitanlega látinn taka út sína refs-

ingu, þegar prófessor Jón Hjaltalín álítur rétt að láta halda því áfram.

Það væri gaman, þótt ég sjái ekki ástæðu til, að taka upp aftur þær umr., sem fram fóru í vor í Skagafirði. Ég hefi enga ástæðu til að gera það, en það væri gaman, ef þessi hv. þm. og fyrrv. ráðh. vildi minnast á eitthvað af þeim, en það mundi taka mig of langan tíma að tala um öll hans afglöp, sem hann reyndi ekki að hrekja einu orði.

Þá skal ég koma að því, sem hv. þm. Borgf. minntist á í sinni ræðu, og eru þar aðeins örfá atriði, sem ég þarf að drepa á. Vil ég þá fyrst minnast á það, sem hann sagði viðvíkjandi framkvæmd mjólkurlaganna. — Það er gott, að hann kemur nú inn í deildina og heyrir á mál mitt.

Hv. þm. sagði, að ekki væri búið að ákveða, hvort mjólkurbú Borgarness væri tekið inn á verðjöfnunarsvæðið. Ég er undrandi yfir því, að hv. þm. skuli láta sér detta í hug að færa þetta fram sem rök. Það var minnzt á þetta mál hér á þingi fyrir nokkrum dögum. Þá upplýsti ég það, að búið væri að ganga frá þessu atriði viðvíkjandi mjólkurbúi Borgfirðinga einmitt í samráði við hv. þm. Mýr. Og þegar ég hafði tekið þetta fram í fyrsta skipti í hv. Nd., þá gekk þessi hv. þm. til formanns mjólkursölunefndar, Sveinbjörns Högnasonar, og spurði hann, hvort þetta væri rétt hjá mér, og hann staðfesti þetta. Síðan datt honum ekki í hug að mótmæla þessu á neinn hátt. En nú kemur hann og vill draga þetta í efa, þegar hann er að tala til kjósenda sinna uppi í Borgarfirði. Þá dregur hann í efa, að frá þessu hafi verið gengið. Þetta kalla ég ákaflega óheiðarlega málfærslu á þingi.

Sömuleiðis er það málfærsla, sem er óviðeigandi, þegar þessi hv. þm. fer að minnast á verðjöfnunargjaldið. Það er einkennilegt að sjá og heyra, hvernig röksemdir sjálfstæðismanna fara fram um verðjöfnunargjaldið. Því er haldið fram, þegar talað er til bændanna úti um landið, sem greiða gjaldið, að það komi fyrst og fremst niður á þeim, og það gerði hv. þm. Borgf., því að hann hefir það hlutverk. En þegar talað er um það í Ed., þá talar hv. 1. þm. Reykv. um það, að það komi eingöngu niður á neytendum, því að verðið sé miðað við það, að bændur fái nógu mikið fyrir sitt kjöt, en síðan sé þetta gjald lagt ofan á. Það hefir líka sézt í blaðagreinum, þar sem hefir verið deilt á jafnaðarmenn og verið reynt að vekja mótstöðu þeirra með því að ala á því, að neytendur verði að greiða þetta gjald. Þetta er í góðu samræmi við það, sem hv. þm. Borgf. heldur nú fram, nefnilega að framleiðendur greiði gjaldið!

Hv. þm. minntist á framkvæmd laganna yfirleitt og sagði, að mikið væri komið undir því, að hún tækist vel. Þetta minntist hv. 10. landsk. einnig á. En það hefir verið viðurkennt undir umr. um þessi mál, að sá maður, sem hefir verið valinn fyrir framkvæmdastjóra í kjötmálinu, hafi verið alveg sérstaklega vel valinn. Þetta var viðurkennt í Ed., en það þótti ekki ástæða til að taka það fram hér, þegar verið var að tala um, að framkvæmd laganna hefði ekki tekizt sem bezt, þó að engin rök væru að því færð.

Þá skal ég koma að hv. 10. landsk. Hann minntist sérstaklega á það í upphafi ræðu sinnar, hversu ég hefði verið með mikinn hroka, þegar ég flutti síðustu ræðu mína, þ. e. a. s., þegar ég talaði hér síðast í útvarpið. Ég er ekki vanur að svara því sérstaklega, sem er persónulega að mér beint, og ég þarf þess ekki heldur, ég þekki dómgreind almennings. Ég ætla því ekki að fara langt inn á ræðu hans, þar sem hann var að dæma mig, en vil þó minnast á eitt atriði, og það var um þennan hroka, sem ég hefði verið með. Ég er ekki vanur að ráðast með hroka að mönnum að fyrra bragði, sem ekkert hafa unnið til, en ég hefi það stundum til að svara óvægilega árásum, sem beint er gegn mér. Og ég held, að þeir, sem hafa verið með mestan hroka að undanförnu, og bendi ég þar til þeirra mála, sem ég minntist á áðan, hefðu helzt kosið að hafa ekki byrjað á þeim hroka, og ég vil segja í því sambandi, að það verði erfitt að sýna fram á, að ég hafi sem dómari sýnt hlutdrægni eða hroka og ennfremur, að mér hætti sérstaklega við að sýna það, sem sé eitthvað skylt við hroka, þegar ég tala við þá menn, sem ég hefi mesta andúð á, en það eru þeir menn, sem aldrei vita, í hvorn fótinn þeir eiga að stíga, og eru alltaf hálfir í hverju máli. Það eru þeir menn, sem ég fyrirlít og hefi alltaf gert. Og nú skal ég sýna fram á, að þessi hv. þm. hefir hagað sér þannig í afurðasölumálinu og málum yfirleitt, að hann hefir aldrei þorað að vera afgerandi, aldrei vitað, í hvorn fótinn hann átti að stíga. Ég skal sýna fram á þetta með rökum, en áður en ég geri það, vil ég víkja örlítið að einu atriði, sem þessi hv. þm. minntist á.

Hann minntist m. a. á það, að ég hefði sagt, að Bændafl. væri dauður, en þó héldi hann uppi flokksstarfsemi. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að ekki alls fyrir löngu sendi form. Sjálfstfl., Ólafur Thors, út bréf, þar sem hann skýrir frá því — og þetta bréf hefir verið birt í víðlesnum blöðum, af því að það náðist í eitt eintakið —, að það hefði ekki munað nema hlutkestinu í Skagafirði, að sjálfstæðismenn næðu meiri hluta í þinginu. M. ö. o., hann segir frá því skýrum stöfum, að þeir eigi þessa deild, þessar leifar af tilraun til flokksmyndunar, sem er réttasta nafnið yfir þennan svokallaða „Bændaflokk“. Hann er bara sérstök deild, sem hefir verið stofnuð innan Sjálfstfl. til að halda þar uppi einstakri starfsemi, ekki flokksstarfsemi, heldur hefir hann það sérstaka hlutverk innan Sjálfstfl. að reyna að koma inn tortryggni hjá almenningi gagnvart þessari stj., hræða menn með þessari svokölluðu sósialistagrýlu. Í sambandi við þetta vil ég minna á það, að það voru íhaldsmenn, sem beittu sér fyrir því í vor í Vestur-Húnavatnssýslu, að Hannes Jónsson yrði kosinn á þing. Hann hefir líka verið kallaður af flestum hér „mamma Bændaflokksins“, því að ef hann hefði ekki náð kjöri í Vestur-Húnavatnssýslu, hefðu hinir ekki komizt að sem uppbótarmenn. Það er því á valdi Sjálfstfl., hvort hann vill koma „mömmu“ inn á þing í annað sinn, og þar með hvort þessi „flokkur“

verður til framvegis. Og það er kannske vegna þess, að þessi hv. þm. greiðir atkv. í hverju einasta máli eins og Sjálfstfl. Hann vonar, að sjálfstæðismenn geri samskonar tilraun með hann við næstu kosningar, svo að hann fái einnig þá að fljóta inn á þing fyrir þeirra náð. En ég hefi enga trú á, að stjálfstæðismenn geri þessa tilraun í annað sinn, af því að þeir sáu, hversu geipilega hún mistókst síðast, en líklegra, að þeir geri aðra dulklædda tilraun næst, af því að þessi er orðin uppvís. En það er misnotkun á þingsköpum að láta þessa deild úr Sjálfstfl. hafa sérstakan ræðutíma, því að þá geta flokkarnir með því að skipta sér í deildir aukið við sinn ræðutíma.

Þá skal ég koma að einstökum atriðum í ræðu hv. þm., og vil ég þá fyrst víkja að Búnaðarfélaginu, og verð ég að vera þar stuttorður.

Síðan Búnaðarfélagið lenti í deilunni við Sigurð Sigurðsson, hefir það aldrei borið sitt barr. Síðan hefir það ekki verið neinn félagsskapur, eða a. m. k. ekki heilbrigður félagsskapur. Búnaðarfélagið ákærði Sigurður Sigurðsson fyrir að hafa gert sig sekan um stórvægileg embættisafglöp. En svo hafði félagið ekki þrek til að skera úr um það, hvort Sigurður ætti að fara, og það er einmitt þetta þrekleysi, sem hefir komið fram í öllum þess störfum síðan. Það hafði ekki þrek til að skera úr um þetta, heldur var Sigurður látinn vera kyrr og settur undir eftirlit. Það voru settir tveir búnaðarmálastjórar, og það hefir valdið því, að síðan hafa stöðugt verið óeirðir í félaginu og það ekki verið starfhæft.

Það má einnig benda á það í þessu sambandi, að sumir ráðunautarnir hafa varla komið í Búnaðarfélagið svo árum skiptir. Það hafa meira að segja liðið svo heil sumur, að þeir hafa ekki einu sinni sótt laun sín í Búnaðarfélagið, heldur látið börn sín gera það. Og það komst jafnvel svo langt í vor, að í Búnaðarfélaginu var lokað um langan tíma. Þá komu bændur í stríðum straumum að lokuðum dyrum í Búnaðarfélaginu. Enginn einasti maður við í Búnaðarfélagi Íslands. Hugsið ykkur þetta ástand! Hugsið þið ykkur, ef einhver deildin í stjórnarráðinu, t. d. dómsmála- eða atvinnumáladeildin, hefði verið lokuð dag eftir dag.

Hv. þm. sagði, að sjálfur hefði hann leitað upplýsinga hjá Búnaðarfélagi Íslands um öll vandamál. Ég vil nú benda á eitt mál, sem hefir vakið sérstaka athygli, vegna þess hvernig það var framkvæmt. Það var framkvæmt af þessum hv. þm., fyrrv. landbrh. Það voru kaupin á ensku nautgripunum. Hvernig stóð á því, að þessi páv. ráðh. leitaði ekki upplýsinga í Búnaðarfél. hjá ráðunautnum í nautgriparækt? Það kom líka síðar í ljós, hversu vel allt var undirbúið. Nautgripirnir kostuðu stórfé, og þegar til kom, reyndust þeir hættulega veikir, svo að varð að skera þá alla niður, svo að af þessu hlauzt ekkert nema kostnaður. Þetta er nú ein af stjórnarframkvæmdum fyrrv. hæstv. ráðh.

Nei, Búnaðarfélagið verður nú tekið til alvarlegrar athugunar, til þess að gera það starfhæft sem stofnun bændanna. Það þýðir ekki að fara í kringum það, að félagið má ekki halda áfram að starfa í því öngþveiti, sem það er í nú. Með þeirri innbyrðis styrjöld, sem nú er í félaginu, getur það ekki komið bændum að því gagni, sem það á að koma. Þess vegna mun ekki verða hikað við að gera þær breytingar á Búnaðarfélaginu, að það verði starfhæft, en til þess hafði þessi hv. þm. ekki þrek, og það er einmitt þetta úrræðaleysi, sem einkennir allar aðgerðir þessa hv. þm. hvar sem er. — Skal ég nú rekja nokkur mál, þar sem þessi hálfvelgja og slepja sýnir sig hjá honum. Vil ég þar fyrst minna hann á kjötsölumálið og þá heimild, sem hann hafði til að skipuleggja kjötsöluna. Hann segir, að kjötsalan hafi ekki verið takmörkuð á erlenda markaðnum. En það veit hver maður, að takmarkanir voru komnar á erlenda markaðnum árið 1933. Þá var búið að takmarka markaðinn bæði í Englandi og Noregi. Það vissi enginn, þegar byrjað var að slátra um haustið, hvernig sláturtíðin mundi verða. Má benda á, að þá var selt mikið kjöt til Noregs fyrir mjög lágt verð. Það var því skylda hans að nota þessa heimild til að skipuleggja innlenda markaðinn, en hann gerði það ekki, af því að það var á móti hagsmunum þeirra manna, sem hann átti að vinna með, — kjötkaupmannanna í Reykjavík. Þess vegna notaði hann ekki heimildina.

Sama er að segja um nefndina, sem skipuð var til að rannsaka afurðasölumálið. N. var skipuð, en þessi hv. þm. lét hana ekki starfa fyrr en eftir kosningar. Þetta gerði hann til að láta líta svo út, að eitthvað væri gert, en hann þorði ekki að láta gera neitt vegna bandamanna sinna.

Sama er að segja um mjólkurmálið. Það var fyrst og fremst borgarstjóra Reykjavíkur að kenna að mjólkurmálið var drepið í höndunum á honum. Hv. þm. hafði hvorki þrek né lagni til að koma málinu svo í kring, að það yrði bændum að neinu gagni.

Alveg er sama máli að gegna um heimildina til að greiða vaxtauppbótina. Ég minntist á það síðast, þegar ég talaði í útvarpið, að ekki hefði verið séð fyrir þeim peningum, sem þurfti, til að hægt væri að greiða þessa uppbót. Og hvers vegna? Vegna þess, að ef séð hefði verið fyrir þessu fé, sem nú verður að afla til þess hægt sé að greiða þessa uppbót, þá hefði það fyrst og fremst komið niður á þeim hátekjumönnum, sem hann var að vinna með.

Alveg það sama var uppi á teningnum með kjötuppbótina. Hann segir: „Hvers vegna var ég að auglýsa það í útvarpinu í heilan mánuð, að menn kæmu með umsóknir sínar?“ Ég skal segja honum það. Hann auglýsti það í heilan mánuð, af því að það var rétt fyrir kosningarnar, en hann vissi hinsvegar, að þeir peningar, sem átti að hafa til þess að greiða þetta, þeir voru ekki til. Ríkiskassinn var tómur, þegar þessi hv. þm. skildi við. Vegna hvers gerði hv. þm. þetta? Vegna þess, að þessir menn, sem þessi hv. þm. vann með, vildu ekki leggja fram féð. En hann auglýsti til þess að láta það sýnast, að hann ætlaði að gera þetta. Þessi hálfvelgja í störfum þessa hv. þm. kemur fyrst og fremst af því, að þessi hv. þm. vissi, að þeir menn, sem hann vann með og gekk yfir til, þegar hann skarst úr leik í Framsfl., voru

mótfallnir þessari löggjöf. Þess vegna gerði hann það ekki. Hann var undir áhrifum þeirra og gat ekkert gert fyrir þá sök.

Ef einhver dregur það í efa, að þessir menn hafi verið mótfallnir að framkvæma þessi l., þá væri fróðlegt, ef tími væri til, að lesa upp nokkra kafla úr greinum úr sjálfstæðisblöðunum um þessi mál. En viðvíkjandi þessari gr. í „Framsókn", sem hv. 10. landsk. las upp úr, þá er það að segja, að hann las ekki upp þann kafla, sem aðallega skipti máli í þessu sambandi, en ég verð að bíða með það þangað til seinna, þar sem tími minn er kominn að þrotum. En ég vil benda hv. þm. Borgf. á, þegar hann er að tala um þá miklu velvild sjálfstæðismanna í garð afurðasölumálsins, að þegar form. Sjálfstfl. er að koma með yfirlýsingu um þá velvild, sem þeir hafi skapað um afurðasölumálið, því að þeir voru orðnir hræddir um sig og vildu neita því, sem þeir höfðu áður sagt, og reyna að sannfæra menn með því að láta þessa yfirlýsingu í útvarpið, að það birtist daginn eftir í Vísi grein um þetta mál, og vil ég láta þá, sem hér eru innan veggja, og þá, sem eru fjær og hlusta á mál mitt, heyra, hvaða velvild lýsir sér þar. Greinin heitir: „Hvert stefnir. Ætla Reykvíkingar að láta flá sig lifandi". Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp nokkra kafla úr þessari grein:

„Sósíalistar lofuðu bæjarbúum hér verðlækkun á mjólk. Þeir tilkynntu, að hver mjólkurlítri skyldi lækka í verði um 7—8 aura. Og sumir forsprakkarnir börðu í borðið og sögðust gera uppistand, ef þetta fengist ekki. Sömu menn hétu því, að kjöt skyldi ekki hækka í verði. Efndirnar urðu þær, að mjólkin lækkaði um 1½ eyri hver lítri og kjötið hækkaði um 33%".

Þetta er nú inngangurinn í umræðum flokksmanna hv. þm. Borgf. og samstarfsmanna hv. 10. landsk., þeirra, sem hann ætlaði að leysa afurðasölumálið með. En nú skal ég halda áfram, því að ekki fer það batnandi:

„Það rekur auðsjáanlega að því, ef svo fer fram, sem nú horfir, að Reykvíkingar verði að breyta allmjög til um búskaparlag. Þeir verða m. a. að breyta um mataræði, reyna að gera fæðið ódýrara. Reykjavík er sjávarútvegsbær og verzlunarbær. ... Hvað er nú eðlilegra en það, er henni er sagt stríð á hendur, og reynt að koma henni á kné með öllu móti, að hún reyni að búa sem mest að sínu. Hún ætti að gera fisk og síld að höfuðfæðutegund sinni, auk mjólkur, viðbits og kornmatar".

Hér er verið að gefa Reykvíkingum í skyn, að þeir eigi ekki að kaupa kjöt. En svo kemur aðalrúsínan:

„Mér finnst, að bæjarbúar ættu að hugleiða, hvort þeir gætu ekki aukið neyzlu þeirra matvörutegunda, sem þeir framleiða sjálfir, því að það er óneitanlega leiðinlegt að vera að knékrjúpa bændum og rella við þá um kjöt eða annað, sem þeir vilja náttúrlega helzt vera lausir við að selja okkur ræflunum, sem þeir láta blóð sín alltaf vera að svívirða.

Fiskurinn er svo ódýr og holl og góð fæðutegund, að ekki mundi skipt til hins lakara, þó neyzla hans væri aukin. Og sama máli gegnir um síldina".

Með öðrum orðum, hv. 10. landsk. klauf sig frá framsóknarmönnum einmitt vegna þess, að hann taldi, að betra væri að leysa afurðasölumálið með sjálfstæðismönnum, og þegar hv. þm. Borgf. kemur fram og staðhæfir, að sjálfstæðismenn séu ekki á neinn hátt mótsnúnir þessari löggjöf, einmitt þá um leið kemur þessi svívirðilega yfirlýsing frá samstarfsmönnum hv. 10. landsk. og flokksmönnum hv. þm. Borgf., þar sem reynt er með öllu móti að espa upp Reykvíkinga og fá þá til að snúast á móti, þar sem Reykvíkingar eru hreint og beint hvattir lögeggjan um að rísa á móti því, að kjöts sé neytt í bænum. Með þessum mönnum vildi hv. 10. landsk. vinna í afurðasölumálinu.

Hér hjá mér hefi ég og afrit að 24 skammagreinum úr Vísi og Morgunblaðinu um afurðasölumálið. Á þeim sést bezt, hve velviljaðir þeir menn voru í garð þessa máls, sem þessi hv. þm. vildi vinna með að lausn þess. Það þýðir því ekkert fyrir þennan hv. þm. að halda því fram, að hann í raun og veru hafi ætlað að leysa málið, þar sem það var búið að vera óleyst í höndum hans í tvö ár, og að lokum sigldi hann því hér um bil í strand. Það er því næsta undarlegt, þegar hann veður hér fram á völlinn með ávítur til okkar framsóknarmanna, sem leystum málið, sem hann reyndist ómegnugur til að leysa.

**Jónas Guðmundsson:** Þó að ég sé frsm. meiri hl. fjvn. að fyrri hluta fjárl., þá mun ég ekki við þessa umr. fara að ræða frv. sjálft eða þær stefnubreyt., sem í því felast. Það hefir verið gert af hæstv. fjmrh. o. fl.

Undir umr. í dag féllu þau ummæli hjá hv. 1. þm. Skagf., að við úthlutun vegafjárins hjá meiri hl. fjvn. hefði gætt hinnar mestu hlutdrægni. Þessum aðdróttunum í garð meiri hl. n. mótmæli ég algerlega. Það mætti kannske frekar segja, að um stefnubreytingu væri að ræða heldur en hlutdrægni, og skal ég því til gamans skýra fyrir áheyrendum, í hverju stærstu till. meiri hl. eru fólgnar. Langstærsta brtt. snertir Sogsveginn. Þar leggur meiri hl. til, að veittar verði 50 þús. til þess að greiða fyrir einu stærsta framtíðarmáli þessarar þjóðar, Sogsvirkjuninni, sem á að verða til þess að auka möguleika til iðnaðar og verða til annara hagsbóta fyrir Suðurlandsundirlendið, og til þess að búa betur að Reykjavík á ýmsan hátt.

Þá leggur meiri hl. til, að tvær allstórar fjárhæðir verði veittar til þess að koma tveimur kaupstöðum landsins, Siglufirði og Norðfirði, í vegasamband við aðalvegakerfi landsins. Fjórða stærsta upphæðin á að ganga til þess, að greiða fyrir stórum hluta bænda í Árnessýslu, sem örðugt eiga með að koma mjólk sinni að Mjólkurbúi Flóamanna sakir vonds vegasambands. Þessar upphæðir nema alls um 90 þús. króna.

Þá er gert ráð fyrir 10 þús. kr. hækkun til Holtavörðuheiðarvegarins, en eins og kunnugt er, er það aðalleiðin milli Norður- og Suðurlands og því fjölfarin mjög, en vond yfirferð-

ar á stórum köflum ennþá. Aðrar hækkunartill. meiri hl. um vegi eru 9 talsins, og nema upphæðirnar samtals um 40 þús. kr., sem skiptist á 8 sýslur.

Af þessu má sjá, að það er nokkur stefnubreyting um vegaféð, fyrst að láta það koma að sem mestu gagni og í öðru lagi að skipta því sem jafnast á milli héraðanna. Læt ég svo þetta nægja um vegaféð og skiptingu þess.

Þá vil ég með nokkrum orðum víkja að tveimur stórmálum, sem liggja fyrir þessu þingi og *þjóðina varðar miklu, að giftusamlega takist* að leysa. Annað er skuldaskil útgerðarmanna, en hitt fisksölumálið.

Hv. sjálfstæðismenn hafa haldið því fram, að við Alþýðuflokksmenn værum fjandsamlegir þessum málum. Hv. þm. Borgf. sagði t. d. áðan, að við vildum, með einkasölu á fiskinum, koma fisksölunni sömu leiðina og síldareinkasölunni gömlu.

Frv. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna var flutt hér af sjálfst.mönnum, eftir misheppnaða tilraun til að bera það fram með öðrum flokkum. Það verður ekki annað sagt en að þetta sé eitt þýðingarmesta málið, sem fyrir þinginu liggur, og er því mikil nauðsyn á að leysa það, því eins og kunnugt er, þá hvílir öll afkoma okkar sem sjálfstæðrar þjóðar á sjávarútveginum, og fari illa um hann, þá er ekki annað sýnt en að við hreint og beint verðum gjaldþrota. Eins og kunnugt er, þá er hér tvennskonar útgerð: Togaraútgerðin, sem rekin er með hlutafélagssniði, og hinsvegar smáútgerðin, sem rekin er af einstaklingum með smábátum víðsvegar kringum landið. Mér er ekki kunnugt um, hvernig útgerðin skiptist á milli þessara tveggja útgerðartegunda, hvor þeirra heldur þjóðarbúinu meira uppi, en hitt er víst, að smáútgerðin stendur undir fleiri fjölskyldum í landinu en stórútgerðin.

Milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum, sem safnað hefir allmiklum gögnum um þessi efni, hefir ekki gert skýrslur um það, hvernig skuldirnar skiptast á milli stórútgerðarinnar og smáútgerðarinnar, þær eru taldar í heild, svo það er dálítið erfitt að átta sig á þeim. En svo mikið er víst, að það mun ekki vera hægt að gera stórútgerðina upp, nema taka sérstakt tillit til bankanna, sérstaklega þó Landsbankans.

Skuldum smáútgerðarinnar er öðruvísi farið. Þær eru miklu dreifðari. Þannig er t. d. mikið af þeim við veiðarfæraverzlanir, olíufélög og saltverzlanir. Þegar þetta safnast, verður það að stórum upphæðum, með ólíkum vaxtakjörum, *og getur oft orðið mjög óþægilegt fyrir útgerð*armennina.

Þá er vert að athuga það í þessu sambandi, hverjir standa að þessum tveimur tegundum útgerða. Smáútgerðarmennirnir eru sjálfir ábyrgir fyrir útgerð sinni, vinna sjálfir að rekstrinum, eiga bátana og veiðarfærin og verða sjálfir að borga brúsann, ef illa tekst til, láta allar eigur sínar, hvort sem þær eru viðkomandi útgerðinni eða ekki.

Hinsvegar er allt öðru máli að gegna með togaraútgerðina. Hún er rekin af hlutafélögum og að henni standa margir stórefnaðir menn, en eru aðeins ábyrgir fyrir þeim hlut, sem þeir hafa upphaflega lagt í fyrirtækið. Margir þessara manna eru jafnvel búnir að hafa miklar tekjur af hlutaeign sinni í félögunum, þegar vel hefir gengið. Í sumum tilfellum búnir að fá hlutafé sitt endurgreitt í ágóðahlutum. Tapa þeir því engum eyri úr eigin vasa, þegar félögin endanlega verða gerð upp. Til þessara tveggja sjónarmiða ber að taka tillit þegar útgerðin er gerð upp.

Við Alþfl.menn höfum ákveðið að fylgja *skuldaskilum útgerðarmanna*, en við krefjumst þess, að þau verði athuguð á þessum grundvelli. Og við teljum, að ef þingflokkarnir geta borið gæfu til að leysa þessi mál, þá ætti þessu þingi ekki að ljúka svo, að smáútgerðarmennirnir fengju ekki einhverja hjálp. Þó að þetta verði tekið í tveimur áföngum, ætti ekki að vera nein hætta á ferðum um lausn málsins, ef sjálfstæðismenn hlaupa ekki frá öllum sínum loforðum um stuðning við málið.

Hitt atriðið, skipulagning fisksölunnar, er áreiðanlega viðkvæmasta málið, sem minnzt hefir verið á á þessu þingi. Hvernig tökum beri að taka á þessu skipulagningarmáli, er áreiðanlega viðkvæmasti punkturinn í íslenzkri pólitík, eins og nú standa sakir. Það finna allir, hvort sem það eru Bændafl.menn, sjálfst.menn, jafnaðarmenn eða framsóknarmenn. Fiskmörkuðunum er lokað fyrir okkur, og yfirleitt eru fisksölumálin að komast í hið mesta óefni. Nú er t. d. komið að lokum nóvembermánaðar, og ennþá eru fyrirliggjandi í sumum fjórðungum landsins miklar birgðir fiskjar af þessa árs framleiðslu, sem vitanlegt er, að ekki fara út héðan af í þessa árs „kvóta“, heldur verða að fara í næsta árs samninga. Af því leiðir aftur, að við getum búizt við því, að við einn góðan veðurdag verðum að leggja fiskiskipaflotanum upp, afskrá sjómennina og segja þeim að ganga á götunum sér til dægrastyttingar, því að við megum ekki framleiða eins mikið og við höfum gert. Við Alþýðufl.menn höfum sætt ámæli hjá sjálfst.mönnum, og nú síðast hjá hv. þm. Borgf., fyrir það, að við höfum viljað taka föstum tökum á þessu máli, fastari tökum en sjálfstæðismenn.

Annars var búizt við því, að fulltrúafundur fiskútflytjenda, sem haldinn var hér síðastl. haust, frá 26. okt. til 1. nóv., legði einhverjar línur í þessu máli, sem að gagni mættu verða, en það gerði hann ekki, heldur lagði aðeins til. að fisksölunnni yrði hagað framvegis eins og verið hefði. En slíkt er engin lausn. Það verður að *taka þessi alvarlegu mál fastari tökum*.

Annars er það þannig nú, að hér er í raun og veru einkasala á saltfiski, þar sem salan er svo takmörkuð, að hún er bundin við ákveðið magn. Það er því varla forsvaranlegt að leyfa hér innanlands ótakmarkaða framleiðslu á þessari vöru. Ég tel fisksölunefndina, sem haft hefir með höndum nær alla fisksöluna, eiga mikla sök á því, hvernig þessum málum er komið nú. Hefði hún gætt betur skyldu sinnar og athugað þessi mál í tíma, myndi hún ekki hafa mætt slíkri tortryggni sem hún mætir nú. Ég skal fúslega viðurkenna, að nefndin hefir

átt við mikla örðugleika að stríða, óbilgjarnar kröfur o. fl., en þess hefir hún ekki gætt sem skyldi að láta hið fyllsta jafnrétti ríkja gagnvart öllum fiskframleiðendum landsins. En þess verður að krefjast af þeim mönnum, sem hafa með höndum sölu á nær allri fiskframleiðslu landsmanna. Það dugir ekki að láta suma landshluta verða allmjög afskipta, en láta aðra *flytja út alla framleiðslu sína*. En það er einmitt þetta, sem gert hefir verið nú að undanförnu. Það er því full ástæða til, að almenningur ber ekki traust til þeirra manna, sem nú ráða mestu í fisksölunni.

Þá er eitt atriði enn, sem vert er að minnast á, og það er, hvernig farið hefir verið með þá markaði, sem við höfum haft. Sumir landshlutar, t. d. Austfirðir, hafa að mestu leyti verkað fisk sinn fyrir Barcelona-markaðinn, enda eru það þeir, sem hafa unnið hann upp að mestu. En á þann markað þarf sérstaklega að vanda fiskinn, enda fæst þar fyrir hann hærra verð en annarsstaðar. Nú hefir verið flutt út á þennan markað alls 5360 tonn, en það er mun minna en þessi markaður hefir tekið við síðustu árin. Af þeim fiski eru þó aðeins 1040 tonn af Austfjörðum, hitt, 4320 tonn, er af Suðurlandi. Nú er það dálítið eftirtektarvert, hverjir það eru, sem aðallega flytja út á þennan markað af Suðurlandi. Það eru ekki smáútgerðarmenn, heldur en það hlutafélagið Kveldúlfur, sem bezt sambönd hefir annars á Spáni. Það er óneitanlega vítavert, að aðalforstjóri sölusamlagsins, sem jafnframt er einn af forstjórum Kveldúlfs, skuli nota sér þessa aðstöðu til framdráttar sínu félagi, á kostnað annara. Ég vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr ræðu, sem Richard Thors flutti út af þessu á fulltrúafundinum síðastl. haust. Þar segir m. a. svo: „Þá kem ég að Kveldúlfsfiskinum á Barcelona-markaðinum“. Kveðst ræðumaður hafa orðið þess var, að Kveldúlfur væri grunaður um að skara þar nokkuð eld að sinni köku. Austfirðingar teldu sig hinsvegar eiga Barcelona-markaðinn frá gamalli tíð, en menn yrðu að athuga, að fyrrum hefði það verið svo, að mjög lítið af Austfjarðafiski hefði verið selt fyrr en á haustin. Sunnlendingar seldu hinsvegar fisk sinn framan af sumri. Barcelona gerði miklar kröfur um verkun fiskjarins. Hér á árunum hefði það verið svo, að ekki hefði fengizt að verka fisk héðan að sunnan á Barcelona-markað, vegna þess, að þáv. yfirfiskimatsmaður hefði stranglega krafizt annars og miklu harðara verkunarstigs á fiskinum en við ætti í Barcelona. Hefði h/f Kveldúlfur þá loks fengið leyfi til að verka fisk á þennan markað, er það hafði borið fram bréflega ósk um þetta efni til ríkisstj. Öll þau ár, sem síðan hefðu liðið, hefði h/f Kveldúlfur kostað hins mesta kapps um að fullnægja kröfum þessa markaðar. Kaupendurnir hefðu vanizt því að fá samstæða vöru ár eftir ár, og aldrei hefðu komið kvartanir um undirvigt, enda hefði jafnan verið látið ríflega í pakkana. Að gefnu tilefni kvaðst ræðumaður vilja geta þess, að smásalarnir syðra krefðust þess aldrei, að Kveldúlfsfiskur yrði vigtaður upp. En vegna fenginnar óþægilegrar reynslu væri þess alltaf krafizt, að Austfjarðafiskurinn yrði vigtaður upp, því kaupendurnir vildu ekki eiga á hættu, bæði að greiða kaupverð og innflutningstoll af meiri þunga en þeir fengju. En tollur og annar kostnaður næmi þar eins miklu og innflutningsverðið. Nú væri svo komið, að kaupendurnir í Barcelona heimtuðu Kveldúlfsfisk, og það gæti *verið varhugavert að neita slíkum kröfum*. — Svo segir ræðumaður ennfremur, að fleiri og fleiri væru nú að snúast að þessari verkunaraðferð, og yrði að ræða í fullu bróðerni um það, hvernig sölunum yrði fyrir komið án þess að nokkur gengi á annars hlut. Óhjákvæmilegt væri að endurbæta matið á Ströndinni, ef sá fiskur ætti að halda velli á markaðnum.

Hér er því um mjög þýðingarmikið atriði að ræða, sem ekki hefir verið minnzt á áður undir umr., sem sé skiptingin á hinum erlendu mörkuðum milli framleiðendanna innanlands. Við Austfirðingar getum ekki látið það afskiptalaust, að þeir, sem falin er yfirstjórn þessara mála, skari svo mjög eld að sinni köku, að þeir boli okkur út af þeim mörkuðum, sem við höfum sjálfir skapað okkur. Við erum fúsir til að slá af því, sem við flytjum út á okkar markaði, í réttu hlutfalli við aðra útflytjendur. En að útiloka okkur eins og gert hefir verið, það getum við ekki sætt okkur við. Það er því ekki að ófyrirsynju, þó að við viljum ekki leggja þessi miklu hagsmuna- og vandamál óskorað í hendur þeirra manna, sem við getum ekki treyst, og að við viljum frekar leggja það í hendur þeirra, sem bera ábyrgð gerða sinna fyrir ríkisstj. og Alþingi. Í frv. því, sem hæstv. atvmrh. hefir flutt hér til lausnar þessum málum, er ekki gert ráð fyrir einkasölu á fiski nema sem neyðarúrræði. Það er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi á sölunni áfram, ef þess er kostur, en það er lagt til, að stj. geti haft eftirlit með því, hvernig farið er með þetta vald, þetta langmesta vald yfir hagsmunamálum þjóðarinnar, sem hún getur afhent nokkurri stofnun.

Ég skal svo ekki þreyta hv. hlustendur með öllu lengri ræðu. Að ég hefi ekki tekið út úr nema þessi atriði, stafar af því, að ég vil frekar taka fram um þau það, sem mestu skiptir, að mér finnst, heldur en að minnast á margt lauslega.

Þeim ummælum hv. sjálfstæðismanna, að við Alþfl.menn berjumst á móti hagsmunum útgerðarinnar, vísa ég heim til föðurhúsanna, enda væri slíkt vanhugsun ein, því undir afkomu útgerðarinnar eiga þeir menn hvað mest, sem við berum mest fyrir brjósti, en það eru sjómennirnir og verkamennirnir.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Herra forseti! Hæstv. ráðherrar Framsfl. hafa gert tilraun til að afsaka þá afsláttarpólitík, sem þeir að undanförnu hafa rekið í málefnum bændanna. Þeir halda, að ekkert mál komist fram hjá þeim, nema með því að kaupa sósialistana til fylgis við það, en við þá sé ekki hægt að verzla, nema þeir fái í hverju máli eins mikið og bændurnir hagnast, sbr. mjólkurlækkunina. Þar mega

bændurnir ekki fá þennan hagnað, þó að hægt sé með rökum að sýna og sanna, að hann hrökkvi ekki fyrir framleiðslukostnaði. Það er ekki nóg með það, að sósialistar þurfi að fá fullkomna lausn allra sinna mála, heldur þurfa þeir líka í málum landbúnaðarins að fá jafnan hlut á móti bændum. Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að það væri ekki hægt að taka til úrlausnar eða ráða bætur á málefnum bænda, nema líta jafnframt á hag annara stétta og taka tillit til þeirra. M. ö. o.: Það má aldrei hugsa til að fullnægja kröfum bænda, nema neytendurnir fái jafnframt aukinn skammt, annaðhvort af því, sem vinnst fyrir bætt skipulag, t. d. á afurðasölu landbúnaðarvara, eða beinlínis úr ríkissjóði.

Út af andstöðu hæstv. ríkisstj. gegn því, að bændur megi fá það verð fyrir kjötið, er svari til framleiðslukostnaðarins, höfum við Bændafl.mennirnir flutt brtt. við fjárlfrv. þess efnis, að greitt verði úr ríkissjóði til verðjöfnunarsjóðs allt að sömu upphæð og verðjöfnunargjaldinu nemur samanlagt, til þess að hægt sé að nokkru leyti að samræma kjötverðið á útlendum og innlendum markaði, þ. e. a. s. bæta upp verðið á útflutta kjötinu. Nú vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvernig hún hugsi sér að taka þessari úrlausn á sjálfsagðasta nauðsynjamáli bændanna. Og það er fróðlegt fyrir bændur að fylgjast með þessu máli og hlusta á svör stj.

Í þessu sambandi er rétt að benda á það, að hér er um lítið hærri upphæð að ræða fyrir ríkissjóð, sem ætlazt er til að greidd verði í verðjöfnunarsjóð, heldur en þá hlutaruppbót, sem stj. lét greiða úr ríkisjóði síðastl. haust til sjómanna á síldveiðiskipum. Hvað þá ef bætt væri við það kauphækkuninni, sem stj. lét greiða úr ríkissjóði til verkamanna í opinberri vinnu síðastl. sumar. Ég held því, að það sé engan veginn hægt að segja, að við höfum ekki litið til annara stétta í landinu um leið og við fluttum þessa brtt. við fjárl. — Við höfum tekið til samanburðar og bent á það, sem ríkisstj. hefir gert til hagsbóta verkamannastétt kaupstaðanna, og það eru ekki óverulegar upphæðir, sem til þess hafa farið. Til atvinnubóta eru áætlaðar 500 þús. kr. í fjárlfrv. Og þó að tekið væri af því, eða jafnað á móti því þeirri upphæð, sem við Bændafl.menn höfum lagt til, að veitt væri til þess að létta á skuldabyrðum bænda, þá er samt til muna meira eftir. Og þó framfleyta bændur miklu fleira fólki en verkamannastéttin í kaupstöðunum.

Ég hefi áður bent á hina ólíku afstöðu stj. til bænda og kauphækkunina í opinberri vinnu síðastl. sumar, en nú kem ég að hinum hóflausu árásum hennar á Búnaðarfél. Ísl., sem þó verður nánar vikið að síðar, og svo annarsvegar hinu einstaka dekri hennar við Alþýðusamband Íslands, sem alstaðar kemur fram. Alþýðusambandið þarf náttúrlega að vera aðili í öllum málum, að áliti stj.

Ég hefi bent á hinn stórfellda mismun, samkv. till. stj., á fjárframlögum til atvinnubóta í kaupstöðunum og því, sem hún ætlar að láta af höndum rakna til bænda, til uppbótar á hinu óskaplega lága verði, sem þeir fá fyrir útflutta kjötið. Þar er aðstaðan ólík. Ég hefi bent á, hversu ríkisstj. virðist margfalt fúsari til þess að greiða sjómönnum hlutaruppbót á síldina og gefa eftir af síldartollinum, sem þó var búið að innheimta í ríkissjóð, heldur en að bæta bændum upp kjötverðið.

Hæstv. forsrh. minntist eitthvað á þá menn, sem alltaf væru hálfir í málum, og kvaðst blátt áfram fyrirlíta þá; enda gæti vel verið, að hann sýndi þeim í framkomu það, sem vel mætti kalla hroka, eða nálgaðist það. Vildi hann telja okkur Bændafl.menn til þeirra, sem alltaf væru hálfir í málum. Og það er áreiðanlegt, að þessi hæstv. ráðh. hefir fullkomlega staðið við þann ásetning, að sýna okkur og málefnum okkar hinn mesta hroka. Hið sama hefir komið fram frá honum gagnvart aðalmálum landbúnaðarins, hvort sem það kann að vera af því einu, að við höfum jafnan orðið til þess að bera þau fram. Ég læt hlustendur dæma um, hvort slík framkoma getur talizt sæmileg. Ég tel það fyrstu og sjálfsögðustu skyldu hæstv. ráðh., að líta á það, hvort málefnið er gott og réttmætt eða ekki, og taka afstöðu eftir því, en hitt á ekki að hafa nein úrslitaáhrif, hver málið flytur. Honum ber skylda til að líta á málavexti og haga sér eftir þeim, fremur en persónulegri hlutdrægni. Slík framkoma hæstv. stj. verður áreiðanlega ekki þoluð til lengdar.

Hæstv. forsrh. talaði um, að ég hefði komizt á þing nú síðast vegna þess, að sjálfstæðismenn hefðu stutt kosningu mína. Ég held, að hann hljóti nú að vita það, að form. Sjálfstfl. vann eins og hann gat á móti mér í kjördæminu, og að flokkurinn hafði þar sérstakan frambjóðanda. Kosningabaráttan var ákaflega hörð. Og þó mér detti ekki í hug að neita því, að menn úr Sjálfstfl. og Framsfl. hafi fremur hallazt að Bændafl. í síðustu kosningum, eins og raun bar vitni um, þá er það ekki nýtt fyrirbrigði, að kjósendur fari úr einum flokki í annan. Og Framsfl. varð einnig upphaflega til á þann hátt, að kjósendur gengu í hann úr öðrum flokkum. Út af dylgjum hæstv. forsrh. um það, að ég fylgi Sjálfstfl. alstaðar að málum, vil ég benda honum á að lesa sitt eigið blað. Fyrir skömmu varð ég fyrir þeirri upphefð — eða ærumeiðingu, hvort sem betur þykir við eiga —, að flokksblað ríkisstj. birti mynd af mér, og var þess jafnframt getið, að ég væri nú genginn á mála hjá sósialistum. Líklega hefir það ekki verið fyrir tilstilli eða eftir skipun frá Sjálfstfl. Svona er nú samræmið í því, sem hæstv. ráðh. segir og hans eigið blað; en stjórnarliðar hafa ekki búizt við, að þessi blaðsnepill þeirra með myndinni og þeim orðum, sem fylgdu, mundi berast út til landsmanna. Þessa vegna hafa þeir talið óhætt að halda því fram í þessum umr., að ég væri algerlega háður Sjálfstfl., og það á nú að hrífa. En hvað sem þeim þóknast að þvæla um þetta til eða frá, þá tel ég eðlilegast fyrir mig að fylgja hverri till., sem horfir til bóta, hvaðan sem hún kemur, þó að hæstv. ríkisstj. sé svo mikil með sig og drambsöm, að hún getur ekki litið svo á, að neinar till., sem frá öðrum koma, eigi rétt á sér í þeim málum,

sem hún telur vera sín áhugamál. Ég get fylgt hverri þeirri till. og frv., sem fram kemur, ef það horfir til bóta. Og það er ósköp eðlilegt, að einstakir þm. vilji hafa áhrif á afgreiðslu þeirra frv., sem stj. flytur, með brtt., er þeir telja, að miði til bóta. Ég skal játa það, að við Bændafl.menn höfum takmarkað okkar störf við kröfur framleiðenda, og þá einkum bænda, og borið mál þeirra fyrir brjósti, en ekki þanið okkur út yfir málefni allra stétta. Hæstv. rikisstj. má gjarnan lá okkur það, ef hún vill. Við erum mótfallnir þessu daðri við allar stéttir og hálfleik í hverju máli, sem Framsfl. temur sér nú orðið. Þó að framsóknarmenn neyðist stundum til að ganga nokkuð á móti okkur í málefnum bænda, þá eru þeir þar ekki nema hálfir; þess vegna má hæstv. forsrh. viðurkenna þann sannleika opinskátt fyrir almenningi, að hann beri mesta fyrirlitningu fyrir sjálfum sér. Hann er hálfur í hverju máli. Nema hæstv. ráðh. vilji nú lýsa því yfir, að hann sé ekki fylgjandi þeim till. landbn. Nd. um bætt lánakjör og lækkun vaxta á landbúnaðarlánum, þar sem landbn. tók tillit til frv. okkar Bændafl.manna um það efni. Það væri máske hreinlegast af hæstv. ráðh. Ég hélt, að það væru ekki nema sósialistar — og tveir framsóknarmenn þeim hlynntir — á móti vaxtalækkuninni. En máske þeir séu einmitt í samræmi við hæstv. forsrh., og að með því að setja þennan örlitla kafla aftan við frv. sé verið að reyna til að smeygja handjárnunum á samflokksmenn hæstv. ráðh. Ef hann hefir gert það og vill hreinsa sig af því, að hann aðhyllist nokkuð í þessum III. kafla í frv. landbn. Nd. um lánakjör landbúnaðarins, þá skal ég viðurkenna, að hann er ekki hálfur, heldur heill í fjandskap sínum gegn málum bænda. En hafi hann hinsvegar verið fylgjandi landbn. um þessar till., þá er hann hálfur í því máli, eins og í afurðasölumálum landbúnaðarins.

Annars vil ég einnig í þessu sambandi benda á, hvaða vettlingatökum hæstv. stj. tekur á lánakjörum landbúnaðarins. Þetta frv. um endurbætur á kjörum fasteignaveðslána, sem flutt er að undirlagi hennar, er svo fljótvirknislega afgreitt og afkáralega samið, að það eru hrein undur, að nokkur skuli hafa getað skilið svo vesalmannlega við það. Ég skal t. d. benda á það, að í ákvæðum til bráðabirgða er í 16. gr. gerð sú bráðabirgðaákvörðun, að stjórn Búnaðarbanka Íslands hafi á hendi stjórn ræktunarsjóðs, sem búið var að slá föstu í lögunum um Búnb. Ísl. frá 1929, þar sem breytt er ákvæðum ræktunarsjóðslaganna gömlu. Einnig er ætlazt til þess, að hin nýju lög verði felld inn í meginmál laga nr. 17 frá 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, enda þótt í þessu frv. sé ekkert ákvæði, ekki nokkur skapaður hlutur, sem kemur ræktunarsjóðslögunum við. Auðvitað er það ekki meining hv. flm. frv. að fella annað úr því inn í meginmál ræktunarsjóðslaganna heldur en þau atriði, sem snerta ræktunarsjóðinn. Svona ambögu háttur sýnir, að ekki hefir verið unnið af áhuga að þessu frv. frá stj. hálfu.

Hæstv. forsrh. var að ásaka fyrrv. stj. fyrir, hvað lítið hún hefði afrekað í landbúnaðarmálum. En þó er það vitað, að stærstu átökin, sem gerð hafa verið í þágu landbúnaðarins, voru framkvæmd og undirbúin af fyrrv. landbúnaðarráðh. Kreppulánalöggjöfin er hans verk, og kjöt- og mjólkursölulögin voru algerlega undirbúin af honum, og eru því að mestu einnig hans verk. Ráðh. átti aðeins eftir að setja nafn sitt undir lögin. En það afrek kom í hlut núv. landbrh. eftir kosningarnar; og það litla, sem hann gerði annað viðkomandi þessum lagabálkum, var til stórskemmda, vegna þess að hæstv. ráðh. var undir áhrifum sósialista og háður samningum við þá, en þeir heimta stöðugt meiri og meiri völd. Þetta er alveg ljóst af ummælum, sem birtust í blaði sósialista, þar sem því var haldið fast fram, að neytendur ættu jafnt og framleiðendur að njóta þess, sem hægt væri að spara við sölu mjólkurinnar, þegar búið væri að koma þar á skipulagi.

Vegna þess að ég þarf að tala ýtarlega um framkomu hæstv. stj. gagnvart Búnaðarfél. Ísl., þá tek ég það efni í einu lagi síðar í kvöld. En þó get ég ekki látið hjá líða að benda á, til frekari sönnunar því, sem ég sagði áðan, að sú framkoma hæstv. forsrh. hafi ekki beinlínis verið sprottin af illvilja til B. Í., heldur eins mikið af hinu, að sósialistar voru búnir að koma á hann snöru, og svo var hann keyrður og pískaður áfram í haftinu af blaði þeirra hér í bænum. Það er alveg ljóst af myndun þessarar samsteypustj. í upphafi, hvernig sósialistar hafa beitt þessari hundasvipu sinni á Framsfl. Í fyrstu tilnefndi Framsfl. formann sinn til þess að mynda stj., en „sósar“ sögðu nei takk, og Framsfl. varð að beygja sig í auðmýkt. Form. flokksins varð sjálfur að lýsa því yfir í Tímanum, að hann hefði orðið að sætta sig við þessa kosti, að flokkur hans væri svínbeygður á sinni fyrstu göngu með „sósum“. Í ofsóknini á hendur Búnaðarfél. Ísl. hefir rikisstj. verið háð fjötrum „sósa“. Hún byrjar þannig, að stj. verður að bægja B. Í. frá því að tilnefna mann í kjötverðlagsnefndina, en láta Alþýðusamb. skipa þar mann í staðinn. Þetta er líka ofsókn gegn öllum samtökum bænda, sem standa að Búnaðarfél. Ísl. Allt er einhliða gert til þess að þóknast Alþfl., svo sem eftirgjöf á síldartollinum o. fl., en hinsvegar er hæstv. landbrh. kúgaður til þess að vera á móti samskonar verðuppbótum til bænda. Alstaðar eru fingraför „sósa“, sem Framsfl. getur aldrei þvegið af sér og aldrei afsakað fyrir kjósendum sínum. Og þetta er ákaflega eðlilegt. Flokkurinn gaf fyrir fram opinberlega þá yfirlýsingu, löngu fyrir síðustu kosningar, að hann gæti ekki unnið með öðrum en „sósum“ í landsmálum. Þessa uppgjafayfirlýsingu frá Framsfl. hafa „sósar“ notað sér eftir föngum. Þeir hugsuðu á þessa leið: Nú getum við sett framsóknarmönnum hvaða kosti sem vera skal, þeir láta einskis ófreistað til þess að fá völdin og komast í ráðherrasætin.

**Ólafur Thors:** Í þessari ræðu kemst ég ekki yfir að svara nema litlu af því, sem þörf er á.

Hæstv. forsrh., höfuð stj. — hæstv. forsrh. er nú raunar aldrei nefndur því nafni, hann

er aldrei kallaður höfuð stj., af hverju sem það nú kanna að vera — svaraði rökstuddri ádeilu minni með því einu að segja, að mér þyrfti engu að svara fremur en vant væri. Ég hefði farið með venjulegt rugl og skvaldur. Þetta eru þau rök, sem ég er vanastur í blöðum og ræðum þessa hæstv. ráðh., og þykir mér vænt um, að þjóðin fái þó í eitt skipti að heyra bæði minn málflutning og hans.

Hæstv. forsrh. las eitthvað upp úr grein í Vísi frá því í sumar, sem átti að sanna það, að ég hefði farið með fals og flærð í ræðu minni um afurðasölumálin. Hæstv. ráðh. veit það náttúrlega, að hér eru til einstöku menn í bænum, sem láta heyrast frá sér óánægjuraddir út af framkvæmdum stj. í afurðasölumálunum. Ein af þessum óánægjuröddum hafði látið til sín heyra í Vísi, og þá fannst hæstv. ráðh. ástæða til að láta hana berast út um byggðir landsins gegnum útvarpið. En nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: *Hvernig heldur hann*, að sungið hefði í tálknum Alþýðublaðsins, ef við sjálfstæðismenn hefðum skipulagt afurðasöluna á sama hátt og hækkað verðið á þeim nauðsynjavörum fyrir verkalýðinn í bæjunum? Það væri gaman að heyra svar hans við því. Annars er ekki hægt að deila við þennan hæstv. ráðh., sem þorir ekki að svara rökstuddum ákúrum, en stendur bara upp úr sæti sínu og yptir öxlum með illúðlegu brosi, — eða lítið góðmannlegu, væri máske réttara að segja. Hann ætti að halda sem mest kyrru fyrir í sætinu, þegar hann getur ekki svarað fyrir sig.

Hæstv. fjmrh. verð ég að mestu að leiða hjá mér, og hlýt ég að játa, að af öllu góðgætinu í eldhúsi stj. sárlangar mig ekki jafnmikið í neitt eins og það, að tæta í mig allra mestu fjarstæður þessa ráðh. Ég stilli mig þó um það að þessu sinni, en verð aðeins að gera örstuttar aths. út af ræðu hans. — Út af ummælum hæstv. fjmrh. um stefnu stj. og sjálfstæðismanna í skattamálum og fjármálum vil ég aðeins gera þessa stuttu aths.:

Sjálfstæðisfl. telur, að framlög ríkissjóðs til verklegra framkvæmda beri að miða annarsvegar við getu ríkissjóðs, en hinsvegar við þörf almennings fyrir atvinnu. Af því leiðir m. a., að þegar góðar atvinnuhorfur eru í landinu, á ríkið að draga saman seglin. Á komanda sumri eykur Sogsvirkjunin atvinnu almennings um 600 þús. kr. Samt sem áður verða framlög ríkisins í þessu skyni, samkv. till. sjálfstæðismanna, 500 þús. kr. hærri en undanfarin ár. Þetta er langt gengið, en á sína afsökun í því, að ástæða er til að kvíða því, að atvinnurekstur einstaklinga dragist saman á næsta ári.

En að ráðast á þessa afstöðu og saka Sjálfstfl. um gerræði í garð verkalýðsins, er rakalaus þvættingur, og þegar sjálfur fjmrh. landsins gerist sekur um slíkt athæfi, lýsir það fullkomnu ábyrgðarleysi — fullkomnu og vítaverðu ábyrgðarleysi.

Hæstv. ráðh. gerði lævísa tilraun til þess að villa mönnum sýn um skattpyntingar þær, sem hann hefir í frammi. Það hljómar vel í eyrum kjósenda, að segjast vilja jafna milli stéttanna, og það er sjálfsagt þakklátt að segja kjósendum, að með hækkun tekjuskattsins séu þeir efnameiri látnir borga. En gallinn er bara sá, að tekjuskattshækkunin lendir þyngst á lægri tekjum, og hún lendir að því leyti öll á almenningi yfirleitt, að tekjuskattshækkunin knýr sveitarfélögin til þess að leggja tolla á nauðsynjar almennings. Þetta veit hæstv. ráðh. og fer því með alveg blákaldar og vísvitandi blekkingar í þessum efnum sem fleirum. — Ásakanir hæstv. fjmrh. um alvöruleysi sjálfstæðismanna um tillögur flokksins á sviði fjármálanna eru fullkomlega hlægilegar. Sjálfstfl. ber fram lækkunartill. að upphæð 700 þús. kr. Skattafrv. stj., sem tryggður er framgangur í þinginu, skapa jöfnuð á fjárlögunum. Sjálfstfl. ber fram lækkunartill. að upphæð 700 þús. kr. Verði þær samþ., eru 700 þús. kr. til ráðstöfunar. Þar við má bæta áætluðum gróða af afnámi bannlaganna, sennilega a. m. k. 500 þús. kr. Það eru 1200 þús. kr. Þótt nú teknar séu 900 þús. kr. til skuldaskilasjóðs og Fiskiveiðasjóðs, eru samt eftir 200—300 þús. kr. til að mæta útgjaldatill. einstakra þm.

Það er ekki líklegt, að kornungur sósíalisti geti kennt Sjálfstfl. varfærni í fjármálum, og ég held, að hæstv. ráðh. ætti að hætta að spreyta sig á því.

Hæstv. fjmrh. reyndi að breiða yfir hvarf Framsfl. undir pilsfald sósíalista. Hann sagði: „Málefnasamningurinn er þannig, að tekin eru höfuðatriðin úr stefnuskrá Framsfl. og einnig höfuðatriðin úr stefnuskrá sósíalista. — Svona er samningurinn“, hnykkti ráðh. á. Ó-já, það er nú svo. Alþýðublaðið gat þess, þegar það birti samninginn, að hvert einasta höfuðatriði hinna 14 liða samningsins væri tekið upp úr 4 ára áætlun sósa, og upplýsti um hverja einustu grein, hvar í 4 ára áætluninni hún stæði. Þetta hefir ekki verið véfengt, og er heldur ekki hægt. Nú upplýsir hæstv. ráðh., að þessi 14 stefnuskráratriði sósíalista ná yfir höfuðatriðin í stefnu Framsfl. Svona góða sönnun fyrir staðhæfingu minni um, að Framsfl. væri runninn inn í flokk sósíalista, hafði mér nú ekki tekizt að færa fram, og þakka því hæstv. fjmrh. mjög innilega fyrir ágæta aðstoð.

En eftir þetta vænti ég, að allir skilji, að ég hefi í engu ofmælt um, að Framsfl. sé horfinn inn í sósíalistaflokkinn. Og nú þarf enginn lengur að trúa á grýluna, sem hæstv. ráðh. var að tala um. Nú nægir að trúa ráðh. sjálfum.

Þá ætla ég að víkja máli mínu að hæstv. atvmrh.

Hæstv. ráðh. sagðist vera mér þakklátur fyrir sannar lýsingar á ömurlegu ástandi og döprum horfum íslenzks atvinnulífs. En jafnframt lét ráðh. í ljós undrun yfir því, að ég færði slíkt fram á eldhúsdegi. Ég hlyti þó að skilja, að ekki væri um að sakast við núv. stj., hversu komið væri, en hinsvegar sannaði ræða mín, hversu mikla örðugleika ríkisstj. ætti við að stríða.

Það er nú að vísu snöggur blettur í þessum rökum ráðh., sá, að enda þótt ekki sé um að sakast við þessa hæstv. ríkisstj. **sem ríkisstjórn** hversu komið er íslenzku atvinnulífi, þá er öllum vitanlegt, að stjórnarflokkarnir hafa á margan hátt skaðað atvinnurekstur lands-

manna, og eiga þess vegna sinn mikla þátt í því, hversu komið er. Hirði ég ekki að fara lengra út í þá sálma.

Hitt lýsir ólíku viðhorfi hæstv. ráðh. og mínu til þjóðmálanna, er hann sérstaklega lýsir undrun sinni yfir því, að ég notaði hið sjaldgæfa tækifæri til að ávarpa þjóðina gegnum útvarpið, til þess að tala við hana um kvíðvænlegustu örðugleikana, sem framundan bíða, alveg án hliðsjónar af því, hvort ég gat komið fleiri eða færri höggum á andstæðinga mína.

Enginn viðurkennir fúslegar en einmitt ég, hvílíkum geysilegum örðugleikum valdhafarnir eiga að mæta. En af þeirri staðreynd dreg ég bara allt aðrar ályktanir en hæstv. ríkisstj. Hún safnar saman liði sínu í þétta fylkingu til fullkomins fjandskapar við sérhvern þann, er aðra skoðun hefir í stjórnmálum. Ég aftur á móti tel þetta dauðasök sérhverrar ríkisstj. og krefst þess, að stj. finni til ábyrgðar, gæti alls velsæmis og efli til samstarfs meðal beztu krafta þjóðfélagsins til úrlausnar á örðugustu viðfangsefnunum.

Þetta eru tvö gerólík viðhorf til stjórnmálanna á hættutímum þjóðfélagsins.

Mér fannst allt að því slá út í fyrir hæstv. ráðh., þegar hann bar mér á brýn, að með því að viðurkenna örðugleika sjávarútvegsins hefði ég gert eldhúsdag að útvegsmönnum og þeim, er fisksöluna önnuðust. Rétt eins og hæstv. atvmrh. þjóðarinnar einum allra væri ókunnugt um hið lága verðlag íslenzkrar framleiðsluvöru á erlendum markaði. Og rétt eins og hæstv. ráðh., einn allra, gengi þess dulinn, að ofan á þessa örðugu baráttu útvegsins við lágt verðlag framleiðsluvörunnar og dýrleik notaþarfanna, hefir ríkisvaldið, og þá fyrst og fremst stjórnarliðar, beitt svo óhóflegri skattpyndingu, að einsdæmi eru.

Eða var hæstv. ráðh. að gera eldhús að ísl. bændum, þegar hann drap á örðugleika þeirra? Eða var það Samb. íslenzkra samvinnufélaga, sem þeirri árás var beint gegn, af því það annaðist kjötsöluna?

Nei, svona einfeldnislega má ekki yfirmaður hinna sliguðu framleiðenda, sjálfur atvmrh. þjóðarinnar, tala. Ég hefi hvorki ætlað að gera né gert eldhús að útvegsmönnum eða bændum. Hinu neita ég ekki, að mér fannst kenna nokkurs kala í garð útvegsmanna hjá hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. sagði:

„Útvegsmenn hafa eingöngu hugsað um að afla sem mest, og ryðja svo fiskinum á sömu markaði. Einmitt í þessu er skammsýnin og glapræðið mest".

Þá væru Norðmenn dugmeiri, bætti ráðh. við. Þeir seldu fisk sinn um allar álfur.

Mig undrar það stórlega, að ráðh. verkalýðsins skuli gera það að árásarefni á útvegsmenn, að þeir hafa hagað framleiðslunni með sérstakri hliðsjón af því, að veita sem mestri atvinnu inn í landið. Og mig rekur í rogastanz, ef það í raun og veru er svo, að hæstv. ráðh. veit ekki, að á fáum árum höfum við margfaldað fiskframleiðslu okkar og með einstakri vöruvöndun og fyrir dugnað kaupsýslumannanna tekizt að selja hana alla á beztu mörkuðunum, nefnil. í Suðurlöndum, og með því að hrekja Norðmenn út af þessum mörkuðum. Dugnaðurinn, sem ráðh. var að lofa Norðmenn fyrir, er því dugnaður nöktu konunnar, sem neyðin kennir að spinna, dugnaður þess aðila, sem undir hefir orðið í baráttunni um bezta markaðinn og því verið neyddur til að sætta sig við lélegri markaði og lægra verðlag. En dáðleysið, sem ráðh. vitti Íslendinga fyrir, liggur aftur á móti í því, að hafa barizt til sigurs og sezt að þeim eldinum, sem bezt brann.

Við þetta bæti ég svo aðeins því, að Íslendingar hafa kostað miklu til tilrauna um fisksölu á nýjum mörkuðum og með nýjum verkunaraðferðum. Hefir sumt strandað á fjárskorti, en annað á því, að ríkisstjórnir og bankar keppinautanna taka á sig, þegar þess er þörf, ýmiskonar fjárhagsleg vandkvæði og áhættu af fisksölunni, sem við Íslendingar verðum ekki aðnjótandi. Þannig höfðu bæði hlutafél. Kveldúlfur og Alliance unnið upp mikinn markað fyrir harðþurrkaðan ísl. ufsa í Suður-Ameríku, en urðu að hætta þessari verzlun, vegna þess að bæði Englendingar og Norðmenn buðu mjög langan gjaldfrest, allt að því 12 mánuði, en stjórnarvöld þeirra landa og bankar tóku á sig þá erfiðleika og greiddu framleiðendunum tafarlaust andvirði fiskjarins.

Sömuleiðis hefir Kveldúlfur gert mjög þýðingarmiklar tilraunir um sölu á frystum fiski. Sendi félagið alls um 1500 smálestir af frystum fiski á erlendan markað. Kveldúlf skorti fjármagn til að fylgja þeim tilraunum eftir. Þess vegna hlaut hann venjulegt hlutskipti brautryðjandans og tapaði mörg hundruð þús. króna, en fékk í staðinn mikla reynslu, sem hann er fús að afhenda endurgjaldslaust sérhverjum þeim félagsskap, sem útvegsmenn með frjálsum samtökum koma sér upp til þess að ganga áfram á þeirri braut, sem Kveldúlfsmenn hafa öðlazt alveg bjargfasta trú á, að leiði til blessunar og velfarnaðar fyrir ísl. sjávarútveg.

Sjómenn, útvegsmenn og kaupsýslumenn, sem þrátt fyrir fádæma örðugleika hafa fjórfaldað fiskframleiðsluna á fáum árum og rutt henni braut inn á beztu og verðhæstu markaði heimsins, og samtímis kostað of fjár í margvíslegar tilraunir um framleiðslu og sölu fiskjarins, þurfa því ekki þögulir að drúpa höfði fyrir ádeilu þeirra andstæðinga, sem ekkert lið hafa lagt þjóðinni í baráttunni fyrir tilverunni og ekkert komið nærri framleiðslunni, nema með árásum pennans og tungunnar, og það alveg jafnt, þótt sú rödd hljómi úr sæti sjálfs hæstv. atvmrh. þjóðarinnar.

Það er ekki misskilningur, heldur tilraun til blekkingar, þegar hv. andstæðingar telja, að bágur hagur útvegsins sé gjaldþrotayfirlýsing einkaframtaksins og sönnun um ágæti þjóðnýtingar og einokunar.

Sannleikurinn er sá, að þjóðin á það engu öðru en ágæti og burðarþoli einkaframtaksins að þakka, að enn er þó reynt að berjast í bökkum, og það eru engir aðrir en skammsýnir ein-

okunarpostular, sem trúa því, að einokun á saltfiski og þjóðnýting flotans sé til bóta. Eða hverju ætla menn að bjarga með þjóðnýtingu og einokun? Ætla menn að hækka fiskverðið, eða lækka kolaverðið, eða skatta og tolla, eða vexti og annan tilkostnað? Nei, ekkert af þessu geta menn gert. En hitt, að lækka kaupgjaldið og svipta menn atvinnu, það getur einokun og þjóðnýting gert, og gerir, af því það verður ekki umflúið, vegna þess að mistökin verða fleiri og töpin meiri.

Ég kem þá að því málinu, sem mestu skiptir, máli, sem segja má, að allt velti á um framtíðarvonir Íslendinga, þ. e. a. s. viðreisn sjávarútvegsins og þeim ágreiningi, sem er milli sjálfstæðismanna og stjórnarliðsins um hver ráð liggi að því.

Hæstv. ráðh. varði alllöngum tíma í frumræðu sinni til þess að skýra afstöðu sína til skuldaskilasjóðs og fiskveiðasjóðs. Held ég, að hann hafi farið með rétt mál, en að því leyti óþarft, að það haggaði ekki ummælum mínum. Í 17 daga hugsaði ráðh. málið, og taldi síðan ókleift að lögfesta þau fyrirmæli á þessu þingi, hvað sem öðru liði.

Hæstv. ráðh. ber fyrir sig fjárskort, og telur, að það hafi verið skylda milliþinganefndarinnar í sjávarútvegsmálum að gera uppástungu um tekjuöflun. Ekki gerði kreppunefnd bænda það, og engri ásökun beindi hæstv. ráðh. eða aðrir til hennar út af því.

Ég hefi hinsvegar f. h. Sjálfstfl. lýst yfir, að Sjálfstfl. er reiðubúinn til þess að semja um nýjar álögur að einhverju leyti til að standast tekjumissi ríkissjóðs af þessum lögum, og auk þess ber Sjálfstfl. fram tillögur um 700 þús. króna lækkun á útgjöldum fjárlaganna. Langar mig að spyrja hæstv. ráðh., hvort þau útgjöld séu þarfari heldur en viðreisn sjávarútvegsins.

Ég hefi ekki annað sagt en að mál þessi mæti tregðu frá flokki hæstv. ráðh. En það er líka nóg til að verða þeim að falli. En aðrir sjá þeir, sem lesa grein Sigfúsar Sigurhjartarsonar í Alþýðublaðinu í gær, þar sem hann er með glósur um, að nú sé verið að kalla á ríkisvaldið til aðstoðar. Hvaða aðstoðar? Aðstoðar til þess að komast undan því, að ríkissjóður gleypi útveginn með húð og hári, leifi a. m. k. hárinu, heimili útveginum að nota útflutningsgjaldið sjálfur, sjálfum sér til viðreisnar.

Ég vil í þessu sambandi aðeins upplýsa hæstv. ráðh. um það, sem hann sýnist ekki hafa vitað, að skýrsla milliþingan. í sjávarútvegsmálum um vexti er ekki nothæf til þess útreiknings, er hæstv. ráðh. byggði á henni, vegna þess að hjá mjög skuldugum fyrirtækjum skar nefndin vextina niður í það, sem hún taldi fyrirtækið geta staðið undir.

Hv. 6. landsk. talaði um tvískipting útgerðarinnar. Hann vildi reyna að ráða bót á þörfum smáútgerðarinnar fyrst, en síðar á þörfum stórútgerðarinnar. Ég get fallizt á þetta til athugunar, þó ég áliti, að það geti verið varhugavert að afskipta stærri útgerð, þegar um friðindi er að ræða, en hitta hana fyrsta, þegar leita þarf nýrra skatta, ekki vegna eigendanna, heldur vegna þeirra þúsunda, sem á útgerðinni lifa.

Annars er höfuðágreiningurinn milli Sjálfstfl. og stjórnarliðsins þessi:

Við sjálfstæðismenn krefjumst þess, að útvegurinn fái að reisa sig við af sjálfsdáðum. Ráðin eru skuldaskilasjóður, fiskveiðasjóður og lækkað verð notaþarfa útvegsins, einkum olíu. Saltfisksöluna viljum við hafa í höndum S. Í. F., eins og undanfarin ár, en með fiskiráðinu skipa forystu í baráttunni við nýja örðugleika.

Ríkisstj. tekur skuldaskilasjóði og fiskiveiðasjóði ýmist með beinni andúð eða hlédrægri þögn. Hæstv. fjmrh. gekk jafnvel svo langt við 1. umr. málsins, að segja, að þessi frv. væru flutt í grini, eins og hann orðaði það.

Fiskiráðsfrv. hefir sætt gagnrýni og árásum. Hæstv. atmrh. fann það til foráttu, að fiskiráðið skorti vald. Slík valdalaus nefnd kæmi að engu liði. Þessi hæstv. ráðh. fer með utanríkismálin. Hann hefir við hlið sér nefnd, utanríkismálanefnd. Að lögum hefir hún ekkert vald. En samt sem áður tekur hæstv. ráðh. engar ákvarðanir í utanríkismálum án þess að spyrja þessa nefnd. Og hann spyr ekki bara formsins vegna. Hann, og allir aðrir ráðh., sem með þessi mál hafa farið frá því 1928, að nefndin var stofnuð, hafa undantekningarlítið eða undantekningarlaust farið eftir öllu, sem nefndin hefir lagt til. Hvers vegna? Vegna þess, að nefndin er þannig skipuð, að óskir hennar og vilji eru lög fyrir ráðh.

Sama vakti fyrir mér með fyrirmælum um val fiskiráðsmanna, að óskir þeirra og vilji væru lög fiskframleiðenda. Annars hirði ég ekki að ræða þá hlið málsins, vegna þess að ef orka þótti tvímælis um vald fiskiráðsins, var auðvitað afarauðvelt að ráða bóta á því með breytingum á frumvarpinu. Þetta hefir nú hæstv. ríkisstjórn ekki viljað, en í þess stað borið fram frv. um fiskimálanefnd.

Mér er engin launung á því, að það er skoðun margra sjálfstæðismanna, að þetta frv. sé borið fram í þeim ákveðna tilgangi að koma hér á einkasölu á saltfiski, og á því leikur enginn vafi, að einmitt það vakir fyrir ýmsum þeirra, er að frv. standa. — Hæstv. ráðh. hefir aftur á móti neitað þessu hvað hann sjálfan áhrærir, og vil ég þá ekki gegn yfirlýsingu hans halda því fram, að hann hafi stefnt að þessu marki. Hitt skal ég aftur á móti sýna fram á, að þangað ber hann, hvort sem hann er sér þess meðvitandi eða ekki.

Mér hefir skilizt, að höfuðágreiningurinn milli hæstv. ráðh. og mín sé um það, hvort ákvæði þessa frv. muni styrkja eða veikja Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Ráðh. heldur því fram, að S. Í. F. styrkist. Ég hinu gagnstæða. En báðir erum við sammála um, að S. Í. F. hafi gert þjóðinni hið mesta gagn, og báðir munum við telja líklegt, að leysist S. Í. F. upp, taki einkasalan við fyrr en varir.

Skoðun sína byggir hæstv. ráðh. á því, að í 4. gr. frv. er svo fyrir mælt, að hafi einhver saltfiskútflytjandi umráð yfir 80% af saltfiskframleiðslu landsmanna, þá getur hann orðið aðnjótandi sérréttinda. Það eru þessi sér-

réttindi, sem ráðherra ætlar, að muni reynast fiskframleiðendum ný hvatning til þess að fylkja sér um S. Í. F. En þetta er ákaflega mikill misskilningur, og ber margt til.

Í fyrsta lagi er það skilyrði sett fyrir slíkum sérréttindum, að S. Í. F. starfi á grundvelli samvinnulaganna frá 1921, eða setji sér a. m. k. lög og reglur, sem nýafstaðinn fulltrúafundur fiskframleiðenda felldi með nær öllum atkvæðum. Þetta eitt og út af fyrir sig nægir því til þess að útiloka S. Í. F. frá öllum sérréttindum, og eru þá þau meginrök hæstv. ráðh. fallin.

En, segir þá hæstv. ráðh.: S. Í. F. getur þó a. m. k. starfað alveg jafnt eftir sem áður. Í frumv. er ekkert, sem á nokkurn hátt getur spillt fyrir starfsemi S. Í. F.

Einnig þetta er líka hinn mesti misskilningur, eins og auðvelt er að sanna með alveg óyggjandi rökum.

S. Í. F. er stofnað fyrir forgöngu Kveldúlfs, svo mér er sæmilega kunnugt um, úr hvaða jarðvegi það er sprottið. Það var fyrst og fremst sú skoðun, að taumlaus samkeppni um fisksöluna leiddi til óbætanlegs böls fyrir framleiðendur, sem því olli, að stærstu fiskkaupmenn landsins voru fúsir til að leggja niður einkaverzlun sína og beittu sér fyrir allsherjarsamtökum um samsölu á fiski.

Mér hefir gefizt ágætur kostur á að fylgjast vel með starfsemi S. Í. F., og veit því sæmilega um kosti þess og galla, styrkleika og veilur. Tel ég óþarft að fjölyrða um þá hlið málsins, að öðru en því, að mér þykir rétt að skýra frá því, að innan vébanda S. Í. F. hafa frá öndverðu verið framleiðendur, sem af ýmsum og ólíkum ástæðum hefðu kosið, að fisksölunni væri hagað með öðrum hætti. Að þeir samt sem áður hafa fellt sig við sitt hlutskipti og falið S. Í. F. sölu síns fiskjar, stafar eingöngu af því, að því nær hver einasti þessara manna, og raunar allra fiskframleiðenda, er andvígur einkasölu á saltfiski, og óttast að vonum, að eins muni geta farið um slíka einkasölu og fór um síldareinkasöluna. Hinsvegar óttast þeir líka af fyrri reynslu, að skefjalaus samkeppni um fisksöluna verði framleiðendum til tjóns. S. Í. F. hefir forðað frá voðanum á báða bóga, og í þakklátri viðurkenningu á því gagni, sem S. Í. F. hefir gert, hafa þeir framleiðendur, sem heldur hefðu kosið annað skipulag á fisksölunni, unað hag sínum, af því og á meðan þeir hafa ekki átt völ á neinu öðru skipulagi, sem þó skapaði sama öryggi og S. Í. F. gegn afleiðingum taumlausrar samkeppni eða einkasölubölinu. — Svona hefir þetta verið. En nú breytist þetta.

Með ákvæðum 4. gr. frv. er sérhverjum þeim, sem vill sprengja S. Í. F., beinlínis boðið upp á sérréttindi. Þar er svo fyrir mælt, að sá, sem hefir umráð yfir 20 þús. skpd. fiskjar, á kröfu á því að verða löggiltur fiskútflytjandi. Hefir hæstv. ráðh. skýrt frá því, að hann hugsi sér aðeins fámennan hóp löggiltra fiskútflytjenda, og fái þeir einir og engir aðrir sérleyfi til að flytja út allan fiskinn, en fiskimálanefnd ákveði verðlag og skapi að öðru leyti öryggi um þessa verzlun fyrir þá, sem hana reka.

Með þessu, með því að bjóða í senn öryggi og sérréttindi, held ég, að hæstv. ráðh. hafi tekizt að finna agn, sem mörgum verður á að gleypa, og a. m. k. nægilega mörgum til þess að S. Í. F. er úr sögunni, enda er það ósköp eðlilegt, að menn velji það skipulagið, sem rýmst er og mest athafnafrelsi leyfir, ef öryggið er jafnt. Og þótt ég sé þeirrar skoðunar, eins og ég síðar skal víkja nánar að, að hinir löggiltu sérréttindamenn muni ekki eiga sér langan aldur, heldur sogast fyrr en varir ofan í hyldýpi einokunarinnar, þá veit ég, að í öndverðu er skoðun manna á þessum efnum skipt, og trú margra á varanleik þessara fáu löggiltu útflytjenda meiri en mín. En einmitt af því stafar voðinn.

Mér er þess vegna alveg ljóst, að hæstv. ráðh. með þessu hefir komið S. Í. F. fyrir kattarnef. Nægi það ekki, hefir ríkisstj. hugsað fyrir varaliði í herferðinni gegn S. Í. F.

Í 5. gr. frv. stendur:

„Þeir, sem samkv. 4. og 5. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð á fiski, sem seldur er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkv. lögum þessum".

Bið ég nú hv. hlustendur að athuga, að fiskimálanefndin, sem á að hafa allt þetta vald, er skipuð 7 mönnum, og er vali þeirra þannig hagað, að meiri áherzla virðist hafa verið lögð á að tryggja rauðan flokkslit en fagþekkingu. Þessa nefnd, svona skipaða, á S. Í. F. nú fyrst að biðja um löggildingu. Segjum, að þessari Rauðku þóknist að veita það. Hvað er þá fengið? Hverju mega þeir Richard Thors, Ólafur Proppé, Kristján Einarsson, Magnús Sigurðsson og Helgi Guðmundsson þá ráða? Ekki mega þeir bjóða út fisk nema með leyfi Rauðku. Ekki verðleggja hann, nema með leyfi Rauðku. Ekki ráða, í hvaða markaði hann fer, nema með leyfi Rauðku. — Hafi nú Rauðka allra mildilegast leyft sölu og ákveðið verðið og markaðslandið, þá mega samt sem áður fyrrnefndir fimm trúnaðarmenn fiskframleiðenda ekki ofmetnast og halda, að þeir ráði öllu. Enn er nefnil. eftir að spyrja Rauðku, hvenær senda megi fiskinn og hvað hún vilji, að gert sé við andvirðið. Loks mega fimmmenningarnir ekki gleyma, um leið og þeir kveðja þennan valdamikla húsbónda, að spyrja, hvað „annað" húsbóndinn setji að skilyrði fyrir útflutningsleyfi.

M. ö. o.: fimmmenningarnir eru með þessum lögum algerlega sviptir öllu valdi. Ég verð því að telja alveg víst, að þeir reynist ófáanlegir til þess að starfa áfram sem einskonar vikadrengir hjá Rauðku, enda væri það siðferðislega rangt af þeim. Margir framleiðendur, sem borið hafa og bera traust til þeirra, mundu ef til vill fela þeim umboð sín áfram. Móti slíkum umboðum geta fimmmenningarnir ekki tekið, blátt áfram af því, að vald Rauðku tekur öll ráð úr þeirra höndum, og þekking þeirra og vit veitir því alls enga tryggingu fyrir sæmilegum árangri, en það er einmitt sú þekking og það vit, sem framleiðendur ætla að fela forsjá sinna mála með því að fá fimmmenningunum umboð sín. Það væri því

hrein og bein blekking við þá framleiðendur, sem ekki eru nægjanlega kunnugir hinni nýju löggjöf, ef fimmmenningarnir tækju við umboðunum. Hinir, sem þekkja, hvernig allt er í pottinn búið, vita, að slíkt umboð er þýðingarlaust, og bjóða það því ekki fram.

Ákvæði 5. gr. um fullkomin yfirráð fiskimálanefndar mundu því ein og út af fyrir sig fella S. Í. F. að velli.

Það er því ekki eitt, heldur margt, sem veldur, að fyrsta afleiðing af þessu frv. ríkisstj. verður sú, að S. Í. F. hverfur úr sögunni, og hæstv. ráðh. getur verið alveg rólegur um það, að S. Í. F. verður ekki kviksett.

Með því að hampa löggildingu og sérréttindum til útflutnings framan í þá, sem ráða yfir 20 þús. skpd., og með því að gera fimmmenningana, sem stjórna nær allri fisksölunni, að valdalausum vikadrengjum fiskimálanefndar, hefir ráðh. áreiðanlega tekizt að ganga frá S. Í. F. steindauðu. Og hafi hæstv. ráðh. gengið þess dulinn, hefir hann látið aðra hugsa þetta mál fyrir sig, og verið einstaklega slysinn í valinu.

Hv. frsm. tók að sér það göfuga hlutverk að rægja S. Í. F. og fór í því skyni alrangt með heimildir. Kvað hann heila landshluta hafa orðið afskipta með útflutning, og vitnaði í því skyni í ræðu form. S. Í. F., Rich. Thors. Sleit hann þar út úr samhengi allt, sem verða mátti málstað hans til stuðnings, en sleppti öllu öðru. Á morgun mun ég leggja fram skýrslu, er sýnir útflutninginn eftir fjórðungum, svo hljóðandi:

| | |
|---|---|
| Austfirðingafjórðungur ..... | 51% |
| Vestfirðingafjórðungur ..... | 62— |
| Norðlendingafjórðungur ..... | 52— |
| Sunnlendingafjórðungur .....68— | |

Þá vildi hann reyna að gera h/f Kveldúlf tortryggilegt í sambandi við sölu á Barcelona-markaði, og gaf í skyn, að af 4800 t. hefði Kveldúlfur átt 4000 t. Þetta er rangt. Kveldúlfur átti einungis 1400 t., og það svo mikið af því, að hann hafði yfir að ráða fiski, sem mest var eftirsóttur á þessum markaði.

Þegar nú S. Í. F. er dautt, munu ýmsir byggja vonir sínar á takmörkuðum fjölda löggiltra útflytjenda. Ég vil ekki bregðast þeirri skyldu að segja sem er, að ég er öldungis sannfærður um, að það er a. m. k. mjög miklum vandkvæðum bundið, að samræma sölutakmarkanir í neyzlulöndunum við það skipulag, svo að allir framleiðendur geti sæmilega við unað. Og áreiðanlega verður það ekki reynt til lengdar undir forystu ráðh., sem trúir á ágæti ríkiseinkasölunnar. Það mun reynslan sýna.

Ég er því alveg sannfærður um, að frá banabeði S. Í. F. eru ekki nema örfá spor yfir í vöggu einkasölunnar, en þaðan eru aftur örfá skref yfir í rústirnar. Þetta er skoðun okkar sjálfstæðismanna, og raunar margra annara líka. Hæstv. ráðh. tekur á sig þunga ábyrgð, með því að beina saltfiskverzluninni inn á þessa braut, mjög þunga.

Og hvaða ástæða var til þess? Undanfarin 3 ár hefir S. Í. F. haft nær alla saltfiskverzlunina með höndum. Milljónatugi hefir þjóðin grætt á þeirri starfsemi. Nú fyrir tæpum mánuði kom í fyrsta skipti saman fulltrúafundur. Hann samþykkti ný lög og starfsreglur fyrir S. Í. F. Umboðsmenn fyrir yfirgnæfandi meiri hluta framleiðenda og framleiðslu voru ánægðir, og sá fulltrúinn, sem helzt deildi á S. Í. F., sagði, að S. Í. F. „hefði verið og ætti að vera sverð og skjöldur framleiðenda“, svo ég noti hans eigin orð, og að „Austfirðingar mundu ekki leggja það versta til málanna, þegar til kæmi að halda utan um samtökin“, bætti hann við.

Ekki svo mikið sem ein einasta rödd mælti einkasölunni bót. Ofan á þetta kemur svo hæstv. ráðh. með einkasöluna sína. Af hverju? Af því að umboðsmenn fyrir örlítið brot framleiðendanna urðu undir með tillögur sínar, vildu um starfsreglur S. Í. F. ganga lengra en gert var, í áttina til samvinnufélaganna. Þessa menn skorti mýkt til að beygja sig, biðlund til að bíða eftir þeirri þróun, sem reynslan sýndi farsælasta.

Af þessum ástæðum á nú að svínbeygja hinn stóra meiri hluta til hlýðni við hinn litla minni hluta, enda þótt fyrirsjáanlegt sé, að af því leiði einkasala á saltfiski. Er það mikill kjarkur, meðan ekki er moldað hræið af síldareinkasölunni, þeirri þjóðarskessu, sem alla húðfletti og mergsaug, sem nærri henni komu, en steyptist síðan fyrir björg með háðung og skömm. Var afkoma síldareinkasölunnar svo bág og bölvuð, að enda þótt sjómenn hefðu gefið alla vinnu sína og útgerðarmenn lánað skip sín endurgjaldslaust og staðizt þó allan kostnað við rekstur þeirra í heilar tvær vertíðir, þá hefði þetta fyrirtæki samt orðið gjaldþrota.

Þetta er ekki fordæmi að fylgja. Þetta er víti til að varast, og ég játa, að mig brestur kjark til að horfast í augu við framtíðina, ef eins hörmulega skyldi takast um fisksöluna.

Ég sagði áðan, að hæstv. ráðh. tæki með þessu á sig þunga ábyrgð — mjög þunga. Slík ábyrgð reynist ef til vill ekki of þung hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh. En hún mun reynast of þung sérhverjum hugsandi manni, er finnur til áábyrgðar.

Mér kemur því ekki á óvart, þótt þær drápsklyfjar sligi hæstv. atvmrh. áður en lýkur.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Í þeim umr., sem nú standa yfir, hafa fulltrúar stjórnarflokkanna rakið mjög ýtarlega gang málanna á hinum síðustu tímum, og verður þar ekki um bætt. En mér þykir hlýða að rifja nokkuð upp stjórnarfar síðustu ára, síðan þeir flokkar tóku við stjórnartaumunum, sem nú eru í minni hl. og deila á þá stj., sem nú situr, og stuðningsmenn hennar.

Ég veitti því eftirtekt, að formaður Sjálfstfl., hv. þm. G.-K., byrjaði frumræðu sína á því að láta í ljós mikla undrun yfir því, að flokkur hans hefði ekki unnið sigur við kosningarnar í vor. Það var auðséð, að honum hafa verið þetta sár vonbrigði. Ég býst við, að manni geti út frá þessu dottið í hug orð þau, sem Njála segir mjög greinilega frá. Maður, sem særðist mikið í orustu, horfði á fót sinn og sagði: „Ekki þarf að að hyggja, af er fóturinn“. Sama hygg ég, að form. Morgunblaðsflokksins megi um þetta segja. Ósigur hans var glöggur og greinilegur, og því átakanlegri, sem hann kom honum meir á óvart.

Ég vil reyna að svara þeirri spurningu að

nokkru leyti, sem form. Morgunblaðsflokksins bar fram. Vil ég þá byrja á því, að það, sem hefir valdið ósigri hægri flokkanna, en sigri vinstri flokkanna, hafa verið jöfnum höndum málefni flokkanna og menn. Það er öllum ljóst, að höfuðsóknin af hálfu Íhaldsfl. hefir bæði nú í þessum umr. og í blöðum þeirra og á mannfundum snúizt mjög á móti framsóknarmönnum, og sér í lagi gegn þeim. Það er mönnum kunnugt, að þó að kosningasigur jafnaðarmanna væri mikill í vor sem leið, þá var hann þó ekki langt fram yfir það, sem menn bjuggust við, bæði flokksmenn Alþfl. og andstæðingar hans. Sigur Framsfl. var aftur miklu meiri en andstæðingar hans bjuggust við, eftir því sem málum var komið. Þess vegna hefir aðalandstaðan beinzt gegn okkur framsóknarmönnum, og þess vegna beita þeir nú öllum sínum kröftum til þess að reyna að hrekja okkur af velli. Þessi aðstaða íhaldsins gagnvart framsóknarmönnum kom fram strax í vor, eftir kosningarnar. Hér í Reykjavík tæmdust göturnar alveg af aðalleiðtogum flokksins fyrstu dagana á eftir, og fyndinn maður úr Árnessýslu, sem var staddur hér í bænum, sagði um leiðtoga Morgunblaðsmanna, eftir að hann hafði kynnzt ástandinu í bænum, að það færi svo lítið fyrir þeim, að það væri rétt eins og þeir óskuðu bara að fá að lifa. Þeir, sem hafa heyrt ræður hv. þm. G.-K. í þessum eldhúsumræðum, hafa hlotið að finna, að hann er gegnsýrður af sömu tilfinningunni, sem bar svona mikið á fyrst eftir kosningarnar í vor.

Þegar á að gera yfirlit yfir þetta mál, þá er ekki hægt að fara skemmra aftur í tímann en til vorsins 1932, þegar sú stj. var mynduð, sem hv. 1. þm. Skagf. og hv. 10. landsk. voru báðir í af hálfu núv. stjórnarandstæðinga. Þá um vorið, rétt eftir stjórnarskiptin, sagði Jón Þorláksson, fyrrv. form. Sjálfstfl., í Morgunblaðinu, að það væri föst stefna flokksins og sín að fá lánaða nokkra menn af framsóknarmönnum og stýra með þeim, þegar þeir hefðu ekki sjálfir meiri hl. Hann vildi koma sér upp varaliði af framsóknarmönnum, og þó undarlegt megi virðast, þá voru til menn í flokknum, sem ekki þykktust við þessa gifurlegu lítilsvirðingu, heldur fóru strax samningsbundnir í þjónustu Jóns Þorlákssonar og Sjálfstfl. Fremstur af þessum mönnum, og aðalmaðurinn í öllu þessu ráðabruggi, var þáv. landbrh., sem er nú hv. 10. landsk. þm. Hann gekk frá samningunum um þessa varaliðsmenn við ráðandi menn Morgunblaðsins, og hann hefir síðan verið aðalmaðurinn í varaliðinu, sem Sjálfstfl. taldi sig þurfa að draga að sér. Um þennan mann hefir það verið sagt af einum merkismanni Íhaldsfl., að hann kynni betur en flestir aðrir að þjóna bæði kirkjunni og veröldinni. Þetta er orð að sönnu, og þetta hefir komið fram í allri hans starfsemi. Hann var áður álitinn mjög framarlega sem leiðtogi kirkjunnar, og hafði margt til að bera, sem slíka menn má prýða. En eftir að hann gekk í þjónustu Jóns Þorlákssonar, þá hefir hann sýnt, að hann er líka veraldarinnar maður. Þá lagði hann frá sér hina kirkjulegu grímu og lét sjá framan í sitt veraldlega andlit, og honum hefir ekki tekizt að koma á sig hinni kirkjulegu grímu aftur, svo að þeir, sem hafa orðið fyrir vonbrigðum með þennan mann, hafa orðið það vegna þess, að þeir sjá nú aðeins það, sem kemur fram í þeirri aðstöðu, sem hann hefir tekið sér 2 síðustu árin.

Þegar hv. þm. G.-K. undrast yfir því, að flokkur hans var ekki betur settur en raun varð á í kosningunum í vor, verður maður að leita að nokkrum ástæðum til þess. Og þá er fyrsta spurningin um það, hvernig þau áhrif hafi verið, sem Íhaldsfl. hafði síðasta stjórnartímabil sitt. Á fjárl. var afarmikill tekjuhalli ár eftir ár, og það þrátt fyrir það, þó að þáv. fjmrh., Ásgeir Ásgeirsson, gerði sitt ýtrasta til þess að vinna á móti því. Hann mætti þar stöðugri mótstöðu af hálfu íhaldsmanna, þar sem þeir felldu skattafrv. hans, og þeir voru alveg hlífðarlausir fyrir því, þó að stj. gengi svona illa og skuldirnar ykjust stöðugt, bæði fastar og lausar, þar sem þeir gerðu kröfur um aukin útgjöld, en neituðu aftur að samþ. nauðsynlega skatta. Ég ætla að segja frá því, hvernig stuðningsmenn þáv. stj. sökktu landinu alltaf dýpra og dýpra í skuldafenið, og minnast þá fyrst á það, að árið 1932, eftir að sjálfstæðismenn fóru að taka þátt í stj. landsins, þá myndaðist skuld við banka einn í Danmörku, sem nam kr. 800000.00, og þar að auki myndaðist þá kr. 150000.00 skuld vegna skyndilána, sem hv. 10. landsk. var svo hrifinn af að mynda hér innanlands. Þó fór hálfu verr á árinu 1933. Þá var tekið lán að upphæð kr. 1320000.00 hjá Barclay's Bank í London, og þá var líka tekið lán til vega- og brúargerða, kr. 534000.00. Það, sem liðið var af árinu 1934 áður en stjórnarskiptin urðu, voru sjálfstæðismenn og hv. 10. landsk., þáv. atvmrh., búnir að taka kr. 900000.00 lán hjá Barclay's Bank, og til vega- og brúargerða kr. 350000,00. Þannig var gengið frá fjármálunum eins og verst gat orðið. Fjárhirzlur ríkisins voru alveg tómar, þegar þessi mikli veraldarmaður, hv. 10. landsk., fór úr stj. Hann gerði meira en nokkur annar maður hefir gert af því að taka lítil lán til lítilla hluta. Það ganga nú í peninga stað víða um landið skuldabréf, sem hann hefir dreift út í kaup og á annan hátt, og það er ástæðan til þess, að núv. stj. hefir neitað að taka lán til slíkra hluta. Þeirri stj., sem nú situr, er það jafnljóst, að eins og jafnvægi verður að vera í fjárl., eins er óhugsandi að sökkva öllu í botnlausar skuldir, eins og hv. 10. landsk. gerði í sinni stjórnartíð. Nú er svo komið, að mikið af því fé, sem ganga átti til vega- og brúargerða, fer til þess að borga af bráðabirgðalánum, sem til var stofnað á áðurgreindan hátt.

Þegar þessir menn skildu við garðana í Gröf, þá er fjármálastjórn íhaldsins þannig komin, að þó að það sé álitið, að mest af efnum landsins séu saman komin í Reykjavík, þá er álitið ekki betra á fjármálum bæjarins en svo, að þegar borgarstjóri sigli til þess að reyna að fá lán til Sogsvirkjunarinnar, þá þýðir honum ekkert að fara, nema hann fái hjálp frá ríkinu, ríkisábyrgð. Með honum er svo sendur Sigurður Jónasson, fyrrum bæjarfulltrúi, til þess að aðstoða hann við lántökuna í Svíþjóð. Þetta ástand er ekki hægt að skýra nema á einn veg,

sem sé með hinu gífurlega óáliti, sem myndazt hefir í öðrum löndum á efnahag ríkisins, vegna fjármálastjórnar íhaldsins.

Þessir ráðh., og samherjar þeirra, eru ákaflega hrifnir af að hafa myndað fisksölusamlagið. En hvernig eru launakjörin þar? Þau eru þannig, að 3 menn, sem skipa stjórn samlagsins, hafa hver um sig kr. 24000.00. Þeir hafa skammtað sér þetta sjálfir með góðu samþykki hins ágæta sparnaðarmanns, hv. 10. landsk. Þessir menn hafa samtals 72000 kr. í laun, á sama tíma og útvegurinn er með því yfirbragði um fjárráð, sem svo mjög er talað um á þessu þingi.

Ég ætla að taka annað dæmi þessu líkt. Pétur Magnússon málafærslum., sem er einn af helztu mönnum Sjálfstfl., sótti mál fyrir undirrétti og hæstarétti fyrir fyrrv. ríkisstj. Mér er sagt, að fyrir það hafi hann heimtað kr. 30000.00, og hann hefir sjálfsagt fengið það. Samhliða því útvegar hv. 10. landsk. honum kr. 7000.00 fyrir að líta eftir kreppulánasjóði, ofan á full bankastjóralaun í Búnaðarbankanum og allt, sem hann hefir þar fyrir utan. Þessir sömu menn, sérstaklega þó hv. 1. þm. Skagf., lét Ludvig C. Magnússon fá 5000 kr. fyrir að ofsækja Pálma Loftsson, og reyna að komast eftir því, hvort 500 fiskar hafi komið í vörpuna í hvert skipti, sem Þór kastaði vörpu við Vestmannaeyjar. Ekki tók betra við, þegar hv. 1. þm. Skagf., þáv. dómsmrh., rétti Einari Jónassyni 1000 kr. Og um sama leyti borgaði sami maður ekkju einni hér í bænum 2000 kr. fyrir það, að hún hafði misst vínveitingaleyfi, þegar bannl. voru sett á, árið 1909, og það þó að hún væri búin að tapa máli um þetta fyrir 3 dómstólum. Það er ekki hægt að hugsa sér verri fjármálastjórn en þá, þegar farið er að kasta peningum út til einstakra manna, ekki til almenningsheilla, heldur bara sem ölmusum.

Ekki batnar þessi stjórnmálasaga íhaldsins, þegar að utanríkismálunum kemur. Það er öllum kunnugt, að fyrrv. stj., einmitt þeir menn, sem eru í andstöðu við þá stj., sem nú situr, sendu mann einn, sem almennt er kallaður Laugi landi, til útlanda sem sendiherra landsins. Þetta er maður, sem mun hafa verið dæmdur fyrir brugg og mun hafa verið sendur heim áður frá útlöndum. Sveinn Björnsson sendiherra sendi þennan mann strax heim á 2. farrými, og bannaði að láta hann fá nokkuð á leiðinni nema einfaldasta mat, rétt til þess að halda í honum lífinu. Þannig fékk sú stj. þennan sendiherra heim aftur. Annað dæmi ætla ég að nefna viðvíkjandi ráðsmennskunni út á við. Þegar menn voru sendir suður til Spánar á síðasta vetri, til þess að semja um fiskinnflutning okkar þangað, þá var eindregið lagt til, að Helgi Guðmundsson bankastjóri bættist í hóp þeirra manna, sem senda átti, bæði vegna kunnugleika hans þar og annara kosta. Kveldúlfur reis þá á móti þessu af sinni venjulegu verzlunaragitationsástæðu, og við lá, að Magnús Guðmundsson ætlaði ekki að fá að senda þennan mann, sem þó vitanlega var alveg sjálfsagt. Að lokum var það þó knúið fram, að Kveldúlfur varð að láta undan og þola það, að þessi maður bættist í förina.

Maður talar ekki um smámuni eins og það, að þessir menn höfðu 4 skipstjóra á fullu kaupi, en venjulega ekki nema eitt varðskip í förum. Og ekki bætir það um, að það var svo að kalla engin landhelgisgæzla hjá þessum mönnum. Síðan Einar Einarsson skipherra tók við Ægi aftur, þá hefir brugðið svo við, að togarar sjást ekki framundan Ólafsvík eða Sandi. Ef lögbrjótarnir vita, að duglegir menn stjórna skipunum, þá hefir það þau áhrif, að landhelgin þurrkast alveg af lögbrjótum.

Þá má minna á Lárus Jóhannesson málflutningsmann. Hann ætlaði að græða 1 til 2 millj. á máli, sem hann höfðaði á vínverzlunina. Hann tapaði því nú samt sem áður. Litlu seinna höfðaði hann annað mál á vínverzlunina og ríkið, út af samningum, sem Rosenberg veitingamaður hafði gert um útsölu á áfengi. Lárus Jóhannesson taldi, að álagning vínverzlunarinnar hefði verið of há, samanborið við þær prósentur, sem Rosenberg hafði fengið af vínunum. Pétur Magnússon, sem búinn var að fá 30 þús. og sem var málafærslumaður í þessu máli, skrifaði þá 9. júlí í sumar bréf til stj., hv. 1. þm. Skagf. og hv. 10. landsk., og ráðlagði þeim að láta Lárus Jóhannesson fá peninga þá, sem hann gerði kröfu um að fá, vegna þess, að líkur væru til, að ríkið tapaði málinu. Nú hefir landið unnið þetta mál. Það eru kr. 60000.00, sem ég hefi þarna lagt á borð með mér frá fyrri tíð, en sem Pétur Magnússon ætlaði að gefa Lárusi Jóhannessyni, sem ekki varð þó af, vegna þess, að það var maður í stj., sem ekki vildi samþ. þessar fjárreiður.

Ofsóknin á hendur Einari Einarssyni skipherra kostaði landið ekki minna en kr. 30000.00, með kaupi hans þann tíma, sem hann var í landi, og þeim málafærslukostnaði, sem fór til þess að reyna að krenkja æru hans og heiður. En eftir látlausa ofsókn á hendur þessum manni í 2 ár, þá er þessi flokkur, sem stendur að Morgunblaðinu, svo niðurbrotinn, að þeir hafa ekkert að segja, þegar Einar Einarsson siglir aftur út á hafið til þess að vinna fyrir land sitt. Eitt af hinum ágætu fjármálastrikum fyrrv. stj. var það, að á meðan hið stóra sprengimál Lárusar Jóhannessonar stóð yfir, þar sem hann hélt því fram, að landið hefði grætt of mikið á áfengi, þá skrifaði þáv. dómsmrh., Magnús Guðmundsson, forstjóra áfengisverzlunarinnar og leggur það til, að vínin verði lækkuð yfirleitt til samræmis kröfum þeim, sem Lárus Jóhannesson gerði. Þessi undirmaður ráðh. gerði þetta samt ekki, heldur pantaði vínin á flöskum frá Spáni til þess að veikja ekki málstað ríkisins með lækkun á vínunum. Hann hlýddi því að forminu til skipun yfirboðara sins, en bjargaði um leið málinu. Það, sem sparaðist við það, að hv. 1. þm. Skagf. var ekki hlýtt, voru kr. 30000.00.

Menn verða nú ef til vill ekki hissa á því, þó að þjóðin óski ekki eftir að hafa slíka stjórn í landinu, og þó að hún hafi verið búin að fá nóg af þeim flokki, sem þessa stj. studdi. En ofan á þetta allt bættist þó það, að Íhaldsfl. tók jöfnum höndum saman við grímumenn, undir forustu hv. 10. landsk., og ofbeldisflokk, sem hótað hafði manndrápum og hverskonar glæpum á undanförnum missirum. Íhaldsfl. gekk í

bandalag við nazista, og þeir höfðu sameiginlegan lista við bæjarstjórnarkosningarnar hér í fyrra. Jón Þorlákssón þakkaði þeim, og þeir þökkuðu Jóni. Á landsfundi sjálfstæðismanna prédikaði form. flokksins þessa útlendu ofbeldiskenningu. Hann hótaði að afnema prentfrelsið, og með því fer allt annað frelsi í ofbeldislöndunum. Um sama leyti prédikaði Knútur Arngrímsson, sem flokkurinn síðan sendi til Þýzkalands, alla þá kúgun og allan þann réttindamissi, sem ofbeldisstefnu þessari fylgja. Það lá beint fyrir, að bandalag yrði gert milli Sjálfstfl. og nazista, og yfirlýsing um það var þegar komin fram. Þeir voru reiðubúnir til þess að stjórna með ofbeldi. Það er ekki hægt að segja, að þetta hafi verið heimskulegt hjá þessum mönnum, vegna þess, að aðstaðan var þannig, að annaðhvort urðu þeir að stjórna með ofbeldi, eða þá að hinar fátæku vinnandi stéttir urðu að rétta sig við, eins og nú er að stefnt. Og að því á að vinna, með því m. a. að þyngja skattana, og láta t. d. þá menn borga þá, sem skammta sér sjálfir kr. 24000.00 í laun, í viðbót við allt annað, sem þeir hafa, því að það er kunnugt, að forstjórar Kveldúlfs hafa kr. 30000.00 í eyðslueyri, hver um sig, þó að fyrirtækið gangi ekki betur en hv. þm. G.-K. hefir lýst hér.

Um það var þess vegna barizt í kosningunum í vor, hvort almenningur ætti að sigra eða útlend ofbeldisstefna, með allri þeirri takmörkun á persónufrelsi manna og öllu því menningarleysi, sem henni fylgir. Ég verð því að játa, að það var í raun og veru alls ekki heimskulegt af leiðtogum Sjálfstfl. a. m. k. að hugsa eins og þeir gerðu, þó að það hafi ef til vill ekki verið hyggilegt af þeim að tala eins og þeir hugsuðu. En þeir þóttust svo vissir um sigurinn, þegar þeir óðu framan að okkur framsóknarmönnum með fallbyssum, en grímumenn að baki okkar með vígvélum.

Ég hefi nú sagt nokkuð frá málefnum og mönnum þeirra flokka, sem undir urðu í kosningabaráttunni í vor.

Frá mínu kjördæmi er það að segja, að ég var ekki viðstaddur í kosningabaráttunni þar í vor. Ég fór þar um áður, og það varð að samkomulagi milli mín og samherja minna þar, að ég gæti unnið fyrir flokkinn annarsstaðar, þar sem honum lægi meira á. Í kjördæmið voru sendir menn frá 4 flokkum til þess að reyna að spilla kosningarsigri framsóknarmanna þar. En í hverjum einasta hreppi voru menn, sem gátu mætt hvaða manni sem var, úr hvaða stjórnmálaflokki sem var. Í þessu héraði hefir verið skipulögð samvinna í hálfa öld, og meira þó. Í þessu héraði þekkir fólkið, hvernig það á að fara að því að bjarga sér sjálft. Í stuttu máli, ástæðan til þess, að ég vann kosninguna þar í vor, var ekki mín vinna við kosninguna, heldur flokksins. Það var vinna Jóns á Gautlöndum, sem nú hvílir í gröf sinni, og annara slíkra ágætra manna. Það voru samvinnumenn, sem ekki vildu nazisma, landhelgisgæzlu eins og hún var hjá Magnúsi Guðmundssyni, og vitlausar lántökur. Þeir vildu fyrst og fremst menningu og sjálfstæði. Það var þess vegna eðlilegt, að uggur kæmi yfir sjálfstæðismenn í vor eftir kosningarnar. Þeir hafa tapað. Fólkið vill ekkert hafa með þá að gera eða ofbeldis- og kúgunarkenningu þeirra, og óstjórnlegar launagreiðslur til einstakra manna, eins og t. d. kr. 72000.00 til 3 manna fyrir að þykjast selja fisk. Það kom fram í ræðu hv. þm. G.-K. í dag, hve mikið má treysta þessum mönnum. Þessi hv. þm. sendi einu sinni nokkur hundruð skippund af frosnum fiski til Spánar svo undirbúningslaust, að hann grotnaði allur niður þegar þangað kom og gereyðilagðist. Ekkert sýnir betur algerðan menningarlegan vanmátt þessara manna en það, að engir af þessum mönnum kunna spanska tungu, eða hafa þá þekkingu á náttúru landsins, að þeir geti afstýrt öðru eins hjánastriki eins og fiskbráðnan hjá Kveldúlfi var.

Ég hefi reynt að gera það ljóst, að það, sem á milli bar í kosningunni í vor, voru annarsvegar málefni flokkanna og annarsvegar menn flokkanna.

Það er nú svo, að í 9 ár hefir enginn íhaldsforkólfur þorað að láta sjá sig í Þingeyjarsýslum. Eftir að þeir Þórólfur í Baldursheimi og Árnór Sigurjónsson stökktu á brott Jóni Þorlákssyni af fundinum á Breiðumýri, vita þeir, að þangað er þeim ekki til neins að koma í pólitískum erindagerðum. Þar, sem samvinnumenn hafa starfað jafnötullega og þar, hefir skapazt slík fyrirlitning á þessum vesælu foringjum íhaldsins, að ekkert vegur þar í móti. Þó var útlitið þar sízt glæsilegt á byrjunartímum samvinnustefnunnar. En aldrei hefði forvígismönnum samvinnustefnunnar getað komið til hugar að flytja aðra eins ræðu og hv. þm. G.-K. fór með hérna um daginn. Slíkan harmagrát hefðu þeir skammazt sín fyrir. Og þessi sami hv. þm. vill veita mönnum 30 þús. kr. árslaun fyrir að gera lítið, en láta jafnframt fél. fara á hausinn. Nú hafa samv.menn tekið höndum saman við hina skipulagsbundnu verkamenn bæjanna, og þeir ætla sér nú að reisa atvinnuvegina við á sama hátt og samvinnumenn gerðu fyrrum í Þingeyjarsýslum, með vinnu, framsýni og ráðdeild. En það er skiljanlegt, að forstjórar Kveldúlfs séu andvígir þeirri skipulagningu fisksölunnar, sem nú er ráðgerð. Þeir hafa ekki getað gert þetta með sínu einkaframtaki. Og þeir óttast, að fólk komist almennt að því, hve illa þeir eru að sér í þessum efnum. Ég skal nefna dæmi um þetta. Í fyrra fór ég til Spánar og dvaldi þar einn mánuð. Ég kann ekki spönsku, en það eitt, að ég var þarna sem túristi, varð sjálfstæðismönnum tilefni til allskonar sögusagna um það, að ég væri að ráða undan þeim fisksöluna. Af þessu sést, hve veikt þeir standa, að þeir skuli óttast, að maður, sem aðeins dvelur einn mánuð á Spáni, geti komizt að því, hve ófullkomin starfræksla þeirra er, og geti svo frætt landa sína um það. Og það ætla ég að gera með því, sem ég lærði á Spáni í fyrra, og vona ég, að það geti orðið til að draga af þeim þá hátíðlegu grímu, sem þeir setja upp, þegar minnzt er á saltfisksöluna.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég held, að ég verði að láta Bændaflokksmenn mæta afgangi, en víkja strax að því, sem ég tel aðalatriði útvarpsumr. þeirra, sem hér fara fram.

Á ég þar við fullyrðingar hv. þm. G.-K. í sambandi við fyrirætlanir Alþfl. og Framsfl. um aðstoð við útgerðina til að koma skuldamálum hennar í lag, og svo um afurðasöluna. Hv. þm. sagði, að kaldyrði hefðu fallið frá mér í garð útgerðarinnar. Það er fjarstæða. Ég játaði, að lýsing hans á erfiðleikum útgerðarinnar væri í aðalatriðum rétt. En ég tók það fram, að ekki mætti gefa stj. sök á þessu, heldur þeim, sem stjórnuðu þessum málum, dáendum einkaframtaksins og hinnar frjálsu samkeppni.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki útgerðarmönnum að kenna, hvernig komið væri, heldur skattaáþjáninni, sem útgerðin hefði orðið fyrir. Þetta er ekki nema hálfur sannleikur. Það er ekki hægt að segja, að þessi atvinnuvegur sé skattpíndari en aðrir, a. m. k. ekki að því, er kemur til tekju- og eignarskatts þess, sem við Alþfl.menn höfum að stefnuskráratriði og aðeins er lagður á skuldlausar eignir. Um útflutningsgjöldin gegnir að vísu nokkuð öðru máli, því að þau eru á lögð án tillits til efnahags, en þau höfum við Alþfl.menn alltaf barizt fyrir að fá lækkuð. — Ef segja skal allan sannleikann, verður meira að fylgja. Stjórnendur útgerðarmálanna hafa öðrum fremur leyft, að fé væri dregið frá útgerðarfyrirtækjunum og lagt í allt annað en útgerð. Ég nefni eitt dæmi, þó að það sé skylt hv. þm. G.-K., og vil ég þó engan veginn sveigja að hans fyrirtæki sérstaklega. Þetta fyrirtæki hefir tekið fé, svo hundruðum þús. skiptir, og lagt í stofnun landbúnaðarfyrirtækis uppi í sveit. Þó að ekki sé nema gott um það að segja, að jörðin sé ræktuð, þá er það skammsýni ein að draga fé frá þurfandi fyrirtækjum og leggja í önnur. Afrakstur útgerðarinnar hefir verið lagður í húsabyggingar og annað, sem ekki kemur útgerðinni beinlínis við. Það tjáir að vísu ekki að fást um það, sem orðið er, en það verður að segja allan sannleikann.

Ég gerði samanburð á okkur og Norðmönnum. Hv. þm. sagði, að fyrir dugnað íslenzkra útgerðarmanna hefðu Norðmenn verið hraktir af hverjum markaðinum eftir annan, svo að þeir hefðu neyðzt til að leita annara markaða, þar sem verðlag var lægra, þeir hefðu jafnvel orðið að taka upp nýjar verkunaraðferðir, til að verða samkeppnisfærir. Þarna er heldur ekki sagður nema hálfur sannleikurinn. Er enginn vafi á, að fleiri rök liggja hér að en þau, að íslenzkir útgerðarmenn hafi bolað Norðmönnum af markaðinum. Norðmenn hafa séð, að þeim var knýjandi nauðsyn að verka fiskinn betur, til þess að geta fengið sæmilegt verð fyrir hann erlendis, og selja þá heldur minna til annara landa. Það hafa þeir gert. Og þó er nú svo komið, samkv. orðum hv. þm. og þrátt fyrir allan dugnaðinn, að útgerðin er orðin öreiga vegna hins lága verðs. Og nú erum við til neyddir að gera sömu tilraunir og Norðmenn gerðu áður en þeirra útvegur var þannig kominn. Það er glapræði að binda markað sinn við 3 lönd, eins og hér hefir verið gert, og eiga svo ekki í annað hús að venda, ef þau bregðast. Það var heldur ekki laust við, að hv. þm. viðurkenndi þetta, þó að hann staðhæfði í hinu orðinu, að útgerðarmenn hér hefðu ekki vanrækt að leita nýrra markaða, benti t. d. á, að Kveldúlfur hefði varið mörgum hundruðum þúsunda til að leita nýrra markaða fyrir hraðfrystan fisk. En þetta sannar betur en nokkuð annað, hver nauðsyn er á að breyta til um sölu þessara afurða. En ef nauðsyn er á að koma fiski vorum hraðfrystum á markaðinn, þá er engin von til, að einn útflytjandi geti tekið á sig slíkar tilraunir. Kveldúlfur hefir lagt í þetta svona mikið fé, af því að hann hugsaði sér að skapa sér með þessum hætti gróðavænleg sambönd. En það er ekki þetta, sem þjóðinni er mest nauðsyn á. Ef útgerðarmönnum var þessi nauðsyn ljós, var þeim skylt að leita til hins opinbera um styrk til slíkra hluta, og búa svo um, að allir gætu notið þess árangurs, sem næðist. En það var ekki tilgangurinn. Þetta var hugsað sem fjárgróðamöguleiki eins hlutafélags, en ekki sem hagnaður fyrir þjóðina, og þegar tilraunir þessar báru ekki tilætlaðan árangur, voru þær látnar niður falla. Það var ekki leitað til þingsins, enda þótt fyrir væri fordæmi S. Í. S. um markaðsleit á frystu kjöti í Englandi, og styrkveitingu til félagsins í því skyni. Eins er um það, sem hv. þm. sagði, að félag hans hefði áður flutt 1500 tonn af saltfiski til Suður-Ameríku, en orðið síðan að hætta við það, vegna þess, að Norðmenn gátu boðið betri kjör. Hví leituðu þeir ekki til hins opinbera um fjárstyrk, til að geta haldið áfram? Þeir óttuðust, að ef ríkið gengi í þessa ábyrgð, þá yrðu þau skilyrði sett, að allir gætu notið þess markaðar, sem þarna yrði varðveittur, en þess óska þeir ekki.

Þetta er meginmunurinn á skoðunum hv. þm. og minum. Hann telur einkaframtakið hafa leyst vandræðin ágætlega. En reynslan hefir sýnt, að það er ekki fært um að leysa þau, og þetta hefir líka hv. þm. sýnt í ræðu sinni.

Þá vík ég nokkrum orðum að skuldaskilasjóði útgerðarmanna. Verð ég að segja, að ég harma það mjög, hvernig hv. sjálfstæðismenn hafa flutt þetta mál. Þeir halda því t. d. fram, að stjórnarflokkarnir séu andstæðingar málsins. Slíkt er mjög óheilbrigt. Þá vil ég geta þess, að einn af hv. flm. þessa frv. flytur jafnframt annað frv., þar sem gert er ráð fyrir, að fé því, er verja skyldi til skuldaskilasjóðs, sé jafnframt varið til annara hluta.

Ég vil þó vona, að lánast megi a. m. k. að koma skuldaskilum bátaútvegsmanna í sæmilegt horf. Um það, hvers vegna ég óska, að þetta sé þannig klofið í sundur, leyfi ég mér að vísa í ræðu hv. 6. landsk. Verður að taka tillit til þess í þessu máli, hvort um einstaklinga er að ræða eða fyrirtæki með miklu hlutafé og sterkum mönnum, er að þeim standa.

Í sambandi við þær fullyrðingar, að bændan., sem flutti frv. um kreppulánasjóð, hafi ekki gert ráð fyrir tekjuöflun til að mæta gjöldunum, vil ég geta þess, að þar er tvennu ólíku saman að jafna. Til kreppulánasjóðs eru nú í fjárl. áætlaðar 250 þús. kr., en í frv. um skuldaskilasjóð er gert ráð fyrir 1 millj. kr. útgjöldum þegar á 1. ári. Og þó að skuldaskil séu nú mjög aðkallandi fyrir útgerðina, þá er þetta þó ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er, að það takist að tryggja reksturinn þannig, að hann beri sig ár frá ári og velti ekki upp á sig skuldum jafnóð-

um. Ég vil benda hér á þýðingarmikil atriði eins og sameiginleg innkaup á nauðsynjum útgerðarinnar, svo sem salti, olíu og veiðarfærum, sameiginlegar lántökur og svo það, sem er aðalatriðið: afurðasöluna.

Hv. þm. G.-K. fullyrti, að frv. hans um fiskiráð væri viturlegasta lausn málanna, sem bent hefði verið á. Þetta er alveg rangt. Ég skal lesa frv. í meginatriðum. Þá er fyrst um verkefni fiskiráðs. Í 2. gr. frv. stendur:

„Verkefni fiskiráðsins er að rannsaka og gera till. um breyttar og nýjar aðferðir um framleiðslu og sölu sjávarafurða, útvegun nýrra markaða og annað, sem lýtur að vexti og viðgangi sjávarútvegsins".

Í ræðu sinni við eldhúsumr. á föstudaginn var komst hv. þm. aftur á móti svo að orði:

„.....Margt af því, sem þar er nefnt, hafa menn skrafað um sín á milli og verið sammála um, að rétt væri að reyna. En við það hefir líka setið. En nú er svo komið, að ekki dugir lengur að láta við svo búið standa. Nú verða athafnir að fylgja orðum, nú verða Íslendingar að leggja inn á nýjar leiðir í meðferð, hagnýtingu og sölu sjávarafurða. Í þessu skyni verður tafarlaust að hefja skipulagðar, víðtækar og e. t. v. fjárfrekar tilraunir undir forystu vitrustu og fróðustu manna á þessu sviði".

Hv. þm. segir réttilega, að nú dugi ekki orð eða skraf eða skrif. En samt ætlast hann til, að málunum verði við bjargað með því að setja niður n., sem hefir ekki vald til þeirra athafna, sem hann viðurkennir þó, að nauðsynlegar séu. Hv. þm. segir, að starf þessarar n. eigi að vera hliðstætt starfi utanríkismálan. Slíkt er fjarstæða. Utanríkismálan. hefir ekkert framkvæmdavald, en það verður sú n. að hafa, sem á að skipa málum útvegsins.

Ég skal ekki hallmæla sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda. Það hefir gert mikið gagn. En hitt dreg ég enga dul á, að ýmsar misfellur hafa orðið á starfi þess. Það hefir t. d. verið illa séð, að þar hafa til þess setið sjálfkjörnir framkvæmdarstjórar.

Um þau orð hv. þm. G.-K., að hv. 6. landsk. hafi farið með róg um fisksölusambandið, vil ég segja það, að þetta eru óverðskulduð ummæli. En mér er hinsvegar kunnugt um, að mikil óánægja hefir verið yfir því í ýmsum landshlutum, hvernig útflutningnum hefir verið niður skipt af hálfu samlagsins. Og þótt hv. þm. vilji draga úr þessu með því að nefna hlutfallstölur, sem eflaust eru réttar, þá er um það að segja, að slíkar tölur sýna lítið, meðan ekki er upplýst, hver leggur inn fisk þann, sem seldur er.

Sölusambandið hefir nú starfað í 3 ár, en það hefir engar tilraunir gert um nýjar verkunaraðferðir eða opnun nýrra markaða. Skal ég kalla til vitnis Richard Thors, aðalfulltrúa sölusambandsins. Á fulltrúafundi sölusambandsins 31. okt., þar sem fulltrúi frá Austfjörðum leggur fram till. þess efnis, að haldið verði áfram tilraunum um útflutning á hraðfrystum fiski, segir Richard Thors, að varla væri hægt að vænta þess, að stjórn S. Í. F. gæti styrkt þessa framkvæmd sem nokkru næmi. Hún hefði ekki annað fé til umráða en þau 2%, sem henni væru ætluð til þess að standast kostnað af rekstri fyrirtækisins. Ef tilraunin ætti að verða annað en hreint kák, yrði hún mjög fjárfrek, og hætt við, að þessi útflutningur gæti ekki orðið arðberandi fyrst um sinn. Líklegt væri, að verðjöfnunarsjóður tæki bráðlega til starfa, og mundi þetta frekar heyra undir starfssvið hans.

Það sama áréttar svo annar fulltrúi, og svarar Richard Thors því:

„Stjórn S. Í. F. hefir ekki vald til að styrkja slíka tilraun sem þessa".

Síðan las hann upp 13. gr. bráðabirgðafyrirmælanna um starfsemi S. Í. F., sem er á þessa leið:

„Til þess að standast kostnað af rekstri félagsins, launum stjórnenda, skrifstofuhaldi etc., skal stjórninni heimilt að halda eftir af brúttóverði alls selds fiskjar 2% — tveim af hundraði. Ef ástæður leyfa, er stjórninni heimilt að verja einhverjum hluta þess fjár, er þannig aflast, til að greiða bætur út af fiskkaupum, ef þeim er þannig varið, að félagsmanni verið ekki gefin sök á skaðanum. Verði afgangur af fé þessu að starfstíma félagsins loknum og allur kostnaður hefir verið greiddur, skal skipta honum milli félagsmanna í réttu hlutfalli við andvirði þess fiskjar, er þeir hafa selt, fyrir milligöngu félagsstjórnarinnar".

Af þessu er það ljóst, að það er ekki tilgangur sölusambandsins að gera slíkar tilraunir, því að slíkar tilraunir verða ekki gerðar nema af stofnun, sem hefir vald. Og þetta er verkefni fiskimálan. Í 2. gr. frv. um fiskimálan. segir svo:

„Fiskimálan. hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa og útflutningsleyfa á fiski og löggildir saltfiskútflytjendur. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á fiski með öðrum verkunaraðferðum en nú eru mest tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja fisk á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Getur ríkisstj. veitt n. fé úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði í þessu skyni með samþykki sjóðsstjórnarinnar".

Þetta er verkefni n., og er það annað og meira en að hafa yfirumsjón með saltfiskútflutninginum, sem ætlazt er til, að sé í höndum eins af aðalsaltfiskútflytjendunum, ef hann vill gangast undir skilyrði þau, sem til eru tekin í 4. gr. frv., en þar segir:

„Félagið skal vera opið öllum fiskframleiðendum, þannig, að félög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekið svæði, hafi rétt til þátttöku og sendi fulltrúa á fundi þess. Útgerðarmenn og útgerðarfélög, sem ráða yfir 3000 skpd. saltfiskjar eða meiru, skulu eiga rétt á að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Við kosningu fulltrúa til félagsfunda skal hver þátttakandi hafa atkvæðisrétt, er eigi miðast nema að nokkru leyti við fiskmagn. Sama gildir og um atkvæðisrétt á félagsfundum, enda fari þar enginn með meira en 1/20 af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra".

Ef nokkuð er að marka orð hv. þm., þá vil ég ekki trúa því, að hann eða hans flokksmenn vilji

ekki sætta sig við þessa skipun málanna. Ef svo er, hlýtur eitthvað annað að liggja á bak við en hann vill láta í veðri vaka.

Hv. þm. segir, að þetta frv. sé borið fram til þess að sprengja fisksölusamlagið, að það muni freista þátttakenda til að slíta öllu sambandi við samlagið. En þær freistingar eru þá eins til nú þegar.

Þegar kemur fram á næstu vertíð, á þá að leyfa öllum að verka eins og þeim sýnist og selja fisk til Suðurlanda? Á að láta þetta reka á reiðanum, þó að vitanlegt sé, að þessi lönd geta ekki tekið við öllum þeim fiski, sem við getum haft á boðstólum?

Hv. þm. varð tíðrætt um, að þetta fyrirkomulag mundi sliga atvinnuvegina. Mér er fullkomlega ljós sú ábyrgð, sem á stj. hvílir í þessu efni. En málinu verður ekki bjargað með því að láta reka á reiðanum. Það er einmitt það, sem þessi hv. þm. vill, þrátt fyrir hjal hans um nauðsyn á umbótum, að allt sé látið reka á reiðanum eins og áður. En nú er ekki tóm fyrir meiningarlaust skraf um þessa hluti; hér er fyrst og fremst þörf á athöfnum. Það er knýjandi nauðsyn að hefjast handa um breyttar og bættar verkunaraðferðir, útvegun nýrra markaða og skipulag á sölunni. Ég skal aðeins drepa á till. mína um útnefningu manna í fiskimálanefnd. Sú nefnd skal vera þannig skipuð, að Landsbankinn tilnefnir einn manninn, Útvegsbankinn annan, Félag botnvörpuskipaeigenda þann þriðja, Fiskifélagið þann fjórða, sá fimmti skal skipaður af Sambandi ísl. samvinnufélaga, sá sjötti af Alþýðusambandi Íslands, og hinn sjöundi af atvmrh. Ég skýt því undir dóm hlustenda, hvort verr mundi séð fyrir skynsamlegri forstöðu þessara mála eftir mínum till. heldur en eftir till. andstæðinganna í frv. um fiskiráð.

**Magnús Guðmundsson:** Hv. þm. S.-Þ. notaði sína ½ klst. aðallega til að ráðast á mig, af því að hann vissi, að ég hafði ekki nema 15 mínútur til andsvara. Hann talaði um kosningarnar í vor og honum þótti það eiginlega undarlegt, að Sjálfstfl. skyldi ekki fá meiri hl. í þinginu. En að þetta skuli vekja undrun, sýnir einmitt það, hve miklu meira álit menn hafa á þessum flokki en öðrum flokkum. Hv. þm. vildi gera mikið úr tekjuhalla í tíð síðustu stj. og vildi kenna mér og hv. fyrrv. atvmrh. um það. Ég hefi hér fyrir framan mig landsreikninginn frá 1933, en það var eina heila árið, sem sú stjórn sat. En sá reikningur sýnir, að rekstrarhallinn var sama sem enginn. Þetta eru því bláköld ósannindi hjá hv. þm. Gegnir furðu, að hann skuli treysta sér til að fara út í þessa sálma með þá landsreikninga að baki, sem tilheyra hans stjórnartíð. Hann talaði um borgun til Péturs Magnússonar fyrir málflutning, sem hann tók að sér fyrir Áfengisverzlun ríkisins. Því er þar til að svara, að forstjóri Áfengisverzlunarinnar gerði sjálfur samning við Pétur Magnússon um þessa borgun, og auk þess var málið höfðað gegn fjmrh., en ekki dómsmrh., eins og venja er í slíkum tilfellum.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði ofsótt Pálma Loftsson. Ég þori að fullyrða, að Pálmi Loftsson ber mér ekki slíka sögu, því að sú rannsókn, sem hér er um að ræða, var framkvæmd eftir beiðni hans sjálfs. Þá sagði hv. þm., að ég hefði greitt Einari Jónassyni fyrrv. sýslumanni 1000 kr. Hann sagði þetta mjög hispurslaust, en það er eigi að síður ósatt með öllu, því að ég hefi aldrei greitt Einari Jónassyni neitt. Ennfremur sagði hann, að ég hefði greitt Margréti Zoëga 2000 kr. fyrir að tapa tveimur málum. Í þessu er ofurlítið sannleikskorn. En þessi upphæð var greidd til þess að koma í veg fyrir kröfu á hendur ríkissjóði við afnám bannlaganna, af því að vínveitingaleyfi hennar var æfilangt. Nú er þessi kvöð leyst af hinu opinbera. Annars eru þetta þeir smámunir, að það tekur því varla að minnast á það. Þá kem ég að „Lauga landa". Hann var sendur vegna sölu á „matjesíld", og ég hélt, að þessum manni væri hægt að treysta, af því að mér var kunnugt, að hann hafði unnið samskonar verk í þjónustu síldareinkasölunnar. Ég skal fúslega játa, að það var yfirsjón hjá mér að sjá ekki, að maðurinn hlyti að vera gallaður, úr því að sú stofnun hafði haft hann í þjónustu sinni. Annars finnst mér, að þessi hv. þm. ætti að þegja þegar um svona smávægilegar fjárhæðir er að ræða, þar sem sannað er, að hann sjálfur brúkaði í sinni stjórnartíð um 60 kr. á dag úr landhelgissjóði í veizlur, hestahald og bifreiðar. Um Spánarferð Helga Guðmundssonar er það að segja, að hann færðist sjálfur undan að fara, en ég fékk hann til að fara með fullu samþykki form. Fél. ísl. botnv.skipaeigenda.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði látið Einar Einarsson fara af Ægi, en ég gerði það eftir tillögu Pálma Loftssonar, þar sem hann hafði verið sakaður um að hafa breytt tölum í bókum skipsins, er snertu töku botnvörpungs. Hann gat vitanlega ekki verið skipherra áfram nema hann hreinsaði sig af þeim sökum.

Þá talaði hv. þm. um mál Lárusar Jóhannessonar. Yfirlýsing Péturs Magnússonar fór ekki í þá átt, sem hv. þm. sagði. Hann gerði enga tillögu í málinu, þó að hann léti í ljós efa um, að það ynnist. Hv. þm. sagði, að ég hefði heimtað af áfengisverzluninni, að útsöluverð vinanna væri lækkað. Það er ekki rétt, en ég áminnti forstjórann um að hafa álagninguna samkv. lögum. Hann tók þá það ráð, að flytja vínið inn á flöskum, en ég var óánægður með þá tilhögun, vegna þess, að þá fór meira fé út úr landinu.

Þá nefndi hann landhelgisgæzluna, eins og hann er vanur, og ávítaði mig fyrir að hafa dregið úr henni. En nú leggur hann sjálfur til, að ennþá meira verði dregið úr henni en ég gerði. Hvernig getur þetta samrýmzt? Einnig sagði hann, að ég hefði fjölgað varðskipherrum. Það er gersamlega ósatt. Ég hefi engum skipherra bætt við. Ég verð að láta þetta nægja tímans vegna, enda er venjulega hægt að komast að því rétta með því að hverfa alveg við því, sem þessi hv. þm. segir.

Ég verð að koma víðar við, og vona ég, að flokksmenn mínir láti mig fá nokkrar mínútur til viðbótar, ef minn tími brestur. Hæstv. fjmrh. lét í ljós undrun sína yfir því, að ég skyldi

tala um fjárlfrv., en ekki hv. 1. þm. Reykv. Þessi hæstv. ráðh. mun ekki verða spurður leyfis um það, hverjir tala hér af hálfu Sjálfstfl. En til þess að seðja forvitni hans skal ég segja honum það, að ástæðan til þess, að ég tala hér f. h. Sjálfstfl., er fyrst og fremst sú, að ég er frsm., enda hefir hv. 1. þm. Reykv. beðizt undan því að taka þátt í umr., af því að hann á afmæli í dag. Vil ég upplýsa hlustendur um þetta, vegna þess að ég veit, að þeir sakna þess, að hann tekur ekki þátt í þessum umr.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég ætti ekki að tala um *illan munnsöfnuð hjá honum, meðan ég væri í flokki með* hv. þm. G.-K. Ég hélt satt að segja, að hæstv. ráðh. hefði ekki ætlað að taka hann sér til fyrirmyndar, en fyrst svo er, að hann hefir ætlað að taka hann til fyrirmyndar, þá verð ég að segja, að honum hefir ekki tekizt það. Hv. þm. G.-K. var að sönnu oft bituryrtur í ræðu sinni, það er satt, en hann fór hvergi með óviðurkvæmleg orð. Og það er beinlínis eftirtektarvert í þessum umr. og umr. hér á þingi yfirleitt, hve mjög andstæðingar hans reyna að narta í hann. Og ég skil það ofur vel, því að hann tekur nokkuð harkalega á kaunum andstæðinganna, eins og sumir góðir læknar eiga til, og honum er alveg sérstaklega sú list lagin að fara hispurslausum kjarnyrðum um málstað þann, sem hann talar um. Ég skil því vel, að andstæðingum hans svíður einatt undan tökum hans, og skil, að áleitnin gegn honum sem formanni stærsta stjórnmálaflokks landsins eru stunur og andvörp þeirra, sem finna, að hann hefir tekið óþægilegar á kaunum þeirra og kýlum en þeir hefðu óskað. Annars er það um andmæli hæstv. fjmrh. að segja, að hann stillti þejm yfirleitt í hóf. Þó fór hann einu sinni út af strikinu, þar sem hann sagði, að ég hefði áætlað gjöld ríkissjóðs vísvitandi rangt. Ég skora á hann að sýna og sanna, hvar og hvenær ég hefi gert það. Ég tel það skyldu hans að sanna þetta, úr því hann er að slá því fram, en veit hinsvegar, að hann getur það ekki. Hann segist ætla að taka tekjuskattinn af hreinum tekjum. En það má líka skrúfa þær upp með „kúnstugum" meðulum, og það hefir hann gert, t. d. með því að reikna húseigendum til tekna 10% af húsverðinu. Vitanlega nær það ekki nokkurri átt, og þegar samskonar skipun var gefin út um land, hlógu allir að því og engum datt í hug að fara eftir þeirri vitleysu. *Honum datt ekki í hug að neita því*, að tekjuskatturinn væri hærri hér en annarsstaðar, þar sem hann þekkti til, svo að hann ætti ekki að þurfa að brigzla okkur, þó að við séum stamir á að samþykkja þessa gífurlegu hækkun hans. Ég gæti nú trúað, að það yrði tafsamt fyrir hann að smala saman þessari ½ milljón hjá verzlunarmönnum og embættismönnum í landinu, því að hann viðurkenndi, að frá atvinnurekendum væri ekki neins að vænta. Aðferð hans virðist líka vera á góðum vegi með að leiða til þess, að bæjar- og sveitarfélög verði að biðja um leyfi til þess að leggja á sérstaka tolla, af því að ríkið eyðileggur gjaldstofn sveitarfélaganna með hinum gífurlega tekju- og eignarskatti. Viðvíkjandi rekstri ríkissjóðs tel ég það forsvaranlegt, þegar neyð er í landi hjá atvinnuvegunum eins og nú, að eigi sé gengið lengra en það, að ríkisbúskapurinn sé rekstarhallalaus, þó að eigi séu borgaðar skuldir. Það þýðir, að hvorki verður tap né gróði.

Út af orðum hv. 1. þm. Reykv. um kaupgetuna skal ég segja það, að ég hlustaði á orð hans í Ed., og hann sagði, að aukin kaupgeta hlyti að koma meira eða minna fram í erlendum kaupum og ef hæstv. fjmrh. vildi koma í veg fyrir erlend kaup, þá yrði hann að minnka kaupgetuna, en ekki auka. Hæstv. fjmrh. gumaði af því, hve fjárhagsáætlunin væri rétt. Það þurfti nú samt að bæta við 100 þús. kr. til berklavarna og 50 þús. kr. í Sogsvirkjunina og skrifstofukostnaður húsameistara var áætlaður helmingi lægri en þurfti. Nefni ég þessa liði aðeins sem dæmi, til að sýna, að hæstv. ráðh. hefir enga ástæðu til að ofmetnast, því að áætlanir fjárlagafrv. voru alls ekki eins góðar og hann vildi vera láta.

Hæstv. forsrh. staðfesti það, sem ég sagði um Björn Gíslason. Viðvíkjandi fundunum í Skagafirði í vor er það að segja, að þar kom fleira fram en hér hefir verið minnzt á. Með kosningaúrslitin hvað mig snertir er ég ekki óánægður, því að ég sigraði. Hæstv. forsrh. kallaði mig 1. þm. Reykv. áðan. Það hefir kannske verið af því að hann lagði svo mikið kapp á, að ég yrði ekki þm. Skagf., en ég er það nú samt.

Um vegamálin vildi ég segja eitt orð. Mér er að vísu ekki ljúft að deila við hv. 6. landsk., því að mér hefir líkað vel við hann í fjvn., en ég tel, að talsverðri hlutdrægni hafi verið beitt í úthlutun fjár til vegamála, og hefir það komið niður á Dalasýslu, Borgarfj.sýslu, Rangárvallasýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu. En ég verð að sleppa að fara út í það frekar, því að ég er þegar farinn að taka tíma frá öðrum *flokksmönnum minum*.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég get ekki komizt yfir að svara nema fáu í þeim mörgu ræðum, sem hér hafa verið haldnar. Sú er þó bót í máli, að fá má einn samnefnara fyrir allar þessar ræður, því að ádeiluatriðin á stj. hafa svo oft verið endurtekin. — Því hefir verið haldið fram, að gengið væri um of á rétt bæjar- og sveitarfélaga með skattafrv. stj. Það er vitanlega fylgt sömu stefnu gegn þeim eins og einstaklingunum, að þeim er ætlað að greiða mest, sem af mestu hafa að taka. En þetta er og hefir alltaf verið eitur í beinum sjálfstæðismanna. Hv. 1. þm. Skagf. minntist á orð hv. 1. þm. Reykv. um kaupgetuna og vildi halda því fram, að orð hans hefðu fallið á þá leið, að kaupgetuna bæri að minnka, en ekki slá hana niður. Hann sagði víst hvorttveggja, og ég held, að það sé öllum kunnugt, að hann hélt því fram, að kaupgetuna bæri að minnka. Annars skal ég nota tækifærið til að óska hv. 1. þm. Reykv. til hamingju með afmælið, — ég geri ráð fyrir, að hann heyri til mín, þó að hann sé ekki hér staddur, — og ég samgleðst honum fyrir að geta haft það til afsökunar fyrir fjar-

veru sinni og komast þannig hjá að tala um kaupgetuna.

Ég saknaði þess, að hv. þm. G.-K. flutti mér ekki þakkir fyrir að gera grein fyrir till. stjórnarandstæðinga í fjármálunum. Mér kom það á óvart, því að ég hélt, að sú grg. hefði glatt hann. Ég sýndi fram á, að till. sjálfstæðismanna í fjármálunum væru hrein skrípalæti og að niðurstaðan hjá þeim væri 3½ millj. kr. tekjuhalli, þar sem þeir gera engar till. um tekjuöflun. Þó að hv. þm. G.-K. reyndi að þrífa einhverja flík úr fatabúri stjórnarinnar til þess að hylja nekt sína og síns flokks í þessum málum, kemur það honum að engu haldi. Hann stendur jafnnakinn eftir sem áður, og þannig mun skilið við hann í þessum umr.

Þá var hv. þm. G.-K. að tala hér eins og aðrir hv. þm. um, að Framsfl. væri runninn inn í Alþfl. Sönnunin fyrir þessu á að vera sú, að eitthvað í þá átt hafi staðið í Alþýðublaðinu, jafnhliða því, sem málefnasamningarnir voru birtir. Þetta taldi hann svo góða sönnun, að hann gæti ekki komið með aðra betri. Hingað til hefir hann þó ekki lagt mikið upp úr Alþýðublaðinu sem sönnunargagni. Sjálfstæðismenn hafa haldið því fram, að Alþfl. væri á móti afurðasölumálinu. Samt hefir hann nú í samvinnu við Framsfl. gengið að því að leysa þau. Svo á það að vera vottur þess, að framsóknarmenn séu í þeirra vasa. Ég skil ekki þessa röksemdafærslu; hún er of stembin fyrir mig, og ég hygg fyrir marga.

Þá kom fram hv. þm. Borgf. og talaði í sama anda, og má segja, að ræða hans gengi upp í ræðu hins. Þó var eitt atriði frumlegt hjá þessum hv. þm. Hann var eitthvað að tala um rúm, mér skildist helzt hjónarúm, sem búið væri að taka úr skilrúmið. Ég þekki nú ekki slík skilrúm, en þau tíðkast máske í hans byggðarlagi og eru tekin burt þegar ástin er komin á eitthvert visst stig.

Þá hefir verið nefnt enn eitt, sem á að sýna, að Framsfl. sé genginn inn á stefnu sósialista, og það er, að flokkurinn vilji láta ríkið eiga jarðirnar. Hefir þar verið borið fram, að flokkurinn hafi svikið eftir kosningar. Til þess að hrekja þessi staðlausu ósannindi vil ég lesa hér upp úr stefnuskrá Framsfl., sem hann birti fyrir kosningar í Tímanum: „Að koma á löggjöf um erfðaábúð á jörðum, sem eru í eign ríkisins, og stuðla að því, að ríkið eða sveitarfélög geti eignazt með hæfilegu verði jarðir þær, sem einstaklingar eða lánstofnanir vilja selja". Þetta tekur því af allan vafa um, að flokkurinn hefir komið hreint fram í þessu máli eins og öðrum, og kjósendum því fullkomlega ljóst, að hverju þeir gengu.

Þá hafa þeir hv. þm. G.-K. og hv. þm. Borgf. talað mikið um einkasölufarganið, sem gengi úr öllu hófi, og þar væri Framsfl. að svikja kjósendurna. Hv. þm. G.-K. hafði nákvæmlega sömu ummæli í útvarpsumr. á föstudagskvöldið. Það er nákvæmlega sama hugvekjan, sem hann les yfir kjósendunum. Á Alþingi 1930 var flutt frv. um einkasölu á bifreiðum og mótorum af 2 framsóknarmönnum. Þetta er því ekki aðeins í samræmi við stefnu flokksins, heldur hafa framsóknarmenn áður borið fram samskonar frv. Á það mætti líka benda, að þegar hv. þm. G.-K. var sjávarútvegsmálarh., gaf hann út bráðabirgðalög um einkasölu á saltfiski til handa Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Þá var þessi hv. þm. ekki hræddur við, að afleiðingarnar spilltu sölunni til útlanda. En ætli það hafi ekki gert muninn, að þá átti allt að vera undir stjórn Kveldúlfs, og því ekkert að óttast. En í frv. því, sem stj. flytur um fisksölumálin, er ætlazt til, að þessum málum verði stjórnað af fiskframleiðendum sjálfum, eða öðrum, sem bera ábyrgð fyrir Alþingi. Þetta er sá mikli munur. Eftir þeirra frv. var öll stjórn í höndum fámennrar kliku, en eftir frv. stj. er stjórnin á valdi framleiðendanna sjálfra. Þá minntist hv. þm. á þetta ægilega fyrirbrigði, sem Sjálfstfl. kallar Rauðku — ég get gert það til gamans að kalla hana Rauðku —, og taldi hana öruggt tákn þess, að við værum á valdi Alþfl., þar sem tveir af okkar mönnum hefðu tekið þátt í n. eftir skipun Alþýðufl.rh. En hvernig er um afstöðu Sjálfstfl. til Rauðku? Þeir hafa ekki linnt á látum, svo ólmir eru þeir að fá að vera með í Rauðku. Þeir vilja endilega fá að vera með í n. og segja þó, að hún stefni að þjóðnýtingu. En svo þegar þeim var gefinn kostur á að setja menn í n., ætluðu þeir að komast hjá því að taka hreina afstöðu með því að láta verkfæri sitt, hv. þm. V.-Húnv., greiða atkv. á móti till. um það, en dugði ekki og var það því samþ. Þeir eru því komnir í þá klípu, að annaðhvort verða þeir að nefna menn í n. eða gera allt hjal sitt um Rauðku ómerkt. Og mér skilst, að þeir ætli að nefna menn í n. og fara þá eftir sama skipunarbréfi og framsóknarmennirnir í n., og eftir þeirra eigin rökum ganga með í þjóðnýtingunni. N. hefir hér alltaf verið líkt við Rauðku. Hv. þm. Borgf. sagði, að ekki væri vafi á því, hvert Rauðka stefnir. Samt vilja sjálfstæðismenn ólmir komast á bak Rauðku. Þeir munu þó vissulega litla stjórn hafa á henni, og mun hún hlaupa eftir sínum götum, jafnvel þó að þær liggi til þjóðnýtingar. Þessi málfærsla andstæðinganna er hæfileg fyrir þá, og eru þeir ekki ofhaldnir af að beita slíkum rökum hér í umræðunum.

**Þorsteinn Briem:** Herra forseti! Mér þykir það hlýða að ávarpa forseta Sþ. einmitt í upphafi að þessum umr. Þ. e. a. s. 4. landsk., út af orðum, sem hann var að kasta til mín í dag. Ég vil mótmæla þeim ummælum hv. 4. landsk., að ég hefði í sumar tekið að mér fréttaflutning útvarpsins. Ég gerði ekki annað en það, að ég bað form. útvarpsráðs að láta mig vita eða vegamálastjóra, ef Alþýðusambandið bæði útvarpið að flytja fregnir af vegavinnudeilunni, og er það aðeins samkv. reglum útvarpsins um fréttaflutning, að báðir aðilar séu heyrðir áður en útvarpið flytur fregnir, sem ágreiningur er um. Ég vil líka nota þetta tækifæri til þess að mótmæla þeim óverðskuldaða og vísvitandi ósanna áburði Alþýðublaðsins og annara á vegamálastjóra, fyrir falskar skýrslur í sambandi við vegavinnudeiluna. Þetta eru því ósæmilegri

ummæli, þar sem vegamálastjóri er viðurkenndur einhver reglusamasti og samvizkusamasti embættismaður þessa lands. Þegar um kaupdeiluna í vegavinnunni var að ræða, leit ég á það mál frá sjónarmiði bænda, sem flestir þurfa að kaupa út vinnu að einhverju leyti. Það eru fæstir þeirra, sem enga vinnu þurfa að kaupa. Ég vildi láta héraðsstjórnirnar hafa tillögurétt um vegakaupið og fylgdi í því þeirri gömlu reglu að láta sýslunefndir í héruðum ákveða vegakaupið í sýsluvegunum og miða kaupið í þjóðvegunum í sveitunum við það, en borga 5 aurum hærra í fjallvegum. En þá hófst vinnudeilan, ef deilu skyldi kalla. Það var ekki nema eðlilegt, þó hv. 4. landsk. þættist þurfa að taka til máls til þess að sýna, að hann hefði þó reynt að standa í ístaðinu eftir því sem hann var maður til. Jafnframt býsnaðist hann mikið yfir því, að ég væri mótfallinn verkamönnum, og vildi sýna, að ég væri þeim óvinveittur. En ég veit, að hv. þm. meinar þetta ekki. Um þessi mál voru aldrei neinir samningar gerðir, aðeins lauslegt samtal, svo hv. 4. landsk hefir þar ekki af miklu að státa. Áður en „verkfallið" hófst hafði ég sagt hv. 4. landsk., að ég ætlaði að ákveða vegavinnukaupið 80 aura í sveitum, og leiddi þá af sjálfu sér samkv. venju, að það yrði 5 aurum hærra í fjallvegum. Það vill nú svo vel til, að ég get sannað, að ég var búinn að láta vegamálastjóra fá tilkynningu um, að þetta kaup yrði greitt, og biðja hann að senda tilkynninguna um kaupið til fulltrúa sinna og verkstjóra úti um land, áður en Jón Baldvinsson talaði við mig á föstudag 8. júní kl. 11 f. h., en þá áttu þessir „samningar" að hafa byrjað. Höfðu símskeytin verið send um þetta þá um morguninn, sum kl. 8.15 og sum kl. 10.15. En vitanlega höfðu þau verið afgreidd frá skrifstofu vegamálastjóra daginn áður. Ég hefi hér fyrir framan mig staðfest afrit af nokkrum þessum símskeytum, sem ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp. — Ég hafði þau ekki hjá mér þegar ég talaði í dag, og því geymdi ég mér að svara þessu atriði þar til síðar.

Hér er þá fyrst skeyti til Árna Pálssonar verkfræðings, sem þá er staddur á Akureyri: „Heimilað byggja Þverárbrú ákveðið bjóða 80 aura tímakaup sumarvinnu frá júlíbyrjun nema á Vaðlaheiði 85 aura, látið þetta berast til verkstjóranna. Reynið koma vinnu í akkorð. Vegamálastjóri".

Til Kristjáns Hansens, Sauðárkróki. „Ákveðið bjóða 80 aura tímakaup frá júlíbyrjun. Æskilegt koma vinnu í akkorð. Nánar símtali. Símið ef nokkur breyting vinnustöðvun.

Vegamálastjóri".

Til Steingríms Davíðssonar, Blönduósi. „Ákveðið bjóða 80 aura sumarkaup frá júlíbyrjun. Æskilegt koma vinnu í akkorð. Nánar símtali. Símið ef nokkur breyting vinnustöðvun.

Vegamálastjóri".

Þetta var vegamálastjóri búinn að síma út áður en við Jón Baldvinsson töluðum saman, en ég hafði sagt honum nokkrum dögum áður, að kaupið í vegavinnunni væri ákveðið 80—85 aurar. Þetta er staðfest af skeytum vegamálastjóra. Skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp skeyti frá 19. júní.

„Briem ráðh., Stórholti. Sumarkaup ákveðið síðustu mánaðamót 80 aura sveitum 85 aura heiðum.

Vegamálastjóri".

Þegar þetta skeyti er sent, er ég staddur vestur í Dalasýslu og fæ það til að staðfesta ummæli mín þar. Það hefir því komið greinilega í ljós, að kaupið var ákveðið áður en Jón Baldvinsson kemur að „semja" við mig. Það breytti engu, þó ég gengi inn á að samþ. að tryggja lágmarkskaup í akkorðsvinnu. Því bæði vegamálastjóri og ég viljum styðja að akkorðsvinnu og teljum, að báðir aðilar græði á því. Ríkið fær meira fyrir sína peninga og verkamaðurinn fær hærra dagkaup, af því að hann vinnur yfirleitt betur. Ég þykist þá hafa að fullu svarað hv. 4. landsk.

Skal ég þá koma að hæstv. forsrh. Hann reyndi ekki að verja sig í þeim atriðum, sem ég kom inn á í ræðu minni, og voru þar þó nokkuð mörg atriði, sem hann hefði haft fulla ástæðu til að bera af sér, ef hann hefði getað. En í stað þess var hæstv. ráðh. með skæting um, að ég hefði brigzlað sér um hroka í dómarastörfum. En mér datt ekki í hug að minnast á dómarastörf hans. Þá minntist hæstv. ráðh. á eitthvert bréf, sem Sjálfstfl. hefði sent út, þar sem gefið væri í skyn, að Bændafl. mundi styðja Sjálfstfl. Ég hefi ekki séð þetta bréf og er mér efni þess alveg ókunnugt, en ég vil mótmæla því sem alveg órökstuddu og tilhæfulausu, að Bændafl. hafi nokkurntíma lofað Sjálfstfl. hlutleysi, auk heldur stuðningi. Bændafl. vill fyrst og fremst styðja landbúnaðinn og mun því vinna með þeim, sem vilja hjálpa bændum.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að Bændafl. væri að vekja tortryggni í garð Framsfl. En ég held, að Framsfl. veki sjálfur mesta tortryggni á sér með undirlægjuhætti við sósialista. Hæstv. ráðh. vék að Búnaðarfél. Íslands með mjög ósæmilegum árásum á menn utan Alþingis. Þó einhverjar deilur kunni einhverntíma að hafa verið innan veggja Búnaðarfélagsins, varð ég þess ekki var í minni stjórnartíð, þá var samvinnan milli þess og ráðuneytisins mjög góð. Ég minnist þess að vísu, að ég sæi einhverntíma mynd í „Speglinum", þar sem Páll Zóphóníasson er að tuskast við einhvern mann. En ég tók það sem hvert annað „Spegils"-spaug. — Þá fullyrti hæstv. ráðh., að Búnaðarfélag Íslands væri óstarfhæft og enga samvinnu við það hægt að hafa. Þessu mun verða svarað af öðrum. Síðar sagði sami hæstv. ráðh., að enginn af starfsmönnum Búnaðarfélagsins hefði verið heima í vor. En ég vil segja, að þeir hafi aldrei verið færri en 3 heima. Hitt er vitanlegt, að sumir af starfsmönnum félagsins eru ekki heima heil sumur. Þurfa ráðunautarnir víða að fara og undirbúa ýmsar verklegar framkvæmdir, mæla fyrir ræktun og öðrum mannvirkjum og veita bændum almennar leiðbeiningar í sínum atvinnurekstri.

Til að sýna, hvað sumir ráðunautarnir væru lengi að heiman, var sagt, að þeir þyrftu að senda börn sín eftir kaupinu. Ég veit nú ekki

til, að neinn af starfsmönnum félagsins eigi börn á því reki nema Páll Zóphóníasson, og þykir mér undarlegt, að framsóknarráðherra skuli vega þannig að eigin flokksbróður og er þá að vonum, þó aðrir verði fyrir áreitni af hendi hans.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri hægt að leita álits hjá Búnaðarfélagi Íslands. Ég fekk þar aldrei annað en skýr og glögg svör og góðar tillögur. Að hæstv. ráðh. lætur undir höfuð leggjast að leita álits og umsagnar Búnaðarfélagsins um landbúnaðarmál, er ekki til bóta fyrir landbúnaðinn. Og bændur telja illa séð fyrir forustu búnaðarmálanna, ef ráðh. ætlar að ráða þeim sjálfur án aðstoðar sér færari manna, eins þeirra, sem eru í þjónustu Búnaðarfélagsins.

Þá skal ég minnast á afskipti Búnaðarfélags Íslands af skozku nautgripunum. Það er rétt, að ég skrifaði Búnaðarfélaginu og bað það að annast um kaup á þessum gripum. Það fól svo umboðsmanni Sambands ísl. samvinnufél. að annast þetta ásamt einum þekktasta manni í búnaðarfélagsskap Skota, dr. Main. Umboðsmaður S. Í. S. lét auðvitað dýralækni skoða gripina erlendis, og fylgdi þeim dýralæknisvottorð hingað. Strax og gripirnir komu hingað voru þeir skoðaðir af dýralækni, og gaf hann þeim heilbrigðisvottorð. En eftir nokkurn tíma kom í ljós, að dýrin höfðu húðkvilla, sem hefir alllangan meðgöngutíma og er algengur erlendis. Í fyrstu taldi dýralæknir sjúkdóminn varla með sjúkdómum og áleit, að sólin mundi lækna hann að mestu, en þó betra, að einhver smyrsl væru notuð. En svo leið sumarið, að ekki tókst að lækna þau, og þar sem komið var haust, þótti ekki borga sig að einangra þau yfir veturinn og var þeim því slátrað. Þó svona atvikaðist var hér gætt fyllstu varfærni, og er því ómaklegt af hæstv. forsrh. að ráðast á S. Í. S. eða trúnaðarmann þess í þessu máli.

Þá hefir verið minnzt á kjötsöluheimildina skv. lögum frá 1933 og hve vafasöm hún er, og að meiri líkur eru fyrir því, að henni hefði verið hrundið með dómi. En ef svo hefði verið litið á, að heimildin væri til, var það hlutverk S. Í. S. og Sláturfélags Suðurlands, að vera þar vel á verði og láta til sín heyra, ef um hefði verið að kenna vanrækslu frá minni hendi. Þar sem þetta eru fulltrúar fyrir þá stétt, sem hér átti mest í húfi, hefðu þeir sjálfsagt ekki látið standa á sér, ef þeir hefðu talið sig geta bent á úrræði til umbóta.

Þá kom hæstv. ráðh. með allmiklar blekkingar viðvíkjandi kjötútflutningnum og markaðshorfunum. Ég sagði, að það hefði verið nóg markaðsrúm fyrir allt kjöt, sem við gátum selt haustið 1933. En ráðh. var að tala um innflutningstálmanir, sem væru bæði í Noregi og Englandi. Það er að vísu rétt, að það eru innflutningstakmarkanir í báðum þessum löndum, þannig, að við getum ekki fluttt þangað nema ákveðið kjötmagn í hvern stað. En þessar innflutningshömlur eru svo rúmar, að við gátum selt allt það kjöt, sem við höfðum markaðshæft, til Englands, og helmingi meira en við höfðum þörf fyrir í Noregi. Hitt er vitanlegt, að það er enginn markaður fyrir saltkjöt í Bretlandi, og að við höfum engin tök á því a. m. k. enn sem komið er að framleiða eingöngu freðkjöt. Þetta er því, eins og vant er, algerlega út í hött hjá hæstv. ráðh.

Þá nefndi hæstv. ráðh. afurðasölunefndina og átaldi, að ekki hefði verið búið að halda nema einn fund fyrir kosningar. Mun honum þó vera kunnugt, að sá maðurinn, sem sízt mátti vanta, framkvæmdarstjóri S. Í. S., Jón Árnason, var mikið af þeim tíma utanlands. Enda reið mest á að vinna fyrst úr þeim skýrslum, sem ég hafði látið safna um kjötsöluna innanlands, og ýmsum öðrum gögnum, sem ég hafði safnað og fyrir lágu. Ég hygg, að afurðasölunefndin eigi sízt skilið, að hæstv. forsrh. kasti steini í hana fyrir störf hennar.

Hæstv. forsrh. talaði um, að ég hefði ekki greitt vaxtatillag. Ég veit ekki til þess, að það hafi nokkurntíma komið fyrir í minni ráðherratíð, að staðið hafi á því, að vaxtatillag, sem heimilað hefir verið samkv. lögum um þetta efni, hafi verið greitt úr ríkissjóði til bænda á réttum tíma.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, að ég hefði ekki greitt kjötuppbótina áður en ég fór frá. Ég hefi áður skýrt frá því, hvers vegna ég gerði það ekki. Það stafaði af því, að skýrslur þær, sem þurfti að nota til þess að greiða eftir, voru ekki tilbúnar frá hendi útflytjenda í tæka tíð fyrir stjórnarskiptin. En hæstv. ráðh. segir, að peningar muni ekki hafa verið til, svo að hægt væri að greiða þetta. Hæstv. ráðh. talar nú digurbarkalega um það, hversu ríkisreksturinn hafi verið í miklu ófremdarástandi, þegar hann hafi tekið við. Því er til að svara, að greiðsluhallinn var minni, þegar við skiluðum af okkur heldur en þegar við tókum við. Meira að segja var greiðsluhallinn hjá okkur, þegar við fórum frá og vorum búnir að borga allar aðalgreiðslur til útlanda, ekki eins mikill og þegar við tókum við, þó að þá væri eftir að greiða aðalafborgun og vexti af erlendum lánum.

Hvað sem hæstv. ráðh. eða hv. þm. S.-Þ., sem manna sízt ferst að tala um fjármál, segja um ríkisrekstur fyrrv. stj., þá sýna landsreikningar, sem hér liggja fyrir, að skuldirnar voru ekki meiri við síðustu áramót heldur en þær voru um árslok 1930. Skuldirnar voru færðar til í stjórnartíð fyrrv. stj., en þær uxu ekki. Þetta sýna síðustu landsreikningar. Hitt er aftur á móti eðlilegt, að ríkistekjurnar komi ekki inn fyrr en síðari hluta árs. T. d. má minna á það, að 1930, þegar tekjur ríkissjóðs voru um 20 millj. króna, þá komu aðeins 5 millj. króna í ríkissjóð fyrir 1. júlí. — Af þessu, sem nú var sagt, sést, að það er ekkert óeðlilegt, þótt ríkissjóður verði að hafa það eins og bóndinn í þessu efni. Hann verður oft að taka bráðabirgðalán eða smávixil, þegar hann gerir innkaup um vorlestir eða greiðir verkafólki sínu laun, þangað til hann fær tekjur sínar seinni hluta árs.

Hæstv. ráðh. talaði um, að ég hefði ætlað að leysa afurðasölumálið með sjálfstæðismönnum. Bændafl. hefir alltaf lýst yfir því, að hann ætli að fara eftir málefnum, en ekki eftir flokkum. Hann mun aldrei bindast samtökum við neinn þann flokk, sem ekki vill styðja landbúnaðinn

og afurðasölumálin m. a. Ég vil spyrja hæstv. forsrh., fyrst hann gaf í skyn, að Sjálfstfl. væri óvinveittur afurðasölumálinu, hvort Framsfl. ætlaði þá að svíkja í afurðasölumálinu, ef Sjálfstfl. hefði ekki viljað styðja Bændafl. í því að koma þeim fram. Það er svo mikill hluti af sjálfstæðismönnum hér á þingi fylgjandi þessu máli, að stöðvun á því var óhugsandi, nema með því móti, að Framsfl. hefði brugðizt. Ætlaði Framsfl. að gera það að skilyrði fyrir stuðningi við kjötsölumálið, að hann gæti komizt í flatsængina með sósialistum?

Þá drap hæstv. ráðh. á mjólkursölumálið. Ég hefi fengið upplýsingar hjá bónda einum í nágrenni við okkur, viðvíkjandi þessu efni. Hann hefir 8 kýr. Hann segir, að mjólkurlækkunin muni sig 30 kr. á mán. Um leið og hann verður að tapa þessari upphæð, eða 360 kr. á hverju ári. vegna þessarar mjólkurlækkunar, verður hann að greiða 30 kr. meira en áður vegna þess að verðið á fóðurbæti hefir hækkað á þessum sama tíma. Samkv. þessu tapar hann þá 60 kr. á mán., miðað við ástandið í fyrra, eða samt. 720 kr. á ári. Munar þetta engu fyrir bónda, sem hefir 8 kýr og engan annan bústofn?

Þetta, sem nú var sagt, sýnir, hvílíkt glapræði það var að lækka mjólkina á meðan enginn ávinningur var kominn af framkvæmd mjólkursölulaganna að öðru leyti. Þetta er þá umhyggjan fyrir bændum, enn sem komið er. Ég vona, að hæstv. landbrh. taki sér fram. Það veitir sannarlega ekki af.

Hann sagði, að ég væri hálfur í málum. Honum ferst. Hann er sjálfur ekki einu sinni hálfur fulltrúi bændanna. Hann er meira en hálfur genginn inn í flokk, sem ekki er fulltrúi fyrir bændur. Sósialistarnir eiga meira en helminginn af honum, svo að hann á sig ekki einu sinni hálfan sjálfur.

Ég mun nú ekki tala meira við hæstv. ráðh. í þetta sinn. Hann hefir tekið það ráð að flýja til beggja handa, bæði til sósialistanna og til hv. þm. S.-Þ., til þess að fá hjálp. Annars er ekki nema eðlilegt, að hv. þm. S.-Þ. líki ekki vel að vera alltaf settur hjá. Hann var settur hjá, þegar hann vildi verða forsætisrh., og hann var settur hjá frá því að verða formaður skipulagsnefndar. Það hefði samt verið sjálfsagt, þar sem hann er form. þess flokks, sem meiri hl. hefir í stjórnarliðinu. Hann fékk ekki einu sinni að vera í meiri hl. í nefndinni. Þetta sýnir greinilega, að vegur þessa hv. þm. hefir lækkað frá því sem áður var.

Hv. þm. talaði um, að Sjálfstfl. vildi eiga varalið. Það hefir verið talað um það, að fyrrv. forsrh. væri varaliðsmaður hæstv. stj. Ég átti líka að hafa verið varaliðsmaður og form. í einhverjum samningi, sem aldrei hefir verið til. Bændafl. er óbundinn flokkur, sem ekki þarf að vera fylgisveit annars flokks, eins og Framsfl. Það kemur aldrei til mála, að Bændafl. vilji taka upp samvinnu við aðra en þá, sem vilja vinna að því að hjálpa landbúnaðinum.

Hv. þm. S.-Þ. tók sér það verkefni að tala um fjármál. Ja, — fjármál! Þá fer nú skörin að færast upp í bekkinn, þegar hann fer að tala um fjármál.

Hv. þm. bar fyrrv. stj. brigzlum fyrir það m. a., að annarhvor okkar Magnúsar Guðmundssonar fyrrv. dómsmrh. hefði greitt Einari Jónassyni, fyrrv. sýslum., 1000 kr., eða hvað það nú var. Fyrrv. forsrh. talaði við mig um þetta atriði áðan og bað mig að geta þess, að hann hefði greitt konu E. J. þessa upphæð. En hann gerði það ekki, fyrr en hann var búinn að fá samþykki aðalflokkanna til þess. Og hvern hefir hv. þm. þá að ásaka?

Ég sagði áðan, að ríkisskuldirnar hefðu ekki aukizt síðan 1930, en lánin hefðu aðeins færzt til, m. a. þannig, að tekið var lán til vegagerða. Það var ennfremur tekið lán til brúargerða á Þverá og Markarfljóti. Vill hv. þm. S.-Þ. ávíta fyrrv. stj. fyrir það, að hafa veitt Rangæingum þessa miklu samgöngubót? Ég man ekki betur en að hv. þm. hafi látizt vilja vera vinur þeirra Rangæinga. Og mikið hefir hann hrósað sumum frambjóðendum flokks síns fyrir það, að þeir hafi stutt að því, að lánsheimildin fékkst til þessara brúargerða. Hvers vegna hefir hann nú snúið við blaðinu?

Þá var hv. þm. að ávíta mig fyrir það, að ég hefði stutt brúargerð í Skaftafellssýslum. Hann hefir líka stundum viljað vera vinur Skaftfellinga. Eða er vináttan ekki fyrir hendi nema rétt fyrir kosningar?

Ennfremur ásakaði hv. þm. S.-Þ. mig fyrir það, að hafa komið á vegasambandi við Austurland. Þegar ég tók við stjórn, var vegasambandið ekki komið lengra en að Húsavík. Í minni ráðherratíð var bílvegasambandið lengt frá Húsavík til Reyðarfjarðar og Seyðisfjarðar. Fylgismenn hv. þm. í Múlasýslum eiga að taka eftir þessu, hvernig hann umsnýst nú yfir því, að Austfirðingar hafa fengið þessa langþráðu samgöngubót.

Sama mætti segja um vegabæturnar, sem ég tók lán til, í Þingeyjarsýslum, Eyjafjarðarsýslu, á Vestfjörðum og nálega í hverri einustu sýslu landsins. Það er hart að heyra Jónas Jónsson, hv. þm. S.-Þ., telja eftir þær vegagerðir, sem allir landsfjórðungar njóta þannig góðs af. Það er hart að heyra hv. þm. S.-Þ. áfellast aðra fyrir, að ríkissjóður skyldi þurfa að taka lán til þessa, þar sem hv. þm. á manna mest sök á því, hvernig fjárhag ríkisins er nú komið. Enginn maður hefir beinlínis leikið sér með fé ríkissjóðs eins og hann. Enginn maður hefir verið eins fyrirhyggjulaus í fjármálum eins og hann, og enginn maður er eins fjarri því að hafa hið minnsta vit á fjármálum eins og hann.

**Sigurður Einarsson** (óyfirl.): Það hefir oft komið fram í ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem talað hafa hér af hálfu Bændafl., að Alþfl. væri í raun og veru fjandsamlegur bændum landsins. Með afskiptum sínum af mjólkurmálinu hafi hann hafið þá herferð á hendur bændastéttinni, að líklegt sé, að það geti riðið búskap margra bænda að fullu. Báðir hafa þeir gefið það í skyn, að einskis góðs væri að vænta fyrir bændur frá Alþfl., nema flokkurinn fái önnur friðindi til handa verkamönnum og sjómönnum.

Það kennir mikillar rangfærslu hjá báðum

þessum hv. þm. í þessu efni. Alþfl. berst fyrir hagsmunum og góðri afkomu allra vinnandi stétta í landinu. Þetta kemur greinilega fram í stefnuskrá flokksins og einnig í þeirri afstöðu, sem flokkurinn hefir tekið til skipulagsmálanna. Þetta sýnir það og sannar, að ummæli þessara hv. þm. eru úr lausu loft gripin. Alþfl. gerir engan mun á mönnum eftir því, hvar á landinu þeir eru búsettir. Hann lætur sig það bara skipta, að menn verði ekki sviptir réttindum sínum. Alþfl. er ekki bundinn við neitt pólitískt skæklatog.

Hv. þm. V.-Húnv. talaði um þann vesaldóm, sem steðjaði að þeim stjórnmálafl., sem ynnu með okkur Alþfl.mönnum. Hann gat ekki skýrt þetta á annan veg en þann, að orka og starfhæfni okkar væri svo mikil. Hann virðist halda, að samvinna við okkar miklu og starfhæfu menn væri undirrót vesaldóms í stjórnmálum. Þetta er honum dálítil vorkunn, þó að einstætt sé. Hann hefir orðið svo vesall í Framsfl., að vikja varð honum burt. Það þótti ekkert lið í honum. Mér finnst ekkert sanngjarnara en að láta þar um gilda hans eigin skýringu — að undirrót vesaldómsins hafi verið orka og starfhæfni hinna gömlu félaga. Og þá er það heldur ekki furðulegt, þó að hann hafi hafnað í Sjálfstfl. Vesöld hans í framtíðinni verður, þegar svo er komið, að eiga sér aðrar orsakir en undanfarið. Hann byrjaði hér að kyrja sinn gamla söng, að bændur verði að fá framleiðslukostnað fyrir vöru sína. Þetta eru gælur hans framan í bændur. Hann heldur því fram, að svo fremi sem þetta fáist ekki nú þegar, þá muni bændur ekki geta borgað af kreppulánaskuldum sínum, hvað þá öðrum erfiðari. Hér sé ekki annars kostur en að velta öllu yfir á ríkissjóðinn, ef ekki sé að gert.

Því neitar vitanlega enginn, að bændur eigi erfitt, og þrátt fyrir allt, sem gert hefir verið, þá þarf samt meira að gera. Nú ætti þessi hv. þm. að gera sér grein fyrir því, að framleiðslukostnaður bænda er mjög mismunandi, eftir því við hvaða aðstöðu menn eiga að búa og hvar þeir eru í landinu.

Hv. þm. virðist ætlast til þess, að verðið sé misjafnt á sama stað, eftir framleiðslukostnaði bænda. Það er vitanlega alveg óframkvæmanlegt. Meira að segja vinir hans sjálfstm. myndu ekki kaupa af honum með hærra verði.

Hv. þm. V.-Húnv., þessi erkifjandi kaupgjaldsins til handa verkamönnum, heldur, að málið sé svo auðleyst, að það nægi að setja hátt verð á vörur þær, sem bændur framleiða. En hvernig á að fá fólk til þess að kaupa? Það má að vísu taka fyrir vörur frá útlöndum. En ef ekkert er til þess að kaupa fyrir, þá vandast málið. Það er ekki ráðið til þess að fá blómstrandi markað fyrir verðháar landbúnaðarafurðir, að spenna fastar sultarólina á öllum verkalýð við sjávarsíðuna.

Það sagði kaupmaður einn við mig á dögunum, að það væri nú eiginlega ekki víst, að það væri svo mikið upp úr því að hafa, að fólk hafi ekkert handa á milli. Hann leit á þetta mál frá sjónarmiði einstaklingsins, sem vill græða. Þessa lífsspeki hefir kaupmaðurinn lært á þessum tímum. Það verður líklega langt þangað til hv. þm. V.-Húnv. og hv. 10. landsk. ná kaupmanninum í þessu efni.

Ég vil taka það fram, að Alþfl. er meiri vinur bændanna með stefnu sinni um jafnvægi afkomunnar til sjós og sveita en þessi niðursetningur íhaldsins hér á þingi, því að án þessa jafnvægis verður hvorugum aðila borgið.

Nú vil ég víkja nokkrum orðum að hv. 10. landsk., Þorsteini Briem, þessum manni, sem með óvenjulegri hrekkvísi og fláttskap ætlaði að gera þetta þing óstarfhæft. Honum hefir tekizt hálfilla að vinna fyrir bændur. Bændur hafa lagt sinn dóm á það. Flokkur hans fekk svo slæma útreið við síðustu kosningar, að auðséð er, að bændur treysta þessum hv. þm. ekki til þess að leysa úr málum sínum.

Hv. þm. leiddi hjá sér að fara út í vegavinnukaupið. Þar er hann varnarlaus — einber tregðan, skilningsleysið, hikið og hálfmennskan. Hann segist hafa sent skeyti um það, að vegavinnukaupið yrði ákveðið 80 aur. um klst. Það er ekkert sagt með því að senda skeyti og segja, að æskilegt sé, að vinnan verði unnin sem ákvæðisvinna, en annars verði nánar rætt um þetta í símtali. Hvenær átti það símtal að fara fram?

Þegar litið er á þetta og fleiri aðgerðir hv. þm. sem ráðh., þá verður manni það ljóst, að þetta flokksbrot hans er steindauður flokkur, steinrunninn flokkur. Hann er nátttröll í íslenzkri bændapólitík. Ég vona, að þetta sé svo nákvæmlega orðað, að ekki þurfi að bæta um orðalagið.

Það situr illa á þessum hv. þm. að vera andvígur þeirri stj., sem nú fer með völd, fyrir aðgerðir hennar í afkomumálum hinna vinnandi manna í landinu.

Þegar þessi hv. þm. var menntamálarh., þá féll það í hans hlutskipti að tilnefna formann barnaverndarnefndar. Einn af kennurunum vissi, að hann hafði í hyggju að skipa óvinsælan mann, alþekktan fyrir trúarofstæki, í þetta formennskuembætti. Þá skrifar kennarinn gagnrýni á þessari fyrirætlun ráðh. Ráðh. verður þá að senda einn af skósveinum sínum, Ásmund Guðmundsson, til þess að biðja kennarann að draga aftur réttmæta gagnrýni — í blaði — gegn því, að maðurinn, sem hann ætlaði að skipa, hagaði sér ekki eins og „banditt".

Þá kom fyrir skólanefnd Rvíkur, að barnaskólinn ætti að búa við alóhæfan leikfimisal til að kenna nauðsynlega leikfimi. Skólanefndin var þá svo djörf, að hún rak frá þrjá leikfimikennara, eingöngu af því að þeir vildu ekki kenna í þessum ónothæfa sal. Málið var svo borið undir þennan skörulega ráðherra. Sérfræðinganefnd var látin skoða gólfið í salnum, sem var dæmt ónothæft. En þessi ráðh. hafði ekki einu sinni hugsun á að vita skólanefndina. Það átti að halda áfram að kenna með sama sleifarlaginu og áður.

Einu sinni fór skólaráðið þess á leit, að skipuð væri nefnd til að endurskoða lesbækur fyrir barnaskóla. Þorsteinn Briem, fyrrv. ráðh., tjáði sig fúsan til að skipa þriggja manna nefnd, og liggur fyrir bréflegt svar frá honum um það. Hann biður um útnefningu skólaráðs á þessum þremur mönnum. En þegar skólaráðið hafði

gert það og kosið þrjá menn, sem honum voru ekki að skapi af pólitiskum ástæðum, þá sendir þessi þáverandi ráðh. einn skósvein sinn á fund skólaráðs með tilmælum um það, að það sætti sig við, að hann bæti við tveim mönnum í nefndina. Jafnvel í svo smávægilegu atriði sem þessu, að standa við orð sín og bréf um skipun þriggja manna nefndar, hefir þessum hv. þm. reynzt ómögulegt að haga sér eftir lögmálum síðaðra manna, að halda sín orð. Og hann gengur hér á bak orða sinna eingöngu fyrir það, að hann bjóst við, að þessir þrír menn mundu ekki vilja fylgja honum inn á þær menningarlegu skuggagötur, sem hann þá hélt sig á.

Tími minn er þrotinn, svo að ég verð að láta frekari svör bíða þangað til síðar.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Ég mun gera hér að umræðuefni þær árásir, sem hæstv. landbúnaðarráðh. hefir hafið á Búnaðarfélag Íslands, þessar fádæma fólskulegu árásir, sem hann hefir hafið á þennan félagsskap. Ég vil benda á það, að ég hefi yfirlit yfir starfsemi þessa félags. Þessi stofnun, Búnaðarfél., er frá 1837. Þá var Búnaðarfél. fyrst stofnað, og frá þeim tíma til 1899 er þessi félagsskapur að þroskast upp í það, að verða það núv. Búnaðarfélag Ísland, og frá 1903 hafa ýmis búnaðarsambönd í landinu verið að rísa á stofn, og eru þau nú orðin 10, og það eru þau, sem skipa búnaðarþing Íslands, og á það svo að hafa vald til þess að skipa stjórn félagsins. Það eina, sem vantar á, að fullkomin sjálfstjórn sé innan Búnaðarfél., er, að frv. það, sem Pétur Magnússon flytur í Ed., verði að l. Ef hæstv. forsrh. og flokkur hans vill styðja að því, að svo verði, þá er ekki annað fyrir hann en að flýta því, að þetta frv. verði að l. Verður þá stjórn Búnaðarfél. skipuð nákvæmlega á sama hátt og stjórn S. Í. S. Það hefir verið talað um, að búnaðarsamböndin væru kjörmenn til að kjósa á búnaðarþingið og að því leyti frábrugðið samvinnufélagsskapnum, en þá má benda á það, að á aðalfundi kaupfélaganna eru sendir fulltrúar fyrir hvern hrepp, og má því segja, að aðalfundur kaupfélaganna er sviplíkur því, sem búnaðarsamböndin eru, þannig, að það koma fulltrúar úr ýmsum hreppum þess svæðis, sem kaupfélagið nær yfir, á aðalfund kaupfélagsins og kýs fulltrúa á aðalfund S. Í. S. Það er því ekki hægt að setja út á þá skipun Búnaðarfél., sem farið er fram á í þessu frv.

Um starf Búnaðarfél. er það að segja, að hver sem segir, að þar sé mesta aðgerðarleysi, er svo gersneyddur öllum kunnugleika á störfum félagsins sem mest má vera.

Á undanförnum tímum, eða fram til 1931, hefir eitt af störfum Búnaðarfél. verið það, að skipuleggja félagið á þeim grundvelli, sem það nú starfar á, og koma á búnaðarsamböndum, sem undirbyggju búnaðarþingið.

Búnaðarfél. hefir haft margháttaða starfsemi í þýðingarmiklum málum, m. a. búfjársýningar og fóðurtilraunir. Það hefir staðið fyrir merkum framkvæmdum og haft forgöngu fyrir geysimikilli ræktun við suma kaupstaði og kauptún, t. d. í Höfn í Hornafirði. Þá hefir félagið gefið út Búnaðarritið, fóðurfræði, liffærafræði, garðyrkjufræði, efnafræði og merkilega bók um hesta. Það hefir haft á hendi merkilega skýrslusöfnun fyrir landbúnaðinn. Búnaðarfél. hefir haft á hendi yfirstjórn fiskimála, og nú hefir það einnig tekið að sér loðdýraræktina. Búnaðarfél. hefir þannig haft á hendi margháttaða starfsemi fyrir landbúnaðinn, sem hefir orðið að miklu gagni. — Það er ástæðulaus og röng ásökun, að halda því fram, að í vor hafi enginn verið viðstaddur í Búnaðarfél. til að sinna mönnum, sem komu þangað, Metúsalem Stefánsson og Ásgeir Jónsson voru þar alltaf við, og sömuleiðis Sveinbjörn Benediktsson og hefir gert allt, sem í hans valdi hefir staðið, til að greiða fyrir mönnum. Það er því alröng ásökun, að svo mikið sundurlyndi hafi verið í Búnaðarfél., að ráðunautarnir hafi aldrei þar komið og jafnvel sent börn sín þangað til að taka þar laun sín. Þetta hefir aldrei átt sér stað nema með Pál Zóphóníasson, því að hann hefir ekki sézt þar í hálfan mánuð, og hann er sá eini, sem gæti komið til mála að senda börn sín eftir launum. Hinir eiga engin börn til að senda. Þessi ásökun er því alröng, eins og annað, sem þessi hæstv. ráðh. sagði. Það var allt einn ósannindavefur, sem ekki er sæmilegt að flytja fram í garð félagsstofnunar bændanna. Og þegar ráðunautarnir eru á eftirlitsferð úti um land, þá er rangt að ásaka þá fyrir það, að þeir séu ekki heima. Þeir verða vegna starfa sinna að vera fjarverandi til að inna af hendi störf sín. Hvernig væri litið á það af hæstv. ráðh., ef ráðizt væri á S. Í. S. eins og hann hefir nú ráðizt á Búnaðarfélagið? Það hefir verið fordæmt, og er líka fordæmanlegt, alveg eins og það er fordæmanlegt af þessum flokki, hvernig hann ræðst á Búnaðarfélagið.

Sigurður Einarsson þurfti nú að losa sig við eina af sínum venjulegu ræpum, og var þar fátt merkilegt. Það var von, að hann þyrfti að leysa frá skjóðunni, sem hefir verið einna fjandsamlegastur í garð landbúnaðarins. Hann hefir sagt, að hann mundi engu frv. fylgja um endurbætur á sölu mjólkur, nema það væri tryggt, að mjólkin lækkaði a. m. k. um 2 aura fyrir áramót og 5 aura eftir áramót. Ef til vill á hann höfuðsökina á því, að þessi mjólkurlækkun varð, þessi þm., sem nýlega fékk þá lýsingu hjá einum af samstarfsmönnum sínum, hv. þm. Barð., að það væri öllum til skammar að hafa hann á þingi.

Hann þarf ekki að gera sig breiðan yfir því, að ég hafi verið rekinn úr Framsfl., þessi maður, sem búinn er að hrökklast milli allra flokka í landinu, ýmist rekinn eða á annan hátt hrökklazt burt. Síðast var hann rekinn úr kommúnistaflokknum, og þá bauð hann sig fram fyrir Alþfl. Hann getur aldrei boðið sig tvisvar fram fyrir sama flokk, og ef til vill verður hann bráðum rekinn úr Alþfl., því að ég hefi heyrt, að varaformaður Alþfl. hafi haft það orð við hann, að því miður væri ekki hægt að reka hann nú vegna aðstöðunnar á þingi.

Ég get þá ekki verið að spandera meiru púðri á þennan hv. þm. Hann er svo þekktur að því að vera fjandsamlegur í garð landbúnaðarins, að það þarf ekki meira að tala um það innræti hans.

Hæstv. fjmrh. vék nokkrum orðum til mín, m. a. í sambandi við Rauðku. Hann sagði, að ég hefði þar verið á mála hjá sósialistum að fyrirskipun Sjálfstfl. Ég veit ekki, hvernig hann getur heimfært þetta, nema han telji, að það sé leynisamband á milli sjálfstæðismanna og sósialista, nema þegar þeir sameiginléga vinna að því að taka valdið frá sveitunum.

Hæstv. ráðh. spurði, hvernig væri hægt að framkvæma till. Bændafl. Ég hefi bent á, að draga mætti úr ýmsum fjárframlögum, sem ætluð eru til annara hluta. Ef það hrekkur ekki til, þá er ég reiðubúinn, ef hann vill, að ræða um það, hvernig taka skuli það, sem til vantar, og hæstv. ráðh. hefir styrk til að koma gegnum þingið þeim tekjuaukafrv., sem hann vill, og ekki skal standa á minni aðstoð, ef hann vill koma fram heill og óskiptur til viðreisnar landbúnaðinum með okkur Bændaflokksmönnum.

Hæstv. landbrh. talaði um það hér í kvöld, að það væri óréttmætt að veita Bændafl. jafnan ræðutíma og öðrum flokkum. Þetta sýnir innræti hans gagnvart hagsmunamálum bænda. Hann veit vanmátt sinn til að fylgja þeim, af því að hann er bundinn á básinn hjá sósialistum. Hann segir, að fyrrv. stj. hafi skilið við ríkiskassann tóman. En sá var þó munur á, að þegar núv. stj. tók við, var búið að inna af höndum stærstu greiðslurnar til útlanda, sem oft hefir verið erfitt að standa skil á. En þegar fyrrv. stj. tók við, þá var ekki meira í ríkiskassanum en nú var, þegar búið var að inna þessi gjöld af hendi.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um dauðan flokk. Hann sagði, að Bændafl. væri leifar af tilraun til flokksmyndunar, og þessar leifar væru notaðar til að koma inn tortryggni í garð stj. En hvernig getur það vakið tortryggni hjá mönnum, þegar rétt er skýrt frá málum? Þetta gat hæstv. ráðh. fyrirbyggt með því að láta það ekki á sannast, að hann sé að vinna á móti hagsmunamálum bændanna. Og svo vill hann vera óáreittur með svik gegn landbúnaðinum. En hann fær það ekki. Það verður stöðugt haldið áfram, á meðan Bændafl. á fulltrúa á þingi, að þeirra kröfum verði sinnt og tekið fullt tillit til þeirrar erfiðu aðstöðu, sem fátæklingarnir hafa. Hversu mikil brigðmælgi sem koma frá hæstv. ráðh. og hans flokki, þá mun ég aldrei láta undir höfuð leggjast að sjá svo um, að hann uppskeri ávöxtinn af því við þær kosningar, sem hann á eftir að ganga í gegnum.

Ég held, að ég hafi þá hrakið það, sem voru allra mest áberandi ósannindi í ræðum hæstv. stj. og þeirra, sem hennar málstað styðja. Ég mun geyma það, sem eftir er, til síðustu umr., enda mun þá flokksbróðir minn, Þorsteinn Briem, taka það til athugunar. Ég býst því við, að þetta verði í síðasta skiptið, sem ég tek til máls. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa gefið mér svo gott tilefni til að skýra frá mistökum hans í starfi hans í þágu landbúnaðarins. Ég vona, að áheyrendur hafi tekið eftir, hve máttlaus svör hans voru og aðeins tilraun til að reyna að hreinsa sig af sambúðinni við sósialista, sem þeir geta ekki, hvernig sem þeir leggja sig í líma til að vinna það verk.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Herra forseti! Það var minnzt á það í síðustu orðum hv. þm. V.-Húnv., að menn mundu taka eftir, hvað mér hefði orðið erfitt um svör, og þá sérstaklega í landbúnaðarmálum. Það, sem ráðizt hefir verið á mig fyrir, er fyrst og fremst það, að ég hefi leyst mjólkurmálið og fengið samþ. l. um kjötsöluna, sem ég hefi hvorttveggja leyst. En það, sem umr. hér hafa aðallega snúizt um og ég vil vekja athygli á, eru svör fyrrv. landbúnaðarráðh. fyrir aðgerðarleysi hans í málinu. Annars ætla ég ekki að víkja sérstaklega að honum eða hv. þm. V.-Húnv., vegna þess að hér kom fram einn sérstakur þm., hv. þm. G.-K., sem vék að mér á einkennilegan hátt. Og af því að menn eru nú orðnir leiðir á þessu þjarki um sömu atriði, þá vil ég víkja nokkrum orðum að þessum hv. þm.

Menn munu afsaka, þó að ég víki frá efninu, því að hann gaf tilefni til þess. Hann var að beina til mín persónulegum meiningum. Ég er ekki vanur að vera persónulegur í ræðum mínum, en ég vil þó minnast lítið eitt á þetta atriði. Hann minntist á, að forsætisráðherra væri oft skoðaður sem höfuð stjórnarinnar, en núv. forsrh. væri aldrei kallaður það. Hann minntist á, að glottið, sem ég var með, hefði verið góðmannlegt eða hitt þó heldur. Þetta er meining um það, hvað ég sé einfaldur og mikið illmenni. Þetta er nú satt að segja það, sem alltaf hefir staðið í sjálfstæðisblöðunum síðustu 3 árin. Þar hefir verið mikið talað um, hvað þessi maður, Hermann Jónasson, væri mikið illmenni, heimskur, lyginn, hrokafullur, ofstopagjarn o. s. frv. Þetta hefir alltaf staðið í blöðunum nú í 3½ ár, og þessu hefir aldrei verið mótmælt, og eftir þeim sönnunargögnum, sem Morgunblaðið tekur gild, þá er þetta satt, þar sem því hefir ekki verið mótmælt.

Við skulum nú ganga út frá því, að þetta sé allt satt; ég er ekki hingað kominn til að mótmæla því. En því víkur þá eitthvað öðruvísi við með þennan hv. þm., því að þessi hv. þm. er alstaðar viðurkenndur fyrir gáfur og djúpskyggni. Menn kannast við þetta, það var viðurkennt strax í skóla. Þeir, sem með honum voru, sáu, að hér var stórvitur maður, sá gáfaðasti í þeim bekk og jafnvel sá gáfaðasti, sem í skólann hafði komið. Það fór líka svo, að hann hætti brátt við nám, vitanlega af því, að hann var svo gáfaður, að hann gat þar ekkert lært.

En látum þetta svo vera. Það er sömuleiðis einkenni á þessum hv. þm., hvað hann er ákaflega mikið prúðmenni. Menn munu kannske segja sem svo, að það sé ekki mikil prúðmennska, að hafa það til að kalla menn asna, þöngulhausa og aula. Þetta hefir hann gert daglega. En þetta er eðlilegt, því að maðurinn er sjálfur tröll að gáfum, og því ofbýður honum aulaskapur þeirra manna, sem í kringum hann eru. Það er því von, að honum leiðist þessir einfeldningar. Þess vegna er það, að þegar hann er kominn til valda, þá eyðir hann þremur árum til að reyna að koma einum mesta einfeldningnum undir borðið. Það tókst samt ekki, en það stafar vitanlega ekki af því, að hann hafi ekki reiknað taflið rétt, heldur er það aðeins til-

viljun. Og svo er verið að breiða það út um land, hvað þessi maður hafi gert mikla vitleysu í lögregluþjónamálinu og kollumálinu, og nú síðast er það breitt út, hvað heimskulega hann hafi hagað sér í lögregluþjónsmálinu og Björns Gíslasonar málinu. En alltaf gengur taflið öfugt við það, sem þessi hv. þm. hefir reiknað út, og það er ekki fyrir það, að hann hafi verr vit á þessu en aðrir þm., heldur er það eintóm tilviljun, eins og menn skilja, og það er eðlilegt. að þessum mikla manni gremjist þessi tilviljun.

Ég vil einnig minna á það í þessu sambandi, að það hlýtur að vera gremjulegt fyrir þennan hv. þm., þegar hann er daglega að standa hér upp og skýra mönnum frá því, hvað hann sé vitur og hvað hann búi yfir mikilli þekkingu. þá er það gremjulegt fyrir hann, að hann skuli aldrei geta komið neinum í skilning um þetta, en verður að horfa á alla þessa aula, sem hér eru í d., glotta eða jafnvel hlæja. Og því meiri leiðindum hlýtur hann að verða fyrir, þegar hann er að færa fram rök sín, sem hann færði fram viðvíkjandi sjávarútveginum, því að þessi vitri maður gat engan fengið þar til að skilja sig. Þar talaði hann um það, að á íslenzku skipunum væru beztu sjómenn heimsins, útgerðarmennirnir framúrskarandi miklir hyggindamenn, og fiskimiðin þau beztu í víðri veröld. En þrátt fyrir allt þetta, þá er allt komið í vandræði hjá sjávarútveginum, og svo ráðast þeir á stj. fyrir það. Okkur einfeldningana minnir nú samt, að þessi visi þm. hafi stjórnað þessum málum undanfarin ár og hafi haft aðstöðu til að stjórna sjávarútvegsmálunum í gegnum þann ráðh., sem þar hefir verið fyrir Sjálfstfl. hönd.

Nú er svo komið, að það er almennt gert gys að þessum röksemdum og menn líta svo á, að vitanlega sé þetta tóm vitleysa, þessi hv. þm. hafi hlaupið á sig og verið að gefa sjálfum sér utan undir. Það er hlegið að þessu um allan bæinn. Ólafur Thors er kallaður Ólafur hinn ráðkæni. En það hlýtur að vera til mikillar gremju fyrir þetta andlega tröll, að gert sé gys að honum, þegar hann er að færa fram röksemdir, sem eru fyrir ofan skilning manna í þessari d. Slíkt hlýtur að verða mesta kvalræði fyrir slíkt andlegt tröll sem hann er. Við einfeldningarnir megum þakka fyrir að vera einfeldningar.

Ég þarf ekki langan tíma til að svara hv. 10. landsk., fyrst og fremst af því, að ég þarf þar ekki að taka fram annað en það, sem ég þegar hefi sagt, og sé ég ekki ástæðu til að fara að endurtaka það, sem hefir verið deilt um áður og verið færð rök að, að hann fór þar ekki rétt með. Hann sagði, að skipun kjötnefndarinnar hefði verið breytt, af því að sósialistar hefðu heimtað að fá mann í nefndina. Ég vil bara sýna fram á það, hvernig þessi hv. þm. fer með rök, því að það er viðurkennt, að sá maður, sem er í kjötverðlagsnefndinni af hálfu Iðnsambands Íslands, er sjálfstæðismaður. Það eru því ekki sósialistar, sem hafa gert kröfu til að fá mann í nefndina.

Það er einkennilegt, að þessi hv. þm. yfirgefur Framsfl. af því að hann vildi ekki leysa afurðasölumálið með honum, en nú er það viðurkennt hér á Alþingi undir umr., að nokkur hluti Sjálfstfl. hefir annað tveggja setið hjá við atkvgr. um málið, eða þá beinlínis greitt atkv. á móti því. Það er því sannað, að hv. þm. var ómögulegt að leysa afurðasölumálið hér á Alþingi nema með stuðningi þess flokks, sem hann yfirgaf. Hefðu sjálfstæðismenn náð völdum, má telja nærri víst, að þeir hefðu allir verið á móti lausn þessa máls. En þegar svo er komið sem hér, að málinu er tryggt fylgi, þá gera sumir þeirra það kjósendanna vegna að ganga með því, til þess að geta svo veifað því á eftir, að þeir hafi verið málinu hlynntir. Til þess að sýna heilindi hins svonefnda Bændafl. í þessu máli, vil ég benda á eitt atriði. Þegar rætt var um verðjöfnunargjaldið, var því haldið fram af hv. þm. V.-Húnv., að það mætti ekki vera undir 10 au. á kg., og það var víst tvisvar talað um það af flokksmönnum Bændafl., að það hefði verið yfirsjón af stj. að setja það ekki upphaflega 10 au. En hvað skeður svo, þegar flokksblað þeirra, „Framsókn“, kemur út eftir að búið var að heimila, að gjald þetta væri 10 au. á kg.? Þá segir blaðið: „Og hvað segja bændur, sem selja á innlendum markaði, um stórfellda hækkun verðjöfnunarskattsins frá því sem nú er? Ætli mönnum finnist þeim veita af því verði, sem þeir nú fá, til þess að búrekstur þeirra geti borið sig?“ Þarna er beinlínis verið að ráðast á hækkun verðjöfnunargjaldsins, til þess eins að gera bændur á Suðurlandsundirlendinu óánægða. Þetta segir blaðið, enda þótt þm. V.-Húnv. hafi haldið því fram, að gjaldið hefði átt að vera 10 au. í upphafi. Svona snúast þessir menn bara eftir því, hvernig vindurinn blæs. Þeir hringsnúast eftir því sem þeir halda, að bezt sé í það og það skiptið. Þessi og þvílík er framkoma hv. 10. landsk. í þessu mikla hagsmunamáli landbúnaðarins, mannsins, sem sat við völd í tvö ár án þess að geta leyst málið. — Vegna þess að tími minn er nú á þrotum, verð ég að láta nokkru ósvarað af því, sem ég hefði viljað svara.

**Pétur Ottesen:** Það þurfti ekki mikið fyrir því að hafa að teygja út játninguna hjá hæstv. fjmrh., að búið væri að taka burtu skilrúmið á milli framsóknarmanna og sósialista. Þegar hann fyrra föstudag sagði, að ríkið ætti að taka í sínar hendur alla verzlun, sem eitthvað gæfi af sér, fannst mér hann óneitanlega vera nokkuð mikið farinn að hverfa af þeim grundvelli, sem flokkur hans hefir talið sig standa á til þessa, sem sé samvinnugrundvellinum. Því þegar slík skipun er komin á í verzlunarmálum, þá er með því búið að leggja alla kaupfélagaverzlun jafnt sem kaupmannaverzlun í rústir. Fjmrh. er því búinn að játa það fullkomlega, að það er þegar búið að taka í burt til fulls skilrúmið á milli samvinnu og þjóðnýtingar; fæ ég þá ekki séð, hvað lengur skilur á milli þessara flokka.

Þegar hæstv. ráðh. kom að flatsænginni, reyndi hann ekki að skríða undan teppinu. Hann spriklaði nú berstripaður í flatsænginni og virtist kunna þar býsna vel við sig. Annars er hæstv. ráðh. beinlínis kominn í kapphlaup um einokunina við sósialista, og svo virðist, að hann ætli

jafnvel að komast fram úr meisturunum í samkeppninni. Annars má vera, að hann og aðrir framsfl.menn séu ekki ennþá til hlítar búnir að átta sig á þessu nýja tilverustigi sínu. Þeir þurfa kannske dálitinn tíma til þess, eins og andatrúarmennirnir segja að þurfi, þegar menn komi yfir um á nýtt tilverustig.

Hæstv. atvmrh. fór mörgum fögrum orðum um „Rauðku", enda er skepnan „hold af hans holdi og bein af hans beinum", skilgetið sósíalistaafkvæmi. Honum er sýnilega lítið um það gefið, að sjálfstæðismenn setjist með þeim á bak á skepnuna; hann veit sem er, að ef þeir gera það, þá munu þeir taka þar í taumana og kæra sig lítið um það, þótt merin ausi og prjóni, og fari á hverskonar ógangi. Þetta vita þessir háu herrar, og því vilja þeir ekki hætta á, að sjálfstæðismenn fái nokkurt tækifæri til að trufla þann þjóðnýtingarundirbúning, sem hér er verið að vinna að.

Ég hefði mikla löngun til að tala mikið við hæstv. fjmrh., en verð að láta það falla niður að mestu, þar sem tími minn er svo mjög takmarkaður. Hann var eitthvað að tala um það, að stefna Sjálfstfl. í fjármálum væri ógætileg. Það hefir nú verið sýnt fram á það, að í þeim ástæðum, sem hann reyndi að færa fram fyrir þessari staðhæfingu, var rangt með allt farið og óhlutvandlega. Því verður ekki hnekkt, að Sjálfstfl. hefir sýnt margfalt meiri gætni í fjármálum en þeir flokkar, sem farið hafa með völdin nú um hríð, og að hann hefir miklu betri skilning á því en þeir, hver nauðsyn það er, að fjármál landsins séu í góðu lagi. Hitt er alkunnugt, að þó fjmrh. gaspri hátt og mikið um fjármál, þá gætir harla lítið vits og skilnings í því gaspri. Kemur þetta ljósast fram í því, hvernig hann nú í fjármálatillögum sínum, með því að bera fram hærri fjárlög en áður eru dæmi til, snýst við hinu erfiða ástandi í atvinnuvegum og afkomu þjóðarinnar. Þessi framkoma ráðh. sýnir ljóslega, hversu gersamlega hann er sneyddur þeim eiginleikum og þeirri ábyrgðartilfinningu, sem fjmrh. þarf að hafa á slíkum erfiðleikatímum, og það, að það er ekki meira gagns að vænta af honum til að ráða fram úr þeim erfiðleikum, sem að þjóðinni steðja nú, en maðksmognum rekadrumb, sem skolar á land norður á Hornströndum og liggur þar síðan sandorpinn að eilífu nóni.

Hæstv. dómsmrh. byrjaði hér sinn vanalega blaðalestur, eins og ég var búinn að spá í dag. En eins og ég lofaði þá, ætla ég að benda hæstv. ráðh. á smáklausur í hans eigin blöðum, sem ekki myndu hollar kjötsölumálinu, ef þær væru teknar alvarlega. Í Nýja dagbl. 25. sept. er grein, sem heitir: „Óttinn við kjósendurna. Hatrið á umbótunum". Þar segir svo m. a.: „Það er ekki ósennilegt, að einhvern morguninn verði Jón Þorláksson búinn að opna Austurvöll til hagagöngu fyrir flokksmenn sína. — Það er sem maður sjái heilar breiður af íhaldsmönnum suður í Fossvogi og inn um alla Sogamýri vera að borða ýms grös". Og ennfremur segir svo: „Því í ósköpunum á maður að borða dýra fæðu í þessari ágætu sprettutíð meðan nóg er af grasi um allar jarðir".

Hér er verið að benda mönnum í Rvík, sem kaupa kjötið, viðskiptamönnum bændanna, á það, að þeir geti eins farið út á Austurvöll eða suður í Fossvog og bitið þar gras, eins og að vera að éta kjöt. Haldið þið nú, góðir hlustendur, að slík storkunaryrði séu til þess að bæta fyrir kjötsölunni og tryggja, að gott samkomulag geti haldizt milli kaupanda og seljanda? Þó ýmislegt hafi verið skrifað miður þarft um kjötsöluna, þá er þetta áreiðanlega það andstyggilegasta og eitraðasta, sem sagt hefir verið um málið. Og þó er þetta skrifað af þeim mönnum, sem telja sig bera kjötsöluna fyrir brjósti.

Áður en ég lyki máli mínu ætlaði ég að benda á ekki allfáar nýjar stöður, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefir stofnað síðan hún tók við völdum. Mér telst til, að þær séu í það allra minnsta 106. Þá er og talað um að reka alla frá embættum þegar þeir eru orðnir 65—70 ára gamlir. Þessi brottrekstrarheimild stj. á að ná til allra, sem hafa verið skipaðir í starfa og er þar engum þyrmt, og það þó starfið sé ekki nema lítilfjörlegt aukastarf. Á þennan hátt getur stj. fengið 132 stöður til útdeilingar meðal gæðinga sinna. Hvílíkur hvalreki á hinni pólitísku náströnd stj. Ég hefi hér í höndum lista yfir þetta allt, sem ég hefði gjarnan viljað kynna hlustendum, en minn tími er búinn, og að svo mæltu býð ég hlustendum góðar nætur.

**Finnur Jónsson:** Hv. síðasti ræðumaður, þm. Borgf., talaði mikið um rúm og rúmferð, enda er nú kominn háttatími. Mér virtist hann syfjaður og úrillur, enda að vonum, þar sem umr. hafa hallað svo mjög á flokk hans. (**PO:** Ég geri nú ekki ráð fyrir, að það aukist mikið á þennan ímyndaða halla, þó að hv. þm. Ísaf. komi í pontuna). Það hefir verið rætt hér um afurðasölumálin og mikið um afurðasölu bænda, sem búið er að koma í sæmilegt horf, fyrir samstarf jafnaðarmanna og framsóknarmanna, gegn andstöðu stjórnarandstæðinga, sem þeir svo samt vilja þakka sér. Þá hefir og allmikið verið rætt um afkomu sjávarútvegsins. Hv. þm. G.-K. hefir lýst skipastól stórútgerðarinnar. Lýsing hans var ekki fögur: Skipin eru fúadallar, ryðkláfar og hálfónýt. Þannig er þá ástand útvegsins, þegar núv. stj. tók við völdum. Ástand fisksölunnar er þannig, að hér ríkir einskonar einkasala, þar sem ekki má flytja neinn fisk út nema með leyfi ríkisstj. Fisksalan er mest í höndum S. Í. F., þess félagsskapar, sem sjálfstæðismenn telja sjálfsagðan til að hafa fisksöluna á hendi. Þó er það svo, að félagsskapur þessi hefir ekki talið fært að leggja til að breyta til um verkunaraðferðir fiskjarins, enda þótt honum væri kunnugt um það síðan í apríl í fyrra, að ekki fengist selt til Spánar nema nokkur hluti þess fiskimagns, sem selt hafði verið þangað að undanförnu.

Þessu fyrirkomulagi vilja sjálfstæðismenn halda. Þeir vilja leggja umsjá þessara mála í hendur þess félagsskapar, sem ekki hefir treyst sér til þess að benda á neitt til að breyta fiskframleiðslunni úr því horfi, sem hún er í nú, enda þótt allir sjái nauðsyn þess. Eina umbótin, sem Sjálfstæðismenn hafa bent á til lausnar

þessum málum, er hið fræga „fiskiráð", sem aðeins átti að hafa ráðgefandi vald og engin fjárráð. Stefna ríkisstj. er aftur á móti sú, að taka föstum tökum á þessu mikla vandamáli. Hún vill setja á fót stofnun, sem hefir þekkingu og vald til þess að gera það, sem nauðsynlegt er, svo útvegurinn þurfi ekki að stöðvast á miðri vertíð.

Auk þess sem Sjálfstfl. vill ekki hafa nema ráðgefandi nefnd til þess að ráða þessum málum, vill hann láta S. Í. F. halda áfram sem sérstaka stofnun undir forgöngu Kveldúlfs. Þó er reynslan sú, að mikill meiri hluti fiskeigenda heldur því fram, að fiskútflutningurinn hafi gengið mjög misjafnt og illa yfir. Hv. þm. G.-K. sagði nú reyndar rétt áðan, að á morgun skyldu liggja fyrir hlutfallstölur, sem sönnuðu það, að þessi ásökun á hendur S. Í. F. hefði ekki við rök að styðjast. Ég veit ekki, hvernig þessar tölur verða, en hitt veit ég, að Vestfirðingar liggja með allan sinn Spánarfisk óseldan ennþá. Það, sem þeir hafa flutt út, er til Portúgal og Ítalíu, en Spánarmarkaðurinn hefir verið lokaður fyrir þeim á þessu ári. Sjútvn. fór fram á að fá skýrslu um útflutninginn hjá S. Í. F., til þess að hnekkja þessum áburði, ef rangur væri, en sú skýrsla er ekki komin ennþá. Hvað dvelur hana, er mér ókunnugt.

Ég býst nú við, að þó svo hefði farið, að ekki hefði verið í annað hús að venda en til S. Í. F., þá hefðu ekki allir fiskframleiðendur tollað þar lengur, a. m. k. ekki í þakklátri viðurkenningu, eins og hv. þm. G.-K. vildi halda fram, að þeir ættu að vera. Hvað annars S. Í. F. snertir, þá hefir það svo einkennileg félagslög, ef fram ná að ganga till. nýafstaðins fulltrúafundar, að hvergi í landinu munu þekkjast önnur eins. Það er ætlazt til, að fyrst verði kosnir 3 framkvæmdarstjórar almennum kosningum, svo sé kosið fulltrúaráð, sem á að fá tækifæri til þess að koma einstöku sinnum saman til umræðu um fiskimál við framkvæmdarstjórnina. Þegar svo þetta er búið, á að fara að byggja félagið upp. Þetta mun alveg einstakt fyrirkomulag, enda var það svo, að nefnd sú, sem kosin var á fulltrúafundinum í haust, til þess að athuga framtíðarstarfsemi fyrirtækisins, var ekki einhuga um till. þá, sem fram kom, og má í því efni vitna til ummæla frsm. meiri hl. nefndarinnar á bls. 51 í skýrslu fisksölusamlagsins. Þar segir: „Kvað hann till. samþ. með 4:1 atkv., en tveir nefndarmanna sátu hjá". M. ö. o., fjórir af 7 nefndarmönnum undirbúa lög þessa fyrirtækis. Tveir sitja hjá við atkvgr., en 1 greiðir atkv. á móti.[1])

Til einkasölu á aðeins að grípa, ef ekkert annað er fyrir hendi, og ekki nema útgerðarmenn láti það undir höfuð leggjast að skipuleggja sín samtök, svo sem frv. gerir ráð fyrir. Ég býst ekki við, að til þess komi. Ég þori að fullyrða, að þegar frv. um fiskimálan. hefir verið rétt skýrt fyrir útgerðarmönnum, þá er ég viss um, að það fær fylgi meðal þeirra, og það er það, sem hv. þm. G.-K. er svo hræddur við. Hann óttast það, að frv. fái fylgi meðal útgerðarmanna. Hann er ekki hræddur við einkasölu á fiski, aðeins ef Kveldúlfur fær að hafa þá einkasölu.

1) Hér vantar talsvert inn í. F. J.

Hæstv. fjmrh. gat þess, að fyrsta einkasala á saltfiski hér á landi var einmitt stofnuð af þessum hv. þm. Það er alkunnugt, að 1933 gerði hann tilraun til þess að reyna að kúga alla fiskútflytjendur inn í einkasölu S. Í. F. með því að reyna að fá ríkisstj. til að leggja háan skatt á alla þá, sem fluttu út fisk fyrir utan S. Í. F.

Ég fullyrði, að það er til fylgi við frv. um fiskimálanefnd innan sjálfrar sölustjórnar S. Í. F. Það má vel vera, að stjórn S. Í. F. sé á móti einkasölu og einnig á móti því, hvernig fisksölun. skal vera skipuð, en nokkur hluti hennar aðhyllist þá leið, sem farin er í frv. Sönnunin fyrir þessu er sú, að hún hefir engin mótmæli sent gegn frv. Ef stjórn S. Í. F. væri eins á móti frv. og hv. þm. G.-K. hefir sagt, þá efast ég ekki um, að stjórnin hefði verið búin að senda mótmæli gegn frv. Við skulum bíða við og sjá, hverju fram fer, en meðan mótmæli koma ekki fram, þá stendur óhögguð sú staðhæfing mín, að frv. um fiskimálan. hafi talsvert fylgi innan stjórnar S. Í. F., og mikið fylgi meðal ýmsra útgerðarmanna.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég hefi heldur beðið álitshnekki við það hér á þingi að eiga orðastað við hv. þm. Ísaf., svo ég ætla að leiða hann hjá mér í þetta sinn.

Hæstv. forsrh. hefir reiðzt mér af því að ég sagði frá því, sem allir þm. vita, að er satt, að hann er aldrei kallaður „höfuð" stj. Frumræðu minni svaraði hann með því að kalla hana skvaldur, síðari ræðu minni með meinlausri grínræðu. Þrátt fyrir alla kostina, sem hæstv. ráðh. er alltaf að gorta af hér í þinginu, held ég hann skorti fullkominn skilning á skyldu forsrh. við slíkar umr. sem hér hafa farið fram.

Hv. form. sósíalista lézt ætla að gera eldhús að mér, en allt var það svo góðlátlegt, að ég þarf litlu að svara. Þó vil ég ekki láta ómótmælt ummælum hans um dr. Helga Tómasson, þann ágætismann, og um þá árás, er hann taldi mig hafa hafið á mótflokksmann minn, Lárus Jónsson lækni. Ummæli hans um dr. Helga eru óforsvaranleg. Hæstv. atvmrh. er mér sammála um það, að frávikning Lárusar Jónssonar hafi ekki verið ofsókn gegn honum. Nei, það sem ég gerði er ég skipti um lækni á Nýja-Kleppi, var gustukaverk á bágstöddum aumingjum, enda hygg ég að ekkert ráðherraverk hafi mælzt betur fyrir en það.

Af einstökum minniháttar missögnum hæstv. atvmrh. ætla ég að leiðrétta örfáar. Hæstv. ráðh. skopaðist að því, að Íslendingar þættust sitja að beztu mörkuðunum, en væru þó komnir á kné, en Norðmenn, sem hraktir hefðu verið á verri markaði, stæðu sig sæmilega. Þessu gekk hæstv. ráðh. illa að koma saman. Ég skal hjálpa honum. Norðmenn búa við lág vaxtakjör, ódýrari útgerðarvörur, lága skatta, ekkert útflutningsgjald og meira en helmingi lægra kaupgjald. Þetta vænti ég að nægi hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. talaði langt mál um Kveldúlf og Alliance og lézt undrast, að Kveldúlfur hefði ekki sótt um ríkisstyrk til brautryðjandastarfsemi félagsins. Mér er nú sem ég sjái framan í rauðliða með styrkbeiðni Kveldúlfs fyrir framan sig. Það held ég

væri spaugileg sjón. Hæstv. ráðh. taldi, að Kveldúlfur hefði ekki sótt um styrk af því hann hefði ætlað að hagnast sjálfur og einn af reynslunni. Þetta er rangt. Auðvitað ætlaði Kveldúlfur að hagnast sjálfur, en ekki einn. Ef tilraunir okkar hefðu heppnazt, var þarna öllum almenningi opnuð leið til mikillar farsældar. Vona ég, að byrjunarspor okkar leiði til þess, að áfram verði haldið, og í því sé ég meiri von en nokkru öðru til farsældar ísl. sjávarútvegi. Hitt, að Kveldúlfur hefir ekki sótt um styrk í þessu skyni, stafar af því, að enda þótt fjárplógsmenn ríkissjóðs róti vel í fjárhirzlur Kveldúlfs, rata Kveldúlfsmenn ekki á ríkisjötuna.

Í sambandi við skuldaskilasjóðinn sagði hæstv. atvmrh. eina setningu, sem snerti mig ákaflega illa. Hann talaði um, að hugsanlegt væri að leysa að einhverju leyti þetta nauðsynjamál, „annaðhvort á þessu þingi eða næsta“, bætti ráðh. við. Ég vek nú athygli hæstv. ráðh. á því, að mikill hópur sáraðþrengdra manna mænir á gerðir Alþingis í þessu máli. Ekki aðgerðir næsta þings, því þá eru þeir fallnir í baráttunni við örðugleikana, heldur aðgerðir þessa þings. Ég skora á hæstv. ráðh. að standa ekki gegn því, að þeim verði liðsinnt nú tafarlaust. Það er of seint að sækja lækni, þegar sjúklingurinn er dauður. Fáist þjóðnýtingarmenn ekki til að sinna nauðstöddum atvinnurekendum, leggjast þeir undir ámæli um það, að óljósar vonir um betra brautargengi þjóðnýtingar á rústum fallandi atvinnulífs hafi áhrif á aðstöðu þeirra til þessara mála.

Ég verð að játa, að mig undrar, hve máttlaus sú vörn var, sem hæstv. atvmrh. veitti rökstuddri árás minni og óyggjandi sönnunum á því, að frv. hans um fiskimálan. hlyti að leiða til þess, að S. Í. F. legðist niður, en upp úr rústum þess sprytti fljótlega einkasala á saltfiski. Ég sannaði, að engar líkur væru til, að S. Í. F. mundi breyta starfsreglum sínum samkv. fyrirmælum 4. gr. frv., blátt áfram af því að nýafstaðinn fulltrúafundur hefir fellt með nær öllum atkv. að lúta þeim reglum. Ég sannaði, að hæstv. ráðh. hefði leitt útflytjendur í nýja stórvægilega freistni, með því að bjóða sérhverjum þeim, er brytist út úr S. Í. F., sérréttindi og vernd. Ég sannaði, að jafnvel þótt margir framleiðendur vildu samt sem áður fela stjórnendum S. Í. F. umboð sitt, væri það hrein blekking, ef fimmmenningarnir tækju við því trausti og þeim umboðum vegna þess, að þá væri það fiskimálanefnd, en ekki þeir, sem ráðin hefðu. Með öllu þessu sannaði ég, að S. Í. F. var dautt — steindautt. — Ég leiddi ákaflega sterkar líkur að því, að þá tæki einkasalan við, og ég leiddi líka ákaflega sterkar líkur að því, að af því stafaði þjóðinni geigvænlegur voði. Hinsvegar talaði hann svo um S. Í. F., að ekki verður hjá því komizt að heyra, að nokkurs kala kennir frá honum til þess, a. m. k. ekki fullrar samúðar. Og flokksbróðir hans, hv. 6. landsk., og nú síðast einn ónefndur þm., réðust beinlínis með svívirðingum á S. Í. F. Og sjálfur hæstv. fjmrh. kallaði S. Í. F. klíku, sem Kveldúlfur réði yfir. Til hvers er þetta gert? Og af hverju er S. Í. S., sem ekki ræður yfir nema 5% af fiskiframleiðslunni, ætlað að eiga fulltrúa í fiskimálanefnd, en S. Í. F., sem selt hefir nær allan fiskinn, á engan fulltrúa að eiga. Er það ekki af því, að búið er að kveða upp dauðadóminn yfir S. Í. F.? Og eru ekki árásirnar, sem stjórnarliðið nú beinir að S. Í. F., einmitt eitrið, sem á að bana því? Um þetta talaði hæstv. ráðh. ekki. En þess vil ég biðja, að hæstv. ráðh. minnist, að minn trúskapur við S. Í. F. skiptir hér engu máli. Ráðh. hefir með fiskimálan. opnað allir gáttir, rekið marga út úr S. Í. F., m. a. og fyrst og fremst sjálfa fimmmenningana, sem því fyrirtæki stjórna.

Ég skora á hæstv. ráðh. að láta birta ræðu sína í blaði sínu. Ég skal þá sjá um, að mín ræða nái að nýju til almennings í Morgunblaðinu. Þá geta menn dæmt. Annað er mér ekki eftir skilið. Ég hefi aðvarað, með öllum þeim sterku rökum, sem fyrir hendi eru. Verði því ekki sinnt, legg ég ábyrgðina á andstæðinga mína. Ég játa, að ég hefði betur unnað einhverjum öðrum úr hópi þeirra að merjast undir þunga þeirrar ábyrgðar en einmitt hæstv. atvmrh. En hann hefir sjálfur valið sér það hlutskipti — því miður.

Þessum útvarpsumr. er nú að verða lokið. Við sjálfstæðismenn fögnum því færi, sem okkur hefir gefizt á að svipta tjöldunum til hliðar og opna alþjóð manna sýn yfir stjórnmálasviðið. Við treystum því, að öllum almenningi sé nú betur ljóst, hvað þar er að gerast. Við treystum því, að kjósendur landsins leggist á sveif með Sjálfstfl., sem tekið hefir forystuna í öllum mestu þrifa- og nauðsynjamálum þjóðarinnar á sviði fjármála og atvinnulífsins. Við biðjum þessum málum, ekki sízt skuldaskilasjóði og fiskveiðasjóði, skjóls og stuðnings í samúð þjóðarinnar. Við leitum einnig liðs þjóðarinnar í baráttu okkar gegn óhófseyðslu, skattpyntingum, einokunarfargi, hlutdrægni, ofsóknum og lýðræðisbrotum stj. og liðssveita hennar. Og sú liðsbón okkar sjálfstæðismanna nær út fyrir vébönd okkar flokks og langt inn í herbúðir andstæðinganna, til allra sanngjarnra og vitiborinna manna, sem skilja, að á slíkum tímum voða og hættu krefst þjóðarþörfin þess, að sérhver ríkisstj. gæti fullkomins velsæmis og freisti þess að efla til samstarfs milli beztu krafta þjóðarinnar til varnar gegn voðanum.

En einkum og sérstaklega heitum við á kjósendur til einbeittrar andstöðu gegn árásinni á S. Í. F. og einkasölu saltfiskjar, sem í kjölfarið siglir.

Ég vil svo að lokum beina máli mínu til hv. sjálfst.manna um land allt. Ég játa, að við höfum orðið að gera einstök afvik frá stefnu okkar. En það er hvorki af því, að við séum að svíkja hana eða missa trúna á henni. Við höfum orðið að gera það af alveg sömu ástæðum og bannmenn samþ. innflutning vína árið 1923, nefnilega vegna óviðráðanlegra utanaðkomandi áhrifa. Andstæðingar okkar fagna þessu og dásama því fjálglegar trú sína á höft og innilokaða kaupgetu, eins og hæstv. fjmrh. mest talar um, og einokanir.

En sé sú stefna góð og blessunarrík hér, þá er hún það líka annarsstaðar, og gildi hennar skilja Íslendingar bezt með því að gera sér ljóst, að nái hún nógu sterkum tökum erlendis, þá leiðir það til þess, að við getum alls ekki selt

framleiðsluvörur okkar, kjötið og fiskinn, leiðir til þess, að við erum dæmdir til fátæktar, sultar, eymdar og dauða. Trú andstæðinganna er trúin á þessa stefnu.

Trú okkar sjálfstæðismanna er trúin á þá einu leið, sem liggur til lífs og farsældar fyrir þjóð okkar. Þess vegna berjumst við ótrauðir fyrir stefnu okkar. Og þess vegna sigrum við að lokum, og áður en langt um líður. — Góða nótt.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég verð fyrst að kasta smávölu á dys Bændafl. í leiðinni, ekki af því, að mér þyki skemmtilegt að þurfa að sinna honum, heldur af því, að hv. 10. landsk. (ÞBr) kom með ranga og villandi frásögn í tilefni af ræðu hv. 4. landsk. og ummælum hans um lausn vegavinnudeilunnar síðastl. sumar. Hv. 10. landsk. segist hafa komið að máli við hv. 4. landsk. 8. júní kl. 11 f. h., en eldsnemma sama dag hefði hann falið vegamálastjóra að síma, að kaupið skyldi vera 80 til 85 aurar. Ennfremur sagði hann, að hv. 4. landsk. hefði sagt, að vegamálastjóri hefði gefið falska skýrslu. Það, sem hv. 4. landsk. sagði þar um, var það eitt, að hv. 10. landsk. hefði fengið vegamálastjóra til þess að gefa skýrslu, sem væri vægast sagt lituð. En þó var annað enn verra í frásögn hv. 10. landsk. Hann lét líta svo út, sem ekki hefði verið rætt við hann um vegavinnukaupið fyrr en að morgni 8. júní. Þetta er ósvífin blekkingartilraun. Stjórn Alþýðusambandsins bar fram fyrir hann síðastl. vetur kröfur landsfundar vegavinnumanna um kauphækkun o. fl., en þessi hv. þm. þráaðist ekki aðeins við að verða við kröfunum, heldur líka við að veita nokkur svör. Hann fekkst alls ekki til að svara, þrátt fyrir margítrekaðar eftirleitanir, — og það var fyrst 8. júní, eftir að verkfall vegavinnumanna hafði staðið svo dögum skipti, að hann lét kúgast til að gera ráðstafanir til jöfnunar og nokkurrar hækkunar kaupsins. Hv. þm. veit, að hv. 4. landsk. kemur til hans 8. júní aðeins til þess að fá munnlega staðfestingu hans á því samkomulagi, sem loks var fengið um þetta mál, og það fyrir milligöngu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), þáv. forsrh., eftir að hv. 10. landsk. með sauðþráa sínum hafði orðið valdur að verkfalli mörg hundruð manna í fleiri daga. Svo mikið þurfti til þess að neyða hann til að gera þær ráðstafanir, sem hann nú lætur hafa gert ljúfur og af góðum hug.

Ég hefði orðið mjög hissa á því, hve þessi hv. þm. sneri sannleikanum herfilega við í þessu máli, ef ég hefði ekki fengið einmitt í dag sérstakan grun á honum í því efni. Það hafa tveir menn skýrt mér frá því hér í dag, að hann hafi á fundum vestur í Dalasýslu í vor frætt bændurna um það, að jafnaðarmenn væru ekkert ákafir með það að hækka vegavinnukaupið, t. d. gerði Haraldur Guðmundsson sig ánægðan með það, að það væri 70 aurar á klst. Ég þarf ekki að taka það fram, að þetta er svo langt frá því að vera rétt, sem nokkuð getur verið, að þetta er uppspuni einn. Eftir að hafa frétt af þessum fréttaflutningi hv. 10. landsk. vestur í Dölum í vor, undrar mig minna af frásögnum hans af þessu vegavinnumáli og öðrum málum hér við þessa umr. Ég læt svo þessa völu nægja honum.

Við hv. þm. Borgf. hefi ég ekki mikið að segja. Hann var hér með sitt venjulega skraf um einkasölu og þjóðnýtingu. En þessi hv. þm. hefir nú orðið að ganga gegnum þá spaugilegu reynslu, að þurfa að votta hverju einkasölufrv. eftir annað sitt fylgi. Hann hefir greitt atkv. með einskonar einkasölu á mjólk og einkasölu á kjöti. Nánasti flokksbróðir hans hefir gerzt meðflm. að frv. um einkasölu á trjáplöntum og fræi, og hann hefir fylgt foringja sínum, hv. þm. G.-K., í því, að vísa á tekjur af einkasölufrv. stj. til hjálpar sjávarútveginum, og með því eiginlega tjáð sig fylgjandi þeim frv. Þessi gamli sónn hans um einokun og þjóðnýtingu er því ekkert annað en utanaðlært orðagjálfur þessa hv. þm. og annara flokksmanna hans, sem viðfangsefnin neyða alltaf lengra og lengra í áttina til þess, sem þeir þykjast vilja forðast og fjarlægjast.

Hv. þm. G.-K. fór rangt með ummæli mín, þegar hann sagði, að ég hefði sagt, að Kveldúlfur hefði átt að geta fengið styrk til að gera tilraunir með útflutning á frystum fiski. Ég veit ekki, hvort þetta stafar af misheyrn eða þá af því, að hann geti ekki hugsað sér annan fiskútflytjanda en Kveldúlf; hann talar a. m. k. oft svo. Ég sagði, að þar sem hefði verið um svo þýðingarmikla tilraun að ræða, hefði verið sjálfsagt að reyna að fá styrk til hennar, í stað þess að gefast upp. En auðvitað hefir sú tilraun þá orðið að gerast á þann hátt, að allir gætu notið árangursins, en hann ekki orðið til þess að skapa einu félagi gróðamöguleika. En Kveldúlfur vildi það ekki, og þess vegna sótti hann ekki um styrk. Hið sama er að segja um fiskútflutninginn til Suður-Ameríku.

Hv. þm. heldur því enn fram, að frv. þetta, ef að l. verður, sprengi S. Í. F. Ef S. Í. F. springur, ef frv. verður að l., er það alveg víst, að það hefði ennþá síður getað haldið saman, ef frv. yrði ekki að l. Nema hv. þm. sé að hóta því, að Kveldúlfur skuli sprengja S. Í. F., ef frv. verður samþ. Hann segir, að það sé ekki víst, nema Kveldúlfur, Alliance og Faxaflóasamlagið segi sig úr S. Í. F., ef frv. verður samþ., af því þau vilji ekki sætta sig við völd fiskimálan. Fiskimálan. hefir jafnríkt vald og jafnvel ríkara yfir þeim, ef þau verða hvert út af fyrir sig, en yfir S. Í. F., og vinna þau því ekkert við þetta. — Þessi ástæða er því fjarstæða. Hv. þm. veit, að með frv. er engin sú breyting gerð, að S. Í. F. þurfi að leysast upp. Hann veit, að engri stjórn mundi detta í hug að neita t. d. Alliance eða samlaginu um útflutningsleyfi fyrir fisk, þótt þau neituðu að láta S. Í. F. selja fisk sinn, að gildandi l. óbreyttum. Og hv. þm. G.-K. er ekki á móti einkasölu á fiski; því fer fjarri. Hann vill bara ekki, að hinir almennu þátttakendur félagsins, fiskframleiðendurnir, ráði í S. Í. F. Hann setur það fyrir sig, að enginn útflytjandi skuli fá að hafa meira en 1/20 af atkvæðamagni í félaginu. Með því væri það tryggt, að enginn einn gæti ráðið í S. Í. F. En þar með er einnig loku fyrir það skotið, að ein stofnun eða fámenn hagsmunaklika geti hrifsað öll völd í sínar hendur. Hv. sjálfstæðismenn eru með vissri tegund af einka-

sölum, þ. e. þeir vilja gjarnan sjálfir fá einokun í sínar hendur, t. d. einoka saltfiskverzlunina sjálfir, en þeir eru á móti þjóðnýtingu, þ. e. einkasölu, þar sem allir aðilar eru þátttakendur og hafa sem jafnasta aðstöðu til að ráða skipulagi félagsskaparins og starfsemi hans.

Ég get verið ánægður með þessar eldhúsumr. Ég er ánægður yfir því, að hv. þm. G.-K. hefir tekið stóru málin fyrir þannig, að auðvelt hefir verið að láta koma fram stefnumun flokkanna í þeim. Ég óttast ekki, að hv. þm. hafi getað hrætt menn með hrópyrðum sínum og hávaða. Það er engin sönnun, þó hann segi nú, að hann hafi sannað eitt og annað, t. d. að S. Í. F. muni springa. Ef S. Í. F. deyr, þá er það fyrir það, að það ber dauðann í sjálfu sér, og hefði ekki getað lifað, þó engin löggjöf hefði verið um þetta sett.

Þá eru það nokkrir smámolar, sem mig langar til að kvitta fyrir. Hv. 1. þm. Skagf. færði fram sem ástæðu til réttlætingar því, að minni hluti fjvn. hefði fellt niður 700000 kr. til verklegra framkvæmda með sínum brtt., að nú væri ákveðið að taka Sogið til virkjunar á þessu ári, og þar mundi skapast mikil atvinna. Og þessi hv. þm. fór um það mjög fjálgum orðum, hversu háskalegt það væri að stofna til svo mikillar atvinnu í landinu, að hún drægi frá aðalatvinnuvegunum. Ég vil í þessu sambandi benda á, að því miður er ekki ennþá fengin vissa fyrir því, að Sogið verði virkjað, en það er von mín og viðleitni, að svo verði. Stj. hefir lofað að leggja því máli það lið, sem hún getur. Borgarstjóri er nú erlendis að semja um lán og efniskaup, og umboðsmaður ríkisstj. honum til aðstoðar. Ég vildi vænta, að honum og sendimanni stj. tækist að semja um þetta hvorttveggja, en fyrir því er ekki ennþá fengin vissa. En fari nú svo, að Sogið verði virkjað, — er þá strax bætt úr öllu atvinnuleysi? Því fer fjarri. Eftir því, sem borgarstjóri hefir skýrt frá, má ætla, að þar geti fengið vinnu 200 til 250 manns. Nú játar minni hluti fjvn., að vegna hinna miklu erfiðleika, sem nú eru fyrir hendi á sviði atvinnulífsins, muni atvinnuvegirnir ekki auka sinn vinnukraft, heldur minnka hann. Heldur þá hv. þm., þó að bætist við vinna fyrir 200 til 250 verkamenn við Sogsvirkjunina, að fyrir það verði hörgull á vinnukrafti? Heldur hann, að sú atvinna dragi frá atvinnuvegunum? Slíkt er vitanlega tóm fjarstæða. Enda get ég huggað hv. þm. með því, að ef það sýnir sig, að ekki sé þörf fyrir þær 500 þús. kr., sem ætlaðar eru til atvinnubóta í fjárlfrv., þá verður það fé ekki greitt út nema eftir þörfum. Annars þykir mér mjög gott að fá þá yfirlýsingu frá hv. þm., að hann sé hlynntur því, að vinnu sé jafnað milli ára, þó sú yfirlýsing komi nokkuð seint. Við jafnaðarmenn fluttum á sínum tíma frv. um jöfnunarsjóð ríkisins, þess efnis, að jafna skyldi framlagi til verklegra framkvæmda og atvinnubóta milli ára, þannig að geyma fé frá góðu árunum til vondu áranna, en þá vildi hv. þm. hvorki heyra þessa hugmynd né sjá. Nú hefir hann játað villu sína, og væri betur, að það hefði verið fyrr. Þetta var drepið af sjálfstæðismönnum, en þegar þeir þorðu ekki lengur að standa á móti því, báru þeir fram frv. og létu nafnið haldast, en sneru efninu við, þannig að þeir settu þær skorður, að ekki er hægt að borga skuldirnar fyrr en sjóðurinn fær meiri tekjur.

En það, sem er aðalatriðið í þessu, er, hvort næsta ár verður svo mikið blómaár á sviði atvinnulífsins, að ekki þurfi að auka framkvæmdirnar af hálfu ríkissjóðs. Eftir því, sem ég get bezt séð, bendir allt til þess, að deyfðin yfir atvinnulífinu verði svo mikil, að óhjákvæmilegt sé, að ríkissjóður geri það, sem hv. 1. þm. Skagf. segir, að eigi að gera, að veita mikið fé til framkvæmda til þess að bæta úr atvinnuleysinu og hörmungum þess.

Ég skal ekki víkja að fleirum, því að flestir eru nú fallnir frá umr. og geta því ekki svarað. En ég vil aðeins skjóta því til hv. hlustenda, að ég teldi mjög æskilegt, ef þeir vildu festa sér í minni það, sem hér hefir verið flutt fram í þessu eldhúsi — festa sér í minni þær sakir, sem hafa verið bornar á ríkisstj. Ég veit ekki, hvort það gengur vel, því að þær hafa verið, að því er mér finnst, hvað mig snertir, engar aðrar en þær, að í trúaratriðum, eins og hv. þm. G.-K. orðaði það, greinir mjög á um það, hvernig eigi að skipa afurðasölumálum sjávarútvegsins.

Ég vil nú biðja menn að athuga, að þetta fyrsta eldhús á núv. ríkisstj. hefir snúizt nokkuð á annan veg en venja er til, því að syndaregistur um, hvað stjórnin hefir gert eða látið ógert, hefir fallið niður.

Í öðru lagi vil ég biðja menn, og þá sérstaklega í sambandi við afurðasölumálin, að fylgjast vel með í því, er gerzt hefir í því efni, og að menn vilji ekki trúa órökstuddum sleggjudómum, heldur kynna sér skipun þessara mála. Ég hefi þá trú, að ef almenningur á annað borð fær tækifæri til þess að kynnast þessum málum, þá dæmi hann rétt, og réttdæmi vil ég alltaf una.

**Þorsteinn Briem:** Ég vil fyrst svara því, sem hæstv. atvmrh. beindi að mér persónulega. Þetta tilefni er komið af því, að þegar hæstv. atvmrh. (þm. Seyðf., HG) talaði við mig á síðasta þingi um veginn yfir Fjarðarheiði, þá sagði ég við hann hér inni í ráðherraherbergi, hvort hann mundi ekki gera sig ánægðan með 70 au. kaup á tímann í byggð, en 75 au. á heiðum yfir vorið, en svo 10 aurum hærra yfir sumarið, eins og venja hefir verið til, og hann lét ekki í ljósi neina óánægju yfir því. (**Atvmrh.:** Nú skil ég ekki það, sem hv. þm. er að segja). Ég veit, að hæstv. atvmrh. man þetta samtal, þó að hann vilji ekki kannast við það nú, og hann lét ekki í ljós, að hann væri óánægður með þetta kaup, sem ég þá stakk upp á. Og ég hefði ekki tekið við hinu framboðna láni til vegagerðar á Fjarðarheiði, ef ég hefði búizt þar við verkdeilu. Annars get ég tekið það fram viðvíkjandi því, sem hv. atvmrh. talaði um vegavinnudeiluna, að ég tók það fram hér áðan, að ég var búinn að segja hv. 4. landsk., formanni Alþýðusambands Íslands, það í síma mörgum dögum áður en hann kom til mín í vor, að ég ætlaði að bjóða 80 aura kaup í sveitum, en 5 aurum hærra á

heiðum. Það stóð svo á í fyrra með vegagerð, að það þurfti óvenju mikið fé til þess að halda vegunum við og endurbæta þá, vegna þess að margar brýr og vegir höfðu eyðilagzt í vatnsflóðum, og ég hafði yfir lítilli fjárveitingu að ráða, sem mér var veitt í fjárlögum til vegaviðhalds, svo það var erfitt að sigla þar á milli skers og báru. Og jafnframt leit ég svo á, að bændum væri enginn greiði gerður með því að hækka vegavinnukaupið. Þess vegna fylgdi ég fyrri venju, að spyrja fyrst og fremst héraðsstjórnirnar, hvað þær borguðu í sýsluvegum og miða við það.

Það var verið að blanda hv. fyrrv. forsrh. (ÁÁ) inn í þetta mál. Ég hafði sagt honum, að kaupið yrði 80 aurar í sveitum, en 85 á heiðum, og hefir hann því ef til vill sagt hv. 4. landsk. það sama og ég var sjálfur búinn að segja honum áður.

Viðvíkjandi hv. 9. landsk. þarf ég ekki að eyða mörgum orðum. Þessi gamli „flokkaflækingur" og mesti bændahatari Alþingis hefir nú loksins fengið þá ósk sína uppfyllta að komast á þing, og það hefir hann komizt sem steinrunninn jafnaðarmaður. Hv. þm. var að tala um skuggagróður í sambandi við skipun barnaverndarráðsins, en þessi hv. þm. líkist sjálfur hinum ótútlegasta skuggagróðri, sem ég hefi þekkt. Að síðustu minntist hann á lesbókarmálið og fann mér víst það til forráttu, að ég hefði lagt áherzlu á, að *Freysteinn Gunnarsson* skólastjóri kæmist í lesbókarnefndina. Ég hygg, að þeir, sem þekkja málsmekk Freysteins Gunnarssonar, áfellist mig ekkert fyrir það, þó að hv. 9. landsk. geri það.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að hæstv. fors.- og landbúnaðarráðh. Hann svaraði aldrei þeirri spurningu minni, hvort það hefði verið tilætlunin, að Framsfl. brygðist í afurðasölumálinu, ef hann hefði ekki getað leyst það með sósíalistum. Hann var að tala um, með hverjum hefði átt að leysa það, eins og honum gæti ekki dottið í hug, að hægt væri að ná samkomulagi við nokkurn flokk nema sósíalista. Hæstv. ráðh. var að minnast á verðjöfnunargjaldið. Ég talaði um það í því sambandi, að stj. hafði ekki notað að fullu þá heimild, sem hún hafði til að *leggja þetta gjald á. Og því fremur* er skylt að veita verðuppbót úr ríkissjóði, þegar heimildin, sem stj. hafði skv. kjötsölulögunum til að leggja á verðjöfnunargjaldið, var ekki notuð til fulls.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um, að ég hefði ekki leyst neitt af málum bænda. Mér finnst sízt sitja á þessum hv. þm. að segja þetta um þann mann, sem hefir undirbúið flest landbúnaðarmálin á því þingi, sem mest hefir gert fyrir landbúnaðinn.

Þá var hæstv. ráðh. að gefa í skyn, að fyrrv. stj. hefði búið illa í hendur núv. stj. um fjármálin. Ég vil í því sambandi minna á þá stóru hagsbót fyrir þetta land, sem fyrrv. ríkisstj. kom á, þegar hún gat breytt ókjaraláninu frá 1921 í annað lán með svo góðum kjörum, að það sparar ríkinu og ríkisstofnunum nær því tvær milljónir króna. Annars er ekki kominn tími til að segja um það, hvort núv. hæstv. stj. tekst betur með fjármálin en fyrrv. stjórn, en það væri óskandi, að svo yrði.

Það var yfirleitt fátt, sem hæstv. forsrh. svaraði í sinni ræðu. Hæstv. forsrh. reyndi yfir höfuð að fara í kringum ádeiluatriðin í ræðum minum, af því að honum var það sýnilega um megn að svara þeim.

Ég skal nú aðeins minna á nokkur atriði, sem hæstv. forsrh. hefir ekki einu sinni reynt til að svara eða verja hér undir þessum umr.

Hann hefir fyrst og fremst ekki svarað því, hvort hann hafi búizt við uppsögn frá sósíalistum, ef fulltrúa Búnaðarfélags Íslands hefði ekki verið sparkað úr kjötsölunefndinni. Hann hefir heldur ekki ennþá svarað, hver afstaða hans er til kjötuppbótarinnar, eða þeirri spurningu, sem hv. þm. V.-Húnv. bar fyrir hann. Hæstv. ráðh. hefir ekki reynt til að verja það, að kjötverðið var hér í Rvík lægra í september í ár heldur en á sama tíma í fyrra. Hæstv. ráðh. hefir ekki heldur reynt að verja þá setningu, sem hann sagði, að hann kynni ekki við að taka við till. um nauðsynjamál bænda frá Bændafl. Hann hefir ekki reynt til að verja þá spillingu, sem er í því fólgin að vilja ekki líta á málin sjálf, heldur aðeins hverjir eru flm. þeirra og hvernig þau horfa við frá flokkslegu sjónarmiði. Hæstv. ráðh. hefir heldur ekki reynt að verja reikninga hv. 2. þm. N.-M. út af mjólkurmálinu, sem ég bar brigður á, að væru réttir, *né að hrekja mína reikninga í* sambandi við hina óverjanlegu verðlækkun mjólkurinnar. Hann hefir varla reynt að verja hina ótímabæru mjólkurlækkun.

Þá reyndi hæstv. ráðh. heldur ekki að mótmæla, að það hefði verið landbn., sem endurbætti frv. hans um fasteignaveðslán og bætti við það ákvæði um vaxtatillag, sem hann lét alveg vanta í frv. sitt eða stjórnarinnar. Hann reyndi ekki heldur að hrekja þau rök mín, að ekki hefði verið heimilt í fyrrahaust að fara eftir lögum nr. 90 frá 1933, um skipulagningu kjötsölunnar, undir þeim kringumstæðum, sem þá voru fyrir hendi, og hafði ég í því sambandi fært fram sterk rök, eftir að ég hafði borið mig saman við merkan lögfræðing um það efni. Hæstv. ráðh. reyndi ekki að andæfa orðum mínum *í því sambandi*, um að engin ósk hefði komið frá Sambandi ísl. samvinnufélaga eða Sláturfél. Suðurlands um, að þessi vafasama heimild yrði notuð eða að gefin yrðu út bráðabirgðalög haustið 1933, og bar þó þessum tveimur aðilum að benda mér á í tíma, ef þeim hefði þótt ég eitthvað vanrækja í þessu efni. Hann reyndi ekki að verja framkomu sína og flokks síns gagnvart jarðræktarlagafrv. né öðrum nauðsynjamálum, sem Bændafl. hefir borið fram. Hann reyndi og ekki heldur að verja ranglætið í úthlutun vegafjárins. Það getur verið, að hæstv. ráðh. reyni að malda í móinn móti þessu, þegar ég er ekki lengur til andsvara.

En hvað segið þið, bændur, um þessi og þvílík rökþrot? Hvað segið þið um það, að sá maður, sem á að vera forsvarsmaður landbúnaðarins, reynir ekki að bera hönd fyrir höfuð sér í jafnmörgum atriðum og ég hefi nú bent á?

Ég get ekki talað lengur, því að minn tími er

á þrotum, en ég vil óska bændastétt Íslands sigurs í sinni erfiðu baráttu. Ég vil óska, að hverning sem fer um ríkisstj. landsins, þá megi atvinnuvegirnir blómgast, og með þeirri ósk býð ég góða nótt.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. síðasti ræðumaður mun hafa sent hv. þm. V.-Húnv. á hnotskóg, til þess að rannsaka, hvort hæstv. forsrh. tæki til máls á eftir. En þegar hann komst að raun um, að svo var ekki, sá hann sér fært að taka upp heillanga rollu af ýmsum atriðum, sem hann sagði, að hæstv. forsrh. hefði ekki svarað. En hæstv. forsrh. var búinn að reka þetta lið fyrir lið ofan í þennan hv. þm. Annars verð ég að segja það, að það væri ólíkt skemmtilegra fyrir þennan hv. þm. að láta hv. þm. V.-Húnv. tala um það í útvarpið, hvað hann sé rökfimur, heldur en að taka það sjálfur fram með berum orðum.

Það er aðeins eitt atriði, sem ég get ekki látið hjá líða að svara, sem hv. 10. landsk. minntist á í sinni fyrri ræðu, þegar hann þóttist vera að svara hv. þm. S.-Þ., og það var um vegavinnumálin. Þessi hv. þm. (ÞBr) var að reyna að gera það tortryggilegt, að hv. þm. S.-Þ. hefði vitt, að tekið hefði verið lán til vega- og brúargerða. Það, sem hv. þm. S.-Þ. var að víta í þessu máli, var ekki það, sem hv. 10. landsk. vildi vera láta, að þetta hefði verið gert, heldur hitt, að þessi fyrrv. hv. ráðh., 10. landsk., hefði látið undir höfuð leggjast að afla tekna til þess að standa undir þessu framlagi og gert þessar framkvæmdir fyrir lánsfé. Þennan hv. þm., 10. landsk., skorti manndóm til þess, þegar hann var ráðh., að láta tekjuaflanir fylgja þeim fjárframlögum, sem hann vildi láta greiða. En ræður þessa hv. þm. í þessum umr. hafa sýnt það, að hann hafði ekki annað en pappírsheimildir til að fara eftir, þegar hann var ráðh., sem hann svo ekki gat notað.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á sjálfstæðismenn, og skal ég reyna að koma ekki inn á nein þau atriði, af því að þetta er síðasta ræðan, sem þeir gætu verið óánægðir með að hafa ekki tækifæri til að svara.

Hv. þm. Borgf. fór nú rétt einu sinni að segja söguna af Grýlu, sósíalista-Grýlu, sem hann er alltaf að tuggast á. Hann sagði, að ég hefði sagt, að alla þá verzlun, sem eitthvað væri að hafa upp úr, ætti að þjóðnýta. Þetta er rangt; ég sagði aðeins, að ég vildi ríkisverzlun á einstaka vöru, sem eitthvað væri upp úr að hafa, en ég sagði ekki með einu orði, að það ætti að taka alla verzlun í hendur ríkisins, enda sæti ekki á okkur framsóknarmönnum að segja það, af því að við viljum samvinnuverzlun.

En ef það er sósíalistiskt að hafa einkasölu á einstaka vöru, þá hefir hv. 1. þm. Skagf. gert sig sekan í þeirri ósvinnu, því að hann setti á stofn tóbakseinkasöluna, þó hann síðar væri kúgaður til þess að eyðileggja hana.

Ég verð að segja það, að mér kæmi ekki á óvart, þó það skeði eftir eitt eða tvö ár, að sjálfstæðismenn héldu því fram, að þeir væru með ýmsum þeim málum, sem þeir nú berjast mest á móti. Annað eins hefir nú skeð. T. d. í afurðasölumálinu. Þeir eyðilögðu það meðan þeir höfðu aðstöðu til, en þegar þeir hafa ekki lengur aðstöðu til að standa á móti því, segjast þeir alltaf hafa verið með því og séu með því. Þannig mun fara um hvert það mál, sem reynist vel. Þessum pólitísku „loddurum" mun finnast það heppilegt fyrir sig að látast hafa verið með þessum málum á sama hátt og afurðasölumálinu.

Þá var hv. þm. Borgf. að reyna að dylja afstöðu Sjálfstfl. til skipulagsnefndarinnar, og tókst það heldur ófimlega. Hann var að tala um, að þeir vildu komast upp á „Rauðku" og þá ætluðu þeir að kippa í taumana og ráða miklu um ferðina. Ég vil nú benda hv. þm. á það, að þeir munu síðastir komast á bak og setjast aftast, og ef þeir ætla að halda sér í eitthvað og ná einhverjum tökum, þá munu þeir verða að halda sér í taglið. En ég hefi ekki trú á því, að þeir ráði miklu um ferðina með því móti.

Annars er það svo, að þó að við gerum dálítið að gamni okkar í sambandi við þetta mál, þá er það alvarlegt mál. Það er alvarlegt, að Sjálfstfl. gekkst fyrir útvarpsumræðum um þetta mál til þess að sýna fram á, að Framsfl. væri runninn inn í Alþfl., en nokkrum dögum síðar eru aðrar útvarpsumr., og þá er hægt að upplýsa, að Sjálfstfl. er í þann veginn að tilnefna menn í þessa nefnd. Það er alvarlegt mál, þegar stór stjórnmálaflokkur gerir sig að slíku viðundri.

Ég er að verða búinn með minn tíma, en áður en ég lýk máli mínu get ég ekki á mér setið að rifja upp höfuðatriðin, sem mér hafa fundizt koma fram við þessar umr.

Það er þá fyrst, að komið hefir í ljós í fyrsta skiptið, að Sjálfstfl. hefir lýst því yfir, og það er orðið viðurkennt, að hann vill minnka kaupgetuna og standa á móti dreifingu hennar. Í samræmi við þetta flytur minni hl. fjvn., sem er skipaður fulltrúum þess flokks, till. um niðurskurð verklegra framkvæmda, og beinlínis rökstyður till. með því, að ef verklegar framkvæmdir verði eins og frv. gerir ráð fyrir, verði of mikið um atvinnu á næsta ári. Jafnframt þessu koma hv. stjórnarandstæðingar fram með till., sem mundu hafa þau áhrif, ef ætti að framkvæma þær eins og þær eru fram settar, að greiðsluhallinn yrði á fjárl. um 3½ millj. króna, og þó að þessi útkoma sé tekin, þá er gengið út frá því, að allar till., sem fram eiga eftir að koma frá einstökum þm., verði afgr. beint í pappírskörfuna.

Það hefir ennfremur komið fram, að hv. stjórnarandstæðingar standa á móti öllum tekjuöflunarfrv. stj. og sýna þar með innræti sitt gagnvart fjárhagsafkomu ríkissjóðs og verklegum framkvæmdum í landinu. Af þessu er það svo upplýst, að till. þeirra er ekki annað en loddaraleikur, leikinn fyrir kjósendur þessa lands.

Að svo mæltu býð ég góða nótt og þakka öllum þeim, sem hlýtt hafa á þessar umr. til enda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 27. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

---

Á 15. fundi í Sþ., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Sþ., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 1, 508, n. 522 og 540, 543, 582, 602, 613).

**Frsm. meiri hl. (Jónas Guðmundsson):** Ég þarf ekki að hafa langan formála fyrir framsögu minni. Ég tel víst, að hv. þm. hafi kynnt sér brtt. þær, sem fram hafa komið, bæði frá fjvn. og einstökum þm., svo að ekki þurfi að skýra hvern lið.

Ég vil þó þegar taka það fram, að sú stefna virtist ríkjandi meðal allrar n. áður en nefndin klofnaði, að sjálfsagt væri að taka í fjárlög öll gjöld og tekjur ríkissjóðs með slíkri nákvæmni, sem frekast væri unnt. Þessi stefna hefir leitt til hækkunar á ýmsum liðum, og þá einkum gjaldaliðum, sem áður hafa farið fram úr áætlun. Ég vil vænta þess, að þingið geti þó fallizt á þessa stefnu, því að hitt er auðvitað ekkert nema sjálfsblekking, að fela þannig útgjöld ríkissjóðs.

Um vinnubrögð n. get ég sagt það í fáum orðum, að henni hefir borizt mikil mergð erinda, alls á 6. hundrað, og er sumt af því stórar bækur. Alls hefir n. haldið milli 40—50 fundi.

Ýmsir póstar hafa verið látnir bíða til 3. umr., svo sem skipting á símafé, vitafé og strandferðastyrkjum. Er það gert til þess að sjá, hvað nýtt kemur fram í þessum efnum til þess tíma.

N. hefir í till. sínum ekki tekið tillit til nýrra tekjuauka, með því að enn er ekki séð, hvernig tekjuaukafrv. þeim, sem fyrir þinginu liggja, kann að reiða af, né hvaða ábrif þær breytingar kunna að hafa.

Sama er að segja um auknar tekjur af áfengisverzluninni, sem vænta má, að breytt áfengislöggjöf hafi í för með sér. N. hefir að þessu sinni ekki gert neina áætlun um þann tekjuauka, en mun athuga þann lið fyrir 3. umr.

Vil ég þá víkja að einstökum brtt. fjvn. og gefa skýringar á nokkrum þeirra. Er þá fyrst að geta um hækkanir á tekjuliðinni, sem gerðar eru til samræmis við tekjurnar eins og þær hafa reynzt undanfarið. Vitagjaldið var í fyrra 485 þús. og útlit fyrir, að það verði svipað nú. Það var áætlað í fjárlfrv. 440 þús. N. hefir hækkað þennan lið upp í 470 þús.

Áfengistollurinn var 588 þús. 1933, en er áætlaður í fjárlfrv. 500 þús. N. hefir hækkað þann lið upp í 570 þús.

Hagnaður á rekstri póstsjóðs var 132 þús. árið 1933, en er í fjárlfrv. áætlaður rúmlega 36 þús. kr. Að vísu er það rétt, að gróði póstsjóðs það ár stafaði að töluverðu leyti af gengisbreytingu dönsku krónunnar. En tekjur póstsjóðs aukast jafnt og þétt með ári hverju, og þótti því rétt að hækka þennan lið upp í 50 þús. kr.

Sama er að segja um rekstrarhagnað áfengisverzlunarinnar. Það virðist ekki ástæða til að ætla hann minni en verið hefir. Og um útvarpið gilda sömu ástæður.

Þessar hækkanir tekjumegin nema samtals um 244 þús. kr.

Um brtt. við 5.—8. gr. er það að segja, að þær fela aðeins í sér breytingar á niðurstöðutölum. En ég vil geta þess í þessu sambandi, að tilmæli hafa komið um það frá póstmálastjórninni og atvmrh., að veittar verði 2000 kr. af tekjum póstsjóðs til þess að útvega póstþjónum einkennisbúninga. Þetta tíðkast hvarvetna annarsstaðar og má heita orðið nauðsynlegt hér í Rvík. Mætti líka skoða þetta sem nokkra uppbót á hin lágu laun póstmanna. Enginn ágreiningur var í n. um að verða við þessum tilmælum, og væntir n. þess, að þingið fallizt á þetta.

Þá hefir n. lækkað dagskrárkostnað útvarpsins um 20 þús. kr. Þetta var gert eftir orðsendingu frá Ríkisútvarpinu, sem enginn vildi reyndar kannast við síðar. N. telur þó, að hægt ætti að vera að afla útvarpinu sæmilegs útvarpsefnis fyrir 80 þús. kr.

Þá er sú brtt., að draga prentunarkostnað landsreikninganna frá alþingiskostnaðinum og telja hann með kostnaði við fjármálaráðuneytið. Þetta er aðeins tilfærsla, sem virðist sjálfsögð.

Þá er lagt til að lækka kostnaðinn við ríkisféhirðisembættið um 5000 kr. Þarna eru margir starfsmenn, og virðist ástæða til að ætla, að eitthvað mætti spara þar. Árið 1933 var kostnaðurinn við embættið 33 þús., en er nú áætlaður í fjárlfrv. 35 þús. kr. Þess má geta, að nú eru hjá ríkisféhirði tveir fulltrúar, sem báðir hafa hærri laun en hann sjálfur.

10. brtt. er um hækkun á kostnaði við fjármálaráðuneytið vegna prentunar landsreikninganna.

11. brtt. er um hækkun vegna sambandslaganefndar. N. heldur fund sinn í Kaupmannahöfn í sumar, og er því auðsætt, að allt of lítið er veitt í þessu skyni í fjárlfrv.

12. brtt. snertir hæstarétt. Er „annar kostnaður" áætlaður 10 þús. kr., þar af 3 þús. kr. til ritara. Þetta fé fer mest til prentunar á hæstaréttardómum. Við höfum áætlað, að 5 þús. kr. myndu duga til útgáfu á dómunum, þótt útgáfukostnaður sé vitanlega nokkuð misjafn frá ári til árs. N. vill ennfremur sleppa „klásúlunni" um 3000 kr. til ritara, þar sem núv. ritari hefir nú full laun í stjórnarráðinu, en gegnir þar ekki störfum.

Þá kemur stærsta sparnaðartill. meiri hl., en hún er sú, að lækka kostnaðinn við landhelgisgæzluna úr 500 þús. kr. í 350 þús. Eftir núgildandi fjárl. leggur ríkið fram 500 þús. kr. og landhelgissjóður 150 þús. En í fjvn. var rætt um að gera breytingar á landhelgisgæzlunni til sparnaðar, og var það gert í samráði við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Var komizt að þeirri niðurstöðu, að hægt myndi og heppilegt að haga landhelgisgæzlunni þannig framvegis, að eitt skipið, Ægir, annaðist landhelgisgæzluna að mestu, og væri jafnan að gæzlu. Þór væri hafður til gæzlu við Vestmannaeyjar, en annaðist jafnframt flutninga til vitanna. Auk þess væru varðbátar hafðir á vissum stöðum. Einu varðskipinu, Óðni, yrði hinsvegar lagt upp og selt, ef hægt væri. Með þessari tilhögun reiknaðist n.

til, að spara mætti ríkissjóði 150 þús. kr. á kostnaði við landhelgisgæzluna.

Þá er í 14. brtt. aths. eða fyrirmæli viðvíkjandi því, að heimilt sé að láta fangana á Litla-Hrauni vinna á Reykjatorfunni, þegar ekki er vinna heima fyrir. Hér er ekki um útgjöld að ræða á neinn hátt. Einnig skal ég láta þess getið, að þessi heimild er bundin því skilyrði, að sú vinna, sem þarna yrði framkvæmd, væri ekki tekin frá öðrum, þannig að hún skerði á nokkurn hátt almenna atvinnu.

15. brtt. er um smávægilega hækkun, 300 kr., á læknisvitjanastyrk.

Með 16. brtt. leggur n. til, að niður verði felld framlag til fjörefnarannsókna, 3000 kr. Þessi styrkur var upphaflega veittur í þeim tilgangi, að rannsóknarstofa háskólans eignaðist tæki til þessara rannsókna. Nú hefir háskólinn eða rannsóknarstofan eignazt þessi tæki, og virðist því, að þessar rannsóknir geti farið fram án þess að til þeirra sé lögð sérstök fjárhæð.

Þá er í þessum lið tekin upp jafnhá upphæð, 3000 kr., til þess að styrkja utanfarir lækna. Því verður ekki mótmælt, að fáum stéttum mun meiri þörf á slíkum styrk, og hefir n. fallizt á að taka þessa upphæð inn í sínar till., eftir beiðni frá landlækni.

Í 17. brtt. er lagt til, að veitt verði nokkur upphæð til þess að styrkja geðveikralæknaefni til náms erlendis. Við höfum fáa geðveikralækna, og full þörf virðist á fleirum. (ÓTh: Við höfum nóg af vitlausum mönnum). Já, það virðist a. m. k. stundum vera svo.

18., 19. og 20. brtt. snerta allar Nýja-Klepp, og er með þeim gert ráð fyrir nokkrum sparnaði á þessu hæli, á starfslaunum 5000 kr., á lyfjum og sáraumbúðum 3000 kr., og á áhöldum og viðhaldi 5000 kr. Þessi sparnaður nemur til samans 13000 kr. Ef þessi kostnaður á Nýja-Kleppi síðastl. ár er borinn saman við það, sem gerist á öðrum spítölum, þá er hann miklu meiri en á sambærilegum stöðum öðrum, og meiri en á öllum öðrum sjúkrahúsum nema landsspítalanum. N. vill benda á, að sérstök þörf sé á að athuga þetta. Hún hefir spurt landlækni um málið, en hann hefir leitt hjá sér að svara ákveðið og segir, að þetta mál hafi ekki fyrr verið undir sig borið, og geti hann því ekki gefið neinar upplýsingar. Slíkt sem þetta ætti náttúrlega ekki að koma fyrir, að landlæknir sé ekki hafður með í ráðum, þegar samin er áætlun fyrir jafnstórt sjúkrahús og Nýja-Klepp, og væntir n. þess, að framvegis verði landlæknir hafður með í ráðum um þessi útgjöld, eins á þessu sjúkrahúsi sem öðrum. Ég skal geta þess, að n. hefir gert till. um sparnað á nokkrum öðrum stöðum en Nýja-Kleppi, en það er á útvarpinu, hæstarétti og hjá ríkisféhirði. Þess er tæplega að vænta, að till. þessar beri fullan árangur, en n. vildi krefjast þess, að ríkisstofnanir þessar gættu fullkomins sparnaðar á ríkisfé. En það er nú svo, ef einhverstaðar á að hreyfa sparnaði við ríkisstofnanirnar, þá rísa viðkomandi forstjórar gegn því og segja, að óframkvæmanlegt sé að spara meira en gert er. En n. vill sjá, hvernig Alþingi lítur á þetta mál, og hefir því flutt þessar till.

Með 21. till. hefir n. aukið um helming styrk til læknabústaða, með því skilyrði, að af því verði greidd lokafjárveiting til læknisbústaðar í Búðardal. Þetta er gamalt ágreiningsmál, sem beðið hefir ójafnað, en n. telur réttmætt, að gert verði á þennan hátt. Að öðru leyti á að ráðstafa þessum styrk eftir reglum frá landlækni.

22. till. er um greiðslu vaxta af læknabústöðum. Það er nú komið svo, að þrír hreppar, sem byggt hafa læknisbústaði, geta ekki staðið straum af þeim lánum, sem á húsunum hvíla, og er hér lagt til, að veittar verði á næsta ári 1200 kr. til hvers hrepps. Það hefir víða farið svo, að fátæk sveitarfélög, sem ráðizt hafa í slíkar byggingar, eiga erfitt með þær, og er alveg spursmál, hvort ekki væri réttara, að ríkið legði meira til læknisbústaðanna í fyrstu, heldur en þurfa að taka við húsunum eftir að búið er að byggja þau.

23. brtt. er nýr liður, 3500 kr. styrkur til Rauðakross Íslands, til að byggja sjúkraskýli fyrir sjómenn í Sandgerði. N. var öll á einu máli um það, að hér væri svo mikil styrksþörf, að ekki væri hægt að neita. Í Sandgerði safnast saman á vertíðinni fleiri hundruð sjómanna, og húsakynni, sem þeir hafa þar, eru ekki nema lélegar verbúðir, þar sem sjúklingum getur verið bráður bani búinn, fáist ekki viðundandi aðhlynning.

24. till. er einnig nýr liður, þar sem lagt er til, að Páli Sigurðssyni fyrrv. héraðslækni séu veitt lág biðlaun. Þessi maður veiktist af mjög slæmum sjúkdómi þegar hann var í embættiserindum, og vildi n. leggja til, að hann fengi þessi lágu laun a. m. k. eitt ár, meðan verið væri að sjá, hvort hann fengi heilsuna aftur og gæti tekið við sínu starfi.

Þá kem ég nú loks að 13. gr. í fjárlfrv., og er meiri hl. dálítið skiptur um þennan útgjaldakafla fjárl., sem er um framlög til einstakra vega og bryggjugerða. Ég þarf ekki að minnast á einstaka liði í þessum brtt. n., ég geri ráð fyrir, að hv. þm. tali um þær. En ég vildi bara segja það, að n. hefir viljað haga styrkveitingunum þannig, að sem mest kæmi á þá staði, þar sem flestir hefðu not af vinnunni og umbótunum, og síðan skipta afganginum sem jafnast milli sýslufélaganna til einskonar atvinnubóta. Þessi tvö aðalsjónarmið hafa vakað fyrir n. um ákvörðun vegafjárins. Með því að benda á nokkrar tölur vona ég að geta sannfært hv. þm. um þennan tilgang n.

Til Sogsvegarins eru ætlaðar 50 þús. kr. Fjöldi manna nýtur hagsmuna af því, að vel greiðist úr um það mál. Þá eru 15000 og 20000 kr. hækkanir til vegar yfir Siglufjarðarskarð og Norðfjarðarvegar. Þessir vegir eiga að koma tveimur stórum kaupstöðum í akvegasamband, sem ekki hafa verið í því áður, og hafa þá allir kaupstaðir á landinu, að undanteknum Vestmannaeyjakaupstað, fengið akvegasamband við aðra landshluta. Þá er lagt til, að aukið verði framlag til Holtavörðuheiðarvegar með því að flytja þangað það, sem ætlað var til vegarins yfir Vatnsskarð. Þykir meiri nauðsyn á því, að flýta fyrir Holtavörðuheiðarveginum, en aftur á móti hafi svo lítið framlag til Vatnsskarðs-

vegar, sem í frv. er ákveðið, ekki mikla þýðingu.

Þá er lagt til, að veitt verði til Hrunamannahreppsvegar 10000 kr. Er það gert til þess, að íbúar þessa hrepps komist í akfært vegasamband við það mjólkurbú, er þeir skipta við.

Þær 9 fjárveitingaupphæðir, sem ég hefi þá ekki enn sérstaklega minnzt á, skiptast milli 8 sýslufélaga, og er svipuð upphæð í hvert þeirra. N. hefir lagt til, að hækkað verði tillag til fjallvega úr 25000 kr. í 30000 kr., og er ætlazt til, að hækkunin komi til vega í Barðastrandarsýslu, en þangað er ekkert annað vegafé veitt eftir till. n.

Þá vil ég minnast á eitt atriði, en það er, að í 38. brtt. n. er lagt til, að niður falli fjárveiting til malbikunar þjóðvega utan kaupstaða. Í nál. er í þessu sambandi ekki vísað í rétt lög, en það er leiðrétt með brtt. frá þm. í Ed. Hér er um það að ræða, hvort taka eigi það fé, sem ætlað er til malbikunar á þjóðvegum, og verja því í nýja vegi. Auðvitað má um það deila, hvort þetta sé rétt, en þegar verið er að tala um vegafé sem atvinnubót, þá er þetta vafalaust rétt. Það hefir verið á það bent, að ef Sogið verður virkjað á næsta sumri, þá verði mikil vinna hér í grennd við Rvík, og það með mesta móti. Hinsvegar mundi malbikunin fara fram á þjóðvegunum hér við Rvík, annaðhvort á veginum inn að Elliðaám eða veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Ég býst við, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, kunni að líta svo á, að þetta hefði ekki átt niður að falla, en þetta var nú sjónarmið n.

Þá er það styrkurinn til Eimskipafélags Íslands. Hann var í frv. lækkaður um 100000 kr., en n. hefir lagt til, að hann hækki um 50000 kr. frá því og verði 200000 kr., í stað 250000 kr. áður. Vegna bréfa, sem farið hafa á milli um þetta efni, hefir n. sett þá klausu við þessa fjárveitingu, að hún sé bundin því skilyrði, að félagið haldi uppi strandferðum í sama stíl og það hefir gert. En síðan till. voru prentaðar hefir n. borizt bréf frá forstjóra félagsins, þar sem þessu skilyrði er mótmælt. N. hefir ekki unnizt tími til að hafa fund síðan, en ef búið er að gera áætlanir um ekki minni strandferðir hjá félaginu en verið hafa undanfarið, sýnist ekki þörf á að hafa þessa klausu, og liggur þetta til athugunar til 3. umr.

40. og 41. brtt. fjalla um hafnargerðir, og er lagt til, að sá liður hækki samtals um 30000 kr., þar sem lagt er til, að Húsavík og Sauðárkrókur fái sömu upphæð hvort eins og Akranesi er ætluð.

Um bryggjugerðir og lendingarbætur verð ég að segja, að það er sá liður, sem verst er að eiga við af öllu fyrir fjvn. Til þeirra framkvæmda er ætlað í frv. 15000 kr., og hefir n. hækkað það upp í 35000 kr., en slík upphæð hrekkur náttúrlega ekki neitt, ef ætti að nálgast nokkuð það, sem beðið er um. Til þess veitti ekki af a. m. k. 200000 kr. Það hafa komið fram beiðnir um slík fjárframlög frá milli 20 og 30 stöðum, og nema þau samtals h. u. b. 400000 kr.

43. brtt. er um 2500 kr. framlag til sjóvarnargarðs á Flateyri. Þessi liður þarf ekki annarar skýringar en þeirrar, að hér er verk, sem hafið er og komið nokkuð áleiðis og sjálfsagt að halda áfram, til þess að ekki eyðileggist það, sem þegar hefir verið gert.

Ég hefi nú lokið máli mínu að mestu, en til glöggvunar fyrir þá, sem ekki hafa tekið saman hækkunar- og lækkunartill. n. við þennan kafla fjárl., vil ég gera yfirlit yfir þessar breytingar. Niðurstaðan af þessum brtt., að tekjuhækkunartill. — 244000 kr. — fráteknum, verður þá þessi:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Við 9. gr. alþingiskostnaður ..... | lækkun kr. | 5000 | | | | |
| — 10. — ráðuneytið ..... | — | — 5000 | ..... | hækkun kr. | | 6000 |
| — 11. — dómgæzla o. fl. ..... | — | — 155000 | | | | |
| — 12. — heilbrigðismál ..... | — | — 16000 | ..... | — | — | 25200 |
| — 13. — A. Vegamál ..... | — | — 90000 | ..... | — | — | 143500 |
| — 13. — B. Eimskip ..... | | | ..... | — | — | 50000 |
| — 13. — C. Hafnargerðir ..... | | | ..... | — | — | 50000 |
| | Samtals lækkanir kr. | 271000 | ..... | hækkanir kr. | | 274700 |

Hækkanir umfram lækkanir eru samtals kr. 3700. Eru þá rúmlega 240000 kr. af tekjuhækkunartill. til að mæta útgjaldatill. í þeim greinum, sem eftir eru.

Viðvíkjandi brtt. hv. minni hl. fjvn. skal ég taka fram, að ég mun ekki tala um þær, fyrr en mælt hefir verið fyrir þeim. Sama hefi ég að segja um brtt. einstakra hv. þm. Ég mun ekki heldur gera þær að umræðuefni fyrr en flm. þeirra hafa átt kost á því að tala fyrir þeim.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Ég ætla, að ég þurfi ekki að tala langt mál út af klofningi fjvn. í meiri og minni hluta. Ég fór nokkuð út í það í eldhúsumræðu minni, að skýra ástæðurnar fyrir því, að n. skiptist og að minni hl. skilar nú sérstöku áliti, en eitt atriði fór ég ekki út í við þá umr., og gerði ég það með vilja, en það atriði var önnur aðalástæðan fyrir því, að n. klofnaði, og hún var sú, að minni hl. komst að því, að till. þær, sem lagðar voru fram í n., voru bornar undir flokksfundi stjórnarflokkanna áður en þær komu til atkv. í n. Þetta þótti okkur ákaflega óviðkunnanlegt og töldum, að þeim till., sem við bárum fyrir brjósti, væri gert svo lágt undir höfði, að við það væri ekki unandi. Við töldum, að þær till. mundu ekki þannig reifaðar á þeim fundum af okkar andstæðingum, að við það væri unandi, eins og nú standa sakir.

Hv. frsm. meiri hl. n. var hógvær og rólegur í ræðu sinni, og mun ég að því taka mér hans dæmi til fyrirmyndar. Hvort eitthvað kann að hvessa við umr. um síðari hlutann, skal ég ekkert um segja, ég skal ekki fortaka, að svo geti farið. Ég skal taka fram, að till. nefndarhlutanna eru margar sameiginlegar, bæði hjá meiri og minni hl., og tel ég enga ástæðu til að fara að ræða þær, heldur mun ég snúa mér að þeim till.

meiri hl., sem við teljum ekki nægilega sterk rök fyrir.

Það er þá fyrst 9. brtt., sem ég veit ekki, hvort allur minni hl. er mótfallinn, en ég veit um þrjá nm. a. m. k. Þessi brtt. er um að færa niður um 5000 kr. kostnað við skrifstofu ríkisféhirðis. Við teljum þá till. beinlínis brot á þeirri reglu, sem annars er tilætlunin að fylgja, sem sé að áætla ekki minna en ætla má, að óhjákvæmilegur kostnaður verði. Þessi kostnaður var árið 1933 yfir 33000 kr. Þá sé ég ekki, að það sé hægt að færa þennan kostnað niður í 30000 kr. nú, því ekki verður séð, að þessi kostnaður sé lægri nú en árið 1933. Þá var ekki talið hægt að hafa þennan kostnað lægri, þó n. áliti, að það sé hægt nú, enda færði hv. frsm. meiri hl. n. engin rök að því, að það væri hægt. Ég held, að það sé ekki hægt að fækka um mann í þessari skrifstofu, eins og hann áleit, og styðst það álit mitt við reynslu undanfarinna ára. Breyting sú, er varð á þessari skrifstofu á yfirstandandi ári, var ekki önnur en sú, að Jón Halldórsson fór af skrifstofunni, en annar maður var tekinn í staðinn, og þó hann vinni ekki starf ríkisféhirðis, heldur annað starf í skrifstofunni, þá skiptir það ekki máli. Hér er um óhjákvæmilegan kostnað að ræða, sem verður að greiða. Þó þessi brtt. meiri hl. n. verði samþ., þá er það aðeins lækkun á pappírnum, sem ekki mun koma fram á LR. á sínum tíma.

Þá er það brtt. meiri hl. um að láta fangana á Litla-Hrauni vinna á Reykjatorfunni, þegar ekki sé um arðbæra vinnu að ræða heima við hælið. Ég vil fyrst koma með þá alm. aths., hvort ekki væri þá réttara að láta fangana alltaf vinna á Reykjum, því um arðbæra vinnu fyrir fangana hefir ekki verið að ræða að Litla-Hrauni, síðan hælið var stofnað. Ekkert, sem hælið hefir tekið sér fyrir hendur hingað til, hefir gefið ágóða. Ef þessi till. á að þýða eitthvað, þá skilst mér, að það eigi að vera það, að fangarnir eigi að vinna á Reykjatorfunni fyrir ekki neitt, því að ef þeir eiga að vinna þar fyrir kaup, þá er það ekkert annað en það, sem forstöðumaður hælisins hefir fulla heimild til að láta þá gera. Ég lít því á þessa till. eins og hvert annað fálm út í loftið, og ekkert annað. Hún spillir kannske ekki, en gerir heldur ekkert gott.

Þá er hér brtt. nr. 17, um styrk til tveggja lækna eða læknakandidata til að nema geðveikrafræði erlendis. Ég varð ekki var við, að nein till. frá landlækni lægi fyrir fjvn. um þetta efni, en n. mun hafa tekið þetta upp eftir beiðni formanns síns, og vita allir, að tilgangur hennar er að reyna að fá hæfa menn í stað Helga Tómassonar, sem hv. þm. S.-Þ. umfram allt vill koma burtu frá Kleppi, af ástæðum, sem alþjóð eru kunnar. Undir þetta getur minni hl. ekki tekið og er því mótfallinn þessari till.

Svo get ég, eins og hv. frsm. meiri hl., tekið 18., 19. og 20. brtt. í einu. Þær eru um að færa niður ýms fjárframlög til Nýja-Klepps. Ég lít svo á, að þetta sé alls ekki viðeigandi af n. hálfu, af sömu ástæðum og ég nefndi um ríkisféhirðiskostnaðinn, og þarf ekki að skýra það nánar. En ég þykist vita, að meiri hl. n. hefir gert það eftir beiðni formanns sín að færa þetta niður, því að það er vitað, að hann er lítill vinur yfirlæknisins á Nýja-Kleppi, og þykir honum kannske einhver fróun, að þetta sé fært niður. Það er ekki hægt annað en brosa að þessu, eins og t. d. að ætla ekki nema 1500 kr. til lyfja og sáraumbúða, því að vitanlega verður borgað eins og þarf, og er þetta því ekki annað en að svíkja sjálfan sig.

Ummæli hv. frsm. meiri hl. um, að kostnaðurinn við Nýja-Klepp hafi hækkað frá því, sem áætlað var í síðustu fjárl., eru rétt. En þessi hækkun er eðlileg, af því að sjúklingum fjölgaði þar mikið, en annars er þessi hækkun ekki nærri því eins mikil og við landsspítalann, og finnst mér, að hv. frsm. meiri hl. hefði átt að upplýsa það. En þessa till. lít ég á sem lítilfjörlegan tituprjón í yfirlækninn, sem honum gerir ekkert til, en er kannske til fróunar hv. form. fjvn., sem hefir ánægju af slíkum smátituprjónsstungum.

Þá vil ég nefna með örfáum orðum 13. brtt., viðvíkjandi landhelgisgæzlunni. Minni hl. n. er fyllilega samþ. henni, en ég finn ástæðu til þess að nefna hana með fáeinum orðum, af því að það hefir verið mjög fundið að því, að ég dró úr landhelgisgæzlunni á minni stjórnartíð, af því að ekki var veitt nægilega mikið fé til þess að halda henni uppi jafnmikilli og áður var. En það getur ekki annað en glatt mig, að nú hefir hv. meiri hl. n. gengið inn á þessa skoðun, og leggur nú til að draga enn meira úr landhelgisgæzlunni. Ég held, að það bezta, sem hægt er að gera í þessu efni, sé að selja varðskipið Þór. Ég geri ráð fyrir, að það muni vera auðvelt, því að lítið þarf að breyta honum til þess að gera hann að togara. Það væri æskilegt, að þetta skip væri notað til fiskveiða, en ekki lagt upp, eins og ég geri ráð fyrir, að annars mundi verða gert. En það álít ég hæpið, sem hv. meiri hl. n. leggur til, að láta Þór ganga og taka að sér flutninga til vitanna, því að þá verður að leggja upp vitaskipinu, en ég er hræddur um, að flutningar með Þór mundu verða talsvert dýrari fyrir vitana heldur en með vitabátnum. Annars er minni hl. n. samþykkur því, að ef eitt skip er haft við landhelgisgæzlu, þá sé það bezta og yngsta skipið, Ægir. Og svo verður hitt skipið látið vera sérstaklega við gæzlu við Vestmannaeyjar og annarsstaðar þar, sem mest er þörf á gæzlu að staðaldri.

Svo kem ég að vegunum, 38. brtt. á þskj. 508 er um að fella niður lögákveðið gjald til malbikunar á þjóðvegum. Það er eins og hv. frsm. meiri hl. fjvn. sagði, að það geta verið deildar meiningar um, hvort það er rétt eða ekki. Ég var í vafa og greiddi ekki atkv. um það í n. Því verður þó ekki neitað, að það er sanngirni, sem mælir með því, að þessari upphæð verði skipt á milli sýslna, því að vegamálastjóri gerir ráð fyrir, að hún muni ekki verða notuð á árinu 1935, heldur geymd, til þess að hægt verði að taka fyrir stærra svæði í einu til að malbika. En ef þessi till. verður samþ., má ekki gleyma því, að með því er í raun og veru verið að safna skuld, sem vegirnir eiga síðar að fá greidda, því að það var samningur á sínum tíma út af lögum um skatt á benzíni, að hluti af honum færi til þessa, og þann samning er ekki rétt að rjúfa. Í því að taka þessa fjárveitingu burt og skipta henni á milli ýmissa landshluta er fólgin sú hækkun á vega-

fénu, sem hér liggur fyrir, ef frá eru teknar þær 50 þús. til Sogsvegarins, sem hæstv. ríkisstj. hefði átt að taka upp í fjárlagafrv. sitt, því að það var vitanlegt, að til þeirra gjalda mundi koma á árinu 1935.

Ég hefi áður tekið það fram við þessa umr., að mér fyndust skiptin á vegafénu ekki sanngjörn, og til þess að rökstyðja það dálítið ætla ég að sýna, hvernig þessu fé er skipt eftir till. vegamálastjóra, eftir till. stj. og eftir till. fjvn. Því er þannig skipt:

Í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Eftir till. vegamálastj. 25 þús. kr., eftir till. stj. 10 þús. kr., eftir till. fjvn. 10 þús. kr.

Í Borgarfjarðarsýslu: Eftir till. vegamálastj. 5 þús. kr., eftir till. stj. ekkert, eftir till. fjvn. 5 þús. kr.

Í Mýrasýslu: Eftir till. vegamálastj. 16 þús. kr., eftir till. stj. 6 þús., eftir till. fjvn. 6 þús. kr.

Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslum: Eftir till. vegamálastj. 19 þús. kr., eftir till. stj. 5 þús. kr., eftir till. fjvn. 10 þús. kr.

Í Dalasýslu: Eftir till. vegamálastj. 14 þús. kr., eftir till. stj. ekkert, eftir till. fjvn. 5 þús. kr.

Í Barðastrandarsýslu: Eftir till. vegamálastj. 4 þús. kr., eftir till. stj. 4 þús. kr., eftir till. fjvn. 10 þús. kr.

Í Vestur-Ísafjarðarsýslu: Ekkert ætlað af neinum þessara aðila, og er það eina sýslan, sem svo er ástatt um.

Í Norður-Ísafjarðarsýslu: Eftir till. vegamálastj. 3 þús. kr., en hvorki hjá stj. né fjvn. áætlað neitt.

Í Strandasýslu: Eftir till. vegamálastj. 3 þús. kr., eftir till. stj. 5 þús. kr., eftir till. fjvn. 11 þús. kr.

Í Vestur-Húnavatnssýslu: Eftir till. vegamálastj. 10 þús. kr., eftir till. stj. 6 þús. kr., eftir till. fjvn. 6 þús. kr.

Í Austur-Húnavatnssýslu: Eftir till. vegamálastj. 20 þús. kr., eftir till. stj. 10 þús. kr., eftir till. fjvn. ekkert.

Í Skagafjarðarsýslu: Eftir till. vegamálastj. 30 þús. kr., eftir till. stj. 25 þús. kr., eftir till. fjvn. 25 þús. kr.

Í Eyjafjarðarsýslu: Eftir till. vegamálastj. 10 þús. kr., eftir till. stj. 6 þús. kr., eftir till. fjvn. 21 þús. kr.

Í Suður-Þingeyjarsýslu: Eftir till. vegamálastj. 15 þús. kr., eftir till. stj. 10 þús. kr., eftir till. fjvn. 10 þús.

Í Norður-Þingeyjarsýslu: Eftir till. vegamálastj. 7 þús. kr., eftir till. stj. 12 þús. kr., eftir till. fjvn. 15 þús. kr.

Í Norður-Múlasýslu: Eftir till. vegamálastj. 9 þús. kr., eftir till. stj. 31 þús. kr., eftir till. fjvn. 31 þús. kr.

Í Suður-Múlasýslu: Eftir till. vegamálastj. 5 þús. kr., eftir till. stj. 20 þús. kr., eftir till. fjvn. 35 þús. kr.

Í Austur-Skaftafellssýslu: Eftir till. vegamálastj. 5 þús. kr., eftir till. stj. 5 þús. kr., eftir till. fjvn. 10 þús. kr.

Í Vestur-Skaftafellssýslu: Eftir till. vegamálastj. 20 þús. kr., eftir till. stj. 12 þús. kr., eftir till. fjvn. 12 þús. kr.

Í Rangárvallasýslu: Eftir till. vegamálastj. 35 þús. kr., eftir till. stj. 7 þús. kr., eftir till. fjvn. 10500 kr.

Í Árnessýslu: Eftir till. vegamálastj. 10 þús. kr., eftir till. stj. 4 þús. kr., eftir till. fjvn. 15 þús. kr.

Þar með tek ég ekki fjárveitingu til Sogsvegarins, sem er 50 þús. kr., af því að ég skoða hann ekki gerðan vegna sýslunnar sjálfrar, heldur vegna Sogsvirkjunarinnar.

Fjárveitingu til Fjarðarheiðarvegarins taldi ég ekki með Norður-Múlasýslu, af því að ég skoða þann veg sem veg fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Sama er að segja um Holtavörðuheiðarveginn, að ég hefi ekki talið hann til neins kjördæmis, af því að hann er á milli Norður- og Suðurlands. En til Holtavörðuheiðarvegarins hefir vegamálastj. áætlað 70 þús. kr., stj. 60 þús. kr., en fjvn. færði það aftur upp í 70 þús. kr.

Ef maður nú lítur á þessa skiptingu, rekur maður sig fyrst á, að till. vegamálastj. er umturnað miklu meira en nokkru sinni fyrr. Vegamálastj. lagði til, að veitt yrði til vega 350 þús. kr., en fjvn. um 380 þús. kr., svo að það hefði ekki þurft annað, ef till. vegamálastj. hafa verið sanngjarnar, en að bæta við þær þessum mismun, sem er 30 þús. kr. Það er sérstaklega áberandi, hversu mikið er hækkað frá till. vegamálastjóra framlagið til Norður-Þingeyjarsýslu, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, og það kveður svo rammt að þessu að því er við kemur framlaginu til Suður-Múlasýslu, að það er sjöfaldað frá því, sem er í till. vegamálastjóra, svo að ekki er hægt að segja annað en hæstv. fjmrh. hafi hugsað nokkurnveginn vel fyrir sínu kjördæmi, og gæti manni dottið í hug, að það væri minni tregða hjá honum að greiða fé í sitt kjördæmi heldur en til annara. Mjög áberandi er einnig með fjárveitinguna í Norður-Múlasýslu. Eftir till. vegamálastj. átti hún að vera 9 þús. kr., en bæði hæstv. stj. og meiri hl. fjvn. leggja til, að hún verði 31 þús. kr. Þetta er mjög mikill munur, og svo er einnig í Norður-Þingeyjarsýslu, þó að ekki sé alveg eins.

Ég hefi haldið, að vegamálastjóri væri sá maður, sem er kunnugastur þessum málum á landinu yfirleitt, og þar sem hann er sá embættismaður, sem á að gera till. um skiptingu á þessu fé, þá langar mig til að heyra, hvers vegna hæstv. stj. og meiri hl. fjvn. hefir vikið svo mjög frá till. hans í þessu efni. Það kann að vera, að þessir aðilar þykist geta fundið einhverja fullnægjandi ástæðu fyrir þessu, en ég hygg, að það sé ekki hægt, heldur sé hér um skipti að ræða eftir vinfengi hæstv. stj. sumpart við sjálfa sig og sumpart við aðra, því að það er áberandi, hversu ríflegar er skipt niður í kjördæmi stuðningsmanna stj. heldur en andstæðinga hennar.

Það er mjög áberandi, svo ég taki eitt lítið dæmi úr einu kjördæmi stjórnarandstæðinga, Rangárvallasýslu, að þar lagði vegamálastj. til, að veittar yrðu 35 þús. kr., en stj. ekki nema 7 þús. kr. M. ö. o., það er snúið við hlutfallinu milli till. í Suður-Múlasýslu, svo að manni getur ekki annað en dottið í hug, að hér sé hlutdrægni á bak við. Ég skal ekki að svo komnu máli ræða frekar um vegina; ég bíð eftir því, hvaða svör ég fæ, bæði frá hæstv. ríkisstj. og

frsm. meiri hl., en áskil mér rétt til þess að koma að þessu síðar.

Ég kem þá að till. okkar minnihl.manna við þennan kafla. Þær eru fáar, ekki nema þrjár. Er sú fyrsta um að færa niður fjárframlag, sem ætlað er til nýrra símalína, úr 120 þús. kr. niður í 85 þús. kr. Okkar ástæður fyrir þessu eru þær, að það, sem þarf til símabygginga, er að langmestu leyti aðkeypt útlent efni. Það eru að vísu dálítil vinnulaun, en þau eru hverfandi lítil í samanburði við kaup á erlendu efni. Við þykjumst því vera í fullu samræmi við stefnu hæstv. ríkisstj. í þessu efni með því að stinga upp á þessu, og hefi ég gaman af að heyra, hvað hún segir um þessa till. Reyndar er ég búinn að heyra það frá hæstv. fjmrh., að allar till. okkar minnihl.manna ættu að fara í pappírskörfuna. Skiptingin á þessum 85 þús. kr., sem við leggjum til, að veittar verði, álítum við, að eigi að vera sú, að taka fjórar efstu línurnar, sem landssímastjóri leggur til, að verði lagðar á árinu 1935. Hann gerði till. um ýmsar smálínur og lét það uppi við fjvn., að hann áliti, að þær ætti að taka í þeirri röð, sem þær eru samkv. hans till. Höfum við farið eftir því og ætlumst til, að byggður verði fjölsími milli Rvíkur og Borgarness, sem áætlað er, að kosti 25 þús. kr., og mun hann vera mjög nauðsynlegur. Svo er firðtalstöð á Ísafirði og á Austfjörðum, sem kosta 15 þús. kr., Fnjóskadalslína á 20 þús. kr. og lína frá Sandeyri um Grunnavík til Hesteyrar á 25 þús. kr. Þetta eru samtals 85 þús. kr., og viljum við fylgja till. landssímastjóra um að taka þessar *línur fyrstar. Ef þessi till. væri samþ.*, væru sparaðar 35 þús. kr., og ég er ekki í vafa um það, að ef ómögulega má spara þær, þá væri nær að veita þetta fé til bryggjugerða og lendingarbóta, því að það er eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, að það er ekki eins mikil eftirspurn eftir neinu og því, því að víða á landinu er útgerðinni stór hagi að því að hafa ekki bryggjur eða öruggar lendingar, og ég er sannfærður *um það, að ólíkt meira gagn yrði að* þessu fé, ef það væri sett í lendingarbætur, heldur en ef það væri sett í síma, því að sem betur fer er síminn kominn svo víða, að ekki er nema tiltölulega lítið, sem eftir er að leggja, og ef maður lítur á skrána, sem n. fékk frá landssímastjóra, þá er þetta auðsær hlutur. Svo er annað með þessar lendingarbætur, að þó að allmikið þurfi til þeirra að kaupa af útlendu efni, þá hygg ég, að það sé talsvert minna heldur en til síma, og talsvert meira þar af leiðandi, sem fer til greiðslu á innlendu verkakaupi. Annars skal ég geta þess, að ekki voru, meðan við minnihl.-mennirnir unnum í n., greidd atkv. um þetta, en því var hvað eftir annað hreyft að fá atkvgr. en því var frestað eins og svo mörgu öðru, og ég gæti trúað, að ef n. ætti að fara í gegnum allt, sem hún hefir ekki ennþá tekið ákvörðun um, kunni að koma fram nokkuð margar till. við 3. umr., og kannske að hún dragist líka nokkuð.

Þá er önnur brtt. um að framlag til sjúkrahúss á Reyðarfirði falli burt. Það eru 10 þús. kr. Ástæðan fyrir þessu er sú, að það var upplýst, m. a. af landlækni, að engar líkur væru til, að sjúkrahús yrði byggt á þessum stað, og þá sé ég ekki, hverskonar þrái það er, að vilja endilega hafa þessa fjárveitingu í fjárl. Ég get hugsað mér, að hæstv. fjmrh. hafi viljað punta upp á fjárveitingarnar til síns kjördæmis með þessu, en hann um það, en minni hl. n. sá ekki ástæðu til að láta standa í fjárl. fjárveitingu, sem ekki eru líkur til, að verði notuð. (**Fjmrh.**: Hvað ætli hv. þm. geti sagt um, hvað verði notað eða ekki?). Ég tilfæri hér það, sem landlæknir sagði í n. um þetta, og er þess fullviss, að hann veit betur um þetta en hæstv. ráðh., sem tók fram í. En ég skil, að hann vill láta þessa fjárveitingu standa til þess að punta upp á fjárveitingarnar til Suður-Múlasýslu, en mér finnst þær líta áður svo laglega út, að hann þurfi ekki þessa fjöður í hattinn; hann hefir skammtað sjálfum sér svo ríflega, að mér finnst hann ætti að geta séð af þessum litla baunaspón, sem þarna er.

Þá er það þriðja till. viðvíkjandi strandferðum, sem ríkissjóður heldur uppi, um að lækka kostnaðinn við þær um 80 þús. kr., og er þó gengið út frá, að kostnaðurinn verði talsvert meiri en var á árinu 1933, því að ef ég man rétt, þá var hann árið 1933 285 þús. kr. Þessi 35 þús. kr. hækkun frá því, sem notað var 1933, finnst mér nægilega mikil, sérstaklega með tilliti til þess, að það er upplýst af framkvæmdarstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Pálma Loftssyni, að ef bæði skipin væru allt árið í ferðum, drægju þau hvort frá öðru, vegna þess, að ekki er nægilegt fyrir tvö skip að flytja nema haust og vor. Og væri því skynsamlegra að láta ekki nema *annað þeirra vera í förum hinn tíma ársins*, því að séu þau tvö, tvöfaldast kostnaðurinn.

Ég geri ráð fyrir, að því verði haldið fram, að þessar strandferðir þurfi að vera tíðar vegna Austfjarða, og ég skal ekki neita því, að þeir þurfi samband við höfuðstaðinn, enda vil ég, að þessum ferðum verði hagað þannig, að þær verði tíðar þangað. En maður má ekki heldur vera blindur fyrir því, að nú eru Austfirðir komnir í *vegasamband* við aðra landshluta. Ég er ekki í vafa um, að fólk fer mikið að fara landleiðina milli Austfjarða og Rvíkur, og við það minnkar þörfin fyrir farþegaflutning á sjó yfir sumarið. Þetta hefir sýnt sig að því er Norðurland snertir. Þann tíma árs, sem bílfært er norður, eru mjög litlir farþegaflutningar á sjó milli Rvíkur og Skagafjarðar og Húnavatnssýsla. Fólkið vill heldur fara með bílum en skipum, því það tekur styttri tíma og er ódýrara, auk þess sem sjóveikin fælir marga frá því að fara sjóleiðis, þegar annars er kostur. Ég man oft eftir því, að sagt hefir verið hér á þingi, að þjóðvegur Austfirðinga væri sjórinn, og með því bent á, að samgöngur við Austfirði yrðu að vera sjóleiðis, en ekki á landi. En þegar nú er svo komið, að Austfirðir eru komnir í samband við þjóðvegakerfi landsins, og auk þess er veitt þangað mikið fé til vegagerða, þá finnst mér, að Austfirðingar megi ekki bæði heimta samgöngur á landi í sama mæli og aðrir hafa og svo einnig sérstakar samgöngur á sjó.

Fleiri eru svo ekki till. minni hl. við þennan kafla fjárlfrv., þær eru langflestar við hinn kaflann og koma því ekki til meðferðar nú.

Ég ætla að fylgja því fordæmi hv. frsm. meiri hl., að ræða ekki um brtt. einstakra þm. fyrr en talað hefir verið fyrir þeim. Það vekur strax athygli, þegar maður lítur yfir þær till., að alls engin brtt. er flutt af stuðningsmönnum hæstv. stj., ekki ein einasta. Til þess geta legið tvær ástæður. Önnur sú, að búið sé svo að uppfylla allar kröfur þeirra, er stj. styðja, að enginn þeirra óski neins frekar. Liggur nærri að halda, að svo sé. Þó efast ég mjög um það, því lengi tekur sjórinn við, eins og þar stendur, og ég trúi því varla, að allir flokksmenn stj. séu orðnir svo fleytifullir úr ríkissjóði, að enginn geti tekið á móti svolitlu meiru. Einmitt sú hugsun leiðir mig inn á það, hvort ekki geti hugsazt, að þeir hafi verið dálítið bundnir af flokkunum í þessu efni. Ég verð að segja það eins og er, hafandi nokkur kynni af frjálsræðinu innan núv. stjórnarflokka, að ég er ekki frá því, að handjárnin kunni að hafa verið dálítið notuð í þessu tilfelli. Það gæti hugsazt, að hv. stuðningsmenn stj. hafi verið kúgaðir til þess að vera í bindindi um að bera fram brtt. við þessa umr.

En hver er afleiðingin af því, þegar svo er í pottinn búið, að stjórnarflokkarnir taka ákvörðun um það á sameiginlegum fundi, að ekkert skuli verða samþ. nema það, sem meiri hl. þeirra mælir með, og að engin till. megi koma fram nema þær, sem meiri hl. flokksfundanna mælir með? Afleiðingin verður vitanlega sú, að rúmlega einn fjórði hluti þingsins getur alveg ráðið, hvað kemst fram og hvað ekki. Þetta er spegilmynd af því lýðræði, sem stjórnarflokkarnir fylgja. Þeir þykjast vilja hafa lýðræðið í heiðri, en þetta er eitthvert greinilegasta dæmi um minnihlutavald, sem hægt er að finna og á ekkert skylt við lýðræði. (JJ: En sparnað?). Við hv. frsm. meiri hl. skulum nú tala um það þegar þar kemur. Ég veit, að ákveðið er í okkar stjskr. og þingsköpum, að þm. eigi að greiða atkv. eftir sannfæringu sinni, en ekki eftir því, hvað meiri hl. á einhverjum flokksfundi segir, og ef því ákvæði er fylgt, getur vel verið, að till., sem felld er af meiri hl. á fundi stjórnarflokkanna, yrði samþ. með glansandi meiri hl. í Sþ. Enginn sparnaður þarf því að verða af þessu. En ég skil vel, að það, sem hér liggur á bak við, er það, að stjórnarflokkarnir vilja einir öllu ráða og skeyta ekkert um, þó þeir brjóti á bak aftur allt lýðræði í landinu og geri það að engu.

Þetta, sem ég hefi sagt hér nú, er bara til þess að bregða upp þeirri skrípamynd af þingræði, sem hér kemur fram, og ljósmynd af flokkseinræði stjórnarflokkanna. Ég tel svo ekki, að ég þurfi í bili að hafa mitt mál lengra, en ég verð vitanlega að taka til máls aftur, þegar mælt hefir verið fyrir till. einstakra hv. þm. og þegar ég hefi heyrt andmæli hv. stjórnarliuta n.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 602. Fyrst eru tvær till. um að áætla hærra en gert hefir verið tekjur af áfengistolli og vínveitingasölu. Ég er ekki í vafa um, að þessar tekjur verða mun meiri jafnvel heldur en ég legg til, að þær séu áætlaðar, ef skynsamlega er hagað álagningu á vínin. Því með skynsamlegri álagningu á hið löglega áfengi er víst, að smyglun hverfur og bruggun innanlands minnkar stórkostlega. En ef aftur verður lagt óhæfilega mikið á vínin, svo smyglið og bruggið haldi áfram, þá má svo fara, að tekjurnar í ríkissjóð verði minni heldur en menn annars búast við. En ég vil vona í lengstu lög, að þeir, sem ráða í þessu efni, verði svo skynsamir að beita þessu bezta ráði, sem til er gegn smygli og bruggun, hæfilegri álagningu á vínin, og þá mun vel fara. Ég heyrði af ræðu hv. frsm. meiri hl., að n. ætlar að taka þessa liði til athugunar fyrir 3. umr., og úr því svo er, að n. hefir ekki endanlega gengið frá sínum till. um þessa tvo liði, þá get ég tekið mínar till. til hækkunar á þeim aftur til 3. umr., og geri það hér með.

Þá er 3. till., um hækkun styrksins til læknisbústaða og sjúkraskýla. Ég sé, að n. hefir ekki tekið til greina erindi hreppsnefndar Ögurhrepps um hækkun styrksins til læknisbústaðarins í Ögurlæknishéraði. Nú er það svo, eins og lýst er í þessu erindi, að gert var ráð fyrir, að þessi læknisbústaður mundi kosta 24. þús. kr. En á teikningum þeim og áætlunum, sem lagðar voru til grundvallar, voru gerðar, samkv. ráði viðkomandi læknis og landlæknis, allverulegar breytingar, m. a. var fjölgað sjúkraherbergjum sjúkraskýlisins, svo allur kostnaðurinn nam 28961,57 kr. Nú hefir læknishéraðið fengið einn þriðja af áætlunarupphæðinni sem styrk frá ríkinu, en vantar rétt að segja 3000 kr. til þess að greiddur verði sá einn þriðji kostnaðar, sem lög heimila, að ríkissjóður leggi til byggingar læknisbústaða og sjúkraskýla, eða kr. 2960,20. Um þennan læknisbústað er þess að geta, að í héraðinu voru miklar deilur um, hvar hann skyldi vera. Tókst eigi að leysa þá deilu innan héraðsins, en núv. landlæknir bar fram á þingi 1932 frv. um skipun læknishéraða, og þar var ákveðið, að þessi læknisbústaður skyldi vera að Ögri. Þegar nú þetta var fyrirskipað með lögum, risu hinir hrepparnir fjórir upp og neituðu að taka nokkurn þátt í byggingu læknisbústaðarins, og varð ekki við það ráðið. Tveir af þeim vildu hafa hann annarsstaðar, einn vildi losna úr læknishéraðinu, og sá fjórði, sem að vísu hafði fallizt á að hafa læknisbústaðinn að Ögri, neitaði einnig að borga þegar hinir skoruðust undan að taka þátt í kostnaðinum. Svo það er aðeins einn hreppur, sem stendur undir þessari byggingu og hefir komið henni upp. Nú munu vera fordæmi fyrir því, að þegar svona hefir staðið á, að ekki hefir náðst samkomulag innan læknishéraðs um byggingu læknisbústaðar, þá hafi ríkissjóður greitt meira en einn þriðja kostnaðar, og hreppsnefnd Ögurhrepps hefir farið fram á miklu meira, en til vara, að ríkissjóður greiði nú það, sem vantar til þess að hann leggi fram einn þriðja kostnaðar, og það er satt að segja það minnsta, sem hægt er að fara fram á, eins og á stendur í þessu tilfelli.

Þá er V. brtt. á sama þskj. Hún er um, að lagt verði til Langadalsvegar og Bolungavíkurvegar sínar 6000 kr. til hvors þeirra, og til vara 3000 til hvors. Um fyrri liðinn er það að segja, að vegamálastjóri hafði lagt til, að til Langadalsvegar yrðu veittar, ég man ekki hvort heldur 3 eða 4 þús. kr. Svo stendur á, að unnið hefir

verið dálitið við þennan veg, en það, sem komið er, kemur ekki að notum fyrir þá Langdælinga, nema framlenging fáist. Fyrir 3000 kr. mætti koma veginum það áleiðis, að flestir bæir í dalnum kæmust í akvegarsamband við Arngerðareyri, og þó menn komist þangað, eiga menn samt eftir dýrar ferðir með póstbátnum til Ísafjarðar, þangað sem menn verða að sækja nauðsynjar sínar.

Annars er það svo, að eini þjóðvegurinn, sem liggur í Ísafjarðarsýslu, liggur um Strandasýslu yfir til Arngerðareyrar. Nú er bílvegarsamband komið alla leið til Hólmavíkur, svo Strandamenn fara að verða sæmilega settir hvað snertir akvegasamband, en það vantar veg frá Hólmavík yfir til Arngerðareyrar. Meiri hl. af þeirri leið er Steingrímsfjarðarheiðin, sem er svo greið yfirferðar, að fara mætti hana á bílum yfir sumarið án nokkurs tilkostnaðar. Það er Langadalur og Staðardalur, sem þarf að leggja veg um. Staðardalsvegurinn verður sennilega nokkuð dýr, í Langadalnum eru aftur ágæt vegarstæði, víðast melar, og aðeins ein á, sem þarf að brúa. Álítur vegamálastjóri, að 3000 kr. mundu duga til þess að koma veginum fram yfir þessa á.

Um veginn milli Bolungavíkur og Ísafjarðar er það að segja, að ég býst ekki við, að mikið fé verði lagt til hans fyrst um sinn, nema það, sem hér er farið fram á. En til þessa framlags ber brýna nauðsyn af tveimur ástæðum. Fyrst og fremst vegna þess, að þessi vegur liggur í gegnum sandgræðslusvæði Bolungavíkur, en það er stórt uppblásið foksandssvæði, sem verið er að rækta upp, og hefir það sýnt sig, að auðvelt er að koma því í góða rækt, ef nægilegur áburður er þangað fluttur. Árin 1928—1930 var talsvert af fiskúrgangi ekið á þetta svæði, og þar sem hann var settur, er nú sæmilegur gróður vaxinn upp. Hefir því landi verið úthlutað til Verkalýðsfélags Bolungavíkur og einstakra manna til ræktunar, og gefur það góðan arð eftir atvikum. En það, sem þarna vantar til þess að hægt sé að halda áfram að rækta og binda foksandinn, er meiri áburður, og honum er því aðeins hægt að koma þangað, að vegur verði lagður gegnum sandgræðslusvæðið. Hin ástæðan er sú, að þarna stendur til, vonandi bráðlega, að virkja fallvötn fyrir Ísafjörð og Bolungavík,. sem ég hygg, að verði í samvinnu um virkjunina, því það verður áreiðanlega bezt og ódýrast. Nú eru enn skiptar skoðanir um, hvort byrja eigi að virkja í Bolungavík eða í landi Ísafjarðarkaupstaðar, en sjálfsagt er að byrja þar, sem ódýrast er og nægileg vatnsorka til fyrstu virkjunarinnar. Nú hafa Bolvíkingar lagt fram 20 þús. kr. af sinni hálfu, og verði horfið að því að byrja virkjunina hjá þeim, er nauðsynlegt, að vegurinn komist upp að virkjunarstaðnum áður en verkið er hafið. Til þess mun þurfa 8 þús. kr., en þó þetta sé talinn þjóðvegur, þá þykir mér líklegt, að Bolvíkingar myndu leggja fram ókeypis vinnu að einhverju leyti til þessarar vegagerðar.

Þá flyt ég XIII. brtt. á sama þskj., um að veita 20 þús. kr. sem lokastyrk til bryggjugerðar í Hnífsdal. Til þessarar bryggjugerðar er búið að verja 80 þús. kr. Bryggjan hefir þegar komið að góðu gagni, en verður þó ekki nema að hálfum notum fyrr en hún hefir verið lengd fram eins og upphaflega var ætlazt til. Áætlað var, að bryggjugerðin öll kostaði 145 þús. kr., en til þess, sem nú liggur fyrir, mundi þurfa 60 þús. kr. Það, sem þegar hefir verið unnið, hefir ekki farið fram úr áætlun, og eftir því, sem kunnugir menn segja, er óhætt að treysta því, að 60 þús. kr. alls til viðbótar yrðu nægilegar til að fullgera verkið algerlega.

Þá hefir hreppsnefnd Súðavíkurhrepps farið fram á að fá styrk til bryggjugerðar þar. Það er svipað um þennan stað að ræða, þar hafa verið mestu vandræði að lenda fiskinum og koma öðrum vörum á land og af landi, vegna bryggjuleysis. Áætlað er, að bryggjugerðin kosti 19 þús. kr., svo það er einn þriðji kostnaðar, sem hér er farið fram á. Ég heyrði á ræðu hv. frsm. meiri hl. fjvn., að ekki er ennþá ákveðið, hvernig styrknum til bryggjugerða og lendingarbóta verður skipt niður eftir till. n., en þar sem sú fjárhæð, sem n. hefir þó hækkað allverulega, er ekki á nokkurn hátt nægileg til þess að fullnægja þeim óskum, sem fram hafa komið — þær nema um 300 þús. kr., en lagt er til, að veittar séu 35 þús. kr. —, þá finnst mér ástæða til að láta ganga atkv. nú við þessa umr. um þessar till.

Í sambandi við þetta vil ég minna hv. Alþ. á það, að ennþá hafa ekki komið fram neinar till. um greiðslu úr ríkissjóði til endurbóta á brimbrjótnum í Bolungavík, sem skemmdist allverulega í ofviðrinu 26.—27. okt. Vitamálastjóri hefir nýlega fengið lýsingu á skemmdunum, en hann var ekki tilbúinn með áætlanir um, hvað viðgerðin mundi kosta. En það er víst, að nauðsynlegt er að veita fé í þessu skyni, og till. um það ásamt áætlunum um kostnað og fyrirkomulag viðgerðarinnar munu koma fyrir fjvn. fyrir 3. umr. Ég vildi aðeins minnast á þetta nú, svo n. og Alþ. vissi, að von er á slíkum till. Því verði ekkert að gert og öldubrjóturinn látinn eyðileggjast, eins og hann fyrirsjáanlega gerir, ef aðgerð er ekki framkvæmd þegar á næsta sumri, þá er um leið þessi elzta veiðistöð landsins eyðilögð að fullu. Því um leið og öldubrjóturinn eyðileggst verður lendingin ónothæf, og þá er þetta gamla og fræga sjávarþorp óbyggilegt, svo fólkið yrði að flytja burtu. Ég veit, að Alþ., sem jafnan hefir séð þörfina á að halda við og endurbæta þetta mikla mannvirki, tekur vel í þær till., sem vitamálastjóri gerir nú til endurbóta á því.

**Magnús Torfason:** Ég á hér brtt. við fjárlfrv., á þskj. 602, um að auka tillagið til bryggjugerða og lendingarbóta um 20 þús. kr. og að við liðinn bætist þessi aths.: „20000 kr. til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka". Ég skal geta þess, að í prentun er nú vatill. við þennan lið, þess efnis, að þetta sé veitt gegn jöfnu framlagi annarsstaðar frá. Það er fyrir þá sök, að í l. um lendingarbætur á Eyrarbakka frá 8. sept. 1931 er gert ráð fyrir, að framlagið úr ríkissjóði til þessara lendingarbóta verði helmingur á móti tillagi annarsstaðar frá. Samkv. bráðabirgðaákvæði í þessum l. hafa þegar verið veittar um 19 þús. kr. til þess

að byggja sjóvarnargarðinn þar. Samkv. áætlun á hann að verða 500 m. á lengd, og af því er nú búið að byggja fulla 300 m. Alls var áætlað, að garðurinn mundi kosta um 80 þús. kr., svo að það lítur út fyrir, að þessi áætlun ætli að standast. Þetta, sem gert hefir verið, hefir komið að góðum notum þannig, að nú má kallast öruggt, að höfnina kefji ekki af sandi. Hinsvegar er þeim tilgangi ekki náð, sem annarsvegar var ætlunin, að taka fyrir straum, sem er úr ánni inn á svo kallað Bússusund. Þvert á móti hefir við garðbygginguna straumurinn orðið þar meiri en áður. Það verður því ekki hjá því komizt að lengja garðinn eins og upphaflega var ætlunin að hafa hann. Verk þetta hefir sótzt vel, eftir efnum og ástæðum, svo að vitamálastjóri og aðrir hafa játað, að vel hafi verið unnið þar.

Skal ég í þessu sambandi geta þess, að sýslusjóður Árnessýslu veitti 8 þús. kr. til þessa fyrirtækis, og með því er sýnt, að þessi garður er ekki sérstaklega byggður fyrir einn hrepp, heldur miklu fremur fyrir alla sýsluna, því að Eyrarbakki er verzlunarhöfn Árnessýslu og nokkurskonar hafnarborg fyrir verzlunina á Selfossi, en þar er, eins og kunnugt er, miðdepill sýslunnar, og þangað liggja allar götur. Ég vonast til þess, að þessu verði vel tekið og ekki verði látið viðgangast, að ríkisvaldið verði þess valdandi, að hætt verði þarna við hálfnað verk.

Hér liggur fyrir brtt. frá fjvn., sem ég vildi leyfa mér að taka dálítið til athugunar. Það er 9. brtt., við 10. frvgr., þar sem farið er fram á, að skrifstofufé til ríkisféhirðis verði lækkað úr 35 þús. kr. og niður í 30 þús. kr. Hæstv. fjmrh. hafði ekki séð sér fært að lækka þetta tillag, og má hann þó eiga það, að hann hefir klipið af útgjöldum ríkisins alstaðar þar, sem hann hefir treyst sér til að gera það. Ég verð því að halda, að þessi brtt. hljóti að byggjast á misskilningi hjá meiri hl. fjvn. Ég skal geta þess, að ríkisféhirðisstarfið skiptist í tvær deildir. Annarsvegar er hið eiginlega ríkisféhirðisstarf, og þar er ríkisféhirðir, sem hefir 4,1 þús. kr. laun, og fulltrúi, sem ríkisféhirðir hefir haft um langa stund, og svo 4 stúlkur, sem hafa 200—300 kr. laun hver. Þessu starfi fylgir afarmikil ábyrgð, og það hefir ætíð verið talið sjálfsagt að launa slík störf sæmilega. Við þurfum ekki annað en að líta til bankanna, hvernig þeir launa slíkum starfsmönnum. En sérstaklega hefir það verið ófrávíkjanleg regla, að láta þá menn, sem mikið fé hafa með höndum og mikil ábyrgð hvílir á, fá nauðsynlega aðstoð, til þess að verk þeirra geti verið vel af hendi leyst.

Ég veit til þess, að ríkisféhirðir hefir haft fulltrúa. Og það er nauðsynlegt, að ríkisféhirðir hafi hann, bæði í veikindum, sem fyrir kunna að koma, og eins þegar ríkisféhirðir þarf nauðsynlega að bregða sér frá. Ég tel varla skammlaust, að ríkisféhirðir hafi ekki fulltrúa, sem hafi svo sæmileg laun, sem með þarf til þess, að það sé nokkur von til þess, að hann verði fastur í stöðunni. Það er afaróheppilegt, ef oft þarf að skipta um menn í slíkum stöðum sem þessum, og getur við það ýmislegt komizt á ringulreið. Gæti þá svo farið, að árangur af sparnaðartilraunum í þessu efni yrði minni en enginn.

Ég býst nú við, eins og ég tók fram, að þessi brtt. sé á misskilningi byggð, og að hæstv. Alþ. samþ. hana því ekki. Ef hæstv. Alþ. samþ. þessa eða þvílíka till., þá legði það þar með út á braut, sem getur verið hættuleg og fer algerlega í bág við þá stefnu, sem þingið hefir haft um slíkt hingað til. Það má ekki vera hægt að segja síðar meir, að þingið hafi stutt að því, að trygging fyrir því, að ríkissjóði sé sæmilega borgið í höndum þeirra, sem um hann eiga að fjalla, rýrist að mun. Og komi þar nokkuð fyrir, sem ekki á að vera, vegna þess að það samþ. þessa brtt., þá má það sér sjálfu um kenna. Hvað mig snertir, þá vil ég ekki neina ábyrgð hafa á því.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég á hér á þskj. 602 nokkrar brtt. við fjárlfrv. Við fyrri hl. þess, sem nú er til umr., á ég aðeins eina brtt., sem er rómverskir tveir, við 12. frvgr. Ég hefi af sérstökum ástæðum ákveðið að taka þessa brtt. aftur til 3. umr.

Hinar aðrar brtt., sem ég hefi gert, eru undir síðari kafla fjárlfrv., og hlýðir því ekki að ræða þær nú.

**Forseti (JBald):** Mér hefir borizt kvörtun um það frá skrifurum, að þeir heyri illa til þeirra hv. þm., sem tala til hægri við forseta. Væri því mjög æskilegt, að þeir hv. þm., sem þar eiga sæti, vildu gera svo vel og tala úr ræðustólnum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég stend nú upp aðallega vegna þess, að ég hefi verið sakaður um hlutdrægni í fjárveitingum í fjárlagafrv., og kom sú aðdróttun frá hv. 1. þm. Skagf.

Ég ætla ekki að fjölyrða mjög um einstakar brtt., sem fyrir liggja frá meiri hl. og minni hl. fjvn. Stefnur þeirra hafa nokkuð borizt í tal í eldhúsumr. Geng ég því framhjá þessum brtt. nú. Sama er að segja um brtt. einstakra hv. þm. Ég mun ekki fara út í þær nú.

Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um það, að fróðlegt væri að heyra, hvernig það væri rökstutt, að stj. beitir sér á móti því að lækka tillög til símalína, þar sem slík tillög hafa í för með sér vöruinnkaup frá útlöndum. Lækkun sú á þessum lið, sem minni hl. fjvn. leggur til að gerð verði, nemur 35 þús. kr. Getur það varla talizt gera mikið, hvorki til né frá, um verzlunarjöfnuð landsins, hvort vörur eru keyptar inn fyrir 20 þús. kr. meiri eða minni upphæð. En ástæðan til þess, að stj. sér sér ekki fært að leggja til, að lægri upphæð verði veitt til símamála en í frv. er gert ráð fyrir, er sú, að mikið skortir á, að símalínur séu nú þegar lagðar þar, sem þörf er á, og er ég um það á annari skoðun en hv. frsm. minni hl. Hann sagði, að sem betur færi væru komnar símalínur þar, sem brýn þörf væri á. En eftir því, sem ég þekki til, skortir mjög á þetta. Þetta er ástæðan til þess, að stj. getur ekki fallizt á þessa lækkunartill.

Það má lengi um það deila, hve einstakir liðir í fjárl. til verklegra framkvæmda skuli vera háir. Ég hygg þó, að ekki sé vandi að benda á átakanleg dæmi um það, hve símaleysi er tilfinnanlegt sumstaðar á landinu, þó að það sé

kannske ekki þar, sem hv. 1. þm. Skagf. er kunnugastur.

Hv. frsm. minni hl. fjvn., 1. þm. Skagf., beindi því til mín, að ég hefði sýnt hlutdrægni við samningu fjárlagafrv. og hefði misnotað aðstöðu mína sem fjmrh. til þess að draga inn í fjárl. óþarflega miklar fjárveitingar fyrir mitt kjördæmi. Þetta er alvarleg ásökun, sem ég vil fara nokkrum orðum um. Þessi hv. þm. benti á það, að í þessu kjördæmi hefði það verið svo, að eftir till. vegamálastjóra hefði átt að eyða þangað í vegafé 5 þús. kr. Þetta er alveg rétt, að þannig átti þetta að vera. Þá fór hv. þm. að bera saman við þetta það, sem vegamálastjóri og stj. höfðu lagt til um framlög til annara héraða til vegagerða. Um þennan samanburð þessa hv. þm. er það að segja, að ef bera á þetta saman í þessum einum fjárl., þá gefur sá samanburður enga rétta hugmynd um það, hvaða skil þessum héruðum eru gerð í þessu efni. Því að ef nokkurt vit á að vera í samanburði á þessu, þá þarf að taka með fullri sanngirni til greina núverandi ástand í þessu efni í hverju héraði og þau fjárframlög, sem veitt hafa verið í fjárl. margra undanfarinna ára til samgöngubóta í hinum ýmsu héruðum landsins. En þessu sleppti hv. þm., og er samanburður hans því einskis virði.

Hv. 1. þm. Skagf. er það kunnugt, þótt hann virðist ekki vilja vita það, að það hefir verið svo undanfarin ár, að til Austurlands hafa vegafjárframlög frá ríkinu verið ákaflega lítil. Rök fyrir því hafa verið færð þau, að það væri eðlilegt, að þessi landshluti biði, þangað til búið væri að koma bílfærum þjóðvegi þangað, kringum landið frá Rvík. Því hefir verið haldið fram, að þegar svo væri komið, þá yrði farið að líta til þessa landshluta í þessum málum og bæta úr þörf á vegagerð þar. Nú hefir þessi landshluti sætt sig við að vera afskiptur í þessu efni lengi undanfarið. En hann getur ekki lengur sætt sig við annað en að þessum málum verði nú gerð einhver skil. Það hefði verið undarlegt réttlæti, ef þessi sýsla hefði átt að láta sér nægja 5000 kr. til þessara framkvæmda á árinu 1935. Þetta er engu að síður ranglæti, þó að það fælist í till. vegamálastjóra. Ég er ekki að væna hann um hlutdrægni, en allir ættu að sjá, að engin sanngirni er í því, að sýsla, sem undanfarið hefir ekki fengið vegafé nema af skornum skammti, skuli nú, þegar vegir hennar eru að komast í samband við bílvegakerfið kringum landið, heldur ekki fá nema 5000 kr. til vega. Þetta óréttlæti varð að lagfæra, og þar sem fé það, sem hægt er að veita í þessu skyni, er takmarkað, varð ekki hjá því komizt að minnka jafnframt framlagið til annara sýslna, frá því sem vegamálastjóri hafði gert till. um. — Og það skyldi sýna, eftir að áætlanirnar um framkvæmdir á árinu 1935 eru komnar í verk, að þessi landshluti er langt frá sambærilegur við aðra hvað vegi snertir. Hv. þm. talaði um, að hér væri sýnileg hlutdrægni, að stj. hefði alveg snúið við till. vegamálastjóra hvað snerti Suður-Múlasýslu og Rangárvallasýslu, framlagið til Suður-Múlasýslu hefði verið sjöfaldað, en framlagið til Rangárvallasýslu minnkað jafnmikið. Ég skal benda þessum hv. þm. á það, að nýlega hafa verið framkvæmdar stórkostlegar samgöngubætur í Rangárvallasýslu, og að ástand vega þar er að engu leyti sambærilegt við það, sem er eystra. Ég má segja, að hægt sé að komast með bílum í alla hreppa Rangárvallasýslu, en fyrir austan er það víða svo, að bændur verða að flytja afurðir sínar á klökkum langar leiðir. Þetta er ekki hægt að bera saman. Enda mun hv. þm. hafa skoðað þetta frekar sem tækifæri til þess að narta í stj., og þá sérstaklega í mig, en sem sanngirnismál. — Eða felst enhver sanngirni í till. hv. minni hl. fjvn., þar sem lagt er til, að felldar verði niður allar fjárveitingar í héraðið, nema þessar 5000 kr., sem vegamálastj. leggur til, að veitt verði þangað til vega á fjárl. fyrir 1935. Og svo leyfa þessir menn sér að tala um réttlæti. — Ég held því fram, að það verði að líta á ástandið í hverju héraði fyrir sig, og reyna svo að miðla því fé, sem hægt er að veita til vega, sem allra réttlátast. Það má ekki hengja sig í það, þó að einstöku ár sé dálítill mismunur í framlaginu til sýslnanna. — Það sama, sem ég nú hefi sagt um Suður-Múlasýslu, má einnig segja um Norður-Múlasýslu, sem hv. þm. talaði einnig um, þó að löngunin til þess að narta í mig væri sterkari. Ég get þessa af því að hv. frsm. síðari hluta er hér ekki viðstaddur. Stöðugt er verið að hamra á því, að stjórnarflokkarnir hafi misnotað aðstöðu sína í fjvn. Ég vil benda á í því sambandi, að form. fjvn. á enga till. til hækkunar gjalda. Annars hélt ég, að það gleddi þm. yfirleitt, að þm. stjórnarflokkanna skuli líta svo á, að eftir till. stj. og fjvn. sé ekki á gjöldin bætandi. Það er rétt, að þessir menn, sem sérstaklega hafa verið til þess kjörnir að athuga allar beiðnir og till. um fjárveitingar, hafi mest að segja um afgreiðslu fjárl., að menn snúi sér til fjvn. með óskir sínar og kröfur, og láti sitja við afgreiðslu hennar á þeim. Hin aðferðin, að flytja till., sem full vissa er fyrir, að ekki er hægt að verða við, kann að hafa gefizt vel til kjósendaveiða, en sýnir hinsvegar fullkomið ábyrgðarleysi um afgreiðslu málsins. Við getum hugsað okkur, hver áhrif slík aðferð hefði á stórum þingum, þar sem þm. skipta hundruðum. Nei, þar kemur ekki slíkt til greina, þar eru almennt viðurkenndar þær aðferðir, sem stjórnarflokkarnir hafa haft á þessu þingi, að láta miðla málunum í fjvn. Það er aðeins Sjálfstfl., sem virðist halda enn þá upp á þetta kjósendadekur.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Guðmundsson):** Nú munu allir þeir hv. þm., sem viðstaddir eru, hafa mælt fyrir brtt. sínum, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þær. Viðvíkjandi brtt. á þskj. 602, 3, þar sem hv. þm. N.-Ísf. fer fram á 3000 kr. styrk til læknisbústaðar í Ögurhéraði, vildi ég taka fram, að hafi byggingarkostnaður sjúkrahússins orðið svona hár, eiga viðkomandi aðilar heimting á að fá þessa upphæð borgaða úr ríkissjóði, samkv. þeim reglum, sem um þetta hafa gilt. Verður það því vafalaust greitt af því fé, sem til þessa er ætlað, annaðhvort á þessum fjárl. eða þeim næstu. Annars liggja alltaf fyrir miklu fleiri

loforð um styrk til læknabústaða en hægt er að efna, og verða ýms sveitarfélög því að bíða, eins og t. d. hefir verið bent á um Búðardal. — Hinar till., viðvíkjandi áfengistollinum og áfengisverzluninni, hefir þessi hv. þm. tekið aftur, og er því ekki þörf á því að ræða þær.

Viðvíkjandi till. hans um framlög til Langadalsvegar í Ísafjarðarsýslu og Bolungavíkurvegar er það að segja, að erfitt er að gera upp á milli till. hv. þm. um þesskonar framlög, og verður hver einstakur þm. að hafa sína skoðun um þær og sýna hana við atkvgr.

Viðvíkjandi brtt. XII. og XIII. á þskj. 602, um bryggjugerðir og lendingarbætur, er það að segja, að eigi þessir liðir að hækka svo, sem ráð er fyrir gert í till., verður að koma fé einhversstaðar að til að mæta þeim gjöldum. Fjvn. treystir sér ekki til að fara nánar inn á þær till. hv. þm., sem ekki hafa verið ræddar, nema till. hv. þm. Ak., um styrk til sjúkrahúss á Akureyri, en hann hefir nú tekið þá till. sína aftur til 3. umr., og get ég því geymt mér að tala um hana.

Við það, sem ég hefi nú sagt, vildi ég bæta fáeinum aths. út af ræðu frsm. minni. hl., hv. 1. þm. Skagf., og þá einkum út af ummælum hans um framlögin til vega. — Hv. þm. minntist á ríkisféhirðisembættið. Ég tók það fram um þá till. eins og þrjár aðrar, að þær eru fram bornar til þess að koma samræmi í launagreiðslur hjá þeim starfsmönnum, sem þar um ræðir. Það segir sig sjálft, að núverandi ástand má ekki haldast, að forstöðumenn fyrirtækjanna fái lægri laun en venjulegir starfsmenn við þau. Þó er vitað, að forstöðumaðurinn verður að bera alla aðalábyrgðina á fyrirtækinu. Þarna er ekki nema um tvennt að ræða, annaðhvort hækka launin, eða færa þau til samræmis, og að því stefnir till. n. Hinsvegar er þetta áætlunarliður, sem ekki er gott að segja um, hvort greiða verður 2—3000 kr. meira eða minna eftir, og fer það í þessu tilfelli eftir því rekstrarfyrirkomulagi, sem hægt verður að hafa á þessari starfsemi.

Hvað snertir klásúluna við fjárgreiðslu til vinnuhælisins á Litla-Hrauni, þá ber að skilja hana svo, að þeir, sem þar vinna, verði ekki látnir hafa með höndum venjulega verkamannavinnu, þá vinnu, sem verkamenn í nágrenninu byggja atvinnu sína á. Sú stefna hefir alstaðar verið tekin upp í nágrannalöndunum, að láta fanga ekki taka atvinnu frá frjálsum mönnum.

Um brtt. við liðinn um fjárgreiðslur til Nýja-Klepps er sama að segja og ríkisféhirðisembættið, það er tilraun til þess að samræma fjárgreiðslur. Tvö síðastl. ár hafa þessi útgjöld aukizt stórum, — ég viðurkenni það, að kröfurnar aukast náttúrlega við það að sjúklingum fjölgar. Hinsvegar þykir mér það í fyllsta máta óviðeigandi, að þetta sjúkrahús sé rekið án þess að landlæknir hafi nokkuð um það að segja. Það má vera, að n. sé þarna að svíkja sjálfa sig með of lágum áætlunum. En það er hægt að gera hvorttveggja í einu, að færa greiðslur til þessara ríkisfyrirtækja til samræmis, og áætla upphæðirnar svo hátt, að full vissa sé fyrir, að ekki verði fram úr þeim farið. Það er rétt, að lagt er til, að hækkað sé eins mikið tillagið til landsspítalans. En það er líka miklu stærri stofnun, og ekki verður hjá því komizt að hafa þar allt sem fullkomnast. Enda voru allir, sem lásu skýrslu landlæknis um landsspítalann, á einu máli um það, að kröfunum fyrir hönd þeirrar stofnunar væri stillt mjög í hóf.

Það hefir verið deilt mikið á n. og stj. fyrir það, að umturnað hafi verið till. vegamálastjóra um úthlutun vegafjárins. Ég skal því fara nokkrum orðum um það atriði. Eins og hv. 1. þm. Skagf. minntist á, hafði vegamálastjóri lagt til, að í eina stærstu sýsluna, Suður-Múlasýslu, væru aðeins 5000 kr. veittar í vegi. Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt. Nú er nýbúið að leggja fram mikið fé til þess að gera bílfæran Austurlandsveginn, en það kemur ekki nema að hálfu gagni, ef ekki er undinn bráður bugur að því að koma hinum einstöku héraðsvegum í samband við Austurlandsveginn. Ég hefi sýnt fram á það í fjvn., með hliðsjón af skýrslu vegamálastjóra til Alþ. í fyrra, að á þessu er óhjákvæmileg nauðsyn. Ég skal nefna nokkrar tölur úr þessari skýrslu, til þess að sanna öllum hv. þm. það sama. Í þessari skýrslu er yfirlit yfir alla vegagerð landsins fram til ársins 1933. Landinu er skipt í fjögur umdæmi: Suðurland, Vesturland, Norðurland og Austurland. Á Suðurlandi eru af þeim vegum, sem taldir eru þjóðvegir, 29 km., sem ekki eru akfærir. Af Vesturlandsvegunum eru 179 km. ekki akfærir, á Norðurlandi 112,6 km. og á Austurlandi 404,9 km. óakfærir af þjóðvegunum. M. ö. o.: Í Austfirðingafjórðungi er meira af óakfærum þjóðvegum, samkv. skýrslu vegamálastjóra, en í öllum hinum fjórðungunum til samans. Ef litið er á lengd góðra, akfærra vega, verður sama uppi á teningnum. Af þeim er talið vera á Suðurlandi 329 km., á Vesturlandi 242 km., á Norðurlandi 357 km., og á Austurlandi 77 km. Þarna er Austurlandsvegurinn ekki talinn með, því að hann er byggður á árunum 1933—34. En ekki er hægt að telja hann til góðra akbrauta, mikill hluti hans er aðeins ruddur, og ekki fær nema um bezta tíma árs. Og það er ekki að undra, ef þetta ástand er athugað, þó að Austfirðingum þyki þeir hafa orðið afskiptir að vegafé undanfarið. Sannleikurinn er sá, að þeir hafa aðeins gert litlar kröfur, enda hefir verið tiltölulega þýðingarlítið að verja miklu fé til vegabygginga eystra, fyrr en Austurlandsvegurinn var fullgerður. Og þó að nú séu gerðar nokkru hærri kröfur en áður, skil ég ekki í því, að nokkur maður geti kallað það ósanngirni, eftir að hafa heyrt þessar tölur, sem lýsa ástandinu eystra betur en langar ræður gætu gert. Nú er það svo, að við höfum ekki lagt til, að sú upphæð, sem veita á til vega, verði hækkuð. En við höfum lagt til, að niður verði felldur styrkur til malbikunar á vegum kringum Rvík, en til þess eru ætlaðar 76000 kr. Hér er um tvær stefnur að ræða. Á að fara að byggja upp og malbika vegina í kringum Rvík, t. d. eins og veginn inn að Elliðaám, sem er einn með beztu vegum á landinu, og eyða í það stórfé? Það er önnur leiðin. Hin er sú, að reynt verði að bæta úr brýnustu þörf heilla landsfjórðunga, sem engar viðunandi akvegasamgöngur hafa. Þessa seinni leið vill meiri hl. fjvn. fara. Því teljum

við nauðsynlegra að koma upp og halda við Siglufjarðarvegi, Norðfjarðarvegi, Vatnsskarðsvegi, Holtavörðuheiðarvegi og slíkum en að láta malbika góða vegi kringum Rvík. Ennfremur get ég bent á það, að fé til vegaviðhalds og brúargerða hefir að mestu leyti lent á Suðurlandi og í Borgarfirði. Austfirðingar hafa ekki fengið mikil framlög til þeirra hluta. Til vegaviðhalds á að veita samkv. þessu frv. 550000 kr., og er það meira en allt það fé, sem veitt er til nýrra vega. Hvert fer nú þetta fé? Það fer ekki þangað, sem engir góðir akvegir eru, heldur svo að segja eingöngu í þau héruð, sem hafa mikið af góðum akvegum, sem þurfa mikið viðhald. Svona mælir allt með því, að lagt verði kapp á að koma upp og bæta vegina á Austurlandi og koma héraðsvegunum í samband við Austurlandsveginn.

Það eru líka fleiri lækkunartill. hv. minni hl., sem snerta mjög Austfirði. Ég vil þar til nefna lækkunina á atvinnubótafénu, sem auðvitað snertir þennan landshluta ekki síður en aðra. Ef brtt. þeirra um framlag til strandferða ríkissjóðs yrði samþ., mundi það gera erfiðara fyrir með samgöngur á sjó til Austfjarða. En meðan við höfum engar samgöngur á landi, er okkur lífsnauðsyn að hafa sem beztar samgöngur á sjó. Og ég held, að ekki sé varlegt að áætla rekstrarhalla ríkisskipanna lægra en frv. gerir ráð fyrir. Yrði klipið af tillaginu, kæmi það fyrst og fremst niður á Austfirðingum, sem hafa engar aðrar ferðir, nema lítillega Bergensku skipin. Þá er till. þeirra um niðurfellingu styrks til rafveitu á Eiðum og Hallormsstað beint gegn þessum fjórðungi. Þessir skólar hafa verri aðstöðu en nokkrir aðrir skólar á landinu, en tilætlunin með þessum styrkjum er að létta nokkuð undir með þeim. Það er því í fyllsta máta ósanngjarnt að vilja fella þá niður. Styrkur til sjúkrahúss á Reyðarfirði er veittur eftir till. landlæknis. Bygging þessa húss var áætluð nokkuð öðruvísi í upphafi en nú er til ætlazt að það verði og þó að liðurinn sé látinn standa óbreyttur, má nota hann á nokkuð öðrum grundvelli. Landlæknir sagði á fundi með fjvn., að þessu máli þyrfti að skipa öðruvísi en ráð hefði verið gert fyrir í upphafi. N. var honum sammála um það, en sá hinsvegar ekkert á móti því, að liðurinn stæði áfram. Ég sé ekki heldur, að það saki neitt, þó liðurinn standi. Það er aðeins eitt ófullkomið sjúkrahús á Seyðisfirði; annarsstaðar eru engin.

Ég þarf svo ekki að bæta fleiru við, og geri ekki ráð fyrir því, að ég taki aftur til máls. Ég hefi vikið að flestum till. og býst við, að þær, sem eftir eru, séu ekki svo mikilvægar, að þar þurfi neinu að svara.

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Ég á eina brtt. á þskj. 602, sem fer fram á það, að 3000 kr. séu veittar til Vesturhópsvegar. Þessi vegur var fyrir nokkru tekinn í þjóðvegatölu. Hreppurinn, sem þessi vegur liggur um, er mjög langur, en þessi vegur, sem er um 70 km. á lengd, hefir verið byggður af einu sýslufélagi, og stendur þarna aðeins eitt hreppsfélag undir öllum kostnaðinum. Það hefir verið notuð til hins ýtrasta heimild í l. fyrir sýslufél. til að leggja á íbúa hreppsins til þess að koma veginum á.

Þessi vegur er nauðsynlegur tengivegur að kauptúninu á Hvammstanga, tengivegur milli sýsluvegarins og þjóðvegarins. Hann er talsvert langur, ég held, að hann sé um 20 km., frá þjóðveginum og á enda út að Vesturhópsvatni. Mikið af veginum má nota í bráð, en það eru ófærir kaflar á milli, en ég býst við, að ef þessi litla fjárhæð væri veitt, þá mætti gera veginn færan, a. m. k. fyrir kerrur, ef til vill líka fyrir bíla. Ég vil vænta þess, að hv. fjvn. athugi þetta vendilega áður en hún leggst á móti því. Ég gerði það af ásettu ráði að skera þessa upphæð svona við neglur, af því ég hafði í huga, að koma mætti í notkun kafla, sem búið er að leggja norður í hreppinn. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess, að mér gefist tækifæri til þess að gefa frekari upplýsingar til hv. fjvn. ef hún vildi taka þetta til athugunar.

Ég vildi bæta örfáum orðum við það, sem hv. 2. landsk. sagði um 9. brtt. hv. fjvn., en hún er um það, að lækka framlagið til ríkisféhirðis. Ég vil skýra frá því, hvað hefir verið lagt fram til ríkisféhirðis undanfarin 4 ár. Árið 1930 var sú upphæð 32113.32 kr. Árið 1931 var upphæðin 39530.24 kr. og árið 1932 33334.52 kr. og loks árið 1933 33369.51 kr. Það er því víst, að ef þeir starfskraftar, sem eru þar nú, eiga að vera áfram, þá getur kostnaðurinn ekki orðið minni en 33—34 þús. kr. Árið 1931 var kostnaðurinn nokkuð hærri. Ég man ekki, af hverju það stafaði, en ég býst við, að það hafi verið vegna breytingar á bókhaldinu. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að það þarf að taka til athugunar um leið og teknar eru ákvarðanir um fjárveitingu til ríkisféhirðis, að með breytingu þeirri, sem orðin er á ríkisbókhaldinu, er það nauðsynlegt, að sem mest samband geti verið milli bókfærslunnar hjá ríkisféhirði annarsvegar og ríkisbókhaldsins hinsvegar, svo að tilgangurinn náist, sem fólginn var í þeirri breytingu, sem gerð var. Ég álít því, að ekki megi skera við neglur sér framlagið til ríkisféhirðis. Ég tek það fram, að eftir kynningu minni af þessum störfum gegnum endurskoðun landsreikninganna, álít ég, að ekki komi til mála að fækka starfsfólki þar, eða minnka launagreiðslur. Ég ætla, að ekki sé ástæða til að taka fleira fram, ef ekki kemur neitt nýtt fram til stuðnings þessari brtt. Það er óhætt að fullyrða, að ríkisféhirði sé það óljúft, að tekinn sé maður frá störfum þar, og ef manni er kippt burt þaðan núna, þá þyrfti fljótt að bæta við aftur, en það er óheppilegt að taka burt starfsmenn þaðan, sem á annað borð eru góðir. Það er því óheppilegt að gera þar breytingu, nema ef einhverjir annmarkar væru á starfsliðinu, en það hygg ég að sé ekki. Það er nauðsynlegt, að starfsfólkið sé sem stöðugast, og að það, sem er búið að kynnast vel starfinu, víki ekki fyrir nýjum mönnum, sem þurfa mikinn tíma til þess að kynnast starfinu. Ríkisféhirðir hefir mikið að sækja til fulltrúa síns, og verður því að geta borið fullt traust til hans. Ég hygg, að núv. fulltrúi hafi áunnið sér gott traust. Ég hygg, að ekki sé hægt að komast hjá

því að hafa þá starfskrafta, sem nú eru hjá ríkisféhirði. Það verður að sýna fram á, að þeir séu óþarfir, annars er ekki gerandi að breyta til. Þó að kostnaður hafi aukizt nokkuð við breytinguna, sem gerð var á bókhaldinu, þá má það ekki standa í vegi fyrir því, sem er ennþá mikilsverðara, en það er, að bókhaldið sé í góðu lagi. Það er afar mikils virði, að ríkisbókhaldið sé í sem beztu lagi. Þó að menn vilji spara á einstökum liðum, þá eiga menn ekki að spara þar, sem það getur orðið til tjóns, þar sem spara á meira en fært er vegna öryggis.

Ég vil svo endurtaka ósk mína til hv. fjvn., að hún athugi, hvort hún sér sér ekki fært að fallast á, að veittar séu 3000 kr. til Vesturhópsvegar, og er ég fús að gefa nánari upplýsingar, ef n. óskar þess.

**Jón Ólafsson:** Ég og hv. samþm. minn (PM) eigum tvær smábrtt. á þskj. 602 rómv. 8. Fyrri brtt. er um það, að veittar séu 15000 kr. í stað 7000 til Eyjafjallavegar, og er það aðeins fært í sömu upphæð og vegamálastjóri leggur til. Hin brtt. er um það, að veita 10 þús. kr. til Hvolhreppsvegar, en það er spottinn milli Garðsaukanna og niður að Þverárbrú. Það hefir nú á síðustu árum verið lagt í mikil mannvirki í Rangárvallasýslu, þar sem brýrnar eru á Þverá, Affalli og Markarfljóti, og hafa Rangæingar þannig á síðustu árum bætt ótrauðir úr þeirri vanrækslu, sem átti sér stað áður í því efni. Meðan vötnin voru óbrúuð fundu menn ekki til þess, hvað vegirnir voru vondir milli ánna, því þær voru nær alla tíma ársins ófærar bílum og vögnum. Þetta fundu menn ekki fyrr en brýrnar voru komnar. Þegar nú búið er að leggja svo mikið fé í brýrnar, þá vilja menn auðvitað, að af þeim verði sem bezt not. Eins og allir vita, verður á næsta sumri lokið brúargerð á Múlakvísl, og eru þá öll stórvötn brúuð austur á Síðu, en það gerir það að verkum, að bílar fara alla leið austur um Skaftafellssýslu og er því næsta aðkallandi að gera við þá farartálma, sem eru milli brúnna, svo að héruðin hafi full not af hinum dýru brúm. Það er óhætt að segja, að þó að það sé góður vegur að Garðsauka, þá eru traðirnar við Garðsauka oft ófærar í snjóum og mynda því farartálma, svo að bílar komast ekki í gegn, nema hinar löngu traðir séu mokaðar. Það er því nauðsynlegt, þó að þröngt sé í búi, að veita fé til þessa vegarspotta og vinna þar með að því að taka þennan farartálma af og koma veginum á það svæði, sem ekki festir snjó á á vetrum. Þessi liður er að vísu nýr, og vegamálastjóri hefir ekki ætlað til hans, en ég tel ófært að veita ekki fé til þess að losna við þennan farartálma. Þegar kemur svo austur fyrir Þverárbrú, er sæmilegur vegur milli Affalls og Ála, og þó að hann verði ekki talinn góður, þá er meginhluti hans venjulega fær á hvaða tíma árs sem er. Sama má segja um veginn alla leið austur fyrir Seljaland, að hann er fær flesta tíma árs. En svo er kafli austur með fjöllunum, sem erfitt er að komast yfir hindrunarlaust bæði vetur og sumar. Ég var á ferð þar síðastl. júlí, og mátti þá heita algerlega ófært austur með fjöllunum. Þessir gömlu vegaspottar voru ófærir, og það varð að fara krókaleiðir, sem ekki er hægt að fara nema með kunnugra manna leiðsögn. Þá stóðu bílar þar fastir, sem við urðum að bjarga og var það daglegur viðburður. Það er því ekkert undur, þó vegamálastjóri hafi lagt til, að 15 þús. kr. væru veittar til vegagerðar á þessum kafla, því honum er allra manna kunnugast um það, hvílík vandræði það eru, þegar bílar standa fastir og enga hjálp er að fá á næstu klukkutímum. Mín skoðun er sú, að þegar búið er að leggja mikið fé í mannvirki, sem eiga að gefa arð — en svo er með brúargerðir, því þær eiga a. m. k. að gefa arð héruðum þeim, er að þeim liggja, — að þá sé sjálfsagt að bæta við því fé, sem þarf til þess, að þær komi að tilætluðum notum. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé líka áhugamál Skaftfellinga, því þeir njóta einnig þessa vegar.

Ég ætla ekki að fara inn á samanburð um það, hvað Rangárvallasýsla á að fá samanborið við aðrar sýslur. Ég veit, að þörfin kallar að víðsvegar, og er sennilega eins mikil og þar. En það er ákaflega illt til þess að vita, þegar búið er að leggja fram mikið fé, að hætta þá við hálfnað verk. — Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en vona, að þessum till. verði vel tekið, því þær eru hin mestu nauðsynjamál.

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Það mun hafa verið venja, að við fjárlagaumr. komi fram sérstakt álit frá samgmn. viðvíkjandi flóabátum. Það hefir verið haldinn sameiginlegur fundur beggja samgmn. þingsins, og hefir það orðið að ráði að koma með brtt. við 3. umr. eins og venja er til. Ég vil í þessu sambandi segja það, að mér þykir hv. minni hl. fjvn. nokkuð naumur í till. sínum um samgöngumál. Mér þætti það ill afgreiðsla á þessum lið, ef hann yrði svipaður því og hv. minni hl. fjvn. leggur til, og sérstaklega ef svipaður niðurskurður yrði á framlögum til strandferða og síma. Ég geri ráð fyrir, að samgmn.menn beggja deilda taki undir þau orð, að ekki sé sanngjarnt að ætla sér að vera svo naumur á tillög til samgöngumála. Það má segja, að hjá sumum hv. þm. kenni fullmikils samúðarleysis með íbúum afskekktari héraða, sem eiga við illar samgöngur að búa. Ég skal taka það fram, að ég er einn af þeim þm., sem hafa þann ljóð á ráði sínu, að hafa ekki borið fram till. til hækkunar, og hefir þetta verið vítt af hv. frsm. minni hl. fjvn. En ég tel mér það heldur til lofs. Það hefir lengst af verið talað um það af fjvn. þingsins, að það væri lofsvert að bera ekki fram till. til hækkunar á útgjöldum ríkisins.

Ég hjó eftir því, sem hv. frsm. minni hl. (MG) sagði, þegar hann var að telja eftir framlag til vega í minu kjördæmi. Ég get ekki látið þetta fara framhjá mér án þess að fara um það nokkrum orðum. Mig furðar á því, að maður, sem hefir setið svo lengi á þingi sem hv. 1. þm. Skagf. og er búinn að fylgjast svo lengi með málum, skuli telja eftir framlag til vega í þessu kjördæmi. Það er rétt hjá honum, að samkv. fjárlfrv. og till. meiri hl. fjvn. er nokkur hækkun frá því, sem vegamálastjóri lagði til. Þó að ég væni vegamálastjóra ekki um það, að hann

sé hlutdrægur, þá er ég ekki viss um, að hans sjónarmið sé alltaf bezt, og íbúum sumra héraða mun oft hafa fundizt, að tillögur vegamálastjóra séu ekki heppilegar að öllu leyti. Hann hefir sitt sérstaka sjónarmið, hvernig verja skuli tillaginu til vega. Ég skal ekkert um það segja, en tel það ekki að öllu leyti heppilegt. Ég hefi hérna fyrir framan mig skýrslu, sem vegamálastjóri gaf fjárveitinganefndum þingsins í fyrra, þegar nýju vegalögin voru á dagskrá. Þar hefir vegamálastjóri gefið greinilegt yfirlit um það fé, sem varið hefir verið til vega og brúa af hálfu hins opinbera allt frá 1876—1930. Samkv. þessari skýrslu nemur það 15,5 millj. króna, sem varið hefir verið á þessu tímabili til vega og brúargerða. Ef þessu er jafnað á sýslur landsins koma 750 þús. kr. á hverja sýslu. Náttúrlega er þetta nokkuð misjafnt, sumar sýslur landsins hafa fengið miklu meira, t. d. Gullbringu- og Kjósarsýsla, sem hefir fengið 1876 þús. kr., Árness. yfir 2,5 millj., Mýrasýsla 1379 þús. kr., Húnavatnssýsla 1170 þús. kr. Þarna má sjá, hvað varið hefir verið til einstakra sýslna á þessu tímabili umfram meðaltal. En í N.-Þing., þessu héraði, sem hv. frsm. minni hl. var að tala um áðan, að veitt hefði verið of ríflega til, hefir á þessu tímabili, 1876—1930, ekki verið varið til vega og brúargerða nema 208 þús. kr., eða tæplega ⅛ af meðaltali hverrar sýslu. Þar við má bæta því, að við nánari athugun hefi ég veitt því eftirtekt, að mikill hluti þessa framlags var til sýsluvega, þannig að sýslubúar sjálfir hafa lagt mikið fram, svo að vegirnir yrðu slarkfærir. Þetta kemur vitanlega nokkuð af því, hvað aðalvegur sýslunnar kemst seint í þjóðvegatölu, eða ekki fyrr en 1925 eða '26. Þegar þetta er athugað, verð ég að undrast, að nokkur þm. skuli vera að telja eftir jafnlítið framlag og hér er um að ræða. Ég verð að segja það, að ég er óánægður með þetta framlag og vildi hafa það meira, en ég veit ekki, hvort ég sé mér fært, vegna þess hvernig fjárhagur ríkissjóðs er, að flytja brtt. Ég verð að taka það fram og undirstrika það, að þeir mega vel gæta þess, sumir hv. þm. þeirra héraða, sem hafa sæmilega vegi og eru í góðu sambandi, að vera ekki ósanngjarnir í garð þeirra héraða, sem eru út úr og eru aftur úr vegna þess að þau eru lengra burtu frá höfuðstaðnum, og meðfram af því, að íbúarnir í þessum héruðum eru gætnir og hafa sýnt tillátssemi við ríkið, eins og mun vera um íbúa þessa héraðs. Ættu þeir að njóta þess hér á þessu þingi fremur en gjalda, eða svo finnst mér a. m. k.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson)**: Ég hafði að sönnu ekki hugsað mér að taka til máls fyrr en allir þeir hefðu talað, sem lagt hafa fram brtt. En mér þykir ekki hlýða að láta slíta umr. nú þegar, og skal ég því að því er mig snertir segja nokkur orð til andsvara framkomnum andmælum.

Hæstv. fjmrh. mælti gegn till. minni hl. og var dálítið reiður við mig, en ég skal ekki fara langt út í það. Ég hefi áður bent á viðvíkjandi símalínunum, að við í minni hl. þóttumst vera að styðja stefnu stj. um að minnka kaup á erlendri framleiðslu. Hæstv. fjmrh. tekur þetta illa upp og segir, að það sé eftir að byggja stórar línur. Ég hefi hér fyrir framan mig till. landssímastjóra um 20 línur, er næst skuli byggja. Ef teknar eru frá þær 4 símalínur, sem minni hl. vill láta byggja, þá eru hinar allar, að undanteknum 3, undir 10 þús. kr. Þetta sýnir, að landssímastjóri leggur ekki til að byggja neinar stórar línur á næsta ári, og sýnir, að það er rétt, sem ég sagði, að bygging símalínanna er komin svo langt, að ekki þarf að byggja stórar línur á næstunni.

Það er rétt, og það skal ég viðurkenna, að víða er mikil þörf fyrir einkasíma í sveitum, og það þarf að leggja fram til þeirra, en það snertir ekki þennan lið fjárl. Um það eru sérstök lög og fjárveiting á öðrum lið. Ég gæti trúað því, að sú fjárveiting, sem til þess er ætluð, mundi reynast heldur lág. Ég skal viðurkenna, að þörf er ýmsra minni símalína, en ég tel, að leggja beri meiri áherzlu á að fjölga línum víða á þeim stauralínum, sem þegar eru reistar. Þess þarf til þess að langlinurnar njóti sín. Hann var ákaflega sár, hæstv. ráðh., út af því, sem ég sagði um áætlað vegafé til Austfjarða, og sagði, að Austfirðingar hefðu verið settir hjá áður. Ég skal minna á það, að 1933 voru lagðar fram 50 þús. kr. til vega á Austfjörðum **umfram heimild fjárlaganna**, svo ég held, að ekki sé hægt að segja, að það sé vilji minn, að Austfirðingar séu settir hjá, eða ég hafi dregið úr fjárveitingu til þeirra sem ráðh. Ég verð að segja það, að mér finnst rétt að taka tillit til þess, að á veginum norður og austur eru stórir kaflar ógerðir, sem þarf að gera. Má þar nefna Holtavörðuheiði, sem oft er illfær, Vatnsskarð, sem er mjög erfitt, og enginn almennilegur vegur, og svo Öxnadalsheiði, sem er slæmur vegur yfir. Á meðan svo er, að ekki eru komnir góðir vegir alla langleiðina, álít ég, að leggja beri mesta áherzlu á að fullgera þá vegi sem fyrst; þess vegna er ég fjvn. sammála að taka 10 þús. kr. fjárveitingu frá Vatnsskarði, og setja þær heldur í Holtavörðuheiði, af því þar kemur það að meiri notum, en fjárveiting til vegar yfir Vatnsskarð kemur ekki að gagni fyrr en handbærar eru 30 þús. kr., því þá fyrst er hægt að fullgera nýja veginn, svo hann komist á gamla veginn. Ég er þess vegna, eins og ég sagði, nefndinni sammála um þetta, með það fyrir augum, að á næstunni komi hærra framlag til vegar á Vatnsskarð, svo hægt sé að gera langan veg, sem kæmi strax að notum. Ég gekk í n. inn á að flytja þær 10000 kr., sem ætlaðar væru í frv. til Vatnsskarðsvegar, til Holtavörðuheiðarvegar, því að þar koma þær strax að notum. Með þessu hefi ég sýnt, að kjördæmareipdráttur er fjarri mér. Ég skeyti því þess vegna engu, þó hæstv. ráðh. sé reiður við mig og minni hl. fjvn. Við leggjum ekki til, að neinar till. séu strikaðar út, vegna þess að við ætlum stj. að sjá um auknar tekjur, en ef það er ekki gert, þá er óhjákvæmilegt að lækka eitthvað áætlun hæstv. stj. Hæstv. fjmrh. heldur auðvitað, að það sé eingöngu af löngun til að narta í stj., að við flytjum okkar brtt. En það er ekki; mig langar ekkert sérstaklega til þess, þó ég

ætli hinsvegar ekki að hæla stj., en ég taldi skylt að benda á það framlag, sem ætlað er í hans kjördæmi. Ef maður ber það saman við Rangárvallasýslu, þá er útkoman sú, að hann hefir margfaldað framlagið til síns kjördæmis með 7, en deilt með 7 í framlagið til Rangárv.s., hvorttveggja miðað við tillögur vegamálastjóra. Ég held því fram, og það hefir verið viðurkennt, að till. vegamálastjóra séu ekki byggðar á hlutdrægni. Ástæðunnar til þessa mismunar hjá hv. meiri hl. fjvn. og hæstv. stj. verður því að leita annarsstaðar. Hv. 6. landsk. hafði í n. ýmislegt út á till. hæstv. stj. að setja um vegafjárveitingar á Austurlandi. Hann fékk þetta náttúrlega lagfært, af því hann er í stjórnarflokk. En það var tiltölulega lítið, sem minni hl. n. hefir fengið lagfært. Þó skal geta þess, sem gert er vel, og þakka að verðleikum, að framlag fékkst til vegar í Borgarfirði og í Dalasýslu. Hæstv. fjmrh. sagði, að við vildum taka allar fjárveitingar úr S.-Múlasýslu. Þetta er ekki rétt, það liggja ekki fyrir neinar till. frá minni hl. um að taka vegafé frá S.-Múlasýslu (**Fjmrh.**: Veit þm. ekki, hvað hann sagði?). Jú, ég man vel, hvað ég sagði, en hæstv. ráðh. veit sjáanlega ekki, hvaða till. liggja hér fyrir. Hitt er annað mál, að ég er frjáls að því að sýna fram á, að ég tel hlutdrægni beitt í úthýtingu vegafjárins.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ég hlyti að gleðjast yfir því, að engin brtt. kæmi fram frá þm. stjórnarflokkanna. Ég geri hvorki að gleðjast né hryggjast; mér er svo sem alveg sama. Ég hefi bent á, að ástæðurnar fyrir því gætu verið tvær. Önnur sú, að búið væri að fullnægja öllum óskum þeirra, eða þá hin, að þeim hefði verið bægt frá því með flokkssamþykkt. Ég hygg, að ekki geti verið um aðrar ástæður að ræða. Þeir geta sjálfsagt sagt, hvor ástæðan er, en ég get ekki fundið fleiri. Hann segir, hæstv. fjmrh., að hv. fjvn. ráði hér eins og í öðrum fjármálum ríkisins. Það er nú svo. Ég held, að tæpast sé hægt að segja það, þegar tillögurnar eru, áður en þær koma til atkv. í fjvn., komnar undir atkv. í flokkunum. Með þessu móti getur farið svo, að till. sé samþ. eða felld, sem ekki nema rúmlega ¼ hluti þingsins er með eða móti. Þessari reglu hefir aldrei verið fylgt, svo ég viti, hér á þingi fyrr. Hæstv. ráðh. sagði, að það yrði að vera svo. Ég efa ekki, að búið er að binda þetta fast, en hingað til hefir það ekki verið svo á Alþ. Íslendinga.

Hv. frsm. meiri hl. n. fór nokkrum orðum um þær till. n., sem ég andmælti. Skal ég þá fyrst nefna lækkunartill. hjá ríkisféhirði. Mér skildist, að meiri hl. hafa byggt sínar till. á því, að launin hafi áður verið of há hjá ríkisféhirði og hærri hjá sumum undirmönnum en hjá ríkisféhirði sjálfum. Þetta er alveg rétt, en hinu má ekki gleyma, að hæstv. ráðh. hækkaði sjálfur launin hjá einum undirmanni, sem þarna vinnur, svo þau eru talsvert hærri en laun ríkisféhirðis. Þess vegna er ekki hægt að mæla með till. á þessum grundvelli, nema um leið að víta hæstv. fjmrh. En ef þeir vilja samræma launin, þá er ég sannfærður um, að enginn sparnaður verður á þessum lið.

Um till. fjvn. um viðbótaraths. viðvíkjandi Reykjahæli er það að segja, að ef meiningin með henni er ekki sú, að fangar frá Litla-Hrauni taki vinnu frá verkamönnum, þá er hún hreinasta vitleysa. Ég sé sem sé ekki, hvað er hægt að láta þá gera án þess að taka einhver verkefni frá öðrum handa þeim. Ég hefi séð það í blöðunum, að kvartanir hafa komið frá verkamönnum á Eyrarbakka um að fangar á Litla-Hrauni hafi tekið af þeim atvinnu þar. Ef svo er, að ekki má láta fangana taka neina vinnu þarna eystra, skil ég ekki, hvað á að gera við þá, nema ef það er meiningin, að þeim sé fengið eitthvert innanhússdútl. Í tíð fyrri stj. hafa fangarnir verið látnir vinna hingað og þangað alla venjulega vinnu, og ekki fundið að fyrr en nú.

Um Nýja-Klepp er það að segja, að mér finnst lækkunartill. ósköp meinlítil. Ég skil, að hún er gerð til að þóknast einum ákveðnum manni, og mun ég ekki fást um það, því að borgað verður til spítalans jafnmikið fyrir því.

Hv. frsm. sagði, að landlæknir hefði ekkert um spítalann að segja. Þetta er náttúrlega ekki rétt, en ég skildi landlækni þannig, að hann hefði ekki búið til áætlunina fyrir spítalann, heldur ráðsmaðurinn, og hann hefir miðað við kostnaðinn, sem varð áður. Það er rétt, að landsspítalinn er stærri og þar liggja fleiri sjúklingar, af því þar skiptir oftar um þá, en ég hygg, að sjúklingafjöldi hafi hlutfallslega hækkað meira á Nýja-Kleppi en landsspítalanum, enda miklu fleiri sjúklingum batnað síðan yfirlæknaskipti urðu.

Ég álít, að fjárframlögin til vega á Austurlandi séu í fullu ósamræmi við fjárframlög til vega í öðrum landshlutum, þó hv. þm. N.-Þ. hætti ég vera of harðorður um það. Ég vil minna á, að vegamálastjóri er allra manna kunnugastur vegunum á landinu, og það er viðurkennt, að hann sé óhlutdrægur. Hví á þá að ganga framhjá tillögum hans? Það getur þá eingöngu verið af hlutdrægni. Þó að bent hafi verið á, að færri akfærir vegir eru á Austurlandi en annarsstaðar, þá sannar það ekkert, og er reyndar ekki heldur rétt, sbr. t. d. Vestfirði, enda eru ófullgerðir vegir um þvert landið. Ég benti á áðan, að Austfirðingar, sem ferðast í bíl hingað, njóta hlunninda af vegunum, sem liggja um aðrar sýslur. Við skulum taka sýslu eins og Húnavatnssýslu. Vegurinn er lagður þar í stórum sveig eftir sýslunni, en hann er ekki lagður þannig vegna sýslunnar eingöngu, heldur aðallega vegna langferðalaga. Af því Austfirðingar eru þannig settir, að þeir eru á leiðarenda, hefir verið lögð meiri áherzla á vegina, sem liggja til þeirra, heldur en vegina, sem eru hjá þeim sjálfum. Það ber líka að líta á það, að haldið er uppi dýrum strandferðum af ríkinu vegna Austfjarða. Ef maður ber þetta saman við t. d. Árnessýslu, Rangárvalla- og Skaftafellssýslur, þá sést strax, að þær njóta ekki góðs af strandferðunum. Ef gengið væri eins hart að af hálfu þeirra, sem búa á Suðurlandsundirlendinu, og nú er gert af Austfjörðum, þá gæti ég trúað, að fjárveiting yrði á fjárl. til nýs vegar yfir Hellisheiði. Það getur farið svo oft, að ómögulegt sé að komast úr þessum sýslum mikinn hluta

vetrar, til Rvíkur, og þó er þessi partur landsins einhver beztu landbúnaðarhéruð þess. Það dugir þess vegna ekki eingöngu að leggja vegina í þessu og þessu héraði, án þess að taka tillit til þess, hvernig samgöngur héraðanna eru, hversu fjölfarnir vegirnir eru og hve mikið þarf að flytja á þeim.

Hv. frsm. ræddi um, að brúarféð hefði ekki farið austur. Þar væri hvorki mikið um brúargerðir né heldur vegaviðhald. Það síðara er rétt. Eftir því sem vegirnir eru minni, verður viðhaldið minna.

Um brúarféð er það aftur á móti að segja, að það var notað á síðustu árum í mjög stórum stíl. En það var lagt fram af héruðunum sjálfum. Það er ekki hægt að finna betri mælikvarða á þörfina heldur en þann, að héruðin leggi sjálf fram fé til þessa, því að á öðrum eins krepputímum og við eigum nú við að búa, býst ég ekki við, að héruðin geri það nema full ástæða sé til og bersýnileg þörf fyrir hendi. [Fundarhlé].

Það eru nú svo fáir viðstaddir hér, að það liggur við, að það dragi úr mér allan kjark, og ég verð því stuttorður. — Ég var að svara hv. frsm. meiri hl. og hafði lokið við að tala um vegina. Ég sný mér þá að samgöngunum á sjó, en hv. frsm. meiri hl. taldi, að eigi væri hægt að komast af með þá upphæð, er minni hl. leggur til að veitt verði. Það er þó svo, að árið 1935 er eftir till. okkar minni hl. n. veitt 35 þús. meira í þessu skyni en árið 1933 var notað, og ætla ég, að við það megi una. Það má náttúrlega segja, að það sé gott að auka skipagöngurnar kringum landið, en mér finnst, að nokkuð megi, að skaðlausu, draga úr þeim á sumrin, sökum þess hvað landferðirnar aukast mikið. Mér finnst, að ef það á að spara, þá sé það hægt hér, en það er kannske alls ekki meiningin að spara, og þá verður þessi till. drepin.

Þá er það styrkurinn til sjúkrahússins á Reyðarfirði. Hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi, að það væri rétt, að landlæknir hefði sagt, að þessi upphæð yrði ekki notuð á næsta ári. Samt er talað um fjandskap af okkar hálfu til þessa máls, þótt þessir menn viðurkenni um leið, að það komi ekki til þess, að styrkurinn verði greiddur á árinu.

Ég mun eigi fjölyrða um þetta. Það er rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að peningarnir étast ekki upp, þótt þeir standi í fjárl., en ég hélt, að meiningin væri sú, að setja ekki önnur gjöld í frv. en þau, sem á að greiða.

Hv. þm. N.-Þ. þótti við naumir í tillögum til samgangna, síma og strandferða. Mér finnst það nú ekkert undarlegt, þótt skera þurfi niður útgjöld í neyðarári eins og nú er. Hér er ekki um neinn atvinnumissi að ræða, heldur tap á skipaferðum, og hvað símann snertir aðallega kaup á efnivörum frá útlöndum. Ég var ekki að telja eftir framlög til Norður-Þingeyinga, það sem ég sagði um N.-Þingeyjarsýslu, átti við frv. eins og það kom frá stj.

Viðvíkjandi öðrum brtt., sem fram hafa komið, lít ég svo á, að sumar þeirra eigi eins mikinn rétt á sér eins og till. hv. fjvn. Ég mun hinsvegar ekki taka þessar till. til athugunar nú; sumar þeirra hafa verið teknar aftur og öðrum hefir ekki enn verið mælt fyrir. Ég skal því ekki tefja meira tímann í bili.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ég ber fram eina brtt. við þennan kafla, viðvíkjandi vegi yfir Siglufjarðarskarð. Siglfirðingar hafa lengi barizt fyrir því að fá samband landveginn við Skagafjörð. Þeir hafa því snúið sér til stj. með málaleitun um fé til vegar yfir Siglufjarðarskarð. Það er nú svo komið, að stj. hefir veitt 5 þús. í atvinnubótafé til þessa vegar, en lofað 10 þús., og þótt enn hafi ekki verið unnið fyrir nema 5 þús. af þessu fé, er heimild til, að það megi vinnast að vori. Undirbúningur er því hafinn og vegamálastjóri hefir gert kostnaðaráætlun; er hún nokkuð há, eða nemur 340 þús. kr. Stj. hefir hinsvegar gengið inn á, að þessi vegur skuli lagður, bæði með þessum 10 þús. kr., er hún þegar hefir lagt til vegarins, og eins með þeim 15 þús. kr., er veittar eru til vegarins í fjárl. fyrir árið 1935. Ég verð hinsvegar að telja þessa upphæð óhæfilega lága, því ef eigi væri veitt meira fé til vegarins árlega, mundi það taka 20 ár að leggja hann.

Til marks um áhuga Siglfirðinga fyrir þessum vegi má geta þess, að þeir hafa gefið til hans 3500 dagsverk, 100 bíladagsverk og lagt til hans um 44 þús. kr. í peningum. Mér finnst það ekki vansalaust fyrir hv. Alþingi, ef það vill ekki styrkja þennan veg nema sem svarar ⅓ þess, sem Siglfirðingar hafa gefið til hans. Það er mikið atriði fyrir Siglfirðinga að komast í samband við Skagafjörð, en það er það ekki síður fyrir sveitir Skagafjarðar, sem á Siglufirði gætu haft markað fyrir vörur sínar, ef vegleysur hömluðu ekki. Þá má geta þess, að Siglufjarðarbær er vaxandi og dafnandi kauptún og því eðlilegra, að hann geri kröfu til ríkisins um hjálp til vegarins.

Ég hefi komið fram með þá till., að veitt verði til vegarins á næsta ári 55 þús. kr. úr ríkissjóði. Mér skilst, að eigi ekki því fleiri ár að fara í það að leggja veginn, þurfi að veita þessa upphæð árlega. Upphæð fjvn. er að vísu þakkarverð, en það er ekki sýnilegt, að af svo litlu fé geti veginum miðað áfram svo nokkru nemi. Það væri því æskilegt, að upphæðin gæti orðið eins há og till. mín fer fram á. Það er ekki deilt um það, að leggja eigi þennan veg, það er þegar búið að ákveða það með framlagi stjórnarinnar. Nú er orðinn verulegur fólksstraumur norður á sumrin. Vegurinn yfir Öxnadalsheiði er bæði langur og leiðinlegur og illa lagður. Það er athugandi, hvort túristarnir mundu ekki, er þessi vegur er kominn, breyta ferð sinni og fara frá Skagafirði til Siglufjarðar, og svo þaðan til Akureyrar. Frá Siglufirði ganga yfir sumartímann daglega skip til Akureyrar, og ef túristarútan lægi yfir Siglufjörð, mundi verða enn meira vandað til þessara ferða en nú er. — Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en ég þykist a. m. k. vita, að hv. þm. Skagf. og hv. þm. Eyf. muni fylgja þessu máli, svo mjög sem það snertir hagsmuni kjördæma þeirra.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Ég flyt hér tvær brtt. Önnur er um framlag til hafnarbóta á Suð-

ureyri við Súgandafjörð. Hafnleysur eru þarna miklar í norðvestanátt og höfnin hefir grynnzt, svo að bátum er ekki óhætt þar í vondum veðrum. Þarna er eitt hið bezta fiskiplass á landinu og ekki nema stundarfjórðungs róður á miðin. Í heilan róður fara ekki nema 10—12 tímar, enda er afli á bát, eftir stærð, mestur í Súgandafirði. Það er því nauðsyn að bæta höfnina, svo að bátum sé þar óhætt. Súgfirðingar eiga nú um 12 þús. kr. í hafnarsjóði og geta bætt við þá upphæð einhverju. Er það till. mín, að ríkið leggi jafnt til móts við þá til hafnarbótanna. Súgfirðingar telja framtíð sína mjög undir þessu komna, og verður ekki annað séð en þeir hafi hér líkan rétt og t. d. Bolvíkingar.

Hin till. mín er um framlag til Breiðadalsheiðarvegar. Svo sérstaklega stendur á, að vegamálastjóri hefir ekki lagt fram neinar till. um fjárveitingar til Vestur-Ísafjarðarsýslu, og eru þær því ekki teknar upp í frv. Það sjá allir, hve ósanngjarnt þetta er, þegar þess er gætt, að Vestfirðingar hafa jafnan verið afskiptir af öllu vegafé. Ég játa, að þetta hefir viljað bregða við hvað snertir Austfirðinga líka, en þegar Múlasýslunum hefir verið bætt upp þessi vanræksla, þá hvílir sú sama skylda á um Ísafjarðarsýslur. Till. mín er sízt of há, en þó skal ég geta þess, að ég væri tilleiðanlegur að lækka þessa fjárhæð, ef þetta fengist frekar samþ. með því. Þessi vegur kemur báðum sýslunum að gagni, og sömuleiðis Ísafjarðarkaupstað. Báta- og skipaferðir þarna hrökkva ekki til mannflutninga, og afurðaflutningar á sumrin geta ekki átt sér stað fyrr en vegurinn er kominn. Þessi vegur verður mikil samgöngubót, er hann er kominn á, og kemur til með að kosta a. m. k. 60 þús. kr. Ég vil vænta hins bezta um þessa till. mína, en er hinsvegar fús til samninga um niðurfærslu, ef frekar má vænta samþ. með því.

Ég vil minnast nokkuð á brtt. frá meiri hl. fjvn. um niðurfærslu á fjárframlagi ríkisins til ríkisféhirðis. Ég þykist ekki geta látið þá brtt. afskiptalausa, þar sem ég réð núv. féhirði og fulltrúa hans. Ég rannsakaði þá, hvort nokkur leið væri til að spara kostnað við þetta embætti, og sá ekki, að svo væri. Ríkisféhirðisembættið var veitt ungfrú Ástu Magnúsdóttur, sem lengi hafði verið fulltrúi hjá fyrrv. ríkisféhirði, en Sigurður Ólason lögfr. var ráðinn fulltrúi í hennar stað. Það var ekki rétt með farið, að sá fulltrúi hefði hærri laun en ríkisféhirðir. Í þessari stofnun er aðeins einn fulltrúi, í ríkisbókhaldinu, sem hefir hærri laun en ríkisféhirðir. Ríkisféhirðir hefir auk launa sinna mistalningarfé, sem líklegt er, að eitthvað gangi af. Laun Sigurðar Ólasonar fulltrúa urðu að vera í samræmi við laun fyrir sama starf annarsstaðar. Endurskoðandinn, Jón Guðmundsson, telur, að alls ekki sé hægt að fækka starfsfólki hjá ríkisféhirði. Ég þykist þess fullviss, að hæstv. stj. fari ekki að vikja fulltrúanum frá, til að taka annan í stað hans. Till. ætti því að falla, til þess að í fjárl. sé sem réttust mynd af kostnaði við þessa stofnun.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það hefir kastazt í kekki með mér og hv. frsm. minni hl. út af því, að hann hélt því fram, að ég hefði sýnt hlutdrægni við samningu fjárlfrv. á þann hátt, að ég hefði otað óhæfilega fram kjördæmi mínu bæði um vegafé og aðrar fjárveitingar. Þótt hv. frsm. minni hl. sé nú í raun og veru búinn að taka þessar aðdróttanir sínar aftur, vil ég ekki liggja undir þeirri ásökun, að ég hafi notað aðstöðu mín sem ráðh. til þess að afla kjördæmi mínu fjár úr ríkissjóði á kostnað annara kjördæma. Ég benti á það, að till. vegamálastjóra hefðu ekki verið sanngjarnar í garð Suður-Múlasýslu. Minni hl. n. hefir aftur á móti aðhyllzt þessar till. í flestum atriðum. Þó sagði hv. frsm. minni hl. áðan, að eftir meðferð meiri hl. fjvn. á till. um vegafé hafi hann ekki séð ástæðu til þess að bera fram brtt. Með því hefir hann viðurkennt, að hann hafi ofmælt allt það, sem hann sagði um hlutdrægni mína. Því að í brtt. meiri hl. er gert ráð fyrir, að af vegafénu, sem eftir þeim verður 380 þús., gangi 35 þús., eða 9,2%, til Suður-Múlasýslu, en eftir fjárlfrv. áttu 20 þús. kr. af 240, eða um 8%, að ganga þangað. Hv. frsm. hefir því játað alveg skýrum stöfum, að árás hans á hendur mér hafi verið gersamlega tilefnislaus.

**Ólafur Thors:** Ég á hér eina litla brtt. við þennan kafla fjárlfrv., og er hún á þá leið, að hækka framlagið til bryggjugerða og lendingarbóta um 6000 kr., til bryggjugerðar í Kirkjuvogi í Höfnum. Þarna hefir lengi verið rekin útgerð, fyrst með árabátum, en síðar með trillubátum. En erfiðleikarnir við að koma aflanum á land hafa verið svo miklir, að menn hafa orðið að bera hann á bakinu langar leiðir. Þegar trillubátarnir komu til sögunnar, fóru útgerðarmenn að hugsa til þess að koma sér upp bryggju og hafa nú þegar lagt fram til þess af litlum efnum 10—13 þús. kr. Hér þarf þó enn mikilla umbóta við, ef mannvirkið á að geta verið til frambúðar. Ég geri ekki ráð fyrir, að upphæð sú, sem ég fer hér fram á, sé nægileg, en ég hefi viljað stilla þessari fjárbón í hóf, svo að hún fengi fremur áheyrn. Ég veit vel, að víðar stendur líkt á og hér, þótt ég efist um, að þörfin sé meiri annarsstaðar. En ég vil benda á það, að einmitt úr þessu kjördæmi, Gullbringu- og Kjósarsýslu, fær ríkissjóður miklar tekjur, en að hinsvegar hafa mjög verið sparaðar á síðustu árum fjárveitingar úr ríkissjóði til kjördæmisins og íbúa þess. Ég vænti þess því, að þessi till. fái góðan byr.

Ég ætla mér ekki að fara að gera hér almennar aths. við fjárlfrv. eða brtt. þær, sem fram eru komnar. Ég gerði aths. mínar við fjárl. í eldhúsumr., og hv. frsm. minni hl. hefir gert ljósa grein fyrir afstöðu okkar sjálfstæðismanna við þessa umr. Ég get þó ekki látið hjá líða að kvarta yfir því, að færð hefir verið niður sú fjárveiting, sem vegamálastjóri hafði lagt til, að veitt yrði til Kjósarvegar. Hann lagði til, að í þessu skyni yrðu veittar 25 þús. kr., en stj. og fjvn. hafa lækkað þetta niður í 10 þús. kr. En það er alveg fyrirsjáanlegt, að þessar 10 þús. kr. koma þarna ekki að neinu gagni. Fé þetta á að nota til framlengingar á vegarspotta fyrir Reynivallaháls, en með 10 þús. kr. verður að vísu hægt að lengja hann, en án þess þó, að hann nái sambandi við aðalveginn. Ég skal játa, að þessar 10 þús. kr. eru til nokkurra atvinnubóta í héraðinu,

en með svo lágri fjárveitingu verður ekkert gagn að vegarlagningunni sjálfri. Þetta er ekkert sérstakt hagsmunamál míns kjördæmis. Vegurinn fyrir Hvalfjörð er orðinn aðalvegurinn norður, og ferðum fjölgar með ári hverju. En vegurinn er ekki enn kominn lengra en það, að enn verður að fara yfir endann á Reynivallaháls, en sá kafli er af mörgum, bæði bílstjórum og ferðamönnum, talinn einhver allra hættulegasti kafli á bílvegum landsins. Ég veit ekki, hvort hv. frsm. meiri hl. hefir farið þessa leið, en ég segi fyrir mig, að ég hefi hvergi orðið hræddari á ferðalögum mínum en á Reynivallahálsi, þar sem mörg hundruð metra hengiflug tekur við fyrir neðan vegarbrúnina, svo að engu má skeika. Ég vil nú spyrja hv. frsm. meiri hl., hvort hann vilji taka á sig ábyrgð á þeim slysum, sem hljótast kunna af því, að vegurinn fyrir Reynivallaháls sé ófullgerður áfram, vegna synjunar á þessari nauðsynlegu fjárveitingu.

Aðrar brtt. snerta ekki mitt kjördæmi og sé ég því ekki ástæðu til að gera þær að umtalsefni.

**Þorsteinn Briem:** Ég á tvær brtt. við þennan kafla fjárlfrv., og eru þær báðar við 13. gr. Sú fyrri er á þá leið, að veittar skuli 10 þús. kr. til Vesturlandsvegar. Þetta er eini þjóðvegurinn, sem hér um bil er afskiptur með öllu í fjárlfrv. og till. meiri hl. fjvn., en vegamálastjóri hafði þó lagt til, að til þessa vegar yrðu veittar 14 þús. kr. Það er ekki eingöngu Dalasýsla, sem hér á hagsmuna að gæta, heldur einnig sýslurnar norður af, Strandasýsla og Barðastrandarsýsla. Eftir þessum vegi eru nú komnar fastar bílferðir, en þær stöðvast þó oftlega haust og vor, vegna þess hve vegurinn er slæmur. Á þessari leið er ógerður kafli, sem oft verður ófær. Þar er auk annara torfærna yfir klif að fara, sem er hættulegt vegna aura á vorum og svella á vetrum. Gamli vegurinn grefur sig víða niður af vatnsrennsli, og verður því að færa hann til, en slíkt gerir viðhald á honum mjög dýrt. Sumstaðar liggur vegurinn á þessum kafla um skriður, sem verður að ryðja árlega. Ennfremur liggur hann tvisvar sinnum yfir á, sem verður oft ófær, jafnvel á sumrum. Sjá allir, hve óheppilegt er, að fastar bifreiðaferðir geti stöðvazt, hve nær sem skúr kemur úr lofti. Mestur hluti vegarins er þegar lagður, en þessi vegarkafli getur þannig stöðvað umferð með öllu, þar til lokið er vegagerð þessari. Vænti ég, að Alþingi líti með velvild á þessa nauðsyn.

Þá flyt ég hér aðra brtt. við 13. gr., ásamt öðrum. Hún er á þá leið, að til akfærra sýsluvega skuli ganga 15%, eða 57 þús. kr., af bifreiðaskattinum. Oss þykir sanngjarnt, að sveitirnar njóti þess tillags að fullu, sem þeim er ætlað samkv. bifreiðaskattslögunum, og virðist það illa viðeigandi, að halda ekki gerða samninga í þessu efni, einkum þar sem framlag til sýsluvega er lækkað um ⅓. Það er heldur engin óhagsýni í því fyrir það opinbera að leggja fram lögboðin gjöld til sýsluveganna, og er það af tveim ástæðum. Vinnan við sýsluvegi er ódýrari en við þjóðvegi, enda oftast unnin af innanhéraðsmönnum, sem leggja meira að sér en aðrir og gefa jafnvel dagsverk. Auk þess verður minni ásókn um að fá sýsluvegi tekna í þjóðvegatölu, ef vel er lagt fram til þeirra. Ég vænti þess því, að Alþingi fallist á þessa brtt., um að framlagið til þessara vega verði eigi minna en lög standa til.

**Jóhann Jósefsson:** Ég á enga brtt. hér, en vil geta þess, að við, hv. 3. landsk. og ég, sendum fjvn. tvö erindi, sem ég vona, að fái góðar undirtektir við 3. umr., þótt ekki sjáist í nál., að n. hafi haft þau til meðferðar. Erindin eru um framlag til ræktunarvegar og sundlaugar í Vestmannaeyjum. Sundlaugin er næstum fullgerð, og í fyrra var gefinn ádráttur um þessa fjárveitingu. Hér er um hóflegar upphæðir að ræða, og ég vona, að þar sem stórt og mannmargt pláss á hér í hlut, þá verði þessum fjárbeiðnum sinnt við 3. umr.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Guðmundsson):** Það hefir nú ekki margt komið fram, sem ég þarf að svara. Ég get vitanlega ekkert sagt um það, hvernig n. snýst við brtt. einstakra þm., þar sem hún hefir ekki enn tekið þær til athugunar. Því verður það, sem ég segi um þær, aðeins frá mér persónulega, og svo ýmsar leiðréttingar, sem mér finnst rétt, að komi fram.

Um vegatillögurnar er það segja, að n. vildi ekki hækka framlög til vega fram yfir lækkun þá, sem gerð var á framlagi til malbikunar á þjóðvegum, að undanteknu framlagi til Sogsvegarins. N. var öll sammála um það, að Sogsvegurinn ætti heima í fjárl.

Það er vitanlega ekki hægt að skipta vegafénu svo, að allir verði ánægðir. Við Austfirðingarnir höfum nú fengið að heyra það, að við höfum togað ótrauðlega að okkur um vegafé, og kem ég ef til vill betur að því síðar. Hv. frsm. minni hl. sagði, að ég hefði ekki verið fjarri því að fella niður framlög til Úthéraðsvegar. Sannleikurinn er sá, að þangað til við fundum upp það snjallræði að fella niður malbikun á þjóðvegum, stóðum við alveg ráðalausir uppi um skiptingu á vegafénu. Þá stakk ég upp á því að hafa tilfærslu á framlögum milli vega á Austurlandi. En þar sem hægt var að leysa málið á annan hátt, þá sá ég ekki ástæðu til að flytja brtt. um það. Enda viðurkenni ég fullkomlega vegarþörf um Úthérað, sem ekki er í neinu vegarsambandi.

Hv. frsm. minni hl. vildi leggja mikið upp úr því, að vegamálastjóri hefði miðað till. sínar við allt önnur atriði en stj. og minni hl. fjvn. gerir. Það, sem skilur á milli þessara aðilja, er þetta, að vegamálastjóri vill verja allt að 100 þús. kr. til malbikunar á þjóðvegaköflum í kringum Rvík, en skilja heila landshluta, eins og bæði Vestfirði og Austfirði, eftir nálega sambandslausa við aðalvegakerfi landsins, og með nálega enga vegi innanhéraðs, eins og hv. þm. V.-Ísf. benti réttilega á í ræðu sinni. Þar eru nokkrir örstuttir vegarkaflar hálflagðir og að litlu gagni, eins og ég hefi áður tekið fram. — Þetta virðist vera meginstefna vegamálastjóra.

En ég hefi þá skoðun og meiri hl. fjvn., að vegirnir hér í kringum Rvík séu ekki verri en það, að vel megi við una enn um nokkur ár

án þess að þeir séu malbikaðir, á meðan verið er að koma vegasamböndum á milli héraða og landsfjórðunga. Þess vegna viljum við nú verja fénu til þess. Í þessu liggur meginmunurinn á till. vegamálastjóra og meiri hl. fjvn.

Hv. 8. landsk. mælti fyrir brtt. sinni um að hækka framlög til vegarins um Siglufjarðarskarð upp í 55 þús. kr. Ég hefi ákaflega mikla tilhneigingu til þess að auka fjárframlag til þessa vegar, ef það leiðir til viðurkenningar á því, að allir aðalkaupstaðir í landinu eigi að koma sem fyrst í samband við aðalvegakerfi landsins. Allir verða að játa, að þetta er stór kaupstaður, með mikla sumardrift, er nauðsynlega þarf að fá vegarsamband sem allra fyrst. En meiri hl. fjvn. varð hér að beita sömu reglu og annarsstaðar, að fara sem gætilegast við skiptingu vegafjárins, til þess að hægt væri að úthluta því sem víðast, eins og reynslan hefir sýnt, að kröfur berast um til Alþingis. Og hinsvegar leit meiri hl. fjvn. svo á, að með aukningu á fjárframlagi til atvinnubóta um 200 þús. kr., sem stj. og meiri hl. n. standa að, mundu stærstu kaupstaðirnir fá svo drjúgan skerf af því fé til atvinnubóta, að því mætti verja til bráðustu opinberra framkvæmda í grennd við þá. Enda fylgir það skilyrði þessari atvinnubótafjárveitingu, að a. m. k. ⅓ hluta af því skuli varið til þeirra framkvæmda, sem ríkissjóður á að annast um. Má fullkomlega vænta þess, að Siglufjarðarkaupstaður fái talsverðan atvinnubótastyrk. Og þar sem mikill áhugi er fyrir því á staðnum að fá veginn yfir Siglufjarðarskarð, má ætla, að nokkru af þessu fé verði varið til vegarins. Hv. 8. landsk. sagði, að kostnaðaráætlun um byggingu þessa vegar væri 340 þús. kr. Sjá þá allir, að það fé verður ekki lagt beint til vegarins á örfáum árum. En ég vil nú draga mjög í efa, að vegurinn þurfi að verða svona dýr. Þegar verið var að áætla akvegarlagningu á milli Seyðisfjarðar og Héraðs — yfir Fjarðarheiði — þá var ráðgert, að það myndi kosta ½ millj. kr., en reynslan hefir sýnt, að það kostaði ekki nema 80—100 þús kr. að gera þar bílfæran veg, og á sama hátt getur þetta snúizt við um vegarkostnaðinn á Siglufjarðarskarði.

Hv. þm. V.-Ísf. minntist á hafnarbætur á Suðureyri við Súgandafjörð, og flytur hann brtt. um það. Til þess liggja sömu svör og ég hefi áður gefið um framlög til lendingarbóta, að n. hefir ekki gert till. um skiptingu á því fé, og bíður það til 3. umr. Nú liggja fyrir þinginu umsóknir um 400 þús. kr. til hafnargerða og lendingarbóta, í fjárlfrv. eru áætlaðar til þess 15 þús. kr., sem fjvn. hefir hækkað upp í 35 þús. kr. Ef til vill sýnast Alþingi möguleikar á að hækka þetta eitthvað meira við þessa umr., og má þá skipta því niður við 3. umr.

Hið sama verð ég að segja um hafnarbætur í Kirkjuvogi í Höfnum, sem hv. þm. G.-K. minntist á. Ég man ekki eftir því, að nokkur beiðni eða erindi hafi komið til fjvn. um þetta mál á þinginu, en skal þó ekki fullyrða um það. Viðvíkjandi Breiðadalsheiðarvegi, sem hv. þm. V.-Ísf. flytur brtt. um, verð ég að viðurkenna þá bláköldu staðreynd, að það hefir enginn eyrir verið áætlaður á fjárlfrv. eða í till. fjvn. til vega eða brúa í Vestur-Ísafj.s. Er það þess vegna fullkomin sanngirniskrafa frá hv. þm. V.-Ísf., að Alþingi geri eitthvað til að bæta úr því.

Þá er það Kjósarvegurinn. Hv. þm. G.-K. spurði mig, hvort ég vildi bera ábyrgð á því, ef bifreiðarslys yrðu á þessum vegi í Reynivallaháls. Um þennan veg get ég sagt það sama og hv. þm., að ég hefi a. m. k. tvisvar farið hann í bíl, og þá og þegar búizt við að glata lífinu. En það eru fleiri kaflar á bílveginum milli Rvíkur og Akureyrar, þar sem ég hafi verið hræddur um líf mitt, og sumstaðar, á stórum svæðum má allur vegurinn heita einn Reynivallaháls. Það þyrfti því að hafa menn víðar en á Reynivallahálsi, til þess að bera ábyrgð á bifreiðaslysum. Auk þess get ég búizt við, að einhverjir verði að bera ábyrgð á öðrum slysum, sem verða bæði á sjó og landi, ef það á að gera einstaka menn ábyrga í þessum efnum. En það var sérstök ástæða til þess, að fjvn. var ekki ör á fjárframlag til Kjósarvegar. Það er annað nýtt mál, sem stendur í sambandi við þetta og þingið hefir til meðferðar — ábyrgðarheimild fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, þá er búizt við, að nýtt skip verði útvegað á næsta ári til hraðferða milli Rvíkur og Borgarness. Skipið á að vera mjög fljótt í ferðum og getur flutt bíla á bílfari. Vera má, að bílferðir kringum Hvalfjörð geti þá lagzt niður að meira eða minna leyti, enda eru þeir miklu lengur að aka þá leið. N. taldi því rétt að láta þessar 10 þús. kr. standa í frv. — Nú kemur skipið í vor. Má þá fljótt komast að raun um, hvort hentara þykir að láta skipið flytja bílana upp í Borgarnes, og hvort bílferðir kringum Hvalfjörð leggjast niður. Verði það niðurstaðan, þá er réttara að leggja ekki mikið fé í þennan veg á næsta ári.

Um ræktunarveginn í Vestmannaeyjum er hið sama að segja og veginn yfir Siglufjarðarskarð. Það er ætlazt til, að atvinnubótafé verði varið til vegagerða í kaupstöðum og í grennd við þá.

Mér finnst, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að minnast á brtt. n. um lækkun starfslauna hjá ríkisféhirði. Það er mjög mikið gleðiefni, að sú kona, sem gegnir ríkisféhirðisstarfinu, á svo miklum vinsældum að fagna á Alþingi og svo marga formælendur, sem raun ber vitni. Allir, sem á brtt. minnast, mæla með málstað konunnar, en enginn á móti. Ég býst því við, að fjvn. skoði huga sinn nánar um þetta atriði, áður en það kemur til atkv.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Ég get verið stuttorður. Hv. frsm. meiri hl. sagði nákvæmlega það sama og ég hafði áður sagt viðvíkjandi Úthéraðsvegi. En mér fannst hann ekki hafa gilda ástæðu til þess að falla frá því að flytja um hann brtt. Hinsvegar er það ekki nema mannlegt, þó að hv. þm. léti það vera, eftir að hann var búinn að fá framlag til síns eigin vegar — Norðfjarðarvegar. En sem fjvn.maður átti hann líka að hugsa um aðra landshluta en Austfirðingafjórðung.

Hv. frsm. vildi halda því fram, að stefna vegamálastjóra væri sú, að leggja fram fé til malbikunar á þjóðvegum í grennd við Rvík, án þess

að hann hugsaði nokkuð um að koma einstökum landshlutum í samband við þjóðvegakerfið. En *ég held, að það sé ekki rétt að ásaka vegamálastjóra fyrir þetta.* Því ástæðan til þess, að hann leggur til, að þessu fé verði varið til malbikunar á vegum, er sú, að það er lögákveðið, að viss hluti af bifreiðaskattinum sé lagður fram til þess. Það er undarlegt, að hv. frsm. skuli aðeins beina þessum ákúrum til vegamálastjóra, en ekki stj. En þeir aðilar hafa báðir lagt þetta til, af því það er lögákveðið, og hvorki vegamálastjóri eða hæstv. stj. eiga skilið að fá ávítur fyrir það. Verði þessi fjárveiting til malbikunar þjóðvega felld úr frv., þá er það brot á öðrum lögum, og verður því að breyta því atriði þeirra laga, sem fjalla um ráðstöfun á bifreiðaskattinum, a. m. k. til bráðabirgða. Annars veit ég ekkert, hvernig vegamálastjóri lítur á þetta, að felldur sé niður liðurinn til malbikunar; ég hefi ekki nefnt það við hann.

Ég held, að það sé ekki fært að gera ráð fyrir því, að það fækki bílaferðum í kringum Hvalfjörð, þó að nýtt skip verði keypt til Borgarnessferða. Ég geri þvert á móti ráð fyrir því, að bílaferðir haldi áfram að aukast á þessari leið. Og þess vegna er mjög nauðsynlegt að hækka fjárveitinguna til Kjósarvegar, svo að honum verði komið fyrir Reynivallaháls. Mér skildist á vegamálastjóra á fjvn.-fundi, að 15 þús. kr. í viðbót mundu nægja til þess, að hægt væri að koma veginum *yfir versta kaflann, og mætti þá með* dálitlum afleggjara á þjóðveginn komast fyrir framan hálsinn. Vildi ég gjarnan, að þetta yrði athugað nánar.

Ég ætla mér ekki að karpa mikið við hæstv. fjmrh. Hann sagði, að ég hefði tekið það allt aftur, sem ég sagði í minni fyrri ræðu um að hann hefði sýnt hlutdrægni í till. sínum í fjárlfrv. og skarað eld að köku síns kjördæmis. Þetta er algerlega rangt. Hann bar það á okkur í minni hl. fjvn., að við hefðum lagt til að strika út allar fjárveitingar til Suður-Múlas. Ég benti honum á, að það væri rangt; við hefðum ekki flutt brtt. um að fella niður úr frv. einn eyri af fjárveit. til vega í því kjördæmi. Svona er hann sannorður. Auðvitað bar ég fram ásökun um hlutdrægni út af hækkunartill. hv. meiri hl. fjvn., sem m. a. hefir hækkað framlag til Norðfjarðarvegar úr 5000 upp í 20 þús. kr. En ég var ekki að hallmæla hæstv. fjmrh. fyrir þá hækkun eða eigna honum till. hv. meiri hl. fjvn.; þó má vel vera, að hann hafi átt einhvern þátt í þeim, mér er ókunnugt um það. Eftir brtt. hv. meiri hl. fjvn. fær Suður-Múlasýsla langhæst fjárframlög til vega af öllum héruðum á landinu. Er það óneitanlega nokkuð hátt stökk frá því, sem áður hefir tíðkazt. En þrjár sýslur fá engan einasta eyri til vega: Vestur- og Norður-*Ísafjarðarsýslur og Austur-Húnavatnssýsla.* Þetta ber vott um alveg óhæfilega ósanngirni, og verð ég að taka undir með hv. þm. V.-Ísf., að það er harkalegt að svipta heil héruð gersamlega framlögum til vega, einkum þegar tekið er tillit til þess, að því er haldið fram af stj. og meiri hl. fjvn., að vegaféð eigi að vera til atvinnubóta í sveitunum.

Ég spái því, að það eigi eftir að koma fram brtt. frá hv. meiri hl. fjvn., til aukinna vega í þeim héruðum, sem nú hafa verið sett hjá, þrátt *fyrir allar flokkasamþykktir*, sem hv. stjórnarflokkar hafa nú orðið að lúta, áður en þeir gengust undir það, að enginn þm. úr þeirra hóp skyldi flytja brtt. við fjárl.frv. Ég spái því, að fjárl. eigi eftir að taka allmiklum breytingum, áður en þau koma út úr þinginu. Við sjáum nú til, hvernig fer.

**Forseti (BÁ):** Þá er lokið umr. um fyrri kafla fjárlfrv. og hefjast því næst umr. um síðari hlutann, 14.—24. gr.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson)** óyfirl.: Ég vík þá fyrst að þeim brtt. við fjárl.frv., sem fjvn. stendur öll að. Hún vann sameiginlega að athugun á frv., en klofnaði síðasta fundardaginn, þegar nál. var afgr. Um mjög margar af þessum *till.* var n. *öll sammála, en um sumar* var hún ekki samdóma, og flytur minni hl. nokkrar brtt., sem hann gerði sérstakan ágreining um, og mun ég ræða um þær síðar.

Vil ég þá minnast á 1. brtt. við 14. gr., þar sem n. leggur til, að liðurinn um skrifstofukostnað biskups verði hækkaður um 1000 kr. N. vill sérstaklega undirstrika það, að biskup heldur mjög sparlega á og hefir litinn tilkostnað við embættisreksturinn. Þessa hækkunartill. flytur n. fremur til þess að votta honum viður*kenningu fyrir ráðdeild í starfinu*, en ekki af því, að krafa hafi komið um það frá honum.

Þá er næst nýr liður, til endurreisnar á kirkju Brettingsstaðasóknar á Flateyjardal, 1500 kr. Kirkjan, sem þar var áður, hefir fokið. Söfnuðurinn er mjög fátækur, en vill þó endurbyggja kirkjuna, og leggur biskup til, að ríkissjóður veiti þennan styrk til þess. N. hefir fallizt á þetta, enda þótt það sé mjög fátitt, að ríkið styrki kirkjubyggingar á þennan hátt. Þó er til eitt fordæmi fyrir því úr Dalasýslu. Þessi styrkveiting er fremur miðuð við það, að þarna er um sérstaklega óviðráðanlega erfiðleika að ræða, en ekki hitt, að þetta verði almenn regla.

Þá álítur n., að stj. geti sparað nokkra upphæð á áætl. kostnaði við próf löggiltra endurskoðenda, og leggur til, að sá liður verði lækkaður úr 1300 kr. í 500 kr.

Þá kem ég að atriði, sem nm. voru ósammála um, en það er lækkun á rekstrarstyrk til kvennaskólans á Blönduósi. Jafnframt hefir n. hækkað rekstrarstyrki til húsmæðraskólanna á Laugum, Hallormsstað og Ísafirði, um 500 kr. til hvers þeirra, og tekið það af styrknum til skólans á Blönduósi. Lækkunin á styrk til Blönduósskóla er raunverulega ekki meiri en þetta, því að n. leggur jafnframt til, að Blönduósskóla verði veittar 1500 kr. til fjósbyggingar. Skólanefndin hafði sótt um hærri styrk til þess, en meiri hl. n. sá sér ekki fært að mæla með meiru. Um þetta voru skiptar skoðanir milli meiri og minni hl. n. Ástæður fyrir þessari lækkun á styrknum til kvennaskólans á Blönduósi er sú, að n. taldi rétt að koma meiri meiri jöfnuði á rekstrarstyrk til húsmæðraskólanna, eftir nemendafjölda í skólunum. Og þá varð að gera annaðhvort, að lækka styrkinn til skólans

á Blönduósi, en hækka lítilsháttar rekstrarstyrk til hinna og jafna þannig hlutföllin, eða að hækka styrk til húsmæðraskólanna til jafns við skólann á Blönduósi, miðað við nemendafjölda. N. valdi fyrri kostinn. Kvennaskólinn á Blönduósi hefir haft um 14 þús. kr. rekstrarstyrk í fjárl., en húsmæðraskólinn á Hallormsstað 7—9 þús. kr. Skólarnir eru svipaðir að stærð og nemendafjölda, báðir vinsælir og góðir. Ef skólinn á Blönduósi á að hafa 14 þús. kr. til rekstrar árlega, þá virðist sanngjarnt, að Hallormsstaðaskólinn fengi jafnháa upphæð. Það hljóta allir að játa, að ef skólinn á Blönduósi á að fá þessa upphæð fyrir 32 námsmeyjar, þá verður skólinn á Hallormsstað að fá meira en 7—9 þús. kr. fyrir jafnmargar námsmeyjar. — Húsmæðraskólinn á Laugum er nokkru minni en hinir; hann er ákaflega vinsæll, svo að árlega er eigi hægt að veita viðtöku nema ca. ¼ af þeim, sem um hann sækja. Þessar brtt. fjvn. eru gerðar til þess að koma hér á fullkomnara samræmi en áður hefir verið. Annars vil ég skjóta þeirri bendingu til hæstv. stj., að heppilegasta úrlausnin í þessu efni er sú, að sett verði heildarlög um húsmæðraskólana í landinu, eins og nú eru um héraðsskólana, þar sem rekstrarstyrkur sé miðaður við nemendafjölda í skólunum.

Fræðslumálastjóri ætlast til þess, að þeir barnakennarar, sem sækja fundi hins norræna kennaraþings, geti komizt af með 200 kr. hver í utanfararstyrk. Fjvn. hefir svo ákveðið þessa áætlun í aths. við þennan utanfararstyrk í 14. gr. XIII. 5, til þess að allt að 25 kennurum gefist kostur á ferðastyrk til að sækja kennaraþingið.

Fjvn. hafa borizt margar styrkumsóknir frá gömlum barnakennurum, sem baslast í sárri fátækt. Einn af þeim er búsettur í Dalasýslu og búinn að kenna þar í 50 ár. Annar á heima í Ólafsfirði, hefir misst heyrnina, en er dugandi starfsmaður.

Þessar umsóknir vissi n., að ekki var þægilegt að taka til greina, þó hún gjarnan vildi. Þótti henni varhugavert að veita smástyrki út á einstök nöfn í fjárl., enda mundi það gefa fordæmi fyrir því, að á eftir kæmi löng nafnaskrá uppgjafakennara, eins og nú er þar af júbil-ljósmæðrum. Varð n. því öll sammála um að leggja til, að fræðslumálastjóri fengi dálitla upphæð til umráða (ca. 2000 kr.), til þess að skipta á milli gamalla barnakennara til brýnustu úrbóta, þó að ekki geti komið nema lítið í hvern stað.

Þá leggur n. til, að við launaupphæð til kennara í Eiðaskóla bætist 700 kr. sem persónuleg launauppbót til núv. skólastjóra. Laun hans hafa verið lægri en annara sambærilegra skólastjóra. Af því að þetta er eftirsóttur maður og skólinn blómgast vel undir hans stjórn, finnst n. eðlilegt, að laun hans verði í fullu samræmi við önnur kennaralaun.

Þá kem ég að nýjum lið, sem er 20 þús. kr. byggingarstyrkur til Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Sá skóli er meira en 50 ára gamall og einn af elztu skólum, sem nú starfa hér á landi. Skólinn var einkagjöf frá séra Þórarni Böðvarssyni og þeim frændum. Og þegar sett voru sérstök lög um gagnfræðaskóla í kaupstöðum, átti Flensborgarskóli talsverðar eignir. Þáv. stjórn gerði þá skipun í samráði við Hafnfirðinga og með samningi við þá, að þessi eign skyldi varðveitt í sérstökum sjóði, er væri ævarandi eign skólans og honum til stuðnings, en ekki ganga inn í skólann sem stofnframlag né til rekstrar. Þessum gjafasjóði Þórarins Böðvarssonar stjórnar þriggja manna nefnd. Í henni eru bæjarfógetinn og bæjarstjórinn í Hafnarfirði og 1 maður tilnefndur af stjórnarráðinu. Nú vildi svo óheppilega til, að annað hús Flensborgarskólans brann fyrir skömmu síðan, og stendur nú gamli húshjallurinn einn eftir, með þremur nöktum kennslustofum. Þar er ekkert bókasafn, ekkert leikfimihús né baðhús. En skólinn er vinsæll. Allir Hafnfirðingar standa að honum og um hann er enginn flokkadráttur. Nú hafa Hafnfirðingar komið sér saman um, að skólinn skuli endurbyggður, og er þegar byrjað að grafa fyrir grunninum. Það eru til teikningar eftir húsameistara, sem Hafnfirðingar hafa samþ., og er þar gert ráð fyrir, að byggingin, sem á líka að vera iðnskóli, kosti um 160—170 þús. kr. Þessi fjárveiting er byggð á þeim erfiðleikum, sem nú standa yfir, því þetta hús, sem ekki er stærra en svo, að í góðæri mundi það byggt á einu ári, á nú að byggjast á þremur árum, og hlutur landsins yrði 20—25 þús. kr. á ári, en Hafnfirðingar hafa þegar til taks um 60 þús. kr. — Þórarinn heitinn Böðvarsson, sem ekki var sérlega hátt launaður embættismaður, gat reist þennan skóla og gefið þjóðinni hann áður en hún hafði aðstöðu til að byggja skólann. Það er því dálítið sorglegt fyrir okkur, sem nú lifum, að hugsa til þess, að þegar þarna er nú kominn stór bær, skuli allt þurfa að vera miklu ófullkomnara heldur en var fyrir 30—40 árum.

Þá hleyp ég yfir kvennaskólana þrjá, á Hallormsstað, Laugum og Ósk á Ísafirði, af því að áður er búið að tala fyrir þeim, og kem þá að þeim lið, sem meiri hl. n. er sammála um að leggja til með, að veittar verði 15 þús. kr. til byggingar húsmæðraskóla á Laugalandi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Ég vil taka það fram, að það virðist þörf fyrir slíka stofnun norðanlands, því um 70 stúlkur hafa sótt um kvennaskólann á Blönduósi, en komast ekki að nema 30, og að Laugum hafa líka sótt um 70 stúlkur, en þar komast ekki að nema 16—17. Það er því auðséð, að þessir skólar eru vinsælir og að kvenþjóðin kann að meta þá. Eyfirðingar áttu kvennaskóla fyrir löngu síðan, sem síðar var fluttur til Akureyrar, en hefir svo lagzt niður. Ég hygg, að Eyfirðingar eigi sjóð frá þessum tíma, 16—17 þús. kr., svo nefndan kvennaskólasjóð. Á sýslufundi í fyrravetur var svo ákveðið að beita sér fyrir því að koma upp kvennaskóla á Laugalandi, og ánafnaðist þá sjóðnum 10 þús. kr. í viðbót. Ég geri ráð fyrir, að ef þessi fjárveiting verður samþ., muni þarna verða byrjað á byggingunni næsta sumar, og kann ég þá illa rausn Eyfirðinga, ef þeir reyna ekki að bæta við þennan sjóð, svo hægt sé að byrja fyrir 50 þús. kr. og að skólinn

geti risið upp af nýju undir góðum kringumstæðum.

Þá kem ég að liðnum viðvíkjandi Blindravinafélaginu, sem er miðaður við það, að sú kennslukona, sem vinnur að kennslu blindra barna, fái svipuð laun og við barnaskóla, og er um þetta fullt samkomulag í n.

Næst kemur svo liðurinn til Björn Jakobssonar leikfimikennara á Laugarvatni, sem hefir undanfarin 2—3 ár haldið íþróttaskóla fyrir leikfimikennaraefni. Síðan þessi byrjun var hafin er bætt úr þeirri þörf, sem áður var, að allir leikfimikennarar þurftu að fara til útlanda og komu svo með breytileg áhrif sinn úr hverju landinu, enda eru íþróttir okkar að verða sviplausar og stillausar. Þessi byrjun Björns Jakobssonar stefnir því í þá átt að gera íþróttalíf okkar sjálfstæðara, og er það sérstaklega kvennaleikfimin, sem gæti haft mikinn stuðning af þessu, því það er álitið, að hann muni vera í fremstu röð meðal kvennaleikfimikennara á Norðurlöndum. Það er því fullkomin ástæða fyrir okkur Íslendinga að viðurkenna þetta og gera það mögulegt, að einmitt þetta fagra og heppilega leikfimikerfi hans geti verið notað hér á landi.

Þá hefir n. lagt til, að hækkaður verði um 1 þús. kr. styrkurinn til Landsbókasafnsins, og hefði gjarnan viljað hækka hann meira, þó ekki yrði úr því í þetta sinn. Það er öllum vitanlegt, að bókasafnið skortir fé til bókakaupa. — Þá þótti og rétt, að hinn ungi Neskaupstaður fengi dálítið til síns bókasafns eins og aðrir kaupstaðir.

Þá þótti n. rétt að halda áfram með útgáfu jarðarbókar Árna Magnússonar. Þetta verk var hafið af Dönum meðan ríkin voru nánara tengd saman heldur en nú er, og vilja Danir ekki lengur styðja þetta og segja, að okkur komi þetta mest við sjálfum. Þessi útgáfa mun taka nokkur ár enn. Jón Helgason prófessor í Khöfn er fús til að beita sér fyrir þessu, og er honum vel treystandi til þess, og hafa menn því vonir um, að þetta gangi greiðlega úr þessu. — *Þá þótti og rétt að styðja fornritaútgáfuna* með 4 þús. kr. styrk, en jafnframt var áskilið, að útgáfustjórnin freistaði þess að hafa áhrif á það, að bækurnar gætu verið ódýrari, ef þess væri nokkur kostur, því það virðist sem þessar bækur nái ekki til almennings vegna dýrleika.

Þá kemur að litlum styrk til Helga Guðmundssonar frá Austmannsdal, til að safna þjóðsögum á Vestfjörðum. Hann er fyrsti maðurinn, sem hefir safnað þjóðsögum frá þeim landshluta. — Þá bætti n. og við litlum styrk til ungs prests, séra Jóns Thorarensens í Hruna, sem hefir getið sér mikinn orðstír fyrir þjóðsögur sínar, sem hann nefnir Rauðskinnu. Það lítur út fyrir, að þessi ungi efnilegi prestur ætli að feta í fótspor annars prests á Suðurlandi, sem þjóðin stendur í mikilli þakkarskuld við. Ég þykist því vita, að hv. Alþ. muni finnast þessum styrk vel varið.

Þá hefir háskólinn óskað eftir því, að styrkurinn til Páls Ísólfssonar væri hækkaður um 400 kr., til þess að veita prestaefnum tilsögn í tónlist og orgelleik.

Þá kem ég að einum af þeim fáu persónulegu styrkjum, sem n. leggur til með, og er það til Magnúsar Guðnasonar, Suðurgötu 8 hér í bæ, 1 þús. kr. Þessi maður er smiður og hugvitsmaður, sem telur sig á góðum vegi með að finna upp slaghörpu, sem er spilað á með boga líkt og fiðlu, en þetta á að vera mekaniskt. Hefir hann unnið að þessu í mörg ár og lagt í það alla sína krafta, unnið vegavinnu á sumrin, en gefið sig að þessu á veturna og hafizt við í skúr inni við Elliðaár, þar sem frostið er eins mikið inni sem úti. Þangað höfum við nokkrir þm. heimsótt hann, og þar heyrðum við, að þetta galdraverkfæri bar honum vitni um það, hvað hann gæti gert með því. Við treystum okkur ekki til að hafa sjálfstæða skoðun um það, hvert gildi þetta hefði, og þess vegna bárum við þetta undir Pál Ísólfsson, Emil Thoroddsen og aðra færustu menn í þessum efnum, og hafa þeir lagt gott orð með þessum manni, en ég býst við, að við flestir í n. höfum meira beygt okkur fyrir fórnarvilja mannsins heldur en að við værum vissir um, að þetta gerði svo mikið gagn.

Þá hefir n. lagt til, að karlakórarnir fengju hækkaðan styrk til þess að geta haft söngkennara, og er ekki ómögulegt, að hún muni tilleiðanleg til að hækka hann enn um nokkur hundruð kr. við næstu umr. En aftur á móti treystir n. sér ekki til að mæla með því, að einn ágætur kór hér í bænum fái utanfararstyrk, þó hún vilji viðurkenna hans gildi, því hún álítur, að frekar beri að styðja þessa kóra í heild sinni, svo *þeir geti haldið uppi félagsskap sínum*, en að styrkja þá til utanfara.

N. leggur til, þar sem Jón Leifs er nú ráðinn fastur starfsmaður útvarpsins, að liðurinn til hans falli niður, en samkomulag hefir orðið um það, að Þórarni Jónssyni tónskáldi sé veittur lítill styrkur í viðurkenningarskyni. Fór n. þar að nokkru leyti eftir vitnisburði hv. þm. Vestm., sem hefir kynnzt þessum manni í Berlín og því fólki, sem hann umgengst þar, sem álítur hann vera mjög merkilegt tónskáld, en *hann lifir í sárri fátækt.*

Fjárveitingin til Þorbergs Þórðarsonar er hækkuð lítið eitt, og er þar bæði miðað við ritstarf hans og orðasöfnun og líka til þess að hann geti fremur starfað sem óháður rithöfundur.

Þá lagði n. til að styrkja Hannes Þorsteinsson til þess að semja æfisögur lærðra manna á síðari öldum.

Frímann B. Arngrímsson hefir undanfarið fengið styrk til jarðfræðirannsókna. Hann hefir nú skrifað n., að heilsa sín sé farin að bila og að fráleitt sé, að hann geti starfað meira að rannsóknum sínum, og óskar hann því eftir, að styrkurinn falli burt. En n. vildi ekki láta hann gjalda hreinskilni sinnar og leggur því til, að hann fái áfram þennan styrk sem heiðurslaun.

Þá var n. öll sammála um að leggja til, að Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara væri veittur 3 þús. kr. styrkur. Af því þetta er nýmæli, get ég ekki látið hjá líða að fara um það nokkrum orðum. Ásmundur Sveinsson hefir nú helgað listinni alla sína krafta. Þegar hann í fyrra

fékk litla lánsheimild til þess að byggja yfir vinnustofu sína, réðist hann í það að byggja uppi við Skólavörðu, þó ekki hafi tekizt að útborga honum þetta lán. Hann hefir unnið að þessu sjálfur með álíka miklum dugnaði og þessi Magnús í Suðurgötu, og mun aldrei neinn íslenzkur listamaður hafa lagt eins mikið á sig við líkamlega vinnu, og má þetta heita hreint grettistak af svo fátækum manni. Nú er það auðséð, að hann getur ekki risið undir því að sýna verk sín þarna, ef hann hefir ekki einhverja aðstoð til þess, þó ekki væri nema til að halda húsinu hreinu. N. vill því viðurkenna listhæfni hans og óeigingirni í öllu lífsstarfi með því að leggja til, að honum verði veittur þessi styrkur.

Þá hefir n. hallazt að því, að Búnaðarfél. greiddi laun Einars Helgasonar garðyrkjustjóra. Úr því að Búnaðarfél. hefir mikinn styrk úr ríkissjóði og er falin yfirumsjón ræktunarmálanna, er ekki nema eðlilegt, að garðyrkjumálin séu þar með líka, og þar að auki er Einar Helgason elzti starfsmaður Búnaðarfél., og er því engin ástæða til að kljúfa þetta starf frá starfi félagsins. En það er tekið skýrt fram af nm., að þeir ætlast ekki til, að Einar Helgason missi neins í við þessa ráðstöfun.

Þá kemur að öðrum lið, viðvíkjandi Jóhanni Kristjánssyni, að niður falli sérstök borgun fyrir það, að hann sé teiknimeistari hjá Búnaðarbankanum. Þessi fjárveiting er orðin gömul og miklu eldri en Búnaðarbankinn. Var Jóhanni veittur þessi styrkur til þess að leiðbeina bændum viðvíkjandi byggingum þeirra. Svo þegar Búnaðarbankinn var stofnaður, hvarf hann eðlilega inn í þá stofnun og varð hennar aðalstarfsmaður í þessum efnum. Vitanlega hefir Jóhann gert nokkuð af teikningum og ráðleggingum til fleiri manna en þeirra, sem beinlínis byggja með lánum úr Búnaðarbankanum, en n. virtist þó ekki ástæða til, þar sem um er að ræða jafn efnalega sjálfstæða stofnun og Búnaðarbankann, annars en að bankinn gæti vel látið starfsmenn sína aðstoða bændur eins og verið hefir í þessum efnum, þó ekki væri borgað sérstaklega fyrir það úr ríkissjóði. Ég vil taka það fram, að enginn í n. ætlast til þess, að Jóhann Kristjánsson liði við það, þó þessi breyt. kynni að verða samþ.

Hækkun vegna áburðarverzlunarinnar í sambandi við nýafstaðna lagabreyt. hér á þingi er óhjákvæmileg.

Þá hefir n. lagt til, að Þykkvabæingum verði veittur styrkur til að geta notað skurðgröfu við mikinn áveituskurð, sem þeir hafa grafið inni í Safamýri. Eins og flestum hv. þm. mun vera kunnugt, var Safamýri talin bezta engi, sem til var á Íslandi. Hinn mikli gróður þar stafaði af því, að Rangá og Þverá flæddu yfir engið á vetrum. En þegar Þykkvabæingar neyddust til þess að hlaða fyrir ósa þá, sem voru að myndast ofanvert við Þykkvabæinn og voru í þann veginn að eyðileggja lífsmöguleika íbúanna, þornuðu þessi engi þegar frá leið. Var þá ekki annað að gera en að grafa mikinn áveituskurð, og var flutt til þess skurðgrafa norðan úr Skagafirði, en það verður bændum ofurefli, þrátt fyrir þeirra mikla áhuga og dugnað, að koma þessu verki áfram hjálparlaust, og leggur n. því til, að þeir séu styrktir með 5 þús. kr.

Þá kemur að liðnum til dýralæknanna.

N. virtist, að starfandi dýralæknar landsins væru 5, en ekki 4, og gerði því á því leiðréttingu N. var sammála um að taka einn af hinum mörgu sjálfmenntuðu dýralæknum, sem sækja um ríkisstyrk, og styrkja hann, þó hún sjái sér ekki fært að styrkja aðra, þótt þeir séu margir hverjir viðurkenndir dugnaðarmenn. Þessi maður heitir Guðmundur Andrésson, og hefir hann undanfarin ár verið aðstoðarmaður Hannesar dýralæknis, sem hefir gefið honum hin beztu meðmæli. Virðist hann vera kominn langt fram úr því, sem gerist um menn, sem ekki eru skólagengnir. Hann er Skagfirðingur og hyggst að hverfa þangað norður, og eru komnir á samningar milli hans og sýslunefndarinnar um að borga honum nokkra þóknun, ef hann býr á Sauðárkróki, en þar sem líkur eru til, að Austur-Húnvetningar nytu hans líka, er sett það skilyrði, að þessar tvær sýslur leggi jafnmikið fram honum til styrktar.

Þá gerir n. smábreytingu viðvíkjandi jarðskjálftamælingunum. Kostnaðurinn við þær er í því fólginn að fylgjast daglega með hreyfingum jarðskjálftamælisins í Stýrimannaskólahúsinu.

Leggur n. til, að frú Teresia Guðmundsson, sem vinnur á veðurstofunni og hefir haft þetta eftirlit með höndum, fái nokkra þóknun fyrir þetta starf, og ennfremur að aðalspámennirnir við útvarpið, Björn Jónsson og Jón Eyþórsson, fái þóknun fyrir aukavinnu, sem þeir hafa lagt á sig við að senda veðurfregnir til sjómanna framan af nóttunni. Það var eftir ósk sjómanna, sem byrjað var á þessari starfsemi, og hafa þessir veðurfræðingar lagt á sig mikið erfiði fyrir lítið og stundum ekki neitt. Það er ekki svo lítið ómak, sérstaklega hvað annan manninn snertir, sem býr inni hjá Kleppi, að vaka aðrahverja nótt og þurfa að fara gangandi heim eftir að strætisvagnarnir eru hættir að ganga. — Ég vænti því þess, að hv. dm. þyki þessari þóknun ekki illa varið.

Þá kem ég að þeim lið, sem ég skal ekki segja, hvernig fer um í þinginu, að fella burt sérstaka fjárveitingu til rafmagnseftirlits ríkisins. Ástæðan er sú, að n. álítur hægt að komast hjá því að hafa þetta sérstaka eftirlit, með því að fela það landssímanum eða einhverri annarri slíkri stofnun, og mundi það þá gefa nokkuð af sér, svo ekki þyrfti að kosta það beint úr ríkissjóði.

Sumir hafa látið sér detta í hug að sameina þetta eftirlit með eftirliti á vélum, verksmiðjum, vogum og mælitækjum, og er enginn vafi á því, að það væri ávinningur, ef það væri gert, hjá því sem að láta vaxa upp sjálfstæðar skrifstofur fyrir hverja slíka grein. Það er því ekkert til fyrirstöðu, að sumir þeir starfsmenn, sem unnið hafa að rafmagnseftirliti, geti unnið að því áfram, en þá bara undir eftirliti landssímans, ef farið er eftir bendingum n. — Það beina tilefni, að n. leggur þetta til, er það,

að allmikil óánægja kom fram í sambandi við byggingu rafmagnsstöðva á Blönduósi og Sauðárkróki, sérstaklega út af einum ungum verkfræðingi, sem forstöðumaður rafmagnseftirlitsins mælti með, annaðhvort sem raffræðing eða eftirlitsmanni ríkisins, en það skiptir nú ekki máli viðvíkjandi niðurstöðu þessa máls, sem er slæm, því á Blönduósi hefir ekki gengið betur en svo, að í staðinn fyrir, að fullyrt var hér á þingi í fyrra af jafnreyndum verkfræðing sem Jóni Þorlákssyni, að ekki mundi þurfa nema 120 þús. kr. í þessa rafveitu, kemur nú rafveitustjórnin og segir, að hún muni eyðileggjast, ef ríkið hjálpar ekki með 60 þús. kr. nýrri ábyrgð.

Ég mun minnast á þá ráðstöfun síðar. Þó vil ég geta þess, að bæði frá Blönduósi og sérstaklega frá Sauðárkróki bárust n. umkvartanir þess eðlis, að n. var samdóma um, að ekki gæti verið svo tryggilega um þetta rafmagnseftirlit búið sem vera þyrfti. Þess vegna miðar þessi breyt. að því, að landsstj. sjái sér fært að koma þessu fyrir á tryggilegri hátt en verið hefir.

Þá hefir n. mælt með því, að Halldór sonur Páls Hannessonar á Guðlaugsstöðum í Svínavatnshreppi fái 1 þús. kr. styrk til náms í sauðfjárrækt erlendis. Ég hygg, að þessi maður hafi ekki fengið beinan styrk frá þinginu áður, og vil ég því skýra frá ástæðum hans. Hann ætlar að ganga og er að ganga í gegnum landbúnaðarháskóla í Edinborg sem fjárræktarfræðingur. Hann er fyrsti Íslendingurinn, sem á þennan hátt lærir fjárrækt í Skotlandi. Nú vill svo til, að þessi ungi maður, sem er stúdent úr menntaskólanum hér í Rvík, var heima í sínu héraði frægur fyrir áhuga sinn á fjárræktarmálum. Að n. vill mæla með að veita honum þennan styrk, byggist á því, hversu óvenjulegur maður hann er á þessu sviði, og svo hinu, að æskilegt er að fá sérfræðing í þessari grein, sem numið hefir í Bretlandi. Námið þarna er ákaflega dýrt. Kostar um 400 kr. á mánuði, svo að þótt Búnaðarfél. veiti honum að sínu leyti nokkurn styrk, veitir honum ekki af þessu til viðbótar, ef hann á að geta haldið áfram. Þetta mun vera annað árið hans, svo að búast má við, að hann þurfi annan eins styrk aftur.

Liðurinn til skrifstofukostnaðar húsameistara er sýnilega of lágt áætlaður, miðað við það, sem hann hefir áður orðið. Búast má við, að á næsta ári verði húsameistari upptekinn við undirbúning háskólabyggingarinnar og teikningar þær, sem háskólaráðið hefir óskað eftir þar að lútandi. Mun ekki vera hægt að komast af með minna framlag heldur en brtt. gerir ráð fyrir, því að þrátt fyrir alla kreppu eru gerðar miklar kröfur til þessarar skrifstofu. Stöðugt er verið að heimta teikningar fyrir prestssetur, skóla, læknisbústaði og sjúkrahús o. m. fl., svo að skrifstofan er mjög mannfrek.

Liðurinn til vatnsrennslismælinga miðast við að verða launauppbót til Geirs Zoëga vegamálastjóra. Mér þykir rétt að taka það fram, að þessi embættismaður er óneitanlega lágt launaður, miðað við þau stórræði, sem hann ávallt hlýtur að standa í. Hann hefir ekki nema fjórðung þeirra launa, sem hæfilegt þykir að greiða bankastjórum hér á landi, og ekki nema helming þeirra launa, sem greidd eru á mörgum skrifstofum hjá fyrirtækjum hér í bænum. Þótt vitaskuld séu margir starfsmenn hins opinbera illa launaðir, þá er það sérstaklega áberandi með menn eins og vegamálastjóra og húsameistara, sem gætu haft tugi þúsunda í tekjur, ef þeir störfuðu fyrir eiginn reikning.

Þá er lagt til, að kostnaðurinn við berklavarnir verði áætlaður 800 þús. í stað 700 þús., og þar bætt við aths. eftir till. landlæknis, að heimilt yrði að greiða laun til sérstaks berklavarnalæknis. Ég vil þá skýra ofurlítið frá því, sem landlæknir lagði til við n. í þessum efnum, af því að það er nokkur nýjung. Landlæknir viðurkennir, að menn standi mjög varnarlausir gagnvart berklaveikinni, og þrátt fyrir hinn gífurlega kostnað, sem af þessu leiðir, hafi árangurinn orðið annar en óskað var eftir. Eitt af því, sem að dómi landlæknis er tilfinnanlegast, er það, að til séu smitandi persónur hér og þar innan um heilbrigt fólk í landinu, og þar gripi sýkin út frá sér, og á þann hátt valdi landsfólkinu mikils kostnaðar, svo ekki sé á annað minnzt. Landlæknir hugsar sér næsta stig berklavarnanna að reyna með hjálp þessa sérstaka læknis og héraðslæknanna að grafast fyrir uppsprettu berklaútbreiðslunnar á vissum stöðum. Landlæknir hefir látið þann mann, sem ég hygg, að hann hafi í huga til þessa starfa, Sigurð Sigurðsson, fara norður á Raufarhöfn og rannsaka þar þessa hluti, því að kvörtun kom þaðan. Í þorpinu búa um 200 manns, og við athugun kom í ljós, að mjög margir voru sýktir, án þess að menn vissu, hvaðan sýkingarhættan stafaði. En í þorpinu voru tveir mjög smitandi menn, sem almenningur vissi ekki, að væru haldnir af veikinni. Annar hafði berklaútferð á síðunni, og hugði það meinlaust kýli, sem hann ekkert skipti sér af. Það kom í ljós á uppdrætti af Raufarhöfn, sem landlæknir sýndi n., að hægt var að sjá, hversu berklaveikin breiddist út frá þessum leynilega sýktu mönnum. Í næstu fjórum húsum við annan sýkta manninn voru fjögur sjúk börn, sitt í hverju húsi, og er álitið, að þau hafi sýkzt af þessum manni. Ég hefi talið rétt að skýra frá þessari nýjung, því að ekki er óhugsandi, að starf þessa manns geti orðið til þess, að hægt væri að bægja frá mönnum einhverju af þeirri ógurlegu sýkingarhættu, sem stöðugt vofir yfir mönnum í landinu.

Það hefir verið á það minnzt hér áður, að við Faxaflóa er verið að safna fé til björgunarskútu. Samskonar söfnun fer nú fram nokkuð víða á landinu, og eftir nokkur ár má búast við því að nokkrar skútur verði starfræktar allt árið. Einn sjómaður með skipstjóraprófi, Theodór Gíslason, er að kynna sér slík störf í Noregi, til þess að geta tekið að sér stjórn svona skútu. Hann hefir ágæt meðmæli frá Þorsteini í Þórshamri, og vill n. styrkja hann.

N. leggur til, að sérstyrkurinn til Péturs Sigurðssonar verði felldur niður, en gerir ráð fyrir því, að þessi maður, sem starfað hefir

fyrir stórstúkuna með miklum árangri, muni beita kröftum sínum þar framvegis, og er þessi tilfærsla gerð með það fyrir augum, að sama starfið eigi sem mest að vera á einni hendi, í þessu tilfelli bindindisstarfsemin.

Þá er gerð nokkur tilfærsla á smástyrkjum til ýmsra verkalýðsfélaga, og þar farið eftir till. kunnugustu manna í því efni, hvað mætti telja viðeigandi og heppilegt. Það eru allt litlar fjárhæðir, og fer ég ekki nánar út í það.

Þá var nokkur meiningamunur um það í n., hvort styrkja ætti elliheimilið Grund úr ríkissjóði. Minni hl. n. hallaðist að því, en meiri hl. leit svo á, að þessi stofnun þyrfti ekki styrk, þar sem hún væri orðin einskonar bæjarfyrirtæki og tæki við gömlu fólki héðan úr bænum sérstaklega, en hinsvegar árskostnaðurinn svo mikill, um 1200 kr., að ókleift er fyrir fólk utan af landi að senda þangað sitt gamla fólk.

Þá hafa verið gerðar nokkrar smábreyt. viðvíkjandi gömlum embættismönnum, sem að mestu leyti skýra sig sjálfar. — Sæmundur Bjarnhéðinsson lét af starfi á þessu ári, eftir að hafa verið mjög dyggur starfsmaður um langan aldur, og hefir að vísu ofurlítinn lífeyri, en það þótti vinsamleg viðurkenning, að hann fengi nokkuð hækkaðan þann styrk, og þó með hófi. Og er það gert hér.

Þá koma nokkuð margir prestar, sem látið hafa af prestsskap, og er þessi viðbót við það miðuð, að þeir fái 1000 kr. Þá eru nokkrir menn, bréfberar og póstar, sem hafa verið hækkaðir um 50 kr. að 100 kr., og skýrir það sig sjálft. Ein meiri háttar hækkun er við Ögmund Sigurðsson, skólastjóra í Hafnarfirði. Hann er blindur maður, og það mun hafa verið ákveðið, þegar hann lét af starfi, að hann skyldi fá hin sömu lágu laun áfram, sem hann hafði starfað með. En svo hefir orðið á þessu einhver breyt. í fjárl. undanfarið, og þessi hækkun miðast við, að þetta sé fært til sama vegar.

Edvald póstur, sem hér er minnzt á, var mesta hraustmenni og lengi póstur frá Seyðisfirði upp að Hólsfjöllum, nú gamall og slitinn í þágu landsins. Er honum ákveðinn nokkur nýr styrkur.

Þá hefir n. lagt til nokkra smávægilega hækkun til skálda og rithöfunda. Er þá fyrst hækkun til Guðmundar á Sandi, 300 kr., til Helga Péturss 1000 kr. Þá eru fjórir aldurhnignir rithöfundar og skáld, sem n., ég hygg öll, hefir mælt með nokkrum styrk til. Það er þá fyrst Indriði á Fjalli með 500 kr. og Theodór Friðriksson með sömu upphæð. Þetta eru landskunnir menn, og þarf ekki mikil meðmæli að láta fylgja þeim. Í fyrra skrifaði Sigurður Nordal prófessor til þingsins um Indriða, eftir að búið var að ganga frá fjárl., og mælti með því, að hann fengi nokkurn styrk sem merkilegt ljóðskáld og ágætur sagn- og ættfræðingur. Hann mun vera einn af mestu ættfræðingum landsins, nú slitinn af vinnu, um sjötugt. En til þess að að ekki glatist ættfræðifróðleikur, þyrfti honum, eins og Hannesi Þorsteinssyni, að endast aldur til að bókfesta hann, og mundi þessi styrkur, ef veittur yrði, nægja til þess, að hann gæti gefið sig að því starfi. Sama er að segja um Jón á Arnarvatni, sem n. mælir með 500 kr. styrk til. Hann er um sjötugt, farinn að heilsu, en kunnur fyrir sínar ágætu lausavísur. Kristleifur á Stóra-Kroppi, sem n. vill að njóti sama styrks og hinir þrír næst á undan, er eins og Indriði, ættfræðingur og rithöfundur í sínu héraði. Á þessi styrkur bæði að verða honum til nokkurs gagns, og svo sem viðurkenning fyrir þegar unnin störf. Theodór Friðriksson er sá sjómaður íslenzkur, sem reynt hefir að samþýða það, að vera háseti á mótor- eða róðrarbát og einnig að vera söguskáld. Sögur hans — en hann hefir skrifað þó nokkrar — hafa aðallega sýnt líf sjómannsins, og bera vott um erfiðleikana, sem slíkur maður á við að stríða og eru mjög miklir. Hið skapandi afl er mikið og gerir lýsingarnar á sjómannalífinu þannig, að þær munu hafa verulega þýðingu síðar meir fyrir þá, sem vilja skilja þann tíma, sem hann lýsir. En aðalbreyt. og sú, sem mest verður e. t. v. umtöluð og umdeild, er að færa Halldór Kiljan Laxness yfir í 18. gr. með 5 þús. kr. ritstyrk. Um þetta var n. ekki alveg sammála, þó ég geri ekki ráð fyrir því, að það komi fram mikill skoðanamunur hjá þeim, sem sæti eiga í n., en ég finn þó ástæðu til að fara um það nokkrum orðum, hvers vegna n. leggur þetta til. Til þess að komast að aðalatriðinu í sem styztu máli, vil ég segja það, að þeir, sem leggja til, að H. K. Laxness fái þennan styrk eins og þeir, sem mestan hafa hann hér, álíta, að hann einn núlifandi Íslendinga, búsettra hér og sem rita á íslenzka tungu, hafi a. m. k. talsverðar líkur, að maður segi ekki meira, til að geta orðið heimsfrægt söguskáld. Frá sjónarmiði okkar, sem styðjum þetta, er þetta því að nokkru leyti í sambandi við þjóðarmetnað. Það er einskonar veðmál, sem við og þeir, sem líta á eins og við, gerum um það, að þessi maður geti borið hróður landsins út til fjarlægra landa, ef vel tekst. Það, sem aftur á móti er sérstaklega mælt á móti Laxness fyrir, er það, að hann hefir dálítið sérkennilegar skoðanir. T. d. er því haldið fram, og það með nokkrum rétti, að ýmislegt í sögum hans sé ömurlegra og sorglegra en gerist í okkar þjóðlífi, bæði til sjávar og sveita. Og þá segja menn, að það sé ekki sómi landsins, og geti aldrei orðið, að slíkar bókmenntir berist út á meðal fjarlægra þjóða, eins og t. d. fátæktin hjá móður Sölku-Völku eða tilsvarandi dæmi úr nýjustu sögu hans. Og það er ómögulegt að neita því, að frá vissu sjónarmiði hafi þeir, sem svona tala, mikið til síns máls. Þetta er ekki neitt glansnúmer í okkar þjóðlífi, það er ekki hátíðarstofan, sem boðið er inn í. En þessi maður er svona. Hann virðist vera ákaflega merkilegt skáld, með óvenjulega skapandi gáfu og stílhæfileika. Hann hefir þessa galla, sem ég og ýmsir fleiri sjáum, en við getum ekki breytt þeim hjá honum. Aftur á móti eru kostir hans og hæfileikar svo merkilegir og ótvíræðir, að um þá er ekki lengur deilt. Nú vil ég segja það, af því að ég hefi dálítið kynnzt þessum manni, og e. t. v. meir en sumir aðrir, sem um þetta greiða atkv., að hann er gerður með þeim hætti, sem fleiri vildu vera, að hann getur ekki alltaf verið hér hjá okkur í Rvík. Hann hefir ekki

starfsorku til að skrifa nema hann sé í stærra þjóðfélagi en hér hjá okkur, stærra og breytilegra. Honum er mikil nauðsyn á því, eins og *mörgum öðrum viðkvæmum mönnum*, að fá meira sólskin en við eigum völ á hér í Rvík og við venjulegar manneskjur verðum að sætta okkur við að lifa við. Hann strýkur í sólskinið *héðan að heiman, suður í lönd*, þótt *oft* hafi hann farið með litinn sjóð. Í fyrra var hann á Spáni að skrifa bók, sem nú er komin út. Og í vetur mun hann vera suður í Kaukasus, gestur Rússanna, þótt ég hafi ekki fengið glöggar fregnir um það. En ef ég gæti gert þetta ennþá ljósara sem þjóðarmetnað, þá vildi ég segja frá því, af því að ég var líka staddur í einni stórborg á Spáni þegar hann kom þar. Mér verður það minnisstætt, að hann, sem er okkar mesta skáld, hefir ekki efni á því að búa á hóteli, heldur verður að búa í „pensionati", viku í stað. Lengur geta menn naumast haldizt við *í stað*. Svo vondur er aðbúnaðurinn. Ef Halldór hefði verið venjulegur fisksali eða kaupmaður og verzlað með klúta, þá hefði hann getað búið á hóteli. Þessu vildi ég segja alþm. frá. Þannig er okkar mesta skáld statt. Það er ekki einungis Hallgrímur Pétursson og Matthías Jochumsson, sem urðu að vera peningalausir í siglingum sínum. Við leggjum til, að Laxness fái þennan styrk til þess að geta lifað fátæklegu námsmannslífi suður í löndum á vetrum, til þess að geta starfað betur, starfað á þann hátt, sem honum er samboðið og hans miklu hæfileikum, án þess þó að hugsað sé um að setja hann á þau laun, sem raunverulega ætti að vera, til þess að hann gæti lifað í „centrum", meðal sinna líka, sem sólarmegin sitja í lífinu.

Af þeim litlu persónulegu styrkjum, sem hér eru eftir, sé ég ekki ástæðu til að minnast nema á einn. Það er til ekkju Kristjáns heitins Kristjánssonar skjalavarðar, sem flestum þm. mun að góðu kunnur. Börn þeirra eru 9 innan fermingaraldurs, í sárri fátækt. Þessi till. miðar að því að gera lífsbaráttu ekkjunnar dálítið auðveldari meðan hún er að koma börnum sínum upp.

Um endurgreiðslur úr lífeyrissjóði fer eftir l., og er þar haldið áfram þeirri venju, sem hér hefir verið áður viðhöfð, en þó vill n. óska þess, og vill beina því til hæstv. ríkisstj., að fært væri að gera á þessu nokkra nýja skipan, þannig, að þeir menn, sem færast úr einni starfsgrein í aðra, geti haldið áfram þessari atvinnutryggingu til elliáranna. En meðan þessi skipan er ekki komin á, er ekki hægt hjá því að komast að endurgreiða þeim, sem fara fram á það, með sömu forsendum og áður hafa verið teknar til greina.

N. hefir reynt að vera varasöm viðvíkjandi nýjum ábyrgðum, og liggur óafgr. hjá n. mikill fjöldi ábyrgðarbeiðna, sem í sjálfu sér eiga á sér jafnmikinn rétt og margt af því, sem áður hefir verið ábyrgzt. En n. öll og núv. hæstv. stj. er þeirrar skoðunar, að það sé ákaflega hættulegt að fara gálauslega með ábyrgðir ríkissjóðsins. Það er sérstaklega einn liður af ábyrgðum, sem n. hefir ekki tekið til greina, þótt ekki sé alltaf auðvelt að standa þar á móti, og það eru ábyrgðir til skipa- og bátakaupa. Slíkar ábyrgðir hafa verið veittar allríflega á undanförnum árum, og fer ég ekki ýtarlega út í það að þessu *sinni. N. og landsstj. hafa von um*, að hægt *muni* vera að komast út úr mestu vandræðunum með þessar ábyrgðir. Þær vonir eru fyrst og fremst bundnar við það frv., sem liggur fyrir þessu *þingi um skipulag á samvinnuútgerð*. N. hefir því ýtt til hliðar þessum mörgu umsóknum um ábyrgðir til bátakaupa, í þeirri von, að hægt verði að sjá fyrir þessu á þann hátt, sem yrði öllu *betri fyrir þá sjómenn, sem hlut eiga* að máli, og áhættuminna fyrir ríkið.

Ég þarf ekki að fjölyrða um ábyrgðina fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, vegna þess, að hún hefir þegar verið samþ. í Sþ. sem þáltill., en ég vil aðeins taka það fram, að Hafnarfjörður er eini kaupstaðurinn, sem ekki hefir fengið ríkisábyrgð fyrr en þetta, þrátt fyrir það, þó að kaupstaðurinn *hafi lagt mjög mikið fé í atvinnufyrirtæki*, sem flestir aðrir kaupstaðir hafa þurft að fá ríkisábyrgð til. Ég hygg, að enginn í n. skoði sig bundinn til þess að samþ. nýjar ábyrgðir fyrir aðra kaupstaði eða önnur héruð, þó að þeir hafi fylgt þessari ábyrgðarheimild, vegna þess, að þeir munu telja, að sérstaklega standi á um Hafnarfjörð, bæði hvað sómasamlega tryggingu fyrir ríkisábyrgð *snertir, og n. álítur*, að með þessu sé gerður jöfnuður milli þessa kaupstaðar og annara.

N. hefir lagt til, að hækkuð verði ábyrgðin fyrir Neskaupstað í Norðfirði um 30 þús. kr. N. hefir verið mjög fús til þess að fylgja þessu, vegna þess, að mjög mikil ráðdeild hefir komið fram í allri stjórn þessa fyrirtækis.

Þá hefir n. einnig mælt með allt að 10 þús. kr. ábyrgð fyrir Hríseyjarhrepp, til vatnsveitu, vegna þess, að jarðskjálftarnir tóku nálega öll vatnsból af á eyjunni. Virðist óhjákvæmilegt, að ný vatnsveita verði gerð fyrir eyna, og er gert ráð fyrir, að hún muni kosta 20 þús. kr. N. álítur, að jarðskjálftasjóður geti lagt fram upphæð á móti því, sem ríkisábyrgðinni nemur, og væntir, að málið verði leyst á þann hátt.

Ábyrgðin fyrir Sauðárkrók hefir verið afgr. áður á þinginu, og þarf ég því ekki að fjölyrða um hana.

Mælt er með allt að 60 þús. kr. ábyrgð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, vegna rafveitunnar á Blönduósi. N. var þó ekki einhuga um þetta, vegna þess, að það er mjög vafasamt, hvort mögulegt er fyrir þetta fyrirtæki að standa undir þeim miklu vöxtum og afborgunum, sem greiða verður af svo miklu láni. Nú hefir sýslan verið svo ógæfusöm að lenda í gífurlegum skuldum vegna rafveitunnar, og það þótti sýnt, að hún mundi ekki geta fengið lán út á sína eigin ábyrgð, ef hún væri ekki studd á þennan hátt. En annars verð ég að segja það, og hygg, að ég geti sagt það fyrir hönd fleiri nm. í fjvn. en mína, að það er bersýnilegt, að voði er fyrir dyrum, ef ríkið á að ganga í ábyrgðir fyrir allar þær rafmagnsstöðvar, sem landsmenn kynnu að vilja reisa. Ég hefi fengið ósk um það frá minu kjördæmi að biðja um ríkisábyrgð til rafveitu fyrir 12 til 15 bæi í Suður-Þingeyjarsýslu. Aðstaðan er einhver sú bezta, sem hægt er að hugsa sér, hvað

virkjunina snertir, og eins er þarna þéttbýli. En ég treysti mér einu sinni ekki til þess að leggja slíka umsókn fram á þessu þingi, með því að mér virðist, að rafveiturnar verði að bíða betri tíma, og einnig virðist mér, að það verði að gæta varfærni við byggingu þeirra, eins og rafveiturnar fyrir Sauðárkrók og Blönduós benda til a. m. k. Það virðist full þörf á því, að aðgæzla verði höfð í þessum efnum, a. m. k. á meðan sala afurða okkar erlendis gengur ekki betur en hún nú gengur og líkur eru til að hún muni ganga, þar sem markaðurinn fyrir aðalframleiðsluvörur okkar, fisk og kjöt, er að nokkru leyti lokaður. Það er ekki nóg, að einhvert fyrirtæki geti borið sig. Það verður líka að hugsa um, hvernig hægt sé að greiða hin erlendu lán. Og þó að Sogsvirkjunin sé ekki til umr. hér, þá vil ég benda á það, að það er ákaflega alvarlegur hlutur, ef taka þarf 6 til 7 millj. kr. lán til fyrirtækis, sem að vísu getur borið sig og verður að sjálfsögðu til mikils gagns, en sem skapar okkur ákaflega stórar og þungar skuldir erlendis, sem við vitum ekki, hvernig við eigum að ráða við.

Ég læt svo útrætt um þessar ábyrgðarheimildir að þessu sinni, en geri ráð fyrir, að frekari umr. muni verða um þetta atriði. En því miður verður líklega fullkomin ástæða til þess að gæta þar meira hófs en verið hefir, og þá sérstaklega vegna erfiðleikanna um fjárgreiðslur okkar erlendis, sem ég hefi minnzt á.

Þá er aðeins eftir brtt. á þskj. 582, sem meiri hl. fjvn. bar fram eftir að vegir nm. skildust. Þó hygg ég, að um sumar þeirra sé fullkomið samstarf milli nefndarhlutanna. Ég vil sérstaklega taka það fram, að í fjárl. var gert ráð fyrir því frá upphafi, eins og þau bera með sér, að ekki yrði greidd dýrtíðaruppbót af því, sem mætti kalla „hærri laun“, en um það vantaði þá skýringu, sem hér er flutt frá ríkisstj. Út af þessari aths. var því strax hreyft, m. a. af hv. 1. þm. Skagf. — og var það líka alveg sjálfsagt —, að ef það væri samþ. að greiða ekki dýrtíðaruppbót af svokölluðum hærri launum, að láta þá niðurfærsluna líka ná til annara starfsmanna ríkisins, sem tækju ekki laun eftir launal., heldur eftir sérstökum samningum. Um það hafði verið orðuð brtt., sem er c-liður við 22. gr., áður en nefndarhlutarnir skildu, og ég hygg, að um það ákvæði verði ekki meiningamunur. En af því að minni hl. fjvn. virðist hafa áætlað þetta nokkuð án þess að hafa fastan grundvöll, þar sem þetta hefir enn ekki verið rannsakað nokkuð að ráði, þá virðist sú áætlun, sem hann hefir gert, því miður vera of há, sem sé, að ekki megi spara eins mikið á þeim lið og minni hl. gerir ráð fyrir. Það hefir komið aths. um þetta frá fjármálaráðuneytinu, sem gerir ráð fyrir, að á þessum lið, þó að hann sé framkvæmdur eftir sömu launalækkunarreglum og hafðar eru um þau laun, sem greidd eru eftir launal., muni ekki sparast nema 26 þús. kr. Aftur á móti er sparnaðurinn við að fella niður dýrtíðaruppbót launal. reiknaður að vera 70 þús. kr. Það eru þess vegna um 100000 kr., sem sparast á þessum lið. Ég hygg, að ef samþ. verða þessar till. báðar, þá muni það verða til þess að sýna það öllum landsmönnum, að í þeim þrengingum, sem nú eru fyrir atvinnuvegina, og þar sem tekjur þær eru mjög lágar, sem fólk til sveita og allur þorri manna við sjávarsíðuna verður að sætta sig við, þá sé ekki um annað að gera en að laun þeirra starfsmanna ríkisins, sem eru eitthvað betur settir en aðrir starfsmenn þess, verði lækkuð í bili, eins og til samúðar með hinum.

A-liðurinn við þessa sömu brtt. er að nokkru leyti nýr, og ég geri varla ráð fyrir, að um hann verði skoðanamunur. Hann er um það, að krefjast góðra trygginga fyrir hverri ábyrgð, sem ríkissjóður gengur í fyrir bæjarfélög, einstök fyrirtæki eða einstaka menn, en svo er hann alveg sérstaklega um það, að allar slíkar lántökur, eins og ég hefi minnzt á nú á undan, séu gerðar annaðhvort af trúnaðarmönnum þessara fyrirtækja, sem lántakandi gefur fullt umboð til þess að annast lántökuna, eða þá af fjármálaráðuneytinu sjálfu. Þetta ákvæði er beinlínis sett vegna þess, að það hefir oft orðið landinu til mikils álitshnekkis á undanförnum árum, hvernig þær lántökur hafa farið fram, sem ríkisábyrgð hefir verið fengin fyrir. Það hefir stundum komið fyrir, að þegar búið hefir verið að samþ. einhverja ríkisábyrgð, þá hafa alveg óviðkomandi menn, innlendir eða útlendir, boðið milligöngu sína til þess að útvega peningana, til þess að fá sjálfir milliliðagjöld. Á þennan hátt hefir heiðri landsins oft verið misboðið, og er þetta ákvæði sett inn í l. til þess að fyrirbyggja, að slíkt geti komið fyrir.

Síðasta brtt. á þskj. 582 er viðvíkjandi Búnaðarfél., og geri ég ráð fyrir, að nokkur meiningamunur verði um hana. Minni hl. n. er mótfallinn þeirri aths., sem stendur í frv. frá landsstj. Meiri hl. tilkynnti, að hann mundi bera fram brtt. við þessa aths., en sú brtt. var ekki formuð, þegar vegir nm. skildu, og hefir sú till., sem hér liggur fyrir við 16. gr. 2, ekki verið rædd í n. allri. Ég þarf ekki að fjölyrða mjög um þetta, vegna þess, að þetta mál var rætt sérstaklega af landbrh. við eldhúsumr., og þar voru gefnar þær skýringar, sem landsstj. hefir að gefa í þessum efnum. Það er skoðun stj., að vegna búnaðarmálanna sé fullkomin ástæða til þess, þar sem Búnaðarfél. sé í raun og veru í framkvæmdinni einskonar stjórnardeild fyrir ríkið, að skipulag þessarar stjórnardeildar sé sem allra bezt og fullkomnast. Þetta hefir ekki tekizt sem allra bezt á undanförnum árum, vegna þess, að þetta félag hefir verið sjálfu sér sundurþykkt í mörg ár, og m. a. hefir verið sá ljóður á hjá því, að það hefir ekki tekizt að fá samkomulag um að hafa einn húsbónda, heldur hafa þeir orðið að vera tveir. Það hefir og verið erfitt að skipta verkum milli þeirra og undirmanna þeirra, og hefir þetta á margan hátt verið óhentugt fyrir starfsemi félagsins. Út af þeim ummælum, sem um þetta komu fram við eldhúsumr. frá hv. þm. V.-Húnv., þar sem hann taldi, að með þessu ákvæði væri gengið mjög á hlut Búnaðarfél., vil ég segja það, að ég hygg, að sá þm. og þeir aðrir þm., sem ef til vill hafa litið eins á málið og hann,

hafi ekki haft af því næga kynningu, að búnaðarþingið hefir í mörg undanfarin ár gert eindregnar kröfur um það, að ekki yrði hafður nema einn búnaðarmálastjóri, og þetta hefir einnig verið rökstutt á bændafundum víðsvegar um landið. En vegna þessara sambúðarörðugleika, sem hafa verið í félaginu, og að nokkru leyti stafa frá stjórnarskipun þess, hefir ekki tekizt fyrir stj. Búnaðarfél. að verða við þessum eindregnu óskum búnaðarþingsins og bænda í þessum efnum. Það, sem virðist vaka fyrir ríkisstj. í þessu máli, er það, að hún segir sem svo: Það er einhver smíðagalli á Búnaðarfél. sem stendur, og hann er búinn að vera sýnilegur í nokkur ár. Búnaðarfél. sjálft virðist ekki geta leyst þessi vandræði sín, og þá er ekki annað fyrir hendi en að þjóðfélagið geri það sjálft. Þess vegna er það tekið fram, að það eigi að segja í fullri alvöru við Búnaðarfél., að þetta óstand í stj. þess verði að hverfa, til þess að það geti haft þá tiltrú, sem er alveg nauðsynleg fyrir starf þess.

Ég geri ekki ráð fyrir, að deilt verði um þann part þessarar aths., sem er áframhald af því, sem áður hefir verið í fjárhagsáætlun Búnaðarfél., sem sé, að það sé gert að skilyrði fyrir greiðslu á styrk til Búnaðarfél., að fjárhagsáætlun þess sé samþ. af landbrh. Ég veit, að öllum þm. er það ljóst, að hvaða ríkisstj. sem var gat gert þetta að skilyrði fyrir öllum greiðslum til félagsins.

Ég geri ráð fyrir, að menn muni deila um þá uppástungu, sem hér er gerð hvað tilhögun á fyrirkomulagi Búnaðarfél. snertir. En í raun og veru er þó ekkert nýjabragð að henni, og það er eiginlega ekkert sagt með henni, nema það sama og kemur fram í till. hv. 2. þm. Rang. í Ed., að þingið fari að skipta sér af stj. Búnaðarfél. með lagabreyt., þó að þar sé ekki tiltekið nema eitt atriði. Og þingið hefir sjálft í raun og veru tekið allt vald af Búnaðarfél. Ísl. síðan 1923. Hv. þm. V.-Húnv. verður að aðgæta það, að það er búið með góðu samþ. meiri hl. allra flokka þingsins að taka stjórnarvaldið yfir Búnaðarfél. af bændum, af búnaðarþinginu og af stjórn Búnaðarfél., að því leyti, sem hún er kosin af búnaðarþinginu, og leggja það undir Alþ., þar sem sett var í jarðrl., að félagið fái ekki þau fjárráð, sem þar eru tilgreind, nema með því að ofurselja þannig sjálft sig. Það er langt frá því, að hér sé um nýja kúgun að ræða, því að Búnaðarfél. hefir verið kúgað á þennan hátt frá því 1923, og þessi kúgun, ef maður á að nota það orð, er ein aðalástæðan fyrir þeim smíðagalla og því ósamræmi, sem er í stjórn Búnaðarfél. og á búnaðarþinginu. Úr því að búið er að taka stjórnina af Búnaðarfél. Ísl. frá því 1923, og þar við bætist, að nokkur síðustu árin hefir því verið bætt þar ofan á, að ríkisstj. hefir haft neitunarvald um öll fjármál félagsins, þá geri ég ráð fyrir, að þeir, sem þykir þetta miður, geti orðið ásáttir um það, til þess að byrja með, með ríkisstj., að fullkomin ástæða sé til þess að taka þetta til athugunar. Eftir þessari till. á að athuga þetta til næsta þings. Að öllum líkindum verða Alþ. og búnaðarþingið starfandi á sama tíma á næsta ári, og ætti þá að geta komið til alvarlegra umleitana af beggja hálfu um þetta efni, hvernig sem niðurstaðan kann að verða.

Ég ætla ekki að þessu sinni að gera aths. við brtt. einstakra þm., þar sem þeir hafa ekki mælt fyrir þeim ennþá, og mun því láta staðar numið.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, 508, n. 522 og 540, 543, 582, 602, 613, 625, 628, 633).

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Það er svipað um þennan síðari kafla fjárl. að segja og þann fyrri, að margar af brtt. á þskj. 508 eru sameiginlegar frá báðum hlutum n., og þar sem hv. frsm. meiri hl. talaði fyrir þeim öllum, þarf ég aðeins að minnast á þær, sem ágreiningur var um í n. Skal ég þá fyrst nefna 47. brtt., um að lækka styrkinn til kvennaskólans á Blönduósi. Um þetta var mikill ágreiningur í n. Þótti minni hl. mjög ósanngjarnt að ráðast þannig á næstelzta kvennaskóla landsins. Það kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., að Blönduósskólinn hefði haft hlutfallslega meiri styrk en skólarnir á Hallormsstað og Laugum. En þetta er ekki rétt, því að auk hinnar eiginlegu fjárveitingar eru 5000 kr. veittar hvorum þessara síðarnefndu skóla til rafveitu, og til þessa tekur hv. frsm. meiri hl. ekkert tillit. Það er því ekki nema sanngjarnt, þó tekið sé tillit til þess, með dálitið hærri styrk til Blönduósskólans. Þessi till. meiri hl. er því ekki á rökum byggð, og vona ég, að hv. þm. sýni þessum gamla skóla þann sóma að lækka ekki styrkinn til hans úr því, sem hann er í fjárl.frv. stj. Ég skal lýsa því yfir, að ef þessi till. verður tekin aftur af meiri hl., skulum við minni hl. taka aftur till. okkar um að nema burt 5 þús. kr. styrk að Laugum og Hallormsstað. Ef hv. meiri hl. vill ekki ganga inn á þetta, er bersýnilegt, að hann vill gera Blönduósskólanum rangt til. Það er vitanlegt, að kvennaskólinn á Blönduósi þarf að taka talsvert af sínum styrk til endurbóta á skólahúsinu. T. d. var það upplýst fyrir n., að 1933 hefði þurft að taka um 3 þús. kr. til að gera við efsta loft skólans, svo að það yrði íbúðarfært.

Næst eru 50. og 55. brtt. á þskj. 508 um styrk til að byggja 2 skóla, annan nýjan en hinn gamlan. Minni hl. lítur svo á, að í svona árferði sé ekki hægt að ráðast í miklar framkvæmdir, sem mikið útlent efni þarf til. Hér er ekki aðeins um það fé að ræða, sem nú þarf að leggja fram, heldur er framtíðinni bundinn baggi til næstu ára, því miklu meira mun þurfa síðar til þessara bygginga en frsm. hefir tekið fram, að veita ætti nú. Það hefir oftast farið svo undir handleiðslu þessa hv. þm., að fjárveitingarnar hafa sjaldan nægt, ekki sízt ef um skólabyggingar er að ræða. En það er eins og hv. meiri hl. álíti tímana þannig nú, að hægt sé að leika sér með peningana. Ég neita því ekki, að það væri gott og æskilegt að geta komið upp þessum skólum, en það er margt, sem kallar að og er meiri nauðsyn en að reisa nýja skóla.

Ég skal í eitt skipti fyrir öll taka fram, að ég ætla ekki að ræða nú um persónulega styrki, sem till. fjalla um. Býst ég við, að það sé svo um suma hv. þm. meiri hl., að einhverjir þeirra greiði atkv. móti einstökum persónulegum styrkjum, sem brtt. gera ráð fyrir. Ég get ekki fengið mig til að ræða um þá smámuni nú, því ég vil, að það stóra gangi fyrir. Það hefir ekki mikið að segja, hvort 2—5000 kr. fjárveiting í því skyni er samþ. eða ekki. Það, sem skiptir máli, eru hinar stóru upphæðir, sem jafnvel fæða af sér önnur enn stærri framlög.

Þá er 70. brtt. um, að Búnaðarfél. Íslands greiði laun Einars Helgasonar garðyrkjustjóra. Hv. frsm. meiri hl. mælti svo fyrir till., að Einar Helgason væri fyrrv. starfsmaður Búnaðarfélagsins og því væri eðlilegt, að það greiddi honum eftirlaun. En ég lít ekki þannig á eða minni hl. n. Einar er fyrir löngu farinn frá Búnaðarfél. og ríkið hefir fyrir löngu tekið að sér að greiða honum laun. Og þótt Einar væri búinn að starfa lengi og vel hjá Búnaðarfél., er ekki sannað, að það taki við honum aftur. Og það er einmitt þetta, sem ekki má gleymast í þessu sambandi, að það er ekki víst, að Búnaðarfélagið vilji gera þetta, og skipað getum við ekki. Það gæti því farið svo, að þá fengi hann ekki neitt. Ég veit ekki hvort það er meining hv. meiri hl. að fara þannig að, en ég lít svo á, að þessa till. beri alls ekki að samþ.

Þá er 71. brtt. viðvíkjandi húsameistara Jóh. Fr. Kristjánssyni. Hefir þetta fé verið notað til að borga honum fyrir leiðbeiningar til bænda um byggingar í sveitum. Hv. frsm. meiri hl. mælti svo fyrir þessari till., að það væri ekki meiningin, að sá maður, sem hér á hlut að máli, missti nokkurs í við þessa breytingu. Vitanlega á hann ekki að verða hart úti, en þó er ekki nema eðlilegt, að hann taki þátt í lækkun launa eins og aðrir. Hann hefir nú 9000 kr. laun, og ætti ekki að missa hlutfallslega meira en aðrir. Má segja svipað um þessa till. og um laun Einars Helgasonar, að ekki er víst, að landnámssjóður vilji greiða kostnað af því að gefa bændum upplýsingar og leiðbeiningar um húsabætur í sveitum. Væri þá illa farið, og því vissara áður en till. er samþ., að vita, hvort Búnaðarbankinn vill borga þessum manni og veita leyfi til þess, að hann gefi bændum áfram þær leiðbeiningar, sem hann hefir veitt að undanförnu. Ég skal játa, að ég greiddi atkv. með þessari brtt. í n., en að athuguðu máli held ég, að réttara sé að taka hana aftur til 3. umr. og leita upplýsinga um, hvort Búnaðarbankinn vill taka að sér leiðbeiningastarfið, því það má ekki fella niður.

Þá kemur 78. brtt., um rafmagnseftirlit ríkisins. Ég skal ekki fara langt út í það mál, enda hefir frsm. meiri hl. farið ýtarlega út í það, og mig brestur þekkingu á því sviði til þess að vita, hvort því er jafnáfátt og af er látið. En mér þykir rétt að taka fram, að það hafa komið geysimiklar umkvartanir úr minu kjördæmi, en ég veit ekki, á hve miklum rökum þær eru byggðar. Ég hefi ekki sett mig inn í, hvort rétt er að leggja rafmagnseftirlitið niður sem sérstaka stofnun, en ef það yrði gert, ætti ekki að vera ágreiningur um, að landssíminn tæki þá við því.

85. brtt. er viðvíkjandi Pétri Sigurðssyni, um að liðurinn falli burt, en að stórstúkan greiði honum laun. Kemur hér svipað fram og um 2 till., sem ég hefi talað um hér á undan, að fjvn. eða Alþ. geta ekki skipað fyrir um það. Mun því vera réttara að lofa þessum lið að halda sér, því styrkurinn til stórstúkunnar er ekki svo hár, að það veiti af að lofa honum einnig að halda sér, án þess að hún þurfi að launa þennan mann. Ég hefi líka fyrir satt, að maðurinn sé góður fyrirlesari og bindindisfrömuður, sem hafi mikil áhrif. Ég held því, að þegar verið er að afmá síðustu slitur bannlaganna, sé gott að hafa slíka áhugamenn til þess að starfa í þágu bindindismálsins. Ég er því mótfallinn að fella niður þessa styrkveitingu.

Þá eru hér nokkrar hliðstæðar brtt., nr. 86, 87 og 88, sem minni hl. hefir ekki mælt á móti, en lætur hlutlausar. Var svo fyrir þeim mælt, að það væru kommúnistar, sem að þeim stæðu, en mér er alveg ókunnugt um það og læt því alveg kylfu ráða kasti um, hvernig með þær verður farið.

90. brtt. er um að fella alveg niður styrkinn til elliheimilisins á Grund. Þessu er minni hl. alveg mótfallinn. Ég verð að segja, að mér fannst hv. þm. meiri hl. fatast rökfimin, þegar hann var að mæla fyrir þessari till. Aðalrökin voru þau, að stofnunin væri svo stór og dýr, að þess vegna þyrfti hún ekki styrk. Það er viðurkennt, að stofnunin sé stór og myndarleg og hafi orðið dýr, en ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að það sé eins dæmi, að svo dýrri stofnun hafi verið komið upp með jafnlitlum styrk frá því opinbera. Ég tel því ekki rétt að svipta elliheimilið þeim styrk, sem það hefir notið. Það var einnig upplýst í fjvn., að þar væru mörg gamalmenni, sem ekki gætu verið þar áfram, ef þau nytu ekki góðs af þessum styrk, en það virtist engin áhrif hafa á meiri hl. n. og leit út fyrir, að það hefði verið fyrirfram ákveðið að fella styrkinn niður.

Það þarf ekki að draga neina dul á, að það, sem hér ræður, er ekki annað en kali til þess manns, sem mest hefir barizt fyrir að koma þessari stofnun upp. Sú hlutdrægni kemur bersýnilega fram, þegar fella á niður þennan styrk, en halda honum við samkynja stofnanir á Seyðisfirði og Ísafirði. Ef nokkursstaðar er þörf fyrir svona heimili, þá er það vitaskuld hvergi eins og hér í bænum, þar sem flest er af fólki, sem er í þörf fyrir að komast á slíkt heimili.

Það er því gleðilegt til þess að vita, að búið er að koma upp jafnmyndarlegu heimili eins og hér er. En það er hart, ef Alþ. vill ekki sýna því svo litla viðurkenningu, að veita því 4—5000 kr., því það get ég sagt hv. meiri hl., að þó hann vilji þannig hefna sín á þeim gamalmennum, sem þar eru, með því að fella niður styrkinn, þá má hann vita það, að heimilinu verður ekki lokað. Þá ánægju skulu hv. þm. meiri hl. aldrei fá.

Þá skal ég aðeins nefna 97. brtt. Ég held, að hv. frsm. meiri hl. hafi ekki minnzt á, að

það er nýr liður til Jósefs J. Björnssonar kennara á Hólum. Er fyrir því gömul þingsamþ. að láta þennan gamla góða kennara fá laun, þegar hann hætti störfum. En það hefir gleymzt hjá hæstv. stj. að taka þennan lið upp í 18. gr. fjárlfrv.

Þá vil ég rétt minnast á 110. brtt., um endurgreiðslu úr lífeyrissjóði embættismanna. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að um það færi eftir l., en það er einmitt ekki, og þess vegna þarf stj. að fá sérstaka lagaheimild fyrir greiðslunni. Tilætlun n. var, að stj. fengi tækifæri fyrir næsta þing til þess að endurskoða lögin um lífeyrissjóð embættismanna, í því skyni að rýmka ákvæðin um endurgreiðslur úr sjóðnum. Nú geta embættismenn ekki fengið útborgað úr sjóðnum, nema þeir hafi orðið að láta af embætti sökum elli eða vanheilsu. Það var orðað í n., að þegar menn flytjast milli starfsgreina, t. d. ef fyrrv. kennari verður embættismaður eða öfugt, gæti verið heppilegt að flytja safnaðar tryggingarupphæðir milli sjóða. En það má ekki gleyma því, að þeim sé tryggður sjóðurinn, embættismönnunum, sem eiga hann. — Þá hefi ég drepið nægilega á brtt. á þskj. 508.

Skal ég þá víkja nokkrum orðum að brtt. á þskj. 582. Þar er fyrst brtt. viðvíkjandi Búnaðarfélagi Íslands. Ég ætla að geyma mér að tala um hana, þangað til ég kem að till. minni hl. viðvíkjandi þessu máli. En um 2. brtt. á sama þskj. er það að segja, um a-liðinn, að minni hl. er þeirri till. algerlega samþ., og um b-lið, sem hv. meiri hl. hefir breytt dálítið frá því, sem hv. stj. lagði til, er það að segja, að ég geri ekki ráð fyrir, að hann valdi neinum ágreiningi út af fyrir sig, ef samkomulag verður um c-liðinn, þ. e. laun þeirra manna, sem taka laun utan launalaga. Minni hl. n. er óánægður með þennan lið eins og hann er orðaður hér. Ég tel hann allt of óákveðinn, og álít ég því litla bót að því, að hann sé samþ. eins og hann liggur hér fyrir. Í sambandi við þetta vil ég fyrst spyrja hv. stj. að því, hvort hún hafi gert ráðstafanir til þess að segja upp þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, og láta þá vita, að þeir verði að búast við launalækkun. Ef þetta hefir ekki verið gert, þá losna margir þeirra við að taka á sig nokkra launalækkun, a. m. k. helming ársins 1935. Þess vegna er mjög áríðandi atriði, hvort hv. stj. hefir gert þetta eða ekki. Ég vona, að hv. frsm. eða hæstv. stj. upplýsi þetta. Ég fyrir mitt leyti geng út frá því, að hæstv. stj. hafi ekki verið svo hirðulaus um þetta mál, að hún hafi látið undir höfuð leggjast að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að geta einnig sparað í launum þeirra, sem fá laun utan launalaga, því að það er lýðum ljóst, að þau laun eru miklu hærri heldur en laun þeirra, sem taka laun eftir launalögum.

Það er ranglæti, sem hæstv. stj. hefir stungið upp á í þessu máli, að láta lækka öll laun, sem greiðast eftir launalögum, en færa ekkert niður þau laun, sem eru greidd utan launalaga. Þetta hefði hv. stj. átt að sjá, þegar hún var að semja frv., því að það kemur fyrir þar hvað eftir annað, að undirmenn verða betur launaðir en yfirmenn, einmitt fyrir þessa lækkun dýrtíðaruppbótarinnar. Stj. hefir á þennan hátt fengið svo kröftuglega áminningu um, að hér hlyti eitthvað að vera bogið, að ég á bágt með að trúa, að hún hafi ekki gert þær ráðstafanir að láta þessa menn vita, að þeir gætu átt von á launalækkun. Það er ekki hætt við því, að hæstv. fjmrh. hafi ekki vitað um, hversu há þessi laun eru, sem greidd voru mönnum utan launalaganna, því að hann greiddi sjálfur aðstoðarmanni sínum á skattstofunni 11000 kr. síðastl. ár.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að sparnaðurinn við till. meiri hl. næmi ekki meiru en 26000 kr. Mér kemur þetta allundarlega fyrir sjónir, og ég get alls ekki skilið, hvernig þetta er reiknað út. Mér finnst þetta ætti að vera þannig, að engum væri borgað hærra, sem tekur laun utan launalaga, en þeim, sem fá hæstu laun eftir launalögunum. Verði sú regla tekin upp, sparast á þann hátt stórfé. Ég hefi ekki enn haft tíma til þess að reikna þetta út, en ég vona, að ég verði búinn að semja áætlun um þetta atriði fyrir 3. umr.

Það er ekki von, að starfsmenn þess opinbera, sem taka laun eftir launalögum, sætti sig við það, að þeirra laun séu miklu lægri en laun margra, sem fá sín laun greidd utan launalaga, og þó er eins og hæstv. stj. ætli sér ekki að færa þeirra laun neitt niður. Sýslumenn landsins hafa lægri laun eftir þessu heldur en jafnvel skrifarar á skrifstofum þeirra embættismanna hér í bænum, sem fá skrifstofukostnaðinn greiddan eftir reikningi. Þetta er svo mikið ranglæti, að við það er ekki hægt að una.

Ég tók ekki eftir því, að hv. frsm. meiri hl. ræddi nokkuð um brtt. n. á þskj. 613. Þar eru smábrtt., sem samdar hafa verið eftir að n. skildi að borði og sæng, ef svo mætti að orði kveða. Ég geri ráð fyrir, að það þurfi ekki annað en að upplýsa, í hverju þessar tölubreyt. liggja. Sennilega liggur þetta í því, að einhver nýr embættismaður hefir bætzt við á eftirlaun og einhverjir dáið. En viðkunnanlegra hefði verið að nefna þetta.

En aðalbreyt. á 18. gr. I., sem n. í heild gerði, stafaði af því, að stj. taldi próf. Sæmund Bjarnhéðinsson eiga heimtingu á eftirlaunum lögum samkvæmt. Það er að vísu ekki rétt, en n. er hinsvegar sammála um það, að þessum manni beri að veita sérstök eftirlaun, þar sem hann hefir lengi gegnt vandasömu starfi og leyst það vel af hendi. Það var enginn ágreiningur í n. um fjárveitingu til þessa manns.

Skal ég þá koma að brtt. okkar minni hl. á þskj. 543.

4. brtt. fer fram á það, að styrkgreiðsla til verklegs framhaldsnáms erlendis sé lækkuð úr 10000 kr. niður í 5000 kr. Fyrir n. lá ekki nein skýrsla um, hvernig á slíkri hækkun stæði í frv., og þessi liður hefir aldrei verið hærri en 4000 kr., en nú leggur minni hl. n. til, að upphæðin verði lækkuð úr 10000 niður í 5000 kr., m. a. vegna þess, að allt þetta fé fer út úr landinu. Einmitt á þeim tímum, sem vandræði eru með greiðslu til útlanda, ætti hæstv. stj., svo framarlega sem hún meinar nokkuð með hjali sínu

um sparnað á greiðslu til útlanda, að spara einmitt á svona lið. Ef eitthvað sérstakt liggur hér á bak við, þá verður það að koma fram; enn sem komið er hefir ekkert slíkt komið fram í n.

Þá kemur hér næst liður til raflýsingar á Eiðum o. fl. Það er 50 þús. kr. liður, og hlýtur mikill hluti af því fé að fara til útlanda. Ég skil ekki, að það liggi svo mikið á þessu, að það sé nauðsynlegt að velja slæmt ár, eins og nú er, til þessarar framkvæmdar. Ég geri ráð fyrir, að Austfirðingar komi og segi, að þetta sé hlutdrægni, en þetta er svo stór liður, að ég tel, að hann verði að bíða, eins og svo margt annað. Fyrir n. lá engin áætlun um þetta verk, en í aths. hæstv. stj. við frv. stendur, að kostnaðaráætlun verði lögð fyrir n. Hún kom aldrei.

Um næsta lið hefi ég í rauninni áður rætt, er ég talaði um kvennaskólann á Blönduósi, og vísa ég til þess, og sömuleiðis 8. brtt., um rafveitu á Hallormsstað.

Þá er framlag til gagnfræðaskóla Reykjavíkur, til þess að byggja skólahús hér í bænum. Álitur minni hl., að sama regla verði að gilda um þann skóla og aðra skóla og að ekki sé rétt að byggja ný skólahús í árferði eins og nú, en hv. meiri hl. n. vill nú leggja út í að byggja 3 skóla.

9. brtt. fer fram á það, að atvinnubótastyrkurinn sé lækkaður úr 500 þús. niður í 300 þús. kr., eins og hann er áætlaður í fjárl. yfirstandandi árs. Ástæðan til þess, að minni hl. flytur þessa till., er sú, eins og ég tók fram við 1. umr., að næstu 3 ár liggur fyrir framkvæmd langstærsta mannvirkis, sem nokkru sinni hefir komið til mála að hrinda af stokkunum hér á landi, og á ég þar við Sogsvirkjunina. Verði ekki tekið tillit til þessa, kemur mér það allundarlega fyrir sjónir, því að vitanlega á þessi atvinnubótastyrkur að vera til þess að hjálpa í atvinnuleysi, en því meira sem framkvæmt er, því minna hlýtur atvinnuleysið að verða. Ég sýndi fram á það við 1. umr., að verkalaun fyrir þetta mikla mannvirki geta ekki orðið minni en 600000 kr. á ári hverju næstu 3 ár. Mér kemur það kynlega fyrir sjónir, ef hv. meiri hl. telur alls ekki rétt að taka tillit til þessa atriðis. Ef þessi rök duga ekki, er gagnslaust að rökræða við hv. meiri hl.

Svo kemur annað atriði til greina í þessu máli, það, að á móti þessum 500000 kr. leggi sveitarfélögin 1 millj. kr. Hvaða líkindi eru til þess, að sveitar- og bæjarfélög geti lagt fram 1 millj. kr. 1935 í þessu skyni? Það er alls enginn möguleiki til þess. Þess vegna skilst mér, að þessi upphæð sé aðeins sett til þess að sýnast, eða að ekki eigi að fara eftir því, sem aths. segir, um að tvöfalt framlag skuli koma frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélögum.

Eitt atriði kemur enn til greina. Hæstv. ríkisstj. hefir breytt þessari aths. þannig, að nú er stj. ekki skylt að hjálpa bæjar- og sveitarfélögum til þess að fá lán í þessu skyni. Hvernig halda menn, að bæjar- og sveitarfélög geti fengið 1 millj. kr. lán í þessu skyni nú á þessu erfiða ári? Ekki er hætt við því, að þau geti tekið þetta af því fé, sem þau hafa handa á milli, svo að það getur ekki verið um annað en lántöku að ræða. Lántaka innanlands er útilokuð, skilst mér. Það er líka útilokað, að lán fáist erlendis, nema með því móti, að ríkissjóður ábyrgist. Engin slík ábyrgðarheimild liggur fyrir. Þessi fjárveiting verður þess vegna að nokkru leyti aðeins pappírsgagn. Ég er sannfærður um það, að bæjar- og sveitarfélögin geta ekki lagt fram á móti meiru en 300 þús. kr., eins og minni hl. leggur til, að veittar verði.

Það er eins og hæstv. stj. og hv. meiri hl. n. sé skilningslaus á það, hvílík fjárhagsvandræði steðja nú að bæjar- og sveitarfélögum. Það er jafnvel svo langt komið í þessu efni, að bæjar- og sveitarfélögin eiga mjög örðugt með að greiða lögboðnar greiðslur. Svo bætist það við, að þeim er sagt að leggja fram 1 millj. kr. til atvinnubóta, og jafnframt er þeim fyrirskipað í aths., að þau skuli halda uppi jafnmiklum öðrum framkvæmdum eins og venja er til. Um leið og hv. Alþ. fyrirskipar þetta hnuplar það frá sveitar- og bæjarfélögunum þeim tekjustofni, sem hingað til hefir verið álitinn þeirra réttmæta eign. Nú er svo langt gengið í þessu efni, að bæjar- og sveitarfélögin eru farin að reyna að ná sér í tolla af algengum vörum. Við minni hl.menn sjáum, að þessi stefna, sem hv. meiri hl. hefir tekið upp gagnvart bæjar- og sveitarfélögunum, verður til þess að leggja efnahag þeirra í rústir, svo framarlega sem ekki er snúið við á þessari braut.

Skal ég þá næst drepa á 11. og 12. till. saman. Þær fjalla um það, að leggja ekki fram 100 þús. kr. til Byggingar- og landnámssjóðs á næsta ári, og ekki heldur sömu upphæð til verkamannabústaða, til þess að forðast erlend kaup sem mest, og ennfremur sökum þess, að fyrirsjáanlegt er, að það verður miklu meira um atvinnu á næsta ári en venja er til.

Ég á þá ekki eftir aðrar till. en 10. brtt. á þskj. 543, viðvíkjandi Búnaðarfélagi Íslands. Þar hefir hæstv. stj. ætlað með aths. í fjárl. að setja í raun og veru heilan lagabálk um Búnaðarfélagið, og leggur minni hl. til, að þessi aths. verði felld burt. Það lítur út fyrir, að hv. meiri hl. n. hafi fengið einhverja eftirþanka um, að þessi aths. væri ekki eins vænleg til framgangs og ætlazt var til, og þess vegna hefir hv. meiri hl. komið með nýja orðun á þessari aths. Ég verð að segja það f. h. minni hl. n., að okkur furðar stórlega á því, að hæstv. stj. skuli ætla að taka Búnaðarfélagið slíkum tökum. Okkur er ekki ljóst, að þetta félag hafi svo til saka unnið, að það verðskuldi þá meðferð, að vera tekið með valdi og breytt þvert ofan í þess eigin vilja. Það er kunnugt, að Búnaðarfélag Íslands er þannig upp byggt, að í því eru allir bændur, sem eru í búnaðarfélögum landsins. Í Búnaðarfélaginu eru því allir bændur, sem jarðabætur vinna og styrk fá.

Ég tók eftir því í gær hjá hv. frsm. meiri hl., að hann breiddi sig mjög yfir það, að búnaðarmálastjórarnir hefðu verið og væru tveir, og þessi ráðstöfun hefði verið gerð þvert ofan í vilja búnaðarþingsins. Ég held, að hér sé ekki um neina gífurlega sök að ræða, en væri svo, þá bitnaði þetta eingöngu á búnaðarfélagsstjórninni sjálfri. Þetta er aðeins kostnaðarat-

riði. Það er ekki um annað að ræða en mismun á launum ráðunauta og búnaðarmálastjóra. Ég get fallizt á það með hv. frsm. meiri hl., að óþarft sé að hafa tvo búnaðarmálastjóra, en ég hélt ekki, að hv. frsm. meiri hl. ætlaði að kasta þungum steini á form. Búnaðarfélagsins, og það hefði hann ekki átt að gera. A. m. k. hefir hann stundum viljað verja hann fyrir grjótkasti, en það hefir ef til vill eitthvað breytzt upp á síðkastið í þessu efni. Það er mín skoðun, og ég hygg, að það sé skoðun alls minni hl., að engin ástæða sé til þess að áfella stjórn búnaðarfélaganna fyrir það, að hafa látið Sigurð Sigurðsson halda búnaðarmálastjórastöðunni. Ég get ekki talið eftir þau laun, sem hann hefir fengið, því að ég hygg, að vandfundinn muni vera sá Íslendingur nú á dögum, sem þarfari hefir verið íslenzkum landbúnaði.

Það getur ekki verið meining hv. meiri hl., að það sé einhver glæpur að hafa Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóra áfram. Almenningur í landinu lítur ekki þeim augum á þetta mál. Þetta er ekki heldur hin raunverulega ástæða fyrir herferðinni á hendur Búnaðarfélaginu. Hv. frsm. meiri hl. talaði um smíðagalla á Búnaðarfélaginu. Ég vildi helzt, að hv. meiri hl. leyfði bændum landsins að smíða sitt eigin félag, án þess að hann væri að sletta sér fram í það. Það er ekki víst, að bændur álíti þetta smíðisgalla, þótt hv. meiri hl. álíti það.

Hv. frsm. sagði, að Búnaðarfélagið hefði verið kúgað hér á hv. Alþ. 1923. Ég hygg, að það hafi ekki verið. Þá var aðeins gerð breyt. viðvíkjandi skipun stj. Búnaðarfél., og var það með góðu samþ. fél. sjálfs. Búnaðarfél. er félagsskapur einstakra manna, það er hægt að svipta það styrk hér, en það er ekki hægt að leggja það niður. En að svipta það styrknum væri ósæmileg kúgun. Ef maður ber saman þessa till. meiri hl. og till. stj., fæ ég ekki séð, að mikill munur sé á. Till. frá meiri hl. er styttri, en segir það sama, a. m. k. má ná sama marki með henni og með till. stj.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt meira; sennilega hefi ég gleymt einhverju, en gefst þá vonandi tækifæri síðar til þess að ræða um það.

**Magnús Torfason:** Ég skal byrja með því að lýsa mig samþ. till. fjvn. um það, að fella niður styrk til júbilljósmóður Þórdísar Símonardóttur. Þessi góða og merka kona og mikli kvenskörungur er nú, eftir vel unnið starf, sofnuð til mæðra sinna.

Ég vil þakka hv. n. fyrir það, sem hún hefir lagt til, að varið verði til vega í Gnúpverja- og Hrunamannahreppi. Hv. n. hefir með þessu sýnt skilning sinn á því, að jafnhliða því, sem verið er að skipuleggja mjólkursöluna með nauðung, sé nauðsynlegt að gera allt til þess, að njóta megi mjólkurbúanna og gera sér mat úr skipulaginu.

Ég á tvær brtt. við þennan síðari kafla fjárlfrv. Önnur fer fram á að hækka styrk til Odds Oddssonar gullsmiðs á Eyrarbakka úr 400 kr. upp í 800 kr. Það má segja, að þessi maður sé langsnjallastur af öllum þeim alþýðumönnum, sem komið hafa fram á ritvöllinn hin síðari ár. Hann hefir fært í letur margan fróðleik og skrifar svo gott mál, að unun er að lesa. Þessi maður á nú 5 tilbúin handrit og 9 ófullgerð, um mjög merkileg mál og ýmislegt, sem þörf er á að safna sem fyrst, áður en sá alþýðufróðleikur dreifist. Þar á meðal eru öll örnefni milli Þjórsár og Ölfusár. Í gömlum örnefnum finnast oft þýðingar á orðum, sem ekki finnast annarsstaðar, svo að þetta getur orðið sjór fyrir þekkingu á íslenzku máli. Þegar efnt verður til nýrrar orðabókar, þá er sjálfsagt að safna slíkum örnefnum og fara í gegnum þau. Oddur Oddsson er álíka gamall og ég og hefir haft ofan af fyrir sér með gullsmíði. Þessar 400 kr., sem gert er ráð fyrir í fjárlfrv. að hann fái, er svo lítið, að hann getur ekki, nema styrkurinn verði hækkaður, snúið sér algerlega að þessu hugnæma viðfangsefni sínu.

Hin till., sem ég ber fram, er um það, að sandgræðslustyrkurinn verði hækkaður um 10 þús. kr. Með þessu er tilætlunin, að tekinn verði og græddur upp allur sandur með sjó fram frá Ölfusá út í Selvog. Árið 1928 var fé veitt til græðslu Strandarlands, og árangurinn varð meiri en af nokkurri annari sandgræðslu, því að jarðvegur er frjór þarna og veðurlag gott. Af Strandarlandi fást nú 160 hestar af töðu, en áður var þarna eyðimörk. Sami mundi árangurinn verða á þessum stað. Þetta verður stærsta sandgræðslutilraun, sem hér hefir verið gerð, tekur yfir 8400 ha. lands, og þetta er ekki aðeins græðslutilraun, heldur verður þetta líka til þessa að bæta fiskveiðarnar. Eftir norðanveður hefir oft verið fiskilaust á þessum slóðum, því að sandfok frá landi bægir fiskinum burt. Allir, sem sótt hafa Selvogsmið, vita þetta.

Enn er þess að geta, að með l. um hafnarbætur í Þorlákshöfn var gert við lendinguna þar lítilsháttar. Síðan hefir Kaupfélag Árnesinga keypt lendinguna og bætt, komið sér þar upp íshúsi og fiskveiðitækjum, og nú er verið að byggja smávélbáta, sem eiga að ganga þaðan í vetur. Nú vill svo oft verða, að fiskur skemmist af sandfoki í Þorlákshöfn og verði 2. flokks og 3. flokks vara. Þessi sandgræðsla er því ekki aðeins nauðsynleg fyrir landbúnaðinn, heldur líka fyrir sjávarútveginn. Sést bezt á þessu, hve mikið alvörumál þetta er. Árnessýsla, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Kaupfélag Árnesinga hafa heitið styrk til græðslunnar, en áætlað er, að hún muni kosta 25—30 þús. Þess hefði verið vert að óska, að styrkurinn yrði færður upp um 20 þús. kr. en það hefir þó ekki verið gert, vegna þess að ætlunin er sú, að Strandarkirkja láni nokkurt fé til græðslunnar. Milli þessa lands og lands Strandarkirkju er ekki nema rúmur 1 km., og ef landið verður ekki grætt, eru hagar Strandarlands í hættu. Er því ekki nema eðlilegt, að Strandarkirkja taki nokkurn þátt í þessu.

Ég þykist svo ekki þurfa að segja miklu meira, en vænti þess, að málinu verði vel tekið. Til forna var þessi spilda eitthvert allra bezta land, og getur orðið það enn. Það sýnir sú sandgræðsla, sem fram hefir farið á Strandarlandi. Ég er viss um, að þetta land verður í framtíðinni notað af Reykvíkingum til þess að

reisa þar sumarbústaði. Ég fel svo hv. Alþingi málið til góðrar fyrirgreiðslu.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég á aðeins eina till. við þennan kafla, og er hún um það að hækka styrk til kvenfélagsins Óskar á Ísafirði. Ég vænti þess, að hv. n. hafi fengið umsókn félagsins, en það hefir sem kunnugt er haldið uppi skóla í fjölda ára með litlum styrk. Hinsvegar hafa konurnar sjálfar lagt mikið til hans. Hliðstæðir skólar annarsstaðar hafa notið mun meiri styrks. Ég býst við, að skólaskýrslan liggi fyrir hjá hv. n. Skólinn hefir verið fyrirmynd, lokið lofsorði á kennsluna, og þar hafa verið stúlkur úr öllum sýslum landsins nema einni, og venjulega fleiri utan af landi en frá Ísafirði. Var svo á síðasta skólaári. Í stuttu máli sagt, skólinn er viðurkenndur sem einn hinn bezti í sinni grein. Ég vænti þess, að hv. þm. hafi kynnt sér það, sem fram er fært, og geti því greitt atkv. með varatill. minni að minnsta kosti.

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Ég á eina litla brtt. við þennan kafla, um styrk til Friðriks Ottóssonar. Hann er búinn að vera vegavinnuverkstjóri í 25 ár, en hefir nú legið sjúkur í ár og engum störfum getað sinnt. Þessi maður er kominn af bezta skeiði, og litlar líkur eru til þess, að hann geti komizt áfram hjálparlaust, þótt hann kannske að einhverju leyti fái heilsu sína aftur, eins og ég hefi nýlega heyrt að von sé um. Slíkir menn hafa oft fengið nokkra upphæð árlega sem eftirlaun. Ég fer ekki fram á, að honum verði veitt neitt fast árlega, heldur að honum verði veittar nú 500 kr. í eitt skipti fyrir öll. Ég vænti þess, að hv. Alþingi líti með velvilja á þetta.

Ég er meðflm. að nokkrum brtt., en hv. 10. landsk. mun gera grein fyrir þeim.

Hv. frsm. síðari kaflans vék að mér í sambandi við styrkveitingu til Búnaðarfélagsins. Ég vil sérstaklega víkja að nokkru af því, sem þar kom fram. Hann hélt því fram, sem rétt er, að Búnaðarfélagið hefði umboðsvald fyrir ríkið. Búnaðarfélagið annast um ýms verkefni fyrir ríkið, og það er ekki svo lítið fé, sem árlega gengur til bænda gegnum félagið. Þetta er og viðurkennt af félaginu, því að það er venja, að áætlun um tekjur og gjöld félagsins sé send atvmrh. til umsagnar.

Hv. frsm. var að tala um, að félagið hefði verið sundurþykkt. Það er rétt, að það reis upp deila innan félagsins fyrir nokkrum árum, en sú deila hefir verið jöfnuð nú og heyrir því sögunni til. Þessi deila olli á sínum tíma óþægindum hvað snerti verkaskiptinguna milli búnaðarmálastjóra og starfsmanna þeirra. Þessu er nú ekki lengur til að dreifa og samstarfið er ákjósanlegt. Það er nú aðeins einn ljóður á ráði félagsins, sem telja má þó víst, að bætt verði úr áður en langt um líður, en það er það, að stjórn félagsins er ekki skipuð eftir vilja búnaðarþings, og því ekki ætíð í samræmi við vilja þingsins. Þessu þarf að breyta, því að því aðeins, að stjórnin sé í samræmi við þá, sem eiga að ráða um starf félagsins, er hægt að búast við happadrjúgu starfi. Eins og ég hefi tekið fram áður, er búnaðarþingið myndað á sama hátt og aðalfundur S. Í. S. Það er byggt neðan frá og upp úr að öllu leyti. Þetta komst á 1931 og kostaði átök þá, en síðan hafa allir gert sig ánægða með þetta. Það eina, sem eftir er, er að fá viðurkenningu hv. Alþingis fyrir því, að Búnaðarfélagið eigi sjálft að kjósa sína eigin stjórn. Nú liggur fyrir þinginu frv. um það, að fella úr jarðræktarlögunum þau ákvæði, er mæla svo fyrir, að ⅔ af stj. félagsins skuli kosnir af Alþingi. Mér hefir virzt, að þetta sé alltaf að vinna meira og meira fylgi meðal flokkanna, og tel því gefið, að frv. verði samþ., enda þótt ég sé hissa á þeim drætti, sem orðið hefir í Ed. á afgreiðslu málsins.

Hv. frsm. krafðist þess, að þetta ósamræmi í stjórninni og ósamræmið á milli stj. og búnaðarþingsins yrði afnumið. Ég skyldi sízt mæla á móti því, að það yrði gert. En þá verður Alþingi að gera þá breytingu, að stjórn Búnaðarfélagsins sé í samræmi við búnaðarþingið. M. ö. o., að leyfa búnaðarþinginu að velja stjórnina.

Hv. frsm. sagði í gær, að ihlutun Alþingis um stjórn Búnaðarfélags Íslands hefði verið undirrótin að ósamkomulagi því, sem ríkt hefir innan félagsins, og það er ekki ósennilegt, að svo hafi verið í raun og veru, en eigi að laga þetta, þá verður að kippa burt þessu ákvæði laganna. Annars er engin ástæða til þess að efast um, að stj. Búnaðarfélagsins hefði hiklaust orðið við kröfum búnaðarþings, ef hún hefði verið kosin af því. Ég býst nú við, að við getum orðið nokkurn veginn sammála um afgreiðslu á þessum lið fjárlfrv., og til þess að gera það greinilegt, hvað fyrir þinginu vakir um afgreiðslu þessa máls, hefi ég borið fram brtt. á þskj. 628, sem hljóðar svo: „Ríkisstj. getur gert það að skilyrði fyrir greiðslu á styrk til félagsins, að fjárhagsáætlun þess sé samþ. af landbúnaðarráðh. og að ráðning búnaðarmálastjóra sé samþ. af búnaðarþingi, enda sé hann ekki nema einn". — Í þessu felst viðurkenning á þeim framkvæmdum, sem verið hafa að undanförnu. Fjárhagsáætlun félagsins á að leggjast fyrir landbúnaðarráðh., og með því ætti að vera fengin full trygging fyrir samræmi á milli búnaðarþings og stj. Búnaðarfélags Íslands. Þá ættu að vera útilokaðar allar togstreitur, sem verið hafa þar á milli, og hinsvegar er ríkisvaldinu fengið í hendur fullt eftirlit með fjárreiðum Búnaðarfélagsins, sem varða ríkið að sjálfsögðu miklu, þó að miklum hluta þess fjár, sem til félagsins gengur, sé ráðstafað eftir föstum lagafyrirmælum þar að lútandi.

Ég skal ekki fara að fjölyrða um það verkefni, sem Búnaðarfélagið hefir leyst af hendi undanfarin ár. Um það var töluvert rætt við eldhúsdagsumr. En ég get bætt því við, að langafkastamest hefir félagið verið frá 1931, er þessi fasta skipun komst á. Má í því sambandi t. d. benda á hestasöluna til Þýzkalands síðastl. sumar, sem félagið átti frumkvæði að og allir hlutaðeigendur mega vera því þakklátir fyrir. Það mun hafa verið sett að skilyrði fyrir

kaupunum af hálfu þýzkra stjórnarvalda, að hestarnir væru keyptir í gegnum Búnaðarfélagið hér. Þetta sýnir, hve sterka aðstöðu það hefir til hagsmuna bændastéttinni. Þá vil ég benda á, að félaginu er falin framkvæmd ýmissa atriða jarðræktarlaganna, sem ekki er hægt að taka af því nema með sérstökum lögum. Ég verð að segja það, að ég teldi illa farið, ef nú ætti að fara að spilla þeirri skipulagningu, sem félagið hefir verið byggt upp með nú að undanförnu. Ég hefi jafnan fylgt því, að Búnaðarfélagið væri byggt upp eins og samvinnufélagsskapurinn, og þegar þetta hefir tekizt fyrir harðfylgi góðra manna, sem að félaginu hafa starfað, þá finnst mér ærið hart að ætla að splundra því nú. Mér fyndist það standa ríkisvaldinu nær að gefa því tækifæri til þess að þroskast og eflast undir því skipulagi, sem það hefir nú verið byggt upp á.

Þá vil ég nota tækifærið til þess að óska eftir því við þá hv. þm., sem hér eru nú og sæti eiga í Ed., að þeir flýti fyrir frv. því, sem þar er komið fram um skipulagningu Búnaðarfélagsins. Nái brtt. mín samþykki, þá tel ég afgreiðslu málsins sæmilega trygga, og með þessu er fjárhagsleg íhlutun ríkisvaldsins líka fyllilega tryggð. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar að þessu sinni, en gefist tilefni til, þá mun ég fara nánar inn á starfsemi félagsins til þess að slá niður allar missagnir um óreiðu þar. Það má vera, að ekki hafi allt verið þar jafnan sem skyldi, en það á ekki að láta gamlar syndir standa fyrir eðlilegum þrifum félagsins á lýðræðisgrundvelli.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég hefi leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við þennan kafla fjárlfrv. Fyrsta brtt. mín er við 14. gr., rómv. XIII. Þar er farið fram á, að styrkur til iðnfræðslu á Akureyri sé aukinn úr 1500 kr. í 2500 kr. Iðnaðarmannafélagið á Akureyri hefir staðið fyrir þessari fræðslu í mörg undanfarin ár. Nemendafjöldinn hefir aukizt ár frá ári og er nú orðinn um 80. Í hlutfalli við fjölgun nemendanna hefir kostnaðurinn við fræðsluna líka aukizt ár frá ári. Iðnaðarmannafélagið hefir undanfarið farið fram á það við Alþingi að fá styrkinn hækkaðan, og sömuleiðis styrkinn frá bæjarfélagi Akureyrar, og nú hefir það fengið vilyrði um hækkun á styrknum frá Akureyrarbæ, svo framarlega sem ríkissjóðstillagið verði eitthvað aukið. Til þess að hv. alþm. sjái, hvað félagið hefir sjálft orðið að leggja á sig, vil ég geta þess, að á móti rúmlega 2000 kr. styrk úr ríkissjóði og bæjarsjóði Akureyrar til samans hefir það orðið að greiða mikið á 4. þús. kr. Fengist nú þessi hækkun á tillagi ríkissjóðs og úr bæjarsjóði hlutfallsleg hækkun, þá myndi láta nærri, að helmingur fengist á móti framlagi félagsins. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að á Akureyri er töluverður iðnaður, sem er í framför. Jafnframt eru skilyrði til þess að auka hann. Þörfin fyrir aukna skólafræðslu í þessum efnum er því alltaf að verða ríkari og ríkari. Ég vænti því, að hv. Alþingi líti með velvilja á þessa till.

Þá á ég enn brtt. við 14. gr., undir rómv. lið XVI. Þar er farið fram á rúmlega 38 þús. kr. styrk til byggingar upphitaðrar sundlaugar á Akureyri. Það skal tekið fram, að sundlaug þessi er þegar komin upp, þó að frágangi hennar sé ekki lokið að öllu leyti. Til byggingar sundlaugar þessarar hefir verið varið nálægt 77 þús. kr. Þetta er heit sundlaug, og hefir hitaveitan kostað yfir 38 þús. kr., eða um helming alls kostnaðar við byggingu laugarinnar. Laugin er það stór, að hún mun vera eina sundlaugin hér á landi, sem hægt er að þreyta kappsund í eftir alþjóðareglum. Hitaveitan að lauginni er löng, og er borun eftir vatni ekki lokið ennþá. Það sem sérstaklega er eftir við laugina, er að steypa í botninn á henni, byggja sólskýli og fjölga búningsklefum. Fáist þessi styrkur, þá er ákveðið að verja honum öllum til umbóta á lauginni. Styrkur þessi, sem hér er farið fram á að fá, er í réttu hlutfalli við aðra styrki, sem veittir hafa verið til sundlaugabygginga hér á landi. Verði hann ekki samþ., þá er Akureyrarbær settur hjá í þessu efni og beittur hinu mesta ranglæti. Hér er ekki um sundhöll að ræða, heldur um fullkomna útilaug, sem getur komið að fullu gagni á öllum tímum árs. Að síðustu vil ég taka það fram, að þar sem ég veit, að ríkissjóður á erfitt um greiðslur, þá hefi ég borið fram þá varatill., að veittar verði á næsta ári 10 þús. kr. til byggingar sundlaugar þessarar, og sé það fyrsta greiðsla. Með henni væri því slegið föstu, að Akureyri ætti rétt til frekari fjárframlaga af hálfu ríkissjóðs til byggingar laugarinnar.

Þá á ég brtt. við 15. gr., rómv. lið XIX, um að Hallgrími Péturssyni verði veittar 2000 kr. í eitt skipti fyrir öll til útgáfu „Annáls 19. aldar". Ég þarf ekki að skýra fyrir hv. alþm., hvaða rit hér er um að ræða; það mun þeim fyllilega ljóst. Af þessu merkilega riti er þegar komið út 1 stórt bindi og auk þess nokkur hefti af öðru bindi, og með því mun lokið helmingi útgáfunnar. Ég treysti því, að hið háa Alþingi sjái, að það sé sanngjarnt að veita þennan styrk. Hér á í hlut fátækur maður, sem hefir brotizt í að gefa út dýrt fræðirit, sem seint gengur að selja, því að það er svo venjulega með fræðirit, að almenningur er lengi að átta sig á hinu bókmenntalega gildi þeirra, og kaupir frekar aðrar bækur til lestrar. Hér er aðeins farið fram á 2000 kr. í eitt skipti fyrir öll, og í sambandi við það vil ég benda á, að ég hefi sett brtt. inn í fjárlfrv. næst á eftir styrk til Þórbergs Þórðarsonar. Eins og kunnugt er, þá hefir Þórbergur nú um nokkurt árabil notið styrks úr ríkissjóði til þess að safna orðum úr alþýðumáli. Upphæðin hefir að undanförnu verið 1600 kr. á ári, en nú er lagt til, að hún hækki upp í 2500 kr. Ég er ekki að gera þessa hækkun að umtalsefni í sjálfu sér, ég tek enga afstöðu til hennar að svo stöddu, en ég verð bara að segja það, að ef Alþingi telur nauðsynlegt að hækka þennan styrk um hart nær 1000 kr., þá fæ ég ekki annað séð en að það hljóti að fallast á að veita þessar 2000 kr. í eitt skipti fyrir öll. Með þessu er ég alls ekki að bera brigður á, að starf Þórbergs geti verið þarft. En því verður ekki neit-

að. að fyrir Alþingi hefir aldrei legið nein skýrsla um söfnun hans, en mér skilst þó, að það hefði mátt vinna nokkurt starf fyrir þetta fé.

Þá á ég enn brtt. á þskj. 602, við 16. gr. Þar er farið fram á ⅘ kostnaðar, allt að 10 þús. kr., til undirbúningsrannsókna vegna fyrirhugaðrar rafveitu fyrir Akureyri og nærliggjandi sveitir. Ég skal strax taka það fram, að á Akureyri er nú rafveita, en hún er ekki fullnægjandi fyrir kaupstaðinn, og stækkunarmöguleikar eru ekki fyrir hendi, svo sem nauðsyn krefur. Rafveita sú, sem hér er farið fram á að athuga, á ekki að vera fyrir Akureyri eina, heldur einnig fyrir mikinn hluta af Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu. Nú undanfarin ár hafa verið athuguð ýms fallvötn þarna norður frá, með tilliti til virkjunar í þessu skyni. Um nokkurt skeið töluðu menn einna helzt um að virkja Dettifoss. Þá hafa menn talað um Djúpadalsá, og þá helzt með því að veita Skjólgarðsá í hana og virkja svo bæði vatnsföllin. Djúpadalsá liggur um 20 km. frá Akureyri, svo fjarlægðarinnar vegna væri hægt að virkja hana, ef orka fengist nóg. Einnig hefir mönnum dottið í hug, að komið gæti til mála að virkja Hraunsvatn í Öxnadal. Vatnsmagn er þar að vísu lítið, en fallhæðin er gífurleg. Vegna þessarar miklu fallhæðar er talið líklegt, að þarna megi virkja ódýrt. Hitt er aftur dregið í efa, hvort vatnsmagnið sé nægilegt. Allt þetta þarf að rannsaka, en það kostar fé, og því er farið fram á að fá þennan styrk.

Annars vil ég benda á, að hér er ekki um nýtt mál að ræða. Árið 1930 var það beinlínis lagt fyrir með bréfi frá atvmrh., að þessi rannsókn skyldi hafin. Jafnframt var því lofað, að ⅘ kostnaðar skyldu greiddir af ríkissjóði, gegn ⅕ annarsstaðar að. Þessum ⅕ hl. á móti var lofað, en rannsóknin fórst fyrir eigi að síður. Hér er því ekki um nýjan styrk að ræða, heldur efndir á gömlu loforði.

Þá á ég enn eina brtt. Hún er undir rómv. lið XXVIII. Þar er farið fram á ábyrgð ríkissjóðs fyrir 500 þús. kr. láni til þess að byggja nýtt sjúkrahús á Akureyri. Eins og þeir vita, sem til þekkja, þá er Akureyri hið sama fyrir Norður- og Austurland sem Rvík er fyrir Suður- og Vesturland. Hér í Rvík er stór nýr spítali, landsspítalinn, og auk hans annar, sem er einkafyrirtæki, og loks er sá þriðji bráðum fullbyggður. Á Akureyri er aftur á móti aðeins einn spítali, sem er gamall timburhjallur, sem jafnframt er allt of lítill, svo ekki er hægt að koma fyrir í honum nauðsynlegustu ljóslækningatækjum, eða nýtízku röntgenáhöldum. Fyrir nokkrum árum var horfið að því að byggja við sjúkrahús þetta, en það er eigi að síður allt of lítið. Þessi nauðsyn Akureyringa og um leið að miklu leyti Norðlendinga og Austfirðinga er mjög brýn, eins og hv. þm. geta sannfært sig um með því að lesa álit landlæknis um málið. Hér er um aðkallandi nauðsyn að ræða. Og landlæknir, sem er kunnugastur þessum málum, ræður eindregið til þess, að ekki sé horfið að því ráði að byggja þarna neina bráðabirgða- eða viðbótarbyggingu, heldur eigi að byggja þarna varanlega fyrir framtíðina, a. m. k. næstu framtíð, en þó þannig, að hægt sé að byggja síðar viðbót við það, sem byggt verður. Og með því að nota gamla spítalann fyrir geymslu og e. t. v. fyrir þá sjúklinga, sem frekast þola að vera í þeim húsakynnum, sem nú verður að notast við, má um langt skeið hafa mikið gagn af gamla sjúkrahúsinu. Hér er farið fram á ábyrgðarheimild, en ekki beint framlag úr ríkissjóði að svo stöddu, en að sjálfsögðu kemur að því, að ríkissjóður verður að leggja fram venjulegan styrk til byggingar þessa sjúkrahúss sem annara, og gæti það orðið með þeim hætti, að ríkið tæki að sér að standa straum af nokkrum hluta byggingarlánsins, sem hér er farið fram á ábyrgð á, enda er farið fram á ríkisábyrgð með það fyrir augum, að með þeim hætti sé hægt að komast að miklu hagkvæmari lánskjörum, en hagkvæm lánskjör yrði gróði bæði bæjarfélagsins og ríkisins, ef ríkið tæki á sínum tíma að sér hluta lánsins til greiðslu, í stað þess að útborga byggingarstyrkinn í einu lagi.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta nú, en ég vil taka það fram, að það er ekki hægt að bera við féleysi ríkissjóðs gegn þessari till. Það er ekki verið að ræða um fjárframlag á þessu ári og ekki á næsta ári. Það má náttúrlega deila um það, hve hyggileg leið það sé fyrir ríkið að taka á sig margar ábyrgðir, en ég vil benda á það, að hér er sérstaklega fyrir hendi nauðsynl. umbót á heilbrigðismálum Akureyrar, Norðurlands og að nokkru leyti Austurlands. Ég vil að síðustu benda á það, að hér í Rvík er búið að ráða bót á hliðstæðri nauðsyn með byggingu landsspítalans, sem aðallega er fyrir Suður- og Vesturland. Þess vegna eiga hinir aðrir landshlutar fullkomna sanngirniskröfu til samskonar úrlausnar.

Ég vil svo vænta, að hv. þm. sýni þessari brtt. minni sanngirni og velvilja.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Í sambandi við það, sem sagt hefir verið um Búnaðarfélag Íslands og jafnvel einstaka starfsmenn þess, vildi ég aðeins koma með fáar aths. Það kann að þykja undarlegt, að ég skuli blanda mér inn í þau mál, en ég vil ekki láta hjá líða, þegar verið er að ræða um gagnsemi þessa félags, að láta þess getið, að ég lít svo á, að þau afskipti, sem Búnaðarfélag Íslands hefir haft á síðari árum af ræktunarmálum Vestmannaeyja, hafi verið hin affarasælustu, og það er vitanlegt, að það er Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri, sem þar hefir haft mesta forgöngu, og honum til aðstoðar Pálmi Einarsson ráðunautur. Það var víst árið 1926, að Sigurður Sigurðsson kom fyrst til Eyja til þess að rannsaka ræktunarskilyrði þar, og afleiðingin af þeirri komu hans varð sú, að þar hófust þær ræktunarframkvæmdir, sem síðan hafa orðið þar. Hann vakti okkur til umhugsunar um það, hvað Eyjarnar gætu gefið af sér mikið heymagn. Það lá í augum uppi, að þar var mikið af ræktunarhæfu landi, en hinu trúðum við síður, að stór landflæmi, sem álitin voru hrjóstrug, eins og Ofanleitishraun, gætu orðið mjög góð og arðberandi tún, sem síðar kom þó í ljós. Þetta finnst

mér skylt, að komi hér fram, þeim til sóma, er þarna hafa starfað fyrir Búnaðarfél. Íslands. Það er nú svo, að við Vestmannaeyingar höfum mjög mikla trú á þeim ráðum og leiðbeiningum, sem Búnaðarfélagið hefir gefið okkur í þessu efni. Í sambandi við þessa ræktun í Vestmannaeyjum hafa verið lagðir 11 km. langir ræktunarvegir, sem nauðsynlegt hefir verið að leggja um ræktaða landið. Heyafli af þessu landi hefir síðan 1926 miklu meir en tvöfaldazt, og stefnir nú óðfluga að því, að Eyjarnar verði algerlega sjálfbjarga með hey. Mjólk er nú á flestum tímum ársins alveg nægileg, og kemur jafnvel fyrir stundum, að hún selst ekki upp, og verðið hefir ekki verið meira en hér í Rvík; mér er sagt, að verðið sé nú 36 til 40 au. pr. lítra. Þessi mikla breyting, sem orðið hefir á ræktunarmálum Eyjanna, hefir verið mikið hagsmuna- og hagsbótamál fyrir Vestmannaeyinga, og maður verður að viðurkenna, að þeir, sem hafa með ráðleggingum, bendingum og fortölum vakið Eyjamenn til starfa í þessum efnum, eiga miklar þakkir skildar, og sú stofnun, sem þessir menn hafa unnið fyrir. Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meir, en mér er ljúft að veita Búnaðarfélaginu þá viðurkenningu, sem það á skilið, fyrir þau áhrif, sem félagið hefir haft í Vestmannaeyjum. Ég vil að lokum taka það fram, að þessi ræktun hefir orðið og er ein sú bezta atvinnubótavinna, sem þar hefir verið um að ræða, jafnframt því, sem framkvæmdirnar hafa fært Eyjabúum gnægð mjólkur miklu ódýrari en tíðkaðist áður.

Ég tók eftir því, að í nál. meiri hl. fjvn. var minnzt á tvo listamenn, sem dvalið hafa í Þýzkalandi, þá Jón Leifs og Þórarin Jónsson. Er það þannig orðað, að þar sem Jón Leifs sé kominn að útvarpinu, sé ekki þörf á að styrkja hann; hinsvegar leggur n. til, að Þórarinn Jónsson sé styrktur. Í framsöguræðu sinni fyrir síðari hluta fjárl. var hv. þm. S.-Þ. að geta þess, að ég hefði haft kynni af Þórarni Jónssyni. Þetta er rétt. Mér er ljúft að láta það í ljós, að meðal þeirra manna í Þýzkalandi, er vit hafa á söngmennt og tónlagasmíð og ég hefi talað við, er Þórarinn Jónsson, þessi fátæki sjómaður af Austurlandi, talinn gæddur mjög miklum hæfileikum á sínu sviði. Sumir menn í Berlín telja hann meira að segja það, sem kallað er „geni“. Ég tel því mjög vel til fundið, að þessum manni sé veittur nokkur fjárstyrkur, og ég hefði gjarnan álitið, að það mætti vera meira, sem honum væri veitt. Það er hinn mesti misskilningur, sem heyrzt hefir hér heima, að Þórarinn væri drykkjumaður. Ég hefi spurzt vandlega fyrir um það hjá fólki, sem hefir þekkt hans daglega líf í Þýzkalandi og hann hefir búið hjá, og það fólk hefir ekki viljað kannast við, að nokkur óregla ætti sér stað í fari hans. Hitt er víst, að hann hefir búið við mjög mikla fátækt, og sennilega við meiri fátækt í þessi 8 ár, sem hann hefir dvalið ytra, heldur en nokkur maður hér heima gerir sér hugmynd um. Hann er maður, sem lætur lítið yfir sér og lítið ber á. Hann er ekki gefinn fyrir að hafa sig mikið í frammi, en þeir, sem vel þekkja hann og vit hafa á þeim efnum, spá því, að einhverntíma muni hans miklu tónverk verða viðurkennd og hann settur hátt á bekk með hinum mestu tónlagasmiðum, sem uppi hafa verið. Það er líka mjög eftirtektarvert, að við tækifæri, þar sem leikin eru verk hinna klassisku meistara eins og Griegs og Händels, þar eru einnig uppfærð tónverk eftir þennan ómenntaða, fátæka, íslenzka sjómann, sem barizt hefir áfram einn í hinni erlendu stórborg. Það er rétt að geta þess, úr því minnzt er á hans sáru fátækt, að eftir hans eigin sögusögn hafa Þjóðverjar reynzt honum ákaflega vel og greitt götu hans mjög á sviði listar hans, og gert honum mögulegt að stunda hana þar í landi þrátt fyrir fátæktina. Hinn listamaðurinn er og þekktur, og eru þeir tveir mjög ólíkir, þó báðir hafi mikla hæfileika. Jón Leifs hefir haft betri aðstöðu til þess að koma verkum sínum á framfæri. Hann hefir unnið hreint og beint þrekvirki, enda er hann sívinnandi og ötull í sínu starfi. Ég er ekki maður til að gera upp á milli þessara tveggja listamanna, enda dettur mér ekki í hug að reyna það. Ég álít þá báða framúrskarandi, þó þeir séu samt sem áður ekki líkir. Mér finnst það rétt hjá hv. fjvn. að vilja styrkja Þórarin Jónsson, en hinsvegar álít ég ekki rétt að kippa styrknum af Jóni Leifs, þó hann sé nú ráðinn hjá útvarpinu. Þess ber að gæta, að styrk þann, er Alþingi hefir veitt honum, hefir hann eingöngu notað til útgáfu á sínum merkilega einkennilegu norrænu tónverkum. Til þessa hefir fé það, er Alþingi hefir veitt Jóni Leifs, verið notað, og þó hann fái nú nokkra atvinnu hér heima, þá finn ég ekki ástæðu til þess, að hann sé sviptur þeim styrk. Þetta vildi ég benda hv. fjvn. og hv. Alþingi á. Styrkinn hefir hann notað til þess að gefa út sín þjóðfræðilegu listaverk, og hann vinnur enn ótrauður að því að skapa sína list. Ég ætla, að ég þurfi ekki að taka það fram, að þessi ummæli mín um Jón Leifs má sízt af öllu taka svo, að ég sé með þeim að draga frá Þórarni Jónssyni. Ég ætla, að það sé óþarft að taka þetta fram, en ég geri það fyrir varúðarsök. Það er hin mesta þörf að veita honum þennan styrk, bæði vegna fátæktar hans og eins með tilliti til hins mikla sóma, sem ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að þessi merkilegi maður á eftir að vinna landi sínu og þjóð, þó það ef til vill verði ekki fyrr en eftir nokkur ár.

**Sigurður Einarsson** (óyfirl.): Ég hafði ekki hugsað mér að tala langt mál hér að þessu sinni, og geri það ekki, svo að það, sem ég hér segi, verði ekki til þess að lengja umr. úr hófi fram. — Ég hjó eftir því áðan, þegar minnzt var á hækkun á styrk til Þórbergs Þórðarsonar, að hv. þm. Ak. lét svo um mælt, að menn vissu lítið, hvernig háttað væri störfum hans að því er snerti orðasöfnun úr alþýðumáli. Ég skal nú upplýsa, að mér er þetta kunnugt mál.

Eins og margir munu kannast við, skrifaði Þórbergur Þórðarson bækling um orðasöfnun, mjög nákvæman leiðarvísi, og sendi til þeirra manna, sem við þau störf fengust. Síðan er mér kunnugt um, að hann fékk menn svo að segja í hverju byggðarlagi til þess að vinna að í frí-

stundum sínum orðasöfnun úr alþýðumáli og töluðu máli, eftir þessum leiðbeiningum. Hefir hann á hverju ári reynt að halda við þessum hóp samverkamanna, sem vinna af áhuga að þessu máli og senda honum árangur sinna athugana og uppskriftir.

Þeir, sem dálítið þekkja til vinnubragða Þórbergs, vita, að maðurinn er ákaflega vandvirkur og á erfitt með að láta frá sér fara hlut, sem ekki er vandlega unninn. Orðin hefir hann skrifað á seðla og raðað í kassa, og frá þessu er gengið á hinn snyrtilegasta hátt, og er þegar orðið mikið safn. Þetta vildi ég, að kæmi fram, til þess að enginn skyldi vera í vafa um, að Þórbergur hefir engan veginn slegið slöku við það, sem honum var ætlað að gera á þessu sviði. Það kom fram í viðtali við hann, að hvenær sem gefin væri út stór orðabók, og að hverjum, sem þetta orðasafn vildi nota, stæði það til boða með þeim góða frágangi, sem á því er.

Viðvíkjandi því, sem fram hefir komið um hækkanir á öðrum sviðum, þá vil ég láta þess getið, að mér er kunnugt um, að frá sjónarmiði margra menntamanna og menningarvina í landinu er þeim tíðindum tekið með fögnuði, ef þingið sér sér fært að gera dálítið vel við Halldór Kiljan Laxness, þó að um hann séu að öðru leyti skiptar skoðanir.

Ég ætla ekki að minnast á þær. brtt., sem einstakir þm. hafa borið fram, né heldur þær, sem hv. frsm. minni hl. fjvn. hefir mælt fyrir, því að ég veit, að frsm. meiri hl. mun gera það. En sem leikmaður í þeim efnum langar mig samt sem áður til að láta í ljós að því er snertir aths. um Búnaðarfél. Íslands, að ég tel hana vera til mikilla bóta. En þar með er ekki sagt að um samsæri sé að ræða á hendur Búnaðarfélagi Íslands né einstökum starfsmönnum þess. En það er engum vafa bundið, að margir, og ekki sízt bændur, líta þannig á, að minni glæsibragur og annarsháttar bragur hafi verið á starfsemi Búnaðarfélagsins undanfarin ár en æskilegt væri með tilliti til þess, hve mikið fé frá því opinbera félaginu er ætlað til starfsemi sinnar, og hve mikið hið opinbera á undir félaginu um, að sem bezt not verði að þessu fé. Maður verður þess var annað veifið, að það gerast atriði í stjórn þess og háttum, sem eru alveg óskiljanleg, a. m. k. frá mínu sjónarmiði sem leikmanns í búnaði. Ég skal taka lítið dæmi. Á síðasta búnaðarþingi ætla ég að það hafi verið, sem Búnaðarfélag Íslands veitti Ræktunarfélagi Norðurlands 4 þús. kr. til viðbótar fjósbyggingu, sem Ræktunarfélagið var að framkvæma. Nú er, eftir því sem ég bezt veit, Ræktunarfélag Norðurlands algerlega sjálfstæð stofnun og þar af leiðandi ekki beinlínis á könnu Búnaðarfélagsins. En á því sama búnaðarþingi, sem þetta fjármál var til meðferðar, fór bústjórinn á Sámsstöðum í Fljótshlíð þess fastlega á leit, að hann fengi fjárstyrk sem þessu svaraði til fjósbyggingar á Sámsstöðum. Nú er mér um það kunnugt, að Klemenz bústjóri taldi á þessu hina mestu þörf og færði að því gild rök, að ýmsar afurðir á Sámsstöðum yrðu ekki að fullum notum né kæmust í verð, nema með því að fóðra á þeim gripi. En það undarlega vill til, hvernig sem því víkur við, að Búnaðarfél. ákvað að láta fjósbyggingu Ræktunarfélagsins sitja fyrir fjósbyggingunni á sínu eigin búi á Sámsstöðum. Og mér er óhætt að fullyrða, að þessi myndarlegi búskapur á Sámsstöðum er rekinn á ábyrgð Klemenzar og í fullri óþökk stjórnar Búnaðarfélags Íslands. — Þetta er lítið dæmi þess, að mönnum, sem utan við þetta standa, finnst stundum sá bragur á aðgerðum stj. Búnaðarfél. Íslands, að þeim gæti dottið í hug, að öðruvísi mætti betur fara. Ég er ekki með þessu að halda fram, að Ræktunarfél. Norðurlands sé ekki alls góðs maklegt, og ég hygg, án þess að það út af fyrir sig réttlæti nokkuð svona undarlega ráðstöfun, að hjá Ræktunarfél. Norðurlands séu gerðar tilraunir með mismunandi geymslu og hirðingu áburðar, og er það góðra gjalda vert, ef það tekur að sér slíkar athuganir.

Það er fleira, sem telja mætti af þessu tægi, sem í augum mínum og fjölda margra annara gerir það að verkum, að við lítum svo á, að þessi orð séu í raun og veru í tíma töluð, ef menn hafa það fyrir augum að gera nauðsynlegar endurbætur á skipulagi og starfsemi Búnaðarfél. Íslands.

Það var flutt inn undir umsjón Búnaðarfél. Íslands karakúlfé til kynbóta eins og mönnum er kunnugt. Þarna er um ákaflega ábyrgðarmikla tilraun að ræða, sem byggist á, hvernig tilraunin gefst, hvort menn sjá sér fært í framtíðinni, og hvort hægt sé að greiða fyrir bændum um að hafa fleiri möguleika og meira upp úr búum sínum.

Mér er ekki kunnugt um, að nokkur sérfræðingur á sviði erfðafræðinnar hafi komið nálægt því að velja þetta fé, þótt svo hefði átt að vera, þó að þetta fé sé keypt frá góðri uppeldisstofnun. Um árangurinn er kannske of snemmt að spá ennþá. En ég hefi það fyrir satt frá mönnum, sem reynslu hafa, að einnig þar mætti betur fara.

Það er náttúrlega alltaf góðra gjalda vert, þegar á að spara, og Búnaðarfél Ísl. hefir auðsjáanlega ætlað að spara, þegar það lét hrossaræktarráðunautinn verða gjaldkera hjá félaginu. Það er vafalaust ekki ofborgað, en svo framarlega sem hann hefir tíma til að annast gjaldkerastörfin, þá er sýnilegt, að hann er ekki allur í starfi sínu sem hrossaræktarráðunautur, og sá grunur staðfestist af því, hvernig verkum þessa manns hefir verið hagað, samkv. ákvörðun yfirstjórnar Búnaðarfélagsins eða hans sjálfs, undanfarin ár. Þarna er maður, sem tekur full laun sem hrossaræktarráðunautur og auk þess gjaldkeralaun, sem að vísu eru ekki há, en hitt er augljóst, að gjaldkerastarfið tekur nokkurn tíma, sem áreiðanlega er þá ekki varið í þágu hrossaræktarinnar.

Fleiri dæmi mætti nefna. Og ég ætla að láta í ljós allrökstuddan grun um það, að í grundvallarreglum þeim, sem farið hefir verið eftir við útbýtingu styrkja til einstakra búnaðarsambanda, hafi kennt nokkurrar ónákvæmni, og þessum fjárveitingum hafi ekki verið hagað eftir því, sem framundan var á hverjum stað, heldur nokkuð af handahófi. Ef út í þá sálma

er farið, get ég leitt að þessu frekari rök. Þannig er um fleira, sem gerir það að verkum, að það er áreiðanlega litið á það sem orð í tíma töluð, að Alþ. hafi það a. m. k. bak við eyrað að koma nýju og nútímabærara skipulagi á Búnaðarfélagið heldur en verið hefir.

Ég veit ekki, hvort á að skrifa það á reikning hv. 10. landsk. eða Búnaðarfélagsins, hvernig til tókst ekki alls fyrir löngu, þegar gera átti tilraun með, hvort ekki væri efnilegt til hagsbóta fyrir bændur hér að ala nautpening til frálags, sem að nokkru leyti sæi fyrir sér sjálfur. Þegar nú átti að fara að gera þessa tilraun, kom í ljós, að það kostaði mikið fé að *útvega harðgerða nautgripi frá Skotlandi*, en ekki þótti tryggilegt að reyna minna en þrjár mismunandi tegundir. Og hvað sem því hefir nú valdið, sparnaðarástæður eða annað, kvað þetta hafa verið framkvæmt þannig, að af tveimur tegundunum var aðeins keyptur sinn bolinn af hvorri og af þriðju tegundinni ein kvíga, en enginn boli. Ef til frambúðar hefir átt að reyna, hvernig þessum gripategundum gengi að bjarga sér hér á landi og verða að gagni til kjötframleiðslu, er ekki annað sjáanlegt en bolunum hafi verið ætlað að verpa eggjum eða eitthvað þesshättar til þess að viðhalda kyninu. Hvort hv. 10. landsk. hefir ráðið þessu, læt ég ósagt, því fleiri munu vilja spara fyrir föðurlandið heldur en hann.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég á engar brtt. við fjárlfrv., hvorki þennan kafla eða hinn fyrri, svo ég stend eigi upp til þess að tala fyrir till. Hv. frsm. minni hl. gat þess nýskeð, að sér þætti einkennilegt, að enginn af þm. stjórnarflokkanna ætti brtt. við fjárlfrv., og lagði hann það þannig út, að allar óskir okkar um að bera fram brtt. væru tæmdar að þessu sinni. Ég skal *lýsa því yfir, að svo er ekki að því er mig snertir*. Ég hefði haft löngun til þess að bera fram ýmsar till. til útgjalda, bæði fyrir mitt kjördæmi og ýms málefni, sem ég vil greiða fyrir. En ég beygi mig fyrir þeirri nauðsyn, sem á því er nú að afgr. fjárl. þannig, að ekki horfi til verulegra vandræða. Af þeim ástæðum mun ég láta liggja niðri till. um margt, sem ég annars hefði viljað flytja, og greiða atkv. á móti mörgum till., sem eiga í sjálfu sér fullan rétt á sér.

Ég ætla ekki að minnast á margar af þeim brtt., sem fyrir liggja. Ég get þó ekki látið hjá líða að minnast á eina, sem sé till. um að færa laun Einars Helgasonar yfir á Búnaðarfélagið. Ég vil benda hv. Alþ. á, að þetta er ekkert annað en lækkun á styrknum til B. Í., því starf þessa manns kemur því ekkert við fremur en t. d. starf skógræktarstjóra og sandgræðslustjóra. Mér finnst því eðlilegra, ef óhjákvæmilegt er að létta þessum 5 þús. kr. af ríkissjóði og taka þær af B. Í., að lækka styrkinn til þess um þessa upphæð og láta liðinn til Einars Helgasonar halda sér eins og verið hefir.

Þá kem ég að því, sem ég sérstaklega ætlaði að gera að umtalsefni nú, en það er styrkurinn til B. Í. og athugasemdin, sem honum á að fylgja, og þó ekki síður það umtal, sem um B. Í. hefir orðið að undanförnu. Ég hefi orðið var við það nú undanfarið, að vísu meira utan þings en innan, að B. Í. verður fyrir allharðri kritik; menn tala um, að það sé óstarfhæft og yfirleitt illa samansettur hlutur að öllu leyti. Kom þetta ekki sízt fram nú í ræðu hv. 9. landsk., sem varði meiri hluta ræðu sinnar til þess að bera sakir á B. Í. Ég mun ekki svara honum sérstaklega, nema í sambandi við aðra liði ræðu minnar, er ég tala um starfsemi B. Í. Viðvíkjandi því, sem hann var að tala um innflutning nauta, get ég sagt honum það, að það var ekki B. Í., sem gekkst fyrir þessum innflutningi, heldur ríkisstj. samkv. *fyrirskipunum Alþ. Hinsvegar veitti B. Í.* aðstoð sína í þessu máli, eins og öllum öðrum landbúnaðarmálum, sem stj. leitar aðstoðar þess við. Það, sem hv. þm. var að tala um, að flutt hefði verið inn ein kvíga af einni tegundinni og tvö naut sitt af hvorri tegund, er algerlega á misskilningi byggt. Af einu kyninu var flutt inn eitt par, kvíga og boli. Það kann að vera, að þessi hv. þm. þekki einhver naut, sem verpa eggjum, en ég hefi ekki heyrt getið um þau fyrr. Býst ég við, að þetta sé eitthvað af þeim nýstárlegu skoðunum, sem fram hafa komið í sambandi við B. Í.

Hæstv. landbrh. lét orð falla á þá leið við frh. 1. umr. þessa máls, að nú um nokkurt skeið, eða síðan B. Í. átti í nokkrum útistöðum við Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra, hafi það verið óstarfhæft. Þetta eru svo þungar sakir á félagið, að ég treysti mér ekki til að láta hjá líða að bera þær af því, þó ég sé ekki sá meðlimur búnaðarfélagsstjórnarinnar, sem á að standa Alþ. reikningsskap, þar sem ég er kosinn af búnaðarþingi. Þegar svo villandi fregnir um starfsemi félagsins koma frá hæstv. landbrh., finnst mér þörf á að veita nokkrar *upplýsingar*, svo að þingheimur, sem er svo örlátur að veita Búnaðarfélaginu nokkurt fé, þurfi ekki að standa í þeirri trú, að það renni til félags, sem er sjálfu sér sundurþykkt og óstarfhæft með öllu.

Ein af þeim röksemdum, sem hæstv. ráðh. færði fyrir óstarfhæfni B. Í., var sú, að það hefir um skeið haft tvo búnaðarmálastjóra. Hæstv. ráðh. sagði, að einmitt þegar ákveðið var að hafa búnaðarmálastjórana tvo, hafi veilan í félaginu sýnt sig; það hefði ekki haft þrek í sér til þess að skera fyrir meinsemdina, annaðhvort að láta Sigurð Sigurðsson fara frá eða ráða hann einan sem búnaðarmálastjóra áfram. Það vill nú svo til, að ég hefi verið í stjórn B. Í. frá því 1927, eða einmitt þann tíma, sem Búnaðarfélagið á að hafa verið óstarfhæft. Get ég því búizt við, að ég verði ekki talinn dómbær í þessu máli, þar sem ég að einhverju leyti *yrði að dæma í eigin sökum*, en ég vona þó, að ég geti gefið þær upplýsingar um starfsemi Búnaðarfélagsins, að hv. þm. geti betur fellt dóm sjálfir eftir en áður. Ég verð að líta svo á, þó ég ætti ekki þátt í því samkomulagi, sem gert var á búnaðarþingi 1927, þegar tveir búnaðarmálastjórar voru ráðnir, að það sé langt frá því, að því máli væri ráðið illa til lykta. Það hafði þá komið upp í B. Í. svo mögn-

uð deila um þennan mæta mann, Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra, að til stórvandræða horfði. Ég er sannfærður um, að ef Sigurði hefði þá verið vísað á dyr, hefði félagið ekki borið sitt barr úr því. Hvað sem annars má um hann segja, þá hefir hann yfir svo mikilli þekkingu og reynslu í landbúnaðarmálum að ráða og svo óvenjulegum áhuga, að það hefði verið félaginu ómetanlegur skaði að vera svipt starfskröftum hans. Auk þess var fylgi hans úti um landið svo mikið, að óánægjan út af brottför hans hefði verið nægileg til þess að riða félaginu að fullu. Hinsvegar var komið upp svo mikið ósamkomulag, að ef átt hefði að setja Sigurð einan sem búnaðarmálastjóra áfram, hefði það haft mjög slæmar afleiðingar fyrir félagið, því nokkuð mikill hluti af starfsmönnum þess hefði farið, og hefði þá orðið að taka aðra í þeirra stað, sem ekki hefðu haft eins mikið til brunns að bera á þessu sviði, auk þess sem svo mikill órói var kominn utan um Sigurð og hefði orðið utan um hann áfram, að það hefði ekki farið hjá því, að félagið hefði orðið fyrir stórskaða af því. Þess vegna var það ráð tekið á búnaðarþinginu 1927 að reyna að græða saman þá bresti, sem farið var að bera á, heldur en að kljúfa félagið. Þegar ég var kosinn inn í búnaðarfélagsstj., tók ég það sem óskrifað skipunarbréf mér til handa, að ég ætti að vinna að samkomulagi í félaginu og reyna að græða þau sár, sem komin voru. Og ég hefi reynt að gera mitt ýtrasta í þessu efni, og þar sem ég hefi þrisvar verið endurkosinn, tel ég það vott um, að ég hafi unnið að því starfi, sem búnaðarþingið upphaflega fól mér að vinna að.

Að segja, að Búnaðarfél. sé óstarfhæft, þó það hafi tvo búnaðarmálastjóra, nær vitanlega engri átt. Eftir sömu forsendum mætti segja, að ríkisstj. væri óstarfhæfari vegna þess að ráðh. eru þrír heldur en ef aðeins væri einn ráðh. Þegar starfsemi einhverrar stofnunar hefir aukizt fram úr vissu marki, getur hún einmitt orðið starfhæfari með því að hafa tvo til þrjá framkvæmdarstjóra heldur en einn, ef samkomulagið milli þeirra er sæmilegt. Og ég held, að stj. Búnaðarfélagsins hafi tekizt það svo vel að halda einingu innan félagsins, að öll þau mál, sem það hefir haft með höndum, hafi fengið þá afgreiðslu, sem með sæmilegri sanngirni er hægt að heimta. Það hefir verið talað um ósamkomulag milli starfsfólks félagsins. Ég er því ekki kunnugur, hvað mikið ástriki er yfirleitt milli fólks, sem vinnur saman á skrifstofum hér í bænum. Það má vera, að það sé sumstaðar meira en í Búnaðarfélaginu. En þó búnaðarmálastjórarnir hafi ekki verið í sífelldum faðmlögum, þá hygg ég, að það starf, sem þeim hefir verið falið, hvorum á sinu sviði, hafi ekki misst neins í fyrir ósamkomulag þeirra á milli. Það hefir verið reynt að marka hverjum þeirra fyrir sig og undirmönnum þeirra, ráðunautunum, sitt starfssvið. Það hefir verið reynt að haga starfseminni þannig, að enginn brestur gæti í henni orðið, og hvernig sem hugarfarið kann að hafa verið í fyrstu, get ég fullyrt, að samstarfið hefir farið batnandi ár frá ári.

Það hefir einnig verið talað um, að samkomulagið hefi ekki verið betra en það, að sum árin hafi jafnvel sumir starfsmennirnir ekki látið sjá sig í Búnaðarfélaginu. Þetta byggist vitanlega á röngum fréttaflutningi, eins og fleira, því það er svo langt frá því, að það sé rétt, að starfsmenn Búnaðarfélagsins eru svo að segja allan sinn tíma í búnaðarfélagshúsinu, þegar þeir eru ekki á ferðalagi í þágu félagsins úti um land. Aðeins einn ráðunautanna kaus heldur að vinna annarsstaðar, og var honum leyft það m. a. vegna þess, að húsrúmi félagsins er þannig háttað, að það þótti heppilegra. Hinsvegar hefir þessi ráðunautur alltaf komið á fundi stjórnarinnar, þegar um málefni hans starfsgreinar hefir verið rætt, og hann hefir engan styrk fengið til skrifstofuhalds annarsstaðar. Hefir þetta því engum óþægindum valdið.

Til þess að gera hv. þm. ennþá glöggar grein fyrir, hvert er starfssvið Búnaðarfélagsins og hver starfsemi þess hefir verið þann tíma, sem hér er um að ræða, skal ég fara nokkru lengra út í þetta efni. Ef margir hv. þm. eru álika kunnugir þessum málum eins og hv. 9. landsk. virðist vera, þá býst ég við, að þeim veiti ekki af að taka eftir þessari skýrslu.

Eins og kunnugt er, er starfsemi B. Í. tvíþætt. Annarsvegar eru störf þess fyrir ríkisstj., einskonar skrifstofustarfsemi fyrir málefni, sem heyra beint undir ríkið. Þar til má fyrst og fremst nefna jarðræktarlögin. Af framkvæmd þeirra hefir Búnaðarfélagið þau afskipti, að það semur fyrst reglur um, hvernig framkvæmdar skuli þær jarðabætur, sem styrks njóta, og sér um, að þeim sé fylgt, semur reglur um, hvernig jarðabæturnar skuli lagðar í dagsverk, lætur mæla þær, endurskoðar skýrslur trúnaðarmannanna og gerir þær upp, og sér svo um úthlutun jarðabótastyrksins fyrir hönd ríkisstj., þegar allri þessari starfsemi er lokið.

Þá er annað mál, sem heyrir undir ríkisstj. og fé er sérstaklega veitt til í fjárl., en það er sandgræðslan. Framkvæmd hennar hefir Búnaðarfél. með höndum, og ákveðið er í lögum, að sandgræðslustjóri skuli vera starfsmaður B. Í., þótt hann fái laun sín í fjárl. framhjá Búnaðarfélaginu.

Sömuleiðis hefir síðan búfjárræktarlögin voru sett framkvæmd þeirra, sem undir ríkisstj. fellur, verið falin Búnaðarfélaginu. Það semur skýrslur um styrkveitingar samkv. þeim, og það vinnur úr skýrslum um vanhöld, til undirbúnings ákvarðana um iðgjöld til búfjártryggingasjóðs. Það hefir eftirlit með fóðurbirgðafélögum og styrkgreiðslum til þeirra, og það safnar og gefur út skýrslur um nautgriparæktarfélögin.

Nú, síðan fiskiræktarlögin voru sett, hefir fiskiræktarráðunautur Búnaðarfél. haft með höndum þá starfsemi, sem fiskimálastjóra er ætluð samkv. þeim, og vinnur hann að þeim málum í samráði við ríkisstj.

Þá má einnig nefna það, að Búnaðarfél. hefir yfirumsjón með verkfærakaupasjóði og vélasjóði og bókfærslu þeirra. Þar við bætist, að Búnaðarfél. er ráðunautur ríkisstj. í öllum málum, stórum og smáum, sem landbúnaðinn varða

og stj. leitar umsagnar þess um. Það svarar öllum fyrirspurnum, veitir upplýsingar og yfirleitt alla þá hjálp, sem stj. óskar eftir.

Þetta eru þá í stórum dráttum þau störf, sem Búnaðarfél. hefir með höndum fyrir ríkisstj. og sem strangt tekið heyra ekki beinlínis undir Búnaðarfélagið.

Svo kem ég að hinni eiginlegu starfsemi Búnaðarfél., og byrja á starfi ráðunautanna, sem er aðalþáttur búnaðarfélagsstarfseminnar. Skal ég þá fyrst nefna jarðræktarráðunautinn, sem staðið hefir fyrir mælingum og öðrum undirbúningi allra meiri háttar jarðræktarframkvæmda síðustu ára. T. d. hefir hann mælt fyrir og skipulagt jarðyrkju í 36 kauptúnum og á 1000 jörðum, að mestu leyti á tímabilinu frá 1927, þeim tíma, sem Búnaðarfél. á að hafa verið óstarfhæft. Sjö af þeim kauptúnum, sem mælt hefir verið fyrir, hafa ræktað um 400 ha., sem gefa af sér ca. 500—600 kýrfóður. En alls eru lönd þau, sem ráðunauturinn hefir mælt á þessu tímabili, 32638 ha., eða nokkru stærri heldur en öll tún, sem til eru á landinu enn í dag.

Auk þess hefir jarðræktarráðunauturinn reynt að gangast fyrir stofnun ýmsra ræktunarfélaga, til þess að hrinda framkvæmdum af stað, og má segja, að sú starfsemi hafi átt mestan þátt í, að lagt hefir verið í þá ræktun, sem fram hefir farið kringum kauptún landsins undanfarin ár. Einnig hefir félagið haft með höndum stórframkvæmdir fyrir ríkisstj., en þar sem svo mikið hefir verið að gera í Búnaðarfél. á þessu sviði, hefir það orðið að taka sérstakan mann til þess, sem að vísu hefir verið greitt út ríkissjóði, en Búnaðarfél. hefir algerlega séð um þetta og staðið fyrir því.

Þá vil ég minnast á verkfæraráðunautinn, sem B. Í. hefir haft í sinni þjónustu til þess að leiðbeina bændum og búnaðarfélögum um verkfærakaup og meðferð verkfæra. Síðan 1927 hefir verið samvinna milli B. Í. og S. Í. S., sem hefir með höndum mestan hluta af sölu landbúnaðarverkfæra, þannig að þessi félög hafa skipt verkfæraráðunautnum á milli sín. Er mér óhætt að segja, að á þessu tímabili hefir verið flutt inn meira af jarðræktarverkfærum heldur en áður hafði verið flutt inn frá því Ísland byggðist. Starf ráðunautsins á þessu sviði hefir orðið okkur til ómetanlegs gagns, og fyrir hans tilstilli hefir tekizt að fá gerðar ýmsar breytingar á þessum verkfærum, sem henta betur okkar staðháttum.

Búnaðarfél. Ísl. hefir látið rannsaka og gera tilraunir með notkun nýrra verkfæra og gera samanburð á þeim og áður notuðum verkfærum, til þess að geta komizt að raun um, hvaða verkfæri henta bezt á íslenzkri jörð.

Garðyrkjuráðunauturinn starfar undir stjórn Búnaðarfél. Ísl. og annast tilraunir með matjurtarækt og kennslu í garðyrkju. Til skamms tíma hefir hann verið hér í Rvík, en er nú fluttur austur að Laugarvatni með starfsemi sína. Hefir Búnaðarfél. tryggt sér þar spildu, með bæði heitu og köldu landi, til afnota við garðyrkjutilraunir og kennslu.

Þá hefir Búnaðarfél. Ísl. haldið uppi tilraunum í fóðurrækt. Það hefir gert samanburð á ýmsum fóðurjurtum og sérstaklega haft áburðartilraunir í sambandi við fóðurræktina. Hefir félagið gefið árlega út skýrslur um niðurstöður þessara tilrauna, til þess að menn geti fært sér þær í nyt. Nú upp á síðkastið hefir þessi starfsemi að mestu leyti verið flutt til ræktunarstöðvarinnar á Sámsstöðum.

Þá vil ég aðeins minnast á Ræktunarfélag Norðurlands, sem að vísu heyrir ekki undir Búnaðarfél Íslands. En þetta félag starfar ásamt Búnaðarfél. Ísl. jöfnum höndum að ýmsum tilraunum og hefir undir stjórn þess manns, sem nú er framkvæmdarstjóri ræktunartilrauna þess, gert margar og merkar tilraunir á sviði jarðyrkjumála, sem bændum hefir orðið og mun verða að miklu liði. Það er einn liður í styrktarstarfsemi Búnaðarfél. Ísl., að það hefir veitt þessu félagi nokkurn styrk árlega af því fé, sem B. Í. hefir haft með höndum. Það er rétt hjá hv. 9. landsk., að af síðasta búnaðarþingi var þessu félagi veittur 4 þús. kr. styrkur til fjósbyggingar á landi ræktunarstöðvar þess á Akureyri. Var það gert vegna þess, að félagið hafði stórt bú, sem var vaxandi, en ónóg húsakynni, og til þess að gefa Ræktunarfél. aðstöðu til þess að halda áfram ræktunartilraunum sínum, sem það þurfti m. a. húsadýraáburð til.

Um olnbogabarnið Sámsstaði er það að segja, að sá mikli munur er á starfsemi þar og í Ræktunarfél. Norðurlands, að á Sámsstöðum rekur félagið ekkert bú ennþá. Það getur vel verið, og mér þykir það sennilegt, að brátt verði að því snúizt, að samhliða ræktunarstöðinni á Sámsstöðum verði komið upp nautgripabúi, og þegar sú ákvörðun verður tekin, þá munu Sámsstaðir ekki verða látnir sitja á hakanum um fjárveitingar á þessu sviði fremur en öðrum sviðum. En á meðan á öðrum stað var til bú í sambandi við ræktunartilraunir til leiðbeiningar í jarðrækt, og þar voru kýr, sem vantaði fjós yfir, en hinsvegar ekki á Sámsstöðum, þá áleit búnaðarþingið réttara að styrkja þetta bú Ræktunarfél. til fjósbyggingar heldur en að fara að byggja fjós á Sámsstöðum, til þess að láta það standa tómt.

Þá ætla ég að minnast á ræktunarstöðina á Sámsstöðum. Af öllum framkvæmdum Búnaðarfél. Ísl. frá 1927 munu ræktunartilraunirnar þar vera eitthvað hið merkasta. Þó að öll sú kritik, sem beint hefir verið gagnvart Búnaðarfél., væri á rökum reist — sem ég álít alls ekki að sé —, þá væri Búnaðarfél. þó búið að vinna merkilegt starf og þarft, þar sem er þessi tilraunastarfsemi. Þetta hygg ég, að mundi vera dómur þjóðarinnar. Árið 1927 voru Sámsstaðir teknir til notkunar af Búnaðarfél. Ísl. í þeim tilgangi að koma þar upp innlendri fræræktarstöð, vegna þess að það þótti líklegt, að fræ, sem ræktað væri hér á landi, yrði harðgerðara og betra til að nota hér heldur en fræ frá suðlægari löndum. En á meðan verið var að eyða úr tilraunasvæðunum öllum innlendum gróðri, (áður en hægt væri að nota landið til fræræktartilrauna) var landið notað til kornræktartilrauna. Þessar tilraunir, sem haldið hefir verið þarna uppi síðan 1927, hafa sýnt, að hér

má fá fullræktaða hafra, og bygg sömuleiðis, og að þessum korntegundum er eins vel líft hér og í nágrannalöndum okkar. Tilraunir hafa einnig verið gerðar með að rækta rúg og hveiti, sem ekki hafa borið eins glæsilegan árangur, en standa þó vafalaust til bóta.

Nú hafa verið stofnuð tvö myndarleg kornræktarfélög, annað undir Eyjafjöllum og hitt í Borgarfirði, og kornrækt er nú stunduð á nokkuð á annað hundrað stöðum á landinu, og uppskera af kornræktinni virðist, a. m. k. af sumum tegundum, tiltölulega eins mikil hér og í nágrannalöndum okkar og kornið alveg eins gott.

Á Sámsstöðum er búið að brjóta um 30 ha. lands og byggja kornhlöðu og myndarlegt íbúðarhús. Og eftir því, hvernig Búnaðarfél. hefir búið að þessari stöð sinni á Sámsstöðum, geta menn getið sér til, hvort Búnaðarfél. sé líklegt til að svelta þessa tilraunastöð sína á þann hátt að veita henni ekki fé, t. d. til fjósbygginga, ef slíkrar byggingar yrði þörf, m. ö. o., þegar félagið sér sér fært að koma upp búi í sambandi við stöðina. Þarna á Sámsstöðum hafa verið gerðar margvíslegar samanburðartilraunir með áburð í sambandi við fóðurrækt o. fl. o. fl.

Þá sný ég mér að starfsemi Búnaðarfél. Ísl. viðkomandi búfjárræktinni. Félagið hefir slegið saman leiðbeiningastarfsemi sinni um nautgriparækt og sauðfjárrækt, þannig, að sami ráðunautur hefir haft á hendi fræðslustarfsemi í hvorutveggja, sem er innifalin í því, að þessi ráðunautur hefir fyrir B. Í. annazt um að halda sýningar á nautgripum og sauðfé, þannig, að landinu hefir verið skipt í 5 svæði, til að halda sýningar á nautgripum á einu af þessum svæðum á ári, og þannig alstaðar á landinu á 5 árum. En viðvíkjandi sýningum á sauðfé hefir landinu verið skipt í 4 svæði á sama hátt. Sömuleiðis annast þessi ráðunautur skýrslugerð og leiðbeinir landsmönnum á margvíslegan hátt um mjög margt, sem tilheyrir þessum greinum búfjárræktarinnar.

Eins og hv. þm. er kunnugt, er ungur maður og mjög efnilegur nú að nema sauðfjárræktarfræði úti í Skotlandi, og hefir Búnaðarfél. Ísl. styrkt hann. Þegar hann hefir lokið námi, þá er ætlunin að hafa sauðfjárræktarráðunautinn einn og nautgriparæktarráðunautinn annan.

Þá er að minnast á hrossaræktarráðunautinn. Í tilefni af spurningu hæstv. ráðh. skal ég taka það fram, að sá maður hefir unnið skrifstofustörf sín sem ráðunautur heima hjá sér, en í hvert skipti, sem stj. Búnaðarfél. óskar og þegar hann þarf eitthvað við búnaðarfélagsstj. að tala, hefir hann komið á fundi félagsstj. niðri í búnaðarfélagshúsi.

Starf hans á sínu sviði hefir verið eins og störf hinna ráðunautanna. Hann hefir haldið hrossasýningar árlega, eina til tvær í hverri sýslu, og einnig afkvæmasýningar, þar sem sýnd hafa verið afkvæmi þeirra fola, sem notaðir hafa verið á vissum stöðum. Miðar starfsemi þessa ráðunauts að því að bæta hrossakynið og hjálpa bændum til að fá sem nothæfasta hesta. Sömuleiðis annast hann skýrslugerð fyrir hrossaræktarfélögin og úthlutar styrkjum til þeirra samkv. búfjárræktarlögunum. Á undanförnum árum hefir hann unnið að samningu rits um hesta og hestarækt, sem félagið hefir gefið út fyrir 3 árum, sem notað er sem kennslubók við skóla, og einnig er hentugt að öðru leyti til almennra nota sem fræðandi rit um þessa grein búskaparins. Þessi ráðunautur hefir einnig með höndum eftirlit með fóðurbirgðafélögum, stofnun þeirra og starfrækslu, vinnur úr vanhaldaskýrslum og er auk þessa gjaldkeri félagsins. Af þessu sést, að þessi maður, sem ég hefi heyrt álasað fyrir, hve lítið hann hefði að gera, hefir fleiri störfum að sinna heldur en hrossaræktarstarfseminni einni.

Þá eru fóðrunartilraunirnar. Félagið hefir ráðunaut á því sviði sem öðrum, og það er Þórir Guðmundsson, kennari á Hvanneyri. Hann hefir staðið fyrir fóðrunartilraunum á kúm undanfarin ár, og gefur hann skýrslur um þessar tilraunir, þar sem bændum veitist kostur á að fá upplýsingar um margt nytsamt í þeirri grein.

Félagið hefir ennfremur fiskiræktarráðunaut, sem gefur bændum upplýsingar um klakhúsabyggingar, seiðaflutning og annað, sem að veiðimálastarfsemi lýtur. Félagið hefir einnig með höndum styrktarstarfsemi í þessu efni.

Þá hefir Búnaðarfél. haft ráðunaut um rafvirkjanir, sem ferðaðist til þess að leiðbeina bændum um rafvirkjanir. Að þessu starfaði hann fyrir félagið í 2 ár, og var hann mikið notaður.

Loðdýraræktarráðunaut hefir félagið haft síðasta árið. Nú er þessi atvinnurekstur að færast í vöxt hér og trú á því að aukast, að hann geti orðið okkur Íslendingum að liði. Á þessu sviði eins og öllum öðrum sviðum, sem við höfum ekki starfað á, erum við auðvitað fákunnandi. Þess vegna var nú til þessa ráðunautsstarfs stofnað, og ber þessum ráðunaut að gefa allar upplýsingar á þessu sviði, sem óskað er, eins og hinum ráðunautunum á öðrum sviðum. Um stofnun þessa ráðunautsstarfs kom áskorun frá bændum víðsvegar að á sínum tíma.

Þá er það um bókaútgáfu félagsins að segja, að það gefur út Búnaðarritið, sem er mikil bók, er fjöldi manna les, og menn eiga kost á að fá æfilangt með því að borga 10 kr. í eitt skipti fyrir öll. Auk þessa gaf félagið út:

„Efnafræði" 1927, eftir Þóri Guðmundsson,
„Fóðurfræði" 1929, eftir Halldór Vilhjálmsson,
„Líffærafræði" 1930, eftir Þóri Guðmundss. og
„Hesta" 1931, eftir Theódór Arnbjarnarson.

Allar þessar bækur eru mjög merkar, hver á sínu sviði, og eru þær notaðar jöfnum höndum sem kennslubækur í búnaðarskólum og til lestrar af almenningi þar fyrir utan. Þessar bækur eru samtals 85 arkir. Í tveim þeim síðasttöldu eru á fjórða hundrað myndir.

Auk þessa gefur félagið út skýrslur, sem gefa upplýsingar um tilraunastarfsemi félagsins á öllum sviðum, sem komið hafa út í 11 heftum, um 40 arkir.

Félagið hefir haldið uppi fyrirlestrafræðslu um langt skeið, bæði á búnaðarnámskeiðum, sem haldin hafa verið víðsvegar um landið um mörg undanfarin ár, og einnig með fyrirlestr-

um í gegnum útvarp. Það hefir komið til orða að færa þessa fyrirlestrafræðslu í það horf, að veita bændum hana meira gegnum útvarpið en verið hefir. En það er óráðið, og þykir jafnvel margt mæla með því, að bændur fái fyllri og haldbetri fræðslu með búnaðarnámskeiðum heldur en í fyrirlestrum gegnum útvarpið, þó að þeim fyrirlestrum verði sennilega alltaf haldið áfram meðfram námskeiðunum.

Félagið hefir haldið uppi eftirlits- og trúnaðarmannanámskeiðum fyrir trúnaðarmenn búnaðarfélaga um að mæla jarðabætur og fyrir þá, sem ætla að vera eftirlitsmenn fóðurbirgðafélaga. Þessi námskeið hefir sótt fjöldi manna. Auk þess hefir félagið haft námskeið til að kenna mönnum að fara með dráttarvélar, og full þörf er á fræðslu á þessu sviði.

Félagið hefir einnig haldið uppi garðyrkjukennslu og garðyrkjunámskeiðum, styrkt garðyrkjustöðina hér í Rvík og ýmsa, sem álitnir hafa verið til þess færir að hafa fræðslustarf í garðrækt með höndum. Félagið hefir og veitt nokkurn styrk til stofnunar og rekstrar nýju skólabúi, sem stofnað hefir verið á Hriflu í Þingeyjarsýslu. Auk þess hefir það veitt kvenfélagasamböndum marga styrki til matreiðslunámskeiða, garðyrkjukennslu o. fl. o. fl.

Þá vil ég minnast á einn af helztu liðunum í starfsemi Búnaðarfél. Ísl., þó að hann heyri ekki beint undir stjórn B. Í., sem er starfsemi búnaðarsambandanna. Landinu er öllu skipt niður í búnaðarsambönd, þar sem félög innan einstakra hreppa taka höndum saman um framkvæmdir sinna mála. Samböndin vinna að allskonar jarðræktar- og landbúnaðarmálum hvert í sínum landshluta, og til þeirra rennur allmikill hluti af því fé, sem Búnaðarfél. Ísl. fær frá Alþ. Auk þess venjulega árlega styrks, sem samböndin njóta, var af síðasta búnaðarþingi veittur sérstakur aukastyrkur til þessara sambanda til þess að gera tilraunir um ýmsar nýjungar í búnaði. Þessi styrkur hefir mikið verið notaður, til aukinnar garðyrkju, alifuglaræktar, loðdýraræktar, heimilisiðnaðar o. fl. o. fl.

Á fjárhagsáætlun Búnaðarfél. Ísl. er ákveðið að veita fé til þess að hafa héraðsráðunauta innan búnaðarsambandanna. Nú þegar eru þeir í tveim búnaðarsamböndum, hér á Suðurlandi og í búnaðarsambandi Eyfirðinga. Og eftir því sem þeim mönnum fjölgar, sem hafa mikla þekkingu á landbúnaðarmálum, verður þeim dreift fleirum út um landið. Styrki til náms erlendis hefir félagið alltaf veitt nokkra í þágu landbúnaðarins, en þó meiri nú en nokkru sinni áður til að ala upp unga menn til starfsemi fyrir landbúnaðinn.

Búnaðarfél. Ísl. hefir haft mjög mikið með höndum undirbúning mestallrar þeirrar löggjafar, sem sett hefir verið til hagsbóta fyrir bændur um landbúnaðarmál. T. d. eru jarðræktarl., búfjárræktarl. o. fl. runnin undan rifjum félagsins.

Síðan árið 1927 hefir, vegna starfsemi Búnaðarfél. Ísl., allskonar búfjárræktarfélögum stórfjölgað. Meginhlutinn af mælingum jarðyrkjuráðunauts hefir fram farið á þeim tíma. Starfsemi félagsins á Sámsstöðum hefir öll myndazt á því tímabili. Öll bókaútgáfa félagsins hefir verið hafin á þeim tíma, og öll skipulagning B. Í. á ræktunarmálum kaupstaða tilheyrir þessu tímabili. Meginhluti af starfsemi verkfæraráðunautsins fellur og á það tímabil. Ennfremur má benda á það, að notkun tilbúins áburðar og sáðrækt hefir aukizt ákaflega mikið á þessu tímabili, sem að miklu leyti er að þakka tilraunastarfsemi Búnaðarfél. Ísl. og leiðbeiningum.

Ég vil nú segja, að þótt þessi skýrsla mín um störf Búnaðarfél. Ísl. sé ófullkomin, þá gefi hún þó nokkra hugmynd um hina margbreyttu og mikilfenglegu starfsemi félagsins. Margt hefir verið fundið að Búnaðarfél. Ísl. og sagt, að það hafi stigið mörg víxlspor. En ég vil nú spyrja hv. hlustendur að því, hvaða félagsskapur til sé í landinu, sem ekki hafi stigið fleiri og færri víxlspor. Hvaða einstaklingur í landinu hefir ekki gert meiri og minni vitleysur í sínum atvinnurekstri á undanförnum 5—10 árum? Þegar framfarir og framkvæmdir eru svo stórstígar eins og á því tímabili hefir verið, svo að það nálgast byltingu, þá er ýmislegt gert, bæði af hinu opinbera og einstaklingum, sem við nána athugun eftir á sést, að hefði mátt öðruvísi betur fara.

Ég þykist nú hafa gefið hv. þm. nokkra skýrslu um það, til hvers hefir verið varið því mikla fé, sem Búnaðarfél. Ísl. hefir fengið sem framlag frá ríkinu, og sem fjöldi hv. þm. virðist ekkert hafa vitað um, hvað verður af.

Þá ætla ég að minnast á brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 582 frá meiri hl. fjvn. Fyrri hl. brtt. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er falið að undirbúa tillögur um framtíðarskipulag félagsins og um yfirstjórn búnaðarmála og leggja þær fyrir næsta Alþingi. Þar til sú framtíðarskipun er gerð, getur ríkisstjórnin gert það að skilyrði fyrir greiðslu á styrk til félagsins, að fjárhagsáætlun þess sé samþ. af landbúnaðarráðherra, svo og ráðning búnaðarmálastjóra, er ekki sé nema einn".

Nú vil ég taka það fram í þessu sambandi, að það er alveg rétt orðað hér í till., að gera till. um framtíðarskipulag Búnaðarfél. Ísl., því að vitanlega getur Alþ. ekki gert annað en till., sem búnaðarþingið verður að ákveða, hvort það gengur að eða ekki. Ríkisvaldið getur ekki sagt annað en þetta: „Þið verðið að ganga að þessu, eða við sviptum ykkur þeim fríðindum, sem þið hafið notið frá ríkinu". Búnaðarfél. verður svo að velja um, hvorn kostinn það heldur tekur.

Ég skal líka taka það fram, að mér finnst ekkert óeðlilegt, þó að ríkið vilji fylgjast með skipulagi Búnaðarfél. Ísl., enda hefir Alþ. sýnt það mjög greinilega, að það vill hafa hönd í bagga um stjórn þess, þar sem í jarðræktarl. var sett ákvæði um það, að Alþ. eða landbn. þess skyldu tilnefna tvo menn af þremur í stj. félagsins. Þar er ennfremur sett það skilyrði fyrir styrkveitingum samkv. þeim l., að styrkþegi sé í búnaðarfélagi. Ég veit, að það vakir fyrir ýmsum hv. þm. að gera breytingar á skipu-

lagi Búnaðarfél., og þær jafnvel meiri en hér er farið fram á. Undanfarið hefir þeim röddum sífellt farið fjölgandi, sem vilja taka af félaginu allt administrativt starf, og leggja það undir deild í stjórnarráðinu, og gera það að privatfélagi, sem ríkið skipti sér ekkert af. Þessir menn líta svo á, að búnaðarmálastjórnin sé svo bezt komin, að hún standi beint undir stj., t. d. eins og vegamálastjórnin, og ráðunautsstarfsemin færist líka yfir á hendur ríkisins. Þessar raddir hafa oft heyrzt, bæði utan þings og innan. Og nú verður Alþ. úr því að skera, hvort Búnaðarfél. á að verða áfram samskonar stofnun og hingað til, eða hvort á að gerbreyta skipulagi þess. Ég vil lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég er sannfærður um, að það skipulag, sem Búnaðarfél. Ísl. hefir sjálft klætt sig í með áratugalangri frjálsri þróun, sé næst því fullkomna skipulagi, sem komizt verður, eftir því sem nú er háttað málum. Ég býst við, að þetta fyrirkomulag sé hvergi viðhaft nema hér á landi. Í nágrannalöndunum er það víss skrifstofa í stjórnarráði undir viðkomandi ráðh., sem hefir stjórn þessara mála með höndum. Hér er það svo, að með ákvæðum jarðræktarl. er í raun og veru hver bóndi skyldur til þess að vera í búnaðarfélagi. Þar með er lagður traustur grundvöllur undir búnaðarfélagsskapinn í landinu. Þessi félög mynda svo með sér héraðssambönd til þess að stuðla að framgangi sameiginlegra áhugamála innan sambandssvæðisins, aukinni jarðrækt og ýmsri annari umbótastarfsemi. Sérstaklega á sviði jarðræktarinnar hafa þessi sambönd staðið fyrir stórstígum framförum. Sambönd þessi kjósa svo fulltrúa á búnaðarþing. Þetta fyrirkomulag er mjög líkt því, sem Samband íslenzkra samvinnufélaga er byggt upp með, og hefir það gefizt vel. Og ég er í engum vafa um það, að svona á það að vera í Búnaðarfél. Ísl. áfram. Hin einstöku félög kjósa fulltrúa á sambandsþing, sambandsþing kýs fulltrúa á búnaðarþing, og búnaðarþing kýs svo stjórn Búnaðarfél., sem ræður búnaðarmálastjóra, og hann svo aðra starfsmenn félagsins. Þetta kerfi er brotið í toppinum með ákvæði jarðræktarl. um skipun Alþ. á tveim af stjórnarmeðlimum félagsins. Með þessu móti er fyrirkomulagið ekki fullkomið, en væri það byggt heilsteypt upp að neðan og til toppsins, þá er þar að mínu áliti fengið það bezta fyrirkomulag á stjórn búnaðarmálanna hér á landi, sem fáanlegt er.

Ég veit, að það getur vitanlega staðizt að leggja þessi mál undir deild í stjórnarráðinu, og skipulegga þau ofan frá. En ég er ekki í neinum vafa um það, að sá búnaðarmálastjóri, sem kosinn er eftir hinu fyrirkomulaginu, geti verið eins vel fær um að gegna hinni administrativu hlið eins og sá, sem þannig væri skipaður af ráðh. Og á því er enginn vafi, að með núv. fyrirkomulagi fæst miklu betri og fullkomnari tengiliður milli bændanna í landinu og yfirstjórnar búnaðarmálanna. Og mér finnst svo mikill munur á þessu, hvort skipulagið er látið vaxa eðlilega upp að neðan, eða að það sé allt fyrirskipað ofan frá, að ég vildi líkja því við tré, þar sem annað stæði í lifandi sambandi við frjómoldina með sterkum, marggreindum rótum, og yxi neðan frá, eins og allur eðlilegur gróður, en hitt væri upphöggið og fest niður í malbikaða borgargötu, fyrirfram dæmt til fúa og dauða. En þetta er einmitt einkenni bureaukratismans. Þar þróast fúi og skemmdir og fleira slíkt, sem andstætt er öllu gróandi lífi. — Ég segi þetta til þess að það komi skýrt fram, hvernig ég álít, að Búnaðarfél. Ísl. eigi að vera byggt upp. En auðvitað er það Alþ. að skera úr því, hvert skipulag verður haft á búnaðarmálunum eftirleiðis. Ég væri því meðmæltur, að stj. væri falið að koma með þessi mál undirbúin fyrir næsta þing. Ég treysti stj. til þess að hafa nána samvinnu við Búnaðarfél. Ísl., ekki síst þar sem búnaðarþingið kemur saman eftir áramótin, áður en næsta Alþ. kemur saman, og gerði vafalaust till. um framtíðarskipulagið, ef það óskaði að breyta því.

Þá kem ég að seinni lið till., sem hljóðar svo:

„Þar til sú framtíðarskipun er gerð, getur ríkisstj. gert það að skilyrði fyrir greiðslu á styrk til félagsins, að fjárhagsáætlun þess sé samþ. af landbúnaðarráðh., svo og ráðning búnaðarmálastjóra, sem ekki sé nema einn".

Hvað þessu viðvíkur, þá er krafan um, að landbúnaðarráðh. samþ. fjárhagsáætlun félagsins, ekki ný. Þetta hefir verið regla undanfarið, og er ekki nema sjálfsagt. Hitt er aftur nýtt, að ráðh. skuli þurfa að samþ. kosningu búnaðarmálastjóra. Þetta ákvæði finnst mér aðeins geta komið til greina sem bráðabirgðaákvæði. Um það hefir verið talað, að verði þetta ákvæði samþ., sé Búnaðarfél. búið að glata sjálfstæði sínu. En mér finnst lítið fyrir af frelsi búnaðarþings í þessum efnum, þegar það má aðeins kjósa einn af þremur stjórnendum félagsins. Þar er sannarlega ekki miklu fyrir að fara. Ég held því, að sjálfstæði Búnaðarfél. geri hvorki að aukast eða minnka, hvernig sem fer með þessa till. Hitt er vitanlegt, að tilætlunin með þessu ákvæði jarðræktarl. hefir verið sú, að aðalflokkar þingsins ætla sér að fá íhlutunarvald um þá tvo stjórnarmeðlimi félagsins, sem landbúnaðarn. Alþ. tilnefna. Það hefir verið svo, að tveir stærstu flokkar þingsins hafa átt þarna fulltrúa. Nú hefir farið svo, að báðir fulltrúarnir, sem Alþ. kýs, eru úr andstöðuflokkum stj. Það er því eðlilegt, fyrst búið er á annað borð að setja pólitík í þessi mál, að sá þingmeirihluti, sem styður núv. stj., vilji hafa nokkur afskipti af þessum málum líka. Ég hefi alltaf verið hræddur um það, að þetta ákvæði, að Alþ. kysi menn í stj. Búnaðarfél., yrði að ásteytingarsteini, og að því virðist nú komið. Með því eru ráðstafanir gerðar til þess að gera stj. fél. pólitíska, því að bersýnilegt er, að ef tveir af stjórnendunum eru fulltrúar pólitískra flokka, getur sá þriðji ekki haldið sér frá því að vera dreginn í pólitíska dilk, og þar með fengi meiri hl. stj. á sig ákveðinn pólitískan blæ. Þó að reynt hafi verið til hins ýtrasta að halda félaginu ópólitísku, hefir þetta ákvæði jarðræktarl. legið eins og vakandi neisti, sem nú hefir kviknað út frá. En ég hefi þá trú á

ábyrgðartilfinningu þeirra pólitisku flokka, sem hér eiga hlut að máli, að þeir muni stuðla að því að halda Búnaðarfél. Ísl. utan við flokkadeilurnar, og velji hæfa menn til stjórnar þessum málum, meðan á þessu millibilsástandi stendur, — ég lít svo á, að hér sé aðeins um bráðabirgðafyrirkomulag að ræða. Búnaðarfél. verður í framtíðinni að fá að kjósa sína eigin valdstjórn. Það mun nú komið svo, að allir aðilar eru að verða óánægðir með núv. fyrirkomulag á yfirstjórn B. Í. — og það hefir máske verið nauðsynlegt, að svo færi, til þess að fá samkomulag um að breyta því. Meiri hl. Alþ. hyggst að ná sínum pólitíska rétti með þessari till., og mun sumum þar finnast skemmra farið en skyldi. Öðrum stjórnmálaflokkum finnst vafalaust, að vald sitt sé skert um of með henni. Þannig er B. Í. nú að verða leiksoppur stjórnmálaflokkanna, og að þessu hlaut að koma fyrr eða síðar með þessu fyrirkomulagi, og verður það vonandi til þess, að því verði breytt í viðunandi form, og að allir flokkar sameinist nú um að draga félagið út úr flokkadeilunni.

Frá hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. landsk. hafa komið fram svipaðar brtt. þeim, er ég nú hefi rætt, en þó ekki eins, og felli ég mig að vísu betur við till. hv. þm. V.-Húnv., ef hér ætti að vera um framtíðarskipulag að ræða. En þar sem ég, eins og ég hefi tekið fram, álít þetta aðeins bráðabirgðafyrirkomulag — sáttatilraun — í þeim tilgangi, að B.fél. Ísl. og hæstv. landbúnaðarráðh. tali saman um hlutina og leitist við að ráða þeim til lykta með samkomulagi, en ekki átökum, þá mun ég greiða atkv. með till. á þskj. 582. Og þó að segja megi, að B.fél. Ísl. fái nokkurn hluta af því valdi, sem því ber, með því að það sé látið fá vald yfir ráðningu búnaðarmálastjóra í þetta skipti, þá eru þær réttarbætur hvorki heilar né hálfar, en til þess eins fallnar að stinga því svefnþorn um sínar sjálfsögðu kröfur, að það fái fullkomið vald yfir allri sinni stjórn, sem ég ætíð hefi fylgt og mun fylgja á meðan ég á sæti hér á Alþingi.

**Gísli Sveinsson** (óyfirl.): Ég hefði haft nokkra löngun til þess að fara fleiri orðum um fjárlagafrv. og brtt. ýmsar en tími er nú til, og mun ég því halda mér við það eitt, að skýra frá tveim brtt., sem ég flyt á þskj. 602. Í brtt. nr. XXI er farið fram á, að upphæð sú, sem ætluð er til sandgræðslu, hækki um 12000 kr., vegna sandgræðslu og landvarnar í Meðallandi. Fjárveiting til landvarnar á þessum slóðum er mjög aðkallandi. Málið er svo vaxið, að nokkurri sandgræðslu hefir verið haldið þarna uppi, og eru mörg ár síðan á henni var byrjað. Þetta starf hefir komið að þó nokkru gagni við uppgræðslu sanda í Meðallandi vestan Eldvatns. En svo illa hefir tekizt til, að áveita sú, sem átti að gera sandana að gróðurlendi, hefir í stað þess ráðizt á graslendi, og liggur þar við miklum skemmdum, verði ekki gripið til landvarna. Loks fékkst maður frá Búnaðarfél. til þess að fara austur og athuga þetta. Hann hefir svo gefið skýrslu um málið, sem fjvn. hefir haft með höndum. En líklega hefir hún lent þar á kaf í skjalabunkana, og aldrei verið lesin, þar til ég dró hana þaðan út. Ég reifaði svo málið fyrir hv. nefndarmönnum, og vona, að eitthvað af orðum mínum og útskýringum hafi setið eftir í eyrum þeirra. — Þetta mun vera eina sveitin á landinu, sem uppfyllir kröfur núv. stjórnarflokka því viðvíkjandi, að allar jarðir skuli vera ríkisins eign. Svo að þarna er spurningin sú, hvort stj. vill verja þessa ríkiseign ágangi. Ég skal geta þess, að hæstv. landbúnaðarráðh. hefir nú lesið þau gögn, sem ég hefi fram að leggja í þessu máli, og hefir hann látið sá skoðun í ljós, að hver ráðh. sem verið hefði mundi hafa sinnt þessum beiðnum, jafnvel án þess að sérstaklega væri gert ráð fyrir því í fjárl., því að hér væri bersýnilega um neyðarlandvörn fyrir ríkisjarðir að ræða. — Í skýrslu þeirri, sem ég áður nefndi, er bent á þrjár leiðir til lagfæringar á þessu, og eru þær misjafnlega dýrar og líka misjafnlega örugg-ar. Við hæstv. ráðh. erum sammála um það, að ekki sé hægt að fara dýrustu leiðina, og ekki heldur þá ódýrustu, þar sem hún sé ótryggust. Okkur hefir litizt bezt á meðalveginn, og gerum ráð fyrir, að sandgræðslunni verði haldið við, en jafnframt séð til þess, að graslendið spillist ekki. Kostnaður við þetta hefir verið áætlaður 12000 kr., og hefi ég tekið þá upphæð til í brtt. minni. — Ég vil bæta því við, að ég mun taka þessa brtt. mína aftur til 3. umr., í þeirri von, að hæstv. landbúnaðarráðh. taki málið upp með mér, en bið hæstv. forseta að minnast þess, að till. er geymd, en ekki gleymd.

Í síðari brtt. minni, nr. XXVII, er farið fram á að kaupa þrjár jarðir í Mýrdal, — Keldudal, Álftagróf og Holt. Mönnum kann að virðast það undarlegt, að ég beri fram slíka till., enda hefir það sínar ákveðnu orsakir. Ég geri þetta ekki í því skyni að hjálpa hæstv. stj. til þess að framkvæma stefnuskrá sína, heldur af öðrum, knýjandi ástæðum.

Vegamálastjóri hefir í umboði ríkisstj. látið gera fyrirhleðslu þannig, að Hafursá er veitt vestur í Klifanda. Það hefir verið byggð voldug brú yfir þetta vatnsfall, sem er hinn mesti skaðræðisgripur og hefir gert afarmikið tjón. En við þessa breytingu hafa 3 jarðir orðið fyrir áníðslu, og er afleiðingin sú, að þeir menn, sem eiga jarðirnar, sjá sér ekki fært að halda þeim. Það er því eðlilegt að stemma á að ósi, með því að ríkisstj. taki jarðirnar, þó að þær leggist kannske í auðn. Það verður að teljast skylda ríkisins að taka jarðirnar, þegar svona er gengið á þær, því það er ekki heppilegra að meta skemmdirnar jafnóðum, og ríkið bæti þær þannig. Einn ábúandinn ætlaði sér að reisa hús á jörð sinni, en varð að hætta við það, af því að hann treystist ekki til þess að byggja á eigin spýtur, þar sem jörðin liggur undir skemmdum. Það er því farið fram á, að ríkisstj. sé heimilað að kaupa þessar jarðir. Þær eru metnar samtals á um 10 þús. kr., og sjá menn því, að hér er ekki um meira að ræða en eitt jarðarverð, þegar um sæmilegar jarðir er að ræða. Þó munu dæmin vera fleiri, að jarðir ganga kaupum og sölum fyrir hærra

verð. Hér er ekki í mikið ráðizt, og vænti ég því, að þessari till. verði vel tekið. Hæstv. landbrh. á hér hlut að máli, og tel ég honum skylt að gæta hagsmuna þeirra, sem þetta snertir. — Ég mun svo láta þessi orð fylgja till. og taka hana aftur til 3. umr. Það er nú orðið svo áliðið tímans, að hlé mun verða gefið, og sé ég mér því ekki fært að fara út í fleira að sinni, og mun ég þá láta staðar numið að svo stöddu.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** (óyfirl.): Í nál. hv. meiri hl. fjvn. segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um rafmagnseftirlit ríkisins: „Nefndin hefir orðið vör við, að töluverð óánægja er með framkvæmdina á rafmagnseftirliti ríkisins, reynist það dýrt neytendum, og virðist ekki svara þeim tilgangi, sem fyrir vakti með löggjöfinni um þetta efni. Alveg sérstök óánægja er með eftirlitsmann þann, er mælt var með af forstöðumanni þessarar stofnunar til að hafa eftirlit með byggingu rafstöðvanna á Blönduósi og Sauðárkróki. Má eftir þeim gögnum, sem liggja fyrir fjvn., jafnvel búast við málshöfðun frá rafveitustjórn Sauðárkróks-hrepps út af framkomu eftirlitsmannsins þar".

Þetta er fært hér í nál. sem grg. fyrir þeirri till. hv. meiri hl. á þskj. 508, tölul. 78, að liðurinn til rafmagnseftirlits ríkisins verði felldur niður. Nú þykir mér rétt, af því ég hefi ekki heyrt neitt nánar rökstudda þessa till. en hér hefir fram komið, og með því að sveigt er að tilteknum manni án þess að nokkuð hafi komið frá honum sjálfum, þá þykir mér rétt, að hér komi einnig fram álit hans í þessu máli, ekki síst þar sem nál. segir, að yfir vofi málssókn frá Sauðárkróks-hreppi. Ég hefi nú ekki heyrt það fyrr, og mér er ekki kunnugt um, að neitt í þá átt liggi fyrir ráðuneytinu. En það, sem er víst meint hjá hv. fjvn. með þessu, er, að þegar vatninu var hleypt í pípurnar á Sauðárkróki, þá reyndust þær of veikar og sprungu. Í skýrslu Jakobs Gíslasonar, sem er fyrir ríkisstj. við rafmagnseftirlitið, segir svo:

„Það er enginn ágreiningur um það, að E. Ellingsen var ekki kvaddur til að leggja dóm á verkið áður en farið var að prófa það, að hann var ekki kvaddur til að vera viðstaddur, þegar vatninu var hleypt í pípurnar, og ekki heldur tilkvaddur, þótt það kæmi í ljós, að pípurnar þoldu ekki vatnsþrýstinginn. — Það virðist heldur ekkert ágreiningsmál, að enginn hafði fengið neitt leyfi eða samþykki E. Ellingsens til að hleypa vatni á pípurnar".

Í skýrslu frá Ellingsen sjálfum um sama atriði, segir svo: „Til eftirlits með byggingu pípna, stöðvarhúss etc. var ég aldrei kvaddur. Þó reiknaði ég skv. ósk Runólfs Runólfssonar í 1. eða 2. ferð minni út *nauðsynleg járn* á trépípuna (10 stk. 12 m/m j. á metralengd neðst (vatnsþr. 50 m.) og tilsvarandi ofar) og tilkynnti ég R. Runólfssyni og Stefáni Runólfssyni niðurstöður mínar þá þegar og ráðlagði þeim að bæta við 2 járnum milli hverra 2ja járna, sem þá voru komin á pípurnar með 25 cm. millibili á neðsta partinum, þannig að bilið milli járnanna hefði þá orðið 8 cm. Hvernig framkvæmd þessa verks varð, veit ég ekki, því jafnvel í síðustu ferð minni til Skr. var viðbótarjárnið ekki komið, en sagt á leiðinni. Kom því aldrei til minna kasta að líta eftir þessu".

Þetta er í skemmstu máli sagt af hálfu rafmagnseftirlitsins. Og er því bert af skjölum málsins, að ráðleggingum Ellingsens var ekki fylgt. Að vísu voru pantaðar gjarðirnar frá landssmiðjunni, en látið þar við sitja. Hreppsn. Sauðárkr.hr. hefir því sett vatnið í pípurnar vitandi vits, að gjarðirnar voru of gisnar. (JS: Er það samhlj. áliti hreppsnefndarinnar?) Ég hefi leitað í plöggum þeim, er fyrir liggja, og hefi ekkert fundið, er sýni það út af fyrir sig, en ég þori ekkert að fullyrða um álit hreppsn. í þessu, en ef þm. veit betur, getur hann að sjálfsögðu skýrt það. Ég vil bara láta koma fram álit þess manns, sem deilt hefir verið sérstaklega á, og tel það sjálfsagt, úr því vittar eru gerðir hans. Ég get tekið undir með hv. frsm. meiri hl. fjvn., að sjálfsagt sé að athuga, hvort ekki er tiltækilegt að steypa saman í eitt rafmagnseftirlitinu, eftirliti með símanum, vélum, skipum, mæli og vogartækjum o. fl. Út af fyrir sig er ég ekki móti till. fjvn. hvað sameininguna snertir, en taldi rétt, að málsvörn aðila kæmi fram, svo ekki væri of einhliða litið á, hvernig þessu máli er háttað.

Ég held, að það séu ekki fleiri atriði í brtt., sem ég vil tala um, en get tekið undir margt af því, sem frsm. meiri hl. hafa sagt. Að því er snertir ummæli hv. 1. þm. Skagf. um brtt. á þskj. 543, að lækka framlag til atvinnubóta, get ég látið nægja að vísa til útvarpsumræðna við 1. umr. fjárl. Læt ég svo þetta nægja, og mun ekki lengja umr. að sinni.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** (óyfirl.): Hv. þm. Mýr. hefir gefið nokkra skýringu um Bf. Ísl. og rætt um till. þær, sem fram hafa komið, bæði í fjárl. og brtt. Það er í alla staði eðlilegt, að hv. þm. Mýr. sjái ástæðu til að gefa nokkra skýrslu um Bf. Ísl., starf þess og skipulag. En þessi skýrsla var byggð á því, að ég hefði látið þau ummæli falla í umr. um daginn, að Bfél. væri óstarfhæft. Þetta er ekki allskostar rétt, en ég sagði það, að síðan deilurnar stóðu um Sig. Sig. hefði fél. hnignað. Það má að vísu deila um orðið „óstarfhæft" og hvenær það á við.

Fyrir það fé, sem B. Ísl. fær á ári hverju, má afkasta miklu, fjárframl. ríkisins er það mikið, að ekki er undarlegt, þó gefa megi skýrslu um, að einhverju hafi verið komið í verk. En ef félagið hefir ekki starfað á þeim grundvelli og með þeim starfsaðferðum, að fjármagnið nýttist sem bezt, þá get ég ekki talið það starfhæft. Ef það hefði getað betur með sama fé og betri starfsháttum, er það ekki starfhæft. Alveg eins og sá maður getur ekki talizt starfhæfur, ef afköst hans jafnast ekki á við venjulegan verkmann. En nóg um það. Ég hefi haldið því fram, að síðan deilan um Sig. Sig. stóð í fél. hafi það aldrei borið sitt barr og ekki verið starfhæft að fullu, og ég álít, að sú staðhæfing standi enn. Dómur þjóðarinnar hefir fallið á þann veg, og það þýðir ekkert að gefa

skýrslu um það gagnstæða. Í þessu sambandi minntist hv. þm. á, að ef Sig. Sig hefði verið látinn fara frá, þá hefði það kostað burtför margra annara manna frá félaginu og megna óánægju úti um land, og ef hann var kyrr, þá kostaði það missætti innan félagsins, eða samskonar óánægju annara manna. Það var því farin sú leiðin, að fara bil beggja og gera verkaeða starfsskiptingu í búnaðarmálastjórastöðunni, eða m. ö. o. að gera Sig. Sig óstarfhæfan að mestu leyti, svo hann hefir ekki notið sín síðan. Ég held, að það sé þetta tiltæki í Bfél., sem menn eru óánægðir með og hafa alltaf verið. Þetta tiltæki hefir lamað stórkostlega starfskrafta félagsins, svo það hefir aldrei borið sitt barr síðan. Ég held, að það sé þetta, að geta aldrei skorið úr, hvort Sig. Sig. á að vera eða ekki, hvort hann hafi gert rétt eða rangt, sem fyrst og fremst hafi lamað félagið. Ég álít, að það sé vöntun á þrótti innan félagsins, að geta ekki gert upp, hver átti að vera og hver átti að fara. Hitt skipti félaginu í tvær deildir, sem og hv. þm. Mýr. viðurkenndi, að hefði verið fyrstu árin, en hefði lagazt síðar. Hann viðurkenndi, að fél. hefði skipzt í tvennt, með því að segja, að það hefði lagazt síðan eða á síðustu árum. Ég get ekki farið sérstaklega út í þetta hér á Alþ. Það er hægt að halda því fram, að Bf. hafi margt vel gert og einstakir menn hjá því, en það er erfitt að tala um það án þess að nefna nöfn, og það mun ég ekki gera, nema að því leyti, sem ræða hv. þm. Mýr. gaf tilefni til. Ég sagði í umr. um daginn, að einn starfsmaður Bfél. hefði ekki komið í skrifstofuna í langan tíma. Þetta hefir nú verið staðfest í umr., að væri rétt. (HannJ: Þetta er ekki rétt). Þetta er staðfest í umr. og hafa verið færð rök að, því hann hefir haft skrifstofuna heima vegna þess, að talið er, að ekki sé pláss fyrir hann í búnaðarfélagshúsinu.

Ég vil þá benda á það, að ég veit ekki betur en að það hafi verið gott pláss í Búnaðarfélaginu. T. d. hefir ein starfsdeildin, sem heldur til þar niðri, stóran sal. Ég hygg þess vegna, að sú röksemd sé ekki með öllum rétti, að þessi maður hafi ekki komið í Búnaðarfél. af því að þar hafi vantað húsrúm, en það var þó látið fylgja hjá þessum hv. þm., að þessi ráðunautur hefði komið til fundarhalda, sem er þó góðra gjalda vert.

Þá minntist hv. þm. á, að Búnaðarfél. hefði gert sérstaklega mikið fyrir loðdýraræktina. Ég gat um það í upphafi þessa máls, að ég mundi ekki fara út í einstaka starfsliði, en ég vil þó leyfa mér að segja það í sambandi við loðdýraræktina, að Búnaðarfélagið hafi þar ekki verið á verði svo sem vera bar. Svo mikla þekkingu hefi ég á þessu nú, af þeirri reynslu, sem ég hefi fengið.

Það verður ekki um það deilt, að það er ekki heppilegt að skipa sem ráðunaut í Búnaðarfél. einn af helztu framleiðendum þessarar vöru. A. m. k. hafa komið kvartanir um það, að maðurinn, sem eigi að flokka dýrin, sé einn af þeim, sem hafi allra stærsta „interessu“ af því, hvernig þau eru flokkuð, svo að ekki sé minnzt á þessa aðgæzlu við þessa loðdýrarækt, sem hefir mikla þýðingu fyrir íslenzkan landbúnað. Þar hefir Búnaðarfél. ekki verið á verði, svo að þau dýr, sem nú flytjast inn, eru ekki nægilega góð fyrir 1. flokk, svo að nú eru sífelldar kvartanir frá mönnum, sem vilja stunda þessa atvinnugrein, að fá að flytja inn 1. flokks dýr, af því að það sé svo erfitt að fá þau hér á landi.

Með þessu hefi ég þá sýnt fram á það, að þetta atriði, sem ég sérstaklega minntist á undir umr., það hefir verið viðurkennt. Og þá er ekki annað eftir fyrir mig en að færa rök að því, að fyrirkomulagið í Búnaðarfél. sé ekki eins og það eigi að vera. Ég mun síðar í þessari ræðu reyna að gera nokkra grein fyrir því og mun þar leiða fram vitni, sem ég vænti, að sumir hv. þm. taki nokkurt mark á. En áður en ég sný mér að því, vil ég aðeins minnast á það, að á undanförnum árum hefir staðið deila um það, hvernig ættu að vera yfirráðin yfir Búnaðarfél. Ísl., hvort Alþingi ætti samkv. því valdi, sem það hefir samkv. jarðræktarl., að kjósa 2 menn í stjórn félagsins, eða félagið ætti að hafa fullkomna sjálfsstjórn.

Í raun og veru get ég, þegar ræða skal um það, hvort fyrirkomulagið á Búnaðarfél. sé gott eða lélegt, verið fáorður, því að í síðari hluta ræðu sinnar tók hv. þm. Mýr. það fram, að nú væri svo komið, að það fyrirkomulag, sem nú væri á Búnaðarfél., væru allir óánægðir með. Með því er í raun og veru viðurkennt alveg nægilega mikið til þess, að ég þyrfti ekki að svara þeim ádeilum, sem komu á þá uppástungu, að rannsaka samkv. þessari till., sem hér liggur fyrir, og reyna að koma á endurbótum á núv. fyrirkomulagi.

Það er alveg satt, sem hv. þm. Mýr. sagði, að fyrirkomulagið er þannig, að allir eru óánægðir. Í því sambandi vil ég benda á það, að búnaðarþingið hefir hvað eftir annað — ég hygg þrjú búnaðarþing — samþ. áskorun til stj. Búnaðarfél. að hafa búnaðarmálastjórann einn, en þessari fyrirskipun hefir ekki verið hlýtt. Stjórn Búnaðarfél. hefir ekki reynzt þess megnug. Þó að auglýst hafi verið eftir búnaðarmálastjóra, þá hefir hún ekki reynzt þess megnug að fara eftir þessum fyrirmælum búnaðarþingsins. Það er því eðlilegt, þó að hv. þm. Mýr., sem ég veit, að hefir gert mikið til að framfylgja þessari kröfu búnaðarþingsins, en hefir ekki reynzt fært að koma því fram, vilji nú láta samþ. till. í þá átt, að þessi mál komist í það horf, sem búnaðarþingið hefir farið fram á, að búnaðarmálastjórinn sé einn. Það er svo merkilegt, þegar er verið að halda því fram, sem felst í þessari till., að gera rannsókn og endurbætur á Búnaðarfél., að það liggur einmitt fyrir till. frá tveimur öðrum hv. þm., sem sýnist fara í líka átt, að vilja fá einhverja íhlutun frá Alþingi um skipulagsbreyt. í þessum efnum. Annars virðist mér, að það sé nokkur ágreiningur um þetta atriði. Samkv. þeirri till., sem kom fram í fjárl. í upphafi, er ætlazt til, að bændur fái fullkomin yfirráð yfir Búnaðarfél., fullkomna sjálfsstjórn á sínu eigin félagi, og er það í samræmi við þá hugmynd, sem var í breyt. á jarðræktarl. En eftir að sýnt var, að sú till. hafði ekki mikinn byr meðal þm., þótti

eðlilegt að breyta till. í það horf, sem nú hefir verið gert og ég get gert mig ánægðan með. En hjá Bændafl.mönnum, bæði hér í d. og utan þings, virðist ríkja sú skoðun, að Búnaðarfél. eigi að vera ósjálfstætt. Má benda á það, að fyrrv. landbúnaðarráðh. hefir ekkert gert til þess, meðan hann hafði vald til að breyta skipulagi félagsins í það horf, að Alþingi eða landbn., eins og nú er, réðu ekki meiri hl. í stjórn Búnaðarfél.

Jafnframt þessu má svo benda á það í þessu sambandi, að þegar þessir menn, sem nú skipa stj. Búnaðarfél., voru kosnir sem fulltrúar af landbn., þá hefði verið eðlilegt að setja þessa menn, en skipa þá ekki til 2 ára, og koma þannig í veg fyrir, að það yrði eins auðvelt að breyta fyrirkomulaginu í annað horf. Af aðgerðum fyrrv. landbúnaðarráðh., bæði viðvíkjandi því, að fara þessa ákveðnu braut og jafnframt því, að skipa en ekki setja menn í stj., má draga þá ályktun, að hann hafi verið fylgjandi því fyrirkomulagi, sem hingað til hefir verið, að Bf. Ísl. væri háð Alþingi.

Um þetta fyrirkomulag skal ég annars ekki mikið segja, en til þess að menn fái nokkru meira yfirlit yfir þessi mál, þá vil ég leyfa mér að lesa upp álit þess manns, sem ég vænti, að hv. þm. taki nokkurt mark á í þessu sambandi, en það er Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri. (**HannJ**: Hvenær er það skrifað?). Það mun vera skrifað 1933. Þetta eru till., sem hann gerði nokkru áður. Ég ætla að lesa þessar till. upp, til þess að sýna fram á það, að það hefir ekki við mikil rök að styðjast, þegar því er haldið fram, að fyrirkomulagið á Búnaðarfél. sé þannig, að ef orðuð er till. um að taka það til athugunar, þá sé það áreitni og jafnvel ofsókn á félagið, eins og hefir verið hreyft undir umr. um þetta mál. Sigurður segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Um nokkur ár hafa búnaðarmálastjórarnir verið tveir. Verksvið þeirra og störf nokkuð ruglingsleg, en út í það verður eigi farið nánar að sinni".

Hér bendir hann m. a. á það, að störf búnaðarmálastjóranna séu ruglingsleg, og hann færir þau rök að því, að búnaðarmálastjórarnir hafi verið tveir. Það hefir aldrei fengizt leiðrétt þrátt fyrir það, þótt búnaðarþingið hafi skipað svo fyrir. Síðan rekur Sig. Sig. sérstaklega greinilega fyrirkomulag búnaðarfélaga erlendis, hvernig þau séu í Danmörku, hvernig í Noregi, og þar hefir verið svipað fyrirkomulag og hér hefir rikt hingað til. Þessi skýrsla er svo löng, að ég vil ekki tefja tímann með því að lesa hana alla upp, en vil aðeins lesa upp niðurstöðuna af þessari athugun Sig. Sig., með leyfi hæstv. forseta. Eftir að hann hefir í stórum dráttum rakið fyrirkomulag og starfsemi Búnaðarfél., segir hann svo:

„Víða er pottur brotinn, má segja um allan vorn félagsskap og þjóðfélagsskipulag. Eigi mun búnaðarmálum verr komið en öðrum. Allt þarf endurbóta við, svo að starfskraftar og það fé, sem til eins og annars er varið, komi að sem fyllstum notum. En til þess að hægt sé að færa þetta í betra horf, þarf að vera ljóst, hvernig hið raunverulega ástand er, og skýrt, hverju er ábótavant. Í raun og veru er þetta allt eðlilegt og eigi verra en ætla mætti. Á breytingatímum sem þeim, er vér lifum nú á, er allt losaralegt og óákveðið. Tíminn og reynslan mun koma því síðar í fastari skorður. Nágranna vora hefir það kostað áratugi og langan aðdraganda að mynda það skipulag, sem þeir nú hafa á stjórn búnaðarmála sinna. Vorar búnaðarumbætur og breytingar eru aðallega á þessari öld, og mestar breytingar á hinum síðasta áratug. Undrunarvert, hverju er áorkað, ef litið er til allra ástæðna.

En ef vér hinsvegar hugleiðum allar ástæður búnaðar vors og stjórn búnaðarmála, þá er ljóst, að mörgu er ábótavant. Að finna nýjar leiðir og breyta til batnaðar er vandinn. Hér er aðeins að ræða um, hvernig stjórn búnaðarmálanna sé fyrir komið. En það er hlutverk hennar að marka stefnurnar og sjá um, að það fé, sem ríkið veitir til búnaðarumbóta, komi að fullum notum".

Síðan kemur hann með mjög eftirtektarverða till., sem er ekki í sem beztu samræmi við skoðun hv. Bændafl.-manna, eða a. m. k. ekki í samræmi við skoðun hv. fyrrv. landbúnaðarráðh. Hann segir:

„Hér er um tvennskonar verkefni að ræða: Að sjá um framkvæmd lagaboða og marka nýjar stefnur.

Að sjá um framkvæmd laga er ríkisvaldsins. Ef þetta á að fara vel úr hendi, þarf að stofna nýja skrifstofu í stjórnarráðinu, sem hefir yfir nægum starfskröftum að ráða með þekkingu á búnaðarmálum. Það myndi kosta allmikið fé. Að öðrum kosti getur ríkisstj. falið Búnaðarfél. Ísl. (svo sem það nú að nokkru gerir) að fara með búnaðarmálin, sjá um eftirlit og framkvæmd laga. Þetta hyggjum vér heppilegast sem nú standa sakir".

Síðan skilgreinir hann hinn starfsliðinn, „að marka nýjar stefnur". En það er auðséð, að þótt hann áliti þetta sem er, heppilegast eins og nú standa sakir, þá er það þó eindregið álit hans, að stofna þessa sérstöku deild í stjórnarráðinu, en meðan ekki er hægt að koma því í kring, verði réttast að una við það, sem við höfum nú.

Þá kemur hann að því, hvernig fyrirkomulagið yrði að vera:

„Búnaðarmálastjórinn og hlutaðeigandi starfsmenn hafa með þessi mál að gera undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins. Þetta yrði lík aðstaða og nú er með vegamálastjóra, póstmálastjóra og símstjóra o. fl.".

Að síðustu kemur hann að því, hvernig hann vill láta breyta l. Búnaðarfél., og skal ég lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 15. gr. komi ný gr., sem verður 16. gr. og hljóðar svo:

Öll framkvæmd mála, sem falin eru Búnaðarfélagi Íslands með sérstökum lögum, eða sem atvinnumálaráðherra felur því, skal vera í aðalumsjá búnaðarmálastjóra með hlutaðeigandi starfsmönnum (sérfræðingum) undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins. Afgreiðslu þessara mála þarf eigi að leggja fyrir stjórn

Búnaðarfél. Í fjárhagsáætlun og reikningum Búnaðarfél. skal tilgreint, hve mikið afgreiðsla þessara mála kostar félagið".

Í samræmi við þetta er ein breyt. á jarðræktarl., svo að Búnaðarfél. geti að öllu leyti starfað sem sjálfstætt félag.

Hér kemur þá það fram ljóst og greinilega, að Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri, sem er þessu allra manna kunnugastur og starfar þarna sem einn aðalmaðurinn, hann álítur ástandið þannig, að það sé óviðunandi, og það vita allir, að hér talar maður, sem hefir reynslu og þekkingu á þessum málum og gengur ekki annað til en að koma félaginu í það horf, sem hann veit sjálfur samkv. sinni reynslu, að sé það bezta fyrir búnaðarfélag þessa lands. Ég vona því, að það verði ekki talin ein goðgá, þó að fram komi till. um að rannsaka félagið og starfsemi þess og reyna svo að koma með nýtt og betra skipulag.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég get verið stuttorður. Ég vil aðeins segja fáein orð í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Skagf., frsm. minni hl., sem ég gat því miður ekki hlýtt á nema að nokkru leyti, vegna annríkis. Ég tók þó svo eftir, að hann bæri fram fyrirspurn til stj., hvort hún hefði gert nú þegar ráðstafanir til þess að koma fram launalækkunum hjá þeim mönnum, sem ekki væru ráðnir samkv. launal., og ef svo væri, hvort stj. hefði aðvarað þessa menn um það. Ég vil gefa þær upplýsingar, að stj. hefir ekki ennþá gert neinar ráðstafanir í þessa átt. Hún vildi ekki gera neitt í þessu fyrr en hún vissi þingviljann í þessu máli, þ. e. a. s. ekki fyrr en hún vissi, hvort þingið vildi fallast á till. stj. um dýrtíðaruppbót þeirra manna, sem taka laun samkv. launal., en það fannst stj. sanngjarnt, ef þingið fellst á þær till., að þá væri hlutfallslega það sama látið ganga yfir þá menn, sem tækju laun eftir öðrum ákvæðum en launal. En það veldur einhverjum örðugleikum í framkvæmdinni, ef þingið fellst á till. um dýrtíðaruppbótina; það veldur örðugleikum á framkvæmd á lækkun á launum annara, þó að ég hafi ekki ennþá rannsakað það í einstökum atriðum, og ýmsir starfsmenn ríkisins hafa samninga, sem eru þannig vaxnir, að erfitt er að koma þar fram launalækkun þegar í stað, en það verður að sjálfsögðu farið eftir þingviljanum um launagreiðslur þeirra, sem taka laun sín eftir launal.

Hv. þm. undraðist þá upphæð, sem hv. þm. S.-Þ. taldi, að sparast mundi á launum þeirra, sem tækju laun eftir öðrum fyrirmælum en launal., ef farið yrði með laun þeirra á sama hátt og hinna, sem taka laun eftir launal. Þessa upphæð hefi ég gefið hv. þm. upp eftir athugun, sem aðalendurskoðandi stjórnarráðsins hefir gert um þetta efni, og ég hefi ekki ástæðu til að véfengja hann um þær tölur. En ég held, að þessi undrun hv. þm. hafi stafað af misskilningi í ræðu hans, þar sem hann gerði ráð fyrir því, að sanngjörn meðferð á mönnum, sem tækju laun utan launal., væri að lækka svo laun þeirra, að enginn hefði hærri laun en þeir, sem nú taka laun samkv. launal. En stj. lítur svo á, að ef réttilega á að fara að, þá eigi að lækka laun þessara manna á sama hátt og þeirra, sem taka laun samkv. launal., en ekki öðruvísi. Það ber vel að athuga, að þótt í fljótu bragði líti það sanngjarnlega út að lækka laun þeirra, sem eru utan launal., svo mikið, að þeir hafi ekki hærri laun en þeir, sem fá laun samkv. launal., þá er það þó í raun og veru ekki rétt, því að fjöldi þeirra, sem taka laun eftir launal., hafa ýmiskonar viðbætur, sumpart eftir launal. og sumpart eftir samningum og venjum, svo að ef ætti að lækka laun allra, sem taka laun utan launal., niður í það, sem er hæst eftir launal., þá yrði líka að taka af þeim, sem taka laun eftir launal., allt, sem er fram yfir það, sem launal. sjálf ákveða, en það álít ég allt of mikla röskun á launal., að gera það í skyndi, sérstaklega þar sem ég geri ráð fyrir, að stj. leggi fyrir næsta þing till. um framtíðarúrlausn þessa máls, sem byggð verður á áliti því, sem vænta má frá þeirri n., sem nú starfar að athugun þessara mála. Ég tel, að sú mesta röskun, sem verða megi á næsta ári, bæði á launum þeirra, sem eru undir launal., og eins hinna, sem taka laun sín utan þeirra, sé það, sem hv. meiri hl. fjvn. leggur til.

**Thor Thors:** Ég á við þessa umr. fjárl. aðeins eina brtt., og vil ég leyfa mér að gera grein fyrir henni. Brtt. er á þskj. 613, 2. liður, og á við 22. gr. Er hún á þá leið, að heimila stj. að ábyrgjast fyrir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps allt að 180000 kr. lán til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, sem stj. metur gildar. Ég vil nú rökstyðja þessa till. með nokkrum orðum.

Í Stykkishólmi eru nú um 600 íbúar. Þar er nú rafmagnsstöð, sem er rekin með gömlum olíumótor, bátamótor, sem er bæði lélegur og eyðslufrekur. Stöðin er svo úr sér gengin, að ef ætti að reka hana áfram, þá yrði ekki komizt hjá að gera mjög kostnaðarsamar endurbætur á henni þegar á næsta ári. En svo er það fleira, sem kemur hér til greina. Nú stendur yfir bygging á stóru og fullkomnu sjúkrahúsi í Stykkishólmi. Verður þar með leyst úr mjög brýnni þörf þessa kauptúns, alls héraðsins og margra aðliggjandi héraða, en í samningi, sem Stykkishólmshreppur hefir gert við aðilja sjúkrahússbyggingarinnar, hefir hreppurinn skuldbundið sig til þess að láta sjúkrahúsinu í té rafmagn til ljósa og smávéla fyrir sjúkrahúsið þegar á næsta ári. Rafmagnsþörf þessa sjúkrahúss er mikil. Ef hreppurinn ætti þess ekki kost að reisa vatnsaflsstöð, þá verður hann að reisa nýja mótorstöð, því að illkleift verður að stækka núv. stöð svo, að hún fullnægi ljósaþörf kauptúnsins og sjúkrahússins, en án þess, að séð sé fyrir rafmagnsþörf sjúkrahússins, getur það ekki tekið til starfa, þó að það verði fullreist næsta haust.

Aðstaðan til rafvirkjunar hefir verið rannsökuð af sérfræðingum, svo sem Jakobi Gíslasyni verkfræðingi og Höskuldi Baldvinssyni rafvirkja. Það er meiningin að virkja Svelgsá, sem er í námunda við kauptúnið. Fyrst fór fram athugun á þessu sumarið 1933, og var hún fram-

kvæmd af Jakobi Gíslasyni, og síðan hafa farið fram iðulegar vatnshæðarmælingar á þessu vatnsfalli. Þær sýna, að þarna má fá vatnsafl til að reka allt að 250 hestafla aflstöð, sem muni framleiða 180 kilóvött, eða meira en 0,4 kílóvött á íbúa, en það mun nægja, auk lýsingar, til iðnaðar, fullkomlega til suðu, og eftir þeirri reynslu, sem fengin er annarsstaðar hér á landi, t. d. á Reyðarfirði, má reikna með því, að það verði að mjög miklum notum til húshitunar.

Stofnkostnaður stöðvarinnar er áætlaður um 165000 kr., eða um 660 kr. á hestafl. Er þar í innifalinn allur kostnaður við byggingu aflstöðvarinnar, háspennuveitu til Stykkishólms og orkuveitu um kauptúnið. Til samanburðar vil ég geta þess, að í áætlun um fyrstu virkjun í Soginu er gert ráð fyrir, að hestaflið kosti 760 kr., eða 100 kr. dýrara en í Stykkishólmi.

Árleg gjöld stöðvarinnar eru áætluð 29000 kr., en þar af eru rúm 3000 kr. (rekstrarhagnaður) til vara. Af hverju árskílóvatti eru tekjurnar 160 kr., en tekjur á íbúa um 48.50 kr. Afl á íbúa er 300 vött, en fyrir svo mikið afl ætti að vera hægt að ná yfir 50 kr. tekjum á mann, eða nokkru meiru en áætlunin er byggð á.

Eins og nú standa sakir er eyðsla Stykkishólmshrepps til rafstöðvarinnar þessi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til ljósa (tekjur núverandi stöðvar) um ..... | kr. 10200 |
| 2. | Til suðu, hitunar og vélarekstrar: | |
| | a. Steinolía — þar í olía til rekstrar frystihúss, sem nota mundi rafmagn ..... | — 6600 |
| | b. Kol ..... | — 22500 |
| | c. Mór ..... | — 3900 |
| | Samtals | kr. 43200 |

En það, sem ætla má, að af þessu muni sparast, er þetta:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Rekstur núverandi stöðvar .... | kr. 10200 |
| 2. | a. Steinolía ..... | — 6600 |
| | b.—c. ⅔ af kolum og mó ..... | — 17600 |
| | Samtals | kr. 34400 |

Beinn hagnaður af stöðinni yrði því árlega 5000—6000 kr., ef gengið er út frá, að rekstrarkostnaður hennar sé 29000 kr.

Allar þessar áætlanir eru byggðar á rannsókn þeirri, sem nú hefir farið fram, og það er álit þeirra sérfræðinga, sem það hafa gert, að það geti ekki komið til mála, að þær fari fram úr 165000 kr., sem áætlað er, að kostnaðurinn verði við þessa rafvirkjun. Þar af færu 66000 kr. í vinnulaun. Rekstraráætlun sú, er gerð hefir verið fyrir fyrirtækið, er á þessa lund:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vextir og afborganir af 165000 kr., miðað við 20 ára afborgunartíma og 5% vexti. ..... | kr. 13200 |
| 2. | Viðhald, 2½% af stofnkostnaði | — 4150 |
| 3. | Gæzla, reikningshald o. fl. ..... | — 8000 |
| 4. | Óviss gjöld og rekstrarafgangur | — 3450 |
| | Samtals | kr. 28800 |

Tekjur eru áætlaðar 180 kílóvattár á kr. 160 eða 28800 kr., og er það þá nægilegt til að mæta öllum útgjöldum. Til samanburðar má geta þess, að í Rvík er hvert kílóvattár selt á 650 kr.

Þessu máli horfir þá þannig við, að líklegt má telja, að lán sé fáanlegt í Danmörku með góðum skilmálum, en það verður gert að skilyrði fyrir lánveitingunni, að ríkisábyrgð sé á bak við. Ég hygg, að enginn þm. geti gengið þess dulinn, að þetta skilyrði er fram komið vegna þess fordæmis, sem hefir verið skapað hér á Alþingi fyrir ríkisábyrgðum til rafvirkjunar hér á landi. Það var skapað með Sogsvirkjuninni og ennfremur með ábyrgð fyrir rafveitunni á Sauðárkróki, einmitt á þessu þingi, til viðbótar við það, sem fyrir var, og loks ábyrgðinni fyrir rafveituna á Blönduósi. Það er því ekki óeðlilegt, þó að ekki sé hægt að fá lán til þessa fyrirtækis nema sömu skilyrði séu fyrir hendi og hafa verið við lántökur annarsstaðar á landinu í þessum sama tilgangi.

Hv. frsm. meiri hl. fjvn. talaði um, að það væru sérstakar ástæður fyrir hendi um ábyrgð þá fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, sem veitt hefir verið á þessu þingi. M. a. var þess þar getið, að Hafnarfjarðarkaupstaður hefði án nokkurs ríkisstuðnings komið sér upp atvinnufyrirtæki, sem hefði verið til mikillar bjargar kaupstaðnum. Sé þetta ástæða til þess að bregðast vel við þeirri ábyrgðarbeiðni, þá er sama ástæða fyrir hendi, þegar um Stykkishólm er að ræða. Þar hefir verið komið upp allmiklu samvinnuútgerðarfyrirtæki án þess að leita hjálpar ríkissjóðs. Það hefir verið stofnað fyrir atbeina hreppsbúa, en ekki með ríkisstyrk eða ríkisábyrgð, eins og flest önnur samvinnufyrirtæki hafa hlotið á síðari árum.

Það, að hér er um brýna nauðsyn að ræða fyrir starfrækslu á mjög fullkomnu og stóru sjúkrahúsi, bendir einnig til þess, að hér eru alveg sérstakar ástæður fyrir hendi. Af þessu nýja sjúkrahúsi mundi ekki eingöngu Snæfellsnessýsla hafa not, heldur einnig Borgarfjarðar-, Mýra- og Dalasýsla og Vestfirðir. Hér er því ekki eingöngu um almenna hagsmuni að ræða fyrir þetta kauptún, heldur er hér líka um mannúðarmál að ræða, að hægt verði að starfrækja þetta sjúkrahús. Mér þykir því sterkari rök mæla með þessari ríkisábyrgð en ef til vill nokkurri annari ríkisábyrgð, sem tekin hefir verið vegna rafvirkjunar. Mér þætti sérstaklega einkennilegt, ef þetta mál ætti ekki að eiga a. m. k. samskonar vinsældum að fagna hér á þingi eins og ábyrgð sú, sem nú hefir verið tekin fyrir Hafnarfjarðarkaupstað fyrir 150000 kr. láni. Hér er einnig tekið upp í till. fjvn. lán og ábyrgð fyrir Sauðárkrókshrepp, 40000 kr., og loks ábyrgð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, 60000 kr.

Að sjálfsögðu verður gætt þess skilyrðis, sem þingið setur um það, að trúnaðarmenn fjármálaráðuneytisins starfi að lántökunni, svo að ekki sé verið að óþörfu að flagga með ríkisábyrgðum erlendis, til þess að spilla lánstrausti ríkisins. Ennfremur er það skýrt tekið fram í till. minni, að gegn ábyrgðinni komi tryggingar, sem stj. metur gildar. Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Ég þykist hafa bent glögglega á það, að hér er um mikið nauðsynjamál og hagsmunamál að ræða fyrir kauptúnið. Ennfremur er um brýna nauðsyn að ræða, svo að

nýtt og stórt sjúkrahús geti tekið til starfa. Ég þykist ennfremur hafa bent á, að þetta er áhættulítið fyrir ríkissjóð. Ég vil því mælast til, að þessi ábyrgðarheimild fái samskonar undirtektir og samskonar till. hafa áður fengið hér á þingi, og skal ég ekki trúa öðru í lengstu lög en að svo megi verða.

**Ásgeir Ásgeirsson** (óyfirl.): Ég flyt eina till. við þennan part fjárl., og hún er um það, að dýrtíðaruppbót embættismanna fái að halda sér næsta ár sama og verið hefir á yfirstandandi ári. Till. fjvn. gengur út á það, að dýrtíðaruppbótin hverfi hjá embættismönnum á launum, sem eru fyrir ofan 4600 kr., eða að dýrtíðaruppbót og laun nemi aldrei meiru samtals en þessari fjárhæð, nema launin ein út af fyrir sig séu hærri. Auk þess flytur n. till. um það, að stj. framkvæmi nokkrar launalækkanir á þeim embættismönnum, sem eru utan launal. Nú skal *ég geta þess, að það er mikill munur á launum* þeirra starfsmanna, sem eru undir launal., og þeirra, sem eru utan launal. Þetta er eðlilegt, og ástæðan er sú, að þær stöður, sem eru utan launal., eru allar nýrri og þess vegna miklu meira tillit tekið til þess, þegar þau laun voru ákveðin, hvað nú er orðið dýrara að lifa. Nú hafa laun þeirra, sem eru undir launal., og hinna, sem taka laun sín utan launal., lækkað mikið á síðasta ári. Þó hafa laun launalagamanna lækkað miklu meira en hinna.

Ég get getið þess, að 1928 fengu þeir menn, sem voru undir launal., 40% dýrtíðaruppbót. Hún var greidd 1928—1931. En árið 1931 var hún lækkuð á hvorumtveggja, en lækkunin hefir verið sú, að þeir, sem eru undir launal., eru nú komnir úr 40% dýrtíðaruppbót niður í 15%, en þeir, sem hafa starfað utan launal., hafa aðeins fengið eina lækkun á sínum launum. Hún var framkvæmd 1932 í ársbyrjun, og þá lækkuðu laun þeirra um 15%. Síðan hafa *laun þeirra ekki lækkað, þó að dýrtíðaruppbót* annara starfsmanna hafi lækkað að miklum mun. Það er því bert, að það er bæði munur á því, hversu mikið hafa lækkað laun þeirra, sem eru undir launal. og utan þeirra, og eins hvað stofnlaun hvorratveggja hafa verið og eru misjöfn.

Ef ætti að lækka laun starfsmanna ríkisins, ætti að gera það svo, að koma á samræmi í launakjörum þeirra, og þyrfti þá að lækka þó nokkuð laun þeirra, sem eru utan launal., áður en kæmi að launalagamönnum. Mín till. byggist á því, að ef eigi að lækka laun starfsmanna ríkisins, þá mætti helzt lækka á utanlaunalagamönnum, til samræmis við laun hinna, sem hafa laun samkv. launal., en þegar svo langt er komið, þá er ókleift að lækka laun hvorratveggja svo að nokkru nemi úr því. Mín till. kemur því í staðinn fyrir fyrri till. fjvn., en þar fyrir mætti samþ. síðari till. um þá, sem starfa utan launal., en þó skal ég geta þess, að *þeir munu sízt ofhaldnir*, svo að ég mun líka greiða atkv. á móti þeirri till.

Þeir, sem þiggja laun samkv. launal., eru engir hálaunaðir. Hæstir eru hæstaréttardómarar, um 10000 kr. á ári. Mun flestum bera saman um það, að sízt séu laun þeirra of há, enda munu þau vera helmingi lægri en samskonar starfsmenn hafa hjá nágrannaþjóðunum. Og þegar þess er gætt, að þeir hafa ekki leyfi til að vinna fyrir sér með öðru móti, þá munu þeirra laun sízt of há. Aðrir starfsmenn hafa hæst 8000 og svo 7000 og 6000 og niður í 5000, og þeir mega ekkert af sínum launum missa, og svo má vitanlega benda á menn, sem hafa ennþá lægri laun. En það er sama, hvernig þjóðskipulaginu er fyrir komið, þá verður alltaf munur á launum manna, og hann hlýtur alltaf að stafa af því, að menn þurfa misjafnan undirbúning og lærdómstíma undir sitt starf, og það verða alltaf gerðar mismunandi kröfur til lifnaðarhátta og framkomu manna, eftir því hvaða starfi þeir gegna. Það mundi ekki þykja hlýða í okkar landi, að hæstaréttardómarar gengu eins klæddir að dómsstörfum eins og verkamenn til vinnu sinnar, og fleira mætti þar *benda á. Launamunur* þarf að vera, og launamunur verður aldrei jafnaður að fullu, en þar fyrir má ákveða vissar reglur um það, hve mikil þurftarlaun manna í hverri stétt þurfi að vera, og þau verða jafnan mismunandi. En ef menn viðurkenna það, að enginn þeirra, sem taka laun eftir launal., beri meira úr býtum en nauðsynleg þurftarlaun, þá er engin sanngirni að taka af þeim þá dýrtíðaruppbót, sem þeir fá nú. Þegar um er að ræða skattaálagningu og launalækkun, þá ber fyrst og fremst að taka tillit til þess, hvað viðkomandi menn verða að hafa mikil laun, til þess að þeir geti staðið í stöðu sinni eftir þeim kröfum, sem gerðar eru á hverjum tíma.

Um sama leyti og þessi till. var gerð, barst hingað erindi frá háskólakennurum Íslands, þar sem þeir ræða að vísu ekki um laun án dýrtíðaruppbótar, heldur að laun þeirra með dýrtíðaruppbót séu algerlega óviðunandi. Þessi umsókn háskólakennaranna um launahækkun er *fullkomlega* rökstudd. Ég skal ekki fara lengra út í þeirra umsókn, en það hefir líka komið til þingsins frá menntaskólakennurunum umsókn um launahækkun, en hún er skrifuð svo seint, að þeim var kunnugt um lækkunina á dýrtíðaruppbótinni, eða að hún yrði strikuð út að fullu. Þessi umsókn er þess vegna m. a. miðuð við að sýna fram á, að ókleift yrði að standast þá lækkun, sem yrði á launum þeirra, ef dýrtíðaruppbótin yrði felld niður. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp nokkurn kafla úr erindi þeirra. Þar segir svo:

„Það er óhætt að segja, að enginn kennari við skólann, sem ekki hefir getað aflað sér verulegra aukatekna, hefir komizt hjá því að safna skuldum nú hin síðari árin. Þetta ætti strax að verða ljóst af því, að hæst launuðu kennarar *menntaskólans eftir launalögunum* hafa nú á mánuði hverjum 445 kr. sér til lífsviðurværis, og ef tillagan um burtfellingu dýrtíðaruppbótarinnar verður að lögum, eiga þeir að hafa 387.50 kr. á mánuði frá næsta nýári. Þetta eru sem sagt laun yfirkennara skólans, aðrir fá minna, allt niður í 306 kr. á mánuði. Nú er það að vísu augljóst, að þessi laun eru svo lág, að það er alls ekki hægt að lifa af

þeim á þann hátt, sem þjóðfélagið í rauninni heimtar af oss. En hitt er þó engu betra, að með þessum launakjörum er oss, kennurum skólans, sýnd sú lítilsvirðing, sem hart er undir að búa, þar sem þó mun talið, að vér gegnum mikilvægu starfi, er vér þykjumst færir um að gegna og kostað hefir langan undirbúning og mikið fé.

Þótt nú launakjör vor séu bágborin í samanburði við kjör annara starfsmanna ríkisins, bæði þeirra, er taka laun sín samkv. launalögum, og hinna, sem utan launalaganna eru, þá verða þau þó enn verri í samanburði við launakjör bankamanna og starfsmanna bæjarfélagsins. Bæjarfélagið greiðir starfsmönnum sínum 40% í ofanálag á laun þeirra án tillits til nokkurrar vísitölu, en dýrtíðaruppbót vor hefir aðeins verið 15% hin síðari árin og á nú að falla burt.

Af þessu, sem nú hefir verið sagt, vonum vér, að hinu háa Alþingi megi skiljast, að ekki megi koma til mála að spilla launakjörum vorum. Vér lítum svo á, að eigi séu nein frambærileg rök til þess, að vér eigum að búa við miklu verri kjör en aðrir starfsmenn þjóðfélagsins í sambærilegum stöðum, og enn miklu verri launakjör en starfsbræður vorir í nágrannalöndunum, og það þrátt fyrir það, að ástæður vorar, sem flestir höfum orðið að stunda nám í útlöndum árum saman, eru að ýmsu leyti erfiðari en þeirra og dýrara að lifa hér en í löndum þeim, sem nefnd voru".

Það þarf ekki að lesa meira af þessari umsókn kennara menntaskólans. Laun þeirra eru óbærileg eins og þau eru, og ef þau lækka frá því, sem nú er, þá er þeim sýnd lítilsvirðing og þeim gert illmögulegt að gegna sínu starfi vegna þeirra miklu aukastarfa, sem þeir yrðu að leita sér til þess að geta séð fjölskyldum sínum farborða. Það væri því mesta harðneskja af þinginu að framkvæma slíka launalækkun.

1932 var þegar gerður munur á dýrtíðaruppbót þeirra, sem höfðu hærri og lægri laun, en nú er það svo, að þeir, sem hafa laun fyrir neðan 3000 kr., fá 25% dýrtíðaruppbót, en hinir 15%. En nú á að gera muninn ennþá meiri, svo mikinn, að það á að greiða þeim lægra launuðu 25%, en þeim, sem hafa laun yfir 5000 kr., enga dýrtíðaruppbót. Þetta er ranglæti og misrétti. Þá mundu t. d. kennarar og skólastjórar ekki fá hærri laun en t. d. matsveinar á togurum. Það eru að vísu virðulegar stöður, en útheimta þó ekki nærri því eins mikinn undirbúning og þekkingu og verður að heimta af kennurum.

Nú er það að vísu sagt, að þessir starfsmenn ríkisins verði að taka þátt í hinum vondu tímum, sem yfir standa, og verði því að lækka laun sín eins og þeir, sem stunda framleiðsluna. En þetta er það, sem þeir nú gera, því að þeir fá nú minna fyrir sitt starf en þeir fengu áður, því að sannleikurinn er sá, að laun þeirra hafa lækkað stórlega. 1920 var dýrtíðaruppbótin 120%, 1925 lækkaði hún niður í 67%, 1928 niður í 40%, en sú uppbót stóð í 4 ár; nú er dýrtíðaruppbótin á hærri laun 15%. Þetta gerir vitanlega það að verkum, að þeir, sem þiggja laun samkv. launal., hafa nú miklu minna að bíta og brenna en áður. Nú er svo komið, að dýrtíðaruppbótin á hærri laun er ekki nema rúmlega 1/10 af því, sem hún var fyrir 12 árum, og eftir þeirri reglu, sem fylgt hefir verið, þá er hún um 1/6 á lágu launin, miðað við það, sem áður var. Þessi lækkun er miklu meiri en lækkun innlendra matvæla á innlendum markaði. Og nú 1934 er dýrtíðaruppbótin 20% af sömu verðhæð. Á þessu sést, að embættismenn hér á landi berjast enn mjög í bökkum, og bera jafnvel öllu þyngri byrðar kreppunnar en þeir, sem orðið hafa fyrir verðlækkun afurðanna. Á fyrsta ári kreppunnar, 1931, gekk sú alda yfir heiminn, og náði einnig nokkru fylgi hér á landi, að ráðið til þess að koma jafnvægi á, væri að lækka laun manna. Þessi aðferð reyndist svo, t. d. í Bandaríkjunum og Þýzkalandi, að atvinnuleysi jókst um helming frá því, sem áður var. Árangurinn varð því sá, að menn hér í álfu og Norður-Ameríku eru fallnir frá þessari launalækkunar-pólitík. Ný stefna hefir aftur rutt sér til rúms. Nýr sannleikur, sem við þurfum að fara að viðurkenna á okkar landi, að höfuðatriðið til þess að viðhalda heilbrigðu atvinnulífi sé að varðveita kaupgetuna. Þetta er ný stefna, sem ekki hefir verið gætt hér sem skyldi. Þó virðist mér ekki örgrannt, að örlað hafi fyrir henni hjá hæstv. stjórn, enda þótt sá gamli tónn sé ennþá svo mjög ríkjandi meðal helztu stuðningsmanna hennar, sumra a. m. k., að þeir hafa borið fram andstæðar tillögur. Gamli hugsunarhátturinn, að há laun séu bölvun fyrir þjóðfélagið, er að hverfa og á að hverfa fyrir hinum nýja sannleika, að há laun skapi kaupmátt. Innanlandsmarkaðurinn byggist á því, að kaupstaðirnir séu stórir, og að þeir, sem í þeim búa, hafi getu til þess að kaupa hina innlendu framleiðslu. Þegar verið er að gera ráðstafanir til þess, eins og nú, að hækka verðlag á landbúnaðarafurðum, verður jafnframt að sjá um, að einhverjir séu til þess að kaupa þær. Kaupmáttur þeirra, sem í kaupstöðunum búa, verður að aukast að sama skapi, svo að þeir geti keypt hina innlendu framleiðslu. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að síðan fyrir 1930, eða öll kreppuárin, hafa laun verkamanna aldrei lækkað. Þau hafa staðið í stað öll þessi ár. Ég held því, að allir, sem vilja líta á þessi mál með sanngirni, hljóti að sjá, að það er ekki hægt að lækka laun embættismanna, eins og nú er málum komið, þar sem líka dýrtíðaruppbótin er ekki nema 1/10 hluti af því, sem hún var áður, og ekki nema 1/5 partur af hækkun afurðaverðsins frá því 1914.

Hvað snertir þessar umræddu brtt. á þskj. 582, 2. b—c., þá hygg ég, að þær séu sprottnar af þeirri „agitation" sem gekk yfir landið 1930—'31—'32, að dýrtíðaruppbót gæti ekki átt sér stað, og að laun öll yrðu að lækka. Eigi að vera samræmi í afgreiðslu mála hér á Alþingi, þá verður einnig að sjá um það, að þeir, sem í kaupstöðunum búa, jafnt embættismenn sem aðrir, hafi kaupgetu til þess að halda uppi verðlagi afurðanna. Till. mín er því í samræmi við hina nýju stefnu, sem hér virðist vera farið

að brydda á, þó lítið sé. Hún munar ekki miklu fyrir hag ríkissjóðs, en hún munar töluverðu fyrir hag þeirra starfsmanna, sem lækkunin annars myndi lenda á.

Þó að horfið verði að því ráði að lækka laun þeirra starfsmanna, sem taka laun sín utan launalaga, þá verður aldrei lækkað meira við þá en í samræmi við hina, sem taka laun samkv. launalögum. — Læt ég svo útrætt um þetta mál, og vænti þess, að hv. alþm. hendi ekki sú heimska, að skilja ekki, að það er lífsnauðsyn, til þess að halda uppi afurðaverðinu, að varðveita kaupgetu þeirra, sem afurðirnar eiga að kaupa.

**Páll Hermannsson:** Ég þarf ekki að tala um brtt., sem ég hefi borið fram, því að þær á ég engar. En hér hafa komið fram brtt., sem ég vil ekki sleppa framhjá mér, svo ég ekki minnist á þær. Á ég þar við brtt. hv. minni hl. fjvn. á þskj. 543, er snerta Austurland. Ég fæ ekki betur séð en að töluverður hluti af lækkunartill. hv. minni hl. komi Austurlandi við, enda mun það svo, að það munu engar fjárveitingar til Austurlands í frv., að undanskildum nokkrum fjárveitingum til vega, sem ekki er lagt hér til, að niður verði felldar. — Ég skal þá fyrst minnast á brtt. um, að fjárhæðin, sem ætluð er til þess að koma upp rafveitu við Eiðaskólann, verði felld niður. Eins og sumir hv. alþm. muna eflaust eftir, þá var á síðasta þingi lagður grundvöllur að því, að rafmagnsveitu yrði komið upp á Eiðum. Á ég þar við þál., sem samþ. var í Sþ. Í framhaldi af þessu var svo lögð áherzla á, að sem fyrst yrði byrjað á verkinu, og því er það, að stj. hefir tekið upp í frv. sitt fjárveitingu í þessu skyni, sem hv. minni hl. fjvn. leggur nú til, að verði felld niður. Frsm. minni hl. hélt því fram, að það væri eðlilegt að fella þetta niður, því að það þyrfti að kaupa svo mikið erlent efni til þess að koma rafveitunni upp. Nú er það svo, að mér er ekki kunnugt um, að Alþingi hafi gengið inn á þá stefnu, að koma í veg fyrir, að keypt verði inn erlent efni, og má því til sönnunar minna á Sogsvirkjunina, sem þó er fullt útlit fyrir, að Alþingi vilji styðja. Ég skal játa, að Sogsvirkjunin er stærra og þýðingarmeira fyrirtæki en rafveita á Eiðum, en ég er ekki viss um, að hún sé nauðsynlegri og þýðingarmeiri fyrir þá, sem hennar eiga að njóta, en rafmagnsveita er fyrir Eiðaskóla. Það hefir verið bent á, að hér vantaði allar áætlanir snertandi þetta verk. Þetta er rétt að nokkru leyti, en síðastl. sumar rannsökuðu þó tveir sérfróðir menn möguleika fyrir rafmagnsveitu þarna, þeir Sigurður Thoroddsen verkfr. og Jakob Gíslason raforkufræðingur, en útreikningar þeirra liggja ekki fyrir ennþá. Ég skal játa, að slíkt mannvirki sem þetta á að byggja á fyrirfram gerðum áætlunum, þó að reynslan hafi hinsvegar sýnt, að varlegra sé að treysta þeim ekki algerlega, og minnist ég í því sambandi 60 þús. kr. ábyrgðar, sem samþ. var á aukaþinginu í fyrra fyrir Austur-Húnavatnssýslu vegna rafmagnsveitu á Blönduósi. Þá lágu fyrir margra álna langar áætlanir og útreikningar um fyrirtækið. Þótti svo mjög til þeirra koma, að hver þm. af öðrum fann ástæðu til að rísa úr sæti sínu og lýsa velþóknun sinni yfir. Hv. núv. 1. þm. Reykv., sem í því máli var frsm. fjvn. Ed., sagði t. d., að ábyrgð þessi væri aðeins formsatriði o. s. frv., svo vel væri málið undirbúið. En nú virðist svo sem eitthvað hafi feilað við þetta, annaðhvort útreikningarnir eða framkvæmdirnar, því að nú er beðið um ábyrgð fyrir jafnhárri upphæð aftur. Ég er nú alls ekki að segja þetta af því ég telji ekki, að fyrir eigi að liggja áætlanir og útreikningar um slík verk sem þetta, heldur til þess að sýna fram á, að jafnvel þó að hvorttveggja liggi fyrir, útreikningar og áætlanir, þá geti þó munað miklu, þegar öll kurl koma til grafar. Annars er það svo með skólann á Eiðum, að hann vantar öll hin ytri nýtízku skilyrði, sem slíkar stofnanir þurfa helzt að hafa. Jarðhiti er þar enginn, og rafmagn ekki heldur, sem þó helzt gæti komið í stað jarðhitans. Sundlaug er þar engin og leikfimihús ekki heldur. Leikfimin hefir því verið kennd í kjallaraholu undir öðrum enda hússins. Allt ytra ástand skólans er þannig í lakasta lagi. Hér er því ekki beinlínis um það eitt að ræða, að láta skólann fá rafmagn, heldur miklu frekar um það, hvort leggja eigi skólann niður eða ekki, því að það er margsannað, að skólar, sem vantar svona öll hin ytri skilyrði, geta ekki þrifizt. Þeir verða að standast samkeppnina við aðra hliðstæða skóla, ef þeir eiga að geta starfað og dafnað. Ég veit vel, að Eiðaskóli er ekki stór stofnun á mælikvarða landsmanna í heild, en fyrir Austurland er hann þýðingarmikill. Austfirðingar mega því ekki hugsa til þess, að hann verði lagður niður, og ég fyrir mitt leyti er viss um, að það væri þjóðhagslegt tjón.

Ég kom nýlega austur að Laugarvatni, og leizt að sjálfsögðu mjög vel á mig þar. Meðal annara, sem ég hitti þar, voru 6 eða 8 nemendur úr einni og sömu sveit á Austurlandi. Ég er alls ekki að lasta það, þó að fólk fari eitthvað úr átthögum sínum til þess að afla sér menntunar, en streymi fólk burt án þess að annað komi í staðinn, getur það leitt til auðnar fyrir byggðarlögin og orðið þeim til niðurdreps. Með því, sem ég nú hefi sagt, geri ég ekki ráð fyrir að breyta sannfæringu hv. þm., en með því hefi ég viljað gera þeim ljóst, hvílík nauðsyn það er fyrir Austurland að fá að halda Eiðaskólanum, og hversu mikið áhugamál það er öllum Austfirðingum.

Þá er og lagt til að fella niður liðinn, sem heimilar fé til rafmagnsveitu á Hallormsstað. Ég geri ráð fyrir, að rafmagnsveita sé eins nauðsynleg fyrir þennan skóla eins og Eiðaskólann. Þar hagar svo til, að það er þægilegra að virkja þar en á Eiðum, því að vatnsafl er þar við húsvegginn með nægilegu falli. Þessi skóli er nýr og er að vaxa, og hefir vaxið örara en menn bjuggust við í fyrstu. Ég held jafnvel, að þó aldrei nema hv. minni hl. fjvn. takist að tefja þetta mál nú, þá myndi honum samt ekki lánast að drepa skólann með því, eins og hann myndi gera með Eiðaskóla, ef fjárveitingin til hans yrði felld niður. Liggur

það í því alþekkta lögmáli, að sá, sem er ungur og í þroska, er lífseigari en hinn, sem eldri er orðinn og jafnvel lengi búinn að berjast við dauðann.

Um brtt., sem snertir sjúkrahúsið á Reyðarfirði, mun ég ekki fjölyrða; þar er enn vegið í hinn sama knérunn.

Við fyrri hluta þessarar umr., sem fram fór í gær, var minnzt allmjög á það fé, sem ætlað væri til vega á Austurlandi, og skildist mér helzt, að hv. frsm. minni hl. nefna þær upphæðir sem dæmi um hlutdrægni og ranglæti um úthlutun opinbers fjár. Ég mun ekki fara mikið út í þetta nú, þar sem það er ekki til umr., enda fannst mér hv. frsm. meiri hl. svara þar svo greinilega, að hv. frsm. minni hl. hafi hlotið að átta sig á því, að það var ekki rétt, sem hann sjálfur hélt þar fram. Hv. frsm. minni hl. sagði, að Austfirðingar mættu ekki heimta bættar samgöngur bæði á sjó og landi. Hvað strandferðirnar snertir, þá verða þær nú tæpast taldar fyrir Austurland eitt. Þar njóta fleiri landshlutar góðs af. Annars er það nú svo, að hv. minni hl. vill líka draga úr þeim. Eins og samgöngurnar á sjó hafa að undanförnu verið við Austurland, þá eru þær fyrir neðan allar hellur. Það hefir aðeins verið tilviljun ein, ef hægt hefir verið að komast þaðan á sjó, án þess að stela varðskipi. Má því til sönnunar nefna dæmið frá síðastl. hausti, þegar hrúgað var saman í eitt varðskipið yfir 120 farþegum, sem þó varð til þess, að skip var sent eftir þeim, sem eftir urðu, sem voru um 100. Annars er ég dálítið hissa á, að sjálfstæðismenn skuli koma svona fram gagnvart Austurlandi nú, að telja allt eftir, sem þangað fer af opinberu fé. Það er af sú tíð, þegar þeir gerðu það að flokksmáli, að veittar skyldu í einu 50 þús. kr. til vegarins á Fjarðarheiði.

Ég vil svo að endingu undirstrika það, að ég sé enga skynsamlega ástæðu fyrir því, að ráðizt sé svona freklega á hagsmunamál Austurlands, eins og hv. minni hl. fjvn. gerir nú. Vænti ég því, að hv. 1. þm. Skagf., frsm. minni hl., sjái, að þessi herferð hans á þennan landshluta er ekki réttmæt.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég á hér eina brtt. á þskj. 602, rómv. liður XVIII, um að veita ungum listamanni, Kristjáni Magnússyni málara, byggingarstyrk til þess að koma sér upp vinnustofu. Ég er kunnugur lífsbaráttu þessa manns, þó að ég hafi ef til vill minni kunnugleika á list hans en ýmsir aðrir. Ég hefi þekkt þennan mann frá því hann var barn að aldri, því að ég var kennari hans og þekkti því framferði hans bæði í skólanum og heimahúsum. Hjá honum var alltaf sama prúðmennskan og skyldurækni. Eftir að hann fór úr foreldrahúsunum var jafnan hið sama af honum að frétta, hann vann sér jafnan traust og virðingu þeirra, sem kynntust honum. Slíkar fréttir af nemendum manns gleðja mann alltaf. Þessi ungi maður er Ísfirðingur að ætt. Hann átti góða foreldra og ólst upp hjá þeim og var þeim jafnan til gleði og ánægju. Þegar hann hafði lokið því litla námi, sem foreldrar hans höfðu efni á að veita honum, sem var aðeins hin almenna barnafræðsla og unglingafræðsla, hélt hann út í heiminn sjálfur félaus og ungur. Til Ameríku komst hann svo, með því að vinna sem starfsmaður á skipi. Hugur hans hneigðist snemma til málaralistar, og komst hann inn í málaraskóla í Ameríku aðeins fyrir framkomu sína, sem hann vinnur allra traust með. En það er til marks um elju hans og hæfileika til að koma sér vel áfram og ávinna traust, að hann svo ungur skyldi ryðja sér braut gegnum 6 ára listanám í ókunnri heimsálfu, algerlega án nokkurs styrks héðan að heiman. Enda hafði hann aldrei beðið um styrk til námsins. Síðan hann kom heim, hefir hann stundað list sína, bæði hér á landi og erlendis. Hann hefir ferðazt til Bandaríkjanna, Englands og Svíþjóðar og verið svo lánsamur að vekja þar talsverða eftirtekt á listaverkum sínum. Hann hefir fengið þar aðgang að sýningarstöðum fyrir lítið verð og selt talsvert mikið af málverkum erlendis. Hann mun eiga kost á því, víðar en á einum stað, að sýna myndir sínar erlendis fyrir ekki neitt. En auðvitað verður hann að kosta ferðalögin og allan umbúnað á málverkum sínum og flutning þeirra, og til þess þarf allmikið fé.

Ég lít svo á, að það sé alls ekki óverðugt, ef hægt væri að rétta honum hjálparhönd, svo að hann geti notið sín til fulls, þar sem hann er orðinn svo þroskaður maður í list sinni. Það, sem stendur honum mest í vegi, er skortur á vinnustað, skortur á húsnæði til að vinna að málverkum sínum. Ég mun ekki hreyfa dómum þeim, sem hann hefir hlotið, innanlands og utan, fyrir málverk sín; en dómar þeir, sem hann hefir hlotið, einkum erlendis, eru eindregið honum til lofs; að sönnu hóflegir, því að svo ungur maður getur varla verið orðinn meistari í þessari grein listarinnar; en hann þykir óvenjulega frumlegur og efnilegur listamaður sem byrjandi. — Þeir dómar, sem hann hefir fengið hér á landi, eru að vísu nokkuð misjafnir og ég hefi áður tekið það fram, að menntamálaráðið hefir aldrei keypt málverk af Kristjáni Magnússyni. Í því felst að líkindum óhagstæður dómur annaðhvort fyrir hann eða menntamálaráðið sjálft. Ég ætla mér ekki að gera þar upp á milli. En Kr. M. hefir fengið aðra óbeina dóma, en það eru dómar þeirra manna, sem meta list hans svo mikils, að þeir hafa keypt mikið af málverkum hans. Á þessum óbeinu dómum hefir Kristján Magnússon getað framfleytt sér.

Nú er það öllum ljóst, að fjárhagur ríkissjóðs er ekki glæsilegur. Margir biðja um styrk úr ríkissjóði; en fáir hafa þó dregið það lengur en þessi ungi og efnilegi listamaður.

Það er ekki fordæmislaust hér á Alþingi, að listmálarar séu aðstoðaðir til þess að koma sér upp vinnustofum, sem Kristján Magnússon vantar svo tilfinnanlega. Einstöku málarar hafa fengið bæði styrk og lán úr ríkissjóði til þess, og ég ætla, að það sé mjög vel til fallið, að hann njóti sömu réttinda og þeir. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vænti svo góðs af hv. þm., að þeir synji

ekki þessu erindi, án þess þó a. m. k. að kynna sér verk hans og hvort ég hefi farið með rétt mál. Vona ég, að þeir, sem þykjast dómbærir um myndir hans, geri sér það ómak að líta á þær. Fel ég svo þingheimi að skera úr þessu á réttan hátt.

Ég gat þess, að ég ætti ekki fleiri brtt. við fjárlfrv. En fyrst ég er staðinn upp, þá langar mig til að bæta nokkrum orðum við um það málefni, sem mest hefir verið um deilt í þessum umr., en það er Búnaðarfél. Ísl. Ég hlýt að líta svo á mál þetta, að það sé nokkuð blandað óhreinum efnum, því það er ekkert leyndarmál, að reynt hefir verið í mjög ríkum mæli að draga þetta markverða, en fyrir margra hluta sakir ógæfusama félag inn í landsmáladeilurnar. Fyrir nokkrum árum síðan skrifaði ég í fjöllesið blað um Búnaðarfél. Ísl., og þar lét ég þá skoðun mína í ljós, að félagið ætti að fá að starfa í friði fyrir pólitískri áreitni. Bændur ættu að ráða því sjálfir, hvernig félagið væri byggt upp. Taldi ég þá heppilegast það skipulag, sem nú er orðið lögfest, að bændur væru allir í hreppabúnaðarfélögum, er sameinuð væru í búnaðarsambönd og að búnaðarsamböndin sendu fulltrúa á búnaðarþing. En búnaðarþingið ætti að hafa rétt til þess að kjósa stjórn fyrir félagið, sem síðan kysi framkvæmdastjóra félagsins, er kallaður hefir verið búnaðarmálastjóri, og réði félagsstjórnin jafnframt aðra starfsmenn þess.

Ég skal taka það fram, að mér var þá vel kunnugt um, þegar ég hélt þessu fram, að þáv. fulltrúar, sem sæti áttu á búnaðarþingi, voru ekki ópólitískir. Og flestir voru þeir í andstöðuflokki mínum og minna flokksbræðra í landsmálum. En ég taldi ekki fært að fara eftir því, og sé ekki, að það sé réttmætt að líta á slíkt. Og hvað mikið sem menn berja sér á brjóst og geipa um hollustu sína við Búnaðarfél. og bændur, þá trúir því enginn maður, að þetta verður, sem nú er gert út af B. Í., sé af öðru spunnið en pólitískum toga. Síðan Framsfl. fór að seilast til valda í landinu, hefir það verið eitt aðaláhuga- og kappsmál hans að ná yfirráðum í B. Í. og gera félagið að pólitískri lyftistöng fyrir flokkinn. Nú vikur því þannig við, að nokkur hluti hefir klofnað út úr Framsfl. og gengið í Bændafl., og er þar af leiðandi ekki af sama tægi í svipinn. En þessi óvild stjórnarflokkanna til B. Í. er sprottin af því, að þeir, eða Framsfl., hefir nú ekki meirihlutaráð í stjórn Búnaðarfél. Það þýðir ekkert fyrir framsóknarmenn að vera að setja á sig helgisvip fyrir mér eða öðrum skynbærum mönnum. Kritur þeirra gegn B. Í. er beinlínis sprottinn af því, að stjórnarflokkarnir hafa ekki meiri hl. í stjórn B. Í. Það er vitanlega ekkert annað en barnaskapur af þeim að fara því á flot, að Alþingi þurfi nú endilega að setja B. Í. lög. Þetta er sjálfstæður félagsskapur, sem setur sér sjálfur lög. Alþingi ræður ekki yfir Búnaðarfél. á neinn annan hátt en þann, að það getur vitanlega synjað því um styrk úr ríkissjóði. Það er eina leiðin fyrir þingið. Ég ætla ekki að fara að halda því fram, að þessi aths. í fjárlfrv., um að Alþingi skuli hafa ihlutunarrétt um stjórn og skipulag B. Í., og jafnframt að landbrh. skipi búnaðarmálastjóra, sé sprottin af fjandskap hæstv. ríkisstj. til bænda yfirleitt, en hún er áreiðanlega sprottin af óvild til sjálfstæðra bænda. Hún er sprottin af því, að hv. stjórnarflokkar vilja alls ekki hafa sjálfstæða bændur. Bændur mega ekki fá að byggja sjálfir upp félagsskap sinn. Það er ekkert undarlegt, þó að þessi rödd heyrist nú hér á Alþingi, því það er vitanlegt, að sú stefna er nú uppi hjá meirihl.-flokkunum í þinginu að taka af bændum og öðrum einstaklingum í þjóðfélaginu allt sjálfræði og möguleika til þess að bjarga sér af eigin framtaki. Þessi viðleitni stingur m. a. upp höfðinu, alveg ófeimnu, í háværum kröfum um það, að jarðeignirnar skuli teknar af bændum og lagðar undir ríkið. En það leiðir vitanlega til þess, að bændastéttin verður ósjálfstæð og háðari því valdi, sem óbilgjörn ríkisstj. vill beita, þegar henni býður svo við að horfa, heldur en ef bændurnir væru húsbændur á sínum heimilum.

Það voru lesin hér áðan upp nokkur ummæli eftir Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra. Mér var nú að vísu aldrei vel ljóst, hvað af því var beinlínis tint upp eftir Sig. Sig. og hvað var hinsvegar umsögn hæstv. forsrh. sjálfs. En svo mikið fékk ég þó út úr því, sem hann las, að Sig. Sig. vildi fá því framgengt, að ríkisstj. fengi aukna þekkingu á búnaðarmálum. Ég held það sé nú að vísu ekki ósanngjörn krafa frá manni, sem búinn er að starfa svo áratugum skiptir að landbúnaðarmálum þjóðarinnar og vera frömuður á því sviði. Ég held ennfremur, að það sé engin vanþörf á þessu, einkum þegar það er athugað, að hjá núv. ríkisstj. eru dálítið sérstakar ástæður í þessu efni og lítið um þekkingu á búnaðarmálum. En þó að Sig. Sig. telji þetta æskilegt, þá raskar það ekki því, að Búnaðarfél. Ísl. fái að vera sjálfstæð stofnun. Og ég get ekki skilið hugsunarhátt þeirra manna, sem ætla að láta Alþingi grípa fram fyrir hendurnar á bændum um það, hvernig þeir eigi að byggja upp sinn eiginn búnaðarfélagsskap.

Það er alveg rétt sú samlíking, sem hv. þm. Mýr. (BÁ) hafði um þann félagsskap, sem bændurnir byggja sjálfir upp frá rótum, og hinsvegar þann félagsskap, sem reistur er og rekinn samkv. fyrirskipunum frá ríkisvaldinu; sá fyrrnefndi þróast á frjálsan hátt eins og beinvaxinn meiður með djúpar rætur, en hinn er eins og tré, sem múrað er í kringum við malbikaða götu til skrauts og sýnis. Þess vegna furðaði mig stórlega á því, eins og hv. þm. Mýr. færði góð rök að því, að búnaðarfélagsskapur bænda ætti að byggjast upp af þeim sjálfum á sjálfstæðan hátt — mig furðaði á því, að sá rökstuðningur hans skyldi enda á yfirlýsingu um, að hann gæti gengið inn á brtt. frá meiri hl. fjvn. á þskj. 582. En hún er um það, að ríkisstj. skuli falið að undirbúa till. um framtíðarskipulag Búnaðarfél. Ísl. Það er dálítið einkennilegt, ef hæstv. ríkisstj., og þá þessi ríkisstj., á að hafa betra vit á því en bændurnir sjálfir, þessir menn í ríkisstj., sem mér vitanlega hafa ekki neina þekkingu á því, sem gerist í sveitunum,

né á málum landbúnaðarins yfirleitt, eins og kjötsölulögin bera ljósastan vott um, því að þau eyðileggja gersamlega búskap bænda í sumum héruðum landsins. Þá er eggið sannarlega farið að kenna hænunni, ef þessi hæstv. ríkisstj. á að kenna bændum, hvernig þeir eiga að reka félagsskap sinn. Og þá þykir mér skörin farin að færast upp í bekkinn, ef Alþingi ætlar að taka undir þessar hótanir sósíalistaflokksanna til bænda og segja: Þið getið fengið styrk úr ríkissjóði til Búnaðarfél. Ísl., ef þið krjúpið á kné, varpið ykkar vilja og félagsskipulagi fyrir borð og samþykkið ráðstafanir ríkisstj., sem hefir ekkert vit á þessum málum og vill ekki þiggja ráð af bændum. Mér þykir ekkert undarlegt, þó að hæstv. ríkisstj. hafi komið þessi firra í hug; en hinu vil ég ekki trúa, að meiri hl. Alþ. gangi inn á slíkt glapræði.

Það má vel vera, að þetta stefni til þess að gera bændur rótlitla og ófrjálsa í vinnurekstri sínum. En hitt er víst, að það styrkir þá ekki í atvinnubaráttu þeirra eða til þess að byggja upp gagnlegan félagsskap.

**Magnús Torfason:** Ég býst við, að það þyki kveða við annan tón hjá mér en síðasta ræðumanni, og þó ætla ég að tala um sama efni og hann. Það ber talsvert á því, að rætt sé um skipulag Búnaðarfél. Ísl., og þykir mér ekki nema full von til þess, að svo sé gert, þar sem B. Í. er meinað að ráða sínum málum sjálft. Orsökin er blátt áfram sú, að við höfum ekki enn fengið sérstakt landbúnaðarráðuneyti, fyrir landbúnaðinn hafa verið settir menn, sem aðallega hafa orðið að gegna öðrum störfum og ekki verið valdir með tilliti til landbúnaðarmála. Þess vegna er það eðlilegt, að því meir sem þrengir að bændum, og landbúnaðarstarfsemin verður vandasamari og viðtækari með hverju ári sem líður, og sérstaklega eftir að Alþingi hefir hvað eftir annað orðið að taka í taumana með þvingunarlögum, — þá vil ég segja, að það sé ekki nema eðlilegt, þó litið sé þannig á, að mál, sem komin eru út á þessa braut, þurfi lagfæringar við.

Ég skal ekki gera að umtalsefni þá aths. í fjárlfrv. sjálfu, sem fylgir fjárveitingunni til B. Í., blátt áfram af því að það er komin till. frá meiri hl. fjvn. um breyt. á henni. Ef við athugum þessa brtt., þá er það tvennt, sem í henni felst: Í fyrsta lagi er stj. falið að undirbúa till. um framtíðarskipulag B. Í. og leggja fyrir næsta þing; og í öðru lagi er það skilyrði sett fyrir fjárveitingu til B. Í., að ráðh. samþykki fjárhagsáætl. fél. og skipun búnaðarmálastjóra, er ekki sé nema einn. Slíka skipun til ríkisstj., sem felst í fyrri hluta till., er ekki vant að setja í fjárlög. Það er gömul venja, að Alþingi afgreiði slík fyrirmæli í þál.formi, en ekki í lagaformi, hvað þá í fjárl. Auk þess verð ég að telja þetta alveg óþarft, að bera fram slíka till. sem þessa, þar sem stj. hefir sýnt það með sinni upphaflegu till., að hún hefir fullan áhuga fyrir að breyta skipulagi B. Í. Þessi áminning til ríkisstj. er því alveg að ófyrirsynju, og ég tel alls ekki rétt að láta hana verða fyrir slíku hnjaski, sem felst í þessari till.

Ég skal ekki á neinn hátt mótmæla því, að það geti ekki hafa verið einhver ástæða til þess á síðastl. hausti, þegar fjárlfrv. var samið, að gera ráð fyrir einhverju í þá átt, sem er í hinni upphaflegu aths. í fjárlfrv., af þeirri ástæðu, að þá var það áreiðanlega ekki vitað, hvort næsta þing kæmi saman í vetur eða ekki fyrr en að hausti. Ég geng út frá því, að þegar þetta fjárlfrv. var samið, hafi hugsunin jafnvel verið sú, að þingið mundi ekki koma saman aftur fyrr en næsta haust. Þess vegna er það eðlilegt, eða a. m. k. skiljanlegra, að þessi aths. kom fram. En nú er áformað, að þingið komi aftur saman í vetur, eftir 2—3 mánuði; og nú stendur einnig þannig á, að búnaðarþing kemur saman skömmu áður. Því býst ég fastlega við, að fyrir þann tíma verði ekkert verulegt gert í þessum málum. Mér dettur ekki annað í hug en að hæstv. ríkisstj. vilji áður bera ráð sín saman við búnaðarfulltrúa, eða a. m. k. heyra, hvað búnaðarþing leggur til málanna; og þykir mér sennilegast, að stj. byggi sínar till. um framtíð B. Í. á þeim grundvelli, sem búnaðarþingið leggur. Ég get þess vegna ekki séð neina ástæðu til þess að samþ. fyrri hluta brtt. hv. meiri hl. fjvn. Það verður hvort sem er ekki svo langt þangað til landbúnaðarráðuneytið fær öll þessi mál til meðferðar, í sambandi við búnaðarþing.

Síðari hl. till. fjallar um, að það verði ráðinn einn búnaðarmálastjóri, og það er þetta, sem ég hefi skilið að væri mest aðkallandi og mest áherzla lögð á, og því er ég alveg samþykkur. Að öðru leyti skal ég aðeins geta þess, að ég hefi fellt úr till. minni skilyrðið um það, að fjárhagsáætlun Búnaðarfélagsins sé samþ. af landbúnaðarráðh. og það blátt áfram af þeirri ástæðu, að ég tel þess ekki þörf. Þetta með fjárhagsáætlunina er gamalt fyrirkomulagsatriði, og það hefir ætíð verið svo, að nefndir, sem hafa haft slík mál með höndum, hafa lagt sínar áætlanir fyrir atvmrh., og hann hefir lagt samþykki sitt þar á. Ég skal líka geta þess, að þetta kemur líka í bág við suma aðra liði fjárl., t. d. er ekki sagt neitt slíkt um skógræktina, en það er vitanlegt, að ekki er sett niður ein einasta trjáplanta, nema því aðeins, að það sé áður samþ. af atmvrh. Með þessari till. minni er ætlazt til, að hér væri farinn miðlunarvegur að því leyti, að það verði gert, sem þarf að gera nú í bráðina, en hinu verði frestað til næsta þings, sem á að koma saman eftir örfáa mánuði. Menn, sem þessum málum eru kunnugir og áhyggilega líta á þetta mál aðeins frá því sjónarmiði, að Búnaðarfél. geti sem bezt gegnt starfi sínu, líta svo á, að heppilegast sé að setja málið niður á þann veg, þannig að stj. fái það fram, sem hún leggur mesta áherzlu á, en annað megi bíða síns tíma.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson)** [óyfirl.]: Það er nú um það bil sólarhringur síðan ég talaði hér í gærkveldi, og margt hefir verið sagt um fjárl. á þeim tíma, en ég mun ekki eyða miklum tíma til þess, heldur snúa mér að hv. frsm. minni hl., sem talaði ýtarlega um málið frá sjónarmiði Sjálfstfl. Það kom fram hjá þessum hv. þm. sá misskilningur, að fjár-

styrkur til rafveitunnar á Hallormsstað væri sambærilegur við rekstrarstyrk húsmæðraskólanna. Þessi styrkur er settur í fjárl. sem einföld fjárveiting til skólans, alveg eins og Blönduósskólinn fær styrk fyrir sitt fjós eftir till. meiri hl. og kemur ekkert rekstrinum við. — Að því leyti, sem hv. þm. minntist á 5 þús. kr. til héraðsskólanna, þá er ekkert tekið nánar fram um það í frv. stj., en mér er kunnugt um það, að einmitt frá þeim tíma, sem hv. 1. þm. Skagf. var í stj., var einskonar loforð gefið um það, að það skyldi vera í fjárl. nokkur styrkur upp í rafveituna á Laugaskólanum. Þessi rafveita kostaði 50 þús. kr., og meira þó vegna ýmsra óhappa við bygginguna. Það hafa verið teknar 18 þús. kr. að láni í Brunabótafél. með samþykki stj., og er það sá hluti, sem gert var ráð fyrir, að ríkið legði fram, en er í raun og veru of lítið. En því hefir ekki verið hreyft af meiri hl.

Annars er það auðgefið, að úr því að 32 stúlkur eru á Blönduósskóla, sem hefir 14 þús. kr. styrk, og 30 stúlkur eru á Hallormsstað, sem hefir 9 þús. kr. styrk, þá er ekkert, sem bendir til þess, að ódýrara geti verið á Hallormsstað. Þessi tilfærsla er því miðuð við það, að eitthvert hlutfall sé milli framlagsins, annaðhvort verður að hækka við Hallormsstað eða lækka við Blönduós, en eftir till. meiri hl. er Blönduósskólinn talsvert hærri ennþá, án þess að hægt sé að benda á nokkurt réttlæti í því. Þetta ósamræmi kemur af því, að engin l. eru til um þessar stofnanir eða styrki til þeirra, og vildi ég því mega vænta, að stj. bæti úr því.

Þá mælti hv. frsm. minni hl. á móti því, að lagðar væru 20 þús. kr. til Flensborgarskólans, honum til endurbyggingar, og gagnfræðaskóla í Reykjavík. Hann álítur óheppilegt að ráðast í þetta á þessum erfiðu tímum, það kosti mikið útlent efni o. fl. Þetta eru í raun og veru skynsamleg rök, en hér ber það á milli, að síðan kreppan hófst, hefir verið byggður fjöldi af villum í Rvík og Hafnarfirði af einstökum mönnum, sem hafa í raun og veru ekki efni á því, heldur byggja fyrir lánsfé, sem þannig er dregið út úr atvinnulífi þjóðarinnar. Það, sem ber á milli hans flokks og okkar, sem styðjum hæstv. stj., er það, að við álítum, að draga eigi úr svona byggingum, en kosta kapps um að byggja yfir hið starfandi fólk í landinu. — Fjárveitingin til þessarar skólabyggingar er mjög hófleg og sannarlega miðuð við kreppuna, þegar maður lítur á það, hvað annars er byggt hér, og það einmitt sérstaklega af flokksbræðrum hv. 1. þm. Skagf., sem hafa byggt hér í Rvík á undanförnum árum meira af dýrum húsum heldur en dæmi eru til í víðri veröld í tiltölu við fólksfjölda, og þó áreiðanlega af minni efnum hér en annarsstaðar.

Út af till. um að færa Einar Helgason aftur til Búnaðarfél., þá komu engin skynsamleg rök gegn því. Búnaðarfél. vill hrinda honum af sér, ekki af því að hann sé ekki mætur maður, heldur aðeins af því, að það vill láta landið kosta garðyrkjuna. En nú er farið fram á, að Búnaðarfél. hafi garðyrkjuna líka, og þegar Einar Helgason hættir störfum, sem við skulum vona að ekki verði í bráð, þá eigi líka félagið að styrkja hann á elliárunum, eins og það borgar ellifé til eins af sínum gömlu starfsmönnum, sem þó ekki hefir unnið eins lengi og hann.

Hvað Jóhann Kristjánsson snertir, þá er það alls ekki meiningin, ef farið verður að lækka laun yfirleitt, að hann eigi að vera yfir launalækkun hafinn frekar en aðrir. En það, sem ber á milli, er það, að meiri hl. n. segir, að þessi maður sé fyrst og fremst starfsmaður Búnaðarbankans, sem hefir mikinn sjóð, sem landið leggur til og notaður er til húsbygginga í sveitum. Nú er gert ráð fyrir 300 þús. kr. úr ríkissjóði, sem á að fara gegnum hendur þessa manns til bygginga. Það leiðir því af sjálfu sér, að þegar Alþ. fær svona stofnun eins og Búnaðarbankanum þetta mikið fé, þá er alls ekki viðeigandi að borga með því alveg sérstaklega til teiknimeistara. Ég lít svo á, að bankinn geti ekki sóma síns vegna annað en borgað sínum starfsmanni, jafnvel þó hann hjálpaði eitthvað einstökum bændum með teikningar, öðrum en þeim, sem beinlínis taka lán í Búnaðarbankanum, og að varla sé viðeigandi fyrir bankann að gera sérreikning fyrir því. A. m. k. er það alveg vitað, að 4 þús. kr. í þessu skyni er margfalt meira en það, sem vinnukraftur þessa manns getur látið í té umfram það, sem hann vinnur fyrir bankann sjálfan.

Hv. frsm. minni hl. var undrandi yfir því, að meiri hl. skyldi ekki leggja til með styrk til Elliheimilisins hér í bænum. Hér er nú ekki barizt um mikið, fáein þús., og í þeim mikla rekstri, sem þetta hæli hefir, þá er þetta meira sem viðurkenning heldur en að það hafi nokkra þýðingu. Þetta hús kostaði mörg hundruð þús., reksturinn er dýr og yfirleitt þannig, eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, að í þessa stofnun geta ekki farið aðrir en þeir, sem eru talsvert vel efnaðir, enda er það mála sannast, að á þetta hæli hefir farið margt mjög vel efnum búið gamalt fólk, og er ekki nema gott um það að segja. Þetta er ágætt og mikil bót í þessu myndarlega húsi, en það er bara ekki neitt fátækrahæli. Ef það hefði átt að vera fyrir fátæka fólkið, hefði það ekki verið byggt í miðjum bænum, heldur t. d. austur í Ölfusi á eignum ríkisins þar, og þá sennilega verið byggt úr timbri og að öllu leyti miklu ódýrara heldur en þetta hús er. Það, sem ríkið á því að gera, er að hjálpa fátækum sveitarfélögum til að koma fyrir fátæku gömlu fólki, því það er alger misskilningur hjá hv. frsm. minni hl., að þetta hæli sé fyrir fátæklinga, og þó hægt sé að hafa þarna 3—4 fátæklinga fyrir þennan styrk, þá munar það engu. Það er engin félagsleg lausn. Þetta hæli er miðað við efnaða fólkið og þýðir ekkert að fleygja í það 4 þús. kr. Þegar á að taka á því stóra sósíala spursmáli um gamla fátæka fólkið, verður að sjá því fyrir öðruvísi hæli. Gamalmennahælin á Ísafirði og Seyðisfirði fá örlítinn styrk, og er þar miðað við þá þörf, sem þar er fyrir hendi. Ég hefi komið á öll þessi heimili, og ég játa, að það er allt miklu fullkomnara hér, enda miklu dýrara, en á Ísafirði og Seyðisfirði er það fátæka fólkið, sem hlut á að máli, og þess vegna

þarf að styrkja það. Þetta er því engin „hefnd" á gamalmennin, eins og hv. þm. var að tala um. Það er eins og fátækur maður færi inn á ódýrt gistihús, en efnaður maður inn á dýrt gistihús. Enginn mundi álíta, að hv. 1. þm. Skagf. væri að hefna sín á fátækum bónda norðan úr Skagafirði, þó hann vísaði honum á ódýrt gistihús, þar sem hann hefði ekki efni á að taka t. d. 12 kr. herbergi á Hótel Borg. Menn mundu einmitt þvert á móti álíta hann góðviljaðan og skynsaman.

Hæstv. fjmrh. hefir svarað hv. frsm. minni hl. út af launum þeirra samningsbundnu. Ég ætla þó að minnast á við hv. frsm., til þess að þetta skýrist betur, að eftir till., eins og hún er orðuð, gæti maður hugsað t. d., að sagt yrði við Eimskipafélagið: Ef þið viljið fá þennan styrk, þá verðið þið líka að lækka laun ykkar hæstu manna. — Forstjórinn hefir líklega 2½ sinnum meiri laun en forsrh. eftir að dýrtíðaruppbótin er fallin niður. Ég skal ekki segja, hvað Eimskipafélagið mundi segja um þetta, en óneitanlega mætti spara á þessu. Þá getur maður nefnt Fisksölusamlagið. Það þarf að leggja 2 þús. kr. í lófann á hverjum framkvæmdarstjóranum á mánuði. Hvað er við þessu að segja? Bankarnir hafa komið Fisksölusamlaginu á; ríkið á bankann. Það væri auðvelt fyrir ríkið að segja við bankaráðið, að ef myndað er skipulag eins og Fisksölusamlagið, þá megi þetta ekki viðgangast. Ég er með hv. 1. þm. Skagf., að eitthvað slíkt þarf að gera á næstu árum, en ég er ekki viss um, að hann átti sig á, að það þarf að fara svona langt og ennþá lengra. Hann talar um það, að tekju- og eignarskatturinn rífi gjaldstofnana af sveitarfélögunum. Ef maður lítur yfir útsvarsskrárnar og þær heimildir, sem maður fær um tekjurnar í bænum, þá sér maður, að það er fjöldi manna, sem hefir yfir 20 þús. kr. tekjur af verzlun og ýmsu öðru. Heldur hv. 1. þm. Skagf. virkilega, að á þessum krepputímum sé það, sem beinlínis þurfi með, að þessir menn séu ekki nokkuð lækkaðir einmitt til þess að minnka eyðsluna? Það eru þessir menn, sem borga svo hátt á skrifstofum sínum, að ómögulegt er fyrir ríkið að keppa við þá. Það eru þessir menn, sem hafa valdið því, að við hv. 1. þm. Skagf. höfum orðið að gjalda ýmsum mönnum hærra en við vildum fyrir þau verk, sem þeir unnu fyrir þjóðfélagið. Þegar við hv. 1. þm. Skagf. deildum fyrir nokkrum árum um kaup skipstjóranna á varðskipunum, og hann vildi hafa það 12 þús. kr., en ég nokkru minna, þá er ég viss um, að það, sem honum gekk til, var það, að hann sá, að skipstjórar hjá einkafyrirtækjum höfðu margfalt meira. En ég var meiri sparsemdarmaður en hv. þm., og mér tókst að fá skipstjórana til að vinna fyrir minna kaupi. — Mér hefir verið sagt um einn þekktan togaraskipstjóra hér í bæ, að hann hafi verið milli skipa í eitt ár og á meðan verið borgaðar 50 þús. kr. í laun. Heldur hv. þm., að það sé nokkurt spaug fyrir þjóðfélagið að fást við kaupgjaldið, þegar einkafyrirtækin borga svona? Ég vona, að þessi orð mín verði til þess, að sjálfsagt þyki að nota tekju- og eignarskattinn til þess að venja einkafyrirtækin af því að borga svona kaup.

Ég hygg, að það, sem fyrir stj. hefir vakað með því að hækka tillög til verklegs náms erlendis, sé það, að nú á þessum krepputímum, þegar við verðum að reyna að búa við okkar eigið í sem flestum efnum, sé hyggilegast að senda út unga menn til að nema verklega hluti, sem síðar geti orðið sparnaður heima fyrir, og vona ég því, að hv. minni hl. n. sætti sig við það.

Hvað því viðvíkur, sem hv. frsm. minni hl. heldur fram, að hér muni verða mikil atvinna næsta sumar vegna Sogsins, þá er nú ekkert víst um það ennþá. Skeyti, sem hingað hafa komið, benda til þess, að þetta geti skeð, en við vitum, að auðvelt er það ekki fyrir borgarstjórann að útvega þetta lán. En eins og hv. þm. tók fram, verður sú vinna fyrst og fremst hér í Rvík, en það þarf nú víðar að lifa á landinu. Atvinnubótastyrkurinn er áætlunarupphæð og neyðarráðstöfun. Hv. þm. hefir haft með þessa hluti að gera og þekkir erfiðleikana við þá. Hann veit, að það er ekki auðvelt að komast hjá því að hafa þessa peninga. Það er aðeins dálítill skoðanamunur milli hans og núv. atvmrh. um það, hvað mikið þetta fé eigi að vera. En í sjálfu sér vildu náttúrlega allir vera með hv. þm., ef bara væri hægt að lækka þetta, því það er neyðarúrræði. Við verðum að athuga, að það lítur ekki beinlínis vel út með atvinnulífið; við vitum, að ¼ hluti af þeim fiski, sem hingað til hefir verið sendur til Spánar, verður nú ekki sendur þangað og að ekki er enn búið að finna markað fyrir hann. Það verður að takmarka fiskframleiðsluna, fækka fólkinu við þá atvinnu, af því að ekki er hægt að selja fiskinn. Vonandi tekst að finna nýja markaði, og þingið er allt á einu máli um að vinna að því sem mest má vera. En það er ekki búið. Og ef á að halda lífinu í fólkinu, er betra að gera það með atvinnubótavinnu heldur en atvinnuleysisstyrk. Um það geta allir verið sammála.

Hv. frsm. benti réttilega á, að það mundi verða ákaflega erfitt fyrir bæina að leggja fram þetta fé, ⅔ framlags á móti. Við skulum hugsa okkur, að atvinna verði svo lítil, að hungursneyð verði í landinu. Hvað á þá að gera? Ég hygg, að í raun og veru sé mikill skoðanaskyldleiki milli núv. atvmrh. og fyrirrennara hans um það, hvernig eigi að taka á þessu máli. Það, sem mér skilst að fyrir liggi, er þetta, að mjög sé hætt við, að sumstaðar á landinu vanti atvinnu og því verði að skapa hana, og að þessi bæjarfélög, sem ekki hafa efni á að leggja fram það, sem þarf, fái ekki lán. Við höfum nú nýlega séð það, að ríkasta bæjarfélagið á landinu, Reykjavík, var í vandræðum með að fá ofurlítið lán hér við dyrnar á bönkunum. Ef þetta færi svona, eins og mér finnst margt benda til, þá veit ég, að hv. 1. þm. Skagf., ef hann væri aftur orðinn atvmrh., og núv. atvmrh. mundu báðir fara eins að, reyna að skapa einhverja atvinnu.

Þá kom hv. frsm. minni hl. að verkamannabústöðunum og bændabýlunum. Ég er búinn að minnast lítillega á þetta, og við nánari athugun hygg ég, að hv. þm. muni sannfærast um, að ef á annað borð er hægt að gera þetta, að hafa þetta

framlag, þá er það nauðsynlegt. Fólkinu fjölgar hér á landi um 700 karlmenn og 700 stúlkur á ári. Þetta fólk vex upp, giftist og vill mynda heimili. Hvað á að gera? Á að pakka þessu fólki saman í kjöllurum bæjanna eða á hanabjálkaloftum, eða kannske láta það vera húsnæðislaust? Þegar menn líta yfir þjóðarhaginn, þá eru menn í aðra röndina stoltir af þessari fjölgun og finnst þetta vera einhver bezta eign hvers þjóðfélags. En skyldurnar fylgja með. Nú vil ég segja hv. 1. þm. Skagf. alveg græskulaust, að það er dálítið erfið fórn, að láta 100 þús. kr. til verkamannabústaða og 100 þús. kr. til sveitabústaða. Búnaðarbankinn lánar nú ekki nema 4—5 þús. kr. til að byggja sveitabæ, og mér er kunnugt um, að tugir manna vildu gjarnan fá þessi lán, þótt ekki væri nema 3 þús. kr., og fyrir þessar 100 þús. er hægt að byggja yfir 50 fjölskyldur, ef veittar verða. Nú vil ég, án þess að glettast við hv. þm., minna á, að hann hefir fyrstur komið á tóbakseinkasölunni hér á landi sem skattamáli. Þessi einkasala hefir reynzt það vel, að hún gaf meiri tekjur en menn nokkurntíma þjuggust við. Flokkur hv. þm. neyddi hann til að leggja þetta fyrirtæki niður, vegna þess, að þeir vildu ekki þá tegund verzlunar. Einkasölunni var komið á aftur, af þeim flokkum, sem nú hafa meirihlutaaðstöðu í þinginu, og í samningi, sem þeir flokkar gerðu með sér, sem er opinber og ekkert pukur, var því slegið föstu, að kaupmannsgróðinn, sem slegizt var um milli Framsfl. og Alþfl. annarsvegar og Sjálfstfl. hinsvegar, skyldi ganga til þess að byggja yfir fátækt fólk í sveitum og við sjó. Meira að segja allur kaupmannsgróðinn skyldi fara til þessa. Nú bið ég hv. 1. þm. Skagf. að athuga það, að ef við hefðum ekki með samningum á þingi 1931, sumarþinginu, komið þessu í gegn, þá hefðu allir peningarnir, þessi 200 þús. og miklu meira, sem nú renna í ríkissjóð, alls ekki þangað komið. Þetta er fundið fé nú, þessar 200 þús. og hitt, sem fer beint í ríkissjóð. Hefði aftur á móti hv. 1. þm. Skagf. verið í meiri hl. eftir samningana 1931, þá hefðu þessi l. ekki náð fram að ganga, og ef hann væri í meiri hl. nú, myndi hann sennilega setja allt í sama horfið. Hann getur ómögulega harmað það, þótt staðið sé við þennan samning, hann, sem er svo glöggur lögfræðingur. Þetta fé hefði ekki getað verið handbært nú fyrir ríkisstj. nema af því að hann var í minni hl. á þinginu, sem þetta gerði. Það getur vel verið, að erfitt verði að standa við þetta, erfitt að kaupa sement og járn o. s. frv. En ég vil biðja hann að taka sér skemmtigöngu frá Leifsstyttunni niður á Laufásveginn, ganga þar síðan eina eða tvær ferðir eftir götunni frá kennaraskólanum heim að hans eigin húsi, og athuga þá prýði bæjarins, sem þar gefur að líta, húsin, sem byggð eru fyrir gróða eins og gróðann af tóbakseinkasölunni. Móti þessu koma svo hús eins og í Holtsmúla, sem er byggt fyrir fé úr byggingar- og landnámssjóði. Þegar hv. þm. kemur úr þessari skemmtigöngu og hefir athugað málið, hygg ég, að hann skilji, að það er betra að láta fólkið í sveitinni fá 4 þús. kr. til þess að byggja yfir sig nýjan bæ heldur en láta eina fjölskyldu byggja yfir sig slík hús, sem standa í hinu umrædda hverfi, þótt aldrei nema sú eina fjölskylda tilheyri máttarstólpunum í flokki hv. þm.

Þá kom hv. þm. að því, sem hefir orðið mest umtalað við þessa umr., en það er klásúlan um Búnaðarfél. Nú er bezt að athuga það glöggleg, hvort þessi aths. er nokkuð voðaleg. Í henni er áskorun til stj. um það, að athuga fyrir næsta þing fast skipulag Búnaðarfél. Ísl. Nú er það engin goðgá út af fyrir sig, þótt svo sé ákveðið, þar sem þessari stofnun er falið að úthluta, eða úthlutar upp á eigin spýtur um það bil 200 þús. kr. á ári. Það getur enginn láð þinginu þótt því sé ekki sama, hvaða skipulag þessi stofnun hefir. Annar liður aths. er sá, að fjárhagsáætlun Búnaðarfél. skuli vera háð samþykki landbúnaðarráðh. Þetta ákvæði er gamalt og hefir staðið í fjárl., sem hv. 1. þm. Skagf. stóð að sem meirihlutamaður ásamt sínum bandamönnum. Óánægjan getur því ekki verið í sambandi við það. Hinsvegar er það rétt hjá hv. 1. þm. Skagf., að ákvæðið er þess eðlis, að ríkisstj. getur beitt hreinni og beinni ósanngirni í þessu sambandi. En ég býst ekki við, að það verði gert. Það er hægt af hvaða landsstj. sem er að beita ósanngirni í sambandi við samþykkt slíkrar fjárhagsáætlunar, en þetta band hefir núv. þingminnihl. lagt á Búnaðarfél., og það meira að segja glaður, og enginn talaði um það. Svo kemur það, sem einnig er hér mikið talað um, að landbúnaðarráðh. skuli einnig samþ. ráðningu búnaðarmálastjóra, og að hann sé ekki nema einn. Þetta er þá nýjungin. Það er til þess ætlazt, að gengið sé hreint frá því, að búnaðarmálastj. sé aðeins einn. En nú kemur fram í umr. og í till. hjá hv. þm. V.-Húnv. og einum landsk. þm., sem er flokksbróðir hans, að það sé eitthvert ólag á þessu, þannig að þeir vilja binda þetta líka með ákvæði fjárl. Í stuttu máli: Flokkur þeirra manna, sem fyrst og fremst hafa verið með í því að leggja bönd á félagið, vill líka nú hafa bönd á því. Hvað er þá að? Það kemur í ljós, að annar búnaðarmálastj., hinn eldri þeirra, hefir í ýtarlegri skýrslu, sem hann gaf 1933, lýst yfir því, að Búnaðarfél. sé mjög ábótavant, og segir, að í nágrannalöndunum hafi það tekið langan tíma að koma þessum málum fyrir. Og hann eiginlega leggur til eða talar um, að svo geti farið, að búnaðarmálastj. verði hliðstæður embættismaður og vega- og vitamálastjóri, eða hreinn skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Þetta segir maðurinn, sem hefir um mörg undanfarin ár verið athafnamestur í búnaðarmálum, þrátt fyrir það, að hann hefir ekki verið alfullkominn um allt, en gert svo marga góða hluti, að menn myndu unna honum þess að vera gerður að prófessor hvaða dag, sem væri, eins og mér finnst nú jafnvel liggja í loftinu. Hér er því ekki verið að tala um neina „ofsókn". Þessi lítilfjörlega breyt. er rökstudd af þessum manni, sem hefir haft þessa löngu reynslu í búnaðarmálum og þekkir vel til þessara hluta erlendis. En ég verð að játa það, að það er því nokkuð örðugt fyrir hv. þm. V.-Húnv. og hans nánustu flokksfélaga að koma

með ákaflega harðar árásir á stj. út af þessu máli, því að þeir vita það sjálfir, og sýna með sínum till., t. d. þessi hv. þm., að hann er ekki alveg viss um, að hann geti komið fram sínu „ideali" nema gegnum ákvörðun hér, því að hann tekur það fram í sínum till., eða byggir á því, að búnaðarþingið hafi ekki um mörg undanfarin ár fengið að ráða sinn búnaðarmálastjóra, og þess vegna vill hann, að það sé sett sem skilyrði frá þingsins hálfu, að búnaðarþingið fái að gera þetta. Honum dytti ekki í hug að koma með þetta hér, ef hann héldi, að búnaðarþ. væri öruggt með að geta þetta sjálft. Og þetta er skynsamlegt, að gera þetta, af því að búnaðarþingið hefir ekki fengið að gera þetta eins og öllum er kunnugt. Ég vil taka dæmi, sem ég vona, að hv. þm. V.-Húnv., sem haldið hefir um þetta allýtarlega ræðu, bæði hér og í útvarpið, átti sig á. Ég sný mér sérstaklega að honum, því að hann veit það ósköp vel, að það hefir verið vilji bændanna í landinu, eins og ég tók fram í gærkveldi, að það væri aðeins einn búnaðarmálastjóri. Hvers vegna hefir þetta ekki gengið fram? Um mörg ár hefir meiri hl. í búnaðarfél.stj. verið myndaður af langfrægasta og mikilhæfasta manninum í flokki hv. þm. V.-Húnv. og einum af allra þekktustu bændum í Sjálfstfl., Magnúsi á Blikastöðum. Hafa flokksbræður þessara manna, langfrægasta mannsins í litla flokknum og eins af þekktustu bændum í Sjálfstfl., gert sér leik að því ódæði að halda þessum dragbít á félaginu um mörg ár, svo að þeirra eigin flokksmenn þurfi að koma fram með einskonar handjárn á þá til þess að fá þá til að leyfa búnaðarþinginu að vera í friði? Nei. Þetta kemur rétt fram hjá hv. þm. V.-Húnv. Hann segir rétt í sínum till. Hann byggir á því ástandi, sem er, að af einhverjum alveg leyndardómsfullum ástæðum hafi þessir mætu flokksbræður hans og hv. 1. þm. Skagf. verið hindrun fyrir því, að Búnaðarfél. væri frjálst. (PO: Það hafa líka verið menn úr Framsfl. á móti því). Ég bið hv. þm. Borgf. að athuga það vel, að þetta eru mennirnir, sem hafa valdið, (PO: Hverjir hafa valdið nú?), en hvorugur okkar hv. þm. Borgf. Við höfum e. t. v. kosið þessa mætu menn í stj. Búnaðarfél., en nú eru þeir þar og hafa verið þar með þessu valdi, og við, ég og hv. þm. Borgf. og aðrir stuðningsmenn þeirra, getum ekkert við því sagt meðan þeirra umboð stendur. Ég veit, að hv. þm. Borgf. neitar því ekki, að ef þessir menn hefðu viljað beita valdi sínu, þá hefðu launin löngu verið komin. Þá hefði ekki þurft þessa till. Ég vil biðja samstarfsmann minn úr fjvn. að fara ofurlitið aftur í tímann, bara til ársins 1923, og hvað skeður á því ári? Á fjölmennum fundi á Flúðum í Árnessýslu segir Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri í júní 1934: Á þessu þingi var gerð sú krafa af landbn. þingsins til mín, sem þá var aðalmaður Búnaðarfél., að afsala stjórnarvöldunum í fél. í hendur Alþ., ef við ættum að fá jarðræktarl. í gegn. — Sig. Sig. hafði undirbúið þessi l. að miklu leyti og honum var þetta mikið áhugamál, að þau kæmust á, og hann svaraði: Ég fann það vel, að þetta var skerðing á mínu valdi. — Ég man ekki, hvort hann var þá form. Búnaðarfél. eða búnaðarmálastjóri, en sem hinn áhugasami maður tók hann þann kost að láta þetta ganga út yfir sig, en ekki málefnið. Ég verzlaði hreinlega, sagði hann, um það, að Alþ. fékk vald yfir félaginu, en bændur fengu jarðræktarl. og jarðræktarstyrkinn. Hver var aðalmaðurinn í þessari verzlun? Var það ekki einn af þekktustu bændum Sjálfstfl., Þórarinn á Hjaltabakka, Og er það ekki vitað, að það kom fram í umr. um málið bak við tjöldin, að það yrði að gera þetta vegna þess, að Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri væri svo eyðslusamur, að það væri fjarstæða annað en að setja „handjárn" á hann, og þau voru á hann lögð árið 1923, og hafa verið á honum, Búnaðarfél. og allri bændastétt landsins síðan. Og sá, sem getur talað gilt úr flokki um þetta, er Sig Sig. búnaðarmálastjóri, sem fórnaði sínum eigin hagsmunum fyrir málefnið, og vil ég ekki lasta hann fyrir það. Svo líða nokkur ár, og þessi maður, sem hafði fórnað sínum hagsmunum og metnaði fyrir bændastéttina, lendir í deilu við búnaðarfélagsstj., sem síðan 1923 var skipuð af Alþ. Og ég vil ekki endurtaka það hér, hvernig þeirri deilu var háttað. Það kann að vera, að hann hafi haft eitthvað formlega rangt fyrir sér. Honum er margt betur gefið en formið. En þess er ég fullviss, að í hinu innsta eðli hlutarins hafði hann á réttu að standa. En um þetta urðu miklar deilur, og þess eðlis, að þær urðu raunverulega milli þingsins og bænda, því að þeir stóðu með Sig. Sig. í heild sinni, en þeirra þingkjörnu fulltrúar voru á móti honum. Og þar kom það fram, sem ég sagði við S. S. á Flúðum, að hann hefði ekki kunnað að verzla, ekki þurft að gefast upp fyrir þinginu 1923. En það er önnur saga. En niðurstaðan var sú, eins og hæstv. forsrh. hefir skýrt ýtarlega frá, að af þessum undarlega klofningi og þessari óhagstæðu verzlun 1923, þegar handjárnin voru sett á félagið, henti allskonar óheppni félagið. Svo kom deilan um málefni, sem aldrei verður útkljáð til fulls og enginn hefir glaðzt af og enginn fengið sigur eða ósigur í, bændur, búnaðarþingið og Sig. Sig. annarsvegar, hinsvegar Alþ. og hinir þingkjörnu menn í búnaðarfélagsstj., sem hafa alltaf verið á móti S. S. og staðið á móti honum og bændastéttinni allan tímann. Stundum var það svo á búnaðarþingi, að S. S. hafði ¾ hluta þingsins með sér og þessi meiri hl. sagði: Við viljum hafa þig fyrir okkar leiðtoga. En það varð bara aldrei. Og í vegi fyrir því stóðu þeir menn, sem nú ráðast á hæstv. forsrh. fyrir það, að hann ætlar sér að leysa þetta mál. Ég má e. t. v. segja það hér, að núv. forsrh. var sem ungur maður af áhuga lögráðunautur Sig. Sig. í þessu máli. Núv. forsrh. þekkir vel allan gang málsins og allan veikleika Búnaðarfél. Hann hefir haft handa á milli skjölin, sem sprengingunni ullu. Hann veit um ásakanir, varnir og sáttagerðir. Hann veit, hvar skjölin eru geymd uppi á kirkjulofti. — En nú vil ég snúa mér að minum gamla og góða kunningja, hv. þm. V.-Húnv., og taka eitt dæmi honum til skýringar á þessu máli. Dæmið er ekki persónulegt, ekki heldur ópersónulegt. Það kemur okk-

ur við, þar sem við höfum unnið saman, og þar sem við höfum ekki unnið saman. Það eru töluverðar líkur til þess, að Framsfl. eins og hann er nú skipaður geti lagað vissa hluti, sem hann sjálfur gat ekki lagað. Ég vil benda honum á það, úr því að við erum að tala um þessa hluti og það er líka landsmál, að við unnum saman að því að koma upp skóla norður á Reykjatanga. Þessi byrjun komst á og gekk vel. Svo kom sprenging inn í þennan skóla, eins og inn í Búnaðarfél. Það var um það leyti, sem okkar vegir voru að skilja. (**HannJ**: Er þetta búnaðarmál?). Nei, ekki beint. Þetta er sérstök röksemdafærsla viðvíkjandi því, að líkur eru til, að stj. geti lagað þetta mál, sem hér er um að ræða. Það er ekki beint búnaðarmál, en það er landsmál. Það stóð svo á, eins og hv. þm. V.-Húnv. man sjálfsagt, að honum var áhugamál að verða oddamaður í skólanefndinni. Í henni voru 5 menn, 2 sjálfstæðismenn og 2, sem ekki voru sjálfstæðismenn. Svo þegar sprengingin kom, hallaðist hann að sjálfstæðismönnum og tók ráðin af skólanum. Vegir skildu. Hann var ungur maður, ég gamall og utan við skólann. Svo liðu 1—2 ár. Það er ekki venjan, að verr gangi fyrir ungum mönnum en gömlum, en svo fór, að þegar hv. þm. ætlaði að fara að laga þetta, þá kom eins og einhver ódöngun í allt saman. Þetta var eini skólinn, sem stóð sama og tómur, með 7 nem. Áður en sprengingin varð voru nemendurnir 35. Það skal ég taka fram, mjög til heiðurs hv. 10. landsk., að þótt hann skipti víða um í skólan., þá gerði hann það ekki þarna. Þetta lét hann standa óhreyft. Þetta mál var orðinn það mikill vandi fyrir hv. þm. V.-Húnv., hann var búinn að keyra sig svo fastan, að hann var of greindur maður til þess að óska eftir því að hafa oddamannsvaldið áfram. Svo útnefndi hæstv. núv. kennslumálaráðh. nýjan formann, góðan mann, eftirmann hv. þm. V.-Húnv. við kaupfélagið, og e. t. v. eftirmann hans sem þm. fyrir héraðið. (**HannJ**: Það tókst nú ekki síðast). Nei, en maður býst við, að það takist næst. Og hvað gerist svo? Um leið og þarna var komin önnur viðleitni, annað viðhorf, þá fyllist svo, að aftur verða 35 menn í skólanum og ekki unnt að koma meiru í hann. Ég tala þetta í fullri alvöru. Ég álít, að það hafi verið rangt af hv. þm. V.-Húnv. að skilja leiðir við mig í þessu, því að ég hafði miklu betur vit á þessu heldur en hann, af því að þetta er mín grein. En hann skildi, að það gekk ekki hjá honum, af því að hann vantaði hina réttu hæfileika til þess að stjórna. Nú hefir núv. stj. leyst þetta. Þetta er búið. Þetta er eins og illur draumur. Skólinn heldur áfram, og það þarf ekkert að biðja fyrir honum meir. Það langar engan til þess að setja það „regiment“, að aftur verði 7 menn í skólanum. Nú vil ég segja við hv. þm. V.-Húnv., af því að hann er „móðurskipið“, að ég hefi skýrt honum frá þessu litla dæmi, sem okkur kemur báðum við, og sagt honum, hvernig honum tókst. Hann lagði sína krafta vel fram. En hann náði ekki út yfir þetta. Og núv. kennslumálaráðh. hefir sett þetta á réttan kjöl. — Nú kemur að landbúnaðarráðh. að gera sína „aðgerð“, ef maður ætti að nota málið okkar úr efri deild, á búnaðarmálunum, eins og búið er að gera við Reykjaskóla, að gera Búnaðarfél. aftur að heilbrigðri stofnun. Það þarf að skera gegnum „rövlið“. Það er búið að vera rövl síðan 1923, síðan gerð var þessi vitleysa, að kúga Sig. Sig., gera hann að ófrjálsum manni. Síðan hefir alltaf gengið verr og verr með fjölgandi ráðunautum og fækkandi ferðum þeirra sumra hverra, eins og þeim, sem bara fara vorferðirnar. Bændurnir hafa alltaf heimtað einungis einn búnaðarmálastjóra, og það, sem vakir fyrir hæstv. forsrh. og ég býst við, að hann verði studdur í, er að gera þessa litlu aðgerð og láta þennan gamla barnaskap hætta. Við höfum þegar haft bæði skömm og skaða af því, að hálfbrjóta niður mann eins og Sig. Sig. búnaðarmálastjóra, og menn hafa þegar fengið nóg af slíku. Allar þær till., sem hv. þm. V.-Húnv. og hans fylgifiskar eru með hér, eru ekkert annað en áframhald af því, sem skeði 1923. Við hinir viljum láta því vera lokið. Atkvgr. um þessa till. mun skera úr um það, hvort á að hafa áfram sama vesaldóminn og komið var á 1923, eða hvort á að gera félagið heilbrigt með einu einasta átaki.

Ég kem þá að einni brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Snæf. Ég vil segja það um þessa till., eins og svo ótal margar aðrar, sem liggja fyrir þinginu, að þetta er till., sem maður vildi vera með. Þó álít ég, að það sé ákaflega óhyggilegt að vera með henni, eins og nú standa sakir, og ég mun því greiða atkv. á móti henni. Ég ætla að fara nokkuð ýtarlegar út í þetta atriði, af því að það útskýrir afstöðu n. til till. svo að segja í hundraðatali. Hv. þm. lýsti þessu svo, að þessi rafveita, sem þarna ætti að byggja, hefði ágæta aðstöðu og mjög góð skilyrði til þess að geta borið sig. Þetta er allt gott, en það er bara dýrt. Spurningin er bara sú, hvar eigi að taka peninga til þess að hægt sé að framkvæma þetta. Hv. þm. verður að átta sig á því, að víða á landinu, þar sem menn óska eftir að byggja slíkar rafstöðvar og fá til þess ríkisábyrgð, er það gert með alveg sömu röksemdum og hv. þm. færir hér fram fyrir máli sínu. Á einum stað er beðið um ríkisábyrgð fyrir 70 þús. kr. til rafveitu. Menn segja: þetta borgar sig. Og ég get fallizt á, að í mörgum tilfellum muni þetta borga sig. Ég get líka sagt þessum hv. þm. það, að úr mínu kjördæmi hefir komið ósk um, að ríkið gengi í ábyrgð fyrir 70 þús. kr. til rafveitu. Skilyrði eru þarna ágæt og mikið þéttbýli, en ég tek þessa umsókn ekki einu sinni upp hér. Ég segi við þetta fólk: Þetta er alveg rétt; ég veit, að þið þurfið þessa rafveitu, en það eru bara engir peningar til, og þess vegna er ekki hægt að framkvæma þetta sem stendur. Jón Þorláksson borgarstjóri er staddur í útlöndum núna, til þess að reyna að semja um lán fyrir Rvík. Eftir því sem mér skilst, þá er eftir allra nýjustu athugunum búizt við því, að kostnaðurinn við virkjun Sogsins hafi hækkað um 400 þús. kr. Maður vonar þó, að lánið muni fást. Ég get sagt frá því líka, og það er ekkert á móti því, að hv. þm. viti það, að það hefir komið fram, núna þegar Jón Þorláksson hefir verið að leita fyrir

sér um lán erlendis, síðan farið var að þrengja að markaði okkar á Spáni og Ítalíu, að þeir vita það mjög vel peningamennirnir, sem skipta við okkur. Og þeir segja: Okkur er ekki nóg, að það borgi sig einhver hlutur hjá ykkur. Þið verðið líka að geta borgað okkur vexti og afborganir af þeim lánum, sem þið takið. Það mun hafa verið orðað við þá menn, sem eru að semja um lán til Sogsvirkjunarinnar, að það yrði að setja sérstaka tryggingu fyrir yfirfærslunni. Ég býst ekki við því, að stj. muni ganga að þessu, en þetta er dálítil skýring á því, bæði fyrir hv. þm. Snæf. og aðra, hvernig aðstaða okkar er nú sem stendur hvað þetta snertir. Ég get ímyndað mér, að það komi til með að verða nokkrar millj., ef gengið væri inn á þá braut, að ríkið yrði látið ganga í ábyrgðir fyrir öll þau fyrirtæki, sem ef til vill er hægt að sýna fram á, að geti borið sig. En hvernig færi svo fyrir landinu, þegar það er komið í allar þessar ábyrgðir?

Ég er þess vegna ekki á móti till. eins og þessari, sem hv. þm. Snæf. bar hér fram, ef skilyrði væru til, til þess að samþ. þær. En ég álít, að á meðan þannig stendur á, að við getum ekki selt nema nokkurn hluta af aðalframleiðsluvöru okkar, fiski og kjöti, þá líti þetta mál öðruvísi út heldur en þegar allt var í uppgangi hjá okkur, og þegar full ástæða var til þess að halda, að því meira, sem við framleiddum af fiski og kjöti, því betur værum við settir. Af þeim ástæðum, sem áður eru greindar, er ég því á móti till., og mun gera allt, sem ég get til þess, að bæði þessi till. og aðrar, sem ganga í sömu átt, verði felldar, þar til betur lætur í ári.

Einn hv. þm. mælti hér nokkur orð um það, að ekki væri viðkunnanlegt að hafa ákvæði um dýrtíðaruppbót í fjárl., heldur ættu þau að vera í þáltill. Þetta er ekki stórvægilegt atriði, og þar sem það yrði þá þáltill. í Sþ., hvort sem væri, og þá færri umr. en um fjárl., þá geri ég ekki ráð fyrir, að frá formsins hlið sé hægt að setja út á þetta. En aðalatriðið í þessu máli er það, sem hv. þm. V.-Ísf. sagði nokkur orð um hér í kvöld. Hann minntist á það, að embættismenn, ekki síst þeir, sem eru undir launal., væru ekki öfundsverðir af sínum kjörum, þó að dýrtíðaruppbótin væri ekki felld niður, og þetta er í sjálfu sér alveg rétt. Nú er það hinsvegar tekið fram, að þetta er hugsað sem bráðabirgðaákvæði, því að gert er ráð fyrir, að ný launal. verði lögð fyrir næsta þing, og ennfremur er gert ráð fyrir því, að þeir, sem lægst eru launaðir, haldi sinni dýrtíðaruppbót. Og ég hygg nú satt að segja, að ef hv. þm. V.-Ísf. lítur yfir landið, og t. d. heim í sitt kjördæmi — sem ekki er þó verr sett en önnur kjördæmi landsins — og yfir tekjuhliðina hjá kjósendum sínum, að þá muni honum verða það ljóst, að það eru ekki margir af þeim, sem hafa það háar tekjur, að ekki sé betra að hafa 5 þús. kr. í tekjur, eins og hér er gert ráð fyrir. Það er líka rétt, að það er þröngt fyrir dyrum hjá mörgum hér í Rvík með þessi laun, en við verðum að gæta að því, að Rvík verður sjálfrar sín vegna að fara að vinna á móti þeirri dýrtíð, sem í henni er. Það er ógerningur fyrir ríkið, og það getur heldur ekki borgað starfsmönnum sínum eftir þeirri dýrtíð, sem lóða- og húsaspekulationin í Rvík skapar. Ég gæti trúað því, að forráðamenn bæjarins kæmust að þeirri niðurstöðu, að hyggilegra væri af þeim að vinna að því að lækka verðið á lóðunum og húsunum hér í Rvík, og yfirleitt að stuðla að því, að ódýrara verði að lifa hér en verið hefir. Það væri sú bezta dýrtíðaruppbót, sem hægt væri að veita í þessum bæ. Ég mun svo ekki fjölyrða frekar um þetta að þessu sinni.

**Garðar Þorsteinsson** (óyfirl.): Ég hefi borið hér fram 2 brtt. Önnur þeirra er um það, að Skáksambandi Íslands verði greiddar 2200 kr. á næsta ári. Stjórn Skáksambandsins hefir skrifað fjvn. og æskt þess, að upp í fjárl. verði teknar 2200 kr. til Skáksambandsins, og er þessi beiðni rökstudd með því, að það sé æskilegt, að þessari stofnun sé veittur styrkur, til þess að hún geti styrkt íslenzka skákmenn til að taka þátt í skákmótum erlendis. Eins og hinu háa Alþ. er kunnugt um, þá eru haldin alþjóðamót, bæði vegna skáklistarinnar og annara íþrótta, svo að segja árlega erlendis. Íslendingar hafa hingað til í raun og veru ekki getað talizt standa jafnfætis öðrum þjóðum í neinum listum, nema skáklistinni. Í sönglist hafa þeir að vísu ef til vill nálgazt eitthvað aðrar þjóðir, en í öðrum íþróttum standa þeir öðrum þjóðum nokkuð mikið að baki. Til dæmis um það, hvað Íslendingar hafa komizt langt í skáklistinni, má segja frá því, að eftir að síðasta skákmót var haldið í Folkestone 1933, en slík skákmót eru alltaf öðru hvoru haldin fyrir öll þau lönd, sem eru í alheimsskáksambandinu, þá var gefin út bók, þar sem prentaðar voru í heztu skákir allra þeirra manna, sem tóku þátt í þessu alheimsmóti. Og það er mjög eftirtektarvert, að í þessari bók voru 10 skákir eftir heimsmeistarann í skák, en 9 skákir eftir Eggert Gilfer, sem mætti af hálfu Íslendinga á mótinu í Folkstone. Í bókinni voru ennfremur skákir eftir ýmsa aðra skákmenn, en Eggert Gilfer komst þetta langnæst heimsmeistaranum, svo að þó að hann standi dr. Aljechin að baki í styrkleika, þá er það hinsvegar vitanlegt, að þessar skákir Eggerts Gilfers hefðu ekki verið birtar í bók þessari, sem er gefin út og send til skáksambanda allra landa, ef þær hefðu ekki þótt framúrskarandi að einhverju leyti. Ég skal ennfremur geta þess, að þeir aðrir íslenzkir skákmenn, sem tóku þátt í þessu móti, þeir Ásmundur Ásgeirsson og Þráinn Sigurðsson, áttu skákir í þessari bók. Munu hafa verið birtar 2 eða 3 eftir hvorn.

Það, sem hefir vakið eftirtekt annara þjóða á þessari íþrótt Íslendinga, er það, að Íslendingar standa að vissu leyti ákaflega framarlega í henni, eins og t. d. sést bezt á leikni Eggerts Gilfers. Hann hefir að þessu leyti skarað fram úr öllum íslenzkum skákmönnum, að hann hefir þótt það beztur af þeim, að eftir hann hafa verið birtar svona margar skákir í þessu erlenda skákriti. Eru þessi rit lesin um öll lönd heims-

ins, og það er þess vegna mjög mikil auglýsing fyrir Ísland, að fá birtar skákir eftir íslenzka skákmenn í þessum skákritum. Málið á þessum bókum er internationalt, og eru aðeins notuð tvö system, og eru þau skilin, hvort sem er í Evrópu eða Ameríku, og alveg án tillits til þess, hvort sá maður, sem ætlar að notfæra sér bækurnar, er enskur, þýzkur eða franskur eða hverrar þjóðar sem hann er.

Ég vil benda á það, að Skáksamband Íslands hefir nú í gær fengið bréf frá Skáksambandi Tékkóslóvakíu, þar sem þeim er boðið að taka þátt í alheimsmóti, sem halda á í Warsjá 1935. Þó að segja megi, að við höfum ef til vill ekki fjárhagslega getu til þess að senda menn á slík skákmót, þá verð ég þó að benda á það, að ef það eru nokkur íþróttamót, sem Íslendingar geta, að öðru jöfnu, mætt frekar á en aðrar smærri þjóðir, þá eru það einmitt skákmót. Og þetta kemur til af því, að það er þegar fengin reynsla fyrir því, að kunnátta Íslendinga í skákíþrótt skarar langsamlega fram úr öllum öðrum smærri þjóðum. Ég get t. d. bent á það, að Ísland hefir tekið þátt í kappskákum við Noreg, Danmörku og Svíþjóð, og unnið Noreg og Danmörku, en gert jafntefli við Svíþjóð. Nú er álitið, að Svíar séu næststyrkustu skákmenn heimsins, eða m. ö. o. komi næst á eftir Ameríkumönnum, sem hafa unnið 2 síðustu alheimsskákmót, sem haldin hafa verið. Ég vildi þess vegna mælast til þess, að hv. alþm. tækju það til velviljaðrar athugunar, þegar þeir afgreiða þessi fjárlög, sem nú liggja fyrir, hvort þeir sjái sér ekki fært að veita Skáksambandi Íslands þennan styrk, sem hér er farið fram á, til þess að það geti sent 4 beztu skákmenn sína á alheimsskákmótið í Warsjá 1935. Og ég vil sérstaklega benda á það, að ef það er nokkurs vert, að vakin sé athygli á Íslandi í öðrum löndum, þá er þetta einmitt alveg sérstök auglýsing fyrir landið, þar sem allar beztu skákirnar eru birtar í sérstakri bók, eftir að skákmótið hefir verið haldið, og henni er síðan dreift út til allra menningarlanda heimsins, þar sem stofnuð hafa verið skáksambönd, og til allra taflfélaga í þessum löndum. Eins og ég hefi tekið fram áður, þá er málið á þessum bókum alþjóðlegt og verður skilið af hverjum sem er. Það er tekið fram við hverja skák, hvaðan sá maður er, sem skákina hefir búið til.

Ég vil svo ítreka það, að í þeirri bók, sem gefin var út eftir skákmótið, sem haldið var í Folkstone 1933, sem var fjölmennasta skákmót, sem nokkurntíma hefir verið haldið, voru birtar 9 skákir eftir íslenzkan skákmann, en 10 skákir eftir heimsmeistarann í skáklist. Þetta bendir til þess, hve Íslendingar að þessu leyti standa framar en menn geta yfirleitt gert sér vonir um. Ég vil líka benda á það, að þeir menn, sem kynnu að verða sendir á skákmótið í Warsjá 1935, hafa fengið þannig boð, að ef þeir komi, þá muni þeir fá fría dvöl í Warsjá meðan þeir dvelja þar, og fríar ferðir frá Hamborg til Warsjá og aftur til baka. Eini kostnaðurinn, sem við þess vegna hefðum af að senda þessa menn, eru ferðirnar frá Reykjavík til Hamborgar og frá Hamborg og hingað heim aftur, og er þessi styrkur til Skáksambandsins miðaður við það.

Ég á aðra brtt., sem sé XXVI, við brtt. 508,110 (við 22. gr. II). Um hana þarf ég ekki að ræða mikið, því að mér skilst, að það sé skylt að endurgreiða Helga H. Eirikssyni fyrrv. kennara við kennaraskólann það fé, sem hann hefir lagt í lífeyrissjóð, eins og þeim mönnum, sem hafa verið teknir upp í þessari till., sem fyrir liggur. Þessi maður var skipaður kennari við kennaraskólann í Rvík í 3 ár, og hefir greitt um 750 kr. í þennan sjóð, sem mér skilst, að hann hafi sömu kröfu til þess að fá endurgreiddar eins og þeir menn, sem eru í till. meiri hl. fjvn. Að öðru leyti tel ég ekki þörf á að ræða um þessa brtt.

**Jón Pálmason:** Ég á enga brtt. við fjárlfrv. við þessa umr., og mun því ekki fjölyrða mjög um þau í heild sinni. Þetta er þó vissulega ekki af því, að ég sé ánægður með fjárlfrv. eins og það kemur fyrir frá stj. eða fjvn. En ef ég ætlaði að leggja út á þá braut, að fara að ræða um það, hvað ég tel athugavert við þá stefnu, sem kemur fram í þessu fjárlfrv., þá mundi ég þykja nokkuð langorður, og skal ég því ekki þreyta hv. þm. með því, með því líka að hér eru fáir við og stjórnarliðið sýnilega á því að halda sínu striki án tillits til þess hvað aðrir segja. Ég skal þess vegna reyna að takmarka mál mitt við fáein atriði, sem sérstaklega koma við þann kafla fjárlfrv., sem hér er til umr. nú.

Ég skal þá víkja að því, sem hv. fjvn. hefir að vissu leyti vel gert og stendur í sambandi við rafveitu Austur-Húnvetninga á Blönduósi. Ég tel skylt að þakka það, að hún hefir lagt til, að ríkisábyrgð verði veitt fyrir 60 þús. kr. láni fyrir þetta fyrirtæki. Hv. frsm. meiri hl. tók það að vísu fram í því sambandi, að þetta væri í raun og veru talsvert athugavert fyrirtæki, og að n. hefði, að mér skildist, gert það með samvizkunnar mótmælum að mæla með þessari ábyrgð. Í því sambandi vil ég víkja dálítið nánar að þessu atriði. Eins og kunnugt er, þá hefir þetta fyrirtæki farið mjög fram úr áætlun þeirri, sem upphaflega var gert ráð fyrir, og þess vegna var farið fram á þessa ríkisábyrgð. En ég lít svo á, og þannig munu margir Húnvetningar líta á, að ríkisvaldið eigi að mjög miklu leyti sök á því, að þetta fyrirtæki hefir farið svo fram úr áætlun, sem raun ber vitni um, og því fremur beri þinginu nokkur skylda til þess að veita þá ábyrgðarheimild, sem hér um ræðir. Ég skal taka það fram, að ég á engan þátt í því, hvorki beint eða óbeint, hvað meiri hl. fjvn. segir um rafmagnseftirlit ríkisins í nál., en ég get þó látið það í ljós, að eftir þeirri reynslu, sem við Húnvetningar höfum fengið af þeim eftirlitsmönnum, þá held ég, að fjvn. hafi ekki gengið of langt í nál. Því að sannleikurinn er sá, að það er almennt álitið, að þeir hafi í sínu starfi, hvað þetta fyrirtæki snertir, reynzt illa. Annars er það svo, að þó að þetta fyrirtæki hafi farið um ⅓ fram úr áætlun, þá er sú orka, sem framleidd er þarna, svo mikil, að þrátt fyrir alla óstjórn á framkvæmdinni mun þetta vera ein allra ódýrasta raforka, sem framleidd er í

landinu. En að útkoman er ekki verri, stafar fyrst og fremst af því, að framúrskarandi góð aðstaða er þarna til virkjunar, og það er sannarlega eigi framkvæmdinni að þakka.

Þá gerir hv. fjvn. till. um, að lækkaður verði styrkur til kvennaskólans á Blönduósi um 3000 kr. Og þetta er, eftir því sem ég kemst næst, eini skólinn, sem fjvn. leggur til, að minnkaður sé styrkur við. Um þennan skóla er það að segja, að hann er í svo miklu áliti, að nú þegar er búið að neita mörgum stúlkum um upptöku, sem sótt hafa um skólavist fyrir næsta vetur. Yfirleitt hefir þessi skóli verið í almennum metum síðan hin fjölmenntaða og ágæta forstöðukona frú Hulda Stefánsdóttir tók þar við skólastjórn. Það er því í raun og veru ekki aðeins mál Austur-Húnvetninga, sem hér er um að ræða, heldur miklu fremur mál allrar þjóðarinnar, því að það eru ekki fremur stúlkur úr þessu héraði, sem skólann sækja, en úr öllum sýslum landsins, og jafnvel héðan úr Rvík. Ég hefi, síðan till. kom fram, talað við tvo menn úr skólan. Segja þeir það sama báðir, að það sé sama og að leggja skólann niður, ef styrkurinn verður lækkaður um 3000 kr. Ég hefi hér nokkrar tölur úr síðustu reikningum skólans:

Gjaldamegin:

| | |
|---|---|
| Stjórnarkostnaður | 1132 kr. |
| Laun fjögurra kennslukvenna | 6570 — |
| Vinnufólk (karlmaður og kona) | 1811 — |
| Eldsneyti og ljós | 2744 — |
| Ýmislegt, svo sem flutningar o. fl. | 682 — |
| Vátryggingargjöld | 244 — |
| Keypt ýmislegt viðvíkjandi náminu | 3051 — |
| Samtals | 16198 kr. |

Tekjur skólans:

| | |
|---|---|
| Styrkur úr ríkissjóði | 14000 kr |
| Skólagjöld | 2010 — |
| Styrkur úr sýslusj. Húnavatnsýslna | 1000 — |
| Samtals | 17010 kr. |

Það verður ekki séð, að hægt sé að draga úr gjöldum skólans, svo að nokkru nemi, nema ef sú er ætlun n. að lækka laun kennslukvenna, en það virðist í fullu ósamræmi við þá stefnu, sem nú er uppi á Alþingi, að lækka engin laun, *bókstaflega engin*. Og við þetta get ég bætt miklu enn. Í fyrsta lagi kemur þarna upp rafmagnsveita á árinu 1935. Við það hækkar liðurinn ljós og hiti. Sýslufélag Austur-Húnvetninga á ⅓ í þessari rafveitu og er það vissulega ekki til að draga kostnaðinn niður vegna skólans og sjúkrahússins. Þá vil ég geta þess, hv. fjvn. og Alþingi til leiðbeiningar, að sýslun. Vestur-Húnavatnssýslu hefir neitað að greiða sitt tillag, 500 kr., vegna þess að á síðustu fjárl. var það ekki gert að skilyrði fyrir ríkisstyrknum, að sýslun. legði fram þetta fé.

Ennfremur má geta þess, að þegar hin nýja forstöðukona tók við fyrir nokkrum árum, þá var kennslukonum fækkað úr 5 niður í 4, og tók hún við þeim störfum, sem tvær kennslukonur höfðu áður haft. Skólan. ákvað nú á þessu ári að bæta við 5. kennslukonunni aftur, og sannar það með öðru, að ekki er fært að lækka þennan styrk.

Ég skal geta þess, að mér finnst vert að nefna fleiri skóla en Hallormsstaðaskóla, þegar rætt er um þessa styrki. Þann skóla þekki ég eigi nema af afspurn, en ég leyfi mér að efast um, að nemendafjöldi sé þar eins mikill eins og hv. frsm. vill vera láta. Þó kann að vera, að hann hafi minni styrk en þörf er á. Til eftirfarandi fimm skóla eru veittir þessir styrkir:

| | |
|---|---|
| Til Hólaskóla | 20050 kr. |
| — Hvanneyrarskóla | 21800 — |
| — Stýrimannaskólans í Reykjavík | 21100 — |
| — Vélstjóraskólans í Reykjavík | 21600 — |
| — Kvennaskólans í Reykjavík | 28000 — |

Fjvn. hefir ekki gert tilraun til að lækka nokkurn þessara styrkja, þó að þeir séu hærri en til kvennaskólans á Blönduósi. Annars hefði þetta verið skiljanlegt, ef tekin hefði verið upp sú regla í fjárl. að lækka skólastyrki. En af því að svo virðist ekki vera, þykir mér undarleg þessi till., er hér um ræðir.

Þá er rétt að nefna þá upphæð, sem meiri hl. fjvn. leggur til, að veitt sé til að reisa nýja skóla, sem er 35 þús. kr. auk þess, sem er í frv. stj. Ég held nú, að landinu sé meiri þörf á öðru en nýjum skólum. Auk þess skiptir hv. fjvn. niður 60 þús. kr. í hina og þessa persónulega styrki, nauðsynlega og ónauðsynlega, til viðbótar því, sem í frv. er.

Þá vil ég að lokum grípa í þann streng, sem mjög hefir verið handleikinn hér í kvöld, og minnast fáum orðum á Búnaðarfél. Ísl. Þarf ég ekki að fara að lýsa nytsemi félagsins og framkvæmda þess undanfarin ár, en mun halda mér við það, sem er aðalumræðuefnið hér, hvert eigi að vera skipulag málefna landbúnaðarins og Búnaðarfél.

Hv. forsrh. sagði í kvöld, að fé það, sem Búnaðarfél. hefði fengið undanfarin ár, hefði ekki komið að fullu gagni, og mætti því segja, að stofnunin væri ekki starfhæf. Ég efast um, að hann geti sannað, að fé, sem ríkið hefir lagt í ýmsar stofnanir, hafi alltaf komið að fullu gagni. Hvað Búnaðarfél. snertir, þá er það umbótafélag, tilrauna- og leiðbeiningafélagsskapur, og ekki nema að nokkru leyti framkvæmdafélagsskapur. Um slíkt félag verður aldrei hægt að segja fyrir vist, hvort það fé, sem því er veitt, *komi að fullu gagni, a. m. k. ekki fyrr en eftir* mörg ár. Segjum þó, að ég gerði þeim, sem þetta segja, til geðs að viðurkenna þetta last þeirra um félagið. Hver á þá sökina? Ég myndi segja, að Alþingi og undanfarnar ríkisstj. ættu hana. Alþingi hefir kosið meiri hl. stj. félagsins, þann meiri hl., sem hefir vald til að taka ráðin af búnaðarþinginu eða þverskallast við að framkvæma till. þess og fyrirmæli.

Hv. frsm. n. talaði mikið um söguleg drög í sambandi við Búnaðarfél. Honum tókst vel að sanna, að það, sem hér er farið fram á af ríkisstj. hálfu, sé ekki annað en vitleysa. Hann lýsti því, að allt frá 1923 og fram á þennan dag hefði annarsvegar staðið Sigurður Sigurðsson og meiri hl. búnaðarþingsins, en hinsvegar Alþingi. Þetta hefir gert Búnaðarfél. að þeirri stofnun, sem þeir hallmæla svo mjög. Hvað sannar þetta? Það sannar, að um leið og þeir eru að lýsa þeirri baráttu, sem á sér stað þarna á milli, þá

vilja þeir þvinga félagið undir Alþingi og ríkisvaldið og taka þar með ráðin af bændum sjálfum. Rök hv. frsm. miða því öll að því að sanna, að því meiri afskipti sem Alþingi hefir af þessum félagsskap, því verr hefir stefnt.

Aths. sú, sem sett er í fjárlfrv. stj. og skilyrðin fyrir styrkveitingunni til Búnaðarfél., hafa þrennt að geyma. Í fyrsta lagi kemur þar fram vantraust á Búnaðarfél., í öðru lagi er þar gert ráð fyrir, að landbrh. verði að samþ., hver vera skuli búnaðarmálastjóri, og í þriðja lagi er þessi aths. full af vantrausti á búnaðarþinginu, en búnaðarþingið á eitt að hafa yfirráðin í því efni, sem hér um ræðir.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hefir komið fram frv. frá hv. 2. þm. Rang. þess efnis, að búnaðarþing kjósi alla stj. félagsins, en Alþingi aðeins annan endurskoðenda. Þetta hefði ég talið hið eina rétta í því sambandi, sem hér er um að ræða. En það hefir verið tafið fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga gegnum þingið. Tel ég það illa farið, ef stj. og þingmeirihl. kemur í veg fyrir, að búnaðarþingið hafi þarna ráðin, eins og því ber. Bændur eru því yfirleitt samþykkir, að búnaðarmálastjóri eiga að vera einn og að búnaðarþing ráði skipun stj. Búnaðarfél.

Hv. frsm. hélt því fram, að það væri ákveðnum stjórnmálamönnum, sem á undanförnum árum hefðu starfað á Alþingi, að kenna, að þessi höft voru sett á búnaðarþing Íslands. Vildi hann kenna sjálfstæðismönnum og Bændaflokksmönnum um þetta. Ég get viðurkennt, að nokkrir sjálfstæðismenn hafa verið á móti því að gera hér eðlilega breytingu á. En þó að allir sjálfstæðismenn hefðu verið þessu mófallnir, hefði það ekki dugað til, ef á hina hliðina hefði verið vilji á að breyta þessu, því að Framsókn ásamt sósialistum hefir undanfarið haft meiri hl. á Alþingi. Annaðhvort hafa framsóknarmenn unnið á móti því, að stj. Búnaðarfél. væri kosin af búnaðarþinginu, eða þeir hafa borið kápuna á báðum öxlum og látizt vilja annað en þeir vildu í raun og veru.

Hvað sem líður allri flokkaskiptingu, tel ég búnaðarfélagsskapinn eiga að vera óháðan félagsskap bænda landsins. Ég mótmæli því, að ástæða sé til að breyta þeirri skipan, sem höfð hefir verið við uppbyggingu búnaðarþingsins, því að það er hið eina eðlilega skipulag.

Eftir að hafa heyrt ræðu hv. þm. Mýr., sem er í stj. Búnaðarfél., undraði mig að heyra niðurlag þessarar á marga lund skýru ræðu. Það var gagnstætt því, sem hann var áður búinn að segja. Hann ætlaði að sættast á að fresta þessu til næsta þings og láta allt vera í sama horfinu þangað til. Harma ég, að hv. þm. skyldi komast út á slíkar villigötur.

Ég get gengið inn á till. hv. þm. V.-Húnv., því að hún er ekki óeðlileg. Annars tel ég þessum málum vel fyrir komið, ef tryggt er, að búnaðarþing kjósi stj. Búnaðarfél., því að þá ræður búnaðarþing yfir þessum málum og getur gert þær breytingar, sem bændur almennt óska. Og ég held það tryggt, að ef fulltrúar búnaðarþings framkvæma ekki vilja bænda, þá ráði þeir ekki lengi. Þá verður skipt um menn, eins og vera ber. Alþingi getur ráðið því, hversu mikið fé Búnaðarfél. er veitt, en búnaðarþing og búnaðarfélagsstj. á að ráða, hvernig því er ráðstafað.

Það er skoðun sumra manna, að Búnaðarfél. eigi að vera deild í stjórnarráðinu. Ég held, að það geti ekki orðið happasælt, og er því eindregið mótfallinn.

Mun ég svo ekki segja fleira um þetta mál, nema mér gefist til þess nýtt ákveðið tilefni, enda þótt ýmislegt sé eftir, sem ég myndi kjósa að minnast á. En nú tekur að líða á nóttina, og læt ég því hér staðar numið.

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson):** Nú er orðið svo framorðið, að ekki er ástæða til að hafa langar umr., enda þarf ég ekki mörgu að svara.

Mér þótti leitt að heyra, að hæstv. fjmrh. hefir látið undir höfuð leggjast að láta þá menn, sem laun taka utan launal., vita, að þeir gætu átt von á launalækkun eða ella fara úr þjónustu ríkisins. Hæstv. ráðh. hlýtur þá að hafa hugsað sér, að laun þeirra, sem laun taka eftir launalögum, lækki strax í byrjun næsta árs, en laun þeirra, sem taka þau utan launalaga, haldist óbreytt. Ég sé ekki neina sanngirni í þessu. Það þýðir, að 6 fyrstu mánuði ársins getur engin niðurfærsla átt sér stað á launum utan launalaga, og verður þá sparnaðurinn lítill. Tel ég stj. mjög ámælisverða fyrir þessa vanrækslu. Mér skildist á hæstv. ráðh., að ekki væru líkur til, að mikið sparaðist á þessari lækkun launa utan launalaganna, en það er þá af því, að mönnunum hefir ekki verið sagt upp og fyrri hluti ársins 1935 fellur þess vegna undan.

Þá var það hv. 1. þm. N.-M., sem var reiður út af því, að við værum að ráðast á Eiðaskóla. Mér er ekki ljúft að flytja svona till. En ástæðurnar eru eins og allir vita, og ég lít svo á, þó að stjórnarflokkarnir geri það ekki, að nauðsyn sé á að spara, enda er þessi till. í samræmi við þá stefnu, sem stj. segist hafa, sem sé að spara sem mest erlend innkaup. Ég má víst ekki fara út í samgöngur á sjó vegna hæstv. forseta. Hann sagði, að það væru tvennir tímar hjá okkur með vegina eystra, því að í byrjun hefðu allir sjálfstæðismenn á þingi verið með Fjarðarheiðarveginum. En var hann ekki sjálfur með honum í byrjun? Ég held, að svo hafi verið. Og við sjálfstæðismenn erum honum meðmæltir enn þann dag í dag.

Þá skal ég snúa mér að hv. frsm. meiri hl., sem hélt hér langa ræðu. Kem ég þá fyrst að kvennaskólunum. Ég gerði honum það tilboð að taka aftur till. um skólana á Hallormsstað og Laugum, ef hann vildi taka aftur till. um lækkun til Blönduósskóla. Ef hann vildi sýna sanngirni, mundi hann ganga að þessu. Hann mun nú að vísu vilja læða inn þeim grun, að veitt sé tiltölulega meira til Blönduósskólans en hinna skólanna, en ég hefi sýnt, að það er rangt, og ég teldi það hróplegt ranglæti að samþ. þessa lækkun til Blönduósskólans, en hækka hjá hinum kvennaskólunum. Nægir mér í því efni að vísa til ræðu hv. þm. A.-Húnv.

Viðvíkjandi Gagnfræðaskóla Reykjavíkur er sama að segja og um bygginguna á Eiðum. Ég álít, að við höfum ekki ráð á að gera slíkt nú. Hv. frsm. sagði, að það væri ekki meira þó að byggðir væru skólar heldur en „villur“ einstakra manna, sem byggðar væru upp á 100 þús. kr. En er það þá til eftirbreytni? Hann lagði áherzlu á, að það yki atvinnu að reisa skóla, en ætli líkt megi þá ekki segja um þessar „villur“?

Ég skal ekki þræta hér um Einar Helgason. En það er gott að heyra, að sá maður úr stjórn Búnaðarfél., sem á sæti hér á þingi, er á móti brtt. um Einar. Það er líka skiljanlegt, að félagið vilji ekki greiða manni laun, sem farinn er úr þjónustu þess fyrir löngu og hefir annað starf með höndum. Svipað er að segja um Jóhann Kristjánsson. Mér þykir óvíst, að Búnaðarbankinn vilji borga honum að öllu leyti.

Þá er elliheimilið á Grund. Það kom greinilega í ljós hjá hv. frsm., að hann hélt, að þetta væri burgeisaheimili og þess vegna mætti ekki sinna því neitt. Ég veit ekki, hvort hann hefir komið þarna, en ef hann hefir komið þar, þá skýrir hann vísvitandi rangt frá, því að vissulega eru þar engir burgeisar, heldur fátæklingar og ekkert annað fólk.

Þá ræddi hann síðast um till. á þskj. 582. Það var auðskilið, að hann áleit hana svo kænlega orðaða, að eftir henni væri hægt að lækka laun ýmissa manna, svo sem framkvæmdastjóra Eimskipafélagsins og framkvæmdastjóra Fiskisölusamlagsins. Ég hefi athugað till. vandlega og finn þar enga stoð þess, að þetta sé hægt. Ég hefi líka heyrt forstjóra Eimskipafélagsins segja, að hann hefði haft hjá S. Í. S. sömu laun og þau, er hann hefir nú. Það var ekki við því að búast, að hann vildi fara til Eimskipafél. fyrir lægri laun, og ef ætti að lækka þau nú, væri svikið það loforð, sem hann hefir fengið í byrjun, því að allir vita, að hann var ekki rekinn frá S. Í. S. Þá talaði hann um launin á varðskipunum og hældi sér af því, að hann hefði sett þau niður 1928. Hann ætti að hætta að hæla sér af þessu, því að nú liggur fyrir þinginu frv., sem hækkar þau upp í það, sem þau voru í byrjun, og ég man ekki til þess, að þessi hv. þm. opnaði sinn munn í Ed., þegar frv. var þar til umr., svo að hann virðist hafa skipt um skoðun síðan 1928. Hann sagði, að einhver skipstjóri hefði sagt sér um annan skipstjóra, að hann hefði eitt sinn verið á 50 þús. kr. biðlaunum. Ég trúi því ekki, að sú saga sé sönn, en segjum, að svo sé. Heldur þá þessi hv. þm., að setja eigi lög eftir slíkum einstökum tilfellum? Mér hefir verið kennt, að lög ætti að setja með hliðsjón af því almenna, en ekki eftir undantekningum.

Hv. frsm. vildi gera lítið úr því, að Sogsvirkjunin kæmist á. Ég hygg nú, að það muni verða, og ég er á öfugri skoðun við hann um það, að hún verði byrði á útlendu viðskiptunum. Ég held, að svo mikið sparist á kolum og olíu, að það nemi því, sem þarf að greiða í vexti og afborgun af láninu árlega. Líkt er að segja um till. hv. þm. Snæf. Útreikningar hv. frsm. um þetta eru því tóm vitleysa.

Þá kem ég að atvinnubótafénu. Ég sagði, að ég hefði ekki trú á því, að ein millj. kr. mundi koma frá bæjarfélögunum gegn þessari hálfu millj. frá ríkinu. Það var auðfundið á hv. frsm., að hann er sannfærður um, að þetta er rétt hjá mér, enda er nú talið, að von sé á brtt. við 3. umr. Það er auðvitað óhætt að lofa svona háu framlagi úr ríkissjóði, þegar vitað er, að kaupstaðirnir geta ekki uppfyllt skilyrðin um framlagið á móti. En þetta er helzt til gagnsætt „bluff“, og við skulum sjá, hvort ekki kemur brtt. við 3. umr.

Hann sagði, að ég hefði séð við nánari athugun, að hér þyrfti að byggja, af því að fólkinu fjölgaði. Ég hefi alltaf vitað þetta. En kemur hann ekki auga á, að hér sé neitt byggt nema verkamannabústaðir? Hann talaði um „villurnar“, hvað þær væru dýrar. En heldur hann þá, að ekki sé búið í þeim? Hér er líka byggt mikið af öðrum húsum, og ef hann hefir ekki tekið eftir þeim, vildi ég biðja hann að líta á nýju göturnar ofan við Skólavörðuholtið. Ég hygg, að hann mundi ekki komast hjá að sjá þar mörg ný hús, þó að það séu kannske hvorki „villur“ eða verkamannabústaðir. Hann minntist á tóbakseinkasöluna og sagði, að það ætti að taka kaupmannagróðann og setja hann í húsbyggingar. Það má segja svo, en það getur þurft að taka hann til annars. Hér er heldur eigi eingöngu um kaupmannagróða að ræða. Hagnaður verzlunarinnar er líka tekinn með hækkuðu verði tóbaksins. Það féll í verði þegar einkasalan var afnumin. Hann sagði, að gerðir hefðu verið samningar um þetta fé, þegar einkasalan var stofnuð. Ég var ekki við þá samninga riðinn, og ef um svik er að ræða nú, þá hefir hann sjálfur svikið áður, eða hans flokkur.

Þá leiddi hv. frsm. mig norður í Skagafjörð og benti mér á hús, sem bændurnir hefðu byggt þar. En ég er hræddur um, að sumir, sem byggt hafa fyrir fé Byggingar- og landnámssjóðs, vildu nú gjarna, að þeir hefðu ekki gert það, og mér leikur grunur á, að maður sá, er hann nefndi, vildi nú fremur hafa byggt á annan veg.

Ég skal ekki ræða mikið um Búnaðarfél., því að um það er margt búið að segja. En að því er snertir samþykkt á áætluninni er það að segja, að þó að það hafi staðið í fjárl. áður, að hún skyldi samþ. af stj., þá hefir það ekki verið gert. Fjvn. hefir séð áætlunina, og við það hefir verið látið sitja. Þetta hefir því ekki verið annað en form, sem vel má sleppa. Aths. í frv. var svo úr garði gerð, að stjórnarflokkarnir gátu ekki samþ. hana, svo að það er bezt fyrir þá, að hún sé strikuð út. Það er heppilegt fyrir þá, að ekki sé mikið um hana rætt, því að hún er einsdæmi í sinni röð.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að handjárn hefðu verið lögð á Búnaðarfél. og Sig Sig. 1923, sem hefði verið klaufi í verzlun þá. Ég man ekki betur en að öll landbn. væri þá sammála um, hvernig kosning í stjórn Búnaðarfél. ætti fram að fara. Annars mun hv. þm. Borgf. geta upplýst þetta, því að hann var í landbn. þá. En það er víst, að ekki kom fram

í umr. eitt orð til andmæla þessu, og þáv. ráðh. Framsfl. lýsti því yfir, að hann gæti fylgt frv. vegna þessarar breyt., en hann gat ekki fylgt því áður, af því að Búnaðarfél. fengi þá of mikil völd. Ef um handjárn hefir verið að ræða, þá hygg ég, að hv. frsm. hafi nú tekið þau til notkunar í sínum flokki. Það var einkennilegt að heyra eina yfirlýsingu, sem hv. frsm. gaf í þessu sambandi, og ég held nú raunar, að það hafi slegið út í fyrir honum þá. Hann sagði, að hinir þingkjörnu menn í stjórn Búnaðarfél. hefðu alltaf síðan 1923 verið á móti bændum. Hver er það, sem hefir verið í þessari stjórn allan tímann? Það er Tryggvi Þórhallsson, maðurinn, sem hv. frsm. hefir hafið til skýjanna öll þessi ár fyrir bændavináttu. Nú segir hann 1934, að þessi maður hafi alltaf síðan 1923 verið á móti bændum. Það er ekki algengt, að menn éti ofan í sig á einni mínútu svo sem 100 blaðagreinar, eins og hv. frsm. meiri hl. hefir nú gert. Ég vona, að honum verði gott af þessari munnfylli.

**Þorbergur Þorleifsson:** Hv. þm. A.-Húnv. þakkaði meiri hl. fjvn. fyrir að hafa mælt með láni til rafveitu í Austur-Húnavatnssýslu, en hann sagði, að þetta væri nú ekki þakkarvert og tók þakklætið aftur, af því hann taldi, að ríkið stæði í svo mikilli skuld út af rafveitum, vegna þess manns, er ríkið hefði sent til eftirlits, eftir því sem hv. þm. segir, með þessu fyrirtæki. Ég er ekki kunnugur þessu máli, en vildi þó fara um það nokkrum orðum af sérstökum ástæðum. Hefir nú nýlega komið bréf til Alþingis frá Erling Ellingsen, manni þeim, sem hv. þm. A.-Húnv. mun hafa átt við, þar sem hann ræðst mjög óviðeigandi á meiri hl. fjvn. fyrir ummæli í nál. um rafmagnseftirlit ríkisins. En þar er aðeins sagt, að það sé mikil óánægja út af þessu eftirliti, og ég vil mótmæla því fyrir mína hönd og allra nm., að verið sé að ráðast ódrengilega á þennan mann. Hinsvegar vil ég að dæmi hæstv. atvmrh. gefa þessum manni færi á að koma hér með sín rök, og ætla ég því, með leyfi hæstv. forseta, að lesa kafla úr þessu bréfi Ellingsens til fjvn. eða Alþingis. Þar segir: 1) „Ég ber enga ábyrgð á þeim ágöllum, sem urðu á rafstöð Sauðarkrókshrepps, heldur einmitt forráðamenn rafveitunnar þar, þ. e. a. s. þeir, sem segir, að málsóknar megi vænta frá, eða þeir, sem sáu um byggingu rafstöðvarinnar, enda var ég aldrei ráðinn ábyrgur eftirlitsmaður verksins, heldur aðeins leiðbeinandi um einstök atriði, og sérstaklega vil ég taka það skýrt fram, að ég hafði lokið þeim leiðbeiningum, er ég var beðinn um, löngu áður en gengið var frá þeim hlutum virkjunarinnar, er síðar biluðu, og var aldrei kvaddur til leiðbeiningar um þau atriði, né að leggja dóm á verkið, 2) að starf mitt við byggingu fyrrgreindra rafstöðva var rafmagnseftirliti ríkisins með öllu óviðkomandi, og er því gersamlega gripið úr lausu lofti, að setja umkvartanir, sem fram hafa komið frá hreppsnefnd Sauðarkrókshrepps út af starfi mínu, á nokkurn hátt í samband við rafmagnseftirlitið eða forstöðumann þess, enda hefir atvinnumálaráðuneytið að athuguðu máli með bréfi til hreppsnefndarinnar, dags. 17. júlí þ. á., vísað fyrrgreindum umkvörtunum hennar frá sér, sem ríkinu og rafmagnseftirlitinu gersamlega óviðkomandi, og neitað um öll fjárframlög af ríkisins hálfu í þessu tilefni".

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, því að eins og ég sagði áðan, hefir meiri hl. fjvn. í nál. ekki á nokkurn hátt hallað á þennan mann, eða lagt dóm á verk hans, en aðeins skýrt frá því, að það hafi verið óánægja með hann, af hvaða rótum sem það hefir verið runnið.

Ég þarf ekki að lengja umr. með því að verja okkur nm. í meiri hl., því að hv. frsm. hefir svarað öllum ásökunum í okkar garð. En fyrst ég tók til máls, vil ég aðeins benda minni hl. fjvn. á það, af því að hv. minni hl. hefir brugðið okkur um hlutdrægni, að í hans till. kemur greinilega fram hlutdrægni í garð Austurlands og skal ég sérstaklega nefna till. hans um sparnað til strandferða. Það mundi hér um bil eingöngu koma niður á Austfirðingafjórðungi, og kemur það mjög illa við, því að sá landshluti hefir áður verið mjög afskiptur fjárframlögum, og má beinlínis rekja erfiða afkomu atvinnurekstrar þar til þeirrar vanrækslu, sem þeim landshluta hefir verið sýnd í því að sjá honum fyrir nægilegum samgöngum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru aðeins örfá orð út af aðfinnslum hv. 1. þm. Skagf. um, að þeir, sem taka laun utan launal., hefðu ekki verið látnir vita, að breyt. á launakjörum þeirra væri fyrirhuguð, og að þess vegna væri ekki hægt að breyta launum þeirra fyrr en 6 mán. væru liðnir af næsta ári. Mun hv. þm. eiga hér við það, að þessum mönnum hefði átt að segja upp, því það var það eina, sem gat flýtt fyrir því máli. Ég get upplýst, að við vildum ekki segja þessum mönnum upp, fyrr en við vissum um undirtektir Alþ. og það hefði látið í ljós vilja sinn gagnvart þeim, sem taka laun eftir launalögum. Sáum við ekki ástæðu til að hrófla við þessu fyrr, en teljum sjálfsagt, að þetta sé undireins fært til samræmis, að svo miklu leyti, sem hægt er. Bjóst ég við, að sparnaðurinn mundi nema um 26 þús. kr., en hann mun tæplega geta náð því, vegna þess að ekki er hægt að lækka laun sumra þessara manna fyrr en árið er liðið. Hér er um 40 menn að ræða, og get ég trúað, að sparnaður gæti orðið um 40 þús. kr., ef lækkunin næði til alls ársins. En þó ekki sé hægt að koma þessu við nú get ég ekki að því gert.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég get verið mjög fáorð, því að ég á hér enga brtt. En það eru fáein atriði viðvíkjandi fjárl., sem ég vildi tala svolítið um.

Í sjálfu fjárlfrv., sem stj. lagði fram, er styrkur til Kvenfélagasambands Íslands færður niður úr 1700 kr. í 1000 kr., en á sömu bls. hefir styrkur til Sambands sunnlenzkra kvenna fengið að halda sér. Ég ætla nú alls ekki að mæla á móti því, að það fái þessar krónur. En hitt get ég ekki annað en undrazt, að hæstv.

stj. skyldi fara að klípa af styrk til hins sambandsins, og neyðist ég því til að bera fram brtt. við það við 3. umr. Ég ætla að sleppa að tala um Blönduósskólann. Það er búið að taka svo rækilega fram, hve örlagarík áhrif það gæti haft fyrir skólann, ef styrkur til hans verður lækkaður. Hv. þm. A.-Húnv. tók fram, að það gæti farið svo, að honum yrði lokað, og er þá illa farið.

Þá vil ég minnast hér lítillega á eina brtt. hv. meiri hl. fjvn. Hefir hún áður verið nefnd í umr., en það er um styrk til Péturs Sigurðssonar til þess að ferðast um og halda uppi bindindisfræðslu. Er viðurkennt, að þessi maður komi miklu góðu til leiðar. Er hann orðinn landskunnur, fólk vill hlusta á hann. Hann talar vel máli bindindisins, sem sízt mun af veita nú, eigi síður en endranær, þegar búast má við nýju áfengisflóði inn í landið í náinni framtíð. Ég tel það illa farið að fella niður þann litla styrk, sem hann hefir haft. Ég hefi heyrt, að það sé ætlazt til, að Stórstúka Íslands greiði honum laun. En þegar þess er gætt, að stórstúkan hefir lítinn styrk, en mikla þörf fyrir aukna starfsemi, er það ekki réttmætt, að ganga á hann og minnka hann á þennan hátt. Ég ætla þess vegna að vona, að hv. þdm. sjái sér fært að láta Pétur Sigurðsson halda þeim styrk áfram, sem hann hafði síðastliðið ár.

Þá kem ég að þeirri brtt. hv. meiri hl. fjvn., sem mikið hefir verið talað um, sem sé niðurfelling styrks til Elliheimilisins á Grund í Rvík. Ég verð að segja eins og er, að ég varð forviða, er ég sá þessa till., því hæði er hér ekki nema um litla fjárhæð að ræða, og í öðru lagi á hún að fara til þess að hjálpa gamla fólkinu, sem ekki getur lengur séð fyrir sér sjálft. Og ég er hér um bil viss um, að ef hv. meiri hl. fjvn. hefði gert sér það ómak að skreppa suður að Grund, og hefði kynnt sér ofurlítið hagi heimilisins og fjárhag stofnunarinnar, þá hefði meiri hl. fjvn. ekki flutt þessar niðurskurðartillögur. Þar eru um 40 örvasa gamalmenni alveg rúmföst, þar eru 10 blindir, 2 alveg heyrnarlausir og stór hópur annara fatlaðra gamalmenna. Sem stendur eru vistmennirnir á Grund rúmlega 130, allt gamalmenni, auk þess 4 sjúklingar um þrítugt og 3 blindir drengir á blindraskólanum, sem leigir þar skólastofu og vinnustofu. Vistmenn á Grund eru að ætt og uppruna úr flestöllum héruðum landsins, þótt flestir þeirra hafi dvalið eitthvað í Rvík áður en þeir komu að Grund. Reykjavík gefur að öllu leyti með 70 vistmönnum og fyrir hönd annara sveitarfélaga með 11, en seytján fá meðgjöf sína beina leið frá öðrum sveitarfélögum eða kaupstöðum en Reykjavík, og nálega 30 gefa með sér sjálfir eða eru á framfæri vandafólks síns, og ennfremur gefur Blindravinafélagið með 4.

Almennasta meðgjöfin er 3 kr. á dag, fyrir þá, sem hafa fótavist, en 4 kr. fyrir rúmliggjandi fólk. Þó borga sumir meira, þeir, sem búa á einbýlisstofum — 115 kr. á mánuði, hafi þeir fótavist. Þessi meðgjöf er talsvert minni en í sjúkrahúsum bæjarins, — 2—4 kr. á dag — en þangað mundi leitað með flestöll rúmföst gamalmenni, ef elliheimilið tæki þau ekki. Og þar sem sjúkrahúsin eru oftast nær fullskipuð og þeim er auk þess óljúft að taka karlæg gamalmenni, ætti elliheimilið að njóta þess hjá fjárveitingavaldinu, — njóta þess helzt svo vel, að unnt væri að losa stofnunina við talsvert af skuldum, sem á henni hvíla, er aftur yrði til þess að gjöld vistmanna gætu lækkað til muna.

Hv. frsm. meiri hl. fjvn. kvartaði um, hvað það væri ógurlega dýrt að vera á elliheimilinu, þótt hann ætti að vita, að þar er langódýrasta sjúkravist í Reykjavík (munurinn 60 kr. til 120 kr. á mánuði). En setjum svo, að hann teldi þetta samt of mikið meðlag, því fer hann þá fram á að fella ríkisstyrkinn? Sér hann ekki, að bein afleiðing þess verður hækkun, en ekki lækkun hjá þeim, sem ætla mætti, að þm. vildi fremur styðja en hitt?

Reykjavík veitir elliheimilinu 8000 kr. styrk á ári, og er auk þess langstærsti viðskiptavinur þess, svo það kemur alls ekki til mála, að hækkað verði meðlag þess fólks, sem Reykjavík gefur með. Hitt mun sennilega gert, ef styrkur til hælisins verður felldur, að hækkað verður meðlag með öllu fólki, sem aðrir kaupstaðir og sveitarfélög gefa með þangað. Þótt sú hækkun verði ekki nema 50 aurar á dag, munar heimilið það meiru en þessum 4000 kr. styrk, (fyrir 28 vistmenn verður sú hækkun alls 5110 kr. á ári). En hreppana allflesta mun muna um að gefa 180 kr. meira á ári framvegis með hverju gamalmenni, sem þeir ráðstafa að Grund, og þykir mér ólíklegt, að sveitarstjórnir og aðrir gjaldendur verði þakklátir hv. meiri hl. fjvn. fyrir þá ráðsmennsku að fella styrkinn til elliheimilisins, til þess að meðlögin með gamla fólkinu þar hækki á þessari einu stofnun í landinu, sem getur tekið karlæg gamalmenni til langdvalar í tugatali.

Ef einhver skyldi halda, að stjórn elliheimilisins mundi óttast, að slík hækkun yrði til þess að aðsóknin minnkaði að hælinu, þá get ég fullyrt, að reynslan mun sanna hið gagnstæða. Aðsóknin er að aukast og fyrirspurnir um hælisvist koma úr fjarlægum héruðum, engu síður en úr nærsveitum. Vistmenn, sem komnir eru að Grund, vilja yfirleitt alls ekki þaðan fara, — og sveitarstjórnir geta hvergi fengið sjúkrahúsvist handa farlama fólki fyrir 4,50 kr. á dag, svo að þar er ekkert að óttast fyrir hælið.

Hitt er annað mál, að Grund er í stórskuldum síðan stórhýsið var reist, greiddi t. d. liðið ár yfir 30 þús. kr. í vexti af þeim skuldum, og ýms sveitarfélög og kaupstaðir aðrir en Rvík eiga erfitt með að standa í skilum. Sem stendur á Elliheimilið t. d. um 11 þús. kr. hjá 14 slíkum „viðskiptavinum“, og mun mikill hluti þess tapað fé.

Varla mun þurfa að geta þess hér, að stofnendur og stjórnendur elliheimilisins taka engan eyri fyrir störf sín fyrir það, og eiga engan eyri í því. Heimilið er alveg sjálfstæð sjálfseignarstofnun.

Auðvitað er það hið mesta misrétti að veita ríkisstyrk tveim litlum elliheimilum, sem taka 18—24 vistmenn hvort, og varla nema úr næsta nágrenni við sig, — en svipta styrk þá einu stofnun, sem getur tekið um 150 gamalmenni

frá öllu landinu. Hafi nokkur ætlað að skeyta skapi sínu á pólitískum andstæðingum með þeirri rangsleitni, þá mistekst það með öllu. Eini sjáanlegi árangurinn verður sá, að einhver fátæk hreppsfélög kunna að hika við að senda vinasnauð og heilsulaus gamalmenni að Grund, en reyna að hola þeim niður heima fyrir, *þar sem enginn má vera að sinna þeim sem* skyldi. Og er þá ráðizt á garðinn þar sem hann er lægstur, ef Alþingi með því að spara 4000 kr., níðist á allslausum gamalmennum.

Frsm. hv. meiri hl. var að minnast á, að nær hefði verið að reisa ódýrt timburhús í sveit fyrir gamla fólkið, heldur en dýrt steinhús í Reykjavík. En mér er spurn, því réðist ekki þessi hv. þm. í það sjálfur, þau árin, sem hann notaði aðstöðu sína til að veita ríkisstyrk til fjölmargra bygginga úti um sveitirnar? Og getur hann bent á viðunandi sjúkrahúsvist í sveit, þar sem allur kostnaður er minni en 4 kr. á dag fyrir hvern sjúkling? Og hvort heldur hann, að sé alþjóð til meira gagns, að reist sé vandað stórhýsi úr steini, er endist öldum saman með tiltölulega litlu viðhaldi, eða einhver ódýr *timburhjallur, sem varla endist hálfa öld, nema* með sívaxandi kostnaði af endurbótum? Sé einhver alvara á bak við skrafið um ódýrt ellihæli uppi í sveit, vil ég að þeir sýni það í verkinu, þeir, sem nú fara með völdin og mestu ráða um ríkisfé sem stendur. Nóg er af gamla örvasa fólkinu, sem fulla hefir þörfina á næði í ellinni og góðri aðhjúkrun, svo það yrði ekki vandi að fylla það, þótt eldri hælin séu fullskipuð. En ef þess háttar tal er ekki annað en fyrirsláttur, til þess að spilla fyrir ríkisstyrk til hælisins hér í Rvík, þá er það lítils virði, og óhætt að segja, að það er hvorki skynsamleg íhugun né heldur mannúð eða velvild til gamla fólksins, sem býr á bak við þess háttar skraf. Ég býst ekki við því, að hv. meiri hl. fjvn. hafi gert sér grein fyrir því, að vinsælt verður það ekki á meðal margra kjósenda þeirra, að svipta þannig aldrað og farlama fólk þeirri hjálp, sem það getur ekki án verið. Ef til vill komast þeir á gamals aldur sjálfir, og skilja kannske þá, hvers virði öldruðu fólki er slík hjálp.

Ég veit varla, hvort ég á að hafa svo mikið við hann *Halldór Laxness, að minnast hans* hér með nokkrum orðum. Ég sé, að nú á enn að hækka styrk hans, og heyri, að hjartnæmt hefir verið um hann talað. Ætlandi væri því, að hann hafi eitthvað til matarins unnið. Nú verð ég að játa, að ég hefi ekki lesið síðustu bókina hans, sem hann skrifaði í „sólskininu á Spáni", eins og hv. frsm. meiri hl. komst að orði í sinni hófleygu ræðu um hinn unga rithöfund, en ég býst ekki við öðru en að hún sé lík hinum bókunum hans. Ég heyrði lesinn kafla úr bókinni í útvarpið og varð ekki hrifin af. Gat ég ekki heyrt af þeim kafla, að um þá framför væri að ræða, að ástæða væri til að verðlauna slík skrif með stórhækkuðum styrk. Ég ætla a. m. k. að athuga þetta nánar og kynna mér betur áður en ég greiði atkv. um viðbótarstyrk hans, þá má vel vera, að mér snúist hugur, ef ég sé greinilega bragarbót. Nú á að sýna leikritið „Straumrof" á næstu dögum, og gefst þá þm. kostur þess að sjá list Halldórs á leiksviði. Sjái ég þar sýnilegar framfarir á efni og meðferð, má vel vera, að ég hugsi mig um tvisvar áður en ég rétti upp hönd á móti styrknum til höfundarins. En því miður hefi ég sáralitla trú á, að svo fari.

***Hannes Jónsson*** [óyfirl.]: Hv. forseti sagði, að ekki mundi vera ástæða til að lengja umr. Þegar hv. þm. Mýr. hélt sína löngu ræðu hér í kvöld, mun hann hafa verið farinn að finna dálitla sektarmeðvitund út af till. í fjárl. um Búnaðarfél. Mátti segja, að ræða hv. þm. Mýr. væri um 2 klst. óslitin röksemd fyrir því, að Búnaðarfél. hafi starfað á þeim bezta og réttasta grundvelli, sem hægt var að finna, einmitt á þeim tíma, sem talað er um, að glundroðinn í félaginu hafi verið mestur. Var þetta keyrt saman með þeim sterkustu rökum, sem hægt var að finna. En þegar botninn kom, var hann fúinn og götóttur, og hygg ég, að hann hafi ekki verið heimaunninn, heldur lánaður frá hv. þm. S.-Þ. En hvort rétti botninn er uppi í Borgarfirði eða þm. sitja á honum hér í d. meðan verið er að ganga frá þessu máli, skal ég láta ósagt.

Það var sérstaklega eftirtektarvert í seinni hlutanum af ræðu hv. þm. Mýr., að hann heldur því fram, að það sé lífsnauðsyn að gera alla starfsmenn Búnaðarfél. óánægða, til þess að lækna það, sem ábótavant er. En því ekki að ráða strax bót á því, sem ábótavant er, þegar allir eru sammála um, að þetta mikla ósamkomulag geri félagið óstarfhæft. Og það eina, sem þarf að gera, er að veita Búnaðarfél. vald til þess að kjósa sína eigin stjórn.

Það er ekki langt síðan því var haldið fram af hv. þm. S.-Þ., að Búnaðarfél. ætti heimtingu á að fá þá leiðréttingu sinna mála. En þegar ekki heppnaðist að smeygja handjárnunum á Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra, þurfti að snúa við blaðinu. Hvernig stendur á, að ekki er afgr. frv., sem nú liggur fyrir Ed., um að veita Búnaðarfél. þessi réttindi? Er setið á því eins og botninum í smíðið hjá hv. þm. Mýr.? Mál þetta hefði áreiðanlega verið afgr., ef stj.-flokkarnir hefðu léð því fylgi. En það er víst *einhver brotalöm á fylgi stj.flokkanna* við þetta mál.

Hv. þm. Mýr. heldur því fram, að nauðsynlegt sé að koma þessu í það ástand, að allir verði óánægðir. Það verður skorið úr því, hvernig skipulag Búnaðarfél. eigi að vera. Hvernig er nú hægt að hugsa sér, að hv. þing geti komið endanlegri skipun á þetta mál? Það er um tvær leiðir að ræða: að splundra félaginu, eða að veita því fullkomið vald yfir málum sínum.

Þeir, sem eru í minni hl., verða að halda áfram að reyna að hafa þau áhrif á hv. Alþ., að þessi stefna þeirra verði ofan á. Verði sú stefna ofan á, að félaginu verði splundrað, þá munu bændur landsins fylkja sér um það að fá leiðréttingu á þessu ranglæti frá hv. Alþ. Hv. þm. S.-Þ. er heldur ekki rólegur, ef Búnaðarfél. fær fullt vald yfir sínum málum. Það verður ekki skorið úr þessu fyrir framtíðina, þótt

ríkisstj. kunni að leggja eitthvað til þessara mála.

Hv. þm. Mýr. hélt því fram, að hér væri engu valdi fyrir að fara, því að það hefði aldrei verið neitt. En ef tekið hefir verið af því það vald, sem gert var 1923, hvers vegna má þá ekki vinna að því, eins og undanfarin þing, að Búnaðarfél. fái þetta vald aftur? Ég vona, að hv. þm. fari ekki að hvika frá þeirri stefnu, sem hann hefir fylgt undanfarin þing, að Búnaðarfél. fái þessi völd í sínar hendur.

Það skaut upp kollinum í síðustu ræðu hv. þm., að það sem aðallega spornaði við því, að hann gæti staðið eins hreinn í þessu máli eins og undanfarið, var það, að fulltrúarnir, sem þingið skipaði í stjórn Búnaðarfél. voru úr öðrum flokki en stj.flokkunum. M. ö. o., ef fulltrúarnir hefðu verið úr stjórnarfl., þá væri ekkert á móti því að veita Búnaðarfél. strax þetta sjálfsagða vald yfir málefnum sínum. Þetta er hans skoðun. Hv. þm. tók það fram út af brtt., sem við flytjum við brtt. hv. meiri hl. fjvn., og við frv. sjálft, að hann kynni betur við báðar þessar brtt. heldur en brtt. hv. meiri hl. n., en þó ætlar hann ekki að greiða þeim atkv., heldur með einhverri annari. Hvers vegna?

Hæstv. forsrh. vildi draga úr sínum fyrri ummælum um Búnaðarfél., m. a. það, sem hann hafði áður sagt, að félagið væri óstarfhæft. Þetta sagðist hann aldrei hafa sagt. Það er gott, ef hann hefir ekkert meint með þessum orðum sínum. Hitt getur hann ekki tekið aftur, að hann sagði þetta.

Ég heyrði ekki ræðu, sem hv. 9. landsk. flutti hér, en mér hefir verið sagt, að hann hafi ráðizt sérstaklega á einn starfsmann Búnaðarfél. Hann talaði m. a. um það, að það væri sýnilegt, hve lítið hann hefði haft að gera, þar sem hann hefði tekið að sér gjaldkerastörf hjá Búnaðarfél. Ég mun ekki verja einstaka starfsmenn félagsins á þeim grundvelli að lasta aðra, en þó vil ég benda á það, að ég tel það ekkert last, þótt starfsmenn Búnaðarfél., sem stjórnarfl. hefðu ekki viljað niðra í neinu, hefðu tekið að sér störf utan félagsins. Viðvíkjandi störfum þessa manns við Búnaðarfél. skal ég taka það fram, að fyrir það verk, sem hann vann að þeirri bók, sem Búnaðarfél. gaf út, fékk hann engin ritlaun. En hinir, sem skrifuðu svipuð rit fyrir félagið, fengu ritlaun, sem nema 100 kr. á örk. Eftir sama taxta hefði þessi maður átt að fá um 3000 kr. fyrir sitt rit. Ég tel ekki ástæðulaust að meta þetta starf hans að nokkru. Þetta sýnir aðeins, hve óréttlát sú árás er, sem gerð er á einstaka starfsmenn Búnaðarfél. Ég skal taka það fram, að það mun engan undra, þótt slíkar ásakanir í garð Búnaðarfél. komi frá þessum erkifjanda bændanna, því að þekking hans í þessu efni mun vera í samræmi við þá hugmynd, sem hv. þm. Mýr. drap á í sinni ræðu, að hann heldur, að nautin verpi eggjum.

Skal ég nú snúa mér að hv. frsm. meiri hl. n. Hann hélt því fram, að við hv. 2. landsk. vildum fara sömu leið og hv. meiri hl., með því að stuðla að takmörkun búnaðarþinganna. Þetta er mesti misskilningur. Brtt. hv. 2. landsk. fer í þá átt, að ríkisstj. geti bundið styrkveitingu til félagsins því skilyrði, að ráðning búnaðarmálastjóra sé staðfest af búnaðarþingi, enda sé hann ekki nema einn. Mína brtt. hefi ég sniðið eftir till. hv. meiri hl. n. og tekið það í hana, sem áður hefir staðið í fjárl., að áætlunin skuli vera samþ. af ráðh. Ég geri þetta ekki fyrir það, að ég telji þetta óhjákvæmilega nauðsyn, en ég vildi hafa þetta atriði með í till., til þess að hv. frsm. gæti ekki haldið því fram, að þessa till. væri ekki hægt að samþ., sökum þess að þessu ákvæði væri sleppt. Hann segir, að það sé misskilningur, að búnaðarþing eigi að samþ. búnaðarmálastjóra, heldur sé það ráðh., því að með því sé aðeins tryggt, að meðan það skipulag fáist ekki, muni Búnaðarfél. óska eftir því að fá sjálft að ráða stjórn sína. Þá er tryggara, að búnaðarmálastjóri sé ráðinn í samræmi við búnaðarþing og stj. Búnaðarfél. Þeir eiga mest undir þessu, og aðrir ekki. Ég mun verða með hverri till., sem lengst gengur í þessu efni. Ég tel, að till. minni hl. n. geri það, þar sem styrkurinn er veittur Búnaðarfél. alveg skilyrðislaust. Næstlengst gengur till. hv. 2. landsk.

Sem þrautatilraun til þess að snúa stjórnarliðinu af villu síns vegar mun ég fylgja þeirri till., sem ég hefi borið fram. Hún er sniðin eingöngu með tilliti til þess að komast eins nálægt þessu og mögulegt er, án þess að skerða rétt Búnaðarfél. í verulegum atriðum. Það er rangt hjá hv. frsm., að Sig. Sig. búnaðarmálastjóri eigi við sömu aðstöðu að búa gagnvart hæstv. stj. og t. d. vega- og vitamálastjóri, ef hann haldi áfram að vera búnaðarmálastj. Aðeins hvað áhrærir nokkurn hluta af störfum hans, er hann líkt settur og þessir menn. Allt meginstarf hans og starfsmannanna á að vera háð búnaðarþingunum, og hann verður þess vegna að standa þeim reikningsskil gerða sinna. Þær 200 þús. kr., sem Búnaðarfél. hefir fengið, hafa verið í höndum búnaðarþinganna. Stj. er því aðeins framkvæmdarvald fyrir þingin, og ekkert annað.

Hv. þm. heldur því fram, að ég hafi ekki trú á því, að unnt sé að ná þessu marki, nema með því að beita þvingunarráðstöfunum. Þetta er ekki rétt. Ég er viss um, að ef hv. þing skilur skyldu sína gagnvart Búnaðarfél. og samþ. að veita búnaðarþingunum vald til þess að velja sína eigin stj., kemur þetta af sjálfu sér. Núv. stj. Búnaðarfél. ætlar sér að skipa einn búnaðarmálastjóra. Ég er viss um, að sú skipun fær samþ. búnaðarþingsins. Að vísu fer því svo fjarri, að ég telji þetta nauðsynlegt til þess að ná þessu takmarki. Ég tel það meinleysu, til þess að fullnægja þessum mönnum, sem efast um, að hægt sé að koma þessu í það horf, sem sjálfsagt er.

Ég þarf ekki að deila um það við hv. þm., hvers vegna því ákvæði hefir ekki verið komið í framkvæmd, að hafa aðeins einn búnaðarmálastjóra. Ég er búinn að skýra það út. Að búnaðarmálastjórar voru hafðir tveir, var neyðarráðstöfun og stafaði af deilu þeirri, sem reis upp í félaginu. Þessi deila er nú horfin, og það er ástæðulaust að vekja hana upp aftur. Hv. þm. gerir það eingöngu til þess að geta haldið áfram árásum sínum á Búnaðarfél., en undir

yfirskini þessarar fölsku ástæðu, sem nú er undir lok liðin. Hann vill vekja upp þennan gamla draug, til þess að geta riðið á honum inn í herbúðir Búnaðarfél. og sundrað þeim félagsskap.

Hv. þm. sagði, að sá eini maður, sem gæti talað gilt úr flokki um þetta, væri Sig. Sig. búnaðarmálastjóri. En hefir hv. þm. athugað, hvaða óskir Sig. Sig. hefir í þessu efni? Ætli þær falli saman við hans óskir? Nei. Hann hefir lýst því, hvernig þróunin hefir orðið í búnaðarfélagsskap okkar. Þessi þróun heldur áfram, en á þessu stigi er ekki hægt að gera ráð fyrir, að skipulagið næði fullkomnari þroska. Sig. Sig. hefir haldið því fram, að búnaðarþingin ein eigi að ráða skipun búnaðarmálastjóra, og þó að hann hafi haldið því fram, að nokkur hluti af þeim verkefnum, sem búnaðarmálastjóri hefir með höndum, væru þannig, að hann þyrfti ekki að standa öðrum skil á því en ráðh., þá er samt engin ástæða til þess að halda því fram, að ríkisstj. eigi að hafa nokkurn ihlutunarrétt um skipun búnaðarmálastjóra.

Hv. þm. talaði um Reykjaskóla. Það er gaman að því, hvernig þessi maður getur alltaf dregið þennan skóla inn í ræður sínar. Hann virðist aldrei ætla að geta hætt að tala um þennan skóla, og samt var það hann, sem átti aðalsökina á því ósamkomulagi, sem komst á í skólanum. Að form. fyrir skólanefnd var ekki skipaður fyrr en eftir að núv. stj. tók við, var fyrir tilmæli frá mér um að láta þetta bíða. Mér datt í hug, að ef hv. þm. S.-Þ. kæmist í þá aðstöðu, að hafa völd í stj. eða áhrif á hana, mundi það bezt skólans vegna, að þeir sömu menn yrðu formenn, af því að ég er viss um, að hvaða form., sem skipaður hefði verið, þá hefðu þessir menn risið gegn skólanum. Ég vildi skólanum vel, og þess vegna vildi ég, að sá maður, sem skipaður yrði, hefði fullkomna samúð þeirra, sem með völd færu. Þegar það var borið undir mig, hver líklegur væri til þess að taka við forstöðu skólans, eftir að núv. stj. tók við, þá tilnefndi ég þann mann, sem skipaður var. Hv. þm. gerði sér mat úr því, að það gæti skeð, að hann ætti eftir að verða eftirmaður minn á þingi. Hann reyndi það síðastl. vor, en tókst það ekki. Ef hv. þm. S.-Þ. hefir löngun til þess að losa mig við þetta starf, þá legg ég til, að hann reyni við mig næst og felli mig frá kosningu, því að líklegt er, að hann gæti náð talsverðu fylgi, þar sem hann er form. síns flokks, en í S.-Þingeyjarsýslu er svo lítið að vinna, þar sem framboðið nægir, þótt þingmannsefnið komi ekki í kjördæmið fyrir kosningar.

Þá hefi ég hrakið stærstu öfgarnar og öfugmælin, sem fram komu hjá hv. þm. á móti búnaðarfélagsskapnum. Skal ég þá að lokum efna loforð mitt við hæstv. forsrh., um að lesa upp fáeinar línur úr því skjali, sem Sig. Sig. skrifaði og hann hefir sinn fróðleik úr. Þetta hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„... Í búnaðarsamböndunum eru öll búnaðarfélög landsins, og þar með allir jarðabótamenn lands vors, 5505 að tölu síðastl. ár.

Á búnaðarþingi sitja því fulltrúar allra hinna starfandi jarðyrkjumanna lands vors. Þessir fulltrúar eru valdir í hinum ýmsu héruðum landsins, og þekkja því glögglega til búnaðarástæðna um land allt, vita hvar skórinn kreppir að, hverjir möguleikar séu til umbóta og framkvæmda á ýmsum sviðum.

Um stjórn og starfsháttu Búnaðarfélagsins verður farið nokkrum orðum. Skipun búnaðarþings, sem fulltrúa hinnar íslenzku bændastéttar, verður vart deilt um, að vel sé fyrir komið, og þar geti gætt áhrifa þeirra, er fram koma um endurbætur á skipulagi og umbótum búnaðar vors. En svo er um framkvæmd allra þessara mála, hvernig er þeim fyrir komið?“

Hér er því lýst, að skipulagið á Búnaðarfél. er orðið eins fullkomið og búast má við. Það er því ástæðulaust að vera að elta félagið fyrir það, að það þurfi að bæta skipulag þess og bylta því öllu við. Ég gæti lesið upp ýmislegt svipað þessu, sem sýnir áhuga Sig. Sig. Það er rétt skilið, og það er rétt frásögn á því, hve miklu hefir verið áorkað með þessu skipulagi, sem þegar er fengið, og hver þroski hefir skapazt af þeim störfum, sem einstakir menn í landinu og félög í sambandinu hafa unnið á meðan verið var að koma félagsskapnum í það horf, sem hann er nú í.

Þetta læt ég duga. Að vísu er meira eftir, en fyrst þessi lognmolla hefir færzt yfir þingið, þá vil ég ekki verða til þess að rjúfa friðinn og stofna til óeirða. Gefist tækifæri til frekari umr., mun ég seinna taka aftur til máls.

**Thor Thors:** Satt er það, að logn er hér í hv. þingi, og ætla ég ekki að stofna til stórviðris hér. Ég ætla aðeins að svara hv. frsm. meiri hl. fjvn. nokkrum orðum viðvíkjandi fáeinum atriðum í ræðu hans, út af þeirri ábyrgðarheimild á láni til rafvirkjunar í Stykkishólmi, sem ég bar fram till. um. Hv. þm. sagði, að í rauninni væri ekki hægt að mæla á móti þeim rökum, sem ég bar fram í þessu efni. Hann sagðist í rauninni vera málinu sjálfu fylgjandi, en þó ætlaði hann að greiða atkv. á móti því. Hann vildi halda því fram, að þessu ætti að fresta, þangað til betur léti í ári. Ef þessu máli á að fresta, getur vel farið svo, vegna þeirrar sérstöku ástæðu, að nýja sjúkrahúsið þar á staðnum verður að fá rafmagn jafnskjótt og það tekur til starfa, að sá frestur verði eyðileggjandi og framkvæmd málsins um seinan. Ég vil benda hv. þm. S.-Þ. á það, ef hann er vakandi einhverstaðar hér í nánd, að það er ekki rétt að fresta framkvæmdum, ef illt er í ári. Á krepputímum er einmitt ástæða til þess að hefja framkvæmdir. Sérstaklega er rétt á slíkum tímum að taka fé til láns, vegna þeirrar staðreyndar, að þá er fé ódýrara á peningamarkaðinum, sökum minnkandi eftirspurnar. Sérstaklega er þetta nauðsynlegt á krepputímum, eins og nú, þegar atvinnuvegir einstaklinganna eru ekki eins færir um að sjá landsmönnum fyrir atvinnu eins og ella. Þá er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að efla opinberar framkvæmdir.

Af þessum 165 þús. kr., sem áætlað er, að þessi rafvirkjun muni kosta, verða 66 þús. kr.

a. m. k. eftir í landinu sjálfu í beinu framlagi til verkafólksins. Hrein vinnulaun vegna rafvirkjunarinnar eru ekki minni en 66 þús. kr. Þetta skapar aftur aukna kaupgetu í landinu og vinnu, sem ekki er vanþörf á að auka á þessum tímum, sem við eigum nú við að búa. Þegar svo fer að rofa til fyrir framkvæmdum einstaklinga og þess opinbera, þá er kominn tími til þess að fara að borga af lánunum, sem tekin hafa verið.

Hv. þm. sagði, að það vantaði peninga til þessarar greiðslu. Það á ekki að borga neitt strax, en taka féð að láni, og það er aðeins farið fram á það, að ríkið láti sína ábyrgð í té. Við það, að þetta lán er tekið, rennur í þjóðarbúið nýr erlendur gjaldeyrir, sem verzlunina vanhagar mjög um einmitt á þessum tímum.

Hv. þm. sagði, að fé til greiðslunnar vantaði, vegna erfiðleika afurðasölunnar. Ég vil benda hv. þm. á það, að þótt ekkert yrði úr þessum framkvæmdum, *er samt óhjákvæmileg nauðsyn* að borga fé út úr landi til þess að kaupa fyrir erlendar vörur. Eins og nú hagar, þarf að kaupa árlega olíu til rafmagnsstöðvarinnar í Stykkishólmi fyrir 3500 kr. og til annara þarfa í sama kauptúni þarf að kaupa af sömu vörutegund fyrir 6600 kr. árlega. Á þessum síðastnefndu kaupum telja kunnugir, að árlega mætti spara um 5200 kr., ef fullkomin rafvirkjun væri komin á fót. Nú þarf að kaupa kol til kauptúnsins fyrir 22500 kr. Ef rafvirkt yrði mundi þar geta sparazt 12300 kr. Eftir virkjunina verða árlegar greiðslur rafmagnsstöðvarinnar til útlanda 13200 kr. í vexti og afborganir, og 2000 kr. í viðhaldskostnað. Samtals verður þetta 15200 kr., svo að það eru 5800 kr., sem minna þyrfti til kaupa á erlendum vörum, ef stöðin kæmist upp. Það virðist því einnig af þessari ástæðu rétt að snúa sér að þessari virkjun. Hv. þm. vildi benda á, til samanburðar við þetta, að í hans kjördæmi væru 14 bæir, sem vildu fá rafmagn, en hann væri svo fórnfús að berjast ekki fyrir þessu vegna þess, að hann vissi, að ekki væri fé fyrir hendi til þess. Ég álít þetta ekki sambærilegt. Hér er aðeins um 14 bæi að ræða, en í Stykkishólmi eru 600 íbúar, auk þess sem bændur í Helgafellssveit og á Skógarströnd mundu njóta góðs af virkjuninni. Og meginatriðið er, að sjúkrahúsið getur ekki tekið til starfa, ef það fær ekki rafmagn, en það er hagsmunamál allra nærsveita, að það geti tekið til starfa.

Ég hefi áður tekið fram, að hér er ekki farið fram á annað en það, sem aðrir landshlutar hafa fengið. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta, enda fáir á fundi og kl. orðin þrjú að nóttu. Fullveldisdagurinn er *runninn upp og menn væntanlega komnir í hátíðarskap.* Ég vænti því þess, að hv. þm. minnist þess nú, að þeir eru ekki aðeins þm. ákveðins flokks, heldur líka þm. allrar þjóðarinnar, og það verði til þess að hvetja þá til að sýna réttlæti í þessu máli.

**Þorsteinn Briem:** Ég á brtt. á þskj. 602, XXIV. lið, við 22. gr. Brtt. hljóðar um: „Að greiða úr ríkissjóði framlag til verðjöfnunarsjóðs til aukaverðuppbótar á útflutt kjöt af framleiðslu ársins 1934, allt að þeirri upphæð, er aðrar tekjur sjóðsins nema það söluár, ef verð á því kjöti verður tilfinnanlega lágt, svo að verðjöfnunarsjóður hrekkur hvergi nærri til að bæta upp verð útflutta kjötsins til samræmis við kjötverð á innlendum markaði".

Á síðasta hausti voru menn allbjartsýnir í þessum málum, og byggðist það á því, að menn vonuðu, að verðjöfnunargjaldið mundi nægja til þess að útflutta kjötið kæmist í sæmilegt verð. Þessar vonir hafa því miður brugðizt.

Verðjöfnunarsjóður er ekki enn orðinn nema um 50 þús. kr., og þeir, sem djarfast vona um vöxt hans, ætla, að hann geti orðið 130—150 þús. kr.

Á þessu ári hefir alls verið slátrað á landinu 380 þús. fjár. Af freðkjöti munu ætluð til útflutnings um 1300 tonn, en af saltkjöti um 850 tonn. Alls mun því flutt út um 2200 tonn, eða *kringum 2¼ millj. kg.*

Söluhorfur eru ekki glæsilegar nú og lítil líkindi til, að bændur fái meira en 50 au. fyrir saltkjötið og 60—70 au. fyrir freðkjötið. Verðjöfnunarsjóður kemur því til með að hrökkva skammt, og það er sýnilegt, að þeir bændur, er flytja út kjöt sitt, fá minna fyrir það en í fyrra. Þá er og þess að geta, að bændurnir á því svæði, sem aðallega þarf að búa við erlenda markaðinn, urðu margir fyrir stóru tjóni síðastl. vor vegna fjársýki og þar af leiðandi vanhalda. Ofan á það bættust svo hinir stöðugu óþurrkar síðastl. sumar, og samfara þeim skemmdir á heyjum, svo að bændur í þessum landshlutum verða að kosta mjög miklu til við fóðurbætiskaup. Þegar svo stendur á, hefðu bændurnir á Norður- og Austurlandi sannanlega haft fremur á öðru þörf en verðlækkun á afurðum sínum.

Í Ed. bar ég fram till. um, að úr þessu yrði bætt í sambandi við kjötl., en það þótti eiga betur við, að till. væri flutt sem brtt. við fjárl. en við frv. sjálft, og þess vegna flyt ég nú hér þessa till.

Með þessu á að stuðla að því, að bændur fái það verð fyrir afurðir sínar, að þeir geti lifað af atvinnu sinni. Þetta er því sanngjarnara, þar sem sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að halda uppi verðgildi peninganna, og verðið mundi vera hærra, ef þeim ráðstöfunum hefði ekki verið beitt. Þessi styrkur er því uppbót til framleiðenda fyrir það, að genginu er haldið uppi með opinberum ráðstöfunum. Ég vænti því þess, að þessi till. verði athuguð með velvilja, því að hér er þörf aðgerða.

Hv. 9. landsk. var hér með glósur, bæði til *min og Búnaðarfél.* Enda þótt þessi hv. þm. sé nú í rauninni ekki svaraverður, ætla ég að víkja að honum nokkrum orðum. Hann talaði um skozku nautin og fann að því, að fulltrúa S. Í. S. hefði verið falið að annast innkaupin. Honum var nú ekki falið það upp á eindæmi, heldur eftir leiðsögn fulltrúa í Búnaðarfélagi Skotlands, sem hann átti að hafa til ráðuneytis. Ég hygg, að þótt við eigum góða búfjárræktarfræðinga, þá munu þeir ekki vera betri

en þessi erlendi kunnáttumaður í búfjárræktinni, sem áður hefir verið fulltrúa Bf. Ísl. til aðstoðar, m. a. við kaup skozka sauðfjárins. Þm. sagði, að ekki hefði verið keypt annað en tarfar. Ég get upplýst það, að keypt var naut og kvíga af Galloway-kyni, einn nautkálfur af stutthyrningakyni, annar af skozku hálendingskyni og þriðji af Aberdeen-Anguskyni. Þessi innkaup voru gerð eftir bendingu skozka búfjárræktarfræðingsins, sem ég áður nefndi, og ætla ég, að ekki hafi til annara verið betra að leita í þessu efni.

Nautkálfarnir voru keyptir til þess að vita, hvern árangur mætti fá hér af einblendingsrækt til slátrunar, og var ákveðið, að fleiri skyldu keyptir síðar, ef vel tækist.

Þá talaði þessi hv. þm. um kaupin á karakúlfénu. Um þessi kaup var fylgt ráðum þýzkra sérfræðinga, og hverri kind fylgdi ættartala og öll nauðsynleg vottorð frá erlendum sérfræðingum. Þá réðist þessi sami hv. þm. á hrossaræktarráðunautinn fyrir það, að hann hefði tekið að sér launað aukastarf fyrir 100 kr. á mánuði. Og mun hv. þm. þar hafa átt við, að ráðunauturinn hefir tekið að sér í bili a. m. k. að gegna gjaldkerastörfum hjá Bf. Ísl. og fær dálitla aukaþóknun fyrir þessa vinnu, sem áður var sérstakt starf. Ég hygg, að hv. þm. hafi hér höggið nokkuð nærri sjálfum sér. Ég veit ekki betur en þessi hv. þm. hafi embætti í þjónustu ríkisins, en hafi aukastörf, sem borguð eru a. m. k. þrisvar sinnum hærra en þessi aukastörf ráðunautarins.

Þá var hv. 9. landsk. með örökstuddar dylgjur um, að hlutdrægni væri beitt við úthlutun styrkja til búnaðarsambandanna. Vil ég vísa þessum ummælum hans heim til föðurhúsanna. Hann talaði um að koma nútímaskipulagi á Búnaðarfél. Ég veit ekki betur en að allir skynbærir menn í þessu efni telji skipun og starf Bf. Ísl. fyllilega nútímabært, og vil ég því vísa þessu heim líka.

Þá kem ég að hv. forsrh. og ummælum hans um Búnaðarfél. Hann dró úr sínum fyrri orðum um, að félagið væri ekki starfhæft, en reyndi að afsaka sig með því að segja, að það gæti ekki talizt starfhæft, ef eitthvað yrði að því fundið. Telur hv. forsrh., að hann sé óstarfhæfur, þótt eitthvað megi finna að störfum hans? Hann sagði, að Sigurður Sigurðsson hefði ekki fengið það starfssvið, að hann gæti notið sín. Ég hygg, að mikið og jafnvel ómetanlegt gagn hafi verið að starfi Sig. Sig. hin síðustu ár, enda hefir félagið notið sín mjög vel og komið stórmiklu í verk, eins og kom fram í skýrslum hv. þm. Mýr. Það verður ekki til peninga metið, hvað félagið hefir starfað fyrir jarðrækt og búfjárrækt landsins.

Þá lét hv. ráðh. sér sæma að feta í fótspor þess þm., er talaði á undan honum, og sagði, að einn ráðunauturinn hefði ekki mætt í skrifstofu sinni í langan tíma. Þessi ráðunautur hefir skrifstofu heima hjá sér. Hann vinnur að skýrslugerð um fóðurbirgðir, ættartölum í hrossaræktinni og hefir þar m. a. á skrá um 1000 úrvalshross. Auk þessa stendur hann í stöðugum bréfaviðskiptum við menn úti um land. Ég ætla, að að þessum störfum megi vinna í hvaða skrifstofu sem er. Annars mun þessi ráðunautur vera í skrifstofu Bf. þann tíma, sem skrifstofan er opin, og oft eftir það, þegar hann er ekki á ferðalögum í þarfir Bf. Þá vinnur þessi maður að sýningum, og kennslubók hefir hann samið í sérgrein sinni hana bændaskólunum og almenningi. Hefir bók þessi hlotið almannalof. Hv. forsrh. átaldi félagið fyrir afskipti þess af loðdýraræktinni og fyrir að skipa mann fyrir ráðunaut í þessari grein, sem jafnframt væri framleiðandi. Ég held, að þessi maður sé ekki framleiðandi á þessu sviði; það má vera, að faðir hans sé það, en ég tel það engan galla, þótt hann hafi tækifæri til að vinna að refarækt á heimili sínu og fái þannig daglega reynslu. Ég álít, að það veiti því betri trygging fyrir því, að hann sé starfi sínu vaxinn.

Annars er það um afskipti Búnaðarfél. af refaræktinni að segja, að Bf. Ísl. hefði kannske átt að taka þetta fyrr í sínar hendur. Það var yfirsjón, að fyrstu refirnir voru fluttir inn eftirlitslítið frá norskum refabúum, og ekki vandað svo til valsins sem æskilegt hefði verið. Annars situr sízt á hæstv. landb.ráðh. að átelja fyrirrennara sinn í þessu efni, því að ég setti fyrstur allra ströng skilyrði um innflutningsleyfi á silfurrefum. Þess var krafizt, að þeir refir, sem fluttir væru inn, væru annaðhvort sjálfir verðlaunadýr eða undan völdum verðlaunadýrum. Það má vera, að þessum skilyrðum hafi ekki alltaf verið fullnægt, og átti þó dýralæknir að gæta þess, en þeir, sem fullnægðu ekki að öllu þessum reglum, urðu að láta af höndum skriflega drengskaparyfirlýsingu um það, að þeir lóguðu dýrunum næsta haust, ef þau reyndust ekki vel, að dómi ráðunautarins.

Þá kem ég að deilunni um stjórn Bf. Ísl. í sambandi við hina margumtöluðu klásúlu forsrh. Deilan snýst um það, hvort yfirráð yfir Búnaðarfél. eigi framvegis að vera hjá Alþingi og stj. eða hjá búnaðarþingi, eins og lög félagsins mæla fyrir um og búnaðarþingið hefir jafnan óskað. Búnaðarþingið er skipað fulltrúum bænda og á að mínum dómi að vera æðsta vald í öllum búnaðarmálum. Öðru kann að gegna um þau mál, sem ráðuneytið felur Búnaðarfél. að annast fyrir sína hönd, eins og t. d. útreikning á jarðræktarstyrknum, því að þar getur landsstj. haft það eftirlit, sem hún óskar.

Það hefir verið stöðug ósk búnaðarþingsins, að það fengi allt vald yfir Búnaðarfél. í sínar hendur. Allir gömlu flokkarnir eru samsekir um, að þetta er ekki orðið svo fyrir löngu. En um þá afstöðu Bændafl., að hann styður sjálfstæði Búnaðarfél., þarf ekki annað en að vitna í fyrstu starfsskrá flokksins.

Hæstv. forsrh. átaldi mig fyrir að skipa þá menn í stjórn Búnaðarfél., sem þar átti að skipa samkv. lögum, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis. Þetta var bein skylda mín. Hitt er ekkert annað en blekking, að þessi skipun gildi áfram, þótt Alþingi breyti nú jarðræktarlögunum þann veg, að búnaðarþingið fái æðsta vald yfir félaginu. Við þá breytingu fellur auðvitað þessi skipun niður af sjálfu sér.

En það vil ég heldur telja mér til kosta en hitt, að hafa farið eftir lögum.

Þá gerði hæstv. ráðh. sér tíðrætt um álit Sigurðar búnaðarmálastjóra, sem hann lagði fyrir búnaðarþing 1933. Ég hefi nú lesið þetta álit og get fullyrt, að frásagnir hæstv. ráðh. um þetta eru algerlega villandi. Aðaltillögur Sigurðar gengu einmitt í þá átt, að búnaðarþing fái æðsta vald í málum Búnaðarfél. og þær hömlur, sem nú eru því til fyrirstöðu í löggjöfinni, verði numdar burtu hið bráðasta. Hæstv. ráðh. sleit hér ýmislegt út úr samhengi, svo sem eins og það, að verksvið hinna tveggja búnaðarmálastjóra séu ógreinilega aðgreind. Ég held, að það sama mætti nú segja um stjórnarráðið sjálft, að þar séu ekki alltaf glöggar markalinur milli ráðuneytanna, svo að sama málið geti stundum heyrt undir tvö ráðuneyti, en með góðri samvinnu, eins og er í Búnaðarfél., leysast slík mál greiðlega, þótt *markalinurnar séu ekki alveg glöggar.*

Sigurður Sigurðsson leggur einmitt til, að Búnaðarfél. ráði sjálft lögum þeim og reglum, sem það starfar eftir, og hafi hið sama lýðræðisfyrirkomulag og ákveðið er í lögum þess, þótt þeim lögum hafi ekki fengizt fullnægt vegna þeirra ákvæða í jarðræktarlögunum, að stjórn Búnaðarfél. skuli að ⅔ vera skipuð af landbúnaðarnefndum beggja deilda Alþingis. Þótt Sig. Sig. benti á einstaka atriði, sem hann vildi breyta, staðfesta þær undantekningar aðeins regluna.

Í sömu átt stefna og þær. till., sem fram hafa komið hér. Minni ég þar sérstaklega á brtt. hv. 2. landsk., að Búnaðarfél. skuli ráða öllum sínum málum sjálft, og þá einnig því, hver er búnaðarmálastjóri.

Ríkisstj. ætti að láta af þeim ofbeldishug, sem hún hefir sýnt í þessu máli, og styðja lýðræðisskipulag Búnaðarfél. skv. þess eigin lögum. Búnaðarþingið er eins fært til að stjórna sjálft málum félagsins eins og þeir, sem ofsækja það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 522 og 540, 508, 543, 582, 602, 613, 625, 628, 633).

**Jörundur Brynjólfsson:** Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann láti ekki útbýta þingskjölum meðan á atkvgr. stendur.

**Forseti (JBald):** Það væri bezt að fresta útbýtingu þingskjala þar til í fundarlok.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 508,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 602,I.1 tekin aftur.
— 508,2 samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 508,3 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 543,1 felld með 25:18 atkv.
— 602,I.2 tekin aftur.
— 508,4 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 508,5 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 508,6 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 508,7 samþ. með 40 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 508,8 samþ. með 40 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 508,9 tekin aftur.
— 508,10 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 508,11 samþ. með 38 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 508,12 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 508,13 samþ. með 34:4 atkv.
— 508,14 tekin aftur.
11. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 508,15.a—c samþ. með 46 shlj. atkv.
— 508,16.a samþ. með 35 shlj. atkv.
— 508,16.b samþ. með 46 shlj. atkv.
— 508,17 samþ. með 26:18 atkv.
— 508,18 samþ. með 25:20 atkv.
— 508,19 samþ. með 25:19 atkv.
— 508,20 samþ. með 25:18 atkv.
— 543,2 felld með 25:17 atkv.
— 602,I.3.a—b felld með 25:22 atkv.
— 508,21.a—b samþ. með 44 shlj. atkv.
— 508,22 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 508,23 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 602,II tekin aftur.
— 508,24 samþ. með 44 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 508,25 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 508,26 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 602,III felld með 25:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ.

**nei:** BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, JBald.

Brtt. 602,IV tekin aftur.
— 602,V.a (aðaltill.) felld með 25:19 atkv.
— 602,V.a (varatill.) felld með 25:23 atkv.
— 602,V.b (aðaltill.) felld með 26:16 atkv.
— 602,V.b (varatill.) felld með 25:20 atkv.
— 508,27.a samþ. með 48 shlj. atkv.
— 508,27.b samþ. með 45 shlj. atkv.
— 508,28.a samþ. án atkvgr.
— 508,28.b samþ. með 40 shlj. atkv.
— 602,VI felld með 25:19 atkv.
— 508,29 samþ. með 30:2 atkv.
— 508,30 samþ. með 34:1 atkv.
— 602,VII (aðaltill.) felld með 25:14 atkv.
— 602,VII (varatill.) felld með 28:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ.

**nei:** HG, HermJ, HV, IngP, JÓl, JónP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, JBald.

Brtt. 508,31 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 508,32 samþ. með 29:3 atkv.
— 508,33 samþ. með 27:7 atkv.

Brtt. 508,34 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 602,VIII.a felld með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh.
nei: HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, JBald.
ÁÁ greiddi ekki atkv.
Brtt. 602,VIII.b felld með 25:20 atkv.
— 508,35.a—b samþ. með 45 shlj. atkv.
— 508,36.a samþ. með 32:2 atkv.
— 508,36.b samþ. með 33 shlj. atkv.
— 508,36.c samþ. með 44 shlj. atkv.
— 508,37 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 602,IX felld með 25:12 atkv.
— 508,38 samþ. með 25:13 atkv.
— 543,3 felld með 25:21 atkv.
— 508,39.a samþ. með 47 shlj. atkv.
— 508,39.b samþ. með 26:20 atkv.
— 508,40 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 508,41 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 602,X (aðaltill.) felld með 25:9 atkv.
— 602,X (varatill.) felld með 25:19 atkv.
— 602,XI.a—b felld með 25:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ.
nei: BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, JBald.
Brtt. 602,XII.a—b felld með 25:16 atkv.
— 625 þar með fallin.
— 602,XIII.a—b felld með 25:16 atkv.
— 508,42 samþ með 45 shlj. atkv.
— 508,43 samþ. með 35 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 508,44 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 508,45 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 602,XIV felld með 25:19 atkv.
— 543,4 felld með 26:20 atkv.
— 508,46 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 508,47.a samþ. með 25:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, JBald.
nei: GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ.
Brtt. 508,47.b samþ. með 31 shlj. atkv.
— 508,48.a samþ. með 32:2 atkv.
— 508,48.b samþ. með 37 shlj. atkv.
— 508,49.a—b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 543,5 felld með 28:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GÍ, JakM, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ.
nei: ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, JBald.
GL, GTh greiddu ekki atkv.
Einn þm. (JJós) fjarstaddur.
Brtt. 543,6 felld með 25:12 atkv.
— 543,7 felld með 25:16 atkv.
— 508,50 samþ. með 26:2 atkv.
— 508,51.a samþ. með 29:4 atkv.
— 508,51.b samþ. með 31 shlj. atkv.
— 508,52 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 508,53 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 602,XV (aðaltill.) felld með 25:8 atkv.
— 602,XV (varatill.) felld með 25:21 atkv.
— 508,54 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 543,8 felld með 25:14 atkv.
— 508,55 samþ. með 26:6 atkv.
— 508,56.a—b samþ. með 47 shlj. atkv.
— 602,XVI (aðaltill.) felld með 25:8 atkv.
— 602,XVI (varatill.) felld með 25:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh.
nei: HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, JBald.
Brtt. 508,57 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 602,XVII felld með 25:19 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 508,58 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 508,59 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 508,60.a samþ. með 33:1 atkv.
— 508,60.b samþ. með 41 shlj. atkv.
— 508,61.a—b samþ. með 42 shlj. atkv.
— 508,62.a samþ. með 39 shlj. atkv.
— 508,62.b samþ. með 34 shlj. atkv.
— 508,63 samþ. með 33:1 atkv.
— 602,XVIII felld með 25:20 atkv.
— 508,64 samþ. með 28:7 atkv.
— 508,65.a samþ. með 27:11 atkv.
— 508,65.b samþ. með 37 shlj. atkv.
— 508,66 samþ. með 27:6 atkv.
— 602,XIX felld með 25:10 atkv.
— 602.XX.1 samþ. með 26:16 atkv.
— 508,67 samþ. með 35:1 atkv.
— 508,68 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 508,69.a samþ. með 39 shlj. atkv.
— 508,69.b samþ. með 40 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 543,9 felld með 26:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ, HannJ, JAJ, JÓl, JónP.
nei: JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JBald.
MT, GL, GTh, JakM,[1]) JJós greiddu ekki atkv.
Brtt. 543,10 felld með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG,

1) **JakM**: Ég hefi í hyggju að bera fram brtt. við þennan lið við 3. umr., og greiði því ekki atkv.

MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh.
nei: HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, JBald.
MT greiddi ekki atkv.
Brtt. 633 felld með 25:24 atkv.
— 628 felld með 25:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ.
nei: IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, JBald.
Brtt. 582,1 samþ. með 26:16 atkv.
— 508,70 tekin aftur.
— 602,XX.2.a—b samþ. með 26 shlj. atkv.
— 602,XXI.a—b tekin aftur.
— 543,11 felld með 29:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP.
nei: JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HG, HermJ, HV, IngP, JBald.
Brtt. 508,71 samþ. með 25:7 atkv.
— 543,12 felld með 28:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh.
nei: PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, JBald.
HannJ greiddi ekki atkv.
Brtt. 508,72 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 508,73 tekin aftur.
— 508,74 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 508,75 samþ. án atkvgr.
— 508,76 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 508,77 samþ. með 26:7 atkv.
— 508,78 samþ. með 33:4 atkv.
— 508,79 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 508,80 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 508,81 samþ. með 39:1 atkv.
— 602,XXII felld með 28:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞÞ.
nei: BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, JBald.
BSt greiddi ekki atkv.
Brtt. 508,82 samþ. án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 508,83.a—b samþ. með 37 shlj. atkv.
— 508,84 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 508,85 samþ. með 27:18 atkv.
— 508,86 samþ. með 28:1 atkv.
Brtt. 508,87 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 508,88.a—b samþ. með 27:1 atkv.
— 508,89 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 508,90 samþ. með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, JBald.
nei: JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ.
Einn þm. (PM) fjarstaddur.
17. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 613,I.1 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 508,91 þar með ákveðin.
— 613,I.2 samþ. án atkvgr.
— 613,I.3 samþ. án atkvgr.
— 508,92 samþ. án atkvgr.
— 508,93 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 508,94.a tekin aftur.
— 508,94.b—c samþ. með 42 shlj. atkv.
— 508,95 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 508,96 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 508,97 tekin aftur.
— 508,98 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 508,99 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 508,100.a—b samþ. með 40 shlj. atkv.
— 508,101.a—c samþ. með 37 shlj. atkv.
— 508,102 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 508,103 samþ. með 26:2 atkv.
— 508,104.a samþ. með 30:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MG, MJ, MT, PHerm, PÞ, PM, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, JBald.
nei: JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, ÞÞ, GÍ, GL.
HannJ, PZ, ÞBr, GÞ, GSv greiddu ekki atkv.
Brtt. 508,104.b samþ. með 35:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GTh, HG, HermJ, HV, IngP, JÓl, JG, JJ, JörB, MG, MT, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, SK, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞÞ, JBald.
nei: GÍ, JS.
GSv, GL, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JónP, MJ, PHalld, PM, TT, ÞBr greiddu ekki atkv.
Brtt. 508,104.c—e samþ. með 33 shlj. atkv.
— 613,I.4 samþ. án atkvgr.
— 508,105 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 613,I.5 samþ. án atkvgr.
— 602,XXIII felld með 25:20 atkv.
— 508,106 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 508,107 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 508,108.a—b samþ. með 39 shlj. atkv.
— 508,109 samþ. án atkvgr.
18. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 602,XXIV felld með 29:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, GL, GTh, HannJ,[2]) JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MT, ÞBr, ÞÞ.
nei: FJ, GG, HG, HermJ,[1]) HV, IngP, JakM, JG, JJ, JörB, MJ, PHerm, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, JBald.
GÍ, JJós, ÓTh, PM, PO, SK, TT greiddu ekki atkv.

Brtt. 602,XXV tekin aftur.[3])
— 602,XXVI samþ. með 35 shlj. atkv.
— 508,110, svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
— 602,XXVII tekin aftur.
— 508,111.a samþ. með 32 shlj. atkv.
— 508,111.b samþ. með 34 shlj. atkv.
— 508,111.c samþ. með 37 shlj. atkv.
— 508,111.d samþ. með 32:3 atkv.
— 508,111.e samþ. með 34 shlj. atkv.
— 582,2.a samþ. með 34 shlj. atkv.

**Jakob Möller:** Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. V.-Ísf. hvort það sé hans meining að taka sína till. aftur fyrir fullt og allt eða bera fram aðra till. við 3. umr. Ef svo er, þá ætti þessi brtt., 582,2.b, að bíða til 3. umr.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég hefi tekið mína till. aftur til 3. umr., en mun þá bera fram varatill. Mér finnst réttast, að hv. fjvn. vilji taka aftur þessa till., og það eru tilmæli mín, að n. láti hana bíða.

**Jónas Jónsson:** Í frv. stj. er byggt á því, að till. eins og þessi nái fram að ganga. Við hana er viðbótartill., sem ég hygg, að verði að samþ., ef fyrri liðurinn er samþ. Eins og þetta lá fyrir fjvn. óskar hún ekki eftir öðru en að þessir liðir báðir komi til atkv.

**Magnús Guðmundsson:** Ég hefi aths. að gera við einn lið till., og mér finnst fara bezt á því, að till. í heild verði geymd til 3. umr. Ég vona, að hv. meiri hl. n. hafi ekkert við það að athuga.

**Jakob Möller:** Mér skilst, að það skipti engu máli, hvort byggt er á því í frv. stj. Hinsvegar skilst mér, að allir ættu að geta orðið sammála um að láta þessa till. bíða, fyrst því hefir verið lýst yfir, að brtt. verði borin fram við 3. umr.

**Jónas Jónsson:** Hér eru uppi tvær stefnur. Önnur er sú, að láta dýrtíðaruppbótina haldast eins og hún er, en hin er sú, sem kemur fram í þessari till. Stj. er hér samþykk meiri hl. n., og þessi till. er komin fram í áframhaldi af því. Þess vegna er ekki um annað að gera en að ganga til atkv. og láta fara sem auðið verður, hvort till. verður felld eða samþ.

**Jakob Möller:** Mér skilst, að það hafi farið fram samkomulag á bak við, að hv. þm. V.-Ísf. tæki aftur till. sína. Mér skilst, að með því að fá hv. þm. til að taka till. aftur sé verið að hlunnfara hann að fá þessa till. samþ. og binda þannig atkv. þm. fyrirfram. Ég sé ekki heldur, að það sé útilokað fyrir meiri hl. n. að geyma till. til 3. umr.

**Magnús Torfason:** Ég sé ekki betur en að það sé a. m. k. prentvilla síðast í þessari till. Þar stendur „þó aldrei hærri en svo, að laun ásamt dýrtíðaruppbót nemi meiru en 5000 kr.“

**Ólafur Thors:** Það má kannske álíta, að þessi till. sé skárri en sú till., sem stj. hafði í fjárlfrv. En þar sem hv. þm. V.-Ísf. hefir boðað aðra till., sem gengur lengra í réttlætisáttina og ég mun greiða atkv. með, þá mun ég greiða atkv. á móti þessari till.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég er með því, að greidd sé dýrtíðaruppbótin. En þessi mælikvarði, sem hér er notaður, er algerlega á móti mínu skapi. Þess vegna greiði ég atkv. á móti brtt.

Brtt. 582,2.b samþ. með 28:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JBald.
nei: JAJ, ÓTh, SK, ÁÁ, GÍ, JakM, JJós, JÓl, JS, MG, MJ, MT, PHalld, TT, ÞÞ, BJ, GÞ, GSv, GL, GTh, HannJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 582,2.c samþ. með 32:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GG, GTh, HG, HermJ, HV, IngP, JÓl, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ,

---

1) **Forsrh:** Út af brtt. við fjárl. frá 3 þm. um heimild handa ríkisstj. til þess að greiða úr ríkissjóði aukauppbót á útflutt kjöt af framleiðslu ársins 1934 vill ríkisstj. taka þetta fram til viðbótar þeim yfirlýsingum, sem hún hefir áður gefið um þetta mál:

Ennþá er ekki seldur nema nokkur hluti kjöts þess, sem seldur verður á erl. markaði af framleiðslu þessa árs, og því ekki vitað um úrslit kjötsölunnar fyrir þetta ár. Öruggt er heldur ekki, að heimild til greiðslu í verðjöfnunarsjóð komi að notum, nema ríkisstj. sé jafnhliða séð fyrir tekjum til að mæta greiðslunum. Tekjuöflunar er ekkert getið í sambandi við till. og ekki líklegt, að slík tekjuöflun geti gengið fram á þessu þingi, m. a. vegna þess, að enginn veit, hver upphæð kann að vera nauðsynleg í þessu skyni í byrjun næsta þings, sennilega í marz, verður komin frekari vitneskja um úrslit kjötsölunnar, og mun ríkisstj. þá, ef verðjöfnunargjaldið skapar ekki viðunandi verðjöfnun, beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum og jafnframt bera fram till. til tekjuöflunar til að standast framlög þau til verðjöfnunarsjóðs, sem honum yrðu ætluð.

2) **HannJ:** Þessi yfirlýsing, sem hér var gefin áðan, er ekkert annað en kattarþvottur hæstv. ráðh. og stjórnarflokkanna. Hæstv. ráðh. hefir sjálfur lýst því yfir á opinberum fundi, að verð á útfluttu kjöti mundi í ár verða allt að 10 aurum lægra hvert kg. en í fyrra, og að verðmunur á kjöti, seldu á innlendum og útlendum markaði, mundi nema 23 aur. á hvert kg. Þetta lága verð á útfluttu kjöti þola bændur ekki. Hér er farið fram á að veita stj. heimild til greiðslu, ef nauðsyn ber til, og þá heimild þarf hún að hafa, ef hún vill eitthvað létta undir með bændunum vegna þess lága verðs, sem líkur eru til, að verði á útflutta kjötinu. Að engir peningar séu fyrir hendi til að standast þessa greiðslu er tylliástæða ein, og segi ég því já.

3) **ÁÁ:** Ég ætla að taka till. aftur við þessa umr., en ég mun við næstu umr. flytja varatill. um að dýrtíðaruppbótin haldi sér til 1. júní næsta ár. Má búast við, að þingið hafi þá haft til meðferðar álit launamálan., sem nú situr. Með tilliti til þess get ég orðið við þeim óskum, sem mér hafa borizt um að taka þessa till. aftur til 3. umr.

BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, JBald.

**nei:** GÞ, SK,[4]) ÁÁ.

GSv, GÍ, GL, HannJ,[1]) JakM, JJós, JAJ, JónP,[2]) JS, MG, MJ, ÓTh,[3]) PHalld, TT greiddu ekki atkv.

Brtt. 602,XXVIII felld með 33:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JakM, JJós, JAJ, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh.

**nei:** HermJ, HV, IngP, JÓl, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, PHalld, PO, SigfJ, SE, SK, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HG, JBald.

PM, TT, ÞÞ greiddu ekki atkv.

Brtt. 613,II tekin aftur.

22. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

23.—24. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Sþ., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 645, 784, frhn. 793, n. 807, 813, 815, 832).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 832. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Guðmundsson):** Þegar *fjárlfrv.* var afgreitt til 3. umr. var tekjuhallinn á því 1 millj. 784 þús. kr. Til þess að jafna þennan tekjuhalla hafa síðan verið afgr. frá þinginu þessi tekjuaukafrv.

1. Frv. um tekju- og eignarskatt, sem áætlað er, að gefi í viðbótartekjur 850 þús. kr.
2. Breyt. á tollalögum, sem áætlað er, að gefi 230 þús. kr. í tekjur.
3. Breyt. á l. um innlendar tollvörutegundir, sem áætlað er, að gefi í tekjur 170 þús. kr.

Þá er ennfremur breyt. á l., um einkasölur ríkisins:

1. Breyt. á l. um vínein kasöluna, það eru hárvötn o. fl. Tekjur af því áætlaðar 50 þús. kr.
2. Breyt. á l. um tóbakseinkasölu; það er viðbót vegna einkasölu á eldspýtum. Tekjur af henni áætlaðar 50 þús. kr.

Þessir tekjuaukar gera samtals 1350 þús. kr. Eins og nú standa sakir er því tekjuhallinn á frv. 435 þús. kr. Verði svo frv. um breyt. á útflutningsgjaldinu samþ. þá lækkar tekjuáætlunin um 150 þús., og samkv. því verður þá tekjuhallinn orðinn 585 þús. Við þann tekjuhalla má svo bæta leiðréttingu á tekjuafgangi útvarpsins, sem nemur 12 þús. kr. Hinn raunverulegi tekjuhalli frv. er því nú ca. 600 þús. kr.

Meiri hl. fjvn. ber nú fram brtt. til útgjalda, er nema ca. 120 þús. kr., og auk þess eru væntanlegar frá meiri hl. enn till. til hækkunar, er nema um 50 þús. kr. Verði þessar till. allar samþ., þá er *tekjuhalli* frv. orðinn full ¾ millj. kr. Til þess að mæta þessum tekjuhalla eru tvö frv., sem komin eru langt áleiðis í þinginu. Fyrst frv. um gengisviðaukann, sem áætlað er, að gefi í tekjur 340 þús. kr., og í öðru lagi frv. um breyt. á stimpilgjaldinu, sem áætlað er, að gefi um 150 þús. kr. Þetta gerir samtals nær ½ millj. kr. Er þá eftir raunverulegur rekstrarhalli á frv. rúm ¼ millj. kr. Til þess að jafna þennan halla, mun fjvn. innan stutts tíma bera fram sparnaðartill. til jöfnunar. Í frv. hefir fjvn. ekki gert ráð fyrir tekjum af einkasölu á bílum, enda er þar aðeins um heimild að ræða, sem ekki er víst, hvenær eða hvernig verður notað.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fara inn á brtt. þær, sem komið hafa fram frá minni hl. fjvn. og einstökum þm. Þær eru allar til útgjaldahækkunar og nema samtals 1 millj. kr. Yrðu þær samþ., væri *tekjuhallinn* á frv. orðinn 1¼ millj. Þyddi þá lítið að vera að reyna að afgr. tekjuhallalaus fjárlög, ef að líku væri horfið.

Þá eru *ábyrgðirnar*. N. hefir haldið fast við þá stefnu, að ríkið tæki engar ábyrgðir á sig, aðrar en þær, sem það var að meiru eða minnu leyti búið að flækja sig í áður. Hún hefir því synjað öllum nýjum ábyrgðarbeiðnum. **(Forseti:** Ekki Skallagrími í Borgarnesi). „Ekki Skallagrími í Borgarnesi", segir hæstv. forseti). Sú ábyrgð var tekin með sérstökum lögum, og hefir því meiri hl. Alþingis ákveðið að taka hana á ríkið, en ekki fjvn. Annars er það svo um þessa ábyrgð fyrir Skallagrím, að hún er allt annars eðlis en þær ábyrgðarbeiðnir, sem legið hafa fyrir fjvn. Hún miðar að því að bæta samgöngurnar milli Borgarness og Reykjavíkur, og þá um leið samgöngurnar milli Suður-, Norður- og Vesturlands, sem allmjög beinast þessa leið. Getur ábyrgð þessi því ekki talizt brot á stefnu fjvn. í þessum málum. Ef tekið væri tillit til ábyrgðartill. einstakra þm., þá næmu þær fullri 1¾ millj. Þær eru sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Vegna | Skagastrandar ..... | 800 þús. |
| — | Stykkishólms ..... | 180 — |
| — | Vestfj.bátsins ..... | 90 — |
| — | Ögurhrepps ..... | 15 — |
| — | Ísafjarðar ..... | 700 — |
| | Samtals | 1785 þús. |

Auk þessa eru ýmsar smærri ábyrgðarbeiðnir, sem nema samtals tugum þúsunda. Verði þessar till. allar samþ., þá nemur hallinn á fjárl., þrátt fyrir tekjuaukafrv., rúml. 1 millj. kr. Ég vænti því, að hv. þm. athugi þetta gaumgæfilega að afgreiða þau tekjufrv., sem nauðsynleg eru vegna fjárhags ríkissjóðs. Verður meiri hl. n. að vænta þess sérstaklega, að stjórnarflokkarnir sjái um, að svo verði gert. Ég skal svo halda mér við brtt. meiri hluta n. á þskj. 784.

Brtt. frá 1. til 5. lið hefi ég þegar minnzt á, og gerist þess ekki þörf að fara um þær fleiri orðum. Þær eru um tekjuupphæðir, sem bæta á

---

1) **HannJ:** Ég er með því, að slík tilraun væri gerð, en ég treysti stj. ekki til að gera það hlutdrægnislaust og greiði því ekki atkv.

2) **JónP:** Ég tel þessa till. ófullnægjandi til að ná þessu takmarki eins og ég vil, og þar sem það er víst, að önnur till. kemur fram, þá greiði ég ekki atkv.

3) **ÓTh:** Ég vísa til ummæla hv. þm. A.-Húnv. og á að því leyti sammerkt við hv. þm. V.-Húnv., að ég ber ekkert traust til stj., hvorki í þessu né öðru.

4) **SK:** Með sama rökstuðningi og hv. þm. V.-Húnv., segi ég nei.

inn í frv. eftir því sem tekjuaukafrv. verða samþ.

Skal ég þá snúa mér að hinum einstöku útgjaldatillögum. Ég skal geta þess um 6. brtt., að þessi till. er eiginlega óvart komin inn í brtt., og tekur n. hana aftur; hún skoðast því aðeins sem villa í brtt., sem hér með er leiðrétt.

Þá vil ég einnig geta þess, að vantalið er í brtt. lækkun á tekjuafgangi útvarpsins úr 73,5 þús. kr. í 61,4 þús. kr., ef till. meiri hl. n., sem hér er næst á eftir, verður samþ., en þetta mætti skoða sem leiðréttingu við atkvgr.

Þá eru það símalínurnar, sem ég ætla að snúa mér að næst. Get ég þó raunar alveg látið nægja hvað þann lið snertir að vísa til frhnál. á þskj. 793. Þar er gerð skrá yfir 21 símalínu. Náttúrlega kemur ekki til mála, að þær línur verði allar lagðar á næsta ári, en sú hefir verið venja að áætla töluvert lengri skrá heldur en hægt er að komast yfir á næsta ári. Það getur alltaf komið fyrir, að ein og ein lína verði ekki lögð af einhverjum ástæðum. Þá er það vitanlega tilætlun n., að fylgt verði þeirri röð, sem á þskj. 793 er um lagningu símanna, að því leyti sem hægt er, en að öðru leyti heyrir það vitanlega undir stj. og landssímastjóra að ákveða, hvaða línur skuli sitja fyrir. Það mun vera svo um tvær línurnar, nr. 4 og 7, að meiri hl. n. ætlast til, að þær verði ákveðið lagðar, þó það sé ekki tekið fram í nál., en nái brtt. fram að ganga, þá er ætlazt til, að þessar línur hafi jafnan rétt og þær, sem fyrr eru taldar.

Ég skal í sambandi við það, sem ég hefi áður tekið fram, og í framhaldi af því geta þess, að ef svo fer, sem vel getur komið fyrir, að afgreiðsla fjárlfrv. verði eitthvað lakari en meiri hl. n. gerir ráð fyrir, þá geti komið til mála niðurfærsla á ýmsum útgjaldatill., en það kemur síðar til athugunar.

Þá er 8. brtt. á þskj. 784, sem er aths. við framlag til sjúkrahúss á Reyðarfirði, þar sem lagt er til, að bygging sjúkraskýlisins sé ekki takmörkuð við Reyðarfjörð fremur en aðra staði á Austurlandi. Upphaflega var hugsað að byggja þetta hús á Reyðarfirði, en nú er önnur hugmynd að ryðja sér til rúms á Austurlandi í þessu efni, og því er þessi klausa sett í nál., að stj. skuli vera heimilt að veita þetta fé til sjúkraskýlis annarsstaðar á Austfjörðum, ef tiltækilegt þykir.

Um 9. brtt., sem líka er við 12. gr., er ætlazt til, að sá styrkur, sem fávitum er veittur til þess að geta dvalið á þessu eina sjúkrahúsi, sem hér er til fyrir þessa aumingja, sé veittur sjúklingunum sjálfum, en ekki eigendum sjúkrahússins. Þótti þetta heppilegra heldur en að styrkurinn færi beint til hælisins á Sólheimum.

10. brtt. er um 1500 kr. styrk til ýmsra sjúklinga, og skal landlæknir úthluta þessu fé sérstaklega til þeirra, sem engan eiga að eða þjást af langvarandi sjúkdómi, eða eiga að einhverju öðru leyti við mjög erfið kjör að búa. Meiri hl. n. hefir þótt heppilegra að fara inn á þá leið að fela mönnum, sem hafa yfirstjórn í einhverjum sérstökum greinum, að úthluta tilteknum upphæðum milli manna, sem réttast þykir að fái styrk þann, sem veittur er til úthlutunar, heldur en að þingið sé að úthluta þessu. Má þá segja, að niðurstaðan verði oftast sú, að þeir komist lengst, sem flesta hafa formælendur. Hinsvegar er landlækni og fræðslumálastjóra trúað til að skipta þessum styrkjum milli þeirra, sem frekast þurfa þeirra með. Við höfum á öðrum stað lagt til, að veittur verði samskonar styrkur til gamalla vegavinnuverkstjóra, sem um langan tíma hafa unnið hjá ríkinu, og er vegamálastjóra ætlað að úthluta þeim styrk.

Þá flytur meiri hl. fjvn. hér 3 brtt. við 13. gr., sem snerta vega- eða samgöngumál. Er þar fyrst framlag til Suðurdalavegar, að upphæð 4000 kr. Það hefir þegar verið nokkuð unnið að þessum vegi, en þörf á því að gera meira, svo vegurinn geti komið að notum. Það er því ekki rétt, að dómi n., að hætta algerlega þessari vegagerð, og er því þessi brtt. borin fram. Hæsti liðurinn af þessum þremur er fjárveiting til Breiðadalsheiðarvegar, 15000 kr. Er það fjallvegurinn milli Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem báðar þessar sýslur hafa mjög mikið gagn af og kemur þeim í vegasamband við Ísafjarðarkaupstað. Hafa þessar sýslur áður fengið fremur lítið fé úr ríkissjóði til vegagerða, og er úr því nokkuð bætt með þessari till. Þá er þriðji liðurinn, smábrtt. um ferju á Hrosshyl, um 50 kr. hækkun á þóknun til ferjumanns. Þetta er allerfiður ferjustaður. Stjórnin lagði til, að gjald þetta væri lækkað um þessa upphæð, en við nánari kynningu hefir n. komizt að því, að það væri ekki hægt, og leggur því til, að það verði hækkað aftur.

14. brtt. er líka við 13. gr., um að greiða til h/f. Skallagríms í Borgarnesi 10000 kr. Frv. um þetta framlag hefir nú farið gegnum báðar deildir Alþingis, og þarf ekki um það að fjölyrða, en frv. leggur ríkissjóði á herðar 10000 kr. greiðslu á ári í næstu 5 ár.

15. brtt. er um að hækka styrk til flóabáta um 4000 kr., úr 78000 í 82000 kr. Þessi brtt. mun þó verða tekin aftur, en n. leggur hinsvegar til, að samþ. verði brtt. XIV á þskj. 815, frá samgmn., sem felur í sér sömu upphæð, en þeirri brtt. fylgir aths. um það, að skipaútgerð ríkisins hafi eftirlit með starfsemi flóabátanna. Skulu þeir árlega gefa greinilegar skýrslur um ferðirnar og rekstur að öllu leyti ásamt rekstrarreikningi, og skal það vera skilyrði fyrir styrkveitingu. Nú er það svo, að ekki liggja fyrir rekstrarreikningar frá nema einum eða tveimur af þeim bátum, sem styrks hafa notið, og hafa engin plögg, sem þessi mál snerta, komið opinberlega fram, nema styrkumsóknirnar.

Þá er það 16. og síðasta brtt., sem ég þarf að mæla fyrir, og er við 13. gr. C.VII.5, um fjárveitingu til hafnarbóta á Hornafirði. Eins og hv. þm. er kunnugt, er nú búið að afgr. frá þinginu hafnarlög fyrir Hornafjörð, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið leggi fram allmikið fé til hafnargerðar þar. En áður en rétt þótti, að lagt væri þar út í stórfellt mannvirki, þótti rétt, að gerð væri þar ódýr tilraun, sem af ýmsum fróðum mönnum er talið, að muni gera mjög mikið gagn. Veit ég ekki betur en að þar sé nú þegar

farið að vinna að þessari tilraun, sem er að dýpka innsiglingu fyrir báta, en eins og þeim, sem til þekkja, er kunnugt, þá flytur Hornafjarðarfljót mikinn framburð á bátaleiðina. Nú er verið að vinna að því með fremur ófullkomnum og ódýrum tækjum að gera rás fyrir bátana, og fari svo, að það takist að fá hana nægilega djúpa, þá mundi það spara ríkissjóði og öðrum mikið fé.

Um framlag til bryggjugerða og lendingarbóta skal vísað til þess, sem um það er sagt í frhnál. Annars geri ég ráð fyrir, að n. flytji e. t. v. viðbótartill. um úthlutun á þessum styrk, og þá sérstaklega um þær 4000 kr., sem ekki hafa verið gerðar enn till. um, hvernig verja skuli.

Um brtt. einstakra hv. þm. og hv. minni hl. fjvn. skal ég ekki tala að þessu sinni. Vil ég svo ljúka máli mínu með því að endurtaka það, að meiri hl. fjvn. er ákveðinn að gera allt, sem hann getur, til þess að fjárl. verði að þessu sinni afgr. tekjuhallalaus, eða því sem næst.

**Jón Auðunn Jónsson** (óyfirl.): Ég skal reyna að komast yfir sem mest af brtt. mínum á þskj. 815 á sem stytztum tíma, þar sem fundartími er nú takmarkaður. — Það er þá fyrst brtt. II, um 25000 kr. fjárframlag til þess að kaupa talstöðvar í skip. Eins og hv. þm. er kunnugt, flutti ég þáltill. um, að landssíminn leigi fiskiskipum talstöðvar með svo vægum kjörum, að nokkurnveginn væri tryggt, að þær yrðu notaðar af sem flestum fiskibátum, og ástæðan er sú, að það er fullsannað á síðustu vertíð, að slíkar talstöðvar geta forðað sjómönnunum frá mörgum slysum, hrakningum og liftjóni. Ef nokkrir bátar í hverri verstöð hafa slíkar stöðvar, geta þeir mjög oft gert hver öðrum aðvart, ef eitthvað alvarlegt kemur fyrir þá eða aðra báta úti á miðunum. Meðal þeirra 36 báta, sem gerðir voru út frá Ísafirði á síðustu vertíð, eru mörg dæmi þess, að bátarnir hafa getað hjálpað hver öðrum, þegar vélabilanir eða annað slíkt hefir að höndum borið. Landssímastjóri hefir í till. sínum til fjvn. lagt til, að fé verði veitt í þessu skyni, og þurfi það að vera allmikið, ef notkun talstöðvanna eigi að verða almenn. Hefir hann lagt til, að þessi upphæð verði 20000 til 25000 kr. og telur, að fyrir þá upphæð geti hann keypt um 30 talstöðvar, til þess að leigja fiskiskipunum. Allir þeir, sem ég hefi talað við um þetta mál, eru sammála um, að þessar stöðvar geti orðið að miklum notum. Ég hefði gjarnan viljað hafa þessa upphæð hærri, til þess að hún komi að sem almennustum notum, en ég sé, að meiri hl. fjvn. hefir ekki getað fallizt á till. landssímastjóra, og hefi ég því ekki þorað að hafa till. hærri. Ég vænti, að það sé öllum hv. þm. ljóst, að hér er um mikla nauðsyn að ræða. Þetta verður síður en svo tapað fé fyrir landssímann, því eftirgjaldið, sem hann fengi fyrir stöðvarnar, verður miklu meira en vextir af fénu. Landssíminn þarf því aðeins að leggja féð fram.

Ég sé á till. hv. meiri hl., að hann hefir gert nokkuð aðra skipun á tillögum til hinna ýmsu símalína og niðurröðun þeirra heldur en landssímastjóri hefir lagt til. Niðurröðun hv. meiri hl. á símalínunum er svo einkennileg, að hún hlýtur að stinga mjög í stúf við niðurröðun landssímastjóra; auk þess er í nál. fullt af missögnum um þessar línur. T. d. er sagt um Reykhólalínu, að læknirinn á Reykhólum sé eini maðurinn í læknastétt landsins, sem ekki hafi símasamband við umdæmi sitt. Ástæðan fyrir þessum mótsögnum gæti sumpart verið sú, að margir af þessum mönnum eru ókunnugir staðháttum, sumpart vilja þeir kannske villa sýn með þessum missögnum. Það er vitanlegt, að Hesteyrarhérað er eitt af erfiðustu læknishéruðum á landinu; landlæknir telur það erfiðasta héraðið, og það er símasambandslaust. Læknirinn á Hesteyri hefir ekki símasamband við sitt hérað. Þar við bætist, að símalína til Hesteyrar mundi auk kauptúnsins koma tveimur hreppum í símasamband. Það er alveg víst, að sú lína mundi verða til stórgróða fyrir landssímann, þó ekki væri nema fyrir það eitt, að hægt verður, þegar sú lína er komin, að losna við að reka loftskeytastöðina á Hesteyri, sem kostar á ári um 4000 kr., en Hesteyri hefir lítil not af henni og Grunnavíkurhreppur alls engin. Hinsvegar er víst, að tekjur af væntanlegri símalínu mundu nema 2000 til 3000 kr. Er það sýnilegt, miðað við það ástand, sem er, að þessi lína mundi „forrenta“ sig með 20 til 25% árlega, þó hún kostaði 25000 kr. — Hv. frsm. meiri hl. var að tala um það, að ekki væri bindandi röðunin á símalínunum, enda væri það stórskaði, ef henni yrði fylgt. Nú veit ég ekki betur en það eigi að flytja loftskeytastöðina á Hesteyri á annan stað, og ég veit ekki betur en að stöðvarstjóranum hafi verið sagt, að það yrði gert á næsta ári.

Þá skal ég minnast á Djúpbátinn. Eins og kunnugt er, var felld brtt., sem ég flutti um styrk til hans í sambandi við frv. um framlag til h/f Skallagríms. Ég hefi áður lýst því, hversu erfiðar eru samgöngur í Norður-Ísafjarðarsýslu, og er það vitanlegt, að þær eru erfiðari heldur en í nokkurri annari sýslu á landinu. Þær einu samgöngur, sem þar er hægt að koma við, eru á sjó. Fyrir 1914 var varið bara til póstflutninganna einna 12000 kr. Nú í nokkur ár hefir verið varið á ári til póst- og vöruflutninga 19000 kr. Ég hefi fært sönnur á það, að í 15 sýslum landsins er varið til jafnaðar yfir 60000 kr. í hverri sýslu til samgangna á sjó og landi. Í Norður-Ísafjarðarsýslu hafa héraðsbúar nú lagt fram yfir 70000 kr. til viðbótar við það, sem ríkið hefir lagt fram, en þetta fé er allt sokkið; héraðið stendur í sömu sporum í þessum efnum þrátt fyrir þessa eyðslu. Nú hefir verið stofnað þarna hlutafélag með 37000 kr. hlutafé, og er tilgangur félagsins sá, að byggja bát til flutninganna í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hinsvegar hefir verið gefinn ádráttur um það, að ríkisstj. lánaði vitaskipið Hermóð til póst- og vöruflutninga þangað norður, en n. í sýslun. Norður-Ísafjarðarsýslu, sem sér um þessi samgöngumál, hefir tjáð mér, að á fundi, sem hún hélt í gær, hafi hún ekki með nokkru móti séð fært að taka við Hermóði með svo lágu tillagi, sem viðgengizt hefir undan-

farið. Afleiðingin verður sú, að ríkisstj. verður að sjá a. m. k. um póstflutningana, en þó það væri gert, þá eru vöruflutningarnir eftir. Héraðinu er tví- eða þó öllu heldur þrískipt, og ekki hægt að fara nema í einn hlutann í hverri ferð. Fyrir það verður kostnaðurinn auðvitað hlutfallslega mjög mikill, samanborið við flutninginn. Með þeim farkosti, sem hefir verið, er ekki forsvaranlegt að láta fólk sitja 12 til 14 klst. í svo lélegu plássi. Þó að Hermóður verði tekinn, þá rúmar hann svo lítið — 12 menn —, að það er langt frá því, að hann fullnægi mannflutningaþörfinni, vegna þess að allir fólksflutningar fara fram á sjó. Ég hefi því ásamt hv. þv. V.-Ísf. leyft mér að koma með brtt., sem fer fram á það í fyrsta lagi, að styrkurinn til flóabátaferða verði hækkaður um 4 þús. kr., sem leggist til Djúpbátsins. Í öðru lagi er till. sama efnis og ég fór fram á í hv. Ed., að ríkissjóður taki þátt í hlutabréfakaupum vegna hins nýstofnaða h/f Vestfjarðabátsins, og einnig að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir byggingarkostnaði Vestfjarðabátsins.

Ég get látið lokið máli mínu að þessu sinni, þó að ég hefði gjarnan viljað athuga ýmislegt viðvíkjandi brtt. meiri hl. fjvn., en ég fæ þá orðið aftur, þegar ég hefi heyrt undirtektir hv. fjvn. undir mínar till.

**Varaforseti (BÁ):** Ég skal geta þess, að umr. verður í einu lagi, þó að hv. þm. N.-Ísf. kæmi inn á milli framsögumanna í þetta skipti.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson)** [óyfirl.]: Ég get verið stuttorður, því flestar af þeim till., sem fyrir liggja, skýra sig sjálfar.

Um fyrstu brtt. n. við þennan hluta fjárlagafrv. vil ég geta þess, að við nánari athugun komst n. að þeirri niðurstöðu, að óhætt væri, í því árferði sem nú er, að fella niður styrkinn til jarðvegsrannsókna á næsta ári. Er það með tilliti til þess, að sá maður, sem byrjaði á þeim rannsóknum og mun verða aðalmaðurinn í þeim framvegis, Hákon Bjarnason, hefir ekki að svo stöddu aðstöðu né húsnæði til þess að stunda þær. Hvað hann snertir er þetta aðeins hugsað sem bráðabirgðaráðstöfun til eins árs. Aftur virtist n., að rannsóknarstofan sjálf, þó tekið væri tillit til afborgana af byggingarláni hennar og starfrækslukostnaðar, gæti vel starfað með þeim styrk, sem hér er ákveðinn, þar sem hún er nú komin vel á legg, hefir gott húsnæði, mikla framleiðslu og öruggan markað fyrir hana.

Iðnskólarnir í kaupstöðunum úti um land eiga við mjög erfiðan hag að búa. Hefir n. því lagt til að hækka styrkinn til fjögurra þeirra um 500 kr. til hvers.

Þá er liðurinn til sundskóla á Sveinseyri. Það eru tveir staðir á Vestfjörðum ágætir til sundnáms, Reykjanes við Ísafjarðardjúp og Sveinseyri. Á Reykjanesi er komið upp ágætt hús, og er aðstaða til sundkennslu orðin hin bezta þar. En á Sveinseyri er sundskálinn aðeins hálfgerður, og þarf þennan styrk til þess hægt sé að ljúka við hann, svo að sjómenn á vesturhluta Vestfjarða geti stundað þar sundnám að vetrinum. Á að koma upp heimavist fyrir þá, sem sundnámskeiðin sækja.

Knattspyrnufélag Reykjavíkur hefir lagt mikið fé í íþróttahús sitt og lengi verið forgangsfélag um íþróttir hér í bænum. Þykir rétt að veita því nokkra viðurkenningu.

Það er öllum sýnilegt, að hvernig sem að er farið, hljóta að líða nokkur ár þangað til þjóðleikhúsið tekur til starfa. Því hefir þótt reynandi að veita nokkurn styrk til þess að hægt væri að breyta núv. leikhúsi lítið eitt, sérstaklega bæta aðbúnað leikenda við undirbúning sinn áður en þeir koma fram á leiksviðið. Till. miðast við, að enn í nokkur ár verði þetta aðalleikhús landsins.

Norræna félagið er eitt af þeim millirikjafélögum, sem við Íslendingar höfum haft af mikinn stuðning. Deild þess hér er nú orðin mjög fjölmenn, og stendur hún í nánu sambandi við samskonar deildir í hinum Norðurlöndunum. Er sýnilegt, að þetta samband okkar við hin Norðurlöndin getur orðið okkur að hinu mesta gagni. Fyrrv. fjmrh. fór fram á við síðasta þing, að íslenzka deildin fengi dálítið hærri styrk heldur en hér er lagt til, en það var fellt í það skipti. Ekki af því, að menn væru á móti styrknum í sjálfu sér, heldur af því að einhversstaðar þurfti að spara, og kom það m. a. niður á þessu félagi. Nú er aftur tekin upp þessi litla upphæð.

Um styrkinn til Sambands ísl. karlakóra er það að segja, að hann er ætlaður til kennslu allra karlakóra landsins, og eru það því fleiri hundruð manns, sem hann á að koma að liði.

Karlakór Reykjavíkur hefði n. í sjálfu sér viljað styrkja ríflegar heldur en hér er farið fram á, miðað við verðleika þess flokks, sem eru miklir. Því er ekki að neita, að hann á fjölda marga aðdáendur og stuðningsmenn, bæði á þingi og annarsstaðar. N. vill þó ekki, eins og nú standa sakir, ýta undir þessa söngmenn að fara til útlanda, en telur rétt að gera þeim nokkra úrlausn, ef þeir samt brjótast í að fara, þrátt fyrir alla erfiðleika.

Þá vil ég segja nokkur orð um Jón Stefánsson málara. Þessi maður hefir verið svo heilsulaus um nokkurt skeið, að hann hefir ekki getað stundað list sína eins og áður. Hefir hann því ekki haft aðstöðu til að vinna sér inn peninga. Þó er þessi styrkur ekki fyrst og fremst miðaður við það, heldur er hann borinn fram af því margir líta svo á, að þessi maður sé einn hinn mesti listamaður, sem við eigum, í sinni grein. Ber því að líta á þetta sem viðurkenningu. Hinsvegar myndi þessi listamaður fús að vinna eitthvað fyrir landið, af því, sem það þarf að láta vinna í hans grein. Hafa t. d. sumir nefnt þar til, þó n. hafi ekkert ákveðið í því efni, skreytingu menntaskólasalanna, þar sem lengi hefir staðið til að mála myndir frá þjóðfundinum fræga; hefir í því efni aðeins staðið á fjárframlagi til þessa.

Um sandgræðslustyrkina er það að segja, að till. um 5000 kr. framlag til sandgræðslu í Meðallandi er gerð í samráði við hv. þm. V.-Sk. og trúnaðarmann Búnaðarfél., en hin litla 800 kr. fjárveiting er miðuð við það, að ljúka verki,

sem fyrrv. þm. V.-Sk., Lárus í Klaustri, gekkst fyrir að byrjað væri á, en bændur eiga nú erfitt með síðustu átökin við.

Styrkur til Skógræktarfélagsins hefir fallið niður nú um skeið, en þar sem sýnilegt er, að viðreisn skógræktarinnar verður að talsverðu leyti bundin við þetta félag, sem Hákon Bjarnason ásamt fleirum leggur sérstaklega fram krafta sína til þess að geti notið sín, og þar sem sýnir sig af gróðrarstöð þess, að hér mun verða um stórkostlega framleiðslu íslenzkra plantna að ræða, þá vill n. mæla með því, að þessi styrkur sé veittur, til þess félagið geti haldið áfram starfi sínu.

Fyrirhleðslan við Héraðsvötn er þannig tilkomin, að vötnin voru í fyrra farin að brjóta sér leið inn yfir sléttlendið, og ef bændur hefðu ekki brugðið við og hlaðið fyrir þau í skyndi, þá hefðu þau eyðilagt brúna yfir Svartá og veginn yfir eylendið og gert mikil landspjöll. Stj. veitti nokkra hjálp til þessarar fyrirhleðslu, en bændur lögðu þó fram allmiklar fjárhæðir, sem þeir eiga erfitt með að standa straum af, og er þessi fjárveiting miðuð við það.

Styrkur til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum hefir verið í fjárl. nokkur undanfarandi ár. Sá vegur hefir orðið undirstaða ræktunarinnar í Eyjum, sem er nú að breyta lífi eyjamanna á mjög skemmtilegan hátt. Verður þess ekki langt að bíða, að allt ræktanlegt land í heimaeyjunni verði ræktað, og geta þá Vestmannaeyingar framleitt næga mjólk handa sér, eftir því sem hér gerist um mjólkurneyzlu. Og þar sem Vestmannaeyingar eru ekki dýrir þjóðfélaginu hvað vegamál snertir yfirleitt, þá mun þykja sanngjarnt, að þeir fái eins fullkomið vegakerfi eins og hægt er.

Þá er c-liður þessarar brtt. um framlag til vegar við Markarfljót (á að vera við Þverá, og er aðeins um misritun að ræða). Þar er þannig ástatt, að sýslan er að leggja veg frá Hlíðarendakoti inn eftir Innhlíðinni, en það vantar tæplega eins km. vegspotta milli þjóðvegarins, sem endar við Hlíðarenda, og þessa sýsluvegar. Þann veg er mjög erfitt að gera, og er um þrjár leiðir að velja. Ein leiðin er að leggja veginn yfir hæðina og koma niður hjá Múlakoti; er dýrt og erfitt að leggja veg þá leið, en að vissu leyti öruggast. Önnur leiðin er að reyna að leggja veg yfir klifið sjálft. Það er stytzta leiðin, en taldir miklir erfiðleikar á að leggja þar veg. Þriðja leiðin og sú, sem mér skilst, að menn hallist helzt að þar eystra, er að lengja einn varnargarðinn hjá Hlíðarendakoti fram á eyrarnar og veita landkvíslinni frá landi, svo sjálfgerður vegur komi undir klifinu. Hverja leiðina vegamálastjóri eða landstj. lætur fara, ef till. verður samþ., ætlar n. ekki að blanda sér í, en vill styðja að því, að þessi vegargerð komist í framkvæmd, til þess að fólkið, sem berst sinni erfiðu baráttu við vötnin á þessum stað, geti komizt í samband við aðalvegakerfi sýslunnar.

Flestir liðir, sem næst koma, eru áður kunnir. Mun ég aðeins nefna nokkra persónulega styrki. Ólafur Ísleifsson læknir á Þjórsártúni er nú orðinn gamall maður og blindur; hafa um 60 manns í Árnes- og Rangárvallasýslu óskað eftir, að honum væri veitt einhver viðurkenning í ellinni. — Kofoed-Hansen lætur nú af störfum, og er ætlazt til, að þetta séu hans ellilaun. Hann er mjög fátækur maður, hefir slitið út lífi sínu hér hjá okkur Íslendingum, og þykir óviðeigandi, ekki síður af því hann er útlendingur, að kasta honum alveg út á gaddinn, þegar hann vegna heilsuleysis lætur af störfum.

Aths. um Reykjabúið lýtur að því, að ágóðinn af búinu geti orðið notaður til þess að byggja upp fjós, heyhlöður og önnur peningshús á jörðinni. Vegna garðræktarinnar er nauðsynlegt að hafa nægilegan húsdýraáburð, en til þess hefir búið ekki nægileg peningshús eins og er.

Aths. um landssmiðjuna skýrir sig sjálf. Ég vil aðeins geta þess, að til stj. koma stöðugt, ekki sízt á þessum krepputímum, íslenzkir hugvitsmenn með ýmsar hugmyndir sínar, sumar sjálfsagt góðar, aðrar ekki framkvæmanlegar, og óska eftir, að þeim sé hjálpað til að gera þær að veruleika. Þeir óska eftir, að landssmiðjan sé látin hjálpa þeim til að gera „model". En það er óhugsandi að leggja það sem bagga á landssmiðjuna að gera slíkar tilraunir; með því móti gæti hún ekki keppt við önnur hliðstæð fyrirtæki. Síðan Gutenberg var keypt hefir öll prentun ríkisins og ríkisstofnana horfið þangað, og hefir það ekki þótt nema sjálfsagt. Aftur á móti hefir nokkur tregða verið á því að fá öll ríkisfyrirtæki og fyrirtæki, sem styrkt eru af opinberu fé, til þess að skipta á sama hátt við landssmiðjuna, heldur hafa sum þeirra skipt við einkafyrirtæki, sem við hana keppa. Nú er ætlazt til, að á þessu verði breyting, og þykir öruggt, að landssmiðjan hafi af því þann hagnað, að hægt sé að verja lítilli upphæð til hugvitsmannanna á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir.

Það þykir nú einsýnt, að Jóhann Kristjánsson í Skógarkoti geti ekki haldið áfram með byggingu þá, sem hann er byrjaður á samkv. leyfi núv. meiri hl. Þingvallanefndar, og því verði að greiða honum skaðabætur eftir mati dómkvaddra manna. Er talið rétt, að kirkjujarðasjóður, sem á eignina, bæti þetta.

Þá vil ég að lokum minnast á þær tvær þýðingarmiklu till., sem eru undir d- og e-lið 56. brtt., um kaup á jarðeignum Landsbankans á Eyrarbakka og Stokkseyri, og um aukningu á senditækjum ríkisútvarpsins. Það er e. t. v. ekki öllum hv. þdm. kunnugt, að á Eyrarbakka og Stokkseyri hafa lóðirnar undir húsunum og mikið af löndum þeim, sem þorpunum fylgja, verið í einkaeign örfárra manna. Nú hefir Landsbankinn eignazt þessar landeignir þannig, að hann hefir tekið þær upp í skuldir fyrri eigenda. Bankinn telur það ekki sitt hlutverk að eiga slíkar eignir, og vill hann því selja þær. Nú eru ýmsir menn í þorpunum, sem vilja kaupa smábletti út úr þessum landeignum, en bankinn hefir heldur viljað þrautreyna, hvort hreppar nir eða ríkið vildi ekki kaupa þær í heilu lagi. Nú sýnist fjárhagur beggja hreppanna

vera þannig, að þeir geti ekki keypt þetta. En á hinn bóginn er það áreiðanlega mjög óheppilegt fyrir þessi hreppsfélög, ef farið verður að skipta þessu landi niður í smáparta. Þess vegna er það, að fjvn. hefir leitað fyrir sér hjá Landsbankanum um það, hvort bankinn mundi ekki fús til þess að selja landið með hagkvæmum kjörum. Bankinn hefir sjálfur tekið þessu líklega. En náttúrlega kom það ekki til greina, að n. færi að semja um þetta við Landsbankann, heldur vildi hún aðeins fá að vita, hvort bankinn tæki vel í þetta, ef þingið gæfi stj. heimild til þess að kaupa þetta land. Till. er miðuð við það, að stj. geti leitað fyrir sér um kaup á þessum eignum, ef þingið samþ. það, og þá, ef það tækist, að þær yrðu aldrei keyptar hærra verði en fasteignamat þeirra er, og ef til vill lægra verði, og ennfremur er gert ráð fyrir, að þær verði aldrei keyptar nema með því móti, að mjög langur borgunarfrestur fáist og góðir greiðsluskilmálar. En ég hefi ástæðu til þess að ætla, að bankinn vilji í þessu sýna sanngirni að sínu leyti.

Næsta stigið yrði svo, að minni hyggju og okkar nm. í fjvn., að láta Eyrbekkinga og Stokkseyringa fá lönd á erfðafestu af þessu óræktaða landi, svo að þeir geti byrjað þar stórfellda ræktun. Þar sem sjávarútvegurinn í þessum þorpum er háður miklum erfiðleikum, þrátt fyrir það, að talsvert er gert af íbúum þeirra og ríkinu til þess að bæta úr því, þá sýnist hér opnuð leið til þess að gera þessi þorp að landbúnaðarsetrum um leið og þau hafa nokkurn útveg.

Ég get sagt frá því, að fyrir ofan Stokkseyri liggja þús. hektarar af ágætu ræktunarlandi, sem er óræktað ennþá. Á hinn bóginn hafa sjómenn þar sýnt góðan vilja í þessa átt, þar sem 10 af þeim hafa myndað félag og tekizt að kaupa hluta af þessari eign. Þeir hafa unnið þar mikið þrekvirki og komið þar upp stórum túnum og görðum. Tilefnið til þess, að fjvn. hefir athugað þetta mál, er það, að hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefir skrifað þinginu og farið fram á það, hvort ríkið vildi ekki kaupa þessa eign. Það er þess vegna í fyllsta samræmi við óskir þeirra, að reynt er að fara inn á þessa leið. Eyrarbakki hefir að vísu ekki óskað eftir þessu, en það þótti eðlilegast að afgreiða þetta mál með tilliti til þessara þorpa beggja, og leggja það á vald stj. og bankans, hvað frekar yrði gert. Það mun vera óhætt að fullyrða, að Eyrarbakki getur ekki keypt eignina sjálfur.

Til stuðnings þessu máli vil ég geta þess, að fyrir nokkrum árum hjálpaði stj. Akurnesingum til þess að kaupa prestssetrið þar, með því skilyrði, að það yrði látið í smábútum til sjómannanna þar. Síðan hefir á Akranesi orðið ein hin merkilegasta ræktun, sem hér á landi hefir verið gerð, og eru þó eftir alveg ótaldir möguleikar til ræktunar í því landi, sem ennþá er eftir óræktað. Það má gera ráð fyrir, að eitthvað svipað mundi gerast, ef Eyrbekkingar og Stokkseyringar fengju þetta land, sem hér er um að ræða, til ræktunar.

Síðasta stóra till. er um stækkun ríkisútvarpsins. Það liggur fyrir þinginu ýtarleg skýrsla um þetta frá forráðamönnum útvarpsins, í sambandi við þáltill., sem kom fram á miðju þingi, en hefir ekki verið rædd, og ástæðan til þess, að þessi málsmeðferð hefir verið höfð, er sú, að það var búizt við, að þetta mál yrði flutt í sambandi við fjárl. En það þótti æskilegt, að þm. kynntu sér öll gögn, sem að málinu lúta, áður en þeir tækju ákvörðun um þetta.

Það virðist nú að vísu ekki þurfa að draga það í efa, að ríkisútvarpið sé í raun og veru þess megnugt að endurborga þetta lán, ef tekið yrði 5—600000 kr. lán. En á hinn bóginn mundi hvorki þing eða stj. leggja út í slíka stækkun, þó að hún bæri sig inn á við, með núv. erfiðleikum á greiðslum erlendis, vegna markaðserfiðleikanna, nema óhjákvæmilegt væri. Þess vegna er það, að fjvn. hefir ekki viljað ganga lengra í þessu efni en að leggja það undir úrskurð þingsins, hvort stj. ætti að hafa heimild til þess að framkvæma þessa stækkun, og þá heimild ætlast n. ekki til, að ríkisstj. noti, nema nauðsyn krefji, og truflanir frá öðrum löndum verði svo miklar, að almenningur á Íslandi geti ekki haft gagn af útvarpinu hér, vegna hinna voldugu stöðva erlendis. En við það er ekki hægt að ráða með öðru móti en að byggja svo volduga útvarpsstöð hér, að hún heyrist hér á Íslandi yfir hinar stöðvarnar. Þá má telja, að stj. leggi ekki út í að framkvæma þetta, þó að samþ. verði, nema alveg knýjandi ástæður séu fyrir hendi til þess, ekki af því, að það sýnist ekki vera fullöruggt, að útvarpið geti borið þetta, heldur af því, að það er ekki efnilegt að stofna til útlendra skulda nú sem stendur.

Ég ætla ekki, að svo stöddu, að tala um till. frá öðrum hv. þm., og ekki heldur um till. viðvíkjandi góðtemplarahúsinu, þar sem ég er einn af mörgum flm., heldur mun það koma til umr. síðar.

**Forseti (JBald)**: Ég vildi gefa hv. frsm. minni hl. kost á að taka til máls nú, að lokinni ræðu frsm. meiri hl., en það hefir orðið að samkomulagi, að hann flytji sína ræðu á næsta fundi í Sþ., því að nú er ákveðið að fresta þessu máli og taka það út af dagskrá, sem ég hér með geri. Næsti fundur í Sþ. verður ákveðinn með dagskrá.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 645, 784, frhn. 793, n. 807, 813, 815, 832, 875).

**Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson)**: Það er auðsætt af því, á hvaða tíma þessi fundur er settur, að það er ekki ætlazt til, að hér verði miklar alvöruumr. um fjárlfrv., og hv. þm. sjást hér ekki nema örfáir. En ég býst við, að það standi í sambandi við, að það sé þegar búið að gera út um örlög þeirra brtt., sem hér liggja fyrir, svo að umr. hafi ekki áhrif á úrslitin.

Ég skal þá fyrst taka það fram, að það hefir ekkert samstarf verið milli meiri og minni hl. fjvn. fyrir 3. umr. Ég skal fyrir mitt leyti segja,

að ég bjóst við, að minni hl. yrði boðaður á fund, því að fyrir 2. umr. voru það mörg atriði, sem engin ákvörðun var tekin um, og það hefði a. m. k. ekki verið ólíklegt, að meiri hl. hefði fundið ástæðu til að boða minni hl. á fund um þau atriði, en það hefir hann ekki gert. Ég hygg, að þetta sé nýlunda, því að það hefir komið fyrir áður, að fjvn. hefir klofnað, og ég veit ekki betur en að minni hl. hafi þá verið boðaður á fundi milli 2. og 3. umr.

Ég skal þá byrja mitt mál með því að ganga í gegnum brtt., sem minni hl. flytur á þskj. 813. Þær nema samtals 19500 kr., og ég held, að ekki verði sagt, að það séu nein ósköp, þegar það er athugað, að meiri hl. hefir borið fram brtt., sem nema allar, að mig minnir, mikið á annað hundr. þús. kr. Svo flytjum við hér eina brtt., 9. brtt. á þessu þskj., þar sem við förum fram á miklu meiri sparnað heldur en þau gjöld nema, sem við stingum upp á, en annars skal ég ekki tala um hana strax, ekki fyrr en ég kem að henni.

1. brtt. á þskj. 813 er um það, að veita Sigurði Sigurðssyni sýslumanni 3000 kr. veikindastyrk. Hann er veikur nú sem stendur. Ég veit, að hann hugsar til að fara utan eftir læknisráði, sér til heilsubótar. Þessi starfsmaður hins opinbera hefir leyst sín störf mjög vel af hendi, en er fátækur, hefir fyrir þungu heimili að sjá og getur alls ekki efnahagsins vegna farið utan, nema hann fái þennan styrk. Það eru fordæmi fyrir þessu, það hefir verið gert í tveimur tilfellum, sem ég man eftir, og vona ég því, að þessi till. verði samþ.

2. till. er viðvíkjandi Eimskipafélaginu. Í fjárlagafrv., eins og það er nú, stendur, að Eimskipafélagið skuli halda uppi siglingum í sama horfi og áður, og eigi með minni skipastól en árið 1934. Við þessa aths. viljum við bæta, „ef efnahagur þess leyfir“. Lýtur það að því, að ef lítið verður að flytja, eins og stjórnin gefur í skyn að muni verða vegna innflutningshaftanna, þá sé of hart að heimta, að samgöngurnar séu nákvæmlega á sama hátt og þær voru á þessu ári.

Þá er 3. brtt. um 5000 kr. styrk til Stúdentagarðsins. Stúdentagarðsn. sendi fjvn. erindi og bað um styrk til að standast kostnað við bygginguna og rekstur Stúdentagarðsins. Ég skal viðurkenna, að sú upphæð, sem hér er farið fram á, er of lág. Ég vona, að hv. þm. sjái það, að því fé er ekki illa varið, sem varið er í þessum tilgangi, því að hver, sem hefir komið á Stúdentagarðinn, hlýtur að sjá, hve geysimikið er í það varið fyrir unga menn að hafa jafngóðan bústað. En það er ekki nóg að sjá fyrir því. Það verður líka að sjá fyrir því, að þessi bústaður verði ekki of dýr fyrir fátæka námsmenn, og ég vil segja, að það er ekki meiri gustuk að styrkja neina en fátæka námsmenn.

Það er svo með þennan stúdentagarð, að hann hefir verið reistur án nokkurs kostnaðar fyrir það opinbera. Mér finnst því ekki til of mikils mælzt, að ríkissjóður leggi fram í eitt skipti fyrir öll nokkur þús. kr. til þessa stúdentagarðs, því að náttúrlega er erfitt að koma honum af stað og mikil útgjöld því samfara.

4. brtt. er um 2500 kr. styrk til gagnfræðaskóla Reykvíkinga. Ég skil ekki, að neinn geti álitið þetta ósanngjarna kröfu, því að þessi skóli er vel skipaður að kennurum og hefir haft fjölda nemenda, og þetta framlag er svo lítið, að segja má, að það muni ríkissjóð engu.

Þá er 5. brtt. um 3000 kr. framlag til að gefa út Íslendingaæfir. Ég hygg, að það muni í flestum löndum hafa verið gefnar út bækur líkar þessari, og ég veit ekki betur en að það sé búið að undirbúa hér mikið af slíku efni, án þess að nokkurs styrks hafi verið krafizt frá því opinbera.

Þá er 6. brtt. um 2000 kr. styrk til Guðmundar Finnbogasonar. Þetta er jafnhátt þeim styrk, sem hann hefir haft að undanförnu, en hann hefir nú verið felldur burt, sennilega af því að hann hefir nú lokið við mikið verk, sem var gefið út á yfirstandandi ári. Þetta rit þótti mjög gott, en hann langar til að halda áfram ritstörfum í svipaða átt, en er eins og margir embættismenn fátækur og getur ekki lagt í þetta vinnu nema með opinberum styrk, heldur yrði þá að reyna að fá aukavinnu til þess að fá tekjur í staðinn. Þessi maður er svo kunnur rithöfundur, að ég tel ekki þörf að ræða þetta frekar.

7. brtt. er um að framlagið til Fiskifélagsins hækki um 5000 kr. Fiskifél. hefir jafnan verið mjög hógvært í kröfum sínum gagnvart þinginu. Það fór fram á það við fjvn., að fá þessa 5000 kr. hækkun og lagði fyrir n. fjárhagsáætlun sína fyrir árið 1935, og ég verð að segja, eftir að hafa athugað þá áætlun, að ég veit ekki, hvað þar ætti að fella burt. Minni hl. hefir því þótt sanngjarnt að leggja til, að þessi styrkur hækkaði, og er hann þó ekki nema brot af því, sem t. d. Búnaðarfél. er ætlað, en þau félög eru, skilst mér, einna sambærilegust af þeim félögum, sem styrks njóta í fjárl.

Þá er 8. brtt., sem er um 2000 kr. framlag til íslenzku vikunnar. Undanfarin ár hefir verið haldin hér svonefnd íslenzk vika, þar sem sérstaklega hafa verið hafðir á boðstólum íslenzkir munir og menn verið hvattir til að kaupa íslenzkar iðnaðarvörur. Flestir munu telja, að slík vakning sé mjög nauðsynleg, og það er uppi meðal þjóðanna sú stefna, að búa sem mest að sínu, og ég held, að menn séu sammála um það, að þessi íslenzka vika hafi fært mörgum heim sanninn um það, að iðnaður okkar sé kominn á þann rekspöl, að við getum mikið sparað okkur kaup erlendra vara. Þeim peningum, sem er varið til slíkrar starfsemi, er mjög vel varið.

Þá er 9. og síðasta brtt. á þskj. 813, og skal ég um hana aðeins segja það, að við, sem vorum í fjvn., undruðumst það mjög, þegar við sáum, að stj. kom með till. um að lækka laun þeirra embættismanna, sem taka laun samkv. launal., og beinlínis sjáanlegt af frv., að stj. ætlaðist ekki til, að neitt væru lækkuð laun þeirra, sem taka laun utan launal., og þó kom öllum saman um það í n., að þeir, sem ekki eru í launal., hafa yfirleitt miklu hærri laun en þeir embættismenn, sem eru undir launal. Það var upplýst hér við 2. umr., að stj. hefði ekk-

ert gert til þess að koma fram lækkun á launum þeirra manna, sem eru utan launal. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að hann hefði viljað bíða eftir því að sjá, hvernig þingið tæki undir kröfur um lækkun hjá embættismönnum, en þetta þýðir það, að lækkun á launum þeirra, sem ekki eru undir launal., getur ekki komizt í framkvæmd fyrr en einhverntíma á árinu 1935, sennilega ekki fyrr en á miðju ári 1935, og það er af því, að þessum mönnum verður að tilkynna með lögmæltum fyrirvara, að þeirra laun verði sett niður, og sá fyrirvari skilst mér, að muni í flestum tilfellum vera 6 mánuðir, en í einstöku tilfellum 3 mánuðir. Það er ómögulegt að neita því, að það var vanræksla hjá hæstv. ráðh. að gefa þessum starfsmönnum ekki aðvörun um, að þeir mættu vænta niðurfærslu á launum sínum eins og aðrir embættismenn. Ég man, að hæstv. fjmrh. var að snúa út úr því, sem ég sagði við 2. umr. Ég hafði sagt, að hann hefði átt að segja upp eða aðvara þá starfsmenn, sem ekki taka laun eftir launal. Það þýðir að láta þá vita, að þeir verði að vera við því búnir, að laun þeirra verði lækkuð á sama hátt og laun þeirra, sem eru undir launal., og jafnframt, að ef þeir vilja ekki sætta sig við það, þá verði þeir að skoða það sem uppsögn. Þetta hefði hann átt að gera, ef hann hefði ætlað að sýna sanngirni eða sama réttlæti gagnvart öllum opinberum starfsmönnum. En það er engin von, að þeir, sem taka laun eftir launal., séu ánægðir með það, að þeirra laun séu sett svo og svo mikið niður, en svo sé fjöldi manna á hærri launum, sem ekkert á að lækka við fyrr en einhverntíma og einhverntíma. En það er ekki hægt að sjá á fjárlfrv., að stj. ætlist til, að þetta verði gert, því að alstaðar eru áætluð full laun þeirra, sem eru utan launal.

Ég sagði við 2. umr., að minni hl. flytti brtt. í IV liðum við 22. gr., af því að við værum ekki ánægðir með þennan lið eins og hann er orðaður hjá meiri hl. n. Tveir hv. þm. úr meiri hl. hafa orðið svo skotnir í þessari till., að þeir hafa brotið af sér handjárnin og komið með till. að taka upp ýmis atriði úr þessari till., sem þeim hefir þótt vanta í till. meiri hl., en að öðru leyti sett inn í hana atriði, sem verður að teljast tálmun á því, að þetta komist fram. Ég vil segja þessum hv. flm. það, að minni hl. er ekkert þakklátur fyrir, að þeir hafa barnað þessa till. fyrir honum. Þeir verða sjálfir að sjá um sinn hórkrakka; við ætlum ekki að halda honum undir skírn eða gera neitt fyrir hann. Það er svo, að inn í þessa till. þeirra er blandað ýmsum öðrum atriðum, sem eru þess valdandi, að till. kemur að litlu haldi. Það eru tekin með laun þeirra manna, sem starfa hjá stofnunum, sem fá styrk frá því opinbera, og það er gert að skilyrði, að þeir menn megi ekki hafa hærri laun en 8000 kr. Það er vitaskuld, hvað þeir eiga þar við. Það er forstjóri Eimskipafélagsins, maður sem tekinn var frá Samb. ísl. samvinnufél. og látinn hafa nákvæmlega sömu laun og hann hafði þar. Það ræður þess vegna af líkum, að það er ekki mögulegt fyrir Eimskipafél. að setja laun þessa manns niður í 8000 kr., og mig undrar, að hv. flm. skyldu þá ekki nefna t. d. bankastjóra og setja þá líka laun þeirra niður í 8000 kr.

Við minnihl.menn höfum haldið okkur við það atriði, sem viðkemur ríkissjóði, en það eru starfsmenn þess opinbera, en starfsmönnum einkafyrirtækja viljum við halda fyrir utan þetta.

Annars er þessi till. okkar þannig, að laun frá 4—5000 kr. lækki eftir sömu reglum og dýrtíðaruppbót þeirra, sem taka laun samkv. launalögum, laun frá 5—8000 lækki um 15%, þó þannig, að þau verði ekki undir 5000 kr., og laun yfir 8000 kr. lækki niður í 8000 kr. Það eru náttúrlega ekki margir, sem verða fyrir barðinu á þessum síðasta lið, en þeir eru þó nokkrir, og þar sem má heita, að hámark launa hjá okkur nú sé 8000 kr. — þar eru engar undantekningar nema með ráðherra og forseta hæstaréttar —, þá finnst okkur ekki nema rétt, að þetta hámark sé sett hér.

Ég hygg, að lækkanir á gjöldum ríkissjóðs eftir þessari till. okkar nemi miklu meiru en hæstv. fjmrh. nefndi við 2. umr. Ég man ekki, hvað hann nefndi marga starfsmenn, sem þetta myndi koma niður á, en ég hefi hér í höndunum skrá, sem sýnir yfir 100 menn, sem þetta hefði tekið til. Ef skrá þessi er athuguð, þá sést, hversu geysimikill munur er á launum eftir launalögum og launum utan launalaga. Þar sér maður t. d., að ritarinn hjá tollstjóranum hér hefir hærri laun en sýslumaður, og sömuleiðis, að sölumaður einn hjá tóbakseinkasölunni hefir líka meira en sýslumaður. Þá mætti og ennfremur nefna bókarana og gjaldkerana hjá landssmiðjunni og síldarverksmiðju ríkisins, sem allir hafa mjög rífleg laun og mun hærri en meðalembættismannalaun. Einnig mætti nefna skrifstofustjóra útvarpsins, sem hefir 7200 kr., stöðvarstjóra útvarpsstöðvarinnar á Vatnsendahæð með 6 þús., forstöðumann viðgerðarstofu útvarpsins, sem hefir 7 þús. kr., og forstöðumann viðtækjaverzlunarinnar með 9000 kr. Á þessu sést, að það er furðuleg fjarstæða og ranglæti að ætla að fella niður dýrtíðaruppbót af launum þeirra manna, sem taka laun sín eftir launalögum, en koma ekki með till. um að lækka laun hinna, sem taka þau utan launalaga. Ég hélt, að engum ráðh. gæti dottið slíkt ranglæti í hug, hvað þá að hann ætlaði að framkvæma það. Till. hv. þm. V.-Ísf. er því sanngjörn, a. m. k. bætir það nokkuð um að láta lækkun dýrtíðaruppbótarinnar ekki koma til framkvæmda fyrr en á miðju árinu 1935. Vilji Alþingi sýna sanngirni og réttlæti, þá samþ. það eitthvað í þessa átt, en vilji það enga sanngirni sýna, þá fylgir það vitanlega till. hæstv. stj. og hv. meiri hl. fjvn.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um ræðu hv. frsm. meiri hl. fjvn. Hv. frsm. fyrri hlutans reiknaði út, hver tekjuhallinn myndi verða á frv. þessu, og var auðheyrt eftir þeim útreikningi, að hann gerði ekki ráð fyrir, að ein einasta till. yrði samþ. frá stjórnarandstæðingum. Reynslan kemur vitanlega til með að sýna, hvernig þetta fer, en ég býst við, að hann hafi þarna mælt fyrir hönd stjórnarflokkanna

í heild. Hann lýsti því beinlínis yfir, að hann byggist við, að meiri hl. fjvn. myndi neyddur til að koma með till. um niðurfellingu einhverra útgjalda, þ. e. að færa niður sínar eigin till., til þess að reyna að koma fjárl. út úr þinginu tekjuhallalausum. Hann óskaði, hv. þm., að afgreiðsla þessa máls yrði þinginu til sóma. Hvort svo verður, skal ég engu um spá, en það vil ég taka fram, að afgreiðsla fjárl. getur ekki orðið þinginu til sóma, nema gætt sé fullrar sanngirni um úthlutun ríkisfjárins. Við 2. umr. benti ég á, að mikið skorti á, að svo væri, og það verð ég að segja, að ekki virðist hafa breytzt til batnaðar nú.

Þá vil ég næst víkja að frhn. hv. meiri hl. viðvíkjandi símunum. Þar hefir hv. meiri hl. heldur en ekki tekið til leiðréttingar skrá þá, sem landssímastjóri hafði búið til um byggingu símalína á næstu árum. Þessi skrá landssímastjóra náði yfir 20 línur, og voru þær settar á skrána í þeirri röð, sem hann taldi, að þær ættu að byggjast. Nú hefir hv. meiri hl. leiðrétt skrá þessa þannig, að hann hefir t. d. sett þær línur, sem landssímastjóri setti efstar, með þeim allra síðustu. Það er jafnvel svo langt gengið, að nýjum línum er bætt við, sem landssímastjóri tekur ekki upp í skrána. Til sönnunar því, hversu mjög hv. meiri hl. fjvn. hefir umturnað till. landssímastjóra, má t. d. geta þess, að línan, sem landssímastjóri leggur til að sé nr. 1, er nr. 19 hjá hv. meiri hl., og sú, sem er nr. 4 hjá landssímastjóra, er sú 20. hjá meiri hl. Það er línan: Sandeyri—Grunnavík—Hesteyri. Þegar landssímastjóri mætti á fundi n., taldi hann nauðsynlegt að byggja þessa línu þegar á næsta ári, beinlínis vegna landssímans sjálfs, þó að ekkert tillit væri tekið til íbúanna, sem línuna koma til með að nota. Að hv. meiri hl. skuli umturna svona till. landssímastjóra, er í fyllsta máta furðulegt, því að sennilega er landssímastjóri kunnugri þessum málum en nefnd, sem situr hér á Alþingi.

Í nál. hv. meiri hl. segir, að símasamband í Skagafirði sé gott, að undantekinni einni sveit. En þetta er ekki rétt. Þar eru stórar sveitir, sem vantar síma, svo sem Reykjaströnd og Sæmundarhlíð. Einnig vantar síma í frampart Akrahrepps og nokkurn hluta Lýtingsstaðahrepps.

Þá kem ég að brtt. hv. meiri hl. við fjárl. og skal aðeins ræða um fáar af þeim. Fyrst vil ég þá minnast á 8. brtt., viðvíkjandi styrk til sjúkrahúss á Reyðarfirði. Það er auðséð, að hv. meiri hl. hefir tekið tillit til þess, sem ég sagði við 2. umr. fjárlfrv., að þetta hús mundi ekki verða reist næsta ár, því að nú kemur hann með brtt. þess efnis, að verði fjárveiting þessi ekki notuð til byggingar þessa sjúkrahús, þá skuli fé notað til byggingar annars sjúkraskýlis á Austfjörðum.

Viðvíkjandi 9. brtt. er það að segja, að hv. meiri hl. virðist ganga út frá því, að hælinu á Sólheimum verði greiddur 5 þús. kr. styrkur. Í sambandi við þessa till. vil ég taka það fram, að það stóð ekki á okkur í minni hl. að taka upp þessa till., en það stóð þá á hv. meiri hl., en nú hefir hann séð að sér og iðrazt. Sama máli gegnir um Suðurdalaveginn; þar hefir meiri hl. tekið upp dálitla fjárveitingu. Þá hefir hv. meiri hl. bætt úr gagnvart Vestur-Ísafjarðarsýslu og kemur með álitlega fúlgu til Breiðadalsheiðarvegar. Aftur á móti hefir hann ekki séð ástæðu til að bæta úr misréttinu gagnvart Norður-Ísafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu, sem alveg hafa orðið útundan með vegafé.

Þá vil ég nefna styrkinn til flóabátanna, og beini ég því, sem ég segi um það mál, til hv. samgmn. Ég er óánægður með það, hve lítill styrkur er ætlaður til bátsins, sem gengur á milli Siglufjarðar og Haganesvíkur. Milli þessara staða er fjallvegur, sem er ófær 7—8 mán. ársins, nema gangandi mönnum á skíðum. Er því ekki hægt fyrir bændur úr Fljótunum að draga að sér eða flytja frá sér afurðir sínar, nema á bátum.

Þá hefir meiri hl. tekið rögg á sig og lækkað styrkinn til rannsóknarstofu háskólans. Ég bjóst alltaf við, að það myndi koma þruma úr því skýi, sem grúfði þar yfir, en ég hélt aldrei, að hv. meiri hl. myndi koma með till. í þessu formi, en nú er hún komin, og það með þeim forsendum, að undrum sætir. Afleiðing hennar verður tæplega önnur en sú, að rannsóknarstofan verður neydd til þess að hækka verðið á sauðfjárpestarbóluefninu, og það skil ég varla, að verði vinsælt meðal bændanna. Annars finnst mér þetta sífellda nart í forstöðumann rannsóknarstofunnar fullkomlega ástæðulaust. Hann er að mínu viti velgerðamaður landbúnaðarins, og á því sízt skilið árásir og nart frá þeim mönnum, sem telja sig forsvarsmenn bænda. Hitt er vitað, að hann er ekki vinur form. fjvn., en það er hann, sem knúð hefir þessa till. fram, eins og lækkunartill. viðvíkjandi Kleppi.

Þá hefir hv. meiri hl. hækkað „stofnkostnað héraðsskólana“ úr 5000 kr. í 6500 kr., og eiga þessar 1500 kr. að ganga til raflýsingar á Laugum. Við þetta breikkar bilið á milli Blönduósskólans og Laugaskóla, sem þó var nægilega mikið áður. Ein allra fáránlegasta till. af öllum till. hv. meiri hl. held ég þó, að sé till. um að veita 5 þús. kr. til þess að gera við hús, sem er eign pólitísks flokks hér í bænum. Þetta mun eiga að vera dálítill „skenkur“ til jafnaðarmanna. Sjálfsagt þykir þeim gott að fá gefins 5000 kr. úr ríkissjóði til þess að gera við sitt eigið hús, en flestir aðrir myndu tæplega geta farið fram á slíkan styrk. Ég veit ekki, hvað hv. meiri hl. fjvn. segði, ef t. d. við sjálfstæðismenn vildum fá styrk til þess að gera við Varðarhúsið hérna, og er það þó hliðstætt því, sem jafnaðarmenn hafa fengið. **(Raddir af þingbekkjum:** Hv. þm. ætti að bera slíka till. fram). Nei, það mun ég ekki gera, því að ég vil ekki bera fram neina þá till., sem ég ekki tel sanngjarna og vil ekki fá samþykkta.

Þá sagði hv. frsm. síðari hlutans ekki eitt orð um það, til hvers í raun og veru þær ættu að vera þessar 10 þús. kr., sem meiri hl. tekur upp til áhaldakaupa vegna síldarrannsókna. Hann sagði aðeins, að hér væri um að ræða svo

þekkt mál, að óþarfi væri að tala nokkuð um það. Ég fyrir mitt leyti get sagt það, að ég hefi ekki heyrt það nefnt fyrr, og vil því beina þeirri ósk minni til hv. frsm., að hann upplýsi eitthvað um þetta. En vitanlega er hann ekki viðstaddur frekar en venja hans er.

Þá eru 4 brtt., sem nema alls á 6. þús. kr., sem eru styrkir til ýmissa verkalýðsfélaga, sem ég veit einu sinni ekki, hvort eru til eða ekki. En ég þykist skilja, að það sé lítilsháttar herkostnaður, sem verður að greiða hv. meiri hl.

Þá vil ég nefna 56. brtt., sem er við 22. gr. frv. Þar er svo tiltekið, að verja megi 6 þús. kr. af tekjuafgangi landssmiðjunnar til þess að láta gera það, sem þar segir. Ég get ekki að því gert, að mér finnst þetta harla undarleg till., því að það er alkunna, að þetta fyrirtæki hefir aldrei haft neinn tekjuafgang og skuldar mikið. Um þetta býst ég við, að hv. 10. landsk. geti gefið upplýsingar, ef vildi. Það er því hreint og beint hlægilegt að vera að ráðstafa þeim arði, sem aldrei hefir verið til. En það er ekki allt búið með þetta, aðalrúsinan er í endanum, þar sem segir svo, að ríkisstofnunum og fyrirtækjum, sem njóta rekstrarstyrks af almanna fé, sé **skylt** að skipta við landssmiðjuna, eftir því sem hún geti afkastað. Það er ekki nefnt með einu orði, að henni sé skylt að setja verðlagið á vinnu fyrir ríkisstofnanirnar neitt svipað því, sem önnur hliðstæð fyrirtæki myndu taka fyrir slíka vinnu. Hún getur því sett verðið eins hátt og henni sýnist, og með því móti kannske fengið 6 þús. kr. tekjuafgang. Að það skuli koma frá þingnefnd till. um það, að gefa einni stofnun einkarétt á að verzla við það opinbera, alveg án þess að nefna nokkurt verð, er alveg einstakt.

Þá er brtt. um að borga Jóhanni Kristjánssyni í Skógarkoti skaðabætur, ef þær framkvæmdir verða stöðvaðar af Þingvallanefnd, sem hann hefir gert við Vellankötlu. Nú vill svo til, að bóndi þessi hefir engar framkvæmdir gert við Vellankötlu, því að hann hefir byggt annarsstaðar. Mannvirki þau, sem hann hefir reist, eru langt þaðan; það er því ekki hægt að greiða honum neitt, þó að till. verði samþ. Till. þessi mun annars vera afturganga tillögu til þingsál., sem hv. þm. S.-Þ. flutti hér á öndverðu þingi. Þetta og annað eins er að leika sér með fé almennings, en slíkt virðist miður viðeigandi.

Þá er till. um að kaupa af Landsbankanum jarðir á Eyrarbakka og Stokkseyri. Till. þessari svipar mjög til till. um landssmiðjugróðann. Þar er ekkert minnzt á verð, aðeins að vextir verði ekki háir og afborgunarskilmálar sæmilegir. Jarðirnar mega kosta hvað sem vill; um það er ekkert skilyrði sett. Þessar tvær till., um landssmiðjuna og jarðakaupin, þyrði ég að órannsökuðu máli að sverja upp á hv. þm. S.-Þ., svo mjög sverja þær sig í ættina til hans.

Að síðustu vil ég nefna till. um að greiða einhverjum Jóni Bergsteinssyni, fyrrv. bústjóra á Kleppi, 300 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og að upphæðin sé færð á reikning Kleppsbúsins. Hér á að taka upp aðferð, sem ég verð að telja mjög **varhugaverða**. Mér finnst það ekki geta komið til mála að fara að taka upp þann sið, að skylda stofnanir, sem eru hreinar ríkisstofnanir, til þess að greiða eftirlaun.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um till. n., en mun bæta fáeinum orðum við það, sem ég sagði áður um frhnál. meiri hl. fjvn., sérstaklega viðvíkjandi vitunum. Meiri hl. leggur til, að því fé, sem veitt er til nýrra vita, 67 þús. kr., verði varið til að reisa miðunarstöð í Vestmannaeyjum og til radióvita eða miðunarstöðvar á Reykjanesi, eftir því sem stj., að undangenginni framhaldsrannsókn, kann að ákveða. Þó sé 2500 kr. af þessu fé varið til innsiglingarvita við Akraneshöfn, samkv. fyrirmælum hafnarlaga. Þetta um innsiglingarvita á Akranesi skýtur nokkuð skökku við, því að í hafnarlögum Akraneskauptúns eru engin fyrirmæli um hann, svo að kunnugt sé. Ég veit ekki, hvað meiri hl. meinar með þessu.

Ég er mjög óánægður yfir þessum till. hv. meiri hl. um skiptingu á vitafénu. Því að samkv. lögum er það ákveðið, að vitamálastjóri, forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík og forstjóri Fiskifélags Íslands eigi að gera tillögur og fyrirmæli um það til stj., hvar eigi að nota það fé, sem áætlað er til nýrra vitabygginga árlega. Þessi ákvörðun er í vitamálalögunum. nr. 43 19. júní 1933, 7. gr. Um fjárveitingar til vitabygginga fyrir næsta ár segir svo í bréfi vitamálastjóra frá 4. júlí s. l., sem einnig er undirritað af forstjóra Fiskifélagsins og forstöðumanni Stýrimannaskólans, með leyfi hæstv. forseta:

„Vitamálanefndin 1930 var sammála um það, að einna mest sé þörf á að lýsa upp Skagafjörð og Húnaflóa, enda er Skagafjörðurinn í algerðu myrkri, en Húnaflóinn mjög lítið lýstur; aftur á móti er sigling þar orðin mjög mikil allt árið, en sérstaklega fram eftir haustinu, og féllumst við algerlega á það, að sjálfsagt væri að byrja á Skagafirðinum. Nefndarálitið gerir ráð fyrir 3 innfjarðavitum, með mislitum hornum til að sýna siglingaleiðir, á Reykjadisk, í Hegranesi og á Straumnesi. Við kjósum heldur að bæta einum vita í Málmey, til þess bæði að fá betri leiðir milli skerja og boða, og jafnframt að þurfa ekki að gera hina vitana — sérstaklega Hegranesvita — eins ljóssterka og annars hefði þurft".

Þetta segja þeir menn, sem lögum samkv. eru kvaddir til að láta uppi álit sitt um þetta. Um framlög til nýrra vega tók meiri hl. fjvn. tiltölulega lítið tillit til áætlana vegamálastjóra, og stj. tók raunar líka lítið tillit til þeirra, en þó er það ekki svo, að enginn vegur verði gerður af þeim, sem hann gerði till. um; þeir eru flestir teknir í fjárl., en fjárframlögum til þeirra er stórum raskað. Eins er með símana. Meiri hl. fjvn. vildi ákveða að leggja alls ekki á næsta ári þær símalínur, sem landssímastjóri lagði til að lagðar yrðu. En þegar kemur að vitunum, þá vill meiri hl. alveg strika út till. vitamálastj. og láta gera allt annað. Þar er ekkert gert með það, sem þessi lögskipaða vitamálanefnd stingur upp á.

Þetta er nú meðferð þessara yfirvitringa í meiri hl. fjvn. á till. hinna opinberu embættis-

manna, sem jafnframt eru sérfróðir ráðunautar stj. í þessum efnum. Sem þm. Skagfirðinga mótmæli ég algerlega þessari meðferð og skora á hæstv. stj. að taka ekkert tillit til tillagna hv. meiri hl. n. — Þær eru ekkert annað en helber rangindi, sérstaklega að því er vitamálin snertir. Og þegar litið er á þá meðferð á till. aðalforstjóra ríkisstofnananna, sem hv. meiri hl. hefir leyft sér, þá lætur undarlega í eyrum, þegar frsm. meiri hl. er að mæla fyrir því, að þessir sömu forstjórar eigi að fá fjárupphæðir úr ríkissjóði til útbýtingar á milli gamalla og lasburða fyrrv. starfsmanna þess opinbera; en þetta hlutverk vill hann fela t. d. landlækni, *fræðslumálastjóra og vegamálastjóra*. Þegar eitthvað þarf að nota þessa menn, þá er sjálfsagt að treysta þeim til þess. En þegar flokkshagsmunir eru annarsvegar og kjördæmakröfur stjórnarliða, þá þykir sjálfsagt að vísa till. þessara forstjóra á bug, þá er þeim ekki treystandi til neins. Og þetta út af fyrir sig, að strika gersamlega út till. vitamálanefndar um ráðstöfun á vitafénu, er alveg óhæfilegt.

En hitt er svo annað mál, ef gengið er út frá, að þetta fé verði ekki notað til þess að reisa vita við Skagafjörð, hvort rétt sé að verja því til miðunarstöðvar, og þá sérstaklega til að reisa miðunarstöð í Vestmannaeyjum. Ég vil út af því leyfa mér að lesa hér upp kafla úr bréfi frá vitamálastjóra; það er ekki prentað og ég ætla því, að mér sé óhætt að lesa það án forsetaleyfis. Það hljóðar svo: „Ég vil leyfa mér að vekja athygli hinnar háttvirtu fjárveitinganefndar á þessari tillögu, og mótmæla því eindregið, að hún verði samþykkt, bæði vegna þess, að samkvæmt rökstuddu áliti sérfræðinga landssímans mun slík stöð verða afardýr og koma að litlum notum, og jafnframt vegna þess, að slík miðunarstöð mun samkvæmt eðli sínu alls ekki verða talin viðkomandi vitamálunum. Við höfum enga menn, sem þekkja neitt inn á slíkar stöðvar, og yrðum við því að vísa bæði stofnun og rekstri hennar til landssímans, þar sem hún eðlilega á heima, enda er ekki hægt að reka hana nema í sambandi við eða sem hluta úr talskeytastöð, sem aðeins landssíminn má og getur sett upp og rekið".

Með öðrum orðum, það er ekki nóg með það, eftir þessu að dæma, að það fé, sem átti að verja til þess að lýsa upp Skagafjörð, sé tekið til annara vita, heldur á í raun og veru að verja *því til símamála. Því það er vitanlega alveg rétt*, sem vitamálastjóri segir í þessu bréfi, að miðunarstöðvar geta ekki heyrt undir vitamálin. Svo er það eitt enn viðvíkjandi þessu, sem er athugavert: hvort þessar miðunarstöðvar séu yfirleitt heppilegar. Um þær eru miklar deilur. Og ég held fyrir mitt leyti, að það sé ekki hægt fyrir Alþingi að slá neinu föstu um það, hvort miðunarstöðvar eigi að koma hér á landi, nema að undangenginni rannsókn, og þá m. a. á reynslu annara þjóða. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að landssímastjóri var spurður um álit sitt á þessu máli, og ýmsar upplýsingar því viðvíkjandi. Og hann hefir í bréfi, frá 26. okt. s. l., gefið ýtarlega skýrslu um miðunarstöðvar og radíóvita og þróun þeirra í flestum löndum Evrópu og Norður-Ameríku síðastl. 3 ár, frá nóv. 1931 og fram til sept. 1934. Er þetta tekið eftir skýrslum Alþjóðaskrifstofunnar í Bern. Í þessum löndum eru samtals 88 miðunarstöðvar síðastl. haust, og hefir þeim fækkað um 3 á síðustu þremur árum; en radíóvitar voru samtals í þessum löndum 225, og hafði þeim fjölgað um 54 vita á sama árabili. Þetta sýnir okkur, hvernig á málið er litið í öðrum löndum. Það sýnir, að það á ekki að reisa hér miðunarstöðvar, heldur radíóvita, því að engum getur, skilst mér, dottið í hug, að ef aðrar þjóðir álitu miðunarstöðvar nauðsynlegri en radíóvita, þá hefði miðunarstöðvum fækkað í heiminum á síðastl. þremur árum samtímis og radíóvitum hefir fjölgað mjög. Það væri freistandi að lesa ýmislegt fleira úr þessari skýrslu landssímastjóra, því að ég hygg, að Gunnlaugur Briem, aðstoðarmaður hans, sem einnig hefir undirritað þetta bréf, sé sá, sem hefir bezt vit á þessum málum hér á landi. Ég vil einnig geta þess, að forseti Fiskifélags Íslands er sammála honum um það, að við eigum ekki að reisa miðunarstöðvar, heldur radíóvita. Stofnkostnaður miðunarstöðva er miklu meiri, og rekstrarkostnaðurinn líka. Ég fæ því ekki betur séð en að það sé alveg rangt, eftir þessum upplýsingum að dæma, að leggja út í það að byggja miðunarstöðvar. Landssímastjóri segir ennfremur í þessu bréfi: „Mér virðist sem ein miðunarstöð á Reykjanesi myndi koma að tiltölulega litlu gagni, vegna þess, hve lítið væri hægt að treysta á miðanirnar. Hinsvegar liti málið allt öðruvísi út, ef reistar yrðu 3 miðunarstöðvar nálægt hver annari, því þá má gera krossmiðanir og samanburð á miðunum og finna staðskipsins nokkuð nákvæmlega. Þannig hafa Þjóðverjar 3 miðunarstöðvar nálægt hver annari við Norðursjóinn, en enga í Eystrasalti, og eru þar þó tíðar þokur.

Þrjár miðunarstöðvar með sambandi sín í milli myndu sennilega kosta um 250—300 þús. kr., og rekstur þeirra líklega um eða yfir 30 þús. kr. á ári. Að sjálfsögðu yrði mikið gagn að þeim í nánd við Reykjanes.

Ástæða virðist til að athuga, hvort ekki væri heppilegra að verja svipaðri upphæð til að reisa fleiri radíóvita kringum landið og veita íslenzkum skipum allríflegan styrk til að koma upp miðunarstöðvum í skipunum, enda sennilegt, að að því yrðu mun meiri not".

*Yfirleitt segir landssímastjóri*, að þessar miðanir séu ekki ábyggilegar, og að það geti jafnvel munað allt að 90° horni á sumum stöðum, ég ætla að hann segi helzt þar, sem hraun eru. Ég held því, að jafnvel þó að ekki verði reistir vitar við Skagafjörð, sem ég auðvitað álít, að eigi að gera, þá á ekki að byggja miðunarstöðvar, a. m. k. ekki án þess að það mál sé betur rannsakað.

Ég læt mér ekki detta í hug að fara út í brtt. einstakra þm. við fjárlfrv., og býst ekki við að gera það heldur síðar við þessa umr. En mig langar þó til að lengja enn mál mitt með fáeinum almennum athugasemdum. — Ég hefi tekið það fram hér áður, að mér þykja gjöldin samkv. þessu frv. allhá og allt of há. Við sjálfstæðismennirnir í fjvn. fluttum hér viðtækar

till. til lækkunar við 2. umr. þessa máls, en þær voru allar strádrepnar. Nú er þó svo komið, þrátt fyrir að fyrirsjáanlegt er, ef áætlanir hæstv. stj. standast, að hinir nýju tekjuaukar nema um 2 millj. kr., að hv. frsm. fyrri kaflans, 6. landsk., er farinn að hafa það á orði, að meiri hl. n. muni verða að skera eitthvað niður af því, sem tilætlunin hefir verið að samþ., og kæmi mér þá ekki á óvart, þótt kjördæmi okkar stjórnarandstæðinga yrðu nokkuð freklega fyrir barðinu á þeim niðurskurði, ef dæma má eftir reynslu undanfarið á þessu þingi. Ég segi þetta ekki til þess að mæla gegn niðurfærslu, því að við sjálfstæðismenn höfum sýnt í verkinu, að sá er okkar vilji; en ég get ekki annað en bent á þetta, til þess að öllum verði ljóst, að sú skoðun, sem sjálfstæðismenn létu í ljós um þetta við 2. umr., var rétt, þó að stjórnarliðar hristu þá höfuð sín yfir þeim fjarstæðum að hugsa sér að draga úr gjöldunum.

Hv. stjórnarflokkar hafa á þessu þingi tekið upp þá aðferð, sem aldrei hefir þekkzt hér á landi fyrr, að útiloka andstæðinga sína algerlega frá öllum áhrifum á meðferð fjármála ríkisins, andstæðinga, sem eru umboðsmenn meiri hluta þjóðarinnar. Þetta er nú þeirra lýðræði. Þessa útilokun áhrifa okkar stjórnarandstæðinga framkvæma þeir þannig, að þeir gera út um hverja einustu fjárveitingu á sameiginlegum flokksfundum, eins og áður hefir verið upplýst. Það má kannske segja eitthvað gott um þetta fyrirkomulag, þó að ég komi ekki auga á það, og þó að það fari alveg í bága við okkar stjórnarskipun og stefni beina leið til einræðis. A. m. k. fæ ég ekki séð, að þetta leiði til neins góðs.

Þegar ég lít á þetta fjárlfrv. og till. hv. meiri hl. n., sem ég veit, að eru þegar samþ., þá fæ ég ekki betur séð en að gjöld samkv. því séu um 15 millj. kr., ef allt er talið með, þar á meðal allir pinklarnir, sem stungið er milli bagga á hinum drápsklyfjaða ríkissjóði; en með pinklum á ég við heimildirnar í 22. gr., sem sumir hverjir sýnast í meira en lítið, svo sem 5—600 þús. kr. til útvarpsins. Það er því ekki ástæða til að hæla stjórnarflokkunum fyrir sparsemi. Það er sýnilegt, að þar er togað í skæklana frá báðum hliðum, og fæ ég ekki betur séð en að sósialistunum veiti betur í því reiptogi. Sparnaður er nú bannfært hugtak. Nú hljóðar slagorðið þannig, að tekið skuli sem mest af landsmönnum í sköttum, til að jafna kaupgetuna — en hvað verður um kaupgetuna, þegar allir eru orðnir armingjar?

Ég hefi gaman af að minna á það hér við þetta tækifæri, að ég las alveg nýlega í dönsku blaði ummæli fjármálaborgarstjórans í Kaupmannahöfn um tekna- og gjaldaáætlun þess bæjar fyrir árið 1935. Þessi maður er sósialisti og hann kveður dálítið við annan tón en fjármálaráðherra okkar hér úti á Íslandi. Borgarstjóri þessi lýsti því yfir, að þótt hann hefði dregið úr gjöldum eins og hann teldi fært, þar á meðal úr byggingu verkamannabústaða, þá gæti hann samt ekki fengið jöfnuð á tekjum og gjöldum. En að jafna það með tekjuaukum teldi hann fjarstæðu í því árferði, sem nú er. Því að eitt væri nauðsynlegast af öllu og það væri að vernda kapitalið, eignirnar, til þess að hafa þær sem framtíðarskattstofn. Svona talar danskur sósialisti, sem hefir ábyrgðartilfinningu og veit, að hann, að öllum líkindum, á að fara með þessi mál um langt skeið. Hann er ekki hræddur við að segja flokksmönnum sínum til syndanna og láta uppi sína skoðun, þó að hún mælist kannske ekki vel fyrir. En hér á Íslandi segir fjmrh., að ekkert sé annað en jafna kaupgetuna, leggja á skatta og eyða af innstæðu, og þessi skoðun kemur rækilega fram í þessu fjárlfrv. og tekjuaukafrv. stjórnarinnar.

Ég er sannfærður um, að þótt hv. stjórnarliðar vilji ekki viðurkenna það, þá eru þeir þó, a. m. k. sumir þeirra, ekki ánægðir með afgreiðslu þessa máls. Ég er sannfærður um, að margir þeirra sjá, að mörg ár í röð getur þessi aðferð ekki blessazt, nema alveg skipti um á sviði verzlunar við útlönd. — Ég segi ekki, að það setji landið á hausinn, þó að þetta sé gert í 1 eða 2 ár, en að gera það að reglu til lengdar, getur alls ekki blessazt.

Það er satt, að stjórnarandstæðingar hafa við þessa umr. borið fram miklar till. til hækkunar á gjaldalið fjárlfrv., en stjórnarliðar aðeins gegnum meiri hl. n. — Ég tel það ekki, þó að hv. þm. Mýr. (BÁ) hafi skotizt út og gert brtt. um 100 kr. hækkun á einum gjaldalið; það ber aðeins vott um, að hann hefir getað undið til handjárnunum sem svaraði 100 kr. Ég get búizt við, að reynt verði að gera úlfalda úr þessum brtt. stjórnarandstæðinga; en ég dreg engar dulur á, að ég veit, að stjórnarflokkarnir hafa samtök um að fella þessar till. flestar — ef ekki allar. En þrátt fyrir það eiga stjórnarandstæðingar yfirleitt ekki skilið ámæli fyrir þetta; því þeir vita, að í frv. og till. hv. meiri hl. n. eru mýmargar fjárveitingar, sem eiga miklu minni rétt á sér en þessar brtt., sem nú á að leggja niður við trogið. Og ennþá er einræðið ekki komið svo langt, að stjórnarandstæðingum sé bannað að koma með tillögur. Þeim er ekki enn bannað að sýna kjósendum sínum það svart á hvítu, að þeir hafi ekki gleymt áhugamálum þeirra. Hitt er svo annað mál, að stjórnarsinnum kemur þetta kannske ekki sem bezt, að fá þessar till. fram í dagsljósið, því að það er náttúrlega ekki útilokað, að kjósendum detti í hug að bera saman það, sem fellt er og samþ., og það kæmi stjórnarsinnum vitaskuld ekki vel, hvorki um þær brtt., sem fyrir lágu við 2. umr., né þessa.

Ég ætla ekki í þetta skipti að víkja að nema einni brtt. flokksmanna minna, en það er sú till. hv. 3. þm. Reykv. að hækka atvinnubótafé um ½ millj. kr. og fella burt aths. um framlag bæjar- og sveitarfélaga. Ég skil þessa brtt. þannig, að hv. flm. hennar vilji með þessu undirstrika það, sem ég sagði hér við 1. og 2. umr. þessa máls, að það er fullkomin staðleysa að ganga út frá, að það sé mögulegt fyrir bæjar- og sveitarfélög að leggja fram 1 millj. kr. til atvinnubóta á næsta ári. Það fé er þeim vitaskuld gersamlega ómögulegt að útvega. ½ millj. kr. fjárveiting úr ríkissj. gegn

tvöföldu framlagi á móti frá bæjar- og sveitarfélögum, er því ekkert annað en ryk í augu atvinnuleysingja, en á ekkert skylt við hið raunverulega líf. Sogsvirkjunin ein útvegar á næstu árum svo mikla atvinnu, að mjög stórum dregur, og nú er það víst, að byrjað verður á henni snemma á næsta ári. Ég sé af því, sem fram hefir komið síðan mál þetta var hér til 2. umr., að ég hefi tekið of grunnt í árinni, er ég þá gerði ráð fyrir, að á næsta ári mundi hún borga í vinnulaun um 600 þús. kr., því að allar líkur virðast benda til þess, að þessi fjárhæð verði allt að 1 millj. kr., og má sjá minna grand í mat sínum. Sú ríkisstj., sem ekkert tillit vill taka til þessa, er blind eða hugsunarlaus fyrir framtíðinni; því að öllum ætti þó að vera það ljóst, að ekki er hægt að taka stórlán til stórframkvæmda annað eða þriðja hvert ár, og á milli verður að bæta úr atvinnuleysinu. Með þessu háttalagi er það auðsætt, að bændur geta engan vinnukraft fengið um sláttinn með kleifum kjörum.

Um tekjuáætlun þessa frv. vil ég aðeins segja það, að hún er svo há, að ég tel með öllu óvíst, að hún standist. Þó er ég ekki blindur fyrir því, að ríkissjóður fær talsvert drjúgar tekjur af innflutningi allskonar varnings frá Miðjarðarhafslöndunum, en af því leiðir þá líka, að innflutningshöftin verða gagnslítil, og hæstv. fjmrh. getur ekki staðið við loforð sitt um, að hin aukna kaupgeta valdi ekki erlendum vörukaupum. Auk þess má benda á, að þetta frv. er þannig úr garði gert, að það eykur einnig á annan hátt stórkostlega erlend kaup.

Ég skal svo að lokum geta þess, að það hefir komið fram beiðni frá sjúkrahúsinu í Vík um greiðslu ⅓ kostnaðar af röntgentækjum, sem sjúkrahúsið hefir keypt á yfirstandandi ári. Það er nú ekki tekin upp fjárveiting í þessu skyni í þessu frv., en fyrir önnur sjúkrahús hefir verið tekin upp fjárveiting í sama skyni. Ég nefni þetta ekki af því, að fyrir liggi nein till. um þetta, heldur af því, að minni hl. ætlast til, að í fjárl. fyrir árið 1936 verði tekin upp fjárveiting í þessu skyni.

Annað atriði skal ég líka nefna, sem svipað stendur á um, og það er styrkur til franskíslenzkrar orðabókar. Í þessu frv. hér er gert ráð fyrir fjárveitingu til sænsk-íslenzkrar orðabókar. Það þótti of mikið að taka upp fjárveitingu til beggja þessara bóka í einu, og þó ég fyrir mitt leyti áliti það réttara að taka upp fjárveitingu til þeirrar frönsku heldur en þeirrar sænsku, þá varð það ofan á í n. að láta þá sænsku ganga fyrir. En minni hl. vill þá, að fjárveiting til franskrar orðabókar verði tekin upp í fjárl. fyrir 1936, og ég hygg, að meiri hl. sé því líka meðmæltur, eftir þeim undirtektum að dæma, sem þetta mál fékk í n.

Ég vil svo biðja afsökunar á því, ef ég hefi orðið heldur langorður, en það er ekki heldur víst, að ég taki neitt aftur til máls við þessa umræðu.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Þær brtt., sem ég flutti við 2. umr. þessa máls, voru allar felldar. Þær fundu ekki náð fyrir augum þeirra 25 manna, sem allir stóðu fastir saman í járnum við atkvgr. Ég geri raunar ráð fyrir, að svo kunni að fara enn, en ég vil þó reyna að freista þess á ný að bera fram brtt.

Fyrsta brtt., sem ég ber fram, er um það, að fjárframlag úr ríkissjóði til vegar yfir Siglufjarðarskarð verði hækkað úr 15000 kr. upp í 25000 kr. Eins og ég tók fram við 2. umr., þá hefir það verið ákveðið af viðkomandi stjórnarvöldum, að þessi vegur skyldi nú lagður, þrátt fyrir það, að upplýst hefir verið, að hann muni kosta um 300 þús. kr. Það er vitanlegt, að sú upphæð, sem nú er veitt til þessa vegar í fjárl., 15 þús. kr., hrekkur mjög skammt til þess að koma þessum vegi áleiðis. En mér skilst, að Alþ. geti að vissu leyti staðið sig vel við að veita ríflegri upphæð til þessa vegar heldur en nú er áætlað, sökum þess að Siglfirðingar sjálfir munu vera búnir að gefa til hans um 60 þús. kr., í dagsverkum, og það sýnir, hve mikinn áhuga þeir hafa fyrir lagningu hans. Siglufjörður mun vera sá kaupstaður á landinu, sem hefir erfiðastar samgöngur, þannig að það er í raun og veru ekki hægt að komast þangað nema sjóleiðis, og er honum þó vitanlega mjög nauðsynlegt að komast í beint vegarsamband við Skagafjörð. Eins og vitanlegt er, þá er kaupstaðurinn allstór orðinn og mjög mannmargt þar að sumri til, en inn af kaupstaðnum er mjög lítið ræktað land, og er því erfitt um alla aðdrætti af landbúnaðarafurðum, og mjólk er t. d. flutt þangað að nokkru leyti frá Akureyri. En ef Siglufjörður kæmist aftur á móti í beint vegarsamband við Skagafjörð, þá er örskammt þangað vestur, og það mundi greiða fyrir markaði á þeim framleiðsluvörum, sem Skagfirðingar gætu látið í té. Ég skil því ekkert í hv. 2. þm. Skagf. að greiða atkv. móti þeirri brtt., sem ég bar fram við 2. umr. um það, að veita 55 þús. kr. til þessa vegar. Mér skilst, að hann beri ekki hagsmuni sinna kjósenda nægilega fyrir brjósti, ef hann greiðir atkv. gegn þessu litla fjárframlagi. Það er vitanlegt, að í mörg horn er að líta, en ég sé á öðrum upphæðum, sem veittar eru til vega víðsvegar á landinu, að þessi upphæð er langsamlega lægst, samanborið við hinn mikla kostnað, sem er á lagningu þessa vegar. Og að mínu áliti hefði ekkert verið við því að segja út af fyrir sig, þó Alþ. hefði tekið þá afstöðu að neita um nokkurt fé til þessa vegar vegna þess hve dýr hann er. En úr því að þegar er búið að leggja fram nokkurt fé til þessa vegar, þá virðist mér heppilegra að leggja fram ríflegri upphæð strax til þess að flýta fyrir lagningunni. Ég veit ekki betur en að það hafi verið veittar 10—20 þús. kr. til þessa vegar í vor, og það virðist því undarlegt, að í fjárl. skuli ekki vera hærri upphæð en aðeins 15 þús. kr., auk þess sem Siglfirðingar eiga sannarlega að njóta þess, að þeir hafa sjálfir lagt fram fjórfalda upphæð við það, sem hér er gert ráð fyrir.

Við 2. umr. fjárl. bar ég fram brtt. í þá átt, að veittar væru 2200 kr. til Skáksambands Íslands. Það hefir verið þannig undanfarin ár,

að Alþ. hefir veitt Skáksambandinu frá 1—2 þús. kr. styrk, og er mér kunnugt um, að þm. hafa verið þessu yfirleitt mjög fylgjandi úr öllum flokkum. Ég er þess vegna sannfærður um, að það er ekki út af fyrir sig illvilji gagnvart Skáksambandinu, sem hefir ráðið því, að þessi styrkur var felldur, heldur aðeins flokkssamtök, sem gerð voru hjá stjórnarflokkunum um að fella allar till. frá andstæðingum þeirra. — Skáksambandið hefir beitt sér fyrir því, eins og vitanlegt er, að efla skáklistina innanlands og að senda skákmenn á erlend skákmót. Það hefir sent menn á skákmót í Oslo, Gautaborg og 2—3 sinnum í Kaupmannahöfn, og allar þessar ferðir hafa orðið íslenzkum skákmönnum fremur til sóma. Ég skal líka geta þess, að það hefir farið fram skákkappmót símleiðis milli Íslands og Noregs, og Íslendingar báru þar hærri hlut. Einnig hefir farið fram símtaflskák milli Íslands og Danmerkur, og báru Íslendingar þar líka hærri hlut, en í símtaflskák við Svíþjóð hafa þeir beðið lægri hlut. Loks má geta þess, að Íslendingar hafa tvisvar sinnum teflt pr. radio við Oslo og í bæði skiptin hefir orðið jafntefli. Þessar kappskákir sýna, að Ísland stendur jafnfætis hinum Norðurlandaþjóðunum að þessu leyti til, en ég hugsa, að það sé vandfundin sú íþrótt, sem Íslendingar geta mætt erlendum íþróttamönnum svo jafnfætis sem hér hefir orðið raun á. Það má þó sízt af öllu gleyma því, að Íslendingar hafa tvisvar sinnum sent 4 skákmenn á alheimsskákmótið F. I. D. E., sem kallað er. Þeim kappskákum er þannig hagað, að löndin keppa hvert við annað á þann veg, að samtímis keppa 4 menn frá hverju landi. Nú er það vitanlegt, að Íslendingar hafa út af fyrir sig ekki mörgum mjög góðum skákmönnum á að skipa, en hafa þó verið svo heppnir í bæði þessi skipti að geta fengið sína beztu skákmenn til þessarar farar, og hafa Íslendingar þó ekki verið neðstir, eins og við mátti búast, heldur hafa í bæði skiptin 3 lönd verið fyrir neðan þá. Og er það út af fyrir sig mjög góður árangur, þar sem á þessum skákmótum mæta beztu skákmenn heimsins. Þess er líka getandi, að nokkrar af þeim skákum, sem tefldar hafa verið á þessum alheimsmótum af Íslendingum, hafa vakið svo mikla eftirtekt, að þær hafa verið birtar svo að segja í öllum skákblöðum heimsins. Ég hefi hér fyrir framan mig bók, sem gefin var út 1933 og er um síðasta alheimsskákmótið, sem haldið var í Folkstone í Englandi. Þessi bók hefir inni að halda beztu skákirnar, sem tefldar voru á þessu móti. Það eru fáar skákir, sem teknar eru upp í þessa bók af öllum þeim skákum, sem þarna voru tefldar, en ég vil vekja athygli á því, að þar eru teknar 11 skákir eftir alheimsmeistann Aljechin, og þar næst koma svo Eggert Gilfer og einn Ameríkani, með 10 skákir hvor, annar Ameríkani með 9 skákir og svo Íslendingurinn Ásmundur Ásgeirsson með 8 skákir. Á þessu má sjá, að mikið hefir þótt koma til þessara tveggja Íslendinga. Þessi bók er gefin út í mjög stóru upplagi, og öll skáksambönd heimsins kaupa hana fyrir sín félög. Og ef það er nokkurs virði, að Íslendingar og þeirra listir séu auglýstar, þá tel ég, að það sé ekki hægt að finna betri auglýsingu fyrir listfengi þeirra að þessu leyti til heldur en einmitt þessa bók. Þá vil ég geta þess, að Íslendingum hefir nú verið boðið að taka þátt í alheimsskákmótinu, sem haldið verður í Warschau 1935, með þeim kjörum, að þeir fái fría ferð frá Hamborg til Warschau og frítt uppihald meðan þeir dveljast þar og síðan fría ferð aftur til Hamborgar. Og nú fer Skáksamband Íslands þess á leit við hið háa Alþ., að það veiti þennan litla styrk, 1500 kr., til þess að hægt sé að senda enn á ný 4 skákmenn á alheimsskákmótið. Ég er sannfærður um, að það er ekki síður vel varið þeim peningum, sem til þess færu, heldur en margs annars, sem styrkt er samkv. þessu frv., og vildi ég því mega vænta, að Alþ. veiti þennan litla styrk.

Þá ber ég ásamt hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Snæf. fram till. um það, að Árna Pálssyni prófessor verði veittar 1200 kr. til þess að ljúka við samningu sagnarits um kirkjusögu Íslands á lýðveldistímanum. Hann hélt fyrirlestra um kirkjusögu Íslands í háskólanum veturinn 1932—33, og var þeim fyrirlestrum útvarpað og þótti mikið til þeirra koma. Þá komst hann til ársins 1200, en í því riti, sem hann hefir nú í huga að gefa út, hyggst hann að komast til ársins 1300. Þetta rit mundi, eftir því sem hann hefir sjálfur tjáð mér, vera fyrir löngu fullgert og útgefið, ef fjárhagsástæður hefðu leyft. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefir hann mjög lítil laun, og hinsvegar erfiðar kringumstæður, þar sem hann hefir fyrir stóru heimili að sjá. Ég tel því, að þingið ætti að styrkja þennan gáfaða og lærða mann til þess að gefa út þetta rit, ekki síst þar sem það er vitað, að t. d. prófessor Sigurður Nordal hefir mörg undanfarin ár fengið 2 þús. kr. á ári til ritstarfa, auk þess sem hann mun þó hafa fengið sérstaka þóknun fyrir ýmislegt af því, sem hann annars hefir ritað. Það má enginn skilja þessi orð mín þannig, að ég sé að telja þennan litla styrk til Sigurðar Nordals eftir, en mér fyndist samræmisins vegna ekki sanngjarnt, ef þessi styrkur til Árna Pálssonar yrði felldur.

Loks ber ég fram till. um það, að Frímanni Benediktssyni fyrrum hreppstjóra í Grímsey verði veittar 250 kr. úr ríkissjóði. Frímann Benediktsson er aldraður maður, um sjötugt, og hefir verið hreppstjóri í Grímsey í ein 17 ár. Hann sótti nú til fjvn. um 200—300 kr. til þess að leita læknishjálpar hér í Rvík. Þessari umsókn fylgdi vottorð læknis á Akureyri, þar sem skýrt er frá því, að þessum gamla manni sé nauðsynlegt að fara til Rvíkur og leita læknishjálpar þar, þar sem hann geti ekki fengið hana hjá læknum á Akureyri. Hann er mjög fátækur maður og hefir þess vegna ekki fjárhagslega getu til þess að leita sér læknishjálpar hér í Rvík af eigin rammleik. Það virðist því ekki nema sanngjarnt, að þingið launi þessum gamla manni vel unnið 17 ára hreppstjórastarf, sem er illa launað, með því að veita honum þennan litilfjörlega styrk til þess

að leita sér nauðsynlegrar læknishjálpar. Ég vona þess vegna, að þessi litla till. mín verði samþ.

**Jón Pálmason:** Það er óviðfelldið að tala fyrir nauðsynjamálum, þegar komið er fast að miðnætti og fjöldi hv. þm. fjarverandi, og sýna með því, að þeir hafi ekki áhuga fyrir því að hlýða á umr., og í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að þegar hv. frsm. minni hl. fjvn. var rúmlega hálfnaður með ræðu sína, var meiri hl. fjvn. kallaður út úr þingsalnum. Ég mun ekki láta það hafa áhrif á mig, þótt fáir séu viðstaddir til að hlýða á mál mitt, en víkja að þeim brtt., sem ég hefi borið fram vegna míns héraðs.

Ég vil taka það fram, að mér hafa borizt nokkur erindi síðan ég kom hingað á þetta hv. þing, sem ég svo hefi flutt fjvn. og skýrt fyrir henni, en hún ekki tekið neitt tillit til. — Ég vil byrja á því að víkja örfáum orðum að hinum smærri till. og fara um þær nokkrum orðum. Er þá fyrst XIX. till. á þskj. 815, um að styrkurinn til bryggju- og lendingarbóta sé hækkaður um 10 þús. kr., og sú upphæð látin fara til Blönduóss, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að. Bryggjun. þar sendi mér erindi þessu viðvíkjandi seint á þingi, og er þessi till. af þeim orsökum fram komin, að þessi bryggja er lífsskilyrði fyrir héraðið, og kauptúnið sérstaklega. Hún bilaði 1. vetrardag af völdum ofviðris, og óhjákvæmilegt að við hana verði gert. N. fór fram á 20 þús. kr. styrk í þessu skyni, en mér þóttu ekki liggja fyrir það ljósar upplýsingar í málinu, að ég vildi fara fram á meira en 10 þús. kr. Vænti ég, að hv. þm. sjái, að það getur orðið til þess að auka kostnað og gera meiri örðugleika á um endurbætur, ef það er látið dragast að gera við skemmdirnar. Um þetta atriði skal ég ekki fara fleiri orðum, því að hv. fjvn. hefir haft með höndum þær upplýsingar, sem fyrir liggja þessu viðvíkjandi.

Þá er annað erindi frá sóknarnefnd Þingeyrarsóknar, og með því fylgiskjal frá biskupi og húsameistara ríkisins, viðvíkjandi aðgerð á því merkilega húsi, Þingeyrarkirkju. Leyfi ég mér að fara fram á 3 þús. kr. styrk í þessu skyni, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Kirkjan var byggð árið 1876, eða fullgerð það ár. Húsameistari segir í erindi sínu, að hann telji sjálfsagt að gera við kirkjuna, og það sem allra fyrst, „fyrst og fremst af því, að ég tel hana eitthvert veglegasta húsið hér á landi, og svo tel ég jafnvel hættu á því, að ef hún verður látin standa óviðgerð mikið lengur, þá muni veggirnir eða kaflar úr þeim falla niður". Þannig farast húsameistara orð. Það skal fram tekið, að líkindi eru til, að þessi viðgerð verði svo dýr, að alveg sé ofviða hinum litla og fátæka söfnuði að rísa undir. Um þetta skal ég ekki hafa fleiri orð, en vænti að fá upplýst, hvað það er, sem því veldur, að fjvn. hefir ekki gefið nein svör í þessu máli, og raunar fleirum, sem til hennar hefir verið beint.

Þá er það 3. brtt. mín, nr. XXIX á þskj. 815, um það, að bætt verði við lið til Blönduósskóla, 65 kr. fyrir hverja námsmey, sem sækir skólann nú, eins og var síðastl. ár, allt að 2000 kr. Við 2. umr. fjárl. var styrkurinn til skólans skorinn niður um 3 þús. kr. frá því, sem hann hefir verið undanfarin ár. Ég hefi ómögulega getað komið auga á nokkra ástæðu fyrir þessum niðurskurði, sem réttlæti hann. Till. var samþ. við 2. umr. með eins atkv. mun, og ég verð að segja það, sem ég að nokkru leyti vék að við 2. umr., að skólan. telur, að þetta sé sama og leggja þennan merkilega skóla niður. Rekstur hans verður að hætta á næsta ári, ef hann á ekki að safna skuldum. Ég skal reyna að endurtaka ekki mikið af því, sem ég sagði við 2. umr., en einungis vekja athygli á því, að mér finnst töluverðs ósamræmis gæta í aðgerðum meiri hl. hv. fjvn. í sambandi við skólamál. Þetta er algert einsdæmi með Blönduósskólann. Það eru engir fleiri, sem verða fyrir því, að styrkurinn er skorinn niður. Aðsóknin að þessum skóla er það mikil, að þegar liggja fyrir um 10—20 umsóknum fleira um skólavist en hægt er að sinna næsta vetur.

Þá hefi ég leyft mér að bera hér fram einn örlítinn persónulegan styrk, og kann sumum e. t. v. að þykja undarlegt, að ég skuli ganga inn á þá braut. Þessi styrkur er 300 kr. til ekkju Björns heitins Árnasonar, Syðri-Ey. Afstaða mín hefir verið og er sú, að ég tel allt of langt gengið í veitingu persónulegra styrkja, og það svo langt, að það eru heilar raðir af persónulegum styrkjum á fjárl. til hinna og annara. Fyrir utan mikinn fjölda af ekkjum embættismanna, þá er þar kominn mikill sægur allskonar manna og kvenna: Yfirsetukonur, vegavinnuverkstjórar o. fl. o. fl., sem á einhvern hátt hafa komizt þarna inn. En þegar komið er út á þessa braut, þá verður að segja það, að mikillar hlutdrægni gætir í því, að þarna skuli vera útilokaðir þeir menn sumir hverjir, sem öðrum fremur hafa til þess unnið að fá slíka styrki. Og það er með þessum forsendum, sem ég leyfi mér að bera fram þennan litla styrk, sem jafnframt er einskonar prófsteinn á það, hvort sanngirni á að fá að njóta sín í þessum málum eða ekki. Hér er um ekkju manns að ræða, sem um fleiri tugi ára var helzti forvígismaður síns sveitarfélags. — Ég vil láta þess getið hér, að þetta er ekki hér fram borið af pólitískum ástæðum, því að þessi maður var minn andstæðingur í landsmálum. En hann hafði mörgum störfum að sinna; hreppstjóri var hann um tvo tugi ára a. m. k., og oddviti um skeið, sýslunefndarmaður, í kaupfélagsstjórn og kaupfélagsendurskoðandi, og á hann hlóðust yfirleitt öll þau störf, sem unnin eru í einu sveitarfélagi, og þarna er um að ræða eitthvert stærsta og örðugasta sveitarfélag á landinu. Það, sem þó skiptir mestu í þessu sambandi, er ekki það, hve þessi maður var hlaðinn öllum mögulegum störfum, heldur fyrst og fremst hitt, að hann rækti þau öll vel og með mestu trúmennsku. Það er svo, að útkoman er orðin sú víða, að það má telja plágu fyrir þá menn, sem mest hafa traust innan síns sveitarfélags, hve mikil störf hlaðast á þá og heimta freklega tíma og

krafta. Hér er um það að ræða, að ef það er sanngjarnt, að ríkið veiti styrk ekkjum þeirra manna, sem starfað hafa í þess þjónustu, og er það þó í flestum tilfellum álitið happ að komast í þau störf, þá er það líka fullkomlega ósanngjarnt, að þeir menn, sem eru forvígismenn í félagsmálum sveitanna, séu ekki látnir sæta sömu kjörum, eða þeirra ekkjur, þegar þeir falla frá seint eða snemma á sínum aldri. — Þessi maður, sem hér á hlut að máli, sótti einu sinni um stöðu, 1—2 árum áður en hann féll frá, sem póstafgrm. á Blönduósi, og einn af valdamönnum þjóðarinnar var búinn að gefa honum mjög mikið vilyrði fyrir þeirri stöðu. Og ef hann nú hefði hlotið hana og dáið sem starfsmaður hins opinbera, þá hefði engum dottið í hug að andmæla þessum styrk. En nú var sá maður álitinn heppinn, sem hlutskarpari varð í þeirri samkeppni, og svo er venjulega talið, þegar maður hreppir stöðu, launaða af ríkinu, og ofan á þetta bætist svo það, að ekkjur starfsmanna ríkisins fá styrk hjá ríkisvaldinu.

Mér hefir orðið svo tíðrætt um þetta af því, að ég vildi prófa sanngirni hv. þm. á þessu sviði.

Kem ég þá síðast að stærsta málinu, sem ég hefi hér að flytja og ég hlýt að fara um allmörgum orðum, en það er um hafnarbygginguna á Skagaströnd. Í fjárl. eru veittar til þessa mannvirkis 18 þús. En í raun og veru er þetta ekki nýtt framlag, heldur eftirstöðvar af þeim 50 þús., sem til þess voru veittar á aukaþ. í fyrra. En til þess að það, sem þegar er búið að vinna, komi að nokkru gagni og gefi arð á næsta ári eða næstu árum, þá þarf að vinna þarna miklu meira en orðið er. Hefi ég þess vegna borið fram till. á þskj. 815, nr. XVI, um það, að fyrir 18 þús. kr. komi 40 þús. kr. í fjárl. næsta árs. Til þess að hægt sé að koma þarna á þeirri aðstöðu, að hægt sé á næsta ári að leggja þarna upp síld til söltunar, er ekki hægt að komast af með minna en hér er farið fram á. Um það skal ég þó ekki eyða mörgum orðum, en snúa mér að aðalframkvæmdinni, sem sé að sett verði inn í 22. gr. fjárl. heimild handa hæstv. stj. til þess að láta byggja höfnina á Skagaströnd eftir till. vitamálastjóra á grundvelli hafnarlaganna, ef hagkvæmir samningar takast um lán og annað þess hátar. Hér er fyrst og fremst um það að ræða, að stj. fái aðeins heimild til þessa, ef hún sér, að unnt er að komast að hagkvæmum kjörum, og hugsanlegt er að framkvæma verkið með lánsfé, eins og vitamálastjóri stingur upp á. Hann gerir ráð fyrir því, að unnt sé að semja við erlent firma um framkvæmd verksins og fá hjá því lán til þess jafnframt til ca. 10—15 ára. Ef til þessa komi, kemur ekkert inn í fjárl. af því, en það er undir samningum komið, hvort ráðizt verður í verkið eða ekki. — Aðstaðan þarna er betri en víðast hvar á okkar landi, og komu kostir staðarins vel í ljós í ofviðrinu mikla í byrjun yfirstandandi vetrar. Er það af því, að aðalhafáttin fyrir Norðurlandi haust og vetur, sem helzt er hætt við, að skemmdum valdi, stendur þarna af landi, en annarsstaðar víðast á hafnarvirkin eða á endann á þeim. Þetta stafar af því, hve höfnin liggur langt til vesturs og N.-A.-áttin stendur því beint af landi. Aðalhættan þarna er af N.-V.-átt, en hún verður aldrei eins skæð fyrir Norðurlandi og hin. — Ég verð að minnast nokkuð á nauðsyn þessa mannvirkis, því að það er ekki nema eðlilegt, að til þess að menn skilji, að leggja þeri í svona stórt fyrirtæki, verði þeir að fá vitneskju um, að þörfin sé mikil á þeim aðgerðum. Er þá fyrst á það að minnast, sem oft hefir verið bent á, hve brýn nauðsyn það er að hafa öryggishöfn við Húnaflóa, og eftir gerðar athuganir og að áliti kunnáttumanna, m. a. vitamálastjóra, er ekki um annan stað að ræða í því augnamiði en Skagaströnd, enda er því slegið föstu með þeirri fjárveitingu, sem þegar hefir verið veitt, svo og með samþ. hafnarl. En því aðeins kemur þetta að gagni, að haldið verði áfram með verkið, og það á þann hátt, að það sé ekki unnið á mjög löngum tíma. — Um þetta mál hefir verið ritað af ýmsum merkum mönnum, svo sem Guðmundi Jónssyni, skipstjóra á Skallagrími, og telur hann þetta eitthvert þýðingarmesta, ekki einasta héraðsmálið, heldur og landsmálið, því að aðstaðan sé þarna slík, að brýn nauðsyn sé á öryggishöfn, enda aðstaðan óvíða betri. Þá má taka það fram, að þarna eru jafnframt sköpuð bæði útgerðar- og jarðræktarskilyrði, og hagsmunir beggja fara þarna saman. Frá mínu sjónarmiði er á því mest þörf að styrkja slík fyrirtæki sem þetta, sem á sínum tíma stendur undir eigin byrðum fullkomlega og hjálpar til aukinnar velmegunar almennt hjá einstaklingum og ríki. Annars er reynslan sú í A.-Húnv. sem annarsstaðar, að unga fólkið flýr burtu, vegna þess að atvinnuskilyrði í samræmi við breytta tíma eru ekki fyrir hendi. Og það er ekki einungis fólksaukningin, sem burt hefir farið og fer, heldur meira en það. En ég tel ríkið ekki eiga að stuðla að því, að fólkið þyrpist burt út sveitum í kaupstaðina, hingað til Reykjavíkur og Siglufjarðar, þar sem atvinnuskilyrði eru meiri og betri, heldur fyrst og fremst gera mönnum kleift með sköpun heilbrigðrar atvinnu að dvelja um kyrrt. Í þessu sambandi verð ég að víkja að atvinnumálum frekar. Af því að hv. fjvn. hefir ekki tekið til greina ýms hliðstæð útgjöld og hér er farið fram á, hefi ég leyft mér að leggja til, að fé, framlagt til atvinnubóta, verði lækkað um 50 þús. kr., því að ég lít svo á, að atvinnubótafénu eigi að verja í gagnlegar, arðberandi framkvæmdir, en ekki að því eigi að ráðstafa af hinum og öðrum bæjarstjórnum til miður þarfra framkvæmda í sumum tilfellum. Hér er því um samræmingu að ræða, að lækka atvinnubótaféð um þá upphæð, sem lagt er til að gangi til þessa nauðsynjaverks. Hv. frsm. fyrri hl. gat þess við 2. umr. fjárl., að fjvn. hefði reynt að skipta vegafénu sem jafnast milli sýslnanna, þannig, að það komi sem bezt niður til atvinnubóta. En þeir gá ekki að því, að fénu er skipt þannig, að sum héruðin fá bókstaflega ekki neitt af því mikla fé, sem til þessa er varið, eftir till. stjórnarliðsins, sem er stórum meira fé en á undan-

förnum árum hefir verið varið til þeirra hluta, og mitt hérað er í þeirra tölu, sem ekkert fá. Nú hefi ég farið þá leið, að krefjast ekki vegavinnufjár inn í héraðið, þar sem ég fer fram á þetta mikla nauðsynjamál, hafnargerðina á Skagaströnd. — Það var líka lítilsháttar að því vikið hér áðan hjá frsm. minni hl., hvernig stj.liðið hefir ráðstafað vitafénu. Þá vil ég benda á það, að landssímastjóri hafði lagt til, að stutt símalína væri lögð innan míns kjördæmis, og var hjá honum sú 13. eða 14. í röðinni, en n. hefir tekið hana og sett neðsta (21.). Nú er það augljóst, að atvinnumöguleikum í þessu héraði er gersamlega breytt frá því, sem verið hefir undanfarin ár, ef ekki verður samþ. hér neitt af þeim till., sem ég ber fram. Vegafé verður ekki annað en það, sem kann að fara til sýsluvega. Það eru engin mannvirki, sem þarna er ætlað að byggja, í stað þess, að mjög mikil atvinna hefir verið af því undanfarið. Þetta hérað er því þannig sett, að menn verða að ganga þar atvinnulausir í stórhópum, verði till. mín ekki samþ. eða leita atvinnu utan héraðs.

Þá vil ég leyfa mér að víkja nokkrum orðum að hinni flokkslegu aðstöðu í þessu máli, sem ég hefi hér gert að umtalsefni, nefnil. Skagastrandarhöfn. Mér hefir skilizt á sumum hv. þm., að þeir taki þessa till. frá því sjónarmiði, að hún sé flutt til pólitísks ávinnings í héraðinu. Ég vil leyfa mér að biðja þá menn, sem þannig hugsa, að láta af því hið fyrsta, því að hér á einungis að bera fram þær till., sem líklegar eru til hagsbóta fyrir fjöldann, og á fylgi manna við þær að miðast við það, en ekki pólitíska flokkadrætti eða klíkuhátt. Í því ljósi vil ég biðja hv. þm. að skoða þessa og aðrar minar till.

Ég kemst ennfremur ekki hjá því að minnast á það í sambandi við þetta mál, að síðastl. vetur kom það í ljós, að stj. tregðaðist við að leggja fram það fé, sem samþ. var á síðasta þingi til þessa mannvirkis, eða til byrjunar þess. Og þegar hún tregðaðist við það, þá kom það fram, að miðstjórn Sjálfstfl. samþ. einróma áskorun til þeirrar hæstv. stj. um að leggja fram þetta fé. Það var ekki nóg með það, að miðstjórn Sjálfstfl. gerði þessa kröfu, heldur gerðu miðstjórnir Framsfl. og Alþfl. hana líka. M. ö. o., það eru allir aðalflokkar þessa þings, sem samþ. síðastl. vetur að skora á fyrrv. stj. að leggja fram þessa upphæð. Þetta sýnir, að hér er um nauðsynlegt mál að ræða og mál, sem ekki er pólitískt í venjulegum skilningi. Núv. ríkisstj. hefir þegar lagt fram talsvert af þessari upphæð, og má að vísu þakka það, en um leið og miðstjórnir allra þessara flokka eru búnar að ganga inn á það að leggja þessa upphæð fram, og jafnframt að veita ábyrgð fyrir því láni, sem þar fylgir, þá eru þeir búnir að binda sig við það, að þetta mannvirki eigi að vinna þannig, að það komi að gagni hlutaðeigandi héraði og þar með landinu öllu.

Ég tel þess vegna, að það hljóti allir að sjá, að þessir flokkar, sem öllu ráða hér á þessu þingi, Alþfl. og Framsfl., hafa með þessu bundið sér allmiklar skyldur á herðar um það, að koma þessu manvirki í það horf, að það komi sem flestum að gagni. En það kemur það ekki, ef ekki verður veitt meira fé til þess en nú er ráðgert í þessu fjárlagafrv. Ég vildi taka þetta fram til þess að sýna það og sanna, að hér er um mannvirki að ræða, sem mikil þörf er á að fullgera, og að flokkarnir, ekki einasta sá flokkur, sem ég tilheyri, heldur líka báðir stjórnarflokkarnir, hafa skuldbundið sig til þess að vinna að því, að þetta verk verði framkvæmt nú á næstunni. Hvort gengið er að því að hækka styrkinn til þessa manvirkis og láta svo þar við sitja, eða að hinn styrkurinn verði samþ., sem náttúrlega er engin hætta fyrir þá að samþ., sem treysta ríkisstj., úr því verður náttúrlega meiri hl. þingsins að skera. En ég legg áherzlu á það, að í þessum efnum, eins og svo mörgum öðrum, má sízt skera við neglur sér þær fjárveitingar, sem fara til þess að styrkja grundvöll framleiðslunnar og vinna að því, að fólkið geti bjargað sér sjálft. En hitt er miklu nauðsynlegra að spara, sem gengur annaðhvort til persónulegra útláta til einstakra manna, eða til þess að vinna verk, sem eru óarðberandi, eða auka aðeins þægindi, en eru ekki unnin af brýnni þörf til þess að styðja grundvöllinn að því, að framleiðslan geti aukizt og haldizt áfram, ekki aðeins í hinum stærstu stöðum, heldur líka víða úti um byggðir okkar lands.

Ég skal svo ekki þreyta þá fáu þm., sem hér eru enn, með öllu fleiri orðum. Ég vænti, að þeir sjái, hvað það er, sem til grundvallar liggur fyrir þeim till., sem ég hefi leyft mér að bera fram hér. En síðar kann ég ef til vill við umr. um þetta mál, sem er merkasta mál þingsins, að víkja nokkuð nánar að fjárl. í heild, þegar ég hefi fengið svör hinna ráðandi manna við þeim till., sem ég hefi leyft mér að flytja.

**Frsm. samgmn. (Gísli Guðmundsson)** [óyfirl.]: Samgmn. beggja d. þingsins hafa að þessu sinni haldið sameiginlegan fund til þess að taka til athugunar flóabátastyrki. N. hafa skilað sameiginlegu nál., sem liggur fyrir á þskj. 807, og brtt. við fjárl., sem hér liggja sömuleiðis fyrir á þskj. 815.

Ég skal geta þess, að innan n. hefir verið hið bezta samkomulag um þetta verkefni, sem fyrir hendi lá, að öðru leyti en því, að hv. þm. N.-Ísf. hefir undirritað nál. með fyrirvara. En sá fyrirvari snertir aðeins eitt atriði, og það er að ég hygg, styrkurinn til Djúpbátsins. Hv. þm. N.-Ísf. hefir þegar gert nokkra grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli áður við umr. um málið.

Í fjárlagafrv., eins og það var afgr. frá ríkisstj. og eins og það er afgr. við 2. umr., er veittur 78 þús. kr. styrkur til flóabátaferða, og er það sú sama upphæð, sem veitt hefir verið til þessa undanfarin 2 ár a. m. k. N. hafa þó gert nokkrar athuganir á því, hvernig réttlátast væri, að þessum styrkjum yrði skipt milli einstakra flóabáta, og hafa þær í því sambandi athugað þau plögg, sem fyrir hafa legið.

Ég vil þá taka það fram f. h. n., að þessi gögn viðvíkjandi flóabátunum eru að okkar dómi næsta ófullnægjandi. Það lá ekki fyrir, að

ég hygg, t. d. rekstrarkostnaður, nema frá aðeins einum af þeim 15 flóabátum, sem nutu styrks á síðastl. ári.

Í öðru lagi lágu fyrir n. umsóknir um styrki frá nokkrum af bátunum, en þó ekki frá þeim nærri öllum, en frá sumum þeirra lágu fyrir beiðnir um það, að styrkurinn yrði nokkuð hækkaður frá því, sem verið hefir, þó að n. í fæstum tilfellum sæi sér fært að mæla með því, af fjárhagsástæðum. Vegna þess, að nm. fannst það mjög áberandi við þessa athugun, hvað upplýsingarnar um þessa báta og starfsemi þeirra voru ófullnægjandi, þá hafa n. borið fram, í sambandi við brtt. um breyt. á styrkupphæðinni, till. um það, að eftirleiðis hafi Skipaútgerð ríkisins yfirumsjón með flóabátaferðunum, og að það verði sett að skilyrði fyrir greiðslu til hvers einstaks báts á næsta ári, að fyrir liggi rekstrarreikningur viðkomandi báts fyrir árið, sem nú er að líða, og þá jafnframt nauðsynleg gögn um það, hvaða gagn hefir orðið að styrknum. Og þá vilja n. ennfremur leggja það til, með þessari aths., að það verði sömuleiðis skilyrði fyrir styrknum, að áætlanir bátanna verði lagðar fyrir Skipaútgerð ríkisins og verði samþ. af henni.

Það er nú svo, að í raun og veru er ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir því, hvernig þessu fé verði bezt varið og að meta þær umsóknir, sem berast um þessa styrki, án þess að slíkra gagna sé aflað og það sé skylda viðkomandi bátaútgerða að afhenda slík gögn. Ég vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á, að samþ. þessa aths.

Ég skal þá næst geta þess, að þegar n. fóru að gera sínar till. um skiptingu á styrknum og að athuga þær umsóknir, sem borizt höfðu, þá varð niðurstaðan sú, að þær töldu óhjákvæmilegt að bera fram till. um lítilsháttar hækkun á þeirri upphæð, sem upphaflega var gert ráð fyrir að verja til þessa. Sú hækkun nemur 4 þús. kr., og hækkar styrkurinn því úr 78 þús. kr. upp í 82 þús. kr. samkv. till. n. Meiri hl. fjvn. hafði nú gert till. um samskonar hækkun, en sú till. var tekin aftur af frsm. meiri hl. n., vegna þess, að till. frá samgmn. fjallaði um meira en aðeins þessa hækkun.

Ég skal þá næst með fáum orðum gera grein fyrir þeim breyt., sem n. leggja til, að verði gerðar á skiptingu styrksins. Vegna þess hvað litlar upplýsingar lágu fyrir viðvíkjandi bátunum, sáu n. sér ekki annað fært í mörgum tilfellum en að leggja til, að styrkirnir yrðu þeir sömu og verið hefir 2 undanfarin ár. N. athuguðu það, hvernig þetta hefði verið í till. samgmn. 2 næstu ár á undan, og hafa n. lagt það til, að flestar þessar upphæðir yrðu að þessu sinni veittar óbreyttar frá því, sem verið hefir, án þess þó að hafi verið aðstaða til þess að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvort það sé réttlátt með tilliti til annara. Ég skal þá aðeins nefna breytingarnar, og kem þá fyrst að því, að ætlaður hefir verið 7 þús. kr. styrkur til Hornafjarðarbátsins. N. leggja til, að á þessu verði gerð nokkur breyt., þannig, að svo verður til ætlazt, að það verði sérstakur bátur, sem haldi uppi ferðum á svæðinu frá Hornafirði og norður að Skálum á Langanesi. Og leggja n. til, að styrkurinn, sem hefir verið áætlaður 7 þús. kr. til Hornafjarðarbátsins, verði 8 þús. kr. og renni til þessa báts, sem á að halda uppi ferðum á þessu svæði.

Þá hafa n. lagt það til, að styrkurinn til bátsferða í Austur-Skaftafellssýslu verði hækkaður úr 12 þús. kr. upp í 15 þús. kr. Þessu hefir verið varið til þess að styrkja afskekktustu sveitir í Austur-Skaftafellssýslu til greiðari samgangna, sem þær annars hafa mjög litlar. Það er tekið fram í nál., að það er sérstaklega til þess ætlazt, að 800 kr. af þessari upphæð gangi til þeirrar sveitar, sem er afskekktust af þeim öllum, en það eru Öræfin.

Þá leggur n. það til, að styrkur til Mýrabátsins verði hækkaður úr 4 þús. kr. og upp í 5 þús. kr. Þessi bátur hefir gengið frá Borgarnesi og vestur um Mýrar. Það er ekki um neinar reglubundnar ferðir þar að ræða, en nokkra hjálp til flutninga á þeim tímum, þegar hennar er mest þörf. N. barst erindi frá útgerð þessa báts, þar sem skýrt er frá því, að þeim, sem þar eiga hlut að máli, hafi verið sagt upp samningi, sem þeir hafi haft við eigandi bátsins undanfarin ár, og að þeir geti ekki fengið bát nema með nokkurri hækkun. N. féllust á, að sjálfsagt væri að bæta ofurlitlu við þá upphæð, sem veitt hefir verið í þessu skyni. Sama er að segja um Langeyjarnesbátinn, sem hefir farið nokkrar ferðir frá Stykkishólmi og vestur á Skarðströnd, að við höfum lagt til, að styrkur til hans yrði hækkaður um 100 kr.

Þá hafa n. lagt það til, að greiddur verði styrkur til Flateyjarbátsins, 2500 kr., upp í kostnað við að kaupa mótorvél. Þessi bátur annast flutninga frá Flatey til vesturhluta Barðastrandarsýslu. Þetta er ákaflega samgöngulaust svæði, og þær samgöngur, sem haldið er uppi með þessum bát, eru ákaflega erfiðar og dýrar, og þau óhöpp hafa orðið þar, að vél bátsins hefir orðið ónýt, og við teljum alveg óhjákvæmilegt að veita hlutaðeigendum þar nokkurn styrk til vélarkaupa. Þessi bátur er eign bænda í ýmsum hreppum í Barðastrandarsýslu og einskonar almenningsfyrirtæki.

Þá höfum við lagt til, að tekinn yrði upp einn nýr styrkur, og það er styrkur til Fljótabáts. N. barst umsókn um þetta, að styrkur yrði veittur til þess báts, sem á að fara einhverjar ferðir milli Fljóta og Siglufjarðar, og virtist n. full ástæða vera til þess að líta á þessa þörf.

Þá vil ég loks geta þess, að n. hafa lagt það til, að hækkaður verði styrkurinn til Djúpbátsins úr 19 upp í 20 þús. kr. Það var talsvert rætt um þennan bát í n., og þetta hefir verið til umr. í Ed. í sambandi við annað frv. Það er náttúrlega enginn vafi á því, að það er full þörf á því að styrkja samgöngur um þessar slóðir, því að það háttar svo til, að það eru mjög erfiðar samgöngur á landi í Ísafjarðarsýslum, með því erfiðasta á öllu landinu. N. hafa nú viljað fallast á þær till., sem fram hafa komið um það, að fyrir þessari þörf verði séð nokkuð á sérstakan hátt á næsta ári, sem

sé þannig, að Norður-Ísfirðingum verði gefinn kostur á að fá eitt af skipum ríkisins leigt með góðum kjörum, eða m. ö. o. leigulaust, þannig að það gæti orðið þeim nokkuð viðráðanlegt. En jafnframt höfum við viljað leggja það til, að styrkurinn yrði hækkaður úr 19 og upp í 20 þús., sem að vísu er ekki mikið. Ég skal að öðru leyti, hvað Djúpbátinn snertir, af því að um hann hefir verið mikið talað á þinginu, leyfa mér að vísa til fskj. nál. samgmn., frá Skipaútgerð ríkisins, þar sem hún gerir sínar till. viðvíkjandi samgöngum við Ísafjarðardjúp, og gerir nokkurn samanburð á því fyrirkomulagi, sem við höfum viljað mæla með, og svo aftur því fyrirkomulagi, sem þeir þar vestra hafa hugsað sér, nefnilega byggingu nýs báts til þess að annast þessar ferðir. Niðurstaðan af áliti Skipaútgerðarinnar um þetta atriði er sú, að það ætti að geta orðið heldur ódýrara fyrir viðkomandi hérað að fá Hermóð leigulaust frá ríkinu heldur en að leggja í að koma upp þessum bát.

Ég held, að það sé nú ekki fleira, sem ég hefi ástæðu til þess að taka fram af hálfu n. viðvíkjandi þessum till. um hækkun á þessum styrk og skiptingu á honum. Við höfum viljað hafa þetta sem allra sanngjarnast, og væntum, að hv. þm. muni við athugun sannfærast um, að svo hafi verið.

Ég veit ekki, hvort ég á að nota þetta tækifæri, fyrst ég er staðinn upp, til þess að minnast lítilsháttar á eina brtt., sem ég á hér ásamt hv. 2. þm. Árn., á þskj. 832, og sem hv. frsm. minni hl. fjvn. drap á áðan. Þessi brtt. er ekki brtt. við fjárlagafrv., heldur brtt. við brtt. minni hl. fjvn. Þessi brtt. frá minni hl. fjvn. fjallar um það, að heimila ríkisstj. að ákveða hámark á launum þeirra starfsmanna hins opinbera, sem taka laun fyrir utan ákvæði launal. Ég get nú sagt það, að ég treysti mér ekki til þess að segja um það, hvaða þýðingu það hefir í framkvæmd að gefa ríkisstj. slíka heimild sem þar er um að ræða, til þess að ákveða hámarkslaun þessara starfsmanna. Ég hefi út af fyrir sig ekki sérlega mikla von um það, að mikill árangur geti orðið af að hafa slíka heimild. Það er náttúrlega alveg klárt mál, að ef hv. flm. þessarar till. á annað borð vilja stuðla að því, að ríkið hlutist til um hámarksupphæð launa, að það verði t. d. 8 þús. kr., þá eiga þeir náttúrlega að fylgja því, að ríkið reyni að hafa öll þau áhrif, sem það getur haft í því skyni. Því að vitanlega getur það naumast verið skoðun minni hl., að það eigi aðeins að setja hámarkslaun hjá hóp af starfsmönnum ríkisins, þegar þau eru hvergi sett annarsstaðar. Þess vegna er ég dálítið undrandi yfir því, úr því að flm. nú vilja koma fram með slíka till., og virðast vænta sér af henni árangurs, að þeir skuli þá ekki taka með opnum örmum þessari breyt., sem við leggjum til að gerð verði á þeirra brtt., því að það liggur í augum uppi, að á þann hátt er náð meiri fullkomnun á hinum góða tilgangi, sem virðist liggja á bak við þeirra till. Um leið og ég minnist á þetta, vil ég mótmæla því, sem fram kom hjá hv. frsm. minni hl., þegar hann hélt því fram áðan, að við mundum hafa borið fram okkar brtt. sérstaklega til þess að lækka laun eins manns, forstjóra Eimskipafél. Slíkt kemur okkur vitanlega ekki til hugar, að vilja lækka hans laun fremur en annara manna. Það verður vitanlega að ganga sama regla yfir alla menn viðvíkjandi þvílíkum hlutum. Enda er breyt., sem við höfum hér gert við þessa brtt., nokkuð víðtækari, ef hún yrði framkvæmd eftir þeirri heimild, sem hér um ræðir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mín fleiri. Ég á enga brtt. við frv. sjálft og sé ekki ástæðu til þess að fara inn á brtt. annara þm.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég vildi gjarnan geyma ræðu mína, þar sem kl. er orðin 12, og ég hefi heyrt, að fundi verði bráðum slitið.

**Forseti (JBald):** Það er rétt, að ég hefi sagt hv. þm., að fundi yrði slitið um tólfleytið. En nú er beðið eftir þskj., sem þarf að ná útþýtingu á þessum fundi, og ég skora því á hv. 5. landsk., sem er næstur á mælendaskrá, að nota tímann, því að ekki er hægt að slíta umr. vegna þeirra hv. þm., sem hafa gengið af fundi í þeirri trú, að fundinum yrði slitið kl. 12.

**Guðrún Lárusdóttir:** Það er ekki rétt að teygja tíma þingsins með aðgerðarleysi og þögn, og ég mun ekki hafa þetta mál mitt svo langt, að mér dugi ekki sú stund, sem eftir er af þessum fundi. En ekki er það uppörvandi að flytja ræðu nú á miðnætti, þegar margir hv. þm. eru gengnir af fundi. Ég mun samt fara nokkrum orðum um brtt. þær, sem ég á við fjárlagafrv. að þessu sinni.

Það er þá fyrst brtt. mín við 14. gr., að þar bætist við nýr liður: 500 kr. styrkur til Helgu Thorlacius, til þess að kenna matreiðslu úr íslenzku grænmeti. Menn hafa komizt upp á það hér á landi á síðari árum að nota grænmeti meira til fæðu en áður tíðkaðist, og hefir garðrækt farið mjög vaxandi, bæði í kringum Reykjavík og úti um land. Fleiri og fleiri komast að þeirri skynsamlegu niðurstöðu, að „fleira sé matur en feitt kjöt". Ennþá kemur þó þessi skoðun mönnum ekki að verulegum notum, þar sem mjög skortir á þekkingu húsmæðra til að matbúa grænmeti á margvíslegan og ljúffengan hátt. Þessi kona, Helga Thorlacius, hefir stuðlað mjög að því að auka þekkinguna á meðferð grænmetis. Hún hefir haldið nokkur námsskeið, en að þeim hafa ekki nema fáar konur komizt; ennfremur hefir hún haft nokkrar konur í aukatímum. Að þessi kennsla hefir ekki náð víðar, stafar af því, að konan er fátæk, og getur því ekki staðið straum af stórum námsskeiðum. En hún hefir nú aflað sér svo mikillar þekkingar á þessu sviði, að engin önnur íslenzk kona mun standa henni þar jafnfætis. Ýmsir hafa átt kost á því að athuga þetta af eigin reynd. T. d. var það einn liður í „íslenzku vikunni", þegar hún var haldin hér fyrst, að mönnum var sýndur og boðinn matur, sem Helga Thorlacius hafði framreitt, allt úr íslenzkum efnum. Ég minnist þess, að bæði blaða-

menn og aðrir málsmetandi menn, sem smökkuðu þá þessa rétti, töldu það hreinustu galdra, hvernig hægt hefði verið að matbúa þessa ljúffengu fæðu úr íslenzku grænmeti aðallega, fjallagrösum, sölum, hvönnum, njóla o. s. frv. Síðan hefir frk. Helga gengizt fyrir námsskeiðum í smáum stíl eins og áður er sagt. Ég teldi það mikinn skaða fyrir íslenzku þjóðina, ef hún færi á mis við það, að geta orðið þátttakandi í þekkingu þessarar konu. Ég skal geta þess, að Helga Thorlacius byggir matreiðslu sína ekki hvað sízt á grasafræði Eggerts Ólafssonar. Hún hefir sagt mér það eftir frönskum matreiðslumanni, sem kynnt hafði sér efnið í grasafræðibók Eggerts Ólafssonar, að Eggert væri einmitt orðinn hámóðins núna, með samsetningu sína á jurtaréttum, — það sem hann prédikaði þar fyrir löndum sínum, væri einmitt nú að komast í tízku. Helga Thorlacius hefir einkum lagt stund á notkun íslenzkra grasa; ég vil t. d. benda á eitt atriði, sem ég hygg, að sé algert nýmæli. Hún hefir búið til konfekt úr íslenzkum fjallagrösum. Ég hefi bragðað þetta konfekt, og það er verulega gott; hún hefir líka sent ýmsum það hér í bæ til athugunar, og kemur öllum saman um, að hér sé um merkilega nýjung að ræða. Heilnæmi fjallagrasa er nú almennt viðurkennt, og væri ekki ónýtt, ef tækist að matbúa þau svo, að börnin okkar borðuðu þau með góðri lyst. En sjálf eru grösin römm og fremur óaðgengileg. Frk. Helga hefir líka búið til fleiri slíka rétti úr fjallagrösum, t. d. ágætt marmelaðe, sem stendur fyllilega á sporði því erlenda, sem búið er til úr appelsínuberki. Þá hefir henni og tekizt að búa til ágæta rétti úr njóla, en sú jurt vex, sem kunnugt er, í kringum flesta bæi á landinu. Sennilega mætti nota njóla í stað kartaflna fyrri hluta sumars. Eftir því sem þeir Eggert Ólafsson og Oddur Hjaltalín lýsa njólanum, þá er þar ekki um óverulega matjurt að ræða. — Áhugi Helgu Thorlacius fyrir þessum efnum er því lofsverðari, sem hún hefir átt við mikla erfiðleika að stríða; fyrir nokkru síðan fékk hún aðkenning af heilablóðfalli. Ég væri ekki að taka þetta fram, ef ég vildi ekki koma því að, að þegar hún komst á fætur aftur, nærðist hún nær eingöngu á jurtaréttum sínum, og ég er sannfærð um, að það hefir ekki sízt hjálpað henni til að ná styrk og heilsu sinni aftur. Það er því ekki sagt út í bláinn, að kona þessi ætti skilið að fá lítinn styrk frá því opinbera; ég teldi það blátt áfram raunalegt, ef þjóðin gæti ekki hagnazt af reynslu hennar og þekkingu í þessum efnum. En til frekari stuðnings máli mínu ætla ég (með leyfi hæstv. forseta) að lesa upp ummæli tveggja merkra lækna um þessa viðleitni hennar. Dr. Gunnlaugur Claessen lætur svo um mælt í sambandi við brtt. mína um 500 kr. styrk til frk. Helgu:

„Í tilefni af umsókn ungfrú Helgu Thorlacius um opinberan fjárstyrk til áframhaldandi leiðbeininga um hagnýting matjurta, leyfi ég mér að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að starfsemi ungfrú Th. á þessu sviði sé mjög gagnleg. Fyrir áeggjan hennar og fræðslu munu margar húsmæður hér á landi læra að matbúa íslenzkar matjurtir, sem annars hafa verið lítið notaðar. En vafalaust hefir hagnýting þessarar jurtafæðu mikið gildi fyrir heilbrigði almennings. Ég vil því leyfa mér að mæla hið bezta með umsókn ungfrú H. Thorlacus".

(Sign.) Gunnl. Claessen.

Annar læknir, Þórður Edilonsson, lætur svo um mælt um jurtarétti frk. Helgu:

„Frk. Helga Thorlacius hefir haldið hér námsskeið í tilbúningi matar úr íslenzku grænmeti, fjallagrösum og sölum.

Við vorum boðnir á námsskeiðið nokkrir menn, til þess að bragða matinn. Mér var sérstaklega forvitni á að bragða á réttum úr fjallagrösum og sölum. Mér til mikillar undrunar og gleði var þetta ágætur matur, samboðinn hverju veizluborði. Aðrir réttir, sem fram voru bornir, tilbúnir úr íslenzku grænmeti, voru einnig góðir.

Það er virðingarvert að vekja áhuga almennings fyrir matreiðslu úr íslenzku grænmeti; það hefir verið of lítið notað að undanförnu. Þessi kona á miklar þakkir skildar fyrir áhuga sinn á þessum málum, og væri æskilegt, að konur notuðu sér almennt slík námsskeið. Væri vel til fallið, að hún fengi einhvern styrk frá hinu opinbera til þess að kenna almenningi að notfæra sér gæði landsins á þessum sviðum".

(Sign.) Þ. Edilonsson.

Sem sagt, frk. Helga er öll af vilja gerð til að fræða fólkið um þessar aðferðir sínar, og þar stendur ekki á öðru en fjárskorti. Ég vona því, að Alþ. sjái sér fært að verða við beiðni hennar um þennan litla styrk. Og ég er sannfærð um, að þessi litla upphæð kæmi aftur með margföldum rentum, þó ekki væri nema með því móti, að hægt yrði að kenna þjóðinni að notfæra sér fjallagrös.

Ég á aðra brtt. á sama þskj., 815, við 18. gr., og er um skáldalaun Einars H. Kvarans, að þau hækki um 2000 kr. Ég þarf ekki að lýsa þessum manni, allir Íslendingar þekkja hann og hafa haft ánægju og gleðingu að lestri rita hans. Og óhætt er að fullyrða, að hann hefir aldrei boðið þjóð sinni annað í ritum sínum en það, sem fagurt er og göfgandi. Nú stendur svo á, að hann hefir nýlega átt 75 ára afmæli, og hefir nú yfir að líta hálfrar aldar rithöfundarskeið, og allan þann tíma hefir hann verið trúr list sinni, aldrei hætt að vanda sig. Mér fyndist því vel til fallið, að honum væri sýnd þessi viðurkenning á þessum tímamótum æfi hans. Ég er sannfærð um, að Einar H. Kvaran á engan óvin með íslenzku þjóðinni, og varla sé hægt að benda á vinsælli mann en hann. Mér finnst ekki sæma að láta hann sitja skör lægra en unga manninn, Halldór Kiljan Laxness, sem á nú að veita 5000 kr. rithöfundarlaun. Annars ætla ég mér ekki að bera þessi skáld saman, svo mikið djúp er staðfest milli þeirra, bæði í þroska og frágangi verka sinna. Þó tel ég mér skylt að játa, að Halldór Laxness er að lagast. Þó get ég ekki stillt mig um að bera saman það síðasta, sem þessir rithöfundar hafa sýnt þjóð sinni á leiksviði. Ekki alls fyrir löngu var sýnt hér í leikhúsinu leikrit Halldórs Laxness, Straumrof, og fyrir ári síðan áttum við kost á

að sjá leikrit eftir Einar H. Kvaran, Hallstein og Dóru, og Jósafat. Í þessum leikritum eru leiddar fram mæður, og beri menn saman mynd mæðranna, sem Einar H. Kvaran sýnir okkur, og mynd móðurinnar, sem Halldór Kiljan Laxness hefir fram að bera, þá held ég, að öllum verði ljóst, hvílíkt djúp er staðfest milli þessara tveggja skálda. Bak við þessar myndir tel ég, að liggi skilningur skáldsins á móðurhugtakinu, og lotning þeirri og virðingu, sem við höfum talið okkur skylt að sýna því. Og ég hygg, að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um það, hvor skáldanna ristir dýpra í skilningi á móðureðlinu eða auðsýnir því meiri lotningu. Og ég skora á hið háa Alþ. að rétta nú okkar aldurhnigna skáldi Einari Kvaran þessa viðbót við skáldalaun hans á 75 ára afmælinu, sem vott þess, að við séum ekki búin að gleyma öllum þeim ánægjustundum, sem hann hefir veitt okkur með snilld sinni fyrr og síðar.

Þá hefi ég flutt brtt. við styrkinn til Kvenfélagasambands Íslands. Ég gat þess við 2 umr., að ég teldi þörf á, að sá styrkur yrði hækkaður. Í síðustu fjárl. var þessi styrkur 1200 kr., en nú hefir hann verið færður niður í 1000 kr. Ég skil ekki, hvernig á þessu stendur, þar sem aðrir styrkir til kvenfélagasambanda hafa verið látnir óskertir. Kvenfélög eru mörg í landinu, víst 110 alls, og starfsemi þeirra er mjög merkileg. Innan Kvenfélagasambands Íslands eru allmargar smærri deildir, sem njóta styrks frá sambandinu, en minnki tillagið, sem sambandið fær, getur það auðvitað ekki rétt deildum sínum hjálparhönd eftir sem áður. Ég vil því skora á hv. þm. að samþ. brtt. mína um hækkun á þessum styrk úr 1000 kr. upp í 1500 kr.

Við 18. gr. á ég litla brtt., um 300 kr. styrk til aldraðs vegavinnustjóra, sem lengi hefir unnið að vegavinnu. Ég hefi hugsað mér að taka þá till. aftur, þar sem ég hefi heyrt, að þeim styrk verði öðruvísi hagað og öruggt sé, að þessi maður fái styrk.

Ég get þá látið máli mínu lokið að sinni, en bið hv. þm. að skoða huga sinn vel áður en þeir greiða atkv. gegn þessum smástyrk til frk. Helgu Thorlacius, sem ég fer fram á, og einnig um viðurkenninguna til hins aldraða þjóðskálds Einars H. Kvarans.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 19. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 645, 784, frhn. 793, n. 807, 813, 815, 832, 875, 888).

**Thor Thors:** Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 815 og vil fara um þær nokkrum orðum, svo að þingheimi verði ljóst, hver nauðsyn er á því, að þær nái fram að ganga. Ég er þess fullviss, að hv. stjórnarliðar, sem hafa líf þeirra í hendi sér, fallast á rök mín, er þeir hafa heyrt mál mitt, og sjá, að full ástæða er til að veita fé úr ríkissjóði samkv. brtt. mínum.

Fyrsta brtt. er við 13. gr. fjárlfrv., um vegamál. Það hefir nú áður verið sýnt fram á, að Snæfellsnessýsla hafi orðið útundan um framlög úr ríkissjóði til vegamála. Þannig minnist ég þess, að fyrir nokkru, er hv. núv. þm. S.-Þ. sótti alla framboðsfundi í sýslunni, hélt hann því fast fram, að kjördæmið hefði verið svo mjög vanrækt í þessum efnum, að vegir þar hefðu aðeins lengzt um 13 km. á 13 árum. Þetta eru nú að vísu rangfærslur, eins og flest úr þeirri átt, en hitt er þó ómótmælanleg staðreynd, að Snæfellsnessýsla hefir orðið hart úti í þessum efnum í samanburði við flest önnur héruð, einkum ef miðað er við íbúatölu og það, sem hún hefir látið af mörkum í ríkissjóð.

Frá 1875 til 1930 hefir Snæfellsnessýsla fengið 420 þús. kr. til vegamála. Íbúar þar eru nú 3536. En á sama tíma hefir Mýrasýsla með 1764 íbúa fengið 1380 þús. í sama skyni. Mýrasýsla hefir því fengið allt að einni millj. kr. meira en hin sýslan. Og sé tekin Norður-Múlasýsla, hefir hún á sama tíma fengið 570 þús., þótt íbúar séu þar ekki nema 2766. Suður-Múlasýsla hefir á sama tíma fengið 575 þús. Ég get þessa, af því að talað hefir verið um, að Austfirðir hafi til þessa farið varhluta af vegafénu.

Ef nú hefði átt að jafna hlut kjördæmanna, hefðu stjórnarflokkarnir átt að sjá um, að Snæfellsnessýslan fengi ríflegan skerf af vegafénu. En reyndin hefir nú orðið önnur. Vegamálastjóri ætlaði 19 þús. kr. til vegagerða í Snæfellsnessýslu, en hæstv. fjmrh. færði þessa upphæð niður í 5 þús. kr. á fjárlfrv. Nú hefir framlagið verið hækkað upp í 10 þús. kr. En Suður-Múlasýsla, kjördæmi hæstv. fjmrh., sem átti samkv. till. vegamálastjóra að fá 5 þús. kr., á nú eftir frv. að fá 35 þús. kr. Ef Snæfellsnessýsla hefði borið úr býtum réttan skerf af vegafénu síðan fjárveitingavaldið komst í hendur Alþingis, hefði hún átt að fá 775 þús. kr., en ekki 420 þús.

Það má nú vel vera, að svo skýrar tölur sem þessar hafi lítil áhrif á hv. stjórnarliða. En ég vil þá til viðbótar benda þeim á það, að menn, sem eru í miklum metum hjá þeim, og þá einkum sjálfur hæstv. forseti Sþ., hafa borið fram till., sem ganga mjög í sömu átt og mínar og sýna, að honum hefir verið ljóst ranglæti það, sem þetta kjördæmi hefir verið beitt í úthlutun vegafjárins og ákvörðun þjóðvega undanfarið. Hæstv. forseti hefir þannig verið flm. að till. um að taka fjóra langa vegakafla í Snæfellsnessýslu í þjóðvegatölu. Þetta sýnir glögglega, hve vegagerð er skammt komin áleiðis þarna og hve mikil nauðsyn er á umbótum þar.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta almennt, heldur skal ég snúa mér að þeim einstökum brtt., er ég flyt til þess að rétta hlut íbúanna í þessari sýslu. Fyrsta brtt. mín er við 13. gr. A. II.a.4, um að veita til Stykkishólmsvegar í stað 5000 kr. 15000 kr. Vegamálastjóri hafði í till. sínum lagt til, að þessari upphæð, 15000 kr., yrði varið til þess vegar á næsta ári, en hæstv. ríkisstj. fann ástæðu til að skera þessa fjárveitingu niður í 5000 kr. En fáist ekki leiðrétting á þessu, og verði þessi lága fjárveiting látin duga, þá hefir það nánast þá þýðingu, að ekki tekur því að byrja á þessu verki. Þetta smámunalega framlag er svo langt frá allri sanngirni, að ekki nær nokkurri átt. Út af þessu

máli hefir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps sent Alþingi erindi, sem ég vil leyfa mér að lesa, þar sem þetta mál er skýrt til hlítar af kunnugustu mönnum. Erindið er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi hreppsnefndar Stykkishólmshrepps, sem haldinn var hinn 17. október s. l., var samþ. eftirfarandi fundarályktun:

„Þar sem hreppsnefndinni er kunnugt um, að í fjárlfrv. því, er lagt hefir verið fyrir Alþingi það, er nú situr, er aðeins gert ráð fyrir 5000 kr. framlagi úr ríkissjóði árið 1935 til framhalds þjóðveginum yfir Kerlingarskarð (Stykkishólmsbraut), skorar hún á Þingið að samþykkja a. m. k. 25000 kr. fjárveitingu til framhalds vegar þessa á árinu 1935. Vill nefndin í því sambandi benda á, að á næsta sumri verður byrjað á að leggja veginn yfir Gæshólamýri á Kerlingarskarði, og kemur sú vegalagning eigi að notum sem samgöngubót, nema veginum sé komið í gegnum mýrina inn á Sanda, en til þess mun þurfa þá fjárupphæð, er vér áður nefndum. Loks vill nefndin benda á, að bygging Stykkishólmsbrautar frá Borgarnesi til Stykkishólms, sem eigi er nema 100 kílóm. að lengd, hefir staðið yfir frá síðustu aldamótum, og hefir því legalagningu þessari miðað mjög hægt áfram, borið saman við lagningu annara þjóðvega á landinu, þar sem enn eru ólagðir 15—20 km. af brautinni".

Hreppsnefndin væntir þess fastlega, að hið háa Alþ. taki þessa kröfu til greina og veiti hina umbeðnu upphæð, kr. 25000, til vegarins.

Stykkishólmi, 18. október 1934.

F. h. hreppsnefndar Stykkishólmshrepps.
Kristján Bjartmars, oddviti."

Á bak við þessa áskorun stendur öll hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, og í henni eiga sæti sjálfstæðismenn, framsóknarmenn og jafnaðarmenn, og þeir eru allir sammála um það, að rík nauðsyn sé til þess að auka tillag til þessa að verulegum mun frá því, sem stendur í fjárlfrv. Ég hefi ekki séð mér fært að taka þessa upphæð, 25000 kr., upp í till. minni, heldur gæti þess hófs, til þess að frekar megi vænta árangurs, að fara ekki hærra en 15000 kr., eins og upphaflega var lagt til af vegamálastjóra. Þegar þess er gætt, hve lengi þessi vegalagning hefir staðið yfir og hversu fjölmenn héruð hér eiga hlut að máli, virðast allar ástæður mæla með því, að einmitt þessi vegagerð verði tekin rækilega fyrir á næsta ári.

Í Stykkishólmi eru yfir 600 íbúar, en auk þeirra njóta allir íbúar Helgafellssveitar stórkostlegs hagræðis af þessum vegi, og ennfremur í sambandi við bátaferðir frá Skógarströnd einnig íbúar þess hrepps. Þessi leið hefir einnig verið fjölfarin ferðamannaleið undanfarið, og er alveg víst, að ef hún yrði bætt, mundu fólksflutningar aukast þar stórmikið. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þennan lið, mér finnst hann svo sjálfsagður, að ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þm. líti svo sanngjarnlega á þetta mál, að þeir samþ. þessa litlu fjárveitingu.

2. brtt. mín er um það, að nýr liður komi eftir þessum lið, til Staðarsveitarvegar, 4000 kr. Þessi till. er einnig í samræmi við álit vegamálastjóra. Hafði hann lagt til, að veittar yrðu 4000 kr. til þessa vegar, og þar með yrði Ólafsvíkurkauptún betur tengt við vegakerfi landsins. Það eru nokkrir kaflar á þessari leið um Staðarsveitina, sem verða gersamlega ófærir yfir veturinn eins og nú er ástatt. Vegna þessara kafla slitnar allt bílasamband milli Ólafsvíkur og Staðarsveitar og annara héraða, a. m. k. að vetrarlagi. Til þess að bæta úr þessum ófærum þarf ekki meira en 4000 kr., og þegar þess er gætt, hve mörgum þessi litla fjárhæð kemur að liði, að því er snertir samgöngubætur fyrir hlutaðeigendur, þá verð ég að vænta, að hv. þm. fallist á að veita þetta framlag.

Þá er þriðja brtt. mín um vegamál einnig við 13. gr., til Hellusandsvegar, 15000 kr. Sá vegur var tekinn í þjóðvegatölu 1931. Mun hafa verið fallizt á það á því þingi, að það væri óverjandi, að jafnstórt kauptún og Hellusandur, sem hefir yfir 600 íbúa, væri gersamlega sambandslaust við vegakerfi landsins. Það hefir verið gerð áætlun um þennan veg. Hann er 10,6 km. að lengd, og er ráðgert, að hann muni kosta 37000 kr. Það tillag, sem ég fer fram á til þessa vegar að þessu sinni, er 15000 kr., því ég tel það fyllilega upplýst, að þessi fjárhæð nægi til þess að leggja veg yfir verstu torfærurnar, þannig að koma mætti á nokkru bílasambandi við þennan stað fyrir þessa upphæð. En þar sem mér er ljóst, að fjárhagur ríkissjóðs er erfiður eins og nú er ástatt, þá hefi ég, ef samkomulag gæti orðið um að einhverjar aðgerðir skuli þarna byrja, til vara farið fram á 7500 kr. fjárveitingu. Ég tel, að með því sé gengið svo langt til samkomulags, ef það á annað borð á að vera stefna stjórnarflokkanna, svo sem hv. frsm. fyrri kafla fjárl., 6. landsk., sagði og aðrir hv. þm. þessara flokka hafa talið sjálfsagt, að vegafénu ætti sérstaklega að verja þangað, sem flestir hefðu not af því, þá hljóti þessir flokkar að fallast á þetta litla fjárframlag. Ég þekki ekkert dæmi þess, að svo fjölmennt kauptún sé svo gersamlega slitið úr öllu sambandi við vegakerfi landsins sem Hellusandur, sem einnig sakir staðhátta skortir samband við nærsveitirnar. Ég hefi ástæðu til að vænta þess, að till. um að koma þessu kauptúni í vegasamband fái góðar undirtektir frá ýmsum stjórnarliðum, því menn úr þeirra hópi hafa flutt till. um tvo nýja vegi á þessum hluta Snæfellsness, sem gætu komið á enn betra vegasambandi þar heldur en sá vegarspotti, sem hér um ræðir, getur gert. Ég dreg það því ekki í efa, að flm. þessa frv., hæstv. forseti Sþ. og hv. form. fjvn., muni greiða atkv. með þessari fjárveitingu, því ég skal ekki að óreyndu staðhæfa það, að frv. um þessa vegi hafi þeir ekki flutt í fyllstu alvöru. Þess vegna dreg ég það ekki í efa, að þeir samþ. þetta bráðabirgðaframlag, sem till. mín gerir ráð fyrir.

Þá hefi ég ekki fleiri brtt. í sambandi við vegamál, en á þskj. 815,XV á ég eina brtt. um hafnarmannvirki í þessu kjördæmi. Hin fyrsta brtt. er við 13. gr. C.VIII. í fjárlfrv., þess efn-

is að bæta inn nýjum lið til hafnargerðar í Ólafsvík, 20000 kr. Það er svo, að hafnargerð í Ólafsvík er ákveðin með l. nr. 60 frá 28. nóv. 1919. Þar er ákveðið fjárframlag úr ríkissjóði til þessarar hafnargerðar og ríkisstj. heimilað að taka ábyrgð á láni, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps kann að taka til hafnargerðarinnar á hverjum tíma. Að sjálfsögðu ætlast ég til þess, ef brtt. mín verður samþ., að skilyrði l. um hafnargerð í Ólafsvík verði uppfyllt að öðru leyti, þ. e. a. s., að hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps leggi fram tvöfalt fé, eða í þessu tilfelli 40000 kr.

Það er búið í mörg ár að vinna að þessari hafnargerð, en þetta gengur svo seint, að enn er þessu verki ekki það langt á veg komið, að það verði hreppsbúum að verulegum notum. Meðan svo er, má nánast segja, að þessar umbætur séu enn sem komið er byrði á hreppsfélaginu, en verði ríflegt fé veitt til þessa mannvirkis á næsta ári, er það tryggt, að það verður bæði útgerðarmönnum og sjómönnum í kauptúninu til mikils hagræðis. Hinsvegar er mikil hætta á því, ef ríkissjóður lætur hjá líða að styrkja þetta nauðsynjamál á næstu árum, að það leiði til þess, að margir útgerðarmenn í kauptúninu neyðist til að gefast upp við sína útgerð, sakir hinnar erfiðu aðstöðu vegna hafnleysisins, sem þar er enn. Slíkt er auðvitað hið mesta tjón, ekki aðeins fyrir íbúa kauptúnsins, heldur einnig fyrir þjóðina, því það verður erfitt að finna skilyrði fyrir þetta fólk, sem þarna býr, til viðunandi lífsafkomu á öðrum stöðum á landinu, ef þeir hrekjast þaðan burt atvinnu- og eignalausir fyrir vanrækslu ríkisvaldsins. Væri slík niðurstaða hið mesta óvit, þegar á það er litið, hve miklu fé búið er að verja í hafnargerð þarna, en það mun vera, með því fjármagni, sem notað var þar á þessu ári — en það var 21000 kr. — samtals 107414,28 kr. Það, sem ógert er af þessu verki, mun samkv. áætlun vitamálastjóra nema samtals 90 til 100 þús. kr., en þá er miðað við það, að eigi sé aðeins lokið ytri skjólgarðinum, sem aðallega hefir verið unnið að undanförið, heldur einnig innri garðinum, þannig, að höfnin yrði fullkomin fyrir þá báta, sem gerðir eru út í þessu kauptúni. Það er því minna, sem til þess þarf að fullgera höfnina, heldur en það, sem búið er að verja til hennar, og sjá allir hv. þm., sem nokkra ábyrgðartilfinningu hafa og vilja líta óhlutdrægt á þetta mál, að það er gersamlega óverjandi að láta jafnmikil verðmæti, yfir 107 þús. kr., verða að engum notum meðan höfnin er ekki lengra komin. Þrátt fyrir þetta ástand hefir verið nokkur útgerð þarna undanfarin ár, sem ráða má af því, að árið 1932 voru gerðir þarna út 9 bátar undir 12 smál. að stærð og nokkrir stærri bátar. Og aflinn á þessum bátum var samtals yfir 400 smál. Það er öldungis víst, að ef höfnin í Ólafsvík kæmist í gott horf, þá mundi útgerð aukast þar talsvert, því aðstaðan er sú, að mjög skammt er þaðan á einhver fiskisælustu mið hér við land, og má ennfremur benda á, að á þessum miðum aflast sérstaklega mikið af verðmætustu tegundum fiskjar. Ég þykist nú hafa sýnt fram á það, hversu mikið nauðsynjamál þessar hafnarbætur eru fyrir alla sjómenn og útgerðarmenn innan kauptúnsins. Og ég þykist ennfremur hafa sannað, hversu eðlilegt og nauðsynlegt sé að halda þessu verki áfram, sem þegar er búið að verja til yfir 100 þús. kr. Það má ennfremur benda á, að þessi löggjöf um hafnargerð í Ólafsvík er frá árinu 1919, en önnur hafnarmannvirki hér á landi, sem talsvert eru yngri, eiga nú að fá úr ríkissjóði, eftir fjárlfrv. stj., rífleg tillög, eins og sjá má á þessum lið fjárl., sem er c-liður við 13. gr. VII. Þar á að leggja til hafnargerðar á Húsavík 25 þús. kr. og til hafnargerðar á Skagaströnd 18 þús. kr., og nú er í till. hv. meiri hl. fjvn. 10 þús. kr. framlag til hafnargerðar á Hornafirði, en lög um hafnargerð á Hornafirði hafa ekki verið sett fyrr en á þessu þingi. Af öllum þessum ástæðum verð ég að leyfa mér að vænta þess, að till. þessi verði samþ., en hana flyt ég hér eftir tilmælum frá sameiginlegum fundi hreppsnefndar og hafnarnefndar Ólafsvíkurhrepps, en í þessum n. eru menn úr öllum stjórnmálaflokkum, og er það sameiginlegt álit þeirra allra, að þetta sé hið mesta nauðsynjamál, hrein **lífsnauðsyn** fyrir kauptúnið, og ég hika ekki við að fullyrða það, að verði till. drepin, mun það valda mjög sárum vonbrigðum hjá flokksbræðrum hæstv. stj. í þessu kauptúni.

Þá á ég brtt. á þskj. 815, XVIII, sem sömuleiðis er við 13. gr. C.VIII, um bryggjugerðir og lendingarbætur. Hún er þess efnis, að framlag til þessa skuli hækka um 6500 kr., og sé þessu fé varið á þann hátt, að til bryggjugerðar í Krossavík á Hellissandi sé varið 5000 kr. og til bryggjugerðar á Arnarstapa 1500 kr. Ég skal svo leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessar till. hvora fyrir sig.

Það er þá fyrst að geta um brtt. um bryggjugerð á Hellissandi. Sú bryggjugerð er mannvirki, sem lengi er búið að vera á döfinni, og mun hafa verið byrjað á því árið 1922, og er þegar, með því fjárframlagi, sem lagt var fram í ár — en það var 18400 kr. — búið að verja til þessa mannvirkis 76300 kr. Það hefir nú verið komið upp bryggju innan þessa hafnarvirkis, sem áður var komið þar upp, en sú bryggja er of stutt til þess að hún komi að fyllstu notum, þar sem aðeins er hægt fyrir báta að fljóta upp að henni um háflóð. En til þess að koma bryggjunni það langt út, að bátar geti einnig lent við hana þegar lágsjóað er, mun þurfa alls um 15 þús. kr., og hér er farið fram á, að ríkið leggi fram þann ⅓ hluta, sem það jafnan leggur fram til hafnar- og lendingarbóta. Enda þótt þetta sé fátækt hreppsfélag, sem hér á hlut að máli, er svo mikill og almennur áhugi fyrir framgangi þessa máls hjá sjómönnum á Hellissandi, að hreppsnefndin er reiðubúin til þess að taka 10 þús. kr. lán, sem þarf til þess að verkið geti orðið framkvæmt.

Það er mikil útgerð frá þessum stað. Árið 1932 voru gerðir út þaðan 19 bátar undir 12 smál. stærð, auk nokkurra annara báta. Og aflinn innan þessarar verstöðvar var það ár samtals um 600 smálestir. Þetta kauptún hefir

einhverja þá allra æskilegustu aðstöðu til útgerðar, vegna þess hversu nærri það liggur einhverjum hinum ágætustu fiskimiðum hér við land. Það er í raun og veru ekkert, sem hefir takmarkað feng þessara báta, sem þaðan hafa verið gerðir út á undanförnum árum, eins mikið og hin erfiða aðstaða um löndun aflans. En nú er að nokkru ráðin bót á þessu með þeirri aðgerð, sem þar var framkvæmd síðastl. ár, en til þess að það komi að fullum notum vantar ennþá einn áfanga, og er farið fram á það með þessari brtt., að ríkisvaldið rétti þessu kauptúni þá hjálparhönd, sem nauðsynlegt er til þess að verkið verði framkvæmt til fullnustu. Það hafa borizt til þingsins mjög ákveðnar áskoranir frá hreppsnefnd þessa kauptúns, þ. e. a. s. Neshrepps utan Ennis, um þetta fjárframlag. Og ennfremur var haldinn fjölmennur borgarafundur, sem samþ. einróma áskorun til þingsins um að verða við þessum tilmælum.

Þá er hin brtt. mín við þennan lið þess efnis, að til lendingarbóta á Arnarstapa sé varið 1500 kr. Þar hefir nokkuð verið framkvæmt til lendingarbóta, eða samtals fyrir nær því 13 þús. kr. En kostnaðaráætlun yfir verkið í heild er samtals 17500 kr. Það er því eftir að leggja fram 4500 kr. til þess að þetta mannvirki komist í fullkomið horf. Hreppsnefnd sú, er hér á hlut að máli, þ. e. a. s. hreppsnefnd Breiðavíkurhrepps, er reiðubúin að leggja fram þær 3 þús. kr., sem koma í hlut hreppsins, til þess að verkið verði unnið fyrir þessar 4500 kr.

Það má segja það sama um þá aðstöðu, sem þarna er, eins og ég er búinn að segja bæði um Ólafsvík og Sand. Aðstaðan til útgerðar er þarna mjög góð. Þetta er fámennur hreppur, sem hefir verið mjög afskiptur um öll fjárframlög af hendi ríkisins, einkum og sér í lagi til vegamála. En þrátt fyrir það hefir talsverð útgerð verið frá Arnarstapa á undanförnum árum, miðað við fólksfjölda, enda er svo ástatt um marga bændur í þessum hreppi, að þeir leggja næstum því að jöfnu stund á sjávarútveg og landbúnað. Það er hreppsbúum mjög mikið áhugamál, að lendingarbótum á Arnarstapa verði lokið þegar á næsta ári, og þeir vænta þess, að Alþingi rétti þeim þá hjálparhönd í lífsbaráttu þeirra, sem felst í þessu litla fjárframlagi, sem hér er farið fram á.

Þá á ég loks eftir að minnast á eina brtt., sem ég hefi flutt, hún er einnig á þskj. 815, undir rómv. lið LXXII, og er við 22. gr. fjárlagafrv., XII-lið, um að þar komi nýr liður um að ábyrgjast fyrir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps allt að 180 þús. króna lán til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, sem stj. metur gildar. Ég flutti þessa till. einnig við 2. umr. og gerði þá í tveimur ræðum sérstaka grein fyrir henni. Sé ég því ekki ástæðu til þess við þessa umr. að fara mörgum orðum um þetta. Vil ég aðeins fara um hana örfáum orðum, ef hér skyldi vera einhver hv. þm. viðstaddur, sem ekki hlýddi á mál mitt þá, sem ekki er ósennilegt, þó að fáir séu nú, því að þeir voru ennþá færri þá.

Þetta er ekki aðeins nauðsyn vegna þess, að rafstöðin í Stykkishólmi er ekki aðeins ófullnægjandi fyrir hreppsbúa sjálfa, heldur einnig fyrst og fremst vegna þess, að nú er komið þar upp mjög stórt og fullkomið sjúkrahús, sem þarf mikið rafmagn til starfrækslu sinnar, og verði ekki ráðizt í þessa virkjun, er ekki annað fyrirsjáanlegt en að sjúkrahúsið geti ekki tekið til starfa.

Ég ætla að gera ofurlítið hlé á ræðu minni og beina til hæstv. forseta, af því að ég vil, að það komi fram í þingtíðindunum, hvort það sé sæmilegt að ræða fjárlög þegar frsm. stjórnarfl. að fyrri og síðari kafla fjárl. eru hvorugur viðstaddur, og þegar að því er ég hygg, enginn úr meiri hl. fjvn. er viðstaddur nema einn, og þegar hæstv. fjmrh. skýzt inn í þingsalinn á klukkustundarfresti. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvað hann álíti um þetta. (**Forseti:** Ég get ekki haldið mönnum inni). Ég hygg, að slíkt sem þetta sé alveg einsdæmi, en ég læt það engin áhrif á mig hafa.

Ég hefi við 2. umr. málsins bent á, hver nauðsyn er á þessu, af þeim tveimur ástæðum, er ég hefi drepið á, og ég vil benda á það, að hv. frsm. síðari kafla fjárl. fyrir hönd. hæstv. ríkisstj., form. fjvn., sem var viðstaddur á því augnabliki, er ég flutti ræðu mína þá, viðhafði þau orð, að hann gæti ekki mótmælt þeim rökum, er ég færði máli mínu til stuðnings. Og þegar svo er, að andstæðingar minir geta ekki á neinn hátt mótmælt þeim rökum, er ég hefi teflt fram í þessu máli, verð ég að leyfa mér að ætlast til, að þeir samþ. þessa till.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 905, 911 og 912, sem of skammt var liðið frá útbýtingu þeirra, leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Pétur Ottesen** (óyfirl.): Ég á hér fáar og smáar brtt. við fjárl. að þessu sinni, sem ég ætla að gera nokkra grein fyrir.

Fyrsta brtt. er á þskj. 815. Hún er viðvíkjandi styrk, sem veittur er til flóabátaferða. Það, sem er farið fram á, er, að styrkur til flóabátaferða verði hækkaður um 3200 kr. og að þessi hækkun skiptist á milli Hvalfjarðarbátsins og Akranessbátsins „Fagraness". Ég geri ráð fyrir í minni till., að styrkurinn til Hvalfjarðarbátsins, sem í till. samgmn. er 1 þús. kr. verði hækkaður upp í 1200 kr., og að veittar verði 3 þús. kr. til Akranessbátsins „Fagraness". Það hefir nú í mörg ár verið veittur nokkur styrkur, þetta frá 1000 og upp í 1500 kr. á ári, til Hvalfjarðarbátsins. Með þessum bát er flutt öll þungavara bæði á Hvalfjarðarströnd og í Svínadalinn og nærliggjandi hreppa. Auk þess hefir báturinn flutt mjólk til Rvíkur af þessu svæði. Síðan mjólkurflutningur var tekinn upp á þessu svæði, hefir ferðunum fjölgað mikið frá því, sem áður var, því að vitanlega er ekki hægt að koma við mjólkurflutningi nema því aðeins, að nokkuð tíðar ferðir séu. Að öðrum kosti er útilokað að koma mjólk á markaðinn hér í Rvík af þessu svæði. Nú er það svo, að ekki eru horfur á, að takist samvinna um þennan bát fyrir næsta ár með aðeins 1000 kr. styrk. Hinsvegar eru nokkrar

líkur til þess, að takast muni að koma á samningum um þessar bátsferðir í Hvalfjörðinn, ef styrkurinn er hækkaður upp í 1200 kr., og er hann þó 300 kr. minni heldur en hann hefir verið á stundum, og þó einkum síðan mjólkurflutningarnir voru teknir upp.

Ég þarf ekki að lýsa því, hversu mikils virði það er bændum, eins og nú er erfitt í ári og þröngt fyrir dyrum um afurðasöluna og lítið upp úr henni að hafa, að geta haldið áfram að selja mjólk til Rvíkur og þar með að fá tækifæri til þess að njóta góðs af þeirri miklu ræktun, sem gerð hefir verið þar á undanförnum árum eins og víða annarsstaðar, sem bændur vitanlega allmargir hafa hleypt sér í skuldir fyrir, er þeir eiga erfitt með að standa straum af, nema hafa sæmilega aðstöðu með afurðasölu. En stór liður í því er vitanlega mjólkursalan til Rvíkur. Það veltur því allmikið á því fyrir bændur á þessu svæði, að þingið vildi nú veita þessa styrkhækkun, sem aðeins er herzlumunurinn til þess að þeir geti þá komizt að viðunandi samningum um þessar bátsferðir.

Um Akranessbátinn er það að segja, að bændur úr hreppunum upp frá Akranesi hafa flutt sína mjólk á markaðinn í Rvík með honum nú um nokkur undanfarin ár. Þessum beinu ferðum milli Akraness og Rvíkur hefir verið haldið uppi með mótorbát af venjulegri fiskibátastærð þangað til á síðastl. vetri, að hafizt var handa með það á Akranesi að bæta mjög úr þessum samgöngum með því að byggja 60 smálesta bát, sérstaklega með það fyrir augum að hafa þessar ferðir á hendi. Þessi bátur kom til landsins á síðastl. sumri og tók strax við þessum ferðum milli Rvíkur og Akraness og heldur þeim nú áfram. Þetta er ágætisbátur í alla staði, og er útbúinn með svo góðum og miklum þægindum til fólksflutninga, sem frekast er hægt að koma við í ekki stærra skipi, auk þess sem vel er séð fyrir rúmi til vöruflutninga, þar á meðal mjólkurflutninga, sem vitanlega verður stærsti liðurinn í flutningastarfsemi bátsins, því að það er allstórt svæði, sem báturinn flytur mjólk af. Þessi bátur hefir fastar áætlunarferðir í vetur þrisvar í viku milli Akraness og Rvíkur. Það kemur ekki að notum við mjólkurflutningana nema svo tíðar ferðir séu. En hinsvegar geri ég ráð fyrir því, að með vorinu og næsta sumar fari þessi bátur daglega á milli Rvíkur og Akraness, því að á sumrin eru mikil vandkvæði á að koma mjólkinni óskemmdri á markaðinn, nema því aðeins, að hægt sé að koma henni daglega þangað. Og það er sérstaklega með það fyrir augum, sem farið er fram á að fá nokkurn styrk til þessara ferða. Hefir Alþingi verið sent erindi um þetta, þar sem farið er fram á 5000 kr. styrk. Ég hefi hér í minni brtt. ekki farið fram á nema 3000 kr., og það er vitanlega mjög skorið við neglur og hið allra minnsta, sem hægt er að fara fram á til svo tíðra ferða og mikilla flutninga, sem hér er um að ræða.

Samgmn. hefir ekki tekið upp neina fjárveitingu til þessa báts, og hygg ég, að það sé eina styrkbeiðnin til bátaferða um flóa og fjörðu, sem n. hefir synjað. Verð ég að láta í ljós undrun mína yfir því, þar sem hér liggur á bak við svo mikið hagsmunaatriði fyrir þá, sem hlut eiga að máli, og þar sem hv. samgmn. virðist hafa tekið með allmiklum skilningi á öðrum slíkum beiðnum, að hún skuli algerlega synja mönnum á þessu svæði um styrk til sinna samgangna. Það má geta þess að vísu, að Borgarnesskipið hefir viðkomur á Akranesi, og náttúrlega fær það nokkurn styrk úr ríkissjóði. En ég vil taka það fram, ef það skyldi hafa átt nokkurn þátt í því, að þessa styrks var synjað, að samgönguþörf Akurnesinga væri e. t. v. leyst með Borgarnesferðunum, að reynslan hefir verið og mun verða sú, að ómögulegt er að samræma t. d. mjólkurflutninga Akurnesinga við Borgarnesferðirnar. Mjólkin þarf að vera komin hingað til Rvíkur snemma dags, svona kl. 9—10 f. h., en Borgarnesskipið kemur venjulega ofan að síðla dags. Auk þess verður samgönguþörfin milli Akraness og Rvíkur að öllu leyti bezt leyst með skipi, sem á heima á Akranesi. Ég vil vænta þess, að hv. Alþingi verði við þessari þörfu og hóflegu till. minni, að hækka styrkinn til flóabáta um 3200 kr. og skipta honum á þann hátt, sem till. greinir.

Næsta till., sem ég á hér, er um það, að séra Sigurjóni Guðjónssyni presti á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd verði veittur 1000 kr. utanfararstyrkur til þess að kynna sér kirkjumál og bókmenntir á Norðurlöndum. Eins og allmörgum mun kunnugt, er hann mikill bókmenntamaður. Hann er skáld gott og hefir mjög lagt sig eftir bókmenntum, bæði þeim, er að kirkjumálum lúta, og öðrum bókmenntum. Þess vegna álít ég, að það gæti orðið allmikill gróði fyrir andlegt líf í landinu, ef þessum áhugasama, gáfaða og duglega manni væri gefið tækifæri til þess að kynnast nýjustu framförum á þessu sviði erlendis.

Auk þess er séra Sigurjón prestur á þeim stað, sem mjög er tengdur minningu hins ódauðlega snillings, Hallgríms Péturssonar. Nú hefir verið hafin fjársöfnun með einhverjum þeim bezta árangri, sem þekkist hér á landi, til þess að reisa Hallgrími Péturssyni óbrotthættan minnisvarða, sem á að vera mikil og vegleg kirkja í Saurbæ. Því máli er nú svo vel á veg komið, að væntanlega verður hægt að hefjast handa á næsta sumri. Því ætti það að vera metnaðaratriði að gefa þeim presti, sem er og verður væntanlega um langt skeið þjónandi í Saurbæ, tækifæri til að njóta hæfileika sinna sem bezt, tækifæri til að glæða anda sinn og auka þá víðsýni, sem fæst við það að kynnast andlegu lífi erlendra þjóða. Ætla ég, að þar með tæki Alþingi sinn þátt í því að byggja upp minningu Hallgríms Péturssonar á þessum stað, Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Ég vænti því, að hv. Alþingi ljái þessari till. samþ. sitt.

Þriðja till., sem ég flyt hér, er ósköp lítil. Þar er farið fram á, að Kvenfélagasamband Mýra- og Borgarfjarðarsýslu fái 400 kr. styrk í stað 300 kr. Með því er þetta kvenfélagasamband sett á bekk með öðrum kvenfélagasamböndum landsins, sem ég ætla, að öll fái 400 kr. styrk hvert um sig. Þessi sambönd hafa

unnið þarft verk, m. a. með því að glæða áhuga á heimilisiðnaði víðsvegar úti um byggðir landsins, og er þess vegna því litla fé, sem ríkissjóður veitir til að stuðla að þessari starfsemi, ákaflega vel varið og vel þegið af þeim, sem hlut eiga að máli. Ég vænti því, að þessi litla till. mín verði samþ., og þessu sambandi þar með gert álika til og öðrum samskonar samþöndum hvað snertir styrk úr ríkissjóði.

Þá er ég ekki einn um fleiri brtt., en ég skal *aðeins geta þess, að við erum hér 12 saman um* eina brtt. á sama þskj., sem fer fram á 150 þús. kr. framlag til kaupa á húseign og lóðaréttindum templara hér í Rvík og til að styrkja starfsemi þeirra. Samkv. mati mun verðmæti eignarinnar nema a. m. k. helmingi þessarar upphæðar. Ég ætla ekki að fara að mæla fyrir þessari till., það mun hv. 1. flm., þm. S.-Þ., gera, er hann talar öðru sinni við þessa umr. Ég vil einungis vekja athygli á, að nú stöndum við á þeim vegamótum, að vert er að gefa því sérstakan gaum að efla og styrkja bindindisstarfsemina í landinu. Og það leiðir af sjálfu sér, að hér í höfuðstað landsins verður ávallt höfuðsetur bindindisstarfseminnar, og því ríður mikið á að hlúa sem best að henni hér, ekki einungis vegna bindindisstarfseminnar í Rvík, heldur vegna bindindisstarfseminnar um allt land. Mér finnst þau efni standa til, að Alþingi ætti að finna allrika skyldu hvíla á herðum sér til þess að búa sem bezt að bindindisstarfseminni í landinu, því eins og nú er komið hygg ég, að það sé mest undir henni komið, hvernig okkur tekst að standa af okkur það fyrirsjáanlega þjóðarböl, sem af því leiðir, að veitt er nýjum vínstraumum inn í landið. Vænti ég því, að till. þessi hljóti góðan byr þegar gengið verður til atkv.

Þá vil ég með nokkrum orðum gera að umtalsefni fjárveitinguna til nýrra vita, og þá sérstaklega það atriði í nál. minni hl. fjvn., þar sem n. leggur til, að varið verði 2500 kr. til þess að byggja innsiglingarvita við Krossvík á Akranesi. Eins og kunnugt er, hefir nú hafnarbótum á Akranesi skilað allmikið áfram. Á síðastl. sumri var byggð viðbót við hafnargarðinn, sem bætir aðstöðuna við alla skipaafgreiðslu og skapar auk þess möguleika til þess að flytja hluta af bátaflotanum yfir á Krossvík, en hingað til hefir hann allur orðið að hafast við á mjög þröngri legu vestanvert við kauptúnið, svokölluðu Lambhússundi, og hefir bátaútvegnum stafað af því mikil hætta. En til þess hægt sé að njóta þessara hagsmuna, sem af hinum nýju mannvirkjum leiðir, verður að koma þarna innsiglingarviti, án þess er ekki hægt að flytja bátaflotann yfir á Krossvík. Bygging þessa vita mun kosta 7500 kr., og í nál. minni hl. er gert ráð fyrir, að til innsiglingavita á þessum stað og öðrum, þar sem hafnir er verið að gera, verði veittur sami styrkur og til hafnargerðanna sjálfra, eða ⅔ kostnaðar. Verða svo vitanlega hafnirnar sjálfar að sjá fyrir rekstri vitanna. Það vantar að vísu 500 kr. á að upphæð sú, sem tiltekin er í nál., nemi ⅔ kostnaðar, en vænta má, að það verði bætt upp síðar.

Ég vænti, að hæstv. stj., sem hefir úthlutun þessa fjár með höndum, taki fullt tillit til þess, sem þarna stendur, að því er snertir framlag til þessa innsiglingarvita, og greiði styrkinn á næsta ári, því nú er einmitt verið að hefja undirbúning byggingarinnar, og vitinn verður að vera kominn upp snemma í janúarmánuði, því eftir áramótin hefst vetrarvertíðin á Akranesi.

Þá vil ég minnast örfáum orðum á styrk *þann, sem ætlaður er til byggingar nýrra* sundlauga og sundskýla, en sá liður er 5000 kr. Eins og venja er til á ríkisstj. að annast skiptingu þessa styrks. Ég vil geta þess í því sambandi, að fyrir fjvn. lá beiðni frá íþróttafélögunum á Akranesi, sem eru búin að koma sér upp steyptu sundskýli, veglegu húsi, sem mun hafa kostað nokkuð á 3. þús. kr., þar sem þau fara fram á að fá greiddar 1200 kr. upp í þann kostnað. Í fjárlagafrv. ætla ég að sé komizt svo að orði, að styrknum skuli varið til nýrra sundlauga og sundskýla. En svo hagar til á Akranesi, að þar eru hvergi í nánd heitar laugar. Aðeins á einum stað verður vart jarðhita utan Skarðsheiðar, en vatnsmagnið og hitinn er þar svo lítill, að engin tök eru á að byggja þar sundlaug. Getur sundmennt á þessu svæði því ekki byggzt á öðru en því, að menn læri að synda í sjónum. Nú hagar mjög vel til þarna innan við Akranes, þar sem sundskýlið hefir verið reist. Þar er svokallaður Langisandur, útfiri mikið og grynningar, en brekkur háar fyrir ofan, sem taka af norðan og vestan næðingana, svo skjóllegt er þegar vindur blæs af þeirri átt, og aðstaðan til þess að iðka sund í sjó yfirleitt hin bezta.

Nú er meining íþróttafélaganna, sem sýnt hafa mikinn dugnað og áhuga, bæði með því að koma upp sundskýlinu og gera stóran leikvöll með ærnum kostnaði upp af því, að þegar sá draumur rætist, sem nú ætti ekki að vera langt að bíða, að rafmagni frá Soginu verði veitt um Borgarfjörð, þá verði byggð þarna þró, sem dælt sé í sjó og hituð með rafmagni. Aðstaðan er sæmileg til þess rétt hjá sundskýlinu.

Nú leiddi ég það í tal við fjvn., hvort nauðsynlegt væri að breyta ákvæðunum fyrir þessari styrkveitingu til þess að hægt væri að styrkja sundskýlið þarna, þó ennþá væri ekki komin upp í sambandi við það heit laug. Var n. öll sammála um, að það væri óþarft, með tilliti til kringumstæðnanna á þessum stað, og sjálfsagt væri, að þessi styrkbeiðni gengi alveg til jafns við aðrar styrkbeiðnir, þaðan sem um heitar laugar væri að ræða.

Ég vildi taka þetta fram, og vænti, að þegar hæstv. stj. fer að úthluta þessu fé, veiti hún íþróttafélögunum á Akranesi umbeðinn styrk. Það er vitanlega mikilsvert fyrir þau að fá styrkinn greiddan út á næsta ári, því þau hafa lagt þarna í mikinn kostnað á einu ári við byggingu sundskýlisins og hins stóra leikvallar, sem þau hafa komið upp þar rétt við.

Í sambandi við það, sem ég sagði áðan um styrk þann, sem farið er fram á til bindindisstarfseminnar í landinu til þess að greiða fyrir **húsbyggingarmáli bindindisfélaganna hér í**

Rvík, vil ég ennfremur geta um brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. um að hækka styrkinn, sem veittur er í fjárl. til hinnar eiginlegu útbreiðslustarfsemi bindindisfélaganna, úr 15 þús. kr. upp í 20 þús. kr. Ég vona, að hv. Alþingi sjái sanngirnina í þessari kröfu og finni nauðsynina, sem á því er að greiða götu bindindisstarfseminnar í landinu með því að samþ. þessa hækkun.

Þá held ég, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að minnast á í þessu sambandi. Hv. 1. þm. Skagf. hefir talað fyrir brtt. minni hl. fjvn. og ennfremur talað nokkuð um heildarviðhorf þessara mála, og hefi ég þar engu við að bæta. Ég vil aðeins að lokum benda á, að hv. meiri hl. fjvn. hefir að nokkru leyti orðið við beiðni, sem fyrir n. lá um styrk til Knattspyrnufélags Rvíkur. Þetta félag réðist í það fyrir nokkrum árum að kaupa dýrt hús hér í bænum, sem var nauðsynlegt fyrir þá miklu íþróttastarfsemi, sem það hefir með höndum. Til þess að létta nokkuð þá þungu byrði, sem á félaginu hvílir vegna þessara kaupa, er nú lagt til, að því sé veittur 2500 kr. styrkur úr ríkissjóði, gegn því að Rvíkurbær leggi fram annað eins á móti, svo félagið fái alls 5000 kr. styrk. En nú sé ég, að fram hefir komið í dag viðbótartill. þess efnis, að það skilyrði sé einnig sett fyrir þessari fjárveitingu, að húsið sé einungis notað til íþróttastarfsemi. Það er náttúrlega svo, að þetta hús er að langsamlega mestu leyti notað til íþróttastarfsemi. En það, sem hefir gert félaginu kleift að halda í húsið, og bæta þar með stórum aðstöðu sína til þess að vinna íþróttamálunum gagn, er það, að það hefir leigt húsið út til fundarhalda og skemmtana. Mér virðist því geta verið varasamt að binda fjárveitinguna þessu skilyrði, því e. t. v. væri félagið með því svipt meiri hlunnindum heldur en þeim stuðningi nemur, sem því er veittur. Vil ég mælast til, að hv. meiri hl. athugi, hvort rétt sé að halda þessari viðbótaraths. til streitu. Álít ég heppilegra að samþ. till. hv. meiri hl. eins og hún kom fyrst fram.

**Gísli Sveinsson** [óyfirl.]: Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt á því að lýsa yfir óánægju minni út af því, að hæstv. stj. skuli öll vera utan dyra, og einnig sá hæstv. ráðh., sem hefir þó verið þaulsætnastur undir þessum umr., en allir þeir þm., sem hér flytja brtt., þurfa helzt að hafa áheyrn hæstv. stj. Einn maður úr meiri hl. fjvn. hefir verið hér öðruhvoru, en nú mun hann einnig farinn. Þeir, sem hér taka til máls, verða því að tala yfir daufum eyrum, en ég mun þó verða að sýna nokkur skil þeim brtt., sem mér við koma.

Þá skal ég fyrst geta þess, að við 2. umr. bar ég fram brtt. við fjárl. um að veita til sandgræðslu og landvarna í Meðallandi 12000 kr. Ég gerði þá nokkra grein fyrir, hvernig á þessu stæði, sem sé að Búnaðarfélagið hefði rannsakað staðhætti þarna hvað sandgræðslu snertir og vatnságang. Þessi áætlun Búnaðarfél. er í fleiri liðum og má fara fleiri leiðir. Ein leið hefir verið tekin út úr í samkomulagi milli mín og hæstv. landbrh., svo nefnd Arnargljúfursleið. Þarna er um að ræða bæði sandgræðslu og varnir gegn vatnságangi, því að nú eru byggðir og ból þar mjög í hættu vegna vatna, sem hafa flóð þar yfir í stórum stíl. Í staðinn fyrir 12000 kr. fjárveitingu hefir nú meiri hl. fjvn. eftir samkomulagi við hæstv. landbrh. tekið upp till. um fyrri greiðslu, sem er 5000 kr., en síðari greiðsla verður 7000 kr., af því að það er gert ráð fyrir, að það þurfi 12000 kr. til þess að fullgera þetta verk. Þetta verk er svo nauðsynlegt, að hæstv. landbrh. sagði, að þó að engin fjárveiting hefði legið fyrir, þá hefði hann viljað leggja eitthvað fram í þessu skyni. Þessi till. er því sjálfsögð, þegar þess er líka kostur að sýna fram á, að það er meining stj. að vernda bæi, ból og býli í Meðallandi. Nú felli ég mig við þetta að svo vöxnu máli, og má vænta, að nú megi gera alvöru úr að byrja á þessu verki, og má vænta, að ef til vill megi takast að ljúka þessu á næstu árum og verði síðan beðið með kaupgreiðslu, þangað til síðari fjárveiting fer fram.

Þá á ég ennfremur, eins og ég að nokkru leyti kom með og að nokkru leyti boðaði við 2. umr., fleiri brtt. Eru mínar brtt. þó með þeim fæstu frá einstökum þm., og eru þær flestar nauðsynlegar og fara fram á óhjákvæmileg útgjöld til að halda við eignum og mannvirkjum. Þessi brtt., sem ég var að tala um og fjvn. hefir fallizt á, er á þskj. 784, 35. Hefi ég þegar talað fyrir fyrri hluta þessarar brtt., en í síðari hluta till. leggur meiri hl. fjvn. til að ljúka við frárennsli á sandgræðslusvæðinu á Steinsmýrarbæjunum. Þetta er eins og himnabréf frá n., og er ég ekkert við það riðinn. En það má einu gilda, hvaðan gott kemur, og því tek ég líka við þessu fyrir hönd þeirra, sem þarna búa.

Þá eru brtt. á þskj. 815, sem er einskonar syrpa af brtt. frá einstökum þm., sem eiga sér ekki allar viðreisnar von, þó að vonast megi eftir góðum undirtektum undir sumar þeirra, en ekki mun á þessu stigi málsins vera auðvelt að sannfæra stj. eða meiri hl. fjvn. Reynslan verður að skera úr, en ekki munu hv. þm. láta sitt eftir liggja að gera þá tilraun, sem þeir geta gert til að koma fram málum sínum.

Á þskj. 815, LXX á ég brtt. við 22. gr. A-liðinn flutti ég við 2. umr. og tók hann þá aftur, en flyt hann aftur nú. Till. er um að heimila stj. að kaupa 3 jarðir í Mýrdal, sem liggja undir skemmdum af ágangi Hafursár. Hið opinbera hefir leyft sér að taka ána úr sínum eðlilega farvegi til þeirra nota, sem vegamálastjórnin hefir talið hæfa til brúargerðar, og veitt henni á þessar jarðir. Eftir almennum skaðabótareglum eiga þessir menn heimtingu til fullra skaðabóta til þeirra, er þetta gerðu, en það er það opinbera. Auk þess munu menn kannast við þá gömlu reglu, þó að það sé ekki lög, að „vötn skulu falla þar, sem runnið hafa“. Ég geri ráð fyrir, að fasteignamat þessara jarða verði lagt til grundvallar, sem er 10000 kr., svo að hér er ekki um mikið að ræða, en í till. er þó gert ráð fyrir, að 3 dómkvaddir menn skuli meta þessar jarðir. Ég hygg, að ef hæstv. landbrh. kynnir sér þetta mál, muni hann taka till. vel og ef til vill ganga inn á

hana, og ef hann vildi ræða við mig um till. og taka henni með fullri velvild, gæti svo farið, að ég tæki hana aftur, því að þá mætti fara svo, að hún kæmi fram á næsta þingi, og má þá fara svo, að hæstv. fjmrh. beri hana sjálfur fram, og þá er málinu vel borgið.

Þá er b-liður þessarar brtt., að greiða Vigfúsi Gunnarssyni í Flögu eftirstöðvar af brunatjóni. Hv. þm. kannast við það, þó að hér sé nú allmargt nýrra manna, að við samþ. fjárl. 1932 var það samþ. eftir talsverða rekistefnu, að greiða allt að helmingi af því brunatjóni, sem bóndinn í Flögu varð fyrir. Á þessum bæ var landssímastöð, og það var upplýst, að það var *eingöngu af símans völdum að bærinn brann*, því að eldingu laust í símann, og sú var ástæða brunans. Tjónið var metið á 18 þús. kr. Þetta var gróið bú og miklir munir innanstokks, sem brunnu. Að lokum gekk þingið inn á, þó að ég áliti, að landssíminn hefði átt að bæta þetta tjón, þá var gengið inn á að heimilia stj. að greiða allt að helmingi af þessum metnu skaðabótum. Nú fór svo, að sá ráðh., sem hafði með fjármálin að gera, borgaði að vísu nokkra upphæð, 6000 kr., en það var helmingur tjónsins, sem heimild var til að greiða, eða 9000 kr., svo að hér er um 3000 kr. að ræða, sem hér er farið fram á. Hér er því um nokkurskonar endurveitingu að ræða, því að í fjárl. fyrir 1932 var heimilað að greiða þetta.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. situr og hlýðir með athygli á mál mitt, og ég skil, að hann muni vera að taka saman meðmæli með till. minni, og af því að ég er svo rólegur og nægjusamur, þá mun ég taka með þökkum, ef ég fæ góð orð, þó að minna verði um betalning. Annars vil ég í lengstu lög treysta mönnunum vel, og þá eins hæstv. ráðh.

Þá er XXIII. brtt. á þessu þskj., sem við 3 þm. berum fram við 14. gr., A.b.9, að nýr liður verði þar látinn koma, sem sé að veittar verði 2000 kr. (og til vara 1500 kr.) til að létta ferðakostnað leikmanna, sem lengst eiga að sækja kirkjufund, er halda á í Rvík eða á Þingvöllum sumarið 1935. Prestafélagið sendi Alþingi erindi, sem var látið ganga til fjvn., að veita þessa upphæð til þess, að þeir, sem áhuga hafa á að sækja þennan kirkjufund og erfiðast eiga með það, gætu fengið nokkurn styrk. Mönnum kann nú að finnast, að þetta séu nokkrir peningar, en það eru til fordæmi fyrir, að styrkir hafa verið veittir í svipuðum tilgangi. Og þó að þessi fjárhæð verði veitt, þá er það aðeins 50 kr. handa 40 mönnum, og er það þó nokkur styrkur til að standast þann kostnað, sem leiðir af því að ferðast til Rvíkur og dvelja þar nokkra daga. Ég þykist vita, að sá hæstv. ráðh., sem ég hrósaði áðan fyrir þolinmæði og á skylt mál þeim geistlegu, hann muni tilbærilega taka slíku sem þessu, og ég hefi ekki enn orðið var við, að hann játi sig sem heiðinn mann. Þess vegna ber honum að líta góðum augum á slíkt. Ég þekki menn úr hans héraði, sem hann hefir lagt mikla rækt við á allan hátt, sem vilja styðja þetta. Fundur slíkur sem þessi var haldinn í sumar á Þingvöllum og hér, og þá var það eindregin ósk fundarins, að leikmönnum yrði veittur slíkur styrkur. Ég tel það ekki aðeins frá veraldlegu sjónarmiði, heldur einnig frá andlegu sjónarmiði rétt að veita slíkan styrk, og tel það ekki aðeins trúarlega heldur einnig mannlega skyldu að taka slíkri beiðni vel. Þetta erindi Prestafélagsins var svo sent til fjvn., en þar var það ekki einu sinni lesið. Í þessari n. er þó einn maður, sem hefir fengið vígslu, en reykelsisilmurinn mun nú vera farinn að rjúka utan af. Það hefði þó mátt vona, að hann hefði a. m. k. lesið þetta erindi, þó að ekki hefði verið til annars en að hnýta í það, því að það hefði þó verið nokkurs vert, því að það hefði þó kannske *orðið til þess, að aðrir hefðu fremur fengizt* til að fylgja þessari till. fram, en hann hefir nú ekki hitt á þessa till. né heldur hans fylgifiskar. Nú skorum við flm. þessarar till. á hv. þm. að ljá þessu lið, og láta svo lítið, að samþ. nú þetta þráttnefnda erindi, sem hér liggur fyrir. En það lítur út fyrir, að meiri hl. vilji nota sína aðstöðu nú til þess að fara sínu fram, en sinna lítið annara manna ráðum eða till. Það er í fyrsta skipti þann tíma, sem Alþingi hefir staðið, sem slíkri aðferð er beitt, sem nú er viðhöfð hér á þingi. Það er byggður kínverskur múr í kringum hæstv. stj., sem enginn á að geta komizt yfir. Það er svo, að það þarf varla nokkur pólitiskur andstæðingur að hugsa til að fá sínar till. samþ., því að þó að þeir beri fram góðar og sanngjarnar till., þá þora stjórnarliðar ekki að greiða þeim atkv. Vitanlega er þetta hneyksli, en það er mín von, að þeir sjái nú að sér og taki til greina till. frá öðrum. (**Fjmrh.**: Hv. þm. er búinn að gleyma hrósinu, sem hann var með í upphafi ræðu sinnar). Það eru till. fleiri manna en mínar, sem hér er um að ræða, þó að mínar skari fram úr að réttlæti og sanngirni. Og þegar ég hefi getað sparkað spor í þennan kínverska múr, þá vil ég ekki láta við það sitja, heldur að fleiri komi á eftir mér og ráðist til uppgöngu í vígið, og þá *vil ég ekki*, að ráðh. liggi eins og Fáfnir á gulli landsins. Ég vil því, að fleiri taki sér í hönd sverð og skjöld til að berjast þar með mér fyrir hagsmunum almennings. Þessar till., sem ég ber fram, eru ekki fyrir sjálfan mig, heldur almenning í mínu héraði. Þær eru svo sanngjarnar, að jafnvel hæstv. landbrh. verður að taka tillit til þeirra, og jafnvel sjálfur meiri hl. fjvn. stendur að nokkrum þeirra.

Ég skal þá láta útrætt um þessar till. mínar, en ég vil aðeins mæla með till. XXXVI. á sama þskj., frá hv. þm. Rang., þar sem þeir ætlast til, að af því fé, sem ætlað er til sundlauga, fari 800 kr. til sundlaugar á Seljavöllum undir Eyjafjöllum. Það er undarlegt, að ekki skuli hafa verið af þingsins hálfu lögð meiri rækt við þessa sundlaug. Þó að einkennilegt sé, þá er á öllu þessu mikla eldgosasvæði frá Árnessýslu og austur um allt land ekki volgt vatn nema á þessum eina stað, og þar hafa Eyfellingar byggt sér vandaða sundlaug, en hún hefir orðið dýr, og þeir þurfa því styrk til þess að gera hana fullkomna. Þessi laug er ekki einungis notuð af Eyfellingum, heldur af mörgum

öðrum, jafnvel austan úr Mýrdal. Við sóttum þangað austan úr Vík síðasta vor og lágum þar við í viku til hressingar og heilsubótar, og þar var meiri árangur af sundnámi í þá einu viku en þó að menn hefðu verið 4 vikur að busla í köldu vatni. Við lögðum mikinn kostnað á okkur fyrir þetta, en við komumst að raun um, að sundlaug eins og þessi er mikilsverð. Það er ungmennafélag Eyfellinga, sem átti forgönguna að því að koma lauginni upp. Skýlið vantar 800 kr. Vil ég skjóta því til hæstv. fjmrh., að hann ljái þessu eyra. Þó að ég beri ekki fram þessa till., tek ég afstöðu til hennar eins og ég hefði gert það sjálfur.

Þá mæli ég eindregið með till. á þskj. 815, XLII frá hv. 8. landsk. o. fl., að veita Árna Pálssyni prófessor 1200 kr. til að ljúka við samningu sagnarits um kirkjusögu Íslands á lýðveldistímanum.

Ég þarf ekki margt um Árna að segja. Allir vita, að á þessu sviði er enginn honum fremri. Þetta verður mikið rit, sem varpa mun fróðlegu og þjóðlegu ljósi yfir kirkjusögu okkar og eins almenna sögu. Mun því verða vel tekið, ekki aðeins hér heima, heldur líka erlendis, því að það verður brunnur af nýjum sjónarmiðum að því er þetta efni snertir. 1200 kr. er ekki nema lítill hluti þess, sem verið er að velta inn á ýmsa einstaklinga, sem spáð er, að verða muni frægir og aftur frægir, vegna þess, að þeir hafa hrúgað upp bókum, enda þótt það sé spurning, hversu mikið almenningur á þeim upp að unna. Ég vil ekki deila á þingmeirihlutann fyrir þetta, því að ég er því yfirleitt hlynntur, að hlúð sé að rithöfundum. En hér ætti þá ekki síður að láta eitthvað af mörkum. Hér er áreiðanlega búið að vinna fyrir þessari upphæð. — Lýk ég svo þessum orðum mínum, sem ég vildi hafa mælt til þeirra, sem heyrandi vilja heyra og sjá, þótt þá syfji.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég á nokkrar brtt. við fjárlfrv., og skal ég gera grein fyrir þeim. **(Forseti (BÁ):** Ég tel rétt að benda hv. þm. á, að völ er á kaffi á Hótel Borg, ef þeir vilja halda sér vakandi fram eftir nóttunni). Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort þetta á að vera sneið til hv. þm. N.-Þ., af því að hann sofnaði hér í salnum núna um daginn. En af því að hann er ekki viðstaddur í augnablikinu, vegna þess að hann sefur hérna inni í ráðherraherberginu, finn ég mig knúðan til að taka málstað hans. **(Forseti (BÁ):** Ég held, að það sé rangt hjá hv. þm. G.-K., að hv. þm. N.-Þ. hafi sofnað. Hann hlustaði með svo mikilli andagt á hv. þm. G.-K., að hann hélt að hv. þm. N.-Þ. svæfi).

1. brtt. mín er á þskj. 815,III. Fer ég fram á, að héraðslæknunum Karli G. Magnússyni og Jóni Karlssyni sé veittur 1500 kr. utanfararstyrkur hvorum. Till. er flutt samkv. ósk þessara lækna. Hafa þeir sent erindi til Alþingis, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp:

„Við undirritaðir héraðslæknar leyfum okkur hér með að fara þess á leit við Alþingi, að það veiti okkur styrk til framhaldsnáms og sjúkrahúsdvalar í Danmörku á árinu 1935, að upphæð fimmtán hundruð krónur handa hvorum okkar.

Virðingarfyllst
10. október 1934.
Jón Karlsson,
héraðslæknir í Reykjarfjarðarhéraði.
Karl G. Magnússon,
héraðslæknir í Hólmavíkurhéraði.

Greinargerð:

Það mun vera öllum ljóst, að héraðslæknar, sem sumir hverjir dvelja meiri part starfsæfi sinnar í afskekktum héruðum, þurfi nauðsynlega á 5 til 10 ára fresti að endurnýja og bæta við kunnáttu sína með dvöl erlendis, sé þess kostur, ef þeir eiga að geta fullnægt sem opinberir starfsmenn hinum vaxandi kröfum, sem til þeirra eru gerðar.

Minna hafa læknar gert að þessu en skyldi, en orsakir til þess eru aðallega fátækt, of lítið framlag af hálfu þess opinbera og skortur á hentugum plássum, þar sem héraðslæknum væri tryggður árangur af kostnaðarsömu ferðalagi.

Á síðastliðnu ári hefir verið unnið að því af kappi af hálfu íslenzkra lækna og velviljaðra danskra lækna að bæta úr hinu síðasttalda atriði. Og fyrir mikið starf og velvild lækna í Danmörku hefir það áunnizt, að nú er vel séð fyrir framhaldsnámi íslenzkra læknakandidata í Danmörku, og ennfremur hefir verið útvegað handa þremur íslenzkum héraðslæknum á ári sjúkrahúspláss til framhaldsnáms í nokkra mánuði á þremur nýtízku sjúkrahúsum utan Kaupmannahafnar, og ætlum við undirritaðir utan í tvö af þessum plássum.

Héraðslæknir, sem ætlar að hagnýta sér þetta, verður að sjá af öllum launum sínum og aukatekjum til aðstoðarlæknis, meðan hann er fjarverandi. — Þegar þar við bætist, að hann verður að kosta til úr eigin vasa, af litlum eða engum efnum, stórum fjárhæðum, er ekki nema eðlilegt, að leitað sé til þess opinbera um nokkurt framlag, jafnmikinn hlut og það á hér að máli.

Héraðslæknir, sem án þess að vera knúður til þess af öðru en áhuga fyrir starfi sínu, tekur ef til vill á sig fjárhagslegar byrðar í þessu skyni, gerir það fyrst og fremst sem starfsmaður ríkisins, sem með því að auka þekkingu sína vill kappkosta að gegna vel sínu embætti sem opinber starfsmaður.

Það virðist því ekki nema sanngjarnt og rétt. að hið opinbera taki að nokkru hlutdeild í þeim kostnaði, sem til er stofnað að jafnmiklu leyti í þess eigin þágu. Og þess vegna höfum við undirritaðir farið fram á nokkurn fjárstyrk í þessu skyni, í trausti þess, að það fái góðar undirtektir hjá Alþingi.

Það skal tekið fram, að sanngjarnt virðist, að viðkomandi héraðslæknir sýni skilríki fyrir því við greiðslu styrksins, að hann hafi hagnýtt tíma sinn erlendis á þann hátt, sem til var ætlazt.

Virðingarfyllst
Karl G. Magnússon. Jón Karlsson."

Þetta erindi læknanna hefir hlotið meðmæli landlæknis, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp. Það er örstutt:

„Hér með erindi tveggja héraðslækna til Alþingis, þeirra Jóns Karlssonar, sem undanfarin ár hefir verið settur héraðslæknir í Reykjarfjarðarhéraði, og Karls Magnússonar, sem er héraðslæknir í Hólmavíkurhéraði, um utanfararstyrk sér til aukinnar fræðslu. Jafnframt ítreka ég tilmæli mín til nefndarinnar um að ætla nokkurn styrk til utanferða héraðslækna og ekki minni en áður var orðin hefð að veita."

Þessi rökstuðning sjálfra styrkbeiðenda annarsvegar og landlæknis hinsvegar segir í raun inni það, sem þörf er á að segja í þessu máli. Ég get engu við bætt, sem hafi gildi umfram þessa rökstuðningu. Þessir aðilar eru hnútunum kunnugastir og færastir um að dæma. Ég geri ráð fyrir, að Alþingi taki a. m. k. til greina meðmæli landlæknis.

Þá er brtt. mín á þskj. 815,VI, um hækkun framlags til Kjósarvegar úr 10 þús. kr. í 25 þús. Vegamálastjóri lagði til, að veittar yrðu 25 þús., en meiri hl. fjvn. færði það niður í 10 þús. Það er upplýst, að 10 þús. kr. geta ekki komið þarna að neinum notum, þar eð tengja þarf Kjósarveg, sem kominn er framhjá Hálsi í Kjós, við sæmilegan veg norðan við Reynivallaháls. En þetta er ekki hægt að gera fyrir 10 þús. kr. Sá vegur, sem nú þarf að fara, yfir taglið á Reynivallahálsi, er svo illur, að hættulegt er að láta bíla fara hann. Mér er það ráðgáta, hvernig meiri hl. fjvn. hefir farið að því að færa rök gegn till. vegamálastjóra. Ég hefi ekki heyrt þá gera tilraun til að rökstyðja mál sitt. **(Forseti (BÁ)**: Ég vek athygli hv. þm. á því, að verið er að útbýta till. frá honum. Mun ég þegar leita afbrigða, og getur hann þá mælt fyrir þessum till. um leið).

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 915 og 916 leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**ÓTh** [frh.]: Ég var að tala um Kjósarveg, þegar hæstv. forseti fór fram á, að ég frestaði máli mínu um stund. Ég sagði, að nauðsyn bæri til að hækka aftur þessa fjárveitingu, m. a. af því, að 10 þús. kr. koma ekki að gagni. Þetta er því nauðsynlegra sem það er bein mannhætta að fara yfir Reynivallaháls, eins og sá vegur er nú.

Næst er XX. brtt. á sama þskj. Fyrri hl. till. er um lendingarbætur á þrem stöðum í minu kjördæmi. Fyrst er farið fram á 12 þús. kr. til bátabryggju í Staðarhverfi í Grindavík. Hefir legið fyrir fjvn. allýtarleg skýrsla, er sýnir, hversu rík nauðsyn er fyrir því, að útvegsmenn í Staðarhverfi verði styrktir til þessa. Fjvn. hefir viðurkennt þessa þörf, en vill þó ekki veita nema 5000 kr., sem er alveg ófullnægjandi. — Í öðru lagi fer till. fram á 5800 kr. til lendingarbóta í Kirkjuvogi í Höfnum og 4000 kr. til lendingarbóta á Stafnesi. Á öllum þessum stöðum verða sjómenn að bera aflann á bakinu úr bátunum og upp á land. Er það alveg ótilhlýðilegt níð á þessa menn, að bæta þessum þrældómi ofan á þá örðugleika, sem þeir eiga í við erfiða sjósókn, enda er víðast hvar hér á landi svo komið, að þetta fornaldarsnið hefir verið afnumið. En þetta kjördæmi, sem er ríkissjóði mikill tekjustofn, hefir á áberandi hátt orðið útundan um fjárveitingar í þessu skyni. Úr þessu myndi verða bætt að nokkru, ef samþ. yrðu þessar till. mínar, enda þótt það væri hvergi nærri fullnægjandi.

Hér eru nú svo fáir þm. viðstaddir, að ég sé ekki mikinn ávinning að því að fara að lesa upp umsóknir og grg., enda væri það nokkuð mikið mál að því er Grindavík snertir. En margir hv. þm. hafa komið á þessa staði og séð, hvernig til háttar. Hefir það leitt til þess, að Grindavík hefir á undanförnum árum fengið nokkra leiðréttingu sinna mála, að því er annað hverfið snertir, en þetta hverfi, Staðarhverfi, hefir orðið algerlega útundan, þó að þörfin væri ekki minni þar.

Viðvíkjandi þeim 5800 kr., sem ég fer fram á til lendingarbóta í Kirkjuvogi í Höfnum, vil ég taka það fram, að Magnús Guðmundsson hafði heitið því að sjá íbúunum þar fyrir nokkru fé til þessara hluta, ef hann færi áfram með þessi mál. Eftir stjórnarskiptin bað ég hæstv. atvmrh. að sjá um, að styrkur til þessara lendingarbóta kæmi í fjárl. Hann kvaðst ekki geta það, en tók vel í að styðja mig um þetta mál á Alþingi. **(Atvmrh.**: Með nota bene). Já, handjárnunum. Ég veit, að hæstv. ráðh. á erfiðara með þetta en hann óskar.

Að öðru leyti er sama um þessa till. að segja og um framlagið til bátabryggju í Staðarhverfi í Grindavík. Þörfin er brýn og augljós og krafan réttlát. Enn má segja hið sama um till. um 4000 kr. framlag til lendingarbóta á Stafnesi. Þar hefir verið lagt í mikinn kostnað við bryggjugerð, og hafa útgerðarmenn aðallega staðið að því sjálfir. En sú bryggja fullnægir hvergi nærri þörfinni, og er við búið, að brim brjóti hana og valdi stórtjóni. Er því nauðsyn, að þessar framkvæmdir verði hafnar tafarlaust.

Ég myndi færa fleiri rök fyrir máli mínu, ef salurinn væri ekki því nær tómur. Hér sést hvorki fjmrh né frsm. meiri hl. fjvn. né nokkur úr fjvn. Er þetta óneitanlega hálfgerður skripaleikur, að halda mönnum við fjárl.umr., en hæstv. fjmrh. nennir ekki að vera viðstaddur. Ég hefi nú ekki setið lengi á þingi, en þó hefi ég setið hér 10 þing, og ég man ekki til, að fjmrh. hafi ekki talið sér skylt að vera viðstaddur, þegar rætt var um fjárl. **(Forseti BÁ)**: Óskar hv. þm., að náð sé í hæstv. fjmrh?). Já, ég óska þess, enda þótt mér leiðist alltaf að sjá hæstv. fjmrh. (Fjmrh. kemur). Ég hefi verið að kvarta um, að hæstv. fjmrh. hafi varla sézt hér við umr. **(Fjmrh.**: Það er misskilningur). Það er enginn misskilningur. Ég þekki hann, og þó hann sé nú ekki stærri en þetta, kemur maður þó auga á hann, ef hann er viðstaddur. Ég hefi verið hér allajafna við þessar umr., og hefi ég lítið séð hæstv. fjmrh. Mér þótti miður, að hann skyldi ekki vera viðstaddur meðan ég var að ræða um aðaltill. minar, þskj. 815,XX. Ég færði þar rök að því, hví-

lík nauðsyn væri á framlagi til þeirra hluta, sem þar eru nefndir, og þetta framlag er ekki svo mikið, að það sé ofvaxið þeim ríkissjóði, sem ætlað er að standa undir slíkum fjárl., sem hér eru lögð fram. Ætla ég ekki að endurtaka þau rök, en vænti þess, að hæstv. ráðh. hlusti að öðru leyti á mál mitt.

Þá er 2. liður sömu brtt., að ríkisstj. leggi til bryggjugerðar og lendingarbóta í Gerðavör ⅔ kostnaðar, eða allt að 27000 kr. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þessa styrkbeiðni frá oddvita Gerðahrepps:

„Hér með vil ég fyrir hönd Gerðahrepps biðja um, að hið háa Alþingi vildi veita hreppnum að ⅔ hlutum kostnað við að byggja bryggju hér við Gerðavör, það stóra, að hægt sé að lenda við hana vélbátum hreppsins. Hr. verkfræðingur Benedikt Jónasson hefir mælt út og áætlað, að bryggja kosti um kr. 27000,00.

Ástæður fyrir beiðni þessari eru sem hér segir:

Árið 1928 veitti hið háa Alþingi hreppnum helming kostnaðar við að byggja sjóvarnargarð við Gerðavör. Sá garður átti að vera 150 metra langur, og var áætlað, að hann myndi kosta um kr. 30000,00. Nú er búið að byggja af honum 100 metra, sem kostuðu um kr. 19000,00. Það var nægjanlegt meðan vörin var aðeins notuð fyrir opna vélbáta. En ef við fáum hjálp til að byggja bryggju fyrir stærri vélbátana, þarf að fullgera garðinn, og mun það þá kosta um kr. 13000,00, eða bryggja og viðbótin við garðinn kr. 40000,00. Það eru því kr. 27000,00, sem farið er fram á, að hið háa Alþingi veiti á næstu fjárlögum.

Ég vona nú, að hið háa Alþingi sjái, hve nauðsynlegt er fyrir okkur að fá þessi mannvirki, svo við getum gert út báta okkar hér heima, í stað þess að kaupa viðlegu fyrir þá í öðrum hreppum.

Að við erum svo djarfir að biðja um styrk að ⅔ hlutum, kemur til af því, að við erum nú búnir að eignast 10 vélbáta að stærð 12—30 smálesta, án þess að biðja um styrk eða ábyrgð ríkisins til þeirra kaupa. Við erum því í miklum skuldum og þess vegna ófærir til að koma þessu mannvirki upp nema að litlu leyti. Og ennfremur vegna þess, að hið háa Alþingi, með löggjöf, leyfði dragnótaveiðar hér í allri landhelgi, og með því gerði allan opna báta skipastól okkar arðlausan m ófyrirsjáanlegan tíma.

Virðingarfyllst.

(Sign.) Guðm. Þórðarson.“

Hér eru færð skýr rök fyrir því, að nauðsyn er á, og sanngirni mælir með því, að framlagið til þessarar bryggju sé hærra en venjulega. Hvað sem menn annars segja um hið stóra ágreiningsmál, dragnótaveiðina, hvort hún skuli leyfð eða ekki, þá er það víst, að heimildin til dragnótaveiða í landhelgi hefir alveg sérstaklega skaðað þennan hrepp. Það er því hin mesta sanngirni, að orðið sé við þessari beiðni.

Ég vil leyfa mér að skýra frá því, að þessi styrkbeiðni hefir verið lögð fyrir fiskiþing Íslands til umsagnar. Þar var samþ. af fjárhagsnefnd fiskiþingsins — en í henni eru þeir Magnús Sigurðsson bankastjóri, Páll Halldórsson, Níels Ingvarsson, Bjarni Eggertsson og Jón Jóhannesson — að mæla eindregið með því, að Alþ. verði við þessari beiðni. Af þessu mega menn marka, að hinir kunnugustu menn, sem ekki er hægt að væna um þingmannsins eðlilegu tilhneigingu til þess að draga taum kjósenda sinna, hafa hiklaust lýst því yfir, að þeir telji þetta nauðsynjaverk. Ég vænti því, að það verði vel undir þetta tekið.

Á sama þskj., rómv. 30, á ég brtt., sem fer fram á, að veittur sé 17000 kr. styrkur til heimavistarskóla í Vatnsleysustrandarhreppi. Umsókn liggur fyrir um þetta, sem er undirrituð af allri hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps. Ég sé ekki annað en niður verði að falla kennsla, ef ekki er hlaupið undir bagga með að byggja skólann. Í þessum hreppi er ástandið svo, að ég held, að það komist ekki helmingur barnanna í þann kofa, sem reynt er að halda skólann í. Það hefir verið reynt að leigja húspláss hjá ungmennafélaginu, en það er ekki annað sýnilegt en niður falli kennsla, ef ekki verður breyting á. Annaðhvort verður að breyta l. um kennslu barna og unglinga eða skapa hreppunum þá aðstöðu, að þeir geti fullnægt fyrirmælum l. Það liggur við, að það sé verra en fjós það húspláss, sem verður að notast við til kennslu í þeim hreppi, sem hér um ræðir. Þetta er hættulegt heilsu barnanna og dregur úr gagnsemi þeirra af skólanáminu. Ég ætla að sjá, hvernig undirtektirnar verða undir þessa till.

Ég hefi stillt í hóf, þar sem ég flyt ekki viðtækari till. En það getur enginn láð mér, þó að ég reyni að koma fram hinum nauðsynlegustu umbótum fyrir mitt kjördæmi.

Þá er á sama þskj., rómv. 35, brtt., sem fer fram á 5 þús. kr. framlag til íþróttaskólans á Álafossi vegna sundlaugarbyggingar. Ég hygg, að svo hafi verið um flestar sundlaugar hér á landi utan kaupstaða, að framlagið úr ríkissjóði hafi numið helmingi kostnaðar. Kostnaður við byggingu þeirrar sundlaugar, sem hér um ræðir, var 29 þús. kr., og ætti framlag ríkissjóðs því í raun og veru að vera 14½ þús. kr. En í samráði við manninn, sem hefir byggt laugina, hefir verið sýnd sú hófsemi og mér liggur við að segja óviðeigandi kurteisi, að fara ekki fram á meira en 5 þús. kr. Það hefði verið eðlilegt, að þessi sundlaug væri að öllu leyti kostuð af ríkinu. Það hefði ekki verið nema lítilmótleg verðlaun til þessa manns fyrir hans dæmalausu starfsemi í þágu íþróttanna hér á landi, sem hefir borið ríka ávexi og leitt af sér meiri blessun fyrir þjóðfélagið en starf margra alþm., sem sitja hér 3 mánuði á ári og þiggja laun fyrir úr ríkissjóði.

Ég veit ekki, hvernig undir þetta verður tekið, en það veit ég, að ef þessi maður væri liðsmaður stj., þá væri búið að birta af honum tugir mynda, og hundruð dálka af lofsamlegum ummælum hefðu verið skrifaðir um hann í blöðin, og það hefði verið hægt án þess að ljúga einu orði. En það er búið við því, að úr því þessi maður er ekki samherji þessara manna í stjórnmálum, þá sé það hæpið, að þessi hógværa till. nái samþykki.

Ég hygg, að íþróttaskólinn á Álafossi hafi gert mest gagn af öllum íþróttaskólum landsins. Ég geri mér vonir um, að fyrir ötula starfsemi íþróttafrömuða hér á landi verði það svo í framtíðinni, að það verði ekki talið sæmilega menntað barn, sem ekki lærir að synda. Ég er sannfærður um, að sú íþrótt er heilsusamlegust, auk þess sem það er sérstök skylda okkar sem fiskiþjóðar að kenna unga fólkinu sund. Það er ekki mikil viðleitni að ýta undir það hér á Alþ., ef þessi till. verður felld. Það er ástæða fyrir mig að bera kinnroða fyrir, að bera fram till. um 5 þús. kr., þegar aðrar sundlaugar utan kaupstaða hefðu fengið 14500 kr., og þar sem í raun og veru hefði átt að gera þessari sundlaug hærra undir höfði. En ég fer ekki fram á, að henni sé gert hærra undir höfði, heldur aðeins að þessi sundlaug fái að njóta ⅓ af þeim styrk, sem henni ber. Það skyldi nú ekki vera, að ég ætti eftir að sjá það, að hún yrði ekki samþ. Ég vona, að hv. 2. þm. Árn. (BB) hjálpi mér til þess að fá þessa till. samþ. Hann hefir ríka ástæðu til þess að hjálpa mér í þessu efni, því hann sér í daglegu lífi sínu hina miklu gagnsemi laugavatnsins, en ef hann fylgir mér af kappi, þá fer till. í gegn. Það er í raun og veru klaufaskapur af mér að hafa ekki fengið hann til þess að gerast meðflm. að till.

Þá á ég smátill. á sama þskj., rómv. 63, um að veita Snæbirni í Hergilsey 300 kr. styrk á ári. Hann hefir verið hreppstjóri í 50 ár, en er nú farinn að heilsu. Ég geri ráð fyrir, að hann sé svo vel þekktur, að þessi till. nái fram að ganga, og að margir hafi tilhneigingu til þess að lauma upp hendinni, þrátt fyrir flokkssamþykkt, þegar um svona litla fjárupphæð er að ræða til einstaks manns. Allir vita, að gamli maðurinn verðskuldar þetta. — Þá á ég ekki fleiri brtt. á þessu þskj.

Þá er brtt. rómv. 1. á þskj. 888, sem fer fram á það, að 10 þús. kr. fjárupphæð sé veitt til ljósbauju á Skagarifi. Sjómenn telja ekki gagn af því að hafa þarna annað en ljósbauju. Mér hefir skilizt á vitamálastjóra, að það þurfi að setja þarna nýja bauju, sem áætlað er að muni kosta 14 þús. kr. Það dregst frá kaupverð legufæranna, og þá hugsa ég, að það láti nærri, að 10 þús. kr. muni duga til þess að ljúka þessu verki. Þessi bauja, sem farið er fram á að sett sé ljós á, er í siglingaleið, og er það fjöldi báta, sem stundar veiðar þarna um háveturinn í vondum sjó og dimmviðri. Ég veit, að það er allt að því að vera óverjandi, að vilja spara þessa fjárupphæð og hika við að koma ljósi á þessa bauju. Það hefir verið meira af happi en forsjá, að ekki hefir hlotizt slys af því að hafa þarna ljóslausa bauju. Það er ekki rétt fyrir Alþ. að bíða eftir því, að slys verði. Það er réttara fyrir það að veita þessa fjárupphæð nú þegar, og verða þar með við beiðni þúsunda sjómanna. Seinast var á fjölmennum fundi í Keflavík, þar sem staddir voru þm. þriggja stjórnmálaflokkanna, samþ. einróma áskorun til Alþ. um að verða við þessari beiðni. Þá létu allir vel yfir því að vilja styðja þetta, og er nú eftir að sjá, hvort það hefir verið meira en látalæti. Ég mun svo láta útrætt um þessa till.

Þá er það smátill. á þskj. 915, sem er brtt. við 5. brtt. á þskj. 904, en sú till. er flutt af meiri hl. fjvn. og er um það, að ábyrgjast fyrir útgerðarsamvinnufélag Vatnsleysustrandarhrepps áfallna vexti af stofnlánum félagsins, allt að 5000 kr., enda fáist trygging fyrir því, að félagið haldi áfram rekstri. Min brtt. er um það, að fyrir 5000 kr. komi 8000 kr. Eftir því, sem mér hefir skilizt, þá benda engar líkur til þess, að félagið geti haldið áfram rekstri, ef það fær ekki þessar 8000 kr. Útvegsbankinn hefir sett því svo harða kosti, að það getur ekki komizt af með minna en 8000 kr.

Um félagið er það að segja, að Útvegsbankinn er búinn að svipta það öðrum bátnum, sem það hafði, og mér liggur við að segja, að hann hafi gert það með hörku, eða a. m. k. er mikil ósanngirni í því fólgin. Mér þykir rétt að segja frá því, að bankinn tók persónulega tryggingu, sem nam 22 þús. kr., sem þeir voru ekki skyldir til að láta. Félaginu gekk ekki vel í ár, og bankinn gekk á lagið og ætlaði að svipta það báðum b'tunum. En fyrir ötula framgöngu góðra manna, aðallega hv. þm. Vestm. (JJós), tókst að knýja bankann frá þeim ásetningi, svo að hann er reiðubúinn til þess að láta félagið halda öðrum bátnum, ef ríkissjóður tekur á sig ábyrgð á 2 ára vaxtagreiðslum fyrir félagið. Þessari málaleitun sýndist meiri hl. fjvn. nauðsynlegt að verða við, og flutti því brtt., en eftir þeim plöggum, sem fyrir liggja, mun bankinn ekki sætta sig við minni ábyrgð en 8000 kr. Þessum lofsamlega tilgangi meiri hl. n., sem minni hl. er líka sammála um, er á engan hátt náð, ef upphæðin er ekki höfð svo há, að hinn kröfuharði banki sætti sig við það. En þörfin á að styðja útgerðarfélagið er mikil, því Vatnsleysustrandarhreppur er mjög fátækur, og ekki annað sjáanlegt en hann komist á vonarvöl, ef hann er sviptur atvinnumöguleikum þeim, sem leiðir af starfi þessa útgerðarfélags. Það er því lífsnauðsyn fyrir hreppinn, að starfsemi þessa útgerðarfélags leggist ekki niður. Ég á svo ekki fleiri brtt. við fjárlögin.

Ég vil gera nokkrar almennar aths. bæði við mínar brtt. og annara flokksbræðra minna. Við munum sætta okkur við það, þó að allar brtt. okkar verði ekki samþ. En hitt sýnist mér, að meiri hl. ætti ekki að gera vegna síns eigin velsæmis, að fella þær allar.

Annað af stj.blöðunum hefir verið með heilaga vandlætingu og gert að umtalsefni, hvað illa hefir verið farið með það kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir. Höfundur þessarar greinar mun vera mótframbjóðandi minn af hálfu Alþfl. við síðustu kosningar. Hann er að reyna að sýna fram á, að þetta megi ekki viðgangast, og nú vil ég gefa flokksbræðrum hans hér á hv. Alþ. kost á að sýna það, hvort þeir vilja gera hann ómerkan með því að greiða atkv. á móti till. mínum. Þeir eiga valið milli þess að aðstoða mig við að koma till. minum fram, eða að lýsa því yfir, að það sé ekki tekið mark á honum í hans eigin flokki, og að þetta séu aðeins látalæti hjá honum sem frambjóðanda í G.-K. Ég vona, að þetta nægi til þess að

flokksbræður hans sjái sóma sinn í því að hlaupa undir bagga með mér í því að koma þessum till. fram. Ég mun þá láta þennan keppinaut minn njóta góðs af því í baráttunni við hann í kjördæmi mínu við næstu kosningar. Ég þykist hafa boðið mikil friðindi, og ef þetta dugir ekki, þá veit ég ekki, hvaða mútum ég á að beita.

Eins og ég hefi áður sagt, þá erum við reiðubúnir til þess að horfa á það með rólegum huga, að sumt af brtt. okkar verði fellt. En hinu tökum við ekki með jafnaðargeði, að þær verði allar felldar. Það er ekkert vit í því, ef þingmeirihl. ætlar að halda fast við þá stefnu að ráða því á flokksfundum, hvernig fjárl. verða afgr., þar sem einfaldur meiri hl. ræður því, hvaða till. stjliðið aðhyllist. Það er ekkert vit í þessu, ef það gætir ekki sæmilegs velsæmis í því að sýna réttsýni í garð andstæðinganna.

Það má vel færa frambærileg rök fyrir því, að réttlátt sé, að þingmeirihl. girði fyrir, að einstakir þm. með hrossakaupum hækki fjárframlög úr ríkissjóði kannske allt að 1 millj. kr. En við skulum allir vera sammála um, að engin rök sé hægt að færa fyrir þeirri meðferð stjórnarliðsins á fjárl., ef það er ekki hæfilega réttsýnt í garð allra kjördæma, en hugsi ekki eingöngu um þau kjördæmi, sem hafa sent stjórnarliða á þing. En afgreiðsla fjárl. nú bendir ekki til, að svo sé eða stjórnarliðið hafi gætt velsæmis í þessum efnum. Það getur ekki gengið og verður ekki þolað til lengdar, að ríkissjóður sé gerður að flokksklíkusjóði. Ef stjórnarliðið vill skapa sér rétt til að ákveða, hvernig afgr. skuli fjárl., þá verður það a. m. k. að byggja þau á grundvelli sæmilegs réttdæmis allra kjördæma, og vil ég sérstaklega biðja hæstv. fjmrh. að minnast þessa.

Ég vil þá nota tækifærið, það fyrsta, sem mér gefst, til að óska hæstv. forseta Sþ. til hamingju með afmælið sitt, þar sem hann frá því kl. 12 í nótt mun vera 52 ára að aldri. Vorkenni ég honum að vera nú að taka við fundarstjórn og þurfa að sitja hér í alla nótt.

Ég verð að segja, að ég vænti þess, að almennt verði þessi ummæli mín tekin til athugunar, og hvort ég má ekki gera mér sérstakar vonir um réttdæmi stjórnarliðsins um minar till. Ef þær verða virtar alveg að vettugi, vil ég minna á ummæli annars stjórnarblaðsins um mitt kjördæmi, og vona, að þær verði því teknar til greina a. m. k. af Alþfl. — Ég ætla svo ekki að gera að umtalsefni önnur atriði í fjárlfrv., nema sérstakt tilefni gefist til.

**Sigurður Kristjánsson:** Þrátt fyrir það, þó ýmsir hv. þm. hafi tjáð mér, að þeir væru nokkuð bundnir með atkv. sín, þykir mér ekki annað hlýða en að segja nokkur orð, a. m. k. um þær brtt., sem ég hefi flutt.

Ég verð að segja, að ég tel ekki vonlaust, þó menn séu handjárnaðir, að járnin kunni að bila. Því hefir verið hvíslað að mér, að afgreiðsla fjárl. hafi verið dregin fram á síðustu stundu, þar til komið væri að jólahelginni, svo menn sættu sig betur við krossfestinguna. Ég get skilið þetta. En þegar dregur nær jólahelginni, muna menn einkum eftir því, að frekar ber að hlýða guði en mönnum, og handjárnin eða böndin halda þá væntanlega síður. — Hv. þm., sem síðast talaði, sagði, að við sjálfstæðismenn mundum sætta okkur við, þó eitthvað yrði fellt af okkar tillögum. En ég verð að taka það fram, að ég verð mjög óánægður, og kynni jafnvel að gleyma að biðja fyrir óvinum mínum um jólin, ef nokkur till. mín verður felld. Og það stafar af því, að þær eru svo réttmætar og sanngjarnar, að ómögulegt er að greiða atkv. gegn þeim nema bíða um leið tjón á sálu sinni. Þar að auki eru þær ekki nema þrjár og fara ekki fram á hærri fjárveitingu úr ríkissjóði en 1200 kr. samanlagt. Þess vegna hljóta menn að sjá, að ég hefi ekkert ofmælt, enda meinti það allt.

Fyrsta till. af þremur, sem allar eru á þskj. 815, er við 15 gr. fjárl. og er nýr liður, um að veittar séu 600 kr. til Margeirs Jónssonar, bónda á Ögmundarstöðum í Skagafirði, til að halda áfram rannsóknum sínum og söfnun á torskildum bæjarnöfnum. Af því allir þm. eru prýðilega læsir og eru smekksamir á bækur, munu þeir allir hafa lesið bækur Margeirs. Hann er félitill bóndi norður í landi og hefir því haft öðru að sinna en starfa að rannsóknum og ritstörfum, sem hæfileikarnir vísa honum til. En það er svo með þá menn, sem hæfileikarnir vísa á verkefnin, að þeir vinna fleira en beint til að afla sér brauðs. Margeir Jónsson er hneigður mjög til fræðslustarfa, prýðilega greindur maður með ágæta dómgreind. Þetta hefir orðið til þess, að hann hefir farið að fást við fræðistörf. En hann hefir gert ýmislegt fleira fyrir íslenzkar bókmenntir — þó að það sé ekki í stórum stíl — en að safna, skrásetja, rannsaka og skýra örnefni og bæjanöfn. Hann hefir einnig safnað íslenzkum alþýðukveðskap, þeim er honum hefir fundizt beztur, en hinsvegar óttazt að mundi glatast og gleymast, ef ekki væri safnað saman. Hefir hann gefið út talsvert safn af alþýðukveðskap, sem að mínu viti hefir tekizt vel og er smekklega valið. Hefir hann tekið eftir nokkra hagyrðinga í hvert sinn, og lítur út fyrir, að það verði gott safn. En hitt, sem er merkilegra starf og hann hefir lagt meira verk í, er að skýra torskilin bæjanöfn á Norðurlandi. Ég held, að hann hafi byrjað á Húnavatnssýslu og sé nú í Þingeyjarsýslu. Fróðir menn, sem hafa meira vit á þessu en ég, hafa sagt, að verk þetta sé merkilegt og hafi tekizt prýðilega vel, sé mjög vandvirknislegt. Mér er kunnugt um, að það er áhugi á þessu efni, sem kom honum til að rannsaka þetta, en hann hefir aldrei fengið neinn styrk til þess, svo ég viti. Þó hefir hann eytt í þetta miklum tíma, og fé óbeint, þó ekki hafi hann varið til þessa miklu fé beint. Finnst mér, að þessi viðleitni sé vel þess verð, að hún sé launuð. Ég verð að taka það fram, að hann hefir ekki farið fram á það við mig að flytja þessa till. hér, og ég veit því ekki, hvort hann telur, að sér sé með þessu nokkur greiði ger. Býst ég þó við, að þessi litli styrkur mundi koma sér vel fyrir hann. Hitt er mér einnig ljóst, að ef hann

vill halda áfram þessu starfi, er enginn vafi á því, að það er til mikilla nytja fyrir þjóðina. Þessi styrkur er svo lítill, að ég geri ekki ráð fyrir, að þm. felli hann af þeim ástæðum, að hér sé um svo mikil fjárútlát að ræða; það er þá af því, að þeir telja þetta ekki nytsamt verk.

Næsta till. er ekki um bein fjárframlög úr ríkissjóði. Þetta er líka brtt. við 15. gr. fjárlfrv. og er á þá leið, að Kristjáni Magnússyni málara verði veitt 5 þús. kr. lán. Ég bar hér fram þá till. við 2. umr., að honum væri veitt þessi upphæð sem styrkur til að koma upp vinnustofu, en það var þá fellt með eins atkv. mun hér í Sþ. Þessi atkvgr. sýndi, að menn voru þeirrar skoðunar, eða nálega helmingur þm. viðurkenndi, að rétt væri að veita Kristjáni Magnússyni þennan styrk, en það mun hafa valdið úrslitum, að þm. mun hafa þótt varhugavert að ganga lengra í styrkveitingum en orðið var, eða réttara sagt, sparnaðarástæður hafa valdið ákvörðun þingmeirihl. Ég hefi nú breytt þessu svo, að veitt yrði lán með þeim skilyrðum, að það yrði endurgreitt með málverkum eftir hann, og verð þeirra ákveðið eftir mati menntamálaráðs. Láni þessu á að verja til hins sama og ég tók fram áður, að koma upp vinnustofu. Ég vil ekki endurtaka það sem ég sagði við 2. umr., aðeins vil ég segja það, að hann hefir ekki beðið um né þegið neinn styrk úr ríkissjóði áður. Sem drengur milli fermingar og tvítugs brauzt hann til náms við skóla í annari heimsálfu án nokkurs styrks eða hjálpar í 6 ár. Síðan hann kom hér heim hefir hann unnið fyrir sér með málarastörfum, og það vita nú allir þm. eins vel og ég, að hér er ekki mikill markaður fyrir listina, og þess vegna hefir Alþ. oft verið hugulsamt við listamennina. Nú hefir ríkisstj. ekki einu sinni sýnt þessum manni þá velvild og nærgætni að kaupa af honum málverk, sem þó er gert, að ég ætla, í styrktarskyni við aðra málara, eldri sem yngri. Ég vildi því mega vænta þess, að hæstv. Alþ. vildi veita honum þetta lán, með því skilyrði um endurgreiðslu, sem ég hefi lýst, því með því fær málarinn meiri vinnufrið og afkastar meiru en ella, ef hann fær vinnustofu, heldur en ef hann hefir enga, eða lítla og dýra eins og hann hefir nú. Ég læt mér nú ekki annað til hugar koma en að þessi breyting á till. úr styrk í lán vinni þetta eina atkvæði. Ég sé á hæstv. fjmrh., að hann hefir ákveðið sig, hann situr hér beint á móti mér og andlitið á honum er eitthvað svo vingjarnlegt og listrænt. (**Fjmrh.**: Valt er nú að treysta því).

Þá kem ég að 3. og síðustu till. Það stendur svo einkennilega á um hana, að það er till. um að hækka skáldalaun Guðm. Friðjónssonar upp í 3 þús. kr. Þegar þing kom saman í haust, skrifaði ég hv. fjvn. bréf um þetta, og er það eina erindi mitt til hennar, annað ónæði gerði ég ekki þeirri hv. nefnd. Fjvn. tók þessari málaleitun vel, en það hefir vissulega orðið einhver misskilningur í þessu, því form. hennar tjáði mér, að málaleitun mín hefði verið samþ. Ég sagði nú, að það hefði ekki verið gert. Hann sagði jú, að styrkurinn hefði verið hækkaður um 300 kr., en það, sem ég fór fram á, var, að hann yrði hækkaður upp í 3 þús. kr. Þetta hefir því ruglazt eitthvað hjá n. Þykist ég vita, að fjvn. muni taka þetta til greina. Ég þarf ekki að gera grein fyrir, hvað þessi till. er sjálfsögð. Það er öllum kunnugt, hvílíkur Guðm. Friðjónsson er sem skáld og hverra vinsælda hann nýtur. Ég held, að enginn muni neita því, að hann sé annað mesta núlifandi skáld þessa lands. Hann er fátækur bóndi norður í afskekktu héraði, og hefir þó afrekað eins og hann hefir gert, sem er dæmalaust afrek, ekki einasta á þessu sviði, heldur hefir hann afrekað mikið á öðrum sviðum. Hann hefir verið, eins og ég sagði, fátækur alla æfi, og þar að auki þjáðst af langvarandi heilsuleysi, en samt hefir hann komið upp 11 börnum, menntað þau og komið þeim til manns, og er það eitt talið mikið starf út af fyrir sig, þó menn séu hraustir og sæmilega efnaðir. Hann hefir og unnið fleira til gagns að ég tel. Hann hefir setið allan sinn búskap á föðurleifð sinni, bætt hana og prýtt. Hann er maður ofarlega á sjötugsaldri, og mundi því vitanlega ekki þjá ríkissjóð lengi hér eftir.

Eins og vitanlegt er, hafa þeir ekki miklu safnað til elliáranna alþýðustéttarmenn eins og Guðm. Friðjónsson. Væri það sérstök minnkun fyrir þjóðfélagið, ef þessi maður þyrfti síðustu ár æfi sinnar að strita fyrir brauði sínu með líkamlegri vinnu, einkanlega af því, að því fylgja miklar þjáningar, vegna heilsubrests hans. Því hefir verið fleygt, að menn væru hér dregnir í dilka eftir pólitík eða þjóðmálaskoðunum, þegar útbýtt er náðarbrauðinu, og Guðm. Friðj. hefir verið svo ógætinn að láta í ljósi sína pólitísku skoðun. En menn eiga nú að vera sýknir af þessum hlutum, þegar maður eins og Guðm. Friðjónss. á í hlut og hvað frekast eiga þm. að vera upp yfir það hafnir að láta sér til hugar koma, hvaða skoðun slíkir menn hafa á landsmálum. Ég ætla ekki að ræða þessa till. meira í sambandi við G. Fr., en vil aðeins bæta þessu við. Alþingi hefir nú, eins og áður, hætt sér inn á þá hálu braut að meta bókmenntaafrek manna. Úthlutun skáldastyrkja er í sjálfu sér ekki annað en dómur þm. um skáldskap, en þó þm. séu ekki ábyrgir orða sinna, eiga þeir að vera ábyrgir gerða sinna. Þegar þm. leyfa sér að leggja dóm á bókmenntir, verða þeir að gæta þess, að ekki verði þeir í því fundnir að koma fram — ég vil ekki segja eins og bjánar, en eins og flón í þessum hlutum. Því það hefir óneitanlega komið í ljós, að hv. þm. hafa sumir lítið vit á bókum. Ef þessi till. verður því ekki samþ., er ekki hægt annað en leggja þann dóm á, að þingið sé ekki sem bezt skipað að því leyti, sem snýr að bókmenntum og skáldskap. Mér finnst rétt, að þingið varpaði af sér ábyrgðinni af að úthluta styrkjunum, en léti valda menn fá umráð yfir upphæðinni og jafna henni niður. Eflaust eru skáldalaun ekki eingöngu veitt vegna þess, sem maðurinn hefir skrifað, heldur einnig tekið tillit til, hvaða verðleikar eru að öðru leyti, hvaða þjóðnytjastarf maðurinn hefir unnið að

öðru leyti og hvað hann hefir fyrir sig að leggja til að lifa af eða bjargast. Ef tillit er tekið til þessa, þá verður því ekki neitað, að þá ættu skáldalaun Guðm. Friðjónssonar ekki að vera 3000 kr., heldur ef til vill 6000 kr., því að hann er kominn á sjötugsaldur, og ástæður hans eru og hafa verið mjög erfiðar. Það verður að gæta þess, að menn, sem slíkt upplag hafa sem skáld og listamenn, þurfa raunverulega meira til lífsviðurværis heldur en fólk almennt. Það er ekki hægt að bera þeim í fingurbjörg, því að það misþyrmir upplagi þeirra.

Ég hefi þá mælt fyrir þessum till., sem að sönnu mæla með sér sjálfar, því að þær voru gerðar af réttsýni, sem nægði til þess að leiða þær til sigurs. En nú stendur svo á, að ég er með nokkur skilaboð til hv. þm. Svo er mál með vexti, að hv. þm. Vestm. er veikur, og hann bað mig fyrir þessi skilaboð til hv. þm. Hann á hér 2 brtt., sem ég lofaði að minnast á.

Fyrri till. er við brtt. hv. meiri hl. fjvn. um ræktunarveg í Vestmannaeyjum. Þetta hefir einhvernveginn fallið niður af fjárlfrv., en hv. meiri hl. fjvn. hefir borið fram till. til breyt. við 16. gr. og leggur til, að ræktunarvegi í Vestmannaeyjum verði ætlaðar 6000 kr. Hv. þm. Vestm. fer fram á, að þessi upphæð verði hækkuð upp í 12000 kr., og til vara 10000 kr. Ég verð að vera fáorður um þetta, sökum þess að ég er þessu máli ekki eins kunnugur og hv. þm. sjálfur. En samt er mér kunnugt um, að Vestmannaeyjakaupstað er þessi ræktunarvegur mjög mikils virði. Árið 1926 var fyrst veittur slíkur styrkur, en síðasta Alþ. synjaði um styrkinn. Mér er tjáð, að árið 1926 hafi fengizt um 4000 hestar af töðu í Eyjum, en síðan hefir ræktuninni fleygt svo fram, að þrátt fyrir það, þótt landið sé illa fallið til ræktunar, að nú fást þar 9000 hestar af töðu.

Það er óþarft að taka það fram, að það er mjög þýðingarmikið fyrir þetta fjölmenna fiskiver og kaupstað, að ræktunin aukist sem mest, því að áður voru mjög litlar grasnytjar, svo að fólkið átti við mikinn mjólkurskort að búa. Það er eitt af allra mestu menningarmálum Eyja, að allt ræktanlegt land í Eyjunum verði ræktað. Það er líka heilbrigðismál, að fá nóga mjólk fyrir allan þann mannfjölda, sem í Eyjum býr. Auk þess er þessi ræktunaraukning einhver bezta atvinnubótavinna, sem um er að ræða í þessum kaupstað. En þessari ræktun verður ekki haldið áfram, nema ræktunarvegurinn verði fullgerður. Alþingi hefir í raun og veru gengið inn á það fyrir nokkru síðan, að það sé ein af lífsnauðsynjum eyjaskeggja að fá þennan ræktunarveg, og vitanlega er ekki ætlazt til þess, að ríkið leggi þarna aðra vegi en ræktunarveg, svo að það virðist vera sanngjarnt, að styrkur þessi sé hækkaður a. m. k. eitthvað upp úr 6000 kr.

Önnur till., sem ég hefi sjálfur veitt sérstaka athygli og vildi mæla sem bezt með, er till. á þskj. 815 um styrk, 6000 kr. að upphæð, til sundlaugarbyggingar í Vestmannaeyjum. Það er stutt síðan menn fundu upp á því að byggja sundlaugar með kolaupphitun. Þetta var fyrst reynt í Bolungavík með svo góðum árangri, að nú lærir svo að segja hvert mannsbarn, bæði ungir og gamlir, að synda þarna á staðnum. Sund getur aldrei orðið almenn íþrótt, nema sundlaugar séu byggðar á fjölmennum stöðum. Það er svo dýrt fyrir fólk að þurfa að kosta sig að heiman til sundnáms í fjarlæga staði, að það verða aldrei nema örfáir, sem það gera. Nú læra kringum 70 unglingar og fleiri fullorðnir að synda á sumrin í Bolungavík. Allir sjómenn þar eru nú syndir að heita má. Þó yrði tvímælalaust meiri aðsókn að lauginni, ef staðarbúar hefðu ráð á því að byggja yfir laugina. Vestmannaeyingar hafa tekið þetta upp eftir Bolvíkingum. Strax í upphafi var gert ráð fyrir því, að ríkið styrkti þetta fyrirtæki. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp skjal, sem mikill meiri hl. hv. þm. hefir skrifað undir. Þar er farið fram á, að ríkið veiti helming kostnaðar, en þó ekki minna en 12000 kr. Skjalið hljóðar svo:

„Við undirritaðir alþm. úr báðum deildum Alþ. mælum með því, að ríkissjóður styrki sundlaugarbyggingu þá, sem nú er hafin í Vestmannaeyjum og verður eign bæjarfélagsins, með fjárframlagi, allt að helmingi kostnaðar, en þó ekki minna en 12000 kr. Áætlað kostnaðarverð er 38000 kr.

Pétur Magnússon, Jón Ólafsson, Jakob Möller, Héðinn Valdimarsson, Gísli Sveinsson, Finnur Jónsson, Tryggvi Þórhallsson, Jón Baldvinsson. Ingólfur Bjarnarson, Jón Sigurðsson, Jón Pálmason, Vilmundur Jónsson, Bernharð Stefánsson, Eysteinn Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Bergur Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Jóhann Jósefsson, Guðbrandur Ísberg, Þorleifur Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Jónas Jónsson, Bjarni Snæbjörnsson, Páll Hermannsson, Ólafur Thors, Björn Kristjánsson, Kári Sigurjónsson, Eiríkur Einarsson, Guðrún Lárusdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson.“

Hugmynd hv. þm. virðist vera, að styrkurinn yrði um 19000 kr., en ekki minni en 12000 kr.

Ég vil upplýsa það, að búið er að verja til sundlaugarinnar 32000 kr. og ríkið hefir lagt fram 6000 kr. Talið er, að allur kostnaður við sundlaugarbygginguna muni verða um 40000 kr. Það er víst, að það var vilji meiri hl. þingsins, að þessi styrkur yrði veittur. Nöfn undirskrifenda eru 30 að tölu, eins og ég er þegar búinn að lesa upp. Nöfnin eru því hvorki fá né heldur smá, og vil ég því halda, að þessu máli sé vel borgið, þar sem því er fylgt úr hlaði af þessum mönnum, enda þótt þeir sitji ekki allir á þessu þingi. Nú hefir ríkisstj. greitt 6000 kr., og ég tel víst, að hún muni a. m. k. vilja greiða þessa 12000 kr. lágmarksupphæð. Og þm. Vestm. fer fram á það, að bætt verði við 14. gr. 6000 kr. greiðslu til viðbótar við það, sem búið var að greiða.

Ég get engu við þetta mál bætt, því að ég get ekki gefið þessu nauðsynjamáli betri meðmæli heldur en það hefir þegar fengið. Þau eiga að geta verið fullkomin líftrygging fyrir till. Ég vona því, að báðar þessar till. fái samþykki hér á hv. Alþingi.

Að endingu vil ég taka það fram, að fyrir hendi eru nokkrar aðrar till., sem ég er ekki

flm. að, en varða nauðsynleg málefni, er ég vildi styðja. En þar sem ég hygg, að hv. flm. þeirra hafi betri rök fram að færa þeim til meðmæla heldur en ég mun ég ekki taka þessar till. með og læt ég máli mínu lokið.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Ég vil minnast á till., sem ég og hv. 2. landsk. höfum flutt um að greiða 300 kr. styrk til frú Sigríðar Gísladóttur, ekkju Kristjáns heitins Kristjánssonar skjalavarðar. Hv. þm. munu minnast þess ágæta manns. Ekkjan situr eftir með hóp af börnum. Það elzta er 12 ára gamalt, en það yngsta 1 árs. Heimilisástæðurnar eru þannig, að það mun vafalaust mikið muna um þessa upphæð. Þingið hefir að vísu sýnt ekkjunni virðingarvott með því að taka á fjárl. fjárveitingu vegna barnanna, en samt mun varla unnt að halda heimilinu saman, nema nokkuð bætist við til hennar sjálfrar. Fyrirvinna heimilisins er engin nema konan sjálf, börnin og tvö gamalmenni, sem varla eru vinnufær. Ég vil því vona, að hv. þm. sé svo minnisstætt hið vel unna starf Kristjáns Kristjánssonar, að þeir samþ. þessa 300 kr. greiðslu.

Næst vil ég minnast á nokkrar till., sem ég hefi áður flutt.

Ég er þakklátur hv. fjvn. fyrir að hafa tekið upp 15000 kr. fjárveitingu, og þess vegna hefi ég enga till. um þetta flutt.

Ég vil endurtaka till. mína um hafnarbætur á Suðureyri við Súgandafjörð. Ég veit, að Súgfirðingum mun bregða í brún, ef þeir fá ekki þessar 6000 kr. móti jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, á sama tíma sem margir aðrir landsbúar fá slíkan hafnarbótastyrk, sem víða er ekki eins mikil þörf fyrir og á Súgandafirði. Ég mælti fyrir þessari till. við 2. umr., og mun ég því ekki fjölyrða um hana nú.

Þá hefi ég borið fram brtt. um það, að orðin „200 kr. á mann“ falli niður í aths. um styrk til utanfarar barnakennara. Þessi till. er fram borin af því, að það er ekki víst, að 25 kennarar sæki um þennan styrk, og æskilegt er, að hver kennari fengi 300—350 kr. Það er ekki of mikið til slíkrar farar. Ég vona, að þessi till. verði samþ., því að hér er ekki um hækkun að ræða, heldur, að ef 15—20 kennarar fara, þá geti þeir fengið 300—350 kr. styrk hver í stað 200 kr.

Þá kem ég að till. um styrk til vísindastarfa handa Leifi Ásgeirssyni, skólastjóra á Laugum. Leifur er óvenjumikill gáfumaður og fræðimaður í sinni grein. Hann hefir lagt stund á þá grein stærðfræði og eðlisfræði, sem ókunn er hér á landi, og til þess að geta haldið áfram vísindastörfum sínum, þarf hann að geta farið til útlanda og komizt í samband við menn, sem svipuð störf fást við.

Leifur hefir unnið að verki, sem í ráði er að gefa út í Þýzkalandi næsta sumar. Það heitir: „Über eine Mittelwertseigenschaft von Lösungen homogener linearer partieller Differentialgleichungen 2. Ordnung mit konstanten Koëffizienten.“

Af þessu, sem ég las upp, mun hv. þm. vera ljóst, að ég get ekki skýrt nánar eðli þessarar fræðigreinar, sem hér um ræðir, en þó vil ég geta þess, að síðastl. vor hitti ég tvo menn, sem þekktu nokkuð til L. Á., bæði Nobelsverðlaunamanninn Niels Bohr og próf. Frank í Göttingen á Þýzkalandi. Þeim bar báðum saman um, að L. Á. væri mjög mikill hæfileikamaður á þessu sviði, og prófessorinn sagði, að L. Á. væri einhver gáfaðasti nemandi, sem hann hefði hitt á sinni tíð við háskólann.

Ég hefi fengið meðmæli með þessum óvenjulega skarpa unga manni frá Harald Bohr, próf. í stærðfræði við Hafnarháskóla, og frá próf. Courant, próf. í stærðfræði og frumeðlisfræði. — Eins og ég hefi áður tekið fram, er það ekki á mínu færi að ræða nánar um þessa vísindagrein, sem Leifur leggur stund á, enda munu það fáir gera aðrir en fræðimenn á þessu sviði. L. Á. mun vera einhver allra mesti námsmaður, sem nokkru sinni hefir lokið prófi við menntaskólann. Af þessum ástæðum finnst mér, að hv. þm. ætti að vera það fullkomlega ljóst, að slíkur maður verðskuldi styrk til þess að geta haldið áfram vísindaiðkunum sínum og ritgerð þeirri, sem hann hefir ekki enn lokið við, en fengið leyfi til þess að fá birta í frægu tímariti, þegar hann hefir lokið við hana.

Nú vil ég minnast á till. um það, að dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins haldist næsta ár jafnhá og á yfirstandandi ári. Ég ber fram till. til vara um það, að sama dýrtíðaruppbót og greidd var yfirstandandi ár haldist til 1. júlí 1935. Varatill. ber ég fram sökum þess, að búið er að setja launalaganefnd á laggirnar, og ef til vill kemur þingið saman fyrir 1. júlí og mundi álit launamálanefndar og stjfrv. með endanlegu fyrirkomulagi á launum embættis- og starfsmanna ríkisins liggja fyrir þinginu og verða afgr. fyrir þann tíma.

Síðastl. ár voru greidd 15% í dýrtíðaruppbót handa þeim starfsmönnum ríkisins, sem höfðu meira en 5000 kr. laun. Eftir útreikningi hagstofunnar verður dýrtíðaruppbótin fyrir næsta ár 20%. Það sem ég legg til, er ekki það, að greidd verði dýrtíðaruppbót eftir launalögunum, heldur 5% lægra en áætlað er fyrir næsta ár, eða sama og síðasta ár. Till. mín er því í rauninni lækkunartill. frá því, sem verið hefir og fram borin vegna þess, hvernig tekið hefir verið í þetta mál á þingi. Ég mælti fyrir þessari till. við 2. umr. málsins og gerði þá grein fyrir henni. Öllum er kunnugt um það, að fyrir flest þau störf, sem talin eru meiri háttar störf, er greitt meira en 5000 kr. Mönnum er varla boðið upp á minna en 7200 kr. laun fyrir skrifstofustöðu hjá nýrri nefnd eða einhverju fyrirtæki. Fyrir nokkrum dögum síðan var ráðinn maður til þess að hafa með höndum yfirstjórn mjólkursölunnar í Rvík. Hann fær 12000 kr. í laun.

Hvernig stendur á því, að sumir menn eru ráðnir upp á svo há laun? Skýringin er sú, að varla er hægt að lifa sæmilegu fjölskyldulífi fyrir minna en 6000—7200 kr. laun á ári. Hvers vegna á, þegar þetta er athugað, að skera niður laun gamalla kennara við menntaskólann og háskólaprófessora? Ég get ekki skilið það. Ég skil ekki heldur, að bændur skuli gangast fyrir „agitation“ um það, að heppilegt sé að hækka tekjur þeirra af kjöti og mjólk um leið og

kaupgeta kaupendanna er minnkuð. Þeir menn, sem hér um ræðir, sérstaklega aldraðir menntaskólakennarar, háskólaprófessorar, sýslumenn og hæstaréttardómarar, hafa ekki safnað fyrir fé undanfarin ár. Það eru sagðar ótrúlegar sögur um, hve erfitt þeir eiga að komast af með þau kjör, er þeir eiga við að búa.

Það vita a. m. k. allir hv. þm. Reykv., að það er herfilegt ranglæti, ef önnurhvor till. mín verður ekki samþ. Í aðaltill. minni er gengið út frá því, að dýrtíðaruppbótin verði hin sama og var á árinu 1934, en í varatill. að dýrtíðaruppbótin verði sú sama til 1. júlí 1935 og greidd var á árinu 1934.

Kákbreytingar eiga ekki að eiga sér stað meðan verið er að vinna að allsherjarbreyt. á launalögunum. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að önnurhvor till. verði ekki samþ.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Ég á örfáar brtt. Um tvær þeirra þarf ég ekki að vera margorður, því að ég flutti samskonar till. við 2. umr. — Á þskj. 815,IX á ég till. um 2500 fjárveitingu til Vesturhópsvegar. Við 2. umr. var felld 3000 kr. framlag. Hér er um að ræða að koma á sambandi milli tveggja stórra vegakafla. Það hefir alltaf verið talin nauðsyn að leggja fram fé, þegar svo stendur á, að ekki þarf nema nokkur þús. til þess að stórir vegakaflar komist í samband hvor við annan. Það væri óforsvaranlegt af þinginu að hlaupa hér ekki undir bagga, og það því fremur, sem héraðið hefir lagt mikið á sig í sambandi við þennan veg. Ég vænti því, að þessi upphæð verði samþ.

Þá á ég till. á þessu sama þskj. við 18. gr., að þar komi nýr liður, 300 kr. styrkur til Friðriks Halldórssonar fyrrum vegavinnuverkstjóra. Ég þarf ekki að rökstyðja þetta nú, því að ég gerði það við 2. umr., og vænti ég, að hv. þm. sé það í fersku minni. — Út af þessari till. vil ég geta þess, að ég hefi átt tal við hæstv. fjmrh. og góðvini mína jafnaðarmennina, og þeir telja betra að fá þetta fram með hækkun á styrk þeim, er vegamálastjóri fær til útbýtingar meðal slíkra manna. Ég hefi átt tal við vegamálastjóra um það, hvort F. H. mundi geta fengið eitthvað af þeim 1000 kr., sem áætlaðar eru í þessu skyni, en hann sagði, að ef þessi fjárveiting yrði samþ., þá væri henni þegar ráðstafað. Ég hefi því borið fram brtt. á þskj. 911 við brtt. á þskj. 894, um það, að í stað 1000 kr. komi 1300 kr., og mun ég þá taka aftur till. á þskj. 815.

Þá á ég brtt. á þskj. 815, LXVI, um að greiða til bráðabirgða úr ríkissjóði styrk, er nemi allt að ¼ af stofnkostnaði mjólkurbúanna í Eyjafirði, Borgarfirði, Ölfusi og Reykjavík, þar til Mjólkurbú Flóamanna hefir lokið þeim greiðslum, sem ákveðnar eru með l. nr. 95 19. júní 1933, um mjólkurbúastyrk o. fl., og heimilast ríkisstj. að taka lán til þessarar greiðslu, ef nauðsyn krefur.

Þessi l., sem vitnað er í frá 1933, fela í sér heimild fyrir ríkisstj. til þess að greiða til mjólkurbúanna viðbótarstyrk, er nemi allt að ¼ af stofnkostnaði þeirra. Þessi styrkur er þó nokkuð bundinn í 3. gr. l., þar sem gert er ráð fyrir því, að greiðslu á þessum viðbótarstyrk skuli þannig hagað, að Búnaðarbankinn taki við skuldabréfi því eða bréfum, sem Mjólkurbú Flóamanna gefur út fyrir skuld sinni við ríkissjóð, en þó ekki fyrir hærri upphæð en nemur niðurfærslu þeirri á viðlagasjóðslánum hinna búanna, er samsvara viðbótarstyrknum. Mjólkurbú Flóamanna kostaði 400 þús. kr. Framlag ríkissjóðs 100 þús. kr. og viðbótarstyrkur 100 þús. kr. Eftir verða þá 200 þús. kr., sem Mjólkurbú Flóamanna skuldar ríkinu, því ríkið lagði fram allan stofnkostnað búsins í upphafi.

Á þinginu 1933 var gert ráð fyrir því, að þessar 200 þús. kr. ættu að skiptast milli hinna búanna. Nú hefir Mjólkurbú Flóamanna hinsvegar ekki getað greitt ríkissjóðsskuld sína og er það varla von á þeim erfiðu tímum, sem nú eru, en það hefir haft í för með sér, að mjólkurbúin hafa ekki fengið þennan viðbótarstyrk. Nú ætlumst við, sem flytjum þessa till., til þess, að stj. fái heimild til lántöku til þess að inna þessa greiðslu af hendi. Það er ástæðulaust að bíða eftir Mjólkurbúi Flóamanna. Ríkið þarf ekki annað en að komast í samband við Búnaðarbankann og láta yfirfæra viðlagasjóðslán búanna yfir á ríkissjóð. Fyrrv. og núv. stj. hafa ekki séð sér fært að gera neitt í þessu máli fyrr en skil væru komin frá Mjólkurbúi Flóamanna. Það er því sjálfsagt að taka í taumana, svo að búunum verði veittur sá sjálfsagði stuðningur, er l. frá 1933 ætlast til. Bæði í grg. frv. og í öllum umr. um það á þinginu 1933 er það skýrt tekið fram, að ekki er ætlazt til, að beint fé sé lagt fram í þessu skyni fram yfir það, sem áður er fest í Mjólkurbúi Flóamanna. Það er ætlazt til, að yfirfærsla eigi sér stað.

Ég geri ráð fyrir því, að vel verði tekið í þessa brtt., og vildi óska þess, að fá að heyra frá hv. stj., hvort hún hefir nokkuð við till. að athuga, svo að hægt sé að skýra málið betur, ef þess þætti þurfa.

Það eru svo fáir hv. þm. við, að það er ekki hægt að koma að brtt., sem enn hefir ekki fengið afbrigði frá þingsköpum, en ég hefi eina slíka brtt., sem ég vildi gjarnan fá að tala fyrir nú, svo að ég þurfi ekki að tala seinna, þótt ég hinsvegar hefði gjarnan viljað ná eyrum allra hv. þm., er ég talaði fyrir henni. (**Forseti**: Hv. þm. má tala um till.). Í 14. gr. fjárlagafrv. nú, A, 9. lið í staflið b, eru veittar til þess að endurreisa kirkju Brettingsstaðasóknar 1500 kr. Fyrir hv. fjvn. hefir legið umsókn um svipað efni frá Tjarnarsókn. Árið 1930 var farið að endurreisa kirkju þessa, þar sem hún var orðin ónothæf. Viðgerðinni á kirkjunni er þó ekki lokið enn, þar sem hún fór nokkuð fram úr því, sem áætlað hafði verið, og eftir er að vinna við hana sem nemur 3000 kr. Það má segja, að þetta sé sök þeirra, er að þessu standa, en það vill oft fara svo, að slíkt fari nokkuð fram úr áætlun. Það er kunnugt, að þetta er fámenn og fátæk sókn, sem hefir ekki nema um 70 gjaldendur. Kirkjubyggingin hefir því staðið í stað á annað ár og eigi verið hægt að notast við kirkjuna eins og hún er nú, svo að þetta horfir til vandræða. Ég hefi því borið fram brtt. við 14. gr., sem ég vænti, að komist hér að, um

það, að veittar verði 3000 kr. til þess að fullkomna þessa kirkju. Þó að þetta sé það minnsta, þá hefi ég þó til vonar og vara sett varatill. um, að veittar verði 1500 kr., því að það er þó betra en ekkert. Ég get getið þess, að söfnuðurinn átti ekki nema 1200 kr. í sjóði, er byrjað var á kirkjunni. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái nauðsynina á því að koma upp þessari kirkju og gera hana nothæfa, og sjái ekki í það, þótt það kosti 3000 kr., fyrst farið er inn á þessa braut á annað borð. — Ég skal nú láta hér staðar numið, til þess að breyta ekki hv. þm., og vænti þá, að þeir verði þeim mun fúsari til að fylgja brtt. minum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 918) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**Jón Ólafsson:** Hv. 2. þm. Rang. og ég eigum nokkrar brtt. á þskj. 815 og 832. Ég var að hugsa um, hvort ég ætti að mæla fyrir þessum till. eða ekki, því mér finnst, að með verklagi þingsins í dag, og reyndar oftar, sé það orðið líkara hrafnaþingi en nokkru öðru. Það var sú tíðin, að menn voru frjálsir á hv. Alþingi, og ég hefi borið fram margar till., sem mótparturinn gat samþ., af því sannfæringin fékk að ráða, enda hefi ég aldrei borið fram nema góðar till. og réttmætar. Nú er svo komið, að sumir hv. þm. ljá ekki hönd góðu máli, enda þótt þeir viðurkenni, að gott sé, sökum þess að þeir fá ekki brotið af sér handjárnin.

Þessar till., sem ég og hv. samþm. minn berum fram, eru allar til nytja og nauðsynlegar, þótt smáar séu. Það er fyrst brtt. við 3. gr. um það, að framlagið til nýrra símalína hækki um 3600 kr. Hækkunin á að ganga til símalínu frá Geldingalæk í sunnanverða Landsveit. Þeir, sem kunnugir eru þarna austur frá, vita, hvílík nauðsyn er á þessum línuspotta. Nú orðið fara menn ógjarnan á hestum að sækja lækni, en það hafa þeir orðið að gera þarna, og komið hefir það fyrir, vegna þess hve langt er í síma, að eigi hefir náðst til læknis í tæka tíð, og orðið slys af. Nú sé ég, að lagt hefir verið til tveggja nýrra símalína, sem eigi hafa verið á símal. áður, til annarar 6000 kr., en til hinnar 9000 kr. Ég skal ekki deila um, hver nauðsyn er á þessum línum, en áreiðanlega eru þær ekki nauðsynlegri en línan frá Geldingalæk í sunnanverða Landsveit. En það virðist svo, að þau héruð, sem ekki voru nógu þæg í síðustu kosningum, séu látin gjalda þess, að þau dönsuðu ekki eftir nótum stjórnarflokkanna. En óhyggilegt er að fara svo að ráði sínu. Ég verð þó að vænta þess, þótt járnin séu seig, að einhverjir úr stjórnarfl. verði til þess að greiða þessum till. atkv. (JAJ: Mikil er trú þín). Já, ég vil í lengstu lög trúa á sanngirni og sannvizkusemi manna, en hefi þó núna þá minnstu von, sem ég hefi haft, svo sterk eru höftin, sem snúin eru að höndum þeirra.

Þá flytjum við brtt. við 13. gr., um hækkun á fjárframlagi til Eyjafjallavegar. Við 2. umr. bárum við fram brtt. við till. hv. fjvn. um að framlagið til vegarins hækkaði úr 7000 kr. upp í 15000 kr., og fórum þá eftir því, sem vegamálastjóri hafði lagt til upphaflega, því að það var ekki sýnilegt, að hægt væri að gera veginn færan með minna fé. Nú höfum við farið á stúfana í annað sinn og leggjum til, að upphæðin verði hækkuð upp í 12000 kr., en til vara 10000 kr. Þetta er of lítið, og vonlítið að gera megi svo við veginn fyrir það fé, að hann verði fær allan tíma sumars, að maður nefni ekki haustið, en þó er það nokkur bót. Ég skil ekki í þeim, er fjalla með fullu valdi um þessi mál, að þeir skuli vera svo smáir um framlög til vegar, er verður höfuðvegur síðan brýrnar komu og á að vera aðalsamgönguæðin við austursveitirnar, Síðu o. s. frv. Það er kunnugt, að samgöngur eru þarna litlar á sjó og algerlega lokað fyrir þær á vetrum, en flutningar á landi fara mjög í vöxt frá Rvík og austur, alla leið til Víkur, og lengra austur þegar Múlakvísl er brúuð. Það er óhætt að fullyrða, að þegar komin er brú á Múlakvísl, þá er kominn góður vegur austur á Síðu, ef bætt er úr haftinu meðfram Eyjafjöllum. Það er undravert, að menn skuli ekki koma auga á það, hve fráleitt það er, þegar búið er að leggja mikið fé í brýr á þessum slóðum, að eyðileggja þá samgöngurnar með þessu hafti. Það kemur hér enn fram, að þau héruð, er ekki hafa sýnt nógu mikla pólitíska þægð, eru látin gjalda þess.

Hvolhreppur frá Stórólfshvoli að Þverá er að mestu ófær á snjóavetrum. Þeir, sem farið hafa um þennan veg, kannast við það, að bílar sitja þar oft fastir og hafa stundum stoppað þar alveg, ekki sízt á vegleysunni meðfram Þverá. Verði ekki byrjað á þessum vegi nú þegar, getur bygging hans dregizt von úr viti, því að ég geri ekki ráð fyrir, að á einu ári fáist það framlag, að hægt sé að fullgera hann. Ég tel því rétt, að nú þegar verði byrjað á vegi þessum, þó aldrei nema aðeins verði unnið fyrir 5 þús. kr., því að „hálfnað er verk þá hafið er", segir máltækið, því að það kemur ekki til nokkurra mála að hafa veg þennan lengi ennþá eins og hann hefir verið nú um skeið, sem sé ófæran. Að vera að standa á móti þessari litlu en sjálfsögðu fjárveitingu, eins og stjórnarfl. hafa látið sér sæma, sýnir bezt þröngsýni þeirra og naglaskap gagnvart þessu héraði eins og öllum þeim héruðum, sem ekki hafa viljað þjóna handjárnapólitík þeirra. Það er vitað, að þessir háu herrar hafa gert skemmdarverk bæði í Rangárvallasýslu og víðar, með hækkun vegavinnukaupsins síðastl. sumar. Það átti svo sem ekki að verða tap á þessari kauphækkun fyrir héruðin, bændur áttu að fá alla kauphækkunina endurgoldna með auknum vegaframkvæmdum o. fl. fríðindum. En ég verð nú að segja það, að ágóðinn fyrir Rangárvallasýslu virðist ætla að verða dálítið vafasamur, þegar svo mjög á að skera þar niður allar verklegar framkvæmdir, svo sem raun ber vitni um.

Þá höfum við þm. Rang. ennfremur leyft okkur að bera fram brtt. við 13. gr., þess efnis, að til Hellisheiðarvegar verði varið 100 þús. kr. En í sambandi við þá brtt. höfum við borið fram brtt. á þskj. 832, um að framlag til atvinnubóta lækki um 100 þús. kr., og að þeirri

upphæð verði varið til þess að byrja á þessum mjög svo nauðsynlega vegi. Það er nú hvorttveggja, að mér virðist þetta framlag til atvinnubóta nægilega hátt, þó að það verði ekki ákveðið nema 400 þús. kr. Ennfremur býst ég við, að kaupstaðirnir og bæjarfélögin muni eiga nógu erfitt með að leggja fram tvöfalt á móti þessum 400 þús., þó að upphæðin sé ekki sett hærri. Ég held því hreint og beint, að bæjarfélögin geti ekki lagt fram 1 millj., sem þarf til þess, að allt þetta fé, sem nú er áætlað í fjárl. til atvinnubóta, gengi upp.

Síðan farið var að tala um þennan nýja Hellisheiðarveg, hefir því jafnan verið haldið fram, að hann væri stórnauðsynlegur, m. a. til þess að greiða fyrir flutningum mjólkur að vetrarlagi hingað til Rvíkur. En nú þykjast menn kannske vera búnir að greiða úr þeirri nauðsyn, með því að láta þá, sem búa hér „vestan fjalls", borga þeim „austan fjalls" fyrir að sitja heima með sína mjólk. Þó aldrei nema sumir kunni að líta svo á þessi mál, að eigi sé þörf á mjólkurflutningi að austan hingað til Rvíkur, þá er ég hræddur um, að reynslan verði sú, að þeir, sem búa hér vestan fjalls, fullnægi ekki til lengdar eftirspurninni hér í Rvík. Það má vera, að eitthvað megi auka mjólkurframleiðsluna hér í nágrenni Rvíkur, en tæplega svo, að dugi. Annars virðist mér það tæplega geta orðið til frambúðar, eða til hagsbóta fyrir þjóðarbúskapinn, að leyfa ákveðnum framleiðendum að einoka á vissum stöðum; á þetta ekkert fremur við um mjólkurframleiðendur en ýmsa aðra framleiðendur. Það, sem hér þarf að vinna að, er það, að hægt sé að flytja framleiðsluna á sem ódýrastan hátt frá þeim stöðum, sem ódýrast er að framleiða hana. Slíkt er þjóðhagslegur gróði.

Þó að hér sé farið fram á 100 þús. kr. til þess að byrja á byggingu þessa vegar, þá er það í mesta lagi ⅓ hluti þess, sem hann mun kosta. En eins og ég þegar hefi tekið fram, þá er brýn nauðsyn á að byrja á þessum vegi sem allra fyrst, því að það ástand, sem er nú með samgöngurnar austur, getur ekki gengið til lengdar. Eins og tekið hefir verið fram undir umr. um mjólkurlögin, þá er ekki hægt að segja, hvað menn taka upp á að heimta, þegar þeir eru útilokaðir frá þeim mörkuðum, sem þeir með eðlilegu móti geta haft, eins og gert er með þeim lögum. Það ber því nauðsyn til að vera viðbúinn að geta að einhverju leyti sinnt kröfum þessara manna, eða gefa þeim möguleika til þess að breyta um framleiðsluhætti, eftir því, sem bezt kann að vera á hverjum tíma. Ég fæ því ekki séð, að hægt verði að verja atvinnubótafénu betur en nota það til þess að byrja með því verk, sem áreiðanlega verður lyftistöng fyrir heil héruð, sem sé þrjár sýslur: Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.

Þá höfum við þm. Rang. flutt enn brtt. við 13. gr. A.X, þar sem við förum fram á 7 þús. kr. styrk til mjólkurflutninga úr Rangárvallasýslu til mjólkurbúanna í Árnessýslu, og til vara 5 þús. kr. Eins og allir vita, sem kunnugir eru austanfjalls, þá er sú mjólk, sem Flóabúið og mjólkurbú Ölfusinga fá, allt of lítil. Vinnsla mjólkurinnar verður því miklu dýrari en hún þyrfti að vera, ef aðsókn væri meiri að búunum. Eins og nú standa sakir, þá munu vera um 1000 grasbýli austan Hellisheiðar, að Jökulsá á Sólheimasandi. En í mjólkurbúin koma um 2,4 millj. lítrar mjólkur á ári. En það er sem svarar í kýrnyt af býli á öllu Suðurlandsundirlendinu. Það sjá því allir, hve ömurlegt það er að búa í sveitum, þar sem auðvelt er að framleiða mjólk, en vera þó fyrirmunað að gera það, sakir þess, að ekki er hægt að koma mjólkinni til mjólkurbúanna vegna erfiðra og of dýrra flutninga. Með brtt. okkar er því stefnt að tvennu, fyrst og fremst því, að gera mönnum, sem nú eru nær útilokaðir frá því að koma mjólk til mjólkurbúanna, það mögulegt, og í öðru lagi er mjólkurbúunum sköpuð betri aðstaða, með því að fá meiri mjólk til vinnslu. Síðan þær miklu samgöngubætur voru gerðar þarna eystra, að tengja Landeyjarnar með brú á Þverá saman við þjóðleiðina til Reykjavíkur, hefir aðstaða manna til flutninga af þessu svæði batnað mjög mikið. Áður komust menn t. d. ekki yfir Markarfljót nema á hestum, en nú er þeim innan handar að sameina sig um flutninga af þessu svæði. En sökum vegalengdarinnar eru bílflutningar þarna austan að mjög dýrir, og er ég því hræddur um, að menn treysti sér ekki til að flytja mjólk þaðan alla leið til mjólkurbúanna, nema með því móti, að þeir fái einhvern styrk til þess. Þess vegna höfum við flutt brtt. þessa, og í trausti þess, að hv. meiri hl. Alþingis hafi það viðsýni, að hann skilji þá nauðsyn, sem hér er fyrir hendi vegna bændanna, og jafnframt það, að þetta geti líka orðið mjólkurbúunum til hagsbóta. Þeir hv. þm., sem telja sig bera hagsmuni bændanna mjög fyrir brjósti, geta tæplega annað en verið með brtt. þessari, svo framarlega a. m. k. sem viljinn og hyggindin eru þá ekki allt of mikið af skornum skammti, eins og því miður oft vill verða hjá þessum góðu mönnum.

Þá á ég hér brtt. við 14. gr., sem fer fram á 800 kr. fjárveitingu til viðauka við sundlaug á Seljavöllum undir Eyjafjöllum. Hv. þm. V.-Sk. hefir að mestu tekið af mér ómakið með að mæla fyrir henni. Þeir, sem standa að byggingu þessarar sundlaugar, hafa lagt mikið á sig til þess að koma henni upp. Dugnaður þeirra og framsýni mun nær einsdæmi, þar sem þeir hafa innleitt sundskyldu við barnaskóla sína. Sundlaug þessi er langt frá byggð, og verður því að liggja þar við, vor og haust, meðan kennslan fer fram, og er því ekki um annað að ræða en hafa þar skála til þess að liggja við í, þar sem ógerningur má teljast að láta börn og unglinga hafast við í tjöldum á þeim tíma árs. Til þess að ráða bót á þessu er farið fram á þennan litla styrk, sem alls ekki mun nema ¼ hluta kostnaðar við að koma upp nauðsynlegu skýli þarna. Eins og hv. þm. V.-Sk. tók fram, þá sækja að sundlaug þessari menn austan úr Skaftafellssýslu og alla leið vestan frá Þjórsá, því að svo kunnugt sé er hvergi volgan pytt að finna á þessum slóðum nema þarna. Þó er það

svo, að á þessum stað er ekki nægilega mikið af heitu vatni, en það má leiða það að lauginni úr uppsprettu uppi í fjalli, með ekki ókleifum kostnaði, og myndu héraðsbúar gera það, ef aðstaða þeirra batnaði með skýli við laugina.

Þá eigum við þm. Rang. eina brtt. við 15. gr. frv. Það er nýr liður. Förum við þar fram á, að greiða megi úr ríkissjóði viðlagasjóðslán, sem hvílir á Múlakoti í Fljótshlíð, að upphæð 2250 kr. Lán þetta var veitt fyrir mörgum árum og var upphaflega 3000 kr., og var því varið til þess að koma upp gistihúsi á þessum fagra stað. Hin merku hjón, sem þarna búa, hafa því hýst fjölda ferðamanna á undanförnum árum. En nú fyrir 2 árum fór Þverá að ganga svo á veginn, sem liggur heim að Múlakoti, að hún tók hann af. Hefir það eðlilega leitt til þess, að gestkoma hefir allmjög minnkað þar. Auk þess hefir áin gengið svo á landið, að hætta er á, ef ekki er að gert, að innan fárra ára eyðileggi hún hinn fræga trjágarð, sem húsfreyjan í Múlakoti hefir með frábærri elju og smekkvísi komið upp. Það mun því svo komið, eins og nú standa sakir, að enginn þori að kaupa jörð þessa. Hjón þau, sem þarna búa, eru þegar orðin nokkuð öldruð og búast því við að láta af búskap í vor. Efnahagur þeirra er mjög erfiður, enda þótt frúin hafi notið nokkurrar viðurkenningar Alþingis fyrir sín fágætu störf. Það má því búast við, að það fari um lán þetta eins og ýms önnur slík lán, að það verði að gefa það eftir þegar tímar líða. Mér þykir því rétt, að þetta sé gert strax, þar sem jörðin er undir eyðileggingu náttúruaflanna, og sýnilegt er, að hjónin hafa ekki tök á að greiða þetta m. a. sakir eyðileggingar þeirrar, sem ábýli þeirra hefir orðið fyrir.

Þá flytjum við eina brtt. á þskj. 815, og er hún við 9. brtt. á þskj. 784, þar sem meiri hl. fjvn. leggur til, að veittar verði 5000 kr. til fávita, er dvelji á hælum. Við förum fram á í brtt. okkar, að hjónunum á Velli í Hvolhreppi verði veittar 600 kr. vegna sonar þeirra, sem er fáviti, en dvelur í heimahúsum. Mér sýnist, úr því að komið er út á þessa braut, sem ég ætla ekki að álasa fyrir, að það sé mikil þörf á að létta erfiðleikana fyrir þessu fólki, sem hefir orðið svo ógæfusamt að eignast og ala upp fávita. En þannig er því háttað um þessi hjón. Þau sóttu um styrk á þinginu 1933, en fengu þá afsvar, af því að það þótti ekki ráðlegt að gefa fordæmi fyrir því að styrkja þá, sem hafa fyrir fávitum að sjá, af því að það mundi geta leitt til mikilla fjárframlaga úr ríkissjóði. En nú sýnist svo, sem þetta prinsip muni vera brotið, þó að vísu sé sett það skilyrði, að fávitarnir dvelji á hælum. En er þá ekki jafnsjálfsagt að veita þeim, sem hafa fyrir fávitum að sjá, nokkurn styrk til þess að koma þeim á hæli? Í fullkominni von um, að á þetta verði litið sem sanngirnismál, flytjum við þessa litlu fjárbeiðni — úr því að komið er út á þessa braut. Sá fávita piltur, sem hér er um að ræða, er nú 14 ára gamall, og eftir vottorði læknis og annara kunnugra manna, verður hann æ þyngri og þyngri ómagi með aldrinum. Hann er algerlega ósjálfbjarga, og verður að sjá honum fyrir öllum sköpuðum hlutum, svo að það er ekki einu sinni hægt að koma honum úr rúminu. Og eins og ég hefi áður getið um, þá vænti ég, að þetta muni þykja verðugur póstur og að þeir hv. þm., sem eru gæddir mannúð, vilji líta þannig á, að það hafi fleiri um sárt að binda og fullkomna þörf fyrir þennan styrk en þeir, sem þegar eru búnir að koma slíkum ómögum á hæli.

Ég held, að ég hafi nú minnzt á allar brtt. okkar þm. Rang., og verð ég enn að taka það fram, að ég geri mér enn von um nokkurt drenglyndi og réttsýni meðal einstakra þm. í andstæðingaflokki okkar, sem muni knýja þá til að fylgja allmörgum af brtt. okkar. Og þangað til ég rek mig á, að þm. stjórnarliðsins hafi að engu rödd sinnar eigin samvizku, þá skora ég á þá að gefa brtt. okkar atkv., ef handjárnin eru ekki algerlega samansoðin um úlnliði þeirra.

Ég býst jafnvel við að segja eitthvað fleira um brtt. okkar síðar á fundinum í nótt, sérstaklega þegar hv. frsm. síðari hluta fjárlfrv. hefir látið ljós sitt skína á þær. Því að mér þykir það hart, að þetta mun vera eina þingið, er ég hefi setið á, sem ekki hefir verið tekið neitt til greina af þeim till., er ég flyt við fjárl.

Það er ein brtt. hv. meiri hl., sem við þm. Rang. erum hlynntir það sem hún nær og ég hefi ekki minnzt á, en þó er fullkomlega vert að geta þess, sem gert hefir verið til undirbúnings þeirri till., en það er m. a., að 520 kjósendur úr Árnes- og Rangárvallasýslum hafa sent erindi til Alþingis, þar sem farið er fram á, að Ólafur Ísleifsson læknir í Þjórsártúni fái opinbera viðurkenningu fyrir hið mikla og góða starf sitt í þessum héruðum í undanfarin 40 ár, þar sem hann hefir stundað lækningar og fleiri góðverk. Hv. fjvn. hefir að nokkru leyti tekið þetta erindi til greina í till. sínum. Þessi sæmdarmaður er nú orðinn 76 ára gamall, er félítill og farinn að starfskröftum, og vildum við því fara fram á að honum yrðu veittar 1200 kr. á ári hér eftir, til viðurkenningar fyrir sitt mikla nytja- og heillastarf í báðum sýslunum, en álitum, að brtt. þess efnis myndi ekki ná samþykki. Hv. meiri hl. fjvn. hefir lagt til, að 600 kr. væru áætlaðar til þess árlega; ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi verið borið undir hv. minni hl. n. Ég get alltaf viðurkennt, að það er ágæt og sjálfsögð dyggð að spara fyrir þjóðina. En þegar ég lít á ýmsa pósta í tillögubálki hv. meiri hl. n., þá ber ég ekki mikla virðingu fyrir þeirri rausn, sem n. sýnir þessum manni, þar sem hún hefir ekki séð sér fært að ætla honum nema 600 kr. í eftirlaun árlega. Ef slíkur sparnaður hefði gengið eins og rauður þráður í gegnum alla starfsemi hv. meiri hl. n., þá var það dálitið öðru máli að gegna. En sem sagt, ég hefi ekki séð mér fært að flytja brtt. við þetta til hækkunar á liðnum, og við það verður að sitja, þó að ég sé ekki ánægður með réttsýni hv. meiri hl. n. í þessu efni. Ólafur Ísleifsson er talinn, af öllum sem til þekkja, einhver bezti og happasælasti læknir í Árnes- og Rangárvallasýslum í síðastl. 40 ár. Og t. d. þegar spánska pestin geisaði 1918, þá bar öllum saman um,

að ef þá náðist til Ólafs í tæka tíð til sjúklinga, þá var öllum borgið, sem Ólafur kom til. Og þá bjargaði hann lífi manna í fjölda mörgum tilfellum, svo hann ætti því að vera maklegur margfalt meiri viðurkenningar en þessi litla fjárveiting er.

Ég læt hér staðar numið í þetta sinn. En mér þætti gott að heyra, hverju það sætir, að Rangárvallasýsla hefir orðið svo mjög afskipt um fjárframlög til verklegra framkvæmda hjá hæstv. stjórn og hv. fjvn., sem raun hefir á orðið. Og ef hv. form. fjvn. heyrir mál mitt, þá vil ég segja honum, að ég held, að hinn góði erindreki hans í Rangárvallasýslu — Kollabæjarbóndinn, sem borið hefir á hann lofræður út af hækkun á vegavinnukaupinu, er átti að færa bændum svo miklar tekjur —, verði vonsvikinn þegar hann sér, að það eru einar 10 þús. kr. í fjárlfrv., sem öllum héraðsbúum eru ætlaðar til að vinna fyrir að vegagerð. Ætli þetta kunni ekki að leiða til þess, að það opnist augun á Kollabæjarbóndanum o. fl. framsóknarmönnum fyrir því, hverjir það eru, sem hafa leitt Framsfl. út í þetta öngþveiti. Þeir hafa haldið, að þeir ættu sjálfir leiðtoga í flokknum og ríkisstj. En nú sjá þeir, að þeir hafa verið narraðir, og að þessir svokölluðu flokksleiðtogar eru menn, sem aðeins draga þá á tálar.

**Þorsteinn Briem:** Ég skal fyrst minnast á brtt. minar á þskj. 815, VIII., við 13. gr. A. II a. 5., Suðurdalavegur. Brtt. fer fram á hækkun á till. meiri hl. fjvn. úr 4000 kr. upp í 8000 kr., og til vara 6000 kr. Um þennan veg vísa ég til orða minna við 2. umr. fjárlfrv. En síðan hefir hv. fjvn. tekið þennan veg lítilsháttar til greina, svo sem sjá má á þskj. 784. Þessi vegur hefir áður verið óskabarn a. m. k. tveggja stjórnmálaflokka, og þykir mér nú við bregða, er hann er gerður að olnbogabarni. Vegamálastjóri lagði til, að veittar væru 10 þús. kr. til þessa vegar; er það sízt of mikið, og vafalaust skorið svo við nögl sem hann hefir séð sér fært. Þessi vegur er oft ófær haust og vor, og í votviðrum á sumrum, og er því nauðsyn á, að vegagerðin verði ekki því nær stöðvuð. Þó að vegamálastjóri legði til, að veittar væru 10 þús. kr. til vegarins, þá er ekki hér farið fram á nema 8 þús. kr., og til vara 6 þús. kr. Jafnframt flyt ég brtt. á sama þskj., sem er nýr liður, um 3000 kr. framlag til Laxárdalsvegar, frá Búðardal að Borðeyri, og til vara 2000 kr. Þetta er mjög fjölfarinn vegur, ekki eingöngu af héraðsbúum beggja megin við heiðina, heldur af langferðamönnum. Og það mundi berlega koma í ljós, þegar þessi vegur yrði fullgerður, að hann yrði miklu lengur bílfær á haustin og fyrr fær á vorin heldur en vegurinn á Holtavörðuheiði.

Fáar sýslur hafa orðið eins afskiptar um fjárframlög til vega í þessu fjárlfrv. eins og Dalasýsla. Að vísu hefir hún oft verið mjög afskipt áður um framlög til vega. Skal ég bera Dalasýslu saman við þau héruð, sem sérstaklega hafa verið talin afskipt undanfarið. Ég skal þá geta þess, að í skýrslu, sem vegamálastjóri hefir gert um fjárframlög úr ríkissjóði til vega í öllum héruðum landsins fram að 1930, er talið, að til vega í Dalasýslu hafi verið varið 261 þús. kr. En þær sýslur, sem stjórnarflokkarnir telja, að hafi verið sérstaklega afskiptar, svo sem Múlasýslur, hafa þó borið meira en tvöfalt úr býtum. T. d. hefir Norður-Múlasýsla hlotið 570 þús. kr. og Suður-Múlasýsla 574 þús. kr. til sinna vega. Auk þess hafa Múlasýslur báðar notið mjög góðs hlutar af þeim lánum, sem heimilað var að taka til vegagerða s. l. tvö ár, svo að fá héruð hafa notið jafnmikils og þessar sýslur í því efni. Ennfremur má geta þess um Múlasýslur, sem taldar hafa verið svo sérstaklega afskiptar, að þær hafa nokkrar samgöngur innanhéraðs á sjó, en Dalasýsla hefir engar samgöngur innanhéraðs nema á landi. — Ég hygg því, að öllum hljóti að verða það ljóst, að af þessum héruðum, sem mest hafa verið talin fyrir borð borin undanfarið, hefir Dalasýsla verið langmest afskipt. En nú horfir þetta svo við, að í staðinn fyrir það, að legið hefði nær að bæta nokkru við till. vegamálastjóra um framlög til vega í Dalasýslu, þá hefir meiri hl. n. lækkað það meira en um helming, en í stjfrv. var þessi fjárveiting alveg þurrkuð út, þrátt fyrir það, að fjárveitingar til vega voru sumstaðar stórum auknar samkv. stjfrv., t. d. eigi minna en sjöfaldaðar til vega í S.-Múlas. Má öllum vera ljóst, hversu geysileg hlutdrægni hér er höfð í frammi, og er varla hægt að gera ráð fyrir, að nokkur stjórn geti látið sér sæma slíka framkomu. Hér er ekki farið fram á það, í till. mínum, að Dalasýslu verði sýnd full sanngirni, heldur aðeins að minni hlutdrægni verði sýnd í þessu efni en til stóð. Vænti ég, að hv. þm. líti sanngjarnlega á þetta og að einhverjir, jafnvel úr stjórnarflokkunum, séu svo réttsýnir, að þeir sjái, að það er ekki sæmilegt, að þetta hérað verði svo afskipt um framlög til vega eins og ætlazt er til í fjárlfrv.

Viðvíkjandi Laxárdalsvegi skal ég geta þess, að sýslusjóður Dalasýslu hefir áður lagt fúslega fram fé til vegarins á móti ríkissjóði, og mundi ekki á því standa í þetta sinn, ef framlag fæst úr ríkissjóði til þessa vegar.

Þá skal ég minnast á brtt. LXV. á þskj. 815, við 22. gr. I, nýr liður, um verðuppbót á útflutt kjöt af framleiðslu þessa árs, sem flutt er af okkur þremur bændafl.þm. í félagi. Við 2. umr. fjárlfrv. hefi ég bent á nauðsyn þess, að bætt verði upp verðið á því kjöti, sem ekki er selt á innlendum markaði. Og m. a. benti ég þá ennfremur á þá stórkostlegu verðlækkun á útfluttu saltkjöti og freðkjöti, sem verða mundi á þessu ári. Verðið á saltkjötinu verður að líkindum 50 au. á kg., og á freðkjötinu 60—70 au. kg., og er það miklu lægra en í fyrra, en þá var það 60—70 au. á saltkjöti og 80—85 au. kg. af freðkjöti. Upphaflega var ætlazt til, að verðjöfnunarsjóður gæti jafnað mismuninn á verði kjötsins, sem selt er á útlendum markaði, og því sem selt er innanlands. En vonir manna um getu verðjöfnunarsjóðs í því efni virðast algerlega ætla að bregðast, þannig að það er varla von á meiru en 3—5 aura uppbót á hvert kg., eins og nú stendur. Nú munu vera um 60—70 þús. kr. í verðjöfnunarsjóði, og má vera, að hann komist upp í 130—150 þús.

kr., en ekki hærra; og það svarar til 3—5 au. uppbótar á hvert kg. af útfluttu kjöti.

Þá ber þess að gæta, að þau héruð, sem selja kjöt á erlendum markaði, hafa orðið fyrir afskaplegum skakkaföllum vegna ótíðar síðastl. sumar og haust, og þar af leiðandi þurft að verja geysimiklu fé til kaupa á fóðurbæti, og standa því miklu verr að vígi þess vegna. Því var að vísu slegið fram af hv. forsrh. við 2. umr. fjárlfrv., að það mundu verða gerðar einhverjar ráðstafanir á næsta þingi til að bæta úr þessu, og er það ekki annað en óákveðin vilyrði. En hitt mundi bæta mikið lánstraust bænda til fóðurbætakaupa sinna, ef fullkomin vissa fengist fyrir því á þessu þingi, að styrkur yrði veittur úr ríkissjóði til uppbótar á kjötverðinu. Og þess vegna er þessi brtt. borin fram einnig við þessa umr. Till. fer fram á, að varið verði 150 þús. kr. af fé því, sem ætlað er á fjárl. til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, til að greiða verðuppbót á kjötinu; hún er því ekki hækkunartillaga á heildarútgjöldum fjárl., heldur aðeins tilfærsla frá útgjaldalið í 16 gr., þar sem stj. er heimiluð ½ millj. kr. til atvinnubóta. En í till. okkar er jafnframt felld niður sú kvöð, sem lögð er á hlutaðeigandi bæjarfélög, að þau sjái fyrir tvöföldu framlagi á móti atvinnubótafé úr ríkissjóði að því er þennan hluta upphæðarinnar snertir. Enda er þess ekki að vænta, að kaupstaðirnir geti útvegað þetta fé á móti ríkissjóðsframlaginu, meira en sem svarar 700 þús. kr., en gegn þeirri upphæð fá þeir ekki nema 350 þús. kr. úr ríkissjóði. Þessi ½ millj. kr. upphæð til atvinnubóta er því aðeins sýnd gæs, en ekki gefin. Jafnframt má vænta þess, að atvinnubótaþörfin verði minni á næsta ári, einkum hér í Rvík, þar sem hún hefir verið fjárfrekust. Nú er verið að undirbúa stórkostlegar framkvæmdir vegna Sogsvirkjunarinnar, sem byrjað verður á í vor og heldur áfram næsta ár. Er nú þegar búið að útvega lán til virkjunarinnar og ákveðið að framkvæma verkið, en fyrir því var engin vissa, þegar fjárlfrv. var samið síðastl. haust. Og þar sem engar líkur eru fyrir því, að kaupstaðir og kauptún geti útvegað meira fé til atvinnubóta á móti ríkissjóði en þær 700 þús. kr., sem ég nefndi áðan, og að ríkissjóður þurfi því ekki að leggja meira fram en 350 þús. kr., þá leggjum við til, að stj. fái þær 150 þús. kr., sem afgangs ættu að verða, til þess að bæta upp kjötverðið. Við flm. lítum svo á, að þessir bændur hafi ekki minni þörf fyrir atvinnubótastyrk en kaupstaðabúarnir, sízt þeir bændur, sem búnir eru að verða fyrir tvöföldum skakkaföllum á þessu ári — fóðurbætiskaupum vegna óþurrkanna í sumar og hinu geysilega verðfalli á kjötinu, sem er aðalframleiðsluvara bænda í þeim héruðum, sem ekki geta notfært sér innlendan markað.

Um LXVI. brtt. á þskj. 815 þarf ég ekki að tala, það er um styrkinn til mjólkurbúanna, hv. 1. flm. hefir mælt svo rækilega fyrir henni. — En þá er L. brtt. á sama þskj., um 300 kr. styrk til Eggerts Magnússonar í Saurbæ til að stunda dýralækningar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Það hefir þegar verið teknn hliðstæður maður inn í fjárlfrv., Guðmundur Andrésson, og hv. meiri hl. fjvn. lagði það einnig til við 2. umr., að annar maður væri tekinn upp í frv. með samskonar styrk, Halldór Jónsson. Það mun ekki standa á því, að frá sýslufélagi Dalasýslu komi jöfn upphæð á móti, og er það augljós vottur um það, að héraðið telur brýna nauðsyn á, að þessum dýralækningum sé haldið uppi og að það ber fullt traust *til þessa manns, sem að vísu er að nokkru leyti* sjálflærður, en hefir stundað dýralækningar með góðum árangri um fleiri áratugi.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 888, sem við hv. 1. þm. Skagf. erum flm. að. Það er styrkur til Ásmundar Jónssonar. Þessi maður hefir sótt til þingsins um styrk til þess að dvelja við erlend bókasöfn og kynna sér skáldbókmenntir erlendra þjóða fyrr og síðar. Hann fór utan 1932 í þessum erindum en gat ekki lokið starfi sínu vegna veikinda og varð að hverfa heim fyrr en hann hafði ætlað sér. Í það sinn fór hann án styrks af opinberu fé, en nú sækir hann um þennan styrk til að ljúka við það, sem fyrr var frá horfið.

Þá er ég flm. að till., sem er á þskj. 875, III, við 16. gr., um það, að á eftir 31. lið komi nýr liður, til Ingólfs Davíðssonar, sem mun vera að ljúka námi í grasafræði við háskólann í Kaupmannahöfn og hefir mikla löngun til þess að loknu embættisprófi í grasafræði að leggja stund á plöntusjúkdómafræði. Eins og menn vita, þá er hin mesta nauðsyn á, að landið eignist mann, sem sé fær í þessari vísindagrein, því hér á landi er mestallt órannsakað, sem rannsaka þarf í þessum efnum. Við höfum orðið fyrir miklum skakkaföllum og stórskaða af ýmsum jurtasjúkdómum, eins og t. d. kartöflusýkinni í fyrra. Og ég hygg, að ef við hefðum þá ekki notið leiðbeiningar erlends sérfræðings í þessum efnum, prófessors Ferdinandsens, þá hefðum við tæpast getað varizt sýkinni eins vel og þó varð raun á nú í ár. Þá varð mér það ljóst, hversu mikil þörf landinu væri á sérfræðingi, sem gæti snúið sér að rannsóknum í þessum efnum hér innanlands, og prófessor Ferdinandsen sagðist telja óhjákvæmilegt fyrir okkur að eiga sérfræðing á þessu sviði, ef við ættum ekki að eiga það á hættu að verða hvað eftir annað fyrir stórskaða á framleiðslu okkar fyrir þekkingarskort í þessum efnum. — Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið um þennan stúdent, þá er hann sérstaklega efnilegur í þeim fræðum, sem hann hefir lagt stund á, og hefir áhuga á því að leggja þessa vísindagrein fyrir sig. Ég vænti því, að þeir, sem búnaði unna, telji ekki eftir þessar 1 þús. kr., sem hér er farið fram á.

Þá er Alþ. það kunnugt, að við háskólann í Edinborg er íslenzkur stúdent við nám, að nafni Halldór Pálsson. Hann leggur stund á sauðfjárræktarfræði og er fyrsti Íslendingurinn, sem leggur stund á þá námsgrein. Hann hefir notið lítils háttar styrks af opinberu fé, en þetta nám hans er sérlega kostnaðarsamt, þar sem allt nám í Englandi er mjög dýrt, og er hann ekki þannig efnum búinn, að hann treysti sér til þess að halda náminu áfram, nema styrkur hans sé

riflegri heldur en venja er til með námsmenn, sem stunda nám við aðra erlenda háskóla. Ég hefi því flutt brtt. um það, að þessi styrkur til Halldórs Pálssonar verði hækkaður úr 1 þús. kr. upp í 1500 kr., en til vara 1200 kr. Ég vil vænta þess, að á þessa brtt. verði litið með sanngirni og að mönnum þyki þar ekki til of mikils mælzt fyrir landbúnaðinn.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Þó að ástæða hefði verið til að tala um nokkuð marga liði af brtt., sem fyrir liggja við fjárlfrv., þá ætla ég samt að takmarka mál mitt við aðeins örfáar þeirra. — Skal ég þá fyrst minnast á þá brtt., sem ég á einn á þskj. 815, 32. lið. Þar er farið fram á, að veittar verði 300 kr. til athugunar á skilyrðum fyrir rafveitu í Staðarfellsskóla. Það mun vera svo um flesta héraðsskóla landsins, fyrir utan þennan og annan til, að þeir hafa annaðhvort hitaveitu eða rafmagn, og sumir hvorttveggja. Það er því nauðsynlegt að gera þessum skóla eitthvað til góða, svo hann geti talizt sambærilegur við aðra skóla landsins. Ég hefi að vísu ekki verið viss um, hvað góð skilyrði fyrir rafveitu væru þarna, en mér finnst, að ekki megi láta undir höfuð leggjast að athuga það. Ég fer aðeins fram á lítinn styrk í þessu tilliti, en ég vonast til þess, að hann sé nægilegur til þess að þetta mál verði nægilega athugað, og því fremur er ástæða til þess, að þetta verði samþ., að nú á þessum fjárl. er verið að veita styrki til rafveitu til annara skóla, og þá ekki svo litla. Eins og hv. þm. mun vera kunnugt, þá er það alveg sérstakt með þennan skóla, að hann hefir aldrei notið styrks af ríkisfé. Skólinn er stofnaður og rekinn af sjóði Herdisar Benediktsen og gjafafé Magnúsar Friðrikssonar. En nú hefir svo farið, að á þennan sjóð hefir verið gengið svo undanfarið, að hann er orðinn miklu minni en hann áður var og því ekki fær til þess að leggja fram mikið fé til umbóta á skólanum, og ef ráðizt væri í rafveitu, þá mundi verða svo mikil rýrnun á sjóðnum, að hann mundi ekki lengur geta haldið skólanum uppi. Þess vegna fyndist mér skylt og sjálfsagt, að ríkið tæki að sér þann kostnað, sem af rafveitulagningu leiddi, ef til þess kæmi, og þá að sjálfsögðu byrjaði á því að greiða rannsóknina. Ég er með sjálfum mér sannfærður um það, að hv. þm., meira að segja mikill hluti af þeim, sem fylgja núv. stjórn, séu það sanngjarnir og réttsýnir, að þeir muni óhikað fylgja því, að þessi smáa upphæð verði veitt í þessu skyni í fjárl.

Þá flyt ég ásamt hv. 10. landsk. till. á sama þskj., 50. lið. Það er smáupphæð til Eggerts Magnússonar, til þess að stunda dýralækningar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, 300 kr., og til vara 200 kr. Það er um þennan mann að segja, að hann stundaði dýralækningar með Magnúsi heitnum Einarssyni hér í Rvík nær eitt ár. Þá sótti hann um styrk til Alþ. og hafði meðmæli frá kennara sínum, sýslunefnd og héraðslækni Dalasýslu og fjölda mætra manna í nágrenni sínu, og var honum þá veittur 300 kr. skilyrðislaus styrkur í fjárl. 1933. En svo hefir nú farið, að hann hefir á einhvern hátt fallið niður í fjárl. 1934. Maður þessi hefir um langt skeið stundað dýralækningar í Dalasýslu, nokkrum hluta Barðastrandarsýslu og jafnvel eitthvað í Strandasýslu, og hefir þegið lítil eða engin laun fyrir þetta starf sitt. Hann er nákvæmur við skepnur og hefir yfirleitt farizt starfið prýðilega úr hendi. Mér finnst hér vera um sanngirniskröfu að ræða, að fara nú ekki, eftir að þingið hefir viðurkennt hæfileika þessa manns, að fella hann af fjárl. og svipta hann öllum styrk. Ég vonast því til þess, að það verði litið á þessa till. okkar með sanngirni og hún samþ.

Þó ég eigi hluta af brtt., sem eru á þskj. 813, þá ætla ég samt ekki að vera langorður um þær, en aðeins minnast á þá fyrstu, sem er veikindastyrkur til Sigurðar Sigurðssonar sýslumanns, 3000 kr. Mér finnst, og ég hygg, að fleiri þm. sé þannig farið, að þeim finnist þessi styrkur sjálfsagður. Meðan sjúkrastyrksmálum er ekki komið í sæmilegt horf, þá vitum við, að erfiðar kringumstæður eru hjá mörgum, þar sem veikindi ber að höndum, og löggjöfin hefir að nokkru leyti viðurkennt þetta, með því að nú er lögákveðið, að ef hjú verði fyrir veikindum, þá sé húsbónda þess skylt að kosta veikindin um tíma, án þess að það missi nokkurs í af kaupi sínu. Mér fyndist því ótilhlýðilegt, ef hinu opinbera færist verr við þetta hjú sitt heldur en löggjöfin hefir gert almennum húsbónda að skyldu að fara með sitt hjú. Við, sem til þekkjum, vitum, að hér er um nauðsynjamál að ræða. Hlutaðeigandi sýslumaður er bláfátækur maður með 9 börn, sem mörg eru á ómagaaldri og hin er verið að kosta til nauðsynlegrar menningar. Það sjá því allir nauðsynina og skyldu hins opinbera að verða við þessari beiðni um þennan veikindastyrk, sem hér er farið fram á, enda eru fordæmi fyrir þessu, og hafa jafnvel menn í þessari stöðu fengið styrk til að leita sér lækninga, þó þeir væru betur efnum búnir heldur en þessi sýslumaður er.

Þá vildi ég minnast á till. til vegagerðar í Dalasýslu, þó að hv. 10. landsk. sé búinn að hreyfa því máli. Þegar ég las fjárlfrv. stj., kom mér á óvart, hve mikilli rangsleitni Dalasýsla hafði verið beitt í þeim efnum. Það var ekki einum eyri varið til nýrra vega í allri sýslunni, en ég verð að segja meiri hl. fjvn. það til lofs, að hann hefir þó nokkuð bætt úr þessu, þó það sé hvergi nærri til hlítar. Hv. 10. landsk. sýndi fram á það með tölum, hvað Dalasýsla hefir orðið útundan með fjárveitingar til vega á undanförnum árum, og ég ætla því ekki að fara að endurtaka það. En ef maður lítur á þetta mál frá annari hlið, þá má taka það með í reikninginn, að Dalasýsla er ein af þeim fáu sýslum, sem hafa verið alveg afskiptar um styrk til hafnarbóta á undanförnum árum. Ég tel það mjög mikið ranglæti, hvernig rutt er í sumar sýslur bæði fé til hafnar- og lendingarbóta, og eins til vega, en aðrar alveg látnar mæta afgangi. Ég álít eins og sakir standa fulla nauðsyn á því að verja meiru fé til vegagerðar en gert er víðsvegar um landið. Atvinnubótastyrkurinn hverfur allur til kaupstaðanna, en ég hefði talið nauðsynlegt að láta nokkurn hluta

ganga af honum til vegagerðar í sveitum, því eins og nú standa sakir þurfa bændurnir ekki síður atvinnubætur heldur en sumir kaupstaðarbúar. Ástandið er þannig hjá mörgum bændum, að framleiðsla þeirra rennur öll til nauðsynlegra búþarfa, vaxta og afborgana af skuldum, og svo er ekkert fé eftir til opinberra gjalda, en á þann eina hátt geta þeir unnið sér inn fé til þess að greiða þau, að þeir verji öllum þeim tíma, sem þeir mega missa frá búum sínum, til vegavinnu. Það er því ekki svo mikið tap fyrir ríkissjóð að leggja fram fé í þessu skyni, heldur en láta e. t. v. opinber gjöld standa óinnheimtanleg. Og væri vegavinnunni þannig fyrir komið, að hinir bágstaddari væru látnir sitja fyrir vinnunni, þá bætti það afkomuna þegar stórlega. Með þessu væri tvennt gert í einu: sveitin gerð byggilegri vegna bættra samgangna, og bændunum hjálpað á kreppuárunum. Ég tel þá leið vel færa, að ríkissjóður legði fram í þessu skyni nokkurn hluta og bændurnir sjálfir nokkuð, segjum frá ⅓—⅓ hluta. Ýms héruð myndu fegin sliku tilboði og vafalaust notfæra sér það að einhverju leyti. Þetta myndi greiða mikið úr erfiðleikum þeim, sem við vitum allir, að þjaka nú sveitir landsins, því að þótt svokölluð kreppuhjálp hafi komið í góðar þarfir, þá lifa bændur ekki á henni til frambúðar, og verði ekki skilyrði sköpuð til framhaldandi atvinnu í sveitunum, mun brátt sækja í sama horfið aftur.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 645, 784, frhn. 793, n. 807, 813, 815, 832, 875, 888, 894, 904, 905, 911, 912, 915, 916).

**Jón Auðunn Jónsson** [óyfirl.]: Ég þarf að bæta nokkrum orðum við þá stuttu ræðu, er ég hélt fyrst við þessa umr. Ég vænti þess, að hv. þm. afsaki, þótt ég kunni að endurtaka eitthvað, sem ég sagði þá, enda er svo langt síðan, að þeir munu varla muna það. — Það er þá í fyrsta lagi brtt., sem ég á á þskj. 815, II, um að verja til kaupa á talskeytastöðvum í skip 25 þús. kr., en til vara 20 þús. kr. Hv. þm. Vestm., hv. þm. Borgf. og ég bárum fram till. til þál. um að skora á ríkisstj. að sjá um, að jafnan væru nægar birgðir af talskeytastöðvum til leigu hjá landssímanum. Síðan hefi ég talað við landsímastjóra, og hann telur, að ef þessi till. okkar verður samþ., þá sé hér um svo mikið fé að ræða, að ekki verði hægt að fullnægja þessu. Hann segir hinsvegar, að það sé nokkuð mikil eftirspurn eftir talskeytastöðvum, en til þess að landssíminn geti keypt þessar stöðvar og leigt út, þurfi fjárveitingu í fjárl., og ef veitt yrði í þessu skyni 20—25 þús. kr., þá mundi landssíminn geta leigt út um 30 talskeytastöðvar.

Það er mikil nauðsyn að fjölga talskeytastöðvum í skipum. Það hefir sýnt sig á yfirstandandi vertíð, t. d. á Vestfjörðum, að af því að þrjú skip hafa haft talskeytastöðvar, hafa þau getað hjálpað hvert öðru, ef eitthvað hefir bilað eða orðið að. Aftur á móti hafa þau skip, sem ekki hafa haft talskeytastöðvar, orðið að hrekjast á hafi á annan sólarhring án hjálpar. Það er víst, að sjómenn þar vestra trúa því, að séu 15—20 bátar úr hverri verstöð með talskeytastöð, megi gera ráð fyrir því, að þeir geti bjargazt til lands, ef vélarbilun verður. Ég tel bráðnauðsynlegt, að þetta verði samþ. Landssíminn tekur um 120 kr. í leigu á ári fyrir hverja talskeytastöð, og er sjáanlegt, að hann biður engan halla af þessu.

Ég efa það ekki, að sumir vildu frekar kaupa þessar stöðvar en leigja, því að þær munu ekki kosta nema um 800 kr., en það vill landssíminn ekki, og eins og kunnugt er, má ekki setja upp slíkar stöðvar nema með hans leyfi.

Ég vildi vænta þess, þar sem það er æðilítið fé, sem veitt er til öryggis sjómanna og útgerðarinnar, að þessi upphæð fengi að standa. Hér er ekki um tap að ræða, því að þetta fé kemur til með að gefa fullkomna vexti.

Þá hefi ég borið fram brtt. viðvíkjandi Djúpbátsferðunum. Hv. frsm. samgmn. skýrði frá því, hvaða afstöðu fjvn. tekur í málinu og meiri hl. samgmn., sem sé að bjóða að leigja „Hermóð“ án endurgjalds næsta ár til reynslu. Í Ed. bar ég fram brtt. við frv. um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir H/f Skallagrím í Borgarnesi, sem gengu í þá átt að koma Djúpbátsferðunum í sæmilegt horf, en þær voru felldar. Því miður eru allt of margir hv. þm. ekki nógu kunnugir þessu máli til þess að geta gert því rétt skil. Samgönguvandræði eru þarna mikil og enginn vegur á landi, nema reiðvegir milli sveita, sem sumstaðar eru þó ekki heldur, eins og t. d. milli Grunnavíkurhrepps og Sléttuhrepps. Allar samgöngur verða því að fara fram á sjó. Fyrir stríð var borgað fyrir póstsamgöngurnar einar um Ísafjarðardjúp 12 þús. kr. Þau skip, sem höfð hafa verið til mannflutninga um Ísafjarðardjúp, hafa verið léleg og ekki boðleg, nema helzt eitt, gufubáturinn „Tóti“, meðan hann var. Maður, sem athugað hefir strandlengjuna þarna hringinn í kring austur á Þaralátursfjörð, hefir sagt mér, að vegalengdin samsvari vegalengdinni frá Ísafirði til Eyrarbakka. Hér er því ekki um neina smáa vegalengd að ræða, þegar þess er og gætt, að engum öðrum samgöngum er til að dreifa og allt verður að flytja á bátum.

Ég hefi átt tal við þá menn í sýslunefndinni, sem hafa þetta mál með höndum, og þeir kváðust ekki treysta sér til að taka „Hermóð“ á leigu með 20 þús. kr. tryggingu. Ég mundi hinsvegar vinna að því, að „Hermóður“ yrði tekinn á leigu, ef styrkurinn yrði hækkaður upp í 24 þús. kr., enda þótt ég sé þess viss, að hann sé ekki framtíðarskip. Það þarf að fá skip, þar sem aðbúnaður farþega er sæmilegur, því fólkið þarf að vera í skipinu 12—14 tíma, og oft á annan sólarhring. Ef ekki er sæmilegur aðbúnaður, getur því fólki verið búið heilsutjón af slíkum ferðum, enda hefir það verið svo síðustu árin, er notaðir hafa verið lélegir bátar í þessar ferðir, að fólk hefir keypt aðra báta til að fara með. En slíkt er ófært, því að með því missir Djúpbáturinn miklar tekjur. — Ég ef-

ast ekki um, að þeir, sem eru kunnugir þessu máli, greiði þessari till. atkv.

Þá hefi ég borið fram brtt. um, að framlagið til sandgræðslu hækki um tvö þús. kr., til sandgræðslu í Bolungavík. Það eru nokkur ár síðan sandgræðsla hófst í Bolungavík. Um 130 ha. voru girtir, nokkurt fé veitt til þess að bera í sandinn, og það sýndi sig, að sandfok hefti ist þar, sem vel var borið á. En vegna þess, hve kostnaðarsamt þetta var, vegna erfiðra aðstæðna, var minna af þessu gert en skyldi. Nú nýlega hefir verkalýðsfélagið í Bolungavík og einstakir menn tekið landið á leigu og unnið að þessu, en of lítið, vegna þess hve kostnaðarsamt þetta er.

Það búa nú um 800 manns í þorpinu, og hafa þeir úr sandinum nægar matjurtir og talsverðar slægjur. Ég veit fyrir víst, að það væri með því betra, sem hægt væri að gera fyrir þorpið, að styrkja það í þessu efni.

Þá hefi ég borið fram nokkrar till. um ábyrgðir. Það er þá fyrst að nefna, að ríkið taki ábyrgð á láni fyrir Eyrarhrepp til bryggjubyggingar. Það er þegar búið að leggja í þessa bryggju 57 þús. kr., en af því eru í skuld 40 þús. kr. Þessi skuld er á þremur stöðum, og frá tveimur hliðum hefir lánum verið sagt upp. Bankarnir hafa ekki viljað hjálpa, en mundu gera það, ef ríkisábyrgð væri fyrir hendi. Eftir er að byggja um ⅓ af bryggjunni, en svo miklar tekjur eru af henni nú þegar, að hún stendur undir vöxtum af þessum 40 þús. Sýslusjóður er fús á að endurtryggja lánið, ef ríkið óskar. Það er og auðvelt að útvega þetta lán annarsstaðar og með betri vaxtakjörum, en því aðeins, að ríkið gangi í ábyrgð.

Þá er það næst ábyrgð fyrir Ögurhrepp. Þegar læknissetrinu var breytt með l. frá 1933 og það sett í Ögur, þá gengu ýmsir hreppar frá að taka þátt í byggingarkostnaðinum, svo að Ögurhreppur stendur þar nú einn uppi. Upphaflega var áætlað, að byggingarkostnaður yrði 25 þús. kr., en vegna þess, að húsinu var breytt samkv. till. landlæknis og sjúkraskýlið stækkað, varð hann 29 þús. kr., og verður Ögurhreppur einn að standa undir því. Nú eru fordæmi um það, að þar sem eigi hefir orðið samkomulag milli hreppa í slíkum tilfellum, þá hefir framlag ríkissjóðs verið meira en helmingur kostnaðar. Og hefir hreppurinn orðið að hafa mikið af þessu fé á vixlum, má því nærri geta, hve erfitt það hefir verið fyrir hann að standa undir þessari skuld vegna byggingarinnar, þar sem hann eðlilega hefir orðið að greiða af henni vixilvexti. Ég hefi því leyft mér að fara fram á, að ríkissjóður ábyrgðist 15 þús. kr. lán vegna þessarar byggingar. Þar sem líka svo sérstaklega stendur á, að hinir hrepparnir hafa skorizt úr leik, þá tel ég ekki nema sanngjarnt, að ríkissjóður hlaupi undir bagga.

Loks hefi ég tekið hér upp till. um ábyrgð fyrir Ísafjarðarkaupstað, Eyrarhrepp og Hólshrepp, allt að 700 þús. kr. Á lán þetta að vera til rafveitubyggingar. Ábyrgðarheimild þessi hefir áður staðið í fjárl. en þá í tvennu lagi. Þannig var hún þá 600 þús. kr. fyrir Ísafjörð og Hólshrepp, og 180 þús. fyrir Eyrarhrepp. Er hún því 80 þús. kr. lægri nú. Áður var ætlunin, að virkjun þessi væri í tvennu lagi, en nú er það sameiginlegt álit allra þeirra, sem hér eiga hlut að máli, að virkja beri fyrir öll hreppsfélögin og bæjarfélagið í einu lagi, því að það muni verða allt að 100 þús. kr. ódýrara. Ég hefi heyrt það á ýmsum hv. þm., að þeim er ekki vel við slíkar ábyrgðir sem þessa, sérstaklega vegna mistaka þeirra, sem orðið hafa síðastl. ár með rafveiturnar á Sauðárkróki og Blönduósi. En hér er ólíku saman að jafna. Þar var varla not fyrir allt það rafmagn, sem hægt var að framleiða, en hér mundi Ísafjörður, Bolungavík og Hnífsdalur taka svo mikið rafmagn, að þó að virkjunin með nauðsynlegustu leiðslum kostaði 700 þús. kr. og rekstrarkostnaður stöðvarinnar yrði á ári 60 þús. kr., þá myndi það margborga sig, ekki aðeins fyrir hlutaðeigandi héruð, heldur og fyrir ríkissjóðinn, því að það myndi sparast erlendur gjaldeyrir, sem næmi 70—80 þús. á ári. Auk alls þess hagræðis og sparnaðar, sem slík umbót myndi hafa í för með sér fyrir alla héraðsbúa, sem nú verða að greiða ⅒ fyrir hverja kw.stund af rafmagni, sem þeir nota, sem þó engan veginn er nægilegt til ljósa, hvað þá meir. Það hefir verið reiknað út af þeim rafmagnsverkfræðingum, sem beztir eru taldir hér á landi, þeim Steingrími Jónssyni og Jakobi Gíslasyni, að enda þótt stöðin ætti að borga sig á 20 árum, þá þyrfti rafmagn til ljósa ekki að kosta yfir 75 aura kwst., rafmagn til suðu 25—30 aura og rafmagn til iðnaðar ennþá minna, og auk þess yrði mjög ódýrt rafmagn til allra nota á sumrin. Það, sem víða hefir verið orsök þess, að raforkustöðvar hafa ekki borið sig, er það, að ekki hefir verið þörf fyrir allt aflið, en hér mun ekki þurfa að óttast slíkt. Þar sem þegar eru til staðar um 4 þús. manns til þess að nota það. Hér er því ekki annað fyrir hendi en reyna að koma stöð þessari upp sem allra fyrst. Þar sem það er sýnt, eftir þeim rannsóknum, sem fyrir liggja, að hún muni borga sig tiltölulega fljótt, virðist heldur ekki vera nein ástæða til þess að vera að draga byggingu hennar umfram það, sem þegar er orðið. Þess mætti einnig vænta, að þegar hún væri tekin til starfa, þá risi upp ýmiskonar smáiðnaður í þessum byggðarlögum, þegar fengist ódýrt afl.

Í sambandi við það, sem ég hefi sagt áður um h/f Vestfjarðabátinn, þá höfum við hv. þm. V.-Ísf. einnig lagt til, að ríkissjóður taki ábyrgð á allt að 90 þús. kr. til byggingar nýs báts. Það er nefnil. talið, að hægt sé að fá byggðan bát til þess að annast ferðir fyrir Vestfjörðum fyrir ca. 90 þús. kr., sem þó þurfi ekki að greiðast nema á 10 árum. Með því að fá slíkan bát, þá er tryggt, að hægt er að reka samgöngurnar fyrir Vestfjörðum svo sæmilegt megi teljast, og jafnframt án gífurlegs taps. Ég er þess því fullviss, að ríkissjóður kemst ekki á annan hátt ódýrar út úr því að sjá Vestfjörðum fyrir sæmilegum samgöngum en með því að ganga í ábyrgð þessa.

Þegar gamla Djúpbátsfélagið hætti í fyrra, varð ríkisstj. að senda vítaskipið „Hermóð“

vestur og hafa hann þar um 2 mán. skeið til þess að annast samgöngurnar fyrir Vestfjörðum. Tapið á rekstri skipsins þennan stutta tíma varð um 7 þús. kr., þrátt fyrir það, þó að það fengi nokkurn styrk til þess að halda uppi ferðum þarna. Þessi tilraun með „Hermóð" fælir menn frá því að leigja skip til þessara ferða. Þó ber á það að líta, að annar þessara mánaða, sem „Hermóður" var þarna, var einhver sá lakasti hvað flutninga snertir, en í því efni eru ekki allir mánuðir jafnir. En þörf fyrir mannflutninga er þarna jafnan fyrir hendi.

**Magnús Torfason:** Ég skal byrja með að lýsa því yfir, að ég tek aftur brtt. mína XXI, á þskj. 815, sakir þess, að hv. meiri hl. fjvn. hefir komið með brtt. á þskj. 894, þar sem þessi till. mín er tekin upp. Fyrir þetta leyfi ég mér að tjá hv. meiri hl. þakkir. Jafnframt vil ég tjá honum þakkir fyrir það, að hafa tekið upp till. á þskj. 784, undir tölulið 56. d., um að kaupa af Landsbankanum jarðir bankans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þetta eru miklar jarðir, með mikið landflæmi, sem liggur vel við ræktun. En yfir þessum jörðum hefir legið dauð hönd undanfarið, svo þær hafa ekki notið sín. Með þessum kaupum býst ég við, að svo verði stillt til, að þorpsbúar þarna geti tekið löndin og ræktað þau, eins og þá langar til. Ég er þess fullviss, að hér er um mjög merkilega brtt. að ræða, brtt., sem þó verður merkilegri er stundir líða. Fyrir þessa brtt. vil ég því þakka hv. meiri hl. fjvn., en þó sérstaklega hv. form. fjvn., sem mun hafa átt mestan þáttinn í, að hún var tekin upp. Hann hefir í þessu tilfelli eins og mörgum öðrum sýnt það, að hann er framsýnni og viðsýnni en flestir aðrir.

Þá eru ekki fleiri brtt., sem ég hefi borið fram sjálfur, en á þskj. 815 er brtt. frá Bændafl., þess efnis, að heröa á því að mjólkurbúi Ölfusinga verði greiddur sá styrkur, sem því var heitinn með lögum frá 19. júní 1933. Um þetta þarf ég ekki að fara mörgum orðum, en vil aðeins undirstrika það nú, að með þessum lögum hefir Alþingi gefið þessu mjólkurbúi fulla von um, að því yrði greiddur ¼ hluti styrksins til viðbótar því, sem því hafði áður verið greitt. Þegar nú þing og stjórn hefir lýst því yfir, að þetta sé rétt, þá fæ ég ekki annað séð en að efna verði þetta loforð. Vænti ég því fastlega, að ekki standi lengi á því, að þetta loforð verði efnt.

Í þessu sambandi er vert að geta þess, að Mjólkurbú Ölfusinga hefir yfirleitt sætt verri meðferð en hin mjólkurbúin, og á því við nokkra örðugleika að stríða. Þannig eru lánskjör þess og vaxtakjör miklu verri en t. d. Mjólkurbús Flóamanna. Það hafa jafnvel heyrzt raddir um það, að mjólkurbú þetta gæti ekki borið sig, en það er ekki rétt. Það hefir borið sig eins vel og Mjólkurbú Flóamanna, aðeins ekki getað miðlað félögum sínum eins miklu, sem stafar af hinum þungu vaxtakjörum og erfiðu afborgunum, sem það hefir átt við að stríða umfram hitt búið, svo í raun og veru hefir það borið sig eins vel. Ég vænti nú, að Alþingi fari að binda enda á þetta mál.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Ég hefi ekki að undanförnu getað mætt á þingfundum sakir lasleika. Ég bjóst ekki við því í gær, að geta komizt hingað meðan fjárl. væru til umr., og bað því hv. 6. þm. Reykv. að tala fyrir till. þeim, sem ég flyt nú við fjárl., sem sérstaklega eru um framlög til ræktunarvegarins í Vestmannaeyjum, og um hluta af framlagi til sundlaugar, sem búið er að opna fyrir almenning austur þar. Skal ég því ekki tefja tímann með því að fara að tala aftur um þessi mál hér, því ég veit, að þessi hv. þm. hefir gert það rækilega. Kann ég honum bara þakkir fyrir drengskap hans. — Að því er snertir till. mína um framlag til sundlaugarinnar, vil ég þó aðeins geta þess, að fjölmargir þeirra hv. þm., sem sæti eiga nú á Alþingi, hafa með undirskrift sinni nú ekki alls fyrir löngu goldið þessari till. jákvæði sitt. Munurinn aðeins sá, að þá skoruðu þeir á stj. að veita 12 þús. kr. til sundlaugar þessarar, sem er um ⅓ kostnaðar, en nú er farið fram á 6 þús. kr., sem er síðari hluti þessarar upphæðar. Ég trúi því ekki öðru en allir þeir, sem í fyrra skrifuðu undir áskorun þessa, verði með till. minni nú.

Við erum þrír flm. LXVII. brtt. á þskj. 815, við 22. gr., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Að gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess, að bátaútvegsmenn hafi aðstöðu til að kaupa veiðarfæri og olíu til útgerðar sinnar með þeim kjörum, sem bezt eru fáanleg".

Eins og kunnugt er, hefir það komið fram á þessu þingi og verið upplýst rækilega, að útgerðarmenn eru ákaflega aðþrengdir og verr settir nú en áður af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að það hafa hlaðizt á þá töp vegna rekstrarhalla á undanförnum árum. Í öðru lagi af því, að fiskurinn hefir selzt treglega, og í þriðja lagi vegna þess, að þeim hefir gengið ákaflega illa að fá nauðsynjavörur til útvegsins, fyrir það verð, sem þeir mega kosta, til þess að reksturinn geti á nokkurn hátt staðizt. Okkur, sem störfuðum í mþn. í sjávarútvegsmálum, hefir verið legið á hálsi fyrir ýmislegt í sambandi við þau mál, af hæstv. stjórn og hennar liði. Það hefir verið sagt, að við höfum ekki gert neinar ráðstafanir til þess í n. eða nú á þinginu, að skuldaskilum útvegsmanna yrði haldið í horfi, eða að stofnaður yrði sjóður til útlána fyrir útvegsmenn. Það hefir verið sagt, að við höfum ekki litið á kostnaðarhlið þessara mála, og bent á fjáröflunarleiðir til úrlausnar þeim, né möguleika til þess að bætt yrði úr hinum margvíslegu þörfum útvegsmanna, til þess að þeir geti rekið atvinnu sína sem bezt. — Ég vil svara þessu þannig: Mþn. hefir lagt fram frv. um skuldaskilasjóð fyrir útvegsmenn, og frv. um fiskiveiðasjóð. Ég staðhæfi, að í þessum frv. eru verulegar umbótatill. á þeim sviðum, sem þar um ræðir. En ég vil engan veginn fullyrða, að í þessum till. felist allra meina bót fyrir þennan atvinnuveg.

Það lítur út fyrir, að andstæðingar okkar sjálfstæðismanna leggi sig fram um það, hér á

Alþingi og í stjórnarblöðunum, að gera sem allra minnst úr frumvörpum mþn., og hinsvegar að tefja framgang þeirra á allan hátt. Sjálfir hafa stjórnarliðar ekki komið með neinar bendingar eða till. á því sviði, annað en þessar hættulegu breytingar á fiskisölufyrirkomulaginu og till. um að heimila stj. að verja 1 millj. kr. til markaðsleitar fyrir sjávarafurðir. Hitt spursmálið, um að létta fyrir bátaútvegsmönnum, til þess að þeir geti fengið olíu og veiðarfæri við lægsta markaðsverði, hafa stjórnarliðar látið alveg afskiptalaust. En mþn. hafði í smíðum og hefir lagt fyrir þingið frv. um rekstrarlánafélög útvegsmanna, þannig úr garði gert, að útvegsmönnum verði sköpuð skilyrði til þess að ná þeim tilgangi með félagslegum samtökum, sem er eftirsóknarverðastur fyrir þá, en það er að geta fengið rekstrarfé til kaupa á nauðsynjavörum til útgerðarinnar með sem lægstu verði. Þetta frv. hafa meirihl.-flokkar þingsins látið sæta sömu afdrifum og önnur mál, sem frá mþn. hafa komið, og varpað því í ruslakistu þingsins. Og það, sem ber ljósastan vott um, hvað stjórnarliðið er gersamlega skeytingarlaust um þessi mál, er það, að frv., sem liggur fyrir þinginu um samvinnuútgerðarfélög bátaútvegsmanna, hafa þeir enga áherzlu lagt á, og þó hefði það vissulega getað náð þessu marki að miklu leyti.

Áður en ég lýk þessum þætti ræðu minnar um frumvörp milliþn., vil ég bæta því við, að það er óviðkunnanlegt að sjá blöð stj. hælast um yfir því, dag eftir dag, að við sjálfstæðismenn höfum nú orðið að láta í minni pokann, sem borið höfum þessi mál sjávarútvegsins fyrir brjósti. Það virðist sannarlega vera nægilegt, að það kemur fram, sem raunverulega gerist í þessum málum, þó að ekki sé verið að hælast um yfir því, að þingið hefir nú svæft í bili þessi nauðsynjamál. — Það er jafnvel hælzt um yfir því í blöðum stj., að form. Sjálfstfl. hafi greitt atkv. með dagskrártill. um að vísa til stj. frv. um skuldaskilasjóð, með skilorði um, að það verði lagt fyrir næsta þing; og er talið, að Sjálfstfl. hafi þannig gefið þetta mál upp á bátinn. Þetta er náttúrlega vísvitandi blekking, og ekkert annað. Flokkurinn hefir alls ekki gefizt upp í þessu máli. Hitt er allt annað, þó að flokkurinn geti ekki varnað því, að hann hefir verið borinn atkvæðum af meiri hl. þingsins í þessu máli.

En það skiptir ekki litlu máli, og mun koma í ljós síðar, að það er meiri hl. þingsins, með minni hl. þjóðarinnar að baki sér, sem hefir borið minni hl. þingsins, en fulltrúa meiri hl. þjóðarinnar, ofurliði í þessum þjóðheillamálum og slegið þeim á frest. Þó hefir sú viðurkenning fengizt um skuldaskilasjóðinn, að það mundi vera fært að hrinda því máli til framkvæmda, ef stj. og stuðningsflokkar hennar fengju að athuga það fyrir næsta þing. Og þetta er stór ávinningur út af fyrir sig. Ég efast ekki heldur um, að þeir, sem þá lifa, og koma til með að mæta á næsta þingi af okkar flokki, þeir muni fylgja fast fram réttlætiskröfum útvegsmanna. Alþingi hafa nú borizt áskoranir frá fjölda útvegsmanna úr ótalmörgum veiðistöðvum, um að fullnægja þeim kröfum, og þær hafa verið lesnar hér upp frá forsetastóli dag eftir dag. Og þeim linnir ekki, fyrr en þingið hefir leyst sómasamlega úr þeim kröfum og sýnt útvegsmönnum samskonar réttlæti og bændum var veitt með kreppulánalöggjöfinni. — Ég vildi nota þetta tækifæri hér við umr. um fjárl., til þess að lýsa skoðunum mínum á viðskilnaði þingsins á málum sjávarútvegsins, af því að ég hefi ekki átt þess kost síðustu dagana, sem þessi merkilegu mál hafa verið hér til meðferðar, vegna lasleika.

Þeir þingfulltrúar, sem leggja til efnið í dálka stjórnarblaðanna daglega og halda því fram, að um eftirgjöf hafi verið að ræða hjá sjálfstæðismönnum í þessum málum, þeir fara sannarlega villir vegar, ef þeir halda, að við munum slaka á kröfunum. Þegar þessu þingi er lokið og þingmenn komnir heim í kjördæmi sín, þá verða málin rædd þar og skýrð, og sjómönnum og útgerðarmönnum víðsvegar gefin tækifæri til að dæma á milli málstaðar stjórnarliða annarsvegar og okkar sjálfstæðism. hinsvegar, í þessum málum, sem þeim hefir tekizt að tefja í bili.

En hæstv. ríkisstj., sem hélt því fram í umr. um skuldaskilasjóð, að við milliþn.menn færum með hina mestu fásinnu, þegar við lögðum til, að útflutningsgjald af sjávarafurðum yrði notað til styrktar útveginum, hefir nú á sama tíma sýnt, að hún hefir opnar leiðir og möguleika, þegar hún vill, til að styrkja þennan atvinnuveg. Og á ég þar við till., sem fram hefir komið í sambandi við frv. um fiskimálanefnd o. fl., þar sem stj. er heimilað að verja 1 millj. kr. til allskonar tilrauna til breyttra fiskverkunaraðferða og markaðsleitar á næsta ári. Þetta sýnir, að stj. hefir opnar leiðir þar sem viljinn er til að hlaupa undir bagga með sjávarútveginum.

Ég skal aftur víkja að því, sem haldið hefir verið fram af hæstv. atvmrh., að það væri ekki mikið leystur vandi útgerðarmanna með frv. okkar um skuldaskilasjóð, það kæmi ekki að miklu haldi fyrir rekstur þess atvinnuvegar framvegis. Skuldaskilasjóður snertir að vísu ekki beinlínis þessa till., sem hér er til umr., en hann snertir hana þó óbeint. Og til þess að gefa hæstv. stj. tækifæri til að sýna vilja sinn í þessum efnum, höfum við þrír þm. flutt þessa brtt., sem ég áður gat um, við 22. gr., að stj. sé heimilað „að gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess, að bátaútvegsmenn hafi aðstöðu til að kaupa veiðarfæri og olíu til útgerðar sinnar með þeim kjörum, sem bezt eru fáanleg“. Hér er aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, og ég játa, að það væri æskilegra, að heimildin hefði verið í öðru formi. Það hefði mátt ganga betur frá þessu, ef þingið hefði tekið vel frv. mþn. En úr því sem komið er, þá er ekki annars kostur en að bera þetta fram í fjárl., enda þótt það sé neyðarúrræði. Hér er um að ræða beina íhlutun ríkisstj., sem stefnir að því, er hæstv. atvmrh. lét í ljós, að væri ákjósanlegast fyrir bátaútvegsmenn, til þess að þeir þyrftu ekki að stöðva atvinnurekstur sinn. Það er vitanlega einn mikilsverðasti þátturinn

í rekstri útvegsins, að bátaútvegsmenn geti fengið þessar vörur keyptar með sanngjörnu verði. Enda er það beinlínis vitað, t. d. um olíuna, að það er hægt að fá hana miklu ódýrari gegn staðgreiðslu, eða ef seljendum olíunnar er tryggð greiðslan fyrirfram, heldur en eins og nú tíðkast, þegar þeir verða að lána hana til lengri tíma og þannig, að borgunin er máske í flestum tilfellum óviss. Ég vil ekki staðhæfa það með tölum, hver verðmismunurinn gæti orðið, en þó hefi ég heyrt sagt, að það gæti munað um 6—7 au. á hverju kg. af olíu, sem verðið yrði lægra gegn staðgreiðslu heldur en í lánsverzlun. Og þegar þess er gætt, hversu mikið bátarnir nota af olíu yfir aðalvertíðina, þá er hér um stórkostlegan hagnað að ræða á þessum eina lið rekstrarkostnaðarins. — Sama er að segja um kaup á veiðarfærum; það mætti vitanlega fá þau miklu ódýrari, ef þau væru keypt í samlögum gegn staðgreiðslu, heldur en ef hver báteigandi er að bauka út af fyrir sig. Það verður að horfast í augu við ástandið í þessu efni eins og það nú er, að markaðurinn er mjög takmarkaður í þeim löndum, þar sem við seljum saltfiskinn, og hinsvegar mjög háir tollar og gjöld á þessum atvinnurekstri til hins opinbera; og með tilliti til þess er það mjög undir hælinn lagt, að vélbátaútvegurinn geti borið sig, eða verði rekinn yfirleitt, eins og nú standa sakir. Þess vegna er það mikil nauðsyn, af hálfu löggjafarvaldsins, að hlaupa hér undir bagga og heimila stj. að greiða fyrir vélbátaútveginum til bráðabirgða á næstkomandi vertíð, með því að gera útvegsmönnum kleift að afla sér þeirra nauðsynjavara, sem um ræðir í till., með kostnaðarverði.

Ég skal ekki þreyta hæstv. forseta eða hv. þingheim með lengri ræðu, en vona, að hv. þm. verði sammála um, hversu mikil nauðsyn er á umbótum í þessu efni. Og þegar litið er einnig á það, að í ræðu hæstv. atvmrh. um skuldaskilasjóð var sérstaklega bent á þetta verkefni, þá verð ég að telja það víst, að hæstv. ríkisstj. telji sér bæði ljúft og skylt að bregðast vel við þessari till. og veita vélbátaútveginum þann stuðning, sem hún getur.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að brtt. hv. þm. G.-K. við brtt. hv. fjvn. um ábyrgð ríkissjóðs fyrir útgerðarsamvinnufélag Vatnsleysustrandarhrepps, vegna áfallinna vaxta af stofnlánum félagsins. Hv. meiri hl. n. leggur til, að heimiluð verði ábyrgð á 5000 kr., en hv. þm. G.-K. leggur til, að veitt verði ábyrgð á 8000 kr. Þetta félag hefir verið að bera fram kveinstafi sína við sjútvn. Nd., og ég má fullyrða, að allir nm. hafa sannfærzt um, að ástæður félagsins séu svo slæmar og að félagsmenn séu hinsvegar búnir að fórna svo miklu persónulega til viðhalds þessum atvinnurekstri, að sjútvn. hefir fallizt á að leggja það til við hv. fjvn., að félaginu verði hjálpað svo dyggilega, að það geti a. m. k. haldið öðrum bátnum. Þetta félag var stofnað fyrir fáum árum, og því hefir gengið svo illa, að nú eru horfur á, að því verði ekki forðað, að það tapi öðrum bátnum. En það hefir dálitla von um að geta haldið hinum, ef Alþ. veitir því þann stuðning, sem farið er fram á í brtt. hv. þm. G.-K. um 8000 kr. ábyrgðarheimild, og er það þó hið allra knappasta. Ég skal taka það fram, að hv. fjvn. á ekki sök á því, að þessi upphæð var tiltekin svo lág í brtt. hennar. Það mun hafa stafað af einhverjum misskilningi hjá þeim málsvara félagsins, sem átti tal við n. og hélt í fyrstu, að upphæðin þyrfti ekki að vera hærri en 5000 kr. Ef félagið missir báða bátana, þá hafa þessir menn lítið eða ekkert við að vera, til þess að framfleyta sér. Og það ömurlegasta er, að þeir hafa algerlega offrað eignum sínum persónulega fyrir þennan félagsrekstur, og eru auk þess í ábyrgð gagnvart Útvegsbankanum fyrir 20 þús. kr. Ég held, að þessi leið sé hér farin eftir bendingu frá hæstv. atvmrh., sem þrautalending fyrir félagið, og að þetta sé gert í samráði við hann, í þeirri von, að félagið geti haldið áfram að starfa og hafi a. m. k. annan bátinn. Ég vona, að þetta verði fyrir marga hv. þm. nægileg meðmæli til þess, að þeir vilji styðja félagið til starfa framvegis. Ég verð að segja það fyrir mig og ég held sjútvnm. yfirleitt, að við munum allir játa það, að þessir menn hafa lagt sig svo í líma til þess að halda félaginu uppi, að þeir verðskuldi þennan stuðning. Og þegar hinsvegar er á það litið, hvernig útlit er fyrir atvinnu í þessu þorpi, ef bátarnir verða báðir fluttir þaðan burt, þá hefir það orkað mestu um afstöðu sjútvn. í þessu máli. Ég vildi því, að þingið gerði ekki hálft verk í þessu efni. Og úr því heimildin er til fyrir stj., þá skiptir ekki miklu máli, hvort hún nær upp í 5 þús. kr. eða 8 þús. kr., því vitanlega notar stj. það af þeirri heimild, sem nauðsynlega þarf, og annað ekki. Ég vil þess vegna mjög mæla með því, að brtt. hv. þm. G.-K. við till. fjvn. verði samþ.

Hv. 9. landsk. talaði hér um daginn um miðunarvita fyrir Vestmannaeyjar; að vísu voru það ekki fjárl., sem þá voru til umr. Hann mælti af miklum þunga og lærdómi, eins og vænta mátti, um það, að hann hefði í hinni háu fjvn. lagt sitt atkv. og sinn mikilsverða stuðning fram til þess að tryggja sjómönnum í Vestmannaeyjum miðunarvita, og það hefði hann gert fyrir bænastað þeirra. Mér þótti þessi orð nokkuð undarleg, sérstaklega fyrir það, að hv. 9. landsk. var með því að hnekkja máli, sem ég bar fram og bar giftu til þess að fá samþ., um að auka ljósmagn Stórhöfðavita, og ég veit ekki til, að nokkur vélbátaformaður í Vestmannaeyjum hafi látið þá ósk opinberlega í ljós að fá miðunarvita. Mér þætti þess vegna fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hv. 9. landsk., hvaða vélbátaformenn það eru, sem hafa sérstaklega snúið sér til hans með bænarskrá um að fá miðunarvita í Eyjarnar, því eins og vitað er, kæmi slíkur miðunarviti aðeins þeim fáu fleytum að gagni, sem hafa viss rafmagnstæki innanborðs, sem ég ekki kann að nefna, einhverskonar radiotæki til þess að taka á móti þeim rafstraumum, sem út frá miðunarvitanum ganga, en það munu vera aðeins 2 eða 3 bátar í Vestmannaeyjum, sem hafa slík tæki. Af góðum ljósvita hafa aftur á móti bæði stórir og smáir bátar fullt gagn.

**Pétur Halldórsson** (óyfirl.): Ég ætlaði fyrst og fremst áður en tækifærið til þess er liðið hjá að „gratulera“ hæstv. fjmrh. og stj. með það, að hann virðist ætla að taka við fjárl. af sínum stuðningsflokkum í þinginu, sem eru þau ógætilegustu fjárl., sem nokkurn tíma hafa verið samin á Alþ. Þetta er í sjálfu sér ákaflega mikið hamingjuóskarefni, því þetta er í samræmi við hans eigin vilja, að því er virðist, og hann virðist vera glaður yfir því að eiga að innheimta í kringum 15 millj. kr. af skattborgurunum á árinu 1935 og deila miklu af því fé út, eftir vilja stjórnarflokkanna, mjög á einn veg, nefnilega á þann veg, að það hagnýtist sem bezt til pólitísks hagnaðar fyrir stjórnarflokkana. Þetta er náttúrlega ákaflega mikið haminguóskarefni í sjálfu sér, en mér fyndist samt ekki úr vegi að gera sér um leið dálitla grein fyrir því, hvaða líkur eru til, að takast megi að framkvæma þetta, því þess hefir lítil grein verið gerð í meðferð fjárl. hér á Alþ. Það þarf ekki að minnast á það, því öllum þm. er ljóst, að það er mjög iskyggilegt útlit um afkomu þegna þjóðfélagsins á næstunni. Það mun varla hafa verið iskyggilegra fyrr í minni okkar miðaldra manna, nema árið 1923. Þá héldu margir, sem fylgdust með því, sem var að gerast, að komið væri að endalokum hins islenzka ríkisbúskapar. Og þó ekki færi illa í það skipti, þá var það vissulega ekki því að þakka, að nein stjórnarvöld á voru landi gripu í taumana, heldur hinu, að næsta ár, 1924, var með einsdæmum hagfellt. Nú sýnist mér útlitið vera nokkuð svipað og 1923, en ég held, að þó svona tækist til þá, getum við ekki haft neina von um, að eins fari nú. Ég fyrir mitt leyti hefi ekki nokkra trú á því, að við komumst yfir þessa erfiðleikatíma á sama hátt og þá. Ég held, að við verðum heldur að treysta á hitt, að þeir, sem forystuna hafa í þessu þjóðfélagi, sjái fótum þjóðfélagsins forráð, án þess að taka upp á reikning sinn nokkra möguleika umfram þá, sem telja má eðlilega og venjulega. Þegar hæstv. fjmrh. tekur með gleði við slíkum fjárl., sem nú er verið að afgr., þá er ástandið í þjóðfélaginu það, sem allir eru sammála um, að annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar er að mestu leyti ómagi á þjóðarbúskapnum, þ. e. a. s. landbúnaðurinn. Það eru nokkrir menn hér í þinginu, sem aldrei standa svo upp úr sætum sínum, að þeir lýsi ekki því átakanlega, hver þörf landbúnaðinum sé á því að fá á næstu árum ennþá fleiri millj. en hann hefir þegar fengið með þeim ráðstöfunum, sem fyrir hann voru gerðar á siðastl. ári. Ég heyri engan halda því fram, að þetta sé ofmælt, og er það sjálfsagt vegna þess, að þeir, sem til þekkja og eiga fylgi sitt í sveitum, kæra sig ekki um að ganga á móti þessu áliti, sem búið er að koma inn hjá hændum landsins, að engin von sé til þess, að þeir bjargist hjálparlaust út úr erfiðleikunum. — Um hinn aðalatvinnuveg landsmanna er það að segja, að nú liggur það í loftinu, að eitthvað svipaðar ráðstafanir þurfi að gera fyrir hann eins og gert var fyrir landbúnaðinn 1933, og það vita allir, að á síðustu árum hafa þau efni, sem bak við sjávarútveginn stóðu, gengið svo til þurrðar, að flestir útgerðarmenn eru orðnir eignalausir menn, og ef þessu heldur áfram enn um stund og ekkert er að gert, má búast við, að miklir hlutir gerist. — Samfara þessu og ein af ástæðunum til þess arna er sú, að hér innanlands er haldið uppi verðgildi gjaldeyrisins og gerðar ráðstafanir til þess á aðra hlið að varna því, að hann fái verðlag gagnvart útlöndum, sem eðlilegt væri, en á hina hliðina eru gerðar sifelldar ráðstafanir til þess að fella hann í verði innanlands. Það eru gerðar vísvitandi ráðstafanir til þess að gera mismun á verðgildi peninga innanlands og verðgildi því, sem þeir hafa gagnvart erlendri mynt, sem mestan. Það er unnið að því á ýmsan hátt með stjórnarráðstöfunum, og það virðist nú vera kappsmál stj. að gera sem mest að þessu, að halda föstu verðgildi peninganna út á við, en lækka verðgildið inn á við sem mest má vera, með því að hækka kaupgjaldið og vöruverð yfirleitt. Það er reynt að koma því inn hjá fólkinu, að því betur sé þjóðin stödd, sem peningarnir séu verðminni í landinu sjálfu. Ég get ekki sagt með vissu, hvað tekjur þjóðarbúsins eru miklar á ári hverju í þessum kr., sem hafa þetta gullverð, sem haldið er föstu með opinberum ráðstöfunum. Útflutningur landsins er um 45 millj. kr. virði. Ef maður gizkar á, að framleiðsla landsmanna, sem notuð er innanlands, sé um 15 millj. kr. virði, þá eru þjóðartekjurnar ca. 60 millj. kr. Þessi arður skiptist þannig, að þeir, sem að framleiðslunni standa, fá ekkert, a. m. k. ekkert umfram sínar daglegu þarfir, og sumir minna heldur en þeir eyða, þ. e. a. s. að þeir ganga á eignir sínar, og ekkert sparast upp af þessu framleiðsluverði á ári hverju, en á hinn bóginn er eyðslan mikil og það er ýtt undir hana með allskonar ráðstöfunum ríkisvaldsins, m. a. með því að taka í ríkissjóð til opinberra þarfa 15 millj. kr. og 5 millj. kr. til þarfa sveitar- og bæjarfélaga, m. ö. o., það er tekin ⅓ hluti af öllum þjóðartekjunum til opinberra þarfa. Þetta er ein af ráðstöfununum til þess að halda uppi óeðlilega lágu peningaverði innanlands. Og meðan þetta er gert, er ætlazt til þess, að framleiðslan geti borið sig, sem á að keppa á erlendum markaði. Hér er verið að vinna að því vísvitandi að gera það ómögulegt, að Ísland geti framleitt fyrir hinn erlenda markað. Það er að verða augljóst, að það er ekki hægt, — ekki með þeim árangri, að þeir, sem framleiðsluna stunda, hafi af því hagnað.

Enn er það eitt, sem er ákaflega iskyggilegt og áhyggjuefni í þessu sambandi og það er það, að þeir, sem fara með meirihl.valdið á þessu þingi, virðast líta svo á, að hvergi sé fé að taka í ríkissjóð nema í Rvík, og kannske eitthvað ofurlítið í öðrum kaupstöðum landsins, og er tekjuöflunarfrv. stj. vísvitandi hagað þannig, að þau snerta mest Rvíkinga. Þetta er stórhættulegt, í fyrsta lagi vegna þess, að það er ranglátt, og í öðru lagi vegna þess, að það er einmitt í kaupstöðunum og sérstaklega Rvík, þar sem þörfin er mest til þess að spara, vegna þess, að þar þarf miklu meira á „kapitali“ að halda en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu.

Og það, sem Rvíkingar spara og nota til þarfa hins vaxandi bæjar, er gagnlegt fyrir allt þjóðarbúið. En nú kemur ríkisvaldið og tekur sérstaklega af þessu fé, m. ö. o., það er herferð gegn Rvík, sem hér er hafin, og hún kemur m. a. fram á þann hátt, að dregið er úr mögleikum bæjarbúa til þess fyrst og fremst að halda sínum atvinnufyrirtækjum gangandi og í öðru lagi til þess að fylgjast með þeim opinberu framkvæmdum, sem alltaf er þörf fyrir í vaxandi bæ eins og hér. Þetta er ákaflega iskyggilegt og getur ekki gengið til lengdar, því ef Rvík verður fátæk, þá verða aðrir landsbúar tvöfalt fátækari en þeir eru við það. Og því miður, þá virðist það vera að fara svo, að Rvík sé að verða fátæk.

Ég geri ekki ráð fyrir, að stj. takist vel að framkvæma þessi fjárl. Henni er það sjálfsagt ekkert áhyggjuefni, því annars hefði hún séð um, að önnur stefna hefði verið upp tekin við samningu fjárl., og hún virðist halda, að hún sé að gera þeim, sem örðugasta eiga aðstöðuna í þjóðfélaginu, fátæklingunum, sem hún þykist vera að vinna fyrir, gagn með þessu. Ef það er meiningin, vil ég segja, að það sé fullkominn misskilningur, að þetta sé svo, því það er margbúið að sýna sig, að þegar illa er stjórnað, þá kemur það fyrst og fremst niður á þeim, sem mest eru vanmáttar í þjóðfélaginu. Það er sama þó ríkisstj. ætli að gera þeim, sem bágt eiga, gott með því, því það er augljóst mál, að ríkisstj. og ríkissjóður geta aldrei bætt það upp, ef borgararnir geta ekki yfirleitt séð fyrir sér sjálfir. Það er ekki hægt að hjálpa þeim, sem fátækari eru, með því að spilla því, að þeir, sem betur geta, haldi áfram starfrækslu fyrirtækja í þjóðfélaginu, og yfirleitt framleiðslu, sem þeir á venjulegum tímum fyrst og fremst standa að og sjá um. Ég segi þess vegna, að ég óska ríkisstj. til hamingju með þessi fjárl., og ég vildi gjarnan, að það tækist betur um framkvæmd þeirra heldur en mig grunar að takast muni. En þó að það takist vel á þessu ári, þá er það vitað fyrirfram, að það getur ekki tekizt vel til lengdar, ef þessari stefnu er haldið áfram. Stjórnarflokkarnir hafa fjandskapazt mikið yfir því, hve íhaldssöm fjármálastjórn Reykjavíkurbæjar hafi verið, og þegar þeir fá valdið til þess að taka við stjórn ríkisins, ætla þeir að sýna, hvernig eigi að stjórna fjármálalega, og byrja með því að semja svona fjárl., en þeir passa líka upp á það að afla teknanna að mestu leyti frá Rvíkingum.

Mín sannfæring er, að það komi á daginn, ef auðið verður að færa innanlandsverð krónunnar eitthvað í námunda við rétta verðið, sem er fjarlægt nú, að ekki muni lengi takast að ná í ríkissjóðinn 15 millj. króna á ári. Ef það er aftur á móti meining ríkisstj., að krónan verði verðminni innanlands með hverju ári sem líður, vegna aukinnar seðlaútgáfu, án þess að tillit sé tekið til þess, hver áhrif það hefir gagnvart öðrum löndum, þá má náttúrlega takast að innheimta enn á ný 15 millj. kr. árlega, en bara dálítið verðminni krónur.

Ég á hér aðeins tvær brtt. við þetta fjárlagafrv. og skal ekki vera langorður um þær. Önnur fer fram á, að rektor háskólans fái 1500 kr. til risnu árið 1935. Þetta er flutt hér af því, að skólastjórar menntaskólanna á Akureyri og hér hafa báðir risnufé, og þó hvílir ekki á þeim nærri því jafnmikil skylda í þessu efni og rektor háskólans. Mér skilst, að allir hv. þm. viðurkenni, að það sé hin mesta nauðsyn, að rektor háskólans komi fram fyrir hönd sinnar stofnunar með sóma, eins og raunar hefir verið. En það virðist ekki nema lítil sanngirniskrafa, að hann hafi til risnu eitthvað litilræði, sem fylgir embættinu, og a. m. k. ekki minna en hvorum þessara tveggja skólastjóra er ætlað.

Hin till. mín er um það, að Pétri Jónssyni söngvara séu greiddar 1200 kr. árið 1935. Ég hélt, að þessi upphæð hefði bara fallið niður úr fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, þar sem þessi upphæð var í síðustu fjárl. og til þess ætlazt, eftir því sem mér hefir skilizt, að sú upphæð fengi, að óbreyttum ástæðum, að standa áfram, og vænti ég, að hv. þm. séu því samþ.

**Thor Thors:** Ég þarf ekki að segja margt að sinni. Ég gerði í gærkveldi grein fyrir þeim brtt., sem ég hefi flutt við fjárlagafrv. En vegna þess, að eftir að ég hafði lokið máli mínu, barst mér í hendur ein brtt. frá hv. fjvn., um ábyrgð til rafveitu á Ísafirði og í Eyrarhreppi fyrir allt að 510 þús. kr. láni, þá sá ég ástæðu til þess að gera nokkra breyt. á þeirri ábyrgðarheimild, sem ég flyt hér á þskj. 815, um ábyrgð á láni fyrir Stykkishólmshrepp. Hv. fjvn. vill binda ábyrgðarheimildina fyrir Ísafjörð við 85% af kostnaðarverði, og til samræmis við það hefi ég flutt brtt. á þskj. 915, undir I, að við ábyrgðarheimildina fyrir Stykkishólmshrepp sé bætt þessu sama, að hún nái ekki til nema 85% kostnaðarverðs. Ég geri þetta meðfram af því, að ýmsir hv. þm., sem í sjálfu sér hafa tjáð sig hlynnta því, að þessi heimild fengist, hafa ekki talið sig geta fylgt henni sökum þess, að nú ætti að stöðva ábyrgðarheimildir til rafveitna. Þeir hafa jafnframt látið þess getið, að t. d. myndi þessi ábyrgð fyrir Ísafjörð ekki verða veitt. Nú sé ég, að hér eru orðin sinnaskipti hjá hv. meiri hl. fjvn., og ég tek það að sjálfsögðu sem fyrirboða þess, að hinir einstöku þm., sem hafa tjáð sig fylgjandi ábyrgðinni til Stykkishólms, hafi nú frjálsar hendur með að greiða henni atkv. Og til þess að þessi tvö tilfelli, sem hér er um að ræða, séu nákvæmlega eins, er þessi brtt. mín flutt. Ég vil benda á það, að ef ástæða er til þess að veita Ísafirði þá aðstöðu, sem hér er gert ráð fyrir, þá er sú ástæða ekki síður, heldur miklu fremur fyrir hendi hvað Stykkishólm snertir. Stykkishólmur hefir ekki fengið neina ábyrgð til þess að koma af stað framkvæmdum hjá sér, en Ísafjörður aftur á móti stórfelldar ábyrgðir til þess að koma upp skipastól. Á ég þar við Samvinnufélag Ísfirðinga, sem fyrst og fremst komst á laggirnar fyrir tilstyrk ríkisvaldsins. Hinsvegar hefir samvinnuútgerðin í Stykkishólmi enga slíka aðstoð fengið. Ennfremur hefir Ísafjörður fengið stórkostlega ábyrgð til hafnargerðar. Þetta sýnir, hve misskipt hefir verið gæðunum milli þessara staða. Og af þeim

ástæðum, auk allra þeirra, sem ég hefi áður tilgreint, sem gera rafveitu í Stykkishólmi ákaflega nauðsynlega, þá trúi ég því ekki fyrr en ég þreifa á því, að þetta sanngirnismál Stykkishólms nái ekki samþykki. Ég vil taka hið breytta viðhorf hv. fjvn. sem fyrirboða þess, að ábyrgðin til Stykkishólms nái fram að ganga.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég á hér á þskj. 832 nokkrar brtt. við fjárl., sem ég hefi leyft mér að bera fram. Fyrsta till., undir I, er við 12. gr., um að greiða sjúkrakostnað vegna Norðmannsins Mortons Myklebust. Hér er ekki farið fram á greiðslu til þessa manns, heldur vegna þess kostnaðar, sem hann hefir valdið hér á landi með dvöl sinni. — Maður þessi kom hingað árið 1933, þá til Raufarhafnar, og vann þar stuttan tíma, veiktist síðan skyndilega af garnaflækju og var samstundis gerður á honum holskurður af lækni. Á Raufarhöfn gat hann svo ekki verið til lengdar því að enn frekari skurð þurfti að gera á honum og þess vegna þörf fyrir alveg sérstaklega góða hjúkrun. Var hann því sendur með fyrstu ferð til Akureyrar, á sjúkrahús þar, sem veitti honum móttöku. Þessi maður var umkomulaus sjómaður, sem sjálfur gat ekkert greitt, og þeir aðilar, sem lagt höfðu í kostnað hans vegna, sneru sér því til stjórnarráðsins og reyndu að fá greiðslu í gegnum það. En nú liggur fyrir bréf atvmrh., þar sem skýrt er frá því, að greiðsla fáist ekki frá hlutaðeigendum í Noregi. M. ö. o. sjúkrahúsinu á Akureyri og lækninum á Raufarhöfn, sem tók við manninum, er vísað á það að rifast innbyrðis um það, sem kann að fást seint og síðar meir með langvarandi málaferlum. Nú vill hvorugur þessara aðila fara þá leið, en leita í þess stað til Alþ. um greiðslu þessa kostnaðar, sem alls er kr. 1875,55. Þar af reikningur sjúkrahússins „Gudmans minnis" kr. 1378,80. — Ég vil taka fram, og undirstrika í þessu sambandi, að þegar ríkisstj. hleypir svona umrenningi hér á land algerlega umkomulausum, sem við höfum engar skyldur við, og er samtímis þess alveg ómegnug að innheimta sjúkrakostnað, sem dvöl hans hefir í för með sér, þá er það skylda ríkisins að taka að sér greiðslu þessa kostnaðar. Ríkið leggur borgurum sínum þá skyldu á herðar að veita aðstoð og hjálp í svona tilfellum, hvort sem um innlenda eða erlenda menn er að ræða, en það verður naumast með sanngirni heimtað, að menn veiti slíkum umrenningum aðhlynningu nema tryggt sé, að greiddur verði sá kostnaður, sem af því hlýzt. Að öðrum kosti á ekki að hleypa slíkum mönnum á land hér, til kostnaðar og þyngsla fyrir sveitarfélög og einstaklinga. Aðaltill. mín er sú, að greiddur verði allur kostnaðurinn, sem orðið hefir vegna þessa Norðmanns, en til vara till., sem mér hefir verið falið að flytja f. h. sjúkrahússins „Gudmans minnis", að þangað verði greiddar þessar 1378,80 kr. — Ég tel fullkomlega sanngjarnt, að tekið verði tillit til kröfunnar allrar, en þó a. m. k. sjálfsagt að taka tillit til kröfunnar frá „Gudmans minni", sem væntanlega getur krafið N.-Þingeyinga um greiðslu, þar sem maðurinn leitaði fyrst hjálpar og styrks.

Þá á ég hér aðra litla till., sem ég leyfi mér að bera hér fram í nýju formi, en mælti fyrir við 2. umr. þessa máls, en hún er um styrk til sundlaugarinnar á Akureyri. Í fjárl. eru kr. 5 þús. ætlaðar til byggingar sundlauga. Nú hefi ég lagt til, að sá liður verði hækkaður upp í 13 þús. kr. og að af þessum 13 þús. fari 10 þús. kr. til sundlaugarinnar á Akureyri. Ég tók það þegar fram við 2. umr., að kostnaðurinn við þetta mannvirki er næstum orðinn 80 þús. kr., og samkv. fastri venju er það skylda ríkissjóðsins að leggja fram vissan hluta á móti. Þetta er skylda, sem ríkissjóðurinn getur ekki til lengdar skotið sér undan. — Við 2. umr. var felld till. mín um að greiða 10 þús. kr. í þessu skyni. Upphæð sú, sem ég nú fer fram á til viðbótar því, sem áður er samþ., er einar 8 þús. kr. Þar sem hún er þetta lægri en áður, er nú nær að hún verði tekin til greina og samþ.

Þá er enn ein till. þess efnis, að Hallgrími Péturssyni á Akureyri verði veittur styrkur, 40 kr. á hverja fullprentaða örk af ritinu „Annáll 19. aldar". Hér er ekki um neitt „ef" að ræða í þessu sambandi, hvort þessi maður muni skapa nokkurt andlegt verðmæti. Þetta verðmæti er orðið til, og þarf einungis fé til þess að koma því fyrir almenningssjónir. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að þetta Alþ. hefir verið mjög örlátt á persónustyrki, og það til manna, sem auðvitað geta e. t. v. framleitt verðmæti einhverntíma, þótt allt sé það í óvissu. Má þar til nefna tvo menn, Halldór Kiljan Laxness, sem hefir hvorki fengið meira né minna en 5 þús. kr. skáldstyrk, og Þórberg Þórðarson, sem hefir verið færður upp í 2500 kr. Vel getur verið, að þessir menn framleiði í framtíðinni einhver andleg verðmæti, ef menn þá geta fengið sig til að kalla klámsögur o. þ. u. l. andleg verðmæti. En „Annáll 19. aldar" er annars cðlis, og ef menn geta ekki fallizt á að samþ. þennan litla styrk, í mesta lagi 2 þús. kr., þá hygg ég, að rétt sé að athuga á næsta þingi, hvort ekki sé hægt að klípa eitthvað af persónustyrkjunum, til þess að koma þessu riti fyrir almenningssjónir.

Loks á ég brtt. við 16. gr., III á sama þskj. Þar er farið fram á 8 þús. kr. styrk til undirbúnings rannsókna vegna fyrirhugaðrar rafvirkjunar á Akureyri og í nærliggjandi sveitum. Ég bar þetta mál fram við 2. umr. fjárl., og ég vil undirstrika það nú sem þá, að 1930 var þessum styrk heitið með bréfi atvmrh. Það eru því hrein svik við Akureyringa og nærliggjandi sveitir, ef styrkurinn verður ekki greiddur. Ég fór fram á 10 þús. kr. við 2. umr., eins og lofað hafði verið. Nú hefi ég fært upphæðina niður í 8 þús. kr., í von um, að það nægi móti ⅓ annarsstaðar að, og vona ég, að Alþ. skjóti sér ekki undan því að efna loforðið, sem stjórnarráðið gaf í þessu efni.

Ég hirði ekki að fjölyrða frekar um till., þar sem ég mælti fyrir þeim við 2. umr.

**Jón Sigurðsson** [óyfirl.]: Ég á hér tvær brtt. á þskj. 905, sem mér þykir hlýða að segja um

nokkur orð. Fyrri liðurinn, sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Skagf., hljóðar um, að hækka tillagið til hafnargerðar á Sauðárkróki úr 25 þús. í 50 þús. — Ég ætla ekki að þessu sinni að hefja umr. um nauðsyn hafnargerðar á Sauðárkróki, því að hún er viðurkennd, fyrst og fremst með samþ. hafnarlaganna og svo af þessu þingi með því framlagi, 25 þús., sem til þessa eru ætlaðar. Nú er það svo, að á síðastl. sumri sendi alþekkt norskt verkfræðingafirma verkfræðing til þess að rannsaka hafnarskilyrði á staðnum. Firma þetta hefir nú sent teikningar og kostnaðaráætlun þessu viðvíkjandi, og jafnframt má á þeim skilja, að þeir séu fúsir til að taka þetta mannvirki að sér. En þá er eftir hið örðugasta, sem er að afla fjár í þessu skyni. Nú er ekki með öllu vonlaust, að firma þetta geti útvegað nokkurt fé, þótt það sé nú aðeins von, en engin vissa. En þá er það ljóst, að ef af framkvæmdum verður, sem maður vonar, samkvæmt þeim till., sem fyrir liggja, þarf að taka fyrir og byggja allmikið í einu. Bæði hinn norski verkfræðingur og starfsmenn vegamálastjóra, sem um þetta hafa fjallað, eru á einu máli um það, að ekki komi til mála að byggja fyrir lítið í einu og þá á mörgum árum. Það myndi kosta stórfé árlega að viðhalda og vernda fyrir briminu þann hluta, sem byggður yrði smátt og smátt, svo mikið fé, að alveg væri meiningarlaust að haga verkinu þannig, ef annars væri kostur, því það væri sama og kasta svo og svo miklu fé í sjóinn. Það er því mikils um vert fyrir kauptúnið, að hægt verði að taka mikið fyrir í einu. En kauptúnið er ekki þess megnugt að útvega bæði þann hluta fjárins, sem það á að leggja fram, og svo í ofanálag þurfa að útvega það, sem ríkissjóður á að leggja fram. Ef myndarlega á að taka á þessu mannvirki, nægja þessar 25 þús. kr., sem nú eru til þessa ætlaðar, ekki nokkurn skapaðan hlut. Þær eru alls ónógar. Ég geri ráð fyrir, að allir sjái, hvílíkur munur það er fyrir ríkissjóðinn að leggja fram sitt lögákveðna framlag á móti sýslu- og sveitarfélagi, og ef ekki fæst ríflegra ríkissjóðsframlag, getur það vel munað því, að Sauðárkrókskauptún treysti sér ekki að leggja út í mannvirkið. Nú vil ég láta þess getið, að þessi upphæð, 50 þús. kr., er lágmarksupphæð sú, sem hreppsnefnd Sauðárkróks óskaði eindregið eftir að lagt yrði til fyrirtækisins frá ríkissjóðs hálfu. Það eru því mjög mikil vonbrigði bæði fyrir hreppsnefnd Sauðárkróks og sýslunefndina, ef ekki fást betri undirtektir. Vegna þess að allt virðist á þessu þingi gert að flokksmáli, er rétt að geta þess, að að þessu máli standa allir flokkar í kauptúninu, og telja allir lífsskilyrði fyrir kauptúnið að hrinda þessu mikla velferðarmáli í framkvæmd. En auk þess samþ. sýslunefndin í einu hljóði í marzmán. s. l. vetur að heimila oddvitanum að gera ráðstafanir til þess að afla fjár til fyrirtækisins. Svo að það er einnig meðal héraðsbúa fullkominn áhugi fyrir þessu máli og almennt samkomulag um það, að að þessu beri að vinna.

Ég sé þá ekki ástæðu til þess að ræða frekar um þennan lið. En úr því að ég hefi staðið upp, þá vil ég minnast á hina brtt., sem er um það, að liðurinn Nýir vitar í 20. gr. Út. III orðist þannig: Til vitabygginga við Skagafjörð. Eins og kunnugt er, hefir meiri hl. fjvn. gert þær ráðstafanir á þessu fé, að fyrir það verði komið upp miðunarstöðvum bæði í Vestmannaeyjum og á Reykjanesi, og hefir fjvn. gengið þar þvert á móti till. þeirra manna, sem samkv. l. eiga að gera till. um þetta. Ég ætla ekki að fara að fjölyrða um þetta, því að hv. 1. þm. Skagf. hefir lýst þessu svo ýtarlega og greinilega, að ég hirði ekki um að endurtaka það. En ég vil aðeins benda á það, að það er lítið samræmi í því, að ríkissjóður og héraðið leggi fram allmikið fé til hafnarbyggingar við Sauðárkrók, en svo sé jafnframt fellt niður af fjárl. að byggja nauðsynlegan vita við Skagafjörð, svo að skip geti komizt að höfninni þar, og er þó viðurkennt, að Skagafjörður er nú eini fjörðurinn, sem er í algerðu myrkri, eins og n. orðaði það. Það er þess vegna fullkomin rangsleitni gagnvart Skagfirðingum og þeim sjófarendum, sem þarna fara um, — og það getur sérstaklega verið hættulegt að haustinu að fara þessa leið — að fella niður þennan lið, en taka upp annað í staðinn. Á þeim stöðum, þar sem á að byggja þessar miðunarstöðvar, eru fyrir góðir og mjög fullkomnir vitar, eftir því sem gerist hér á landi. Það væri þess vegna ólíkt meiri sanngirni í því, að reyna að bæta úr brýnni þörf í öðrum landsfjórðungum, heldur en að fara að eins og þarna er gert.

Ég ætla svo ekki að gera fleiri till. að umtalsefni hér. En ég verð þó að segja það, að það væri dálítil freisting að minnast á ýmsar till., sem hafa komið fram, en þar sem hér er orðið æðifámennt, þá hirði ég ekki um að tefja tímann með því að gera það. Ég vil þó ekki láta hjá líða að minnast örlítið á þann kafla úr ræðu hv. 5. þm. Reykv., þar sem hann vék að því, hvað landbúnaðurinn legði lítið af mörkum til ríkissjóðs, en fengi þaðan árlega stórfé á móti. Það er að vísu rétt, að tekjuskattur og fleiri gjöld í ríkissjóð eru smávaxnari úr sveitunum en kaupstöðum. En það eru fleiri hliðar á þessu máli en að líta aðeins sem snöggvast á landsreikninginn og athuga það svo ekkert frekar. Um síðustu aldamót var þetta t. d. þannig, að sveitirnar stóðu að langmestu leyti undir þeim gjöldum, sem þá hvíldu á ríkissjóði, eða landssjóði, eins og það þá var kallað. En síðan varð sú breyting á þessu, að við sjávarsíðuna risu upp nýir atvinnuvegir, og þessir nýju atvinnuvegir og þeir nýju möguleikar, sem þeim fylgdu, hafa sogað fólkið til sín úr sveitunum. Þetta hefir síðan farið æ vaxandi, eins og eðlilegt er. Og það er engan veginn, að það sé aðeins fólkið, sem sogazt hefir úr sveitunum til kaupstaðanna, því að jafnframt með fólkinu flyzt stórkostlega mikið fjármagn, og það heldur ennþá áfram að flytjast úr sveitunum í kaupstaðina. Það er engum vafa bundið, að ekki alllítið af því fjármagni, sem kaupstaðirnir hafa nú handa á milli og notað er til arðvænlegra fyrirtækja, það er beinlínis aflafé úr sveitunum, sem kaupstaðirnir hafa dregið til sín. Um þetta tjáir ekki að tala. Þetta er lögmál, sem

við verðum við að búa, og ekki verður á móti spyrnt nema að litlu leyti. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að kaupstaðirnir á þennan hátt komi til með að borga ríflega bæði tekjuskatt og ýms önnur gjöld, þegar þetta er þannig til komið, eins og ég nú hefi bent á. Ég býst við, ef t. d. þannig yrði ástatt í Reykjavík, að frá næstu áramótum færi svo, að ýmsir af beztu og duglegustu atvinnurekendunum seldu atvinnutæki sín og flyttu með efni sín burtu, t. d. til Kaupmannahafnar eða eitthvað annað, og því héldi áfram ár eftir ár, að Reykjavík færi þá einnig að setja niður. En þetta er ekki annað en það, sem sveitirnar hafa átt við að búa síðustu 20 árin, og ekki sízt nú á allra síðustu árum. Vegna þess að þessu var hreyft, vildi ég ekki láta hjá líða að benda á þetta atriði. Það mætti benda á fleiri hliðar á þessu máli, en ég hirði þó ekki um það að fara lengra út í þessa sálma, því að, eins og ég hefi áður tekið fram, þá er það varla ómaksins vert að tala yfir tómum stólunum.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það er till. frá Bændafl. um greiðslu á styrk til mjólkurbúa, sem ég vildi segja nokkur orð um áður en gengið er til atkv. — Eins og ákveðið er í l. frá 1933, er svo fyrir mælt, að greiða skuli mjólkurbúum styrk, mjólkurbúinu við Ölfusá, á Akureyri og mjólkurbúi hér í Reykjavík. Þennan styrk á að taka á þann hátt, að það á að láta Mjólkurbú Flóamanna greiða nokkuð af þeirri skuld, sem það nú stendur í við ríkissjóð, og jafna því framlagi, sem þannig fæst á hin búin til uppbótar, þannig að greidd verði sú upphæð, sem ákveðið er í l. frá 1933. Það er litið þannig á og eðlilegast að skilja l. á þann veg, að ekki sé ætlazt til, að greiddir séu peningar úr ríkissjóði til þess að bæta búunum upp þá upphæð, sem þau eiga að fá samkv. þessum l. En á þinginu 1933 var samþ., með undirskrift meiri hl. þm. úr báðum d., að ríkissjóði væri heimilt að skilja þessi l. á þann veg, að fé þetta væri greitt úr ríkissjóði, ef ekki væri hægt að koma greiðslunum í kring á þann hátt, að taka þetta fé frá Mjólkurbúi Flóamanna. Nú er farið fram á það í þessari till. frá Bændafl., að ríkisstj. sé heimilað í bráðina að greiða fé úr ríkissjóði til mjólkurbúanna, sem annars er ætlazt til, samkv. ákvæðum l. frá 1933, að tekið verði af Mjólkurbúi Flóamanna.

Ég vil í þessu sambandi aðeins taka það fram, að ég álít, að það sé óþarft að samþ. þessa till., vegna þess, að samkv. þeirri undirskrift meiri hl. þm. úr báðum d. á aukaþinginu 1933, sem ég minntist á áðan, hefir þessi heimild verið gefin fyrrv. stj., og heimildin hefir þess vegna verið til í heilt ár, og er til enn. Og ég mun líta svo á, að ef ekki verður hægt að koma þessum greiðslum í kring á þann hátt, sem aðallega er gert ráð fyrir í l. frá 1933, þá sé samkv. heimild, sem gefin var á aukaþinginu 1933, ríkisstj. heimilt að greiða peningana úr ríkissjóði. Ef þessi till. væri samþ., þá væri þess vegna aðeins verið að samþ. þá heimild, sem fyrrv. ríkisstj. hafði og notaði ekki og þessi ríkisstj. hefir og mun nota, ef ekki er hægt að koma þessum greiðslum í kring á þann hátt, sem l. frá 1933 gera ráð fyrir. Af þessum ástæðum er algerlega óþarft að samþ. heimild í þessa átt, þar sem sú heimild hefir verið til í heilt ár.

**Gunnar Thoroddsen:** Við þessa umr. fjárl. hefi ég leyft mér að flytja 3 brtt. 2 hinar fyrri eru á þskj. 815, undir XXVII, og fara fram á námsstyrki til 2 stúdenta, sem stunda nám við erlenda háskóla, en þriðja brtt. er á þskj. 875, undir II, sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Reykv., og fer hún fram á skáldastyrk til Tómasar Guðmundssonar skálds.

Fyrsta brtt. er um 1200 kr. námsstyrk til Halldórs Jónssonar, til náms í byggingarverkfræði í Stokkhólmi. Þessi ungi maður tók stúdentspróf fyrir fáum árum og hefir stundað nám um tveggja ára skeið í Stokkhólmi. Ég skal ekki fara mörgum orðum um hæfileika þessa manns, en skal þó geta þess, að ég hefi í höndum vottorð frá prófessorum háskóla þess, sem hann stundar nám við, sem bera honum hið bezta orð.

Hin brtt. mín á sama þskj. er um styrk til Ögmundar Jónssonar stúdents, til lokanáms í verkfræði við háskóla í Berlín. Ég skal geta þess, að þessi till. er flutt ásamt mér af hv. þm. V.-Ísf., en nafn hans hefir fallið burt í prentun. Þessi maður varð stúdent árið 1929, með hárri 1. einkunn. Síðan hefir hann stundað nám í Þýzkalandi, í byggingarverkfræði með vatnavirkjun og hafnargerðir sem sérgrein. Um þennan mann skal ég aðeins geta þess, að hann var, meðan hann var í menntaskóla, talinn afburða námsmaður. Og eftir þeim frásögnum, sem ég hefi fengið af honum síðan, hafa þær vonir, sem um hann voru gerðar, að fullu rætzt.

Ég tel ekki rétt að fara mörgum orðum um þessa menn persónulega, bæði vegna þess, að ég tel það tæplega viðeigandi hér við þessar umr., og í öðru lagi vegna þess, að það virðist svo, sem umr. um fjárl. hér á þessu þingi hafi helzt til lítil áhrif, og að það séu aðeins örfáir þm., sem hlýða á þær. Ég skal aðeins geta þess, að ég tel, að Alþ. eigi að sjá sóma sinn í því að styrkja — og styrkja ríflega — þá námsmenn, sem stunda nám við erlenda háskóla. Það er engum vafa undirorpið, að íslenzka þjóðin í heild sinni hefir mikið gagn og mikinn gróða af því, að Íslendingar, sem nám stunda, fari sem víðast um lönd. Og sú hefir orðið reyndin á hinum síðustu árum, að þeir hafa sótt háskóla í flestum menningarlöndum Evrópu, og jafnvel leitað til Vesturheims. Það er enginn vafi á því, að þessir ungu menn, sem dvelja nokkur ár við erlenda háskóla, munu flytja nýja menningarstrauma og nýja þekkingu og reynslu til okkar lands, og þjóð okkar verður áreiðanlega mikið gagn af því.

Það má einnig geta þess, að áður nutu íslenzkir stúdentar að mörgu leyti meiri hlunninda við erlenda háskóla en þeir njóta nú. Áður fyrr nutu íslenzkir stúdentar Garðstyrks við háskólann í Höfn, og þó að hann væri ef til vill ekki að öllu leyti nægilegur þeim til langframa, þá var hann þó það hár, miðað við kostnaðar-

mælikvarða þeirra tíma, að litlu þurfti við að bæta. En eftir að við fengum fullveldi og Garðstyrkurinn var afnuminn skipti um. Að vísu var tekinn upp nokkur styrkur í staðinn, en hann nær til miklu færri stúdenta og auk þess nemur hann tiltölulega lægri hluta af námskostnaði stúdenta en Garðstyrkurinn nam. Það er því þegar af þessari ástæðu full þörf á að reyna að bæta kjör þeirra landsmanna, sem stunda nám við erlenda háskóla. Það er öllum kunnugt, að flestir íslenzkir stúdentar, sem ráðast í að stunda nám við erlenda háskóla, koma aftur með stóra skuldabagga á bakinu.

Að því er snertir þessa tvo stúdenta, sem ég fer fram á að veittur verði námsstyrkur, vil ég geta þess sérstaklega, að það er á sviði hinna verklegu framkvæmda með þjóðinni, sem þeir mundu fyrst og fremst verða að gagni, og ég held, að það muni ekki aðeins verða styrkur til þessara manna, heldur muni það verða þjóðinni beinlínis að gagni í framtíðinni, að Alþ. leggi sinn skerf til þess að ala upp eða styrkja menn, sem síðan geta fært okkur hina fullkomnustu og nauðsynlegu þekkingu á sviði hinna verklegu framkvæmda. Um þessa tvo menn skal ég svo ekki hafa fleiri orð.

3. till. flyt ég ásamt hv. 1. þm. Reykv. Hún er um 1200 kr. styrk til Tómasar Guðmundssonar skálds. Um þennan mann þarf ég ekki að hafa mörg orð, því að hann er þegar orðinn þjóðinni kunnur. Hann hefir gefið út tvær ljóðabækur, fyrir allmörgum árum bókina „Við sundin blá“, og í fyrra kom út eftir hann önnur ljóðabók, sem heitir „Fagra veröld“. Það er um þessa síðari bók hans að segja, að ég ætla, að engin ljóðabók, sem út hefir komið eftir íslenzkt skáld á síðari árum, hafi vakið eins mikla athygli og náð jafnmikilli útbreiðslu eins og þessi bók. Mér dettur ekki í hug að fara að rekja hér þá dóma, sem um hana hafa fallið í blöðum okkar. En það er rétt að geta þess einungis, að á því ári, sem nú er liðið síðan hún kom út fyrst, hafa komið út af henni þrjár útgáfur, og er það til marks um, hversu miklar vinsældir hún hefir hlotið. Mér finnst nú sjálfsagt, að Alþ., eins og mörg fordæmi eru til fyrir í þeim fjárl., sem liggja fyrir þinginu nú, sýni þessu upprennandi skáldi okkar þá viðurkenningu, að veita honum nokkurn styrk í fjárl.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessar þrjár litlu brtt., en vona, að þær mæti velvilja hjá hv. þm.

Ég hefði nú að vísu haft löngun til þess að minnast á aðrar brtt., sem hér liggja fyrir, og ennfremur að minnast nokkrum orðum á afgreiðslu fjárl. í heild sinni og þann svip, sem á þeim er. Og ég ætla, þó að ég hafi nú ef til vill ekki mjög mikla þekkingu á því, vegna þess að þetta er mitt fyrsta þing, að svipur fjárl. hafi aldrei neitt svipað því sem hann er nú verið mótaður af flokkapólitík og hlutdrægni. En vegna þess, að ég vil ekki verða til þess, að fara að halda þessum umr. lengur fram eftir nóttinni en nauðsynlegt er, og vegna þess, að á þetta hefir verið minnzt af öðrum hv. þm., mun ég ekki fara út í það.

Að lokum vil ég einungis skora á hv. þm., að því er snertir þessar litlu brtt. minar, sem öll sanngirni mælir með, að láta ekki blint flokksfylgi binda sig við atkvgr. um þær, en fylgja því, sem þeir álíta þar sannast og réttast.

**Jón Baldvinsson:** Hv. 11. landsk. lauk ræðu sinni með því, að það væri freisting fyrir sig að ræða um fjárl., sem honum sýndust mótuð af flokkapólitík og hlutdrægni. Þetta stafar sennilega af því, að honum finnst þunglega tekið í sumar þær till., sem hann og hans flokksmenn hafa borið fram við 2. umr. um fjárl. En þess er að gæta, að flokksmenn hans hafa komið að í fjvn. þeim till. mörgum, sem þeir sérstaklega vildu koma að, og það er ekki talað um þær till., sem enginn ágreiningur hefir orðið um. Það er aðeins talað um þær till., sem ágreiningur hefir orðið um, og ég er a. m. k. svo gamall á þingi, að ég man eftir að hafa borið fram brtt. við fjárl., bæði í Nd. og Ed. og það fjöldamargar till. við allar umr. fjárl., og þær hafa fengið, þá útreið að vera allar steindrepnar. Ég man eftir því, að einu sinni var samþ. 100 kr. till., sem ég bar fram. Þeir voru þá orðnir svo blóðugir, að þetta slapp gegnum greipar á flokksmönnum hv. 11. landsk. Svo að þegar á að fara að tala um flokkapólitík og hlutdrægni, þá er hægt að rifja margt upp. Annars er það vitanlegt, að hv. 11. landsk. og hans flokkur eiga mikið í fjárl. Það mótast alltaf ákaflega mikið í fjvn. og jafnvel þó að hún klofni eins og í þetta sinn. Ég ætla annars ekki að fara að halda eldhúsræðu í sambandi við þessi fjárl., en það voru síðustu orð hv. 11. landsk., sem gáfu mér tilefni til að segja þetta.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem fyrir liggja, og m. a. þær brtt., sem hv. 11. landsk. flutti. Það er þá t. d. till. um að styrkja Halldór Jónsson stúdent, sem stundar nám í Stokkhólmi og hefir verið þar 2 síðustu árin. Það er rétt hjá hv. 11. landsk., að þetta er efnilegur maður. Það eru heldur ekki þær sömu fjárhagslegu ástæður fyrir hendi hjá þessum manni eins og þegar hann hóf nám. Þó faðir hans á þeim árum gæti stutt hann til náms, þá getur hann það sennilega ekki núna. Þeir, sem hafa sveitaverzlun, hafa náttúrlega orðið að kenna á kreppunni eins og aðrir, og þó að þeir kynnu að fá eitthvað af kreppulánasjóðsbréfum, þá ganga þau sennilega ekki til þess að nota þau til meðgjafar erlendis upp í námskostnað. Þessi piltur er vissulega þess verðugur, að hann sé styrktur, en mér finnst bara ekki rétt að taka styrkinn inn í fjárl. að þessu sinni, og þó ég mikillega vilji stuðla að því, að hann verði styrktur, þá vil ég, að það verði menntamálaráðið, sem gerir það, og ég vil stuðla að því, ef ég get haft nokkur áhrif í þá átt, að hann fái styrk þaðan. Enda er það líka tryggari stuðningur, ef hann annars kæmist þar inn. Þá ætti hann það síður undir högg að sækja að fá styrk á hverju ári. Það gengur misjafnlega vel, og ef hljóðið er þannig í þm., að strika allt slíkt út, þá getur það vel orðið, og þá verður hann að byrja á nýjan leik að reyna að afla sér þess

fjár. sem hann hefir gert sér vonir um að fá frá þinginu.

Ég verð nú að syndga gegn þingvenjum og minnast hér á mann, sem ekki liggur fyrir till. um ennþá. En einhver hv. þm. talaði um að flytja till. um styrk til Jóns Blöndals. Ég kysi heldur, að menntamálaráðið veitti þann styrk. Ástæður þessa manns eru svo örðugar, að ég skil ekki í því, að ráðið neitaði honum um slíkt. Ég skal ekki lýsa þessum ástæðum, bróðir hans er nýlátinn, og sjálfur hefir hann verið mikið veikur um langan tíma, en er nú að hjarna við, en vantar fé til þess að geta lokið námi. Ég vildi líka mælast til þess, að menntamálaráðið styrkti þennan mann, og því hefi ég ekki borið fram till. um sérstakan styrk til hans.

Þá skal ég minnast á styrkinn til sundlaugar í Vestmannaeyjum. Hv. 6. þm. Reykv. sagðist hafa eitthvert plagg upp á vasann, sem sýndi, að ég og ýmsir flokksmenn mínir hefðu verið þessari fjárveiting fylgjandi. Þetta er rétt, og ég mun reyna að stuðla að því, að þessi fjárveiting verði tekin upp í næstu fjárl., en ég sé mér ekki fært að vera með henni nú.

Að lokum vil ég fara nokkrum orðum um fyrstu brtt. á þskj. 813, frá minni hl. fjvn., um veikindastyrk til Sigurðar Sigurðssonar sýslumanns. Það er vafalaust rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði um veikindi þessa embættismanns, og eins hitt, að honum sé um megn að kljúfa þann kostnað, sem af þeim leiðir. Það hefir einu sinni áður verið veittur slíkur veikindastyrkur til sýslumanns, sem líkt stóð á fyrir. En það var gert eftir á, og upphæð styrksins miðuð við kostnað þann, sem varð af veikindum hans. Ég væri því meðmæltur, að þannig yrði þessu fyrir komið einnig hvað snertir sýslumann Skagfirðinga, Sigurð Sigurðsson. Hitt tel ég verri aðferð, að taka upp styrk eins og þann, sem hér er farið fram á, og gæti það skapað óheppilegt fordæmi. Ég mun því ekki sjá mér fært að greiða atkv. með þessari brtt., þó að hinsvegar mæli sterk rök með því, að þessi embættismaður verði styrktur.

Ég hefi svo ekki fleira að segja að þessu sinni, ég vildi minnast á þessa persónustyrki, af því að það hefir verið orðað, að ég væri riðinn við þá, og hefi ég nú gert grein fyrir afstöðu minni.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Ég á hér nokkrar brtt., og er ein þeirra allfyrirferðarmikil, svo betur mun þykja fara á því, að ég láti nokkur orð fylgja þeim. Ég ætla að byrja á þeim smærri, til þess að venja hv. þm. við röddina og röksemdafærsluna, áður en kemur að stóra stykkinu. — Á þskj. 888 er ein brtt. frá mér, Hún er um 1200 kr. námsstyrk til Valgarðs Thoroddsens, til lokanáms í rafmagnsfræði. Þetta nám er dýrt, og það hefir verið siður, að Alþ. styrkti efnalitla stúdenta, sem komnir eru að því að ljúka námi, og hjálpa þeim þannig yfir síðasta spölinn, sem oft og tíðum er sá erfiðasti. Vænti ég því, að hv. þm. sjái ekki eftir 1200 kr. til þessa efnilega námsmanns.

Þá á ég brtt. á þskj. 875. Af vangá hefir prentazt, að hún sé við 14. gr. XXII., en á að vera við 14. gr. B.XXII. Þar er farið fram á, að styrkurinn til Íþróttasambands Íslands hækki um 6 þús. kr., og verði þeim varið til undirbúnings þátttöku ísl. íþróttamanna í olympisku leikunum 1936. Allir hv. alþm. hafa hinn mesta áhuga fyrir íþróttum, ég vona fastlega, að íþróttaáhugi þeirra sé ekki aðeins bundinn við í höndfarandi kosningar í það og það skiptið. Ég vildi helzt mega trúa því, að þeir stjórnmálamenn og flokkar, sem sérstaklega taka þessi mál upp á arma sína í blöðum og á fundum, einkum um kosningar, geri það af heilum hug. Mér er það undrunarefni, að slíkur styrkur sem þessi skuli ekki hafa verið tekinn upp í fjárl. eða brtt. meiri hl. fjvn., því að mér er kunnugt um, að erindi um þetta lá fyrir hv. fjvn. Öllum er kunnugt, hve þátttaka í slíkum mótum sem þessum er mikil hvatning fyrir íþróttamenn um að komast langt í sinni grein. Ef íþróttir eiga að blómgast í landinu, verður að gefa íþróttamönnum okkar tækifæri til þess að reyna sig við erlenda íþróttamenn öðru hverju. Það er líka aðgætandi, að Íslendingar eiga íþrótt, sem þeir geta sýnt hvar sem er, og það er íslenzka glíman. En vitanlega ber að keppa að því, að íslenzkir íþróttamenn geti einnig keppt með árangri við erlenda íþróttamenn í öðrum greinum. Til þess að ná því marki, eru svona mót ágæt hvatning, íþróttamennirnir byrja mörgum árum áður að búa sig undir þau. Það mót, sem hér um ræðir, er ekki fyrr en á árinu 1936, en ekki mun íslenzkum íþróttamönnum veita af því að fara að byrja á undirbúningnum. Til þessa undirbúnings þarf talsvert fé, ef góður árangur á að nást, það þarf að kosta góða æfingakennara og vera stöðugt að. — Og það er ekki svo sem Í. S. Í. sæki um styrk til þess að senda menn á hverja ólympíuleika. Þeir síðustu voru haldnir í Los Angeles, og þá var ekki viðlit að sækja kostnaðarins vegna. Nú verða þeir aftur á móti í nálægu landi, Þýzkalandi, og þangað er ferðakostnaður ekki mikill. Yfirleitt yrði kostnaðurinn við að sækja þessa leika miklu minni en hann er venjulega. Þátttaka í leikum þessum varðar ekki bara íþróttamenn, heldur líka alla þjóðarheildina. Þetta er bezta auglýsing, sem land og þjóð getur fengið. Annars finn ég vanmátt minn til að mæla með þessari till. eins og hún ætti skilið, hér eru margir í d., sem miklu betur væru til þess fallnir en ég, en þar sem enginn þeirra hefir orðið við þessari beiðni Í. S. Í., þá hefi ég ekki viljað skorast undan því að gera það.

Á þskj. 916 er brtt. frá mér um 3500 kr. styrk til Eggerts Stefánssonar söngvara, til að kynna íslenzka sönglist erlendis. Umsókn á þessa leið hefir legið fyrir hæstv. stj. og hv. fjvn., en ekki verið sinnt. Það mun óhætt að segja, að enginn einn maður, að einum þó undanskildum, hafi gert eins mikið að því að kynna íslenzka sönglist erlendis og Eggert Stefánsson. Tilraunum hans í þá átt hefir víða verið vel tekið. Þessi starfsemi er í fyllsta máta góðra gjalda verð, að kynna erlendis íslenzku þjóðina og menningu hennar. Ég held líka, að þessi till. muni eiga allmikið fylgi í þinginu, aðeins hefir mér heyrzt á sumum hv. þm., að þeim þætti upphæðin of

mikil. Ég tók þá upphæð í brtt., sem umsóknin fór fram á, en ég er að hugsa um að koma með varatill. um lægri upphæð, ef meiri líkindi væru til, að hún næði samþykki.

Í brtt. minni á þskj. 815, nr. 39, legg ég til, að styrkurinn til Leikfélags Reykjavíkur hækki úr 4000 kr. upp í 6000 kr. Leikfélagið er látið greiða skemmtanaskatt af sýningum, en svo er meiningin að verja honum til þess að koma upp fullkomnu leikhúsi. Vitanlegt er, að starfsemi Leikfél. Rvíkur verður að vera grundvöllurinn undir starfið í þjóðleikhúsinu. Mér virðist vera mótsögn í þessu, að iþyngja leikstarfseminni nú með skemmtanaskatti í því augnamiði að styrkja leikstarfsemina í framtíðinni. Ef þessu er haldið áfram, má vel vera, að svo fari, að leikstarfsemi leggist hér niður um tíma, og svo verði að byrja að nýju, þegar þjóðleikhúsið er komið upp. Til þess að fyrirbyggja það væri réttast að létta skemmtanaskattinum alveg af Leikfélaginu, um það hafa verið bornar fram till., en ekki fengizt samþ. En fyrst það næst ekki, vildi ég, að Leikfél. væri bættur sá missir að nokkru. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að skemmtanaskattur sá, sem Leikfél. hefir greitt á undanförnu ári, er rúmlega helmingi meiri upphæð en sú, sem ég fer fram á í hækkun á styrk til félagsins. Eins og styrkurinn er nú áætlaður, er hann tæplega endurgreiðsla á skemmtanaskattinum, og má því heita, að félagið starfi styrklaust. Ég vona því, að hv. þm. sjái sanngirnina í þessari litlu hækkun.

Þá kem ég að brtt. minni við 16. gr. Stjórnarflokkarnir hafa gert sér mikinn mat úr þessari till. minni í blöðum sínum, en þar er farið fram á, að atvinnubótafé hækki um hálfa milljón, og alls verði veitt í því skyni 1 millj. kr. Þessa brtt. flyt ég fyrst og fremst af því, að það er álit mitt, að atvinnubæturnar eigi algerlega að vera kostaðar af ríkissjóði. Atvinnubæturnar eru alþjóðarnauðsyn, en ekki sérmál einstakra bæjarfélaga. Eins og öllum er kunnugt, er það algengt, að atvinnuleysingjarnir þyrpist í bæina. Þeir koma t. d. til Rvíkur alstaðar að af landinu, og krefjast þess, að bærinn sjái þeim fyrir atvinnubótum. En það getur ekki talizt skylda bæjarfélaganna að taka þetta fólk upp á arma sína, heldur fyrst og fremst ríkissjóðsins. Þetta ætti nú að vera auðsótt mál, þar sem að völdum situr stjórn, er nefnir sig„ stjórn hinna vinnandi stétta". Hún hefir ákveðið þetta framlag lítið eitt hærra en það var í fjárl. ársins 1934, 500 þús. í stað 300 þús. Og þessari fjárveitingu fylgir það skilorð, að á móti komi tvöföld upphæð frá bæjar- og sveitarfélögunum. Ég lít svo á, að eins og þessu er hagað í frv., séu miklar líkur til, að þessi fjárveiting verði með öllu gagnslaus fyrir sveitar- og bæjarfélög. Ég þori nærri því að staðhæfa, að þeim muni verða ókleift að afla fjár til að leggja fram að sínum hluta, og ég segi þetta ekki út í bláinn, því að ég hefi reynslu fyrir því, hvernig þetta hefir gengið fyrir Rvíkurbæ, og ef þar eru örðugleikar á að fullnægja þessu skilyrði, þykir mér sýnt, að þeir örðugleikar verði margfaldir fyrir bæi og sveitir utan Rvíkur. Því fer ég fram á, að þessu sé breytt þannig, að ríkissjóður leggi fram eina millj. til atvinnubóta, og sé það framlag skilyrðislaust. Ef til vill verður því hreyft, að hér sé farið fram á að minnka framlagið í heild um ⅓, þar sem á móti framlagi ríkisins áttu að koma ⅔ frá bæjar- og sveitarfélögum, eða alls 1½ millj. En ég geri ráð fyrir, að þó að þessu skilyrði sé sleppt, muni sveitar- og bæjarfélög eftir sem áður leggja fram af sinni hálfu a. m. k. þann ⅓, sem gert er ráð fyrir að afla með niðurjöfnun útsvara. En til vara hefi ég lagt til, að aths. sé breytt þannig, að í staðinn fyrir tvöfalt framlag úr bæjar- og sveitarsjóðum komi helmings framlag, svo að till. tryggir í öllu falli, að framlagið verði eins mikið og gert er ráð fyrir í frv. En hún tryggir jafnframt, að framlag ríkissjóðsins geti komið að notum, því að samkv. frv. er það alveg ótryggt. Það mun sannast, að það reynist ókleift fyrir bæjar- og sveitarfélög að leggja fram tvöfalda fjárhæð á móti ríkissjóði, og er því viðbúið, að framkvæmd á atvinnubótavinnu falli að meira eða minna leyti niður, ef við þetta er haldið, en stj. á ekki annars kost en að halda við ákvæði fjárl. um þetta og hefir ekki heimild til að veita neitt fé í þessu skyni nema þau skilyrði séu uppfyllt. Nú verður kannske spurt, með hvaða hætti eigi að sjá ríkinu fyrir tekjum, sem þessu svara. Ef þetta hefði verið fyrr á ferð og fjárl. ekki tafin með óeðlilegum hætti, hefði mátt taka tillit til þessa við afgreiðslu tekjulagafrumvarpa. T. d. hygg ég, að fátækum almenningi hefði komið betur að hafa áfram toll á kaffi og sykri og fá í þess stað tryggingu fyrir úthlutun þessa atvinnubótastyrks. Einnig staðhæfi ég, að þessi atvinnubótastyrkur hefði komið almenningi að meira haldi en þær fjárhæðir, sem veittar eru til verkamannabústaða og til byggingar- og landnámssjóðs. Ennfremur þori ég að staðhæfa, að auknar tekjur af áfengissölu muni nægja til að standa straum af þessum kostnaði. Ég staðhæfi því, að hér er aðeins um það að ræða, hvort hv. þm. vilja eða vilja ekki veita þessa upphæð. Ef þeir vilja samþ. þessa breyt. og gera það, þá er ég viss um, að þessi fjárveiting kemur að gagni á þann hátt, sem látið er heita, að hún sé veitt til, en ef menn vilja binda þetta við 500 þús. og heimta tvöfalt framlag á móti, þá vilja menn í raun og veru ekki veita það, sem látið er sýnast í frv., að veita eigi í þessu augnamiði. Þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir þessari fjárveitingu, verður áreiðanlega ekki fullnægt.

Ég á brtt. á þessu sama þskj., merkta LIV, um að hækka framlag til stórstúkunnar úr 15 þús. kr. upp í 20 þús. kr. Fyrir fjvn. hefir legið erindi frá stórstúkunni, þar sem farið er fram á nokkra hækkun á fjárveitingu til hennar. Í því erindi er gerð grein fyrir, hvernig forráðamenn hennar hugsa sér að verja þessu framlagi. Öllum mun vera það ljóst, að hafi nokkurntíma verið þörf á starfi templara hér, þá verður sú þörf margföld eftir að áfengislögin koma í gildi. Ef þingmenn vilja ekki ganga alveg blindandi út í þá framtíð, sem fyrir höndum er í þessu efni, hygg ég ráðlegra að skera ekki mjög við neglur styrk til bindindisstarfsemi í landinu.

Forráðamenn stórst. gera ráð fyrir að verja þessu framlagi á þann veg, að kosta tvo bindindisboðara til að ferðast um landið og hvetja menn til bindindissemi. Eins og kunnugt er, hafa templarar haft aðeins einn mann við þetta starf undanfarið. Hann hefir haft starfið í hjáverkum og fengið lítil laun fyrir, og er óhjákvæmilegt að kosta meiru fé til þessa, ef það á að halda áfram. Ég vil minna á, af því að það hefir oft heyrzt, að bindindisstarfsemin lifði á framlagi ríkissjóðs, að templarar hafa í bréfi til þingsins gert grein fyrir því, að þeir hafa sjálfir lagt fram til þessara hluta, en það eru samtals 256 þús. kr. Á sama tíma hafa þeir fengið úr ríkissjóði 120 þús., eða tæplega ⅓ á við það, sem þeir hafa sjálfir lagt fram til þessa starfs. En þar með er ekki allt talið. Þeir hafa lagt fram geysimikið fé til starfrækslu stúknanna, og mun það nema 600 þús. kr. allan tímann, svo að þó að ríkissjóður hafi lagt fram riflegar fjárhæðir á síðari árum, þá er það hverfandi á móts við það, sem templarar hafa sjálfir lagt fram til þessarar starfsemi sinnar. Ég mun ekki þurfa að gera frekari grein fyrir því, að þessi starfsemi sé fyllilega verð stuðnings, en það er kunnugt, að hún hefir talsvert lamazt á síðari árum, meðlimum hefir fækkað og bindindisáhuga farið hnignandi, en því fremur virðist nú ástæða til að rétta hjálparhönd. Þessi hnignun stafar af ýmsu, þ. á m. aldarandanum. En nú, þegar þjóðin á að lifa undir nýju fyrirkomulagi áfengislaga, má þessari starfsemi ekki fara hnignandi, heldur verður að vekja nýjan og vaxandi áhuga, svo að hægt sé að starfa með meira krafti en undanfarið. Ein af þeim ástæðum, sem valdið hafa þessari hnignun, einkum hér í Reykjavík, stendur í sambandi við húsnæðismál templara, og á Alþingi sjálft sök á því að allmiklu leyti. Það hefir atvikazt svo ólánlega, að templarar hafa ekki þau umráð yfir húsi sínu, að þeir geti gert það viðunandi, en sú kvöð, sem á eigninni hvílir, stendur í sambandi við Alþingi og er öllum hv. þm. kunn. Templarar eiga hér mjög örðuga aðstöðu, þar sem öll önnur samkomuhús bæjarins eru miklu fullkomnari. Hér er nú fram komin till. í sambandi við fjárl. um að bæta úr þessu með því að greiða templurum fé í skaðabætur fyrir þá kvöð, sem lögð hefir verið á eignina. En það fé er ekki ætlað til starfseminnar næstu ár. Þeir verða því að búa við sömu húsakynni fyrst um sinn og þurfa því meiri styrk til starfseminnar en ella. — Ég get nú látið útrætt um þetta. Ég geri ráð fyrir, að aðalflm. till. um greiðslu úr ríkissjóði til reglunnar vegna þessa húsnæðismáls geri grein fyrir henni, ef hann er ekki þegar búinn að því.

Á sama þskj., LIX. lið, á ég till. um smáupphæð í eftirlaun til Vilborgar Sigurðardóttur ljósmóður. Hún hefir gegnt ljósmóðurstörfum í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu um 25 ára skeið, en er nú flutt hingað og er þurfandi fyrir þessi eftirlaun. Það hefir verið talið rétt undanfarið að veita ljósmæðrum slík eftirlaun, og vænti ég, að líkt verði litið á þörf þessarar konu og annara starfssystra hennar.

Ég hafði ætlað að minnast á ýms fleiri atriði í sambandi við fjárlfrv., en ég skal ekki þreyta hv. þm. með lengri ræðu að sinni.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég á hér nokkrar brtt., og skal ég gera stutta grein fyrir þeim, meira fyrir siðasakir en að ég búist við, að það hafi mikil áhrif á hv. þm. Brtt. þessar eru allar á þskj. 815. Fyrst er að nefna V. lið, 1500 kr. styrk til Kristjáns Grímssonar læknis. Þessi læknir hefir farið utan til að fullnuma sig í skurðlækningum, og það eru fordæmi fyrir því, að Alþingi hafi hlaupið undir bagga með efnalitlum mönnum, sem hafa verið að ljúka slíku sérfræðinámi. Ég talaði fyrir slíkum styrk í fyrra, til annars læknis, sem eins stóð á um. Hann er nú kominn heim og þykir mjög vænlegur til gagns. Ég þekki þennan mann ekki neitt persónulega, en kunnugir menn hafa sagt mér, að hann væri líklegur til að verða fær læknir á sínu sviði. Umsókn þessa manns fylgja vottorð frá yfirlæknum við tvo spítala í Danmörku, þar sem hann hefir dvalið við nám. Fel ég þessa till. velvild hv. Alþ.

Næst er brtt., merkt XXII. Hún er um það, að veita 6000 kr. til þess að lög um utanfararstyrk til presta geti komið til framkvæmda. Á Alþingi 1931 voru sett lög um utanfararstyrk til presta, og er þar ákveðið, að prestur, sem gegnt hefir embætti vissan tíma, geti fengið styrk til utanfarar með ákveðnum skilyrðum. Þetta hefir ekki verið framkvæmt, og finnst mér óviðkunnanlegt, að þetta sé lengur dauður bókstafur, úr því að lögin eru til staðar. Alþingi ætti að sýna þann manndóm að taka afleiðingunum af þessum gerðum sínum og skorast ekki undan að veita fé til framkvæmda þessara laga.

Þá er XXVIII. brtt. um það, að veita Verzlunarskóla Íslands 10 þús. kr. styrk. Ég vil benda á, að það er óviðkunnanlegt, hvernig þessi liður er orðaður í fjárlfrv. Þar er komizt svo að orði, að þessi fjárhæð skuli veitt til kaupmannafélagsins og vezlunarmannafélagsins í Rvík til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstj. Ég veit ekki, hvort þessi félög eru til, en það eru a. m. k. mörg ár síðan þau hættu að hafa afskipti af skólanum. Verzlunarráðið mun hafa annazt skólann um skeið, en nú er hann sjálfseignarstofnun, sem nokkur kaupmannafélög standa að auk verzlunarráðsins. Mér finnst hálfóviðkunnanlegt, að ekki skuli vera betur fylgzt með en þetta, því að í raun og veru er þessi styrkur eftir orðalaginu veittur skóla, sem ekki er til. En það er um þennan skóla að segja, að hann hefir tekið feykilegum stakkaskiptum, og ég hygg, að hann sé nú jafnvel stærsti skóli landsins. Í umsókn skólans er getið um starfsemi og framfarir hans á síðustu árum, og ætla ég ekki að lengja mál mitt um of með því að taka það upp. En ég vil þó aðeins benda á nokkur atriði. Á 2 árum hefir nemendatalan tvöfaldazt, úr 140 í 280, og veit ég ekki, hvort nokkur skóli er nú fjölmennari; e. t. v. er iðnskólinn það, ef kvöldskólinn er reiknaður með. En sé miðað við kennslustundir, er verzlunarskólinn vafalaust stærstur. Þá hefir námstiminn verið lengdur úr 2 árum í 5. Af því eru 3 árin fullkominn náms-

tími, og auk þess eins vetrar undirbúningsdeild, og eftir að prófi er lokið við skólann hefir verið gefinn kostur á sérnámi í ýmsum greinum, svo sem bókfærslu eða málum, t. d. spönsku eða ítölsku, auk aðalmálanna, ensku, frönsku og þýzku. Það er því úr nægu að velja, enda hafa nemendur verið margir. Sá, sem tekur allan skólann, hefir því stundað þar nám í 5 ár. Deildum skólans hefir fjölgað úr 2 í 11, og nú í vetur með öllum aukadeildum 18. Námsgreinar voru lengi 6, en eru nú 16. Kennurum hefir fjölgað úr 7 upp í 30, og mætti þannig halda áfram. Þá er það eftirtektarvert, hvað nemendur eru komnir víða að. Sennilega munu flestir álíta, að mestur hluti þeirra sé úr Rvík, en svo er ekki, t. d. 1931 voru flestir utanbæjar, en ef tekið er yfirlit yfir lengri tíma, get ég hugsað, að áhöld séu um, hvort fleiri eru úr Rvík eða utanbæjar.

Það hefir verið gert skemmtilegt yfirlit um, úr hvaða stéttum þeir eru, sem sækja skólann. Af þeim, sem sóttu skólann 1933, voru t. d. 60 úr kaupsýslustétt, 30 útgerðarst. o. s. frv. Lýsir þetta, eins og eðlilegt er, að flestir nemendurnir eru úr kaupsýslustétt, þó margir séu úr ýmsum öðrum stéttum.

Þessi skóli hefir því verið rekinn með mikilli hagsýni, á þann hátt, að hann hefir verið ódýr, en þó dregið að sér færustu kennara, sem völ hefir verið á. Þegar hugsað er um það, að hér er skóli, sem veitir 5 ára kennslu og hefir 280 nemendur, er alveg ótrúlegt, hvað kostnaðurinn hefir verið lítill, og hvað ríkisstyrkurinn er lítill, einar 5000 kr., og hefir á fáum árum lækkað um 1000 kr. jafnhliða því, sem skólinn hefir stækkað. Fyrst var styrkurinn 6000 kr., svo var hann færður niður í 5500 kr. og nú í 5000 kr. Þessi skóli er ekki sambærilegur við hinn skólann, sem starfar á hliðstæðum grundvelli og nýtur jafnmikils styrks frá ríkinu, en er þó ekki nema lítið brot á móti þessum. Þar fyrir getur hann verið góður. En það nær engri átt, að þessir skólar hafi jafnan styrk, þegar annar hefir 30—40 nemendur, en hinn 280.

Ég álít, að eðlilegast væri að veita ákveðinn styrk fyrir vissa tölu nemenda, er hækkaði svo hlutfallslega eftir kennslustundafjölda.

Þá er 41. brtt. á sama þskj., um að veita Karlakór Reykjavíkur 5000 kr. styrk til utanfarar, eða öllu heldur ábyrgð, því ekki er ætlazt til, að þetta verði greitt, ef ferðin ber sig fjárhagslega. Ég býst við, að hv. þm. hafi kynnt sér bréf, sem fylgdi umsókn kórsins, þar sem bent er á sem eina ástæðu fyrir því, að það leitar til þingsins, að fyrir nokkrum árum var Karlakór K. F. U. M. veittur 8000 kr. styrkur til utanfarar.

Karlakór Reykjavíkur hugsaði sér fyrst að fara til Englands, og var komið þar í samband við hljómlistarstjóra, búið að senda plötur með ýmsum lögum o. fl. til undirbúnings. Það varð þó úr, að fara ekki á svo ókunn mið strax, heldur reyna sig fyrst í nágrannalöndunum. Það vildi líka svo vel til, að Norræna sambandið tók að sér að undirbúa og sjá um förina ytra. Ef 40 menn verða í förinni og ferðazt verður um Danmörku, Noreg og Svíþjóð, er ekki hægt að gera ráð fyrir, að kostnaðurinn verði minni en 1500 kr. á mann, eða um 60 þús. kr. alls, og er það í mikið ráðizt fyrir efnalitla menn, sem auk þess hafa orðið að leggja mikið á sig til þess að fullnuma sig undir ferðina. Það verður því að teljast ákaflega prúðmannlega í sakir farið, að fara fram á 5000 kr. styrk, og það því aðeins, að halli verði á ferðinni; m. ö. o., að þeim verði bættur halli með allt að 5 þús. kr.

Ég verð að segja, að ég er hálfundrandi yfir, að fjvn. skyldi ekki sjá sér fært að mæla með þessum styrk, þegar áður hafa verið veittar í sama tilgangi 8000 kr. Ég vil benda n. á, hvort hún hafi ekki tekið upp eitt og annað, sem síður skyldi en þó hún samþ. þessa brtt. Ég held, að margt af því mætti fremur niður falla, og vona, að þessi sanngjarna ósk finni náð hjá nægilega mörgum hv. þm., því ég hygg málið vel sett að því leyti, að því verði ekki blandað inn í pólitík, því að því munu standa menn úr öllum flokkum. Mér dettur í hug í þessu sambandi, að ég hefi heyrt frá einum eða tveimur nm., að það standi til, að ég eigi að verða með sem fararstjóri. Býst ég við, að sú tilgáta sé fram komin út frá því, að ég fór einu sinni áður með til Akureyrar. Ef einhverjum skyldi nú detta í hug að láta málið gjalda þess, að svo vondur maður yrði með og nyti e. t. v. einhvers af þessu, get ég friðað samvizku hans með því, að þó þetta hafi verið nefnt við mig, er ég svo bundinn um þetta leyti árs, að ég býst ekki við að geta orðið við þeim tilmælum.

Ég held, að reynslan hafi sýnt, að áður, þegar farið hefir verið fram á styrk til íþróttamanna, t. d. til að sækja Olympíuleikana, þá hafi menn verið sammála um, að ekki mætti slá frá sér svo góðu tækifæri til þess að auglýsa landið. En ég hygg, að söngflokkarnir eigi ekki síður gott skilið og hafi ekki síður haldið uppi hróðri landsins, bæði Karlakór K. F. U. M. og blandaði kórinn, sem fór á Norðurlandasöngmótið, því söngur þeirra þótti framúrskarandi hreimfagur. Ég held, að við getum þarna á mjög ódýran hátt komið á framfæri prýðilegri auglýsingu um okkar menningu.

Ég á hér enn eina brtt., sem borin hefir verið fram oft áður. Það er 51. brtt. á þessu sama þskj., um að veita konu styrk til innlendrar skinnhanzkagerðar. Þessi kona hefir unnið nokkuð að hanzkagerð að undanförnu, og þeir, sem séð hafa, eru hissa á, að hægt skuli vera að gera þá jafngóða úr íslenzkum skinnum. En hana vantar efni til þess að koma upp saumastofu, og er því farið hér fram á 2500 kr. í því skyni. Þetta er ekki mikil fjárhæð, og mér finnst þegar jafnmikið er talað um, að á þessum erfiðu tímum þurfi hver að búa að sínu, að við ættum ekki að sjá í að kosta svona litlu til, til þess að ná þessari iðngrein inn í landið.

Loks er hér 56. brtt., um að veita barnaverndarnefnd þjóðkirkjunnar styrk til byggingar fávitahælis að Sólheimum í Grímsnesi. Drögin að þessu eru þau, að ég ætla, að á Alþ. í fyrra voru veittar 5 þús. kr. samkv. umsókn frá nefndinni, er fór fram á 5 þús. kr. á ári í 3 ár. Og þó ekki stæði við fjárveitinguna, að það væri fyrsta greiðsla af þremur, stóð n. í þeirri mein-

ingu og hafði fulla ástæðu til, að þessi fjárveiting fengist áfram, eftir því, sem umsóknin fór fram á. Upp á þetta konunglega orð var svo byggt. Söfnunarsjóður lánaði 10 þús. kr. og einstakir menn hlupu einnig undir baggann, en vitanlega verður þetta mjög erfitt og n. illa stödd, ef styrkurinn fæst ekki áfram. Húsið er metið á 36 þús. Þar af hefir söfnunarsjóður lánað 10 þús., ríkissjóður lagt fram 5 þús. og einstakir menn, vinir og velunnarar, gefið 5 þús. krónur.

Þó e. t. v. hafi verið fljótfærni að reikna með áframhaldandi styrk þannig, að veitingin í fyrra væri fyrsta greiðsla af þremur, er ómögulegt að neita því, að n. hafði nokkra ástæðu til að búast við því.

Hælið hefir gengið vel og verið rekið í bezta lagi, m. a. hefir verið fengin lærð hjúkrunarkona frá Þýzkalandi. Landlæknir o. fl., sem vit hafa á, telja hælið þýðilegt og mikla framför að því. Annars eru fávitar ekki eins margir þar og búizt var við, og er það mest vegna þess, að styrkur ríkisins til hælisvistar er miðaður við einstaklinga, en hrepps- og bæjarfélög geta ekki fengið hann, og hafa því hlíft við að senda fávita þangað. Ég vildi svo mælast til og vonast eftir, að þessi till. verði samþ. og styrkurinn veittur, a. m. k. í þetta sinn, það mundi strax bæta að nokkru úr.

Þá eru ekki fleiri brtt., sem ég hefi flutt einn, en ég er á þremur brtt. með öðrum, sem ég býst við, að hinir flm. séu annaðhvort búnir að mæla fyrir eða geri síðar.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. lýsti yfir því, að samkv. l. frá 1933 um styrk til mjólkurbúanna væri ekki hægt að borga út þann styrk, sem l. gera ráð fyrir, nema um leið sé gert upp við Mjólkurbú Flóamanna. Er þetta í fullu samræmi við það, sem ég hélt fram, og hefir það allt komið fram frá því upphaflega að l. voru flutt og til þessa þings. Hæstv. ráðh. hélt því aftur á móti fram, að í undirskrift á áskorun þeirri til ríkisstj., sem kom fram um þingtimann í fyrra, fælist fortakslaus heimild til ríkisstj. til útborgunar á þessu fé. Og þar sem hæstv. ráðh. hefir lýst því yfir, að hann ætli að nota þá heimild og greiða umræddan styrk, er það vitanlega aðalatriði, og get ég því verið ánægður, þegar ég hefi fengið þessa yfirlýsingu. En það, sem fyrir mér vakti, var að gefa ríkisstj. heimild til þess að greiða þetta úr ríkissjóði, og ég verð að segja, að mér kemur það dálitið einkennilega fyrir, ef ríkisstj. kærir sig ekki um að fá þessa heimild. Vil ég í því sambandi benda hæstv. ráðh. á, að þessi undirskrift getur ekki talizt heimild til greiðslunnar. Fyrir öllum slíkum greiðslum er alltaf leitað aukafjárveitingar eftir á. Má aðeins skoða undirskriftina sem yfirlýsingu um, að þeir gefi stj. samþ. fyrir greiðslunni á aukafjárlögum á sínum tíma, og er það þá afgr. á þinglegan hátt. En það er ekki alltaf víst, að þeir, sem svona yfirlýsingar gefa, eigi kost á að staðfesta þær á næsta þingi, ef kosningar fara fram í millitíð. Þannig er einmitt ástatt hér. Í fyrra stóð fyrir dyrum bæði fjölgun þm. og nýjar kosningar, svo það var alveg óvíst, þó meiri hl. þeirra þm., sem sæti áttu á þingi þá, skrifaði undir áskorunina, að hún hefði meirihl.fylgi á þessu þingi. Sú undirskrift gat því alls ekki talizt heimild fyrir ríkisstj. til þess að borga út styrkinn. Ég verð að lýsa yfir, að ég er ánægður að hafa fengið þá yfirlýsingu frá hæstv. ráðh., að hann ætli að greiða styrkinn, en ég á bágt með að trúa því, að hann taki ekki fegins hendi móti þessari heimild.

Þá vil ég geta þess, að áður en ég bar þessa till. fram, átti ég tal við þm. úr kjördæminu, sem hér eiga hlut að máli. Sagði þá þm. Mýr., sem einna helzt beitti sér fyrir að fá þessa yfirlýsingu, að hún væri ekki fullkomin heimild fyrir stj. Ég hafði sagt frá því fyrr í vikunni, að ég væri að hugsa um að bera fram brtt. í þessa átt, og gekk svo langt, að mér væri ekki áhugamál að vera sjálfur á till., ef menn héldu, að betur gengi með hana í þinginu, ef ég væri ekki á henni. Ég vissi, hvernig blæs í seglin gagnvart málflutningi okkar Bændaflokksmanna, þegar jafnvel er gengið svo langt, að stj.flokkarnir eru á móti málum, sem við flytjum, þó þeir séu sannfærðir um, að þau séu rétt. Hann gaf mér þessa yfirlýsingu, að stj. væri ekki búin að gefa ákveðið svar, en hann vonaðist til að geta fengið slíkan styrk fyrir sitt félag og mjólkurbúið á Akureyri, en það væri meiri vafi, hvernig færi með Mjólkurfélag Reykjavíkur og Mjólkurbú Ölfusinga, en bjóst við, að styrkurinn til Ölfusbúsins yrði greiddur á þann hátt, að tengd yrðu saman Flóa- og Ölfusbúin. Þetta taldi ég ekki viðunanlega lausn á málinu, því að ég áleit, að Ölfusbúið ætti eins mikinn rétt á þessari útborgun og hin búin. En nú er ég búinn að fá það fram, að þennan styrk eigi að borga út, og tel það staðfest og tel brigðmælgi, ef það verður ekki framkvæmt gagnvart öllum búunum eins og l. frá 1933 ætluðust til, að því undanskildu, að hann yrði borgaður strax og áður en farnir væru fram samningar við Mjólkurbú Flóamanna. Þessi heimild var ekki í fjárlfrv. 1933, og þess vegna var ekki hægt að borga styrkinn út þá, en með þessari till. á nú að veita stj. heimild til þess, og ég fæ ekki annað séð en að stj. eigi að taka því fegins hendi, ef þingið veitir henni slíka heimild, nema hún vilji heldur gera allt í heimildarleysi, en það hélt ég, að ekki væri, þegar hún getur fengið heimild á eðlilegan og þinglegan hátt.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að beina fáeinum orðum til hv. þm. V.-Húnv. Honum er ákaflega mikið áhugamál að koma mönnum í skilning um það — en gengur ákaflega illa —, að ekki hafi verið heimilt samkv. undirskriftum meiri hl. þm. úr báðum d. 1933 fyrir þáv. landbrh., Þorstein Briem, að greiða mjólkurbúastyrkinn samkv. l. 1933. Honum er þetta mikið áhugamál, því að samkv. l. 1933 hafði fyrrv. landbrh. heimild til að greiða þennan styrk, en brást þeirri skyldu sinni, að greiða hann, og frá sumum mjólkurbúunum komu menn hvað eftir annað til þess að fá eitthvað, en fengu ekkert. Fyrir

þá sök réðst meiri hl. í báðum d. í það á aukaþinginu 1933 að skora á ráðh. að greiða þennan mjólkurbúastyrk úr ríkissjóði eftir þeirri heimild, sem fólst í l. frá 1933. Þetta er vitanlega fullkomin heimild, því að með þessu var litið svo á, að heimilt væri að greiða þetta gjald samkv. l. frá 1933. Þess vegna er það, að það þarf ekki að samþ. neitt nú til að heimila að greiða þennan styrk.

Svo vil ég líka benda á annað atriði, sem sker alveg úr um þetta og sýnir, að það er alveg þýðingarlaust að reyna að hreinsa Þorstein Briem með því, að hann hafi ekki haft heimild til að greiða þennan styrk, og það er það, að þegar fyrrv. landbrh. (ÞBr) var afhent þessi áskorun, þá gerði hann enga aths. við það, en hann hefði ekki gert sig ánægðan með slíka áskorun, ef hann hefði talið, að hann þyrfti að fá áskorun, sem væri samþ. á þinglegan hátt. Og hefði hann talið sig þurfa þess og viljað greiða styrkinn, þá hefði hann vitanlega farið fram á, að aukaþingið, sem þá stóð yfir, hefði samþ. slíka áskorun. Heimildin var því fullkomlega til, og ef hv. þm. V.-Húnv. vill deila á einhvern fyrir trassaskap í þessum efnum, þá verður hann þar að snúa sér til Þorsteins Briems fyrrv. landbrh., því að það var hann, sem ekki greiddi þennan styrk, þó að hann hefði heimild til þess og meiri hl. Alþingis skoraði á hann að nota þá heimild. Ég vil því mælast til, að hv. þm. samþ. ekki þessa till., sem fram er borin einungis til að reyna að þvo fyrrv. landbrh. af því hirðuleysi, að nota ekki þá heimild, sem hann hafði í l. frá 1933, og skeyta því ekki heldur, þó að hann fengi áskorun frá meiri hl. þingsins um að nota heimildina, sem hann lét ónotaða allt árið.

Ég vil að síðustu endurtaka það, að ef hv. þm. hefir eitthvað við það að athuga, að þessi styrkur var ekki greiddur, þá á hann það við þennan flokksbróður sinn, og öll hans ádeila í þessu efni lendir því á honum og engum öðrum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á 2 þskj., sem of seint voru fram bornar (sjá þskj. 927 og 928), leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Ólafur Thors:** Eru þetta nógu mörg atkv. úr báðum deildum?

**Forseti (JBald):** Ég hefi ekki talið, hvort viðstaddir eru nógu margir úr báðum d.

**Jörundur Brynjólfsson:** Ég vil benda hæstv. forseta á, að samkv. hinum nýju þingsköpum gerist þess ekki þörf.

**Bjarni Bjarnason:** Ég ætla ekki að lengja umr. að verulegu leyti, en það er eitt mál, sem hér er til umr. í sambandi við afgreiðslu fjárlfrv., sem ég vil aðeins minnast á, en það eru íþróttamálin.

Ég skal viðurkenna, að þrátt fyrir það, að meiri hl. fjvn. beri fram eina fjárveitingartill. til íþróttamála, þá finnst mér, að þar með sé íþróttamálunum á engan hátt sýndur sá sómi, sem þyrfti að gera. Ég vil minna á það, að þann styrk, sem meiri hl. fjvn. leggur til, að verði veittur einu íþróttafélagi hér í bæ, Knattspyrnufélagi Reykjavíkur, skoða ég sem fordæmi þess, að framvegis verði veittur styrkur til íþróttafélaganna bæði hér í Rvík og eins úti um land, einkum þó ef þau reisa sér íþróttahús. En það, sem ég vildi að þessu sinni aðallega tala um, er sú till., sem hér hefir verið borin fram um styrk til væntanlegrar Olympíufarar, og vil ég þá aðeins minnast á tillögu þessa í tilefni af því, að beint var til mín í gær nokkrum orðum í sambandi við styrkinn til sundlauga. Nú er í fjárlfrv. ætlaður nokkur styrkur til slíkra bygginga, sem nær þó hvergi nærri til að fullnægja nauðsynlegustu þörfum. Svo er með þetta mál eins og flest önnur, að við getum ekki sinnt því svo rækilega sem æskilegt væri. En að því er minnzt var á mig í þessu sambandi, sem sé, að ég hefði lagt á móti því í fjvn., að hún (nefndin) flytti till. um styrk til sundlaugarinnar á Álafossi, vil ég benda á, að margar slíkar beiðnir liggja fyrir, en með þessa laug stendur svo á, að hún er til afnota fyrir fjölda manna, en aðgangurinn er seldur, og er hún þess vegna ekki í tölu þeirra lauga, sem eru öllum notendum heimilar endurgjaldslaust, og það skiptir mjög miklu máli. Ég mundi t. d. fyrr greiða atkv. með styrk til sundlaugarinnar í Vestmannaeyjum, sem er opin fyrir alla Vestmannaeyinga, því að þær laugar, sem engar tekjur fá, þurfa vitanlega miklu fremur styrk en hinar, sem aðgangurinn er seldur að. Þetta er aðeins nefnt að gefnu tilefni.

Fyrir fjvn. lá beiðni um styrk til utanfarar íþróttamanna á Olympíuleikana í Berlín 1936. Hv. 3. þm. Reykv. gat þess réttilega, að það þyrfti rækilegan undirbúning undir slíka för, og það veitti ekki af öllum tímanum, sem eftir er þangað til þetta mót hefst. Ég vil geta þess, að enga þýðingu hefir það fyrir menn, sem skammt eru komnir í íþróttum, að hugsa sér að æfa að nokkru gagni á hálfu öðru ári. Út frá þessu sé ég ekki ástæðu til að berjast fyrir því, að veita styrk í þessu skyni, og líka með það fyrir augum, að mér er kunnugt um, að íþróttafélögin hér í bæ eru mjög ósammála um, hvaða íþróttagrein helzt ætti að styrkja. Sum vilja styrkja knattspyrnu, aðrir frjálsar íþróttir, eða sund eða fimleika. Og meðan félögin, sem eiga að leggja til fólkið, eru svo mjög ósammála, þá er óaðgengilegt að veita fjárstyrk í þessu skyni. Þá er þess að geta, að tíminn er svo stuttur, að ekki getur verið að ræða um verulega æfingu í knattspyrnu eða frjálsum íþróttum. Um glímuna er það að segja, að tæplega er leggjandi í að styrkja glímuflokk til þessarar farar, þar sem enginn, sem þessa íþrótt sér, ber nokkurt skyn á hana. Ég get fullyrt, að það mætti velja marga af hv. þm., sem eru þó margir hverjir hvorki í æfingu né miklir glímumenn að upplagi, og þeir mundu sem glímumenn fá jafngóða dóma og úrvalsglímumenn þjóðarinnar hjá erlendum þjóðum, sem ekki eru dómbærar um þessa íþrótt; það hefir því

ekkert íþróttalegt gildi frá þessu sjónarmiði, sem vitanlega er rétt. Annað mál er það, þó að einstöku sinnum séu sendir glímumenn, sem eru á vegum ýmissa félaga og kosta sig sjálfir. Ég vil heldur senda keppendur í einhverri íþrótt, sem útlendingar skilja og geta því lagt mælikvarða á, og það eina, sem ég hygg, að geti þar komið til greina, er leikfimi, og þeir einu, sem hugsanlegt er, að hægt yrði að senda, er leikfimiflokkur. Nú höfum við leikfimiflokka hér í Rvík, sem æfa sig af kappi, og ég hefi mikinn hug á, að þetta verði athugað fyrir næsta þing, til þess að sjá, hvort ekki væri þá hægt að leggja fram nokkurt fé til þess að styrkja leikfimiflokk. Munurinn á frjálsum íþróttum og leikfimi fyrir okkur í þessu sambandi er sá, að engir einstaklingar eru til á Íslandi, sem kunna eða geta svo mikið í íþróttum, að tiltök séu að senda þá á umrætt mót, en í leikfimi er öðru máli að gegna. Tvisvar hefir leikfimiflokkur kvenna sýnt erlendis, bæði á Norðurlöndum, í Englandi og Frakklandi, og fengið viðurkenningu fyrir því að standa jafnfætis því bezta, sem þekkt er.

Ennfremur gæti komið til mála að senda sundmenn, aðallega til að sjá, hvað gerist í þeirri íþrótt. Það gæti komið að miklu gagni. Þó geri ég ekki ráð fyrir, að við gætum sent sundmenn til þess að keppa. Ég skal geta um það, hvernig Olympíunefndin lítur nú á frjálsar íþróttir. Hún hugsar sér að láta íþróttamennina æfa sig í vor og sumar, þá hugsar hún sér að ráða útlending til kennslu síðustu vikurnar fyrir mótið og láta hann æfa íþróttamenn undir Olympíuleikana. Þetta er fjarstæða. Augljóst er, að kennari verður að æfa menn frá byrjun, til þess að þeir fái réttan stíl; þar undir er allt komið. Hitt er fjarstæða, að ráða hingað útlendan mann til að æfa íþróttamenn, sem aldrei hafa náð réttum stíl í íþrótt sinni. Ég segi þetta til skýringar á því, að ég hefi ekki viljað veita neinn styrk í þessu skyni, nema þá til leikfimiflokks. Ég býst ekki við að breyta um þá skoðun, er ég hefi nú gert grein fyrir.

Vil ég vænta þess, að menn líti með sanngirni á þetta mál og verði þá frekar örlátari á næsta þingi, ef það sýnir sig þá, að við höfum álitlegan leikfimiflokk. Nú eru hér leikfimiflokkar, sem æfa stöðugt hvað sem utanfararstyrk líður.

Ég tel því algerlega réttmætt, að fjvn. hefir verið treg gagnvart íþróttafélögunum til fjárframlaga. Fyrir því liggja, að minum dómi, mjög skýr rök.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Guðmundsson):** Mér þykir hlýða að minnast á þær till., sem meiri hl. fjvn. hefir borið fram síðan hann bar fram aðaltill. sinar á þskj. 784.

Ég vil þá fyrst geta þess, að á þskj. 784 er till. um 2500 kr. styrk til íþróttahúss Knattspyrnufél. Rvíkur. Þennan lið ætlar n. að taka aftur, og er það gert hér með, því að á öðru þskj. hefir n. borið fram aðra till. viðvíkjandi þessu íþróttahúsi, þar sem upphæðin er önnur og aths. við liðinn er einnig önnur.

Ég hefði gjarnan viljað minnast svolítið á skiptingu vitafjárins, sem getið er um á þskj. 793, en þar sem hv. frsm. minni hl., sem sérstaklega fór inn á þennan lið, er ekki viðstaddur, þá sé ég ekki ástæðu til að ræða um það. En aðalatriðið í þessu er það, að fjvn. vill, að gerð sé tilraun til þess að fá hér á landi 1—2 miðunarstöðvar, til þess að hér við land fáist reynsla á þessum leiðbeiningartækjum sjómanna. Margir þeir, sem hafa reynt þessi tæki erlendis, hafa vakið máls á því, hvort ekki væri rétt að reisa miðunarstöð við Faxaflóa eða í Vestmannaeyjum, þar sem þörfin fyrir leiðbeiningar sýnist vera mest. Þessi tilraun vill meiri hl. fjvn. endilega að sé gerð, og við það eru till. hennar miðaðar.

Ég skal ekki víkja að verulegu leyti að till. einstakra þm. á þskj. 815. Meiri hl. n. hefir ekki tekið sérstaka afstöðu til þeirra fremur en annara till., sem einstakir þm. bera fram. Ég vil þó segja það um 1. till. frá hv. þm. Rang., um styrk til Finnboga Sveinssonar og Sæunnar Guðmundsdóttur frá Velli vegna sonar þeirra, sem er fáviti, að meiri hl. fjvn. hefir talað um þetta mál við hæstv. atvmrh., að veittur yrði í þessu skyni styrkur af því fé, sem ætlað er í fjárl. til þessara hluta. Það væri því rétt að taka þessa till. aftur.

Þá vill meiri hl. n. undirstrika till. frá samgmn. á þessu sama þskj., nr. 14, en tekur aftur sína till. um sama efni viðvíkjandi þessum sama lið, um flóabátaferðir, því að með till. samgmn. fylgir aths., sem nauðsynlegt er að sé með, til þess að nógu glöggar upplýsingar og skýrslur fáist frá þeim bátum, sem njóta eiga styrksins.

Þá vil ég einnig minnast á 31. till., frá hv. þm. V.-Ísf., um utanfararstyrk barnakennara, að binda ekki styrkinn ákveðið við 200 kr. á mann. N. mælir með þessari till. og væntir þess, að hún verði samþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um brtt. einstakra þm., en svo hefir meiri hl. n. borið fram brtt. á þskj. 894, 904, 912 og 928, og eru sumar viðbótartill. við þær till., sem n. hefir flutt áður. Um 6 fyrstu till. á þskj. 894 er það að segja, að þær eru um að bæta inn í frv. þeim tekjum, sem gert er ráð fyrir í einstökum lagafrv., sem samþ. hafa verið nú nýlega. 3. liðurinn í þessari till. er um að lækka útflutningsgjald um 150000 kr., og er það gert samkv. breyt. á l. um útflutningsgjald, þar sem sildartollurinn hefir verið færður niður og fellt niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

7. till. er hliðstæð þeim till., sem n. hefir áður flutt um að veita nokkurt fé til að styrkja t. d. gamla barnakennara og sjúklinga, sem eru vandalausir. Vill n. heldur fylgja þeirri reglu, að nokkurt fé sé veitt til slíks í fjárl., og viðkomandi stofnunum sé falið að úthluta því til þeirra, sem mesta hafa þörfina, heldur en að taka upp fjárveitingar til einstakra manna, eftir því sem þeir eiga formælendur.

Þá er 8. brtt., um 27000 kr. lækkun á framlagi til malbikunar á vegum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins. Ég geri ekki ráð

fyrir, að þurfi að skýra þessa till. frekar fyrir þeim, sem hlýddu á umr. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. í Nd., þar sem skýrt var frá því, hvernig þessu atriði væri fyrir komið, sem sé, að kaupstaðir og kauptún, sem ekki gætu framkvæmt malbikun á þessu ári, fengju ekki þetta fé, heldur væri það lagt til almennra þjóðvega.

Þá er 9. brtt. við 13. gr. Þar leggur n. til, að framlag til bryggjugerða og lendingarbóta verði hækkað um 4000 kr., svo að 8000 kr. geti komið þar til ráðstöfunar á þeim lið og látin fylgja sú „klausa", að sú upphæð skuli ganga til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka.

Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um brtt. á þskj. 894. Þær till., sem eftir eru, mun hv. frsm. síðari hluta mæla fyrir.

Þá eru nokkrar till. á þskj. 904 við 3. gr. fjárlfrv., og eru það allt lækkunartill., sem nema samtals 35000. Að brtt. á þskj. 912 þarf ég ekki að víkja, og eiginlega ekki heldur á þskj. 928, að öðru leyti en því, að ég minntist áðan á framlagið til iðnskólahúss Knattspyrnufél. Rvíkur, og væntir n. þess, að þessi till. á þskj. 928 verði samþ., en hinar tvær till. eru teknar aftur.

Ég sé ekki ástæðu til að minnast á þau ræðuhöld, sem fram hafa farið um einstakar brtt. Ég skoða það ekki mína skyldu að mæla gegn till. þm. Það er þingsins að skera úr um þær. Ég vil aðeins bæta því við, að ég vænti þess, að Alþingi hafi það í huga, þegar fjárl. eru afgr., hversu mikil nauðsyn er á því, að þau verði afgr. tekjuhallalaus.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. sagði, að ég gerði mér mikið far um að koma mönnum í skilning um það, að í þessum undirskriftum fælist engin heimild til fjárveitingar fyrir stj. Nú veit hann, að það þarf fjárlagaákvæði til þess að stj. hafi heimild til að greiða fé úr ríkissjóði, og það viðurkenndi hann, að ákvæði l. frá 1933 væri ekki næg heimild fyrir stj., fyrr en búið væri að gera upp við Flóabúið. Ég þarf ekki að ræða þetta frekar. Ef til vill er hann að reyna að læða inn þeirri hugsun, að stj. þurfi ekki að hugsa um að fá samþykki Alþingis til fjárgreiðslu úr ríkissjóði og þurfi ekki annað en yfirlýsingu flokksmanna sinna um það, hvað eigi að greiða, en með því er hann að ganga á snið við þann rétt, sem Alþingi er fenginn í hendur, yfirráð yfir fjármálum landsins.

Þá vill hann halda því fram, að ég sé með þessari brtt. að reyna að breiða yfir það, að fyrrv. ráðh. hafi ekki gegnt skyldu sinni um þessa greiðslu, eftir að hann hafi fengið undirskriftir frá þm. Ég vil segja, að ef hann ætlar að kasta steini að fyrrv. stj. fyrir vanrækslu í þessu efni, þá ræðst hann þar með á sjálfan sig líka, því að það munu vera áhöld um það, hvað hann er búinn að vera lengi í stj. og hvað fyrrv. stj. sat lengi eftir að hún hafði fengið þessa yfirlýsingu í hendur, því að það er fyrst eftir að það er vitað, að málið var borið fram á þingi og þm. úr hans flokki knýja á um að fá svar, að hann gefur að lokum það svar, að hann ætli að greiða þessa upphæð og byggja á þeirri heimild, sem þetta áskriftarskjal hafi gefið honum.

Nú er það svo, eða a. m. k. líta hv. þm. svo á, að slík áskorun gildi ekki sem heimild fyrir stj., því að á þessu þingi er verið að koma með slíka till., þar sem þm. standa á bak við, og ég veit ekki einu sinni, hvort þessir þm. ætla að standa við þessa undirskrift sína, og ef þeir telja sig ekki skylda til að standa við þessar undirskriftir, hvað verður þá um þessa áskorun og greiðsluskyldur samkv. henni?

Mér þykir vænt um, ef þessi till. hefir orðið til þess, að stj. ætlar að láta þessar greiðslur fara fram, og það þó að hún vilji gera það án heimildar. Það er atriði, sem ég ætla ekki að láta mig miklu máli skipta, en ég tel réttara, að stj. hafi heimild, en ef hún vill heldur gera það heimildarlaust, þá hún um það.

Þá sagði hann, að þetta undirskriftarskjal hefði verið afhent fyrrv. ráðh., en sannleikurinn er sá, að það var aldrei afhent fyrrv. stj., og þegar hv. 1. þm. Árn. talaði um þetta við stj., þá vissi hann það, að stj. taldi sig ekki hafa fullnægjandi heimild. Þetta er því annaðhvort á móti betri vitund, eða — **(Forsrh.:** Er þetta ekki móti betri vitund?). Nei, þetta er heilagur sannleikur. Hæstv. fyrrv. ráðh. taldi sig ekki hafa nægilega heimild til að greiða þetta fé, og það er því annaðhvort fyrir hæstv. núv. ráðh. að taka við þessari heimild, eða greiða fé án heimildar. Hann kemst ekki hjá að greiða þetta fé, og þá er minum tilgangi náð, svo að ég get verið ánægður.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson)** [óyfirl.]: Ég er samdóma hv. frsm. fyrri hl. um, að það er ekki okkar frsm. hlutur að sannfæra okkar mörgu tilheyrendur um það, að þeir þm., sem hafa borið fram einstakar till., hafi á röngu að standa. Þess vegna mun ég ekki fara neinum mótmælaorðum um þær till., sem hafa komið fram frá öðrum hv. þm., en aðeins minnast á nokkur atriði, sem yfirleitt koma við afgreiðslu fjárl.

Ég vil þá fyrst taka það fram, að með þeirri aðstöðu, sem verið hefir hér á landi síðan þessi skipun peningamálanna komst á, hefir verið mikil hætta á, að fjármál ríkisins lentu í vandræðum. Tekjur ríkissjóðs hafa farið minnkandi, en kröfur til útgjalda vaxandi, svo að tekjur og gjöld hafa oft ekki getað staðizt á. Þar að auki hafa farið sívaxandi kröfurnar um ábyrgðir ríkissjóðs. Það hefir verið svo á síðustu missirum, síðan tekjur landsmanna fóru að þverra og markaðsörðugleikar að vaxa, að meiri og meiri hætta hefir stafað úr þessari átt. Annarsvegar hafa vaxið mjög lausaskuldir ríkissjóðs, og á hinn bóginn hafa vaxið mjög ábyrgðir hans, og einna mest af þeim var samþ. á aukaþinginu fyrir ári síðan. Þá var nokkuð óglöggt um fylgi stj., sem þá sat, og hún hafði í raun og veru ekki fastákveðið fylgi. Og þó að þáv. fjmrh. reyndi að halda í horfinu bæði gagnvart útgjaldakröfum og ábyrgðarkröfum, þá hafði hann ekki stuðning þingsins til þess, svo að þingið, og þá helzt aukaþingið í fyrra,

veitti samþ. mörgum ábyrgðum og ýmsum miður vel ráðnum fjárframlögum, tiltölulega meira en á nokkru öðru þingi áður. Það var fyrirsjáanlegt líka, þar sem fjárhagsörðugleikar fóru vaxandi, að þá mundi fjárhagslegu frelsi þjóðarinnar hætta búin, ef haldið væri áfram á sömu braut. Því var það, að þegar nýja stj. var mynduð, sem hafði veikan þingmeirihl., en hafði hann þó, þá ásetti hún sér, og til þess var full þörf, að reyna að nota þá bættu aðstöðu, sem hún hafði fram yfir þá stj., sem sat næst á undan, til að stöðva það flóð, sem var að koma yfir ríkissjóð.

Ég kem þá að einu till., sem meiri hl. n. flytur um ábyrgðarheimild. Hún er á þskj. 912 og er endurveiting á nokkrum hluta af ábyrgð fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafvirkjunar. Meiri hl. fjvn. hefir skorið niður mikið af samskonar óskum úr mörgum kjördæmum, bæði sinna stuðningsmanna og annara. Við fyrri umr. voru samþ. nokkrar smáábyrgðir, og það var meining stj. að láta þar við sitja og bæta engu við. En það þótti ekki réttlátt að synja Ísafirði um þessa endurveitingu, ef kaupstaðurinn gerði kröfu til þess, en væri ætluð miklu minni ábyrgð en fyrr. Ég skal þá taka það fram, að ég ætla, að það komi fram við afgreiðslu fjárl., að ýmsir þm. standi á móti t. d. rafvirkjunarábyrgðum fyrir þau kjördæmi, sem þeir eru fyrir, ekki af því, að þeir viti ekki, að slíkar framkvæmdir eru þarfar, heldur af því, að það sé komið nærri mettunarpunktinum í þessari stefnu. Það er nú þegar nokkurra millj. kr. ríkisábyrgð vegna Sogsvirkjunarinnar, og bæði vegna þess og annars hafa útlendir fjármálamenn haft auga á okkar aðstöðu, sem er nú allt önnur en á meðan sívaxandi markaðir voru fyrir allar okkar afurðir. Það er því, á meðan þessi tregða er um afurðasölu okkar, eitt af því athugaverðasta, sem hægt er að gera fyrir frelsi og sjálfstæði landsins, að ganga langt í því að taka lán. Ég býst við, að borgarstjóri Rvíkur muni verða var við það eftir þá erfiðleika, sem hann hefir átt við að stríða að útvega lán til þessa fyrirtækis, sem þó er áætlað fjárhagslega tryggast af rafveitum landsins. Það, sem vakti fyrir hæstv. stj., þegar hún gekk inn á að ábyrgjast þessa upphæð fyrir Ísafjörð, var það, að þessi kaupstaður er búinn að búa sig undir þessar framkvæmdir með því að leggja fram 5000 kr. til undirbúnings þessarar rafveitu.

Það er ekki mitt hlutverk hér að tala um það, hvernig leysa beri úr þessum vandræðum, en ég vil þó láta það fylgja með, að ég geri ráð fyrir því, að það verði, áður en langar stundir líða, að finna nýjar leiðir, ef unnt er, til þess að hjálpa íslenzkum sveitarfélögum, kaupstöðum og kauptúnum til að fá lán til slíkra mannvirkja, án þess að ríkisábyrgð þurfi að koma til. Slíkt ráð er þekkt erlendis, en það er einskonar félagsskapur bæjanna um lánin. Það er einskonar samvinnufélagsskapur þeirra sveitarfélaga, sem lánin taka. Ég skal ekki segja, hvort þetta tækist hjá okkur, vegna þess hvað við erum fáir, en ég vil, að þessi leið sé athuguð, vegna þess að ríkinu er um megn að taka á sig ábyrgð fyrir allar framkvæmdir, sem hver og einn vill koma á og kynni að vera æskilegt að koma á.

Ég skal taka það fram, af því að það verður ekki gert af öðrum, að þegar hv. þm. greiða atkv. á móti till. viðvíkjandi sínum héruðum, þá er það í þágu íslenzks sjálfstæðis, og það verður að reyna að stöðva þann straum og byggja varnargarð um það ótæmandi ábyrgðaflóð, sem er svo mjög hættulegt fyrir fjárhagslegt sjálfstæði landsins.

Ég ætla þá að minnast á eina till., sem ég minntist á, þegar ég talaði fyrr við þessa umr., en það er till., sem 12 þm. flytja viðvíkjandi góðtemplarahúsinu. Ég þarf ekki að rifja það mál upp. Það er öllum kunnugt, að reglan hefir ekki getað endurbyggt hús sitt, af því að þingið hefir unnið mál á móti reglunni og ríkinu verið dæmdur nokkur hluti af templaralóðinni. Nú hefir verið talað um það milli stj. og templara, að ríkið keypti þetta hús og veitti ef til vill styrk til byggingar á nýju húsi, en það hefir ekki gengið saman. Það hafa komið fram háværar kröfur frá templurum, sem þingið hefir ekki getað orðið við. Nú hefir þeim verið stillt þannig í hóf, að ríkið kaupi húsið og lóðina, sem templarar eiga, og til viðbótar við það leggi ríkið fram styrk, svo að það verði til samans 150 þús. kr., sem borgist út á 10 árum. Einn helzti rökstuðningur templara fyrir þessari till. er sá, að fyrst ríkið af menningarástæðum hefir ekki séð annað fært en að hjálpa til að byggja fínt veitingahótel með vínveitingaleyfi, þar sem menn undir skemmtilegum kringumstæðum geta fengið aðgang að að neyta víns, þá geti ríkið og bærinn ekki annað en styrkt templara til að koma sér upp húsi, þó að það væri ekki eins stórt og Hótel Borg, svo að þeir hefðu yfir að ráða fullkomnum húsakynnum, sem fullnægðu þeim kröfum, sem fólk gerir nú til húsnæðis, því að með því eina móti væri hægt fyrir þjóðfélagið að setja varnarstarfsemi templara á sama grundvöll eins og veizlumenninguna, sem fylgir hinum glæsilegu hótelum. Ég geri ráð fyrir, að till. verði samþ., ekki sízt þar sem l. um aðflutningsbannið verða nú afnumin. Þá er nauðsyn að styrkja baráttuna á móti víninu, því að gera má ráð fyrir, að við afnám bannsins muni áfengisnautn aukast, þegar sala áfengra drykkja verður aftur leyfð. Þess vegna er þessi till. fram borin til að styrkja templara til að koma sér upp húsi hér í Rvík, og hér í bæ er einmitt mest nauðsyn að berjast á móti víninu, því að hér er drukkið einna mest, og hér er líka fjölmennastur félagsskapur til þess að berjast á móti þessari hættulegu nautn.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þessa till., því að óhætt mun að fullyrða, að bæði málefnið og hinir mörgu flm. tryggja framgang hennar. Það er von okkar, að um leið og áfengið hefur nýja sókn á okkur, þá megi um leið hefja gagnsókn gegn því, og það álít ég, að það opinbera verði að styðja.

Þá vil ég minnast á eina till., sem hefði kannske átt að flytjast af okkur, sem erum þm. fyrir Norðurland, en við höfum þó ekki flutt,

neinn af okkur, en það er um fjárstyrk til þeirra manna, sem verst urðu úti af völdum hins mikla ofveðurs, sem geisaði í haust og allir kannast við og vita, hversu mikinn skaða gerði á Norðurlandi. En ástæðan til þess, að þessi till. hefir verið tekin upp, er ekki sú, að ég eða aðrir hv. þm. hafi gleymt þessu, heldur hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að stj. léti athuga þetta sérstaklega, svo að hægt væri á því þingi, sem kemur saman á næsta ári, að leggja þetta mál fyrir vel undirbúið. Það liggur því fyrir næsta þingi að taka þetta fyrir, eins og skuldaskilasjóðinn og kjötuppbótina, og afla tekna til að mæta þeim útgjöldum.

Ég vil minnast hér á einn lið, sem að vísu hefir verið samþ., en það er framlagið til sænsk-íslenzku orðabókarinnar. Ég vil geta þess í því sambandi, að einnig lá fyrir nefndinni umsókn frá Páli Sveinssyni kennara um styrk til fransk-íslenzkrar orðabókar, sem hann er að semja. Þessi maður hefir samið ágæta kennslubók í franskri tungu og mun enginn efast um það, að hann sé ágætlega fallinn til samningar slíkrar orðabókar. Fjvn. var sammála um það, að þar sem vænta mætti, að þýzk-íslenzka orðabókin komi út í vetur og sænska orðabókin að ári, væri rétt og skylt, að orðabók Páls Sveinssonar yrði tekin upp í næstu fjárlög, og skyldi svo gert, ef sömu menn ættu sæti í nefndinni þá og nú.

Ég mun ekki ræða einstakar brtt. Ég hefi þegar talað um hættulegasta hluta þeirra, ábyrgðirnar. En ég vil taka það fram, að stuðningsmenn stj. hafa til þessa farið eftir þeirri staðreynd við afgreiðslu þessa fjárlfrv., að ekki er hægt að fylgja öllum fjárveitingum, sem menn langar til.

Vegna þess að stjórnarandstæðingar gera sér tíðrætt um það, að við skörum mjög eld að köku kjördæma okkar, t. d. um framlög til vegagerða, vil ég benda á það, að í fjárlfrv. eru Dalasýslu ætlaðar 8 þús. kr. til vega, en mínu kjördæmi, sem þó er margfalt stærra og fólksfleira, aðeins 10 þús. kr. Vegamálastjóri hafði lagt til, að 15 þús. kr. yrði varið til vegabóta í kjördæmi mínu, en stj. lækkaði þessa upphæð niður í 10 þús. í fjárlfrv. Það má vel vera, að ég hafi haft aðstöðu til þess að fá þessa upphæð hækkaða, en ég gerði það ekki, því að ég vissi vel, að líkt stendur á víða annarsstaðar, og því sætti ég mig fremur við, að vegakaflar standi ófullgerðir í bili, heldur en skapa misrétti milli einstakra héraða.

Ég vil að síðustu taka það fram, að við, sem skipum meiri hl. fjvn., leggjum vinnu okkar í n. óhræddir undir dóm kjósenda, ef niðurstöður af henni verða þær, sem við höfum ætlazt til. Við höfum viljað byrja á þeirri stefnu, að láta tekjur og gjöld standast á, halda verklegum framkvæmdum áfram og stilla ábyrgðum ríkissjóðs í hóf. Þjóðin mun á sínum tíma sýna, hversu hin nýja stefna fellur henni í geð.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Mér fannst hv. 2. þm. Árn. tala um brtt. mína um 6000 kr. fjárveitingu til að æfa íþróttamenn undir Olympíuleikana eins og einhverja vitleysu. Ég vil því gjarnan gera nánari grein fyrir því, hvers vegna ég er flm. þessarar tillögu.

Hann viðurkenndi með mér, að undirbúningur væri nauðsynlegur, en taldi hinsvegar, að tími til undirbúnings væri orðinn allt of stuttur, — fyrir þá, sem skammt væru komnir, bætti hann við. Ég held þó, að hann hafi ekki viljað segja með þessu, að allir íslenzkir íþróttamenn væru skammt á veg komnir og því væri fjarstæða að veita styrkinn. Hann sagði síðar, að vafasamt væri, í hvaða íþróttum íþróttamenn vorir ættu helzt að taka þátt. Mér hafði nú helzt skilizt á honum rétt áður, að hann teldi þá ófæra til að taka þátt í nokkurri íþrótt, en nú virtist hann þó telja þá hlutgenga í leikfimi. Mér finnst, að þó ekki væri nema um eina grein að ræða, væri það næg ástæða til að veita þeim þann styrk, sem hér er farið fram á.

Ég skal að vísu játa það, að mig sjálfan brestur kunnugleika til að ræða þetta mál við hv. 2. þm. Árn., sem sjálfur er þekktur íþróttamaður. En ég hefi auðvitað ekki tekið það upp hjá sjálfum mér að flytja þessa brtt. Hún er flutt að tilmælum Í. S. Í. samkv. greinargerð forseta þess um það, að Íþróttasambandinu væri nauðsynlegt að fá sér æfingakennara, og vegna þessa bakhjarls þykist ég geta haldið í fullu tré við hv. þm. í þessu máli. Og því finnst mér, að hann geti ekki með fullum rétti talið brtt. mína tóma vitleysu.

Ég vil minna á það, að þótt þátttaka Íslendinga í Olympíuleikunum nú þyki kannske lítt hugsanleg, þá man ég ekki betur en við tækjum þátt í fyrsta mótinu, er háð var í Stokkhólmi, og kæmumst þó nokkuð langt, þótt ekki yrðum við sigurvegarar, t. d. í grísk-rómverskri glímu. Þar man ég ekki betur en Sigurjón Pétursson skipaði veglegt sæti. (**BB**: Alveg rétt). Hitt er víst alveg rétt, að kröfurnar hafa vaxið síðan, en framfarir íþróttamanna vorra ekki orðið að sama skapi. En ég held, að sóma þjóðarinnar sé svo bezt borgið, að stuðlað sé að því að vinna upp afturför seinni ára, og það verður bezt gert með því að styrkja íþróttamenn vora til að búa sig undir slíka keppni að nýju.

Stjórn Í. S. Í. óskar eftir þessum styrk og telur hann koma sér að haldi til undirbúnings undir næstu Olympíuleika, og ég álít, að þingið verði að telja hana dómbæra um þessi efni, jafnvel þótt íþróttamenn innan þingsins telji tormerki á. Þess verður því að vænta, að þeir, sem unna íslenzkri íþróttastarfsemi, ljái þessu máli lið, og mér eru það mikil vonbrigði, ef hv. 2. þm. Árn. skerst úr leik.

**Bjarni Bjarnason**: Það, sem veldur því, að ég hefi ekki beitt mér fyrir þessu máli í fjvn., er fyrst og fremst það, að íþróttafélögin hér í bænum hafa ekki enn getað komið sér saman um, í hvaða íþróttum skuli keppt á mótinu. Af þessu leiðir, að enginn sérstakur undirbúningur með tilliti til mótsins er enn hafinn, og ætti það þó að vera fyrsta krafan, sem gerð er til Í. S. Í., að það byrji að æfa íþróttamennina í tíma. En allir sjá, hvílík fjarstæða það er að vera ekki búinn að ákveða íþróttirnar, sem

taka skal þátt í, þegar aðeins er eitt vor og sumar eftir til undirbúnings.

En auk þessa vil ég gera grein fyrir öðru í sambandi við þetta mál. Þegar um það er að ræða að senda íþróttamenn á Olympíuleikana, getur verið um tvennt að velja: að senda þá til keppni, eða sýninga án keppni. Ég hefi þegar sýnt fram á það, að undirbúningstíminn til keppni er allt of stuttur. Eigi okkur að vera fært að taka þátt í slíkri keppni með skammlausum árangri, verða íþróttafélögin að halda uppi stöðugum æfingum milli móta. Við eigum engan sérstaklega glæsilegan íþróttamann um þessar mundir og stöndum öðrum þjóðum svo langt að baki í öllum metum, að sæmilegur árangur í keppni má teljast vonlaus, þótt ekki sé gert ráð fyrir neinum sigurvinningum. Við getum ekki nú gert okkur vonir um slíkan árangur í neinni íþrótt, að við komumst þar í úrslitaflokka (sem er mjög sæmilegur árangur), eins og Sigurjón Pétursson komst á sínum tíma. Í einmenningsíþróttunum hefir að vísu verið talað um einn spretthlaupara og einn sundmann, sem tekið gætu þátt í keppni með sómasamlegum árangri. En mjög eru það veikar vonir.

Ef sýningarhópar eru hinsvegar sendir, er um tvennt að velja, íslenzka glímu og leikfimi. Ég hefi áður lýst því, hve óheppilegt er að senda glímuflokka á mót, þar sem enginn skilur íþróttina og ekkert er til samanburðar, svo að í raun og veru væri alveg eins hægt að senda óæfða menn. Úr slíku yrði aðeins leikaraskapur.

Þeir sýningarhópar, sem við gætum sent á mótið, eru því aðeins leikfimiflokkar. Ég vildi gjarnan stuðla að því, að svo gæti orðið, en fyrir því hefir sízt verið hugsað af íþróttafélögunum. Ég hefi þó eggjað félögin á að halda áfram leikfimiæfingum sínum af kappi. Mætti síðan velja hina beztu krafta úr hverju félagi, karla og konur, og slíkum úrvalsflokkum væri ekki of seint að veita fé til æfinga á næsta þingi.

Hinsvegar tel ég alveg þýðingarlaust að veita fé til undirbúnings í keppni á Olympíuleikunum, enda er satt að segja ráðsmennska íþróttafélaganna og forseta Í. S. Í. í þessum málum ekki verðlauna verð. Mér finnst það ganga frekju næst að fara nú að kalla eftir fé, eftir alla þá deyfð, sem hingað til hefir verið sýnd um allan undirbúning, og ég mun ekki ljá slíkri fjárveitingu atkv. mitt.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Jafnvel þótt niðurstaðan af æfingunum yrði sú, að ekki væri hægt að senda menn héðan á mótið til keppni, væri þessu fé þó ekki á glæ kastað, því að æfingarnar ættu þó alltaf að gera íslenzka íþróttamenn hæfari undir næsta mót. Ég benti á það áður, að fyrsta skilyrðið fyrir þroska íslenzkra íþrótta væri að vekja áhuga fyrir þeim, og ég veit, að styrkveiting sem þessi myndi verða til þess að auka áhugann alveg stórkostlega. Þótt enn kunni að vera ágreiningur um það meðal íþróttamannanna sjálfra, í hvaða greinum skuli keppa, þá geri ég ráð fyrir, að menn komist fljótlega að niðurstöðu um það við undirbúninginn. Vel má vera, að það yrði aðeins sýning, en mér finnst rétt að láta reynsluna skera úr. Þetta er ekki stór upphæð, og henni er ekki á glæ kastað, jafnvel þótt ekki væri hægt að taka þátt í mótinu að þessu sinni.

Ólán íslenzkra íþrótta er það, að sá áhugi, sem ríkti hér fyrir íþróttum, þegar leikarnir í Stokkhólmi fóru fram, hefir fallið niður. Þann áhuga þarf aftur að vekja og efla, ef mönnum er nokkur alvara með það að efla íslenzkar íþróttir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 21. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 784,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 894,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 894,2.a—b samþ. með 31 shlj. atkv.
— 894,3 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 894,4 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 784,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 894,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 784,3 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 784,4 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 784,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 894,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 784,6 tekin aftur.
— 904,1 samþ. með 26:11 atkv.
— 904,2 samþ. með 27:1 atkv.
— 815,I felld með 25:16 atkv.
— 815,II, aðaltill., felld með 25:15 atkv.
— 815,II, varatill., felld með 25:17 atkv.
— 904,3 samþ. með 26:6 atkv.
— 784,7 samþ. án atkvgr.
— 815,III felld með 25:19 atkv.
— 784,8 samþ. með 26:6 atkv.
— 815,IV tekin aftur.
— 784,9 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 832,1, aðaltill., felld með 25:9 atkv.
— 832,1, varatill., felld með 25:18 atkv.
— 813,1 felld með 25:22 atkv.
— 784,10 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 815,V felld með 27:13 atkv.
— 815,VI felld með 25:22 atkv.
— 815,VII.1.a felld með 26:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ.

nei: PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, JBald.

MT greiddi ekki atkv.

Brtt. 815,VII.1.b felld með 25:20 atkv.
— 815,VII.2, aðaltill., felld með 25:17 atkv.
— 815,VII.2, varatill., felld með 26:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ.

nei: IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ,

SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, JBald.

MT greiddi ekki atkv.

Brtt. 815,VIII.a, aðaltill., felld með 25:22 atkv.
— 815,VIII.a, varatill., felld með 25:23 atkv.
— 815,VIII.b, aðaltill., felld með 25:21 atkv.
— 815,VIII.b, varatill., felld með 25:23 atkv.
— 784,11 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 815,IX felld með 25:23 atkv.
— 784,12 samþ. með 35:2 atkv.
— 815,X felld með 25:19 atkv.
— 815,XI.1.a, aðaltill., felld með 25:23 atkv.
— 815,XI.1.a, varatill., felld með 25:23 atkv.
— 815,XI.1.b, felld með 25:23 atkv.
— 815,XI.2 felld með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ.

**nei:** HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, JBald.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 911 felld með 25:22 atkv.
— 894,7 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 894,8 samþ. með 28:2 atkv.
— 784,13 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 815,XI.3, aðaltill., felld með 25:16 atkv.
— 815,XI.3, varatill., felld með 27:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MG, MJ, MT, ÓTh, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS.

**nei:** JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JBald.

GSv greiddi ekki atkv.

Brtt. 813,2 samþ. með 30:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, HG, HermJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JG, JS, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, EÁrna.

**nei:** FJ, GG, HV, IngP, JJ, PÞ, SE, SÁÓ, StJSt, BB, JBald.

EystJ, JörB, MT, PZ, SigfJ, ÞorbÞ, BSt, EmJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 784,14 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 815,XII.1, aðaltill., felld með 25:17 atkv.
— 815,XII.1, varatill., felld með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ.

**nei:** HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, JBald.

MT greiddi ekki atkv.

Brtt. 784,15 tekin aftur.
— 815,XII.2 felld með 25:21 atkv.
— 815,XIII felld með 25:22 atkv.
— 815,XIV samþ. með 42 shlj. atkv.
— 888,I felld með 25:21 atkv.

Brtt. 815,XV felld með 25:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ.

**nei:** JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JBald.

MT greiddi ekki atkv.

Brtt. 784,16 samþ. með 27:2 atkv.
— 815,XVI felld með 25:20 atkv.

**Forseti (JBald):** Út af aths. hv. 9. landsk. og hv. 6. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að ég mun ekki leyfa fleiri slíkar aths., því mér virðist þær geta leitt til allmikilla umr., en til þess er ekki ætlazt við atkvgr.

**ÓTh:** Ég vil aðeins spyrja hæstv. forseta, af því hann tók fram, að hann myndi ekki leyfa fleiri aths. við atkvgr., hvort hann álítur það ekki rétt þm. samkv. 34. gr. þingskapanna að gera slíkar aths. við atkvgr., ef þeir óska.

**HV:** Ég vil bara segja það sem mitt álit, að ekki er hægt að færa aths. hv. 6. þm. Reykv. undir þetta ákvæði þingskapanna, því hann var að gera grein fyrir atkv. annars þm.

**SK:** Þetta er rangt hjá hv. þm.; ég gerði grein fyrir minu atkv. líka. Ég sagði, að af því félaginu væri hagað til alþjóðarnytja, segði ég já.

**Forseti (JBald):** Það er rétt, að þm. geta gert mjög stutta grein fyrir atkv. sínu, og er þó ætlazt til, að þeir geri það einungis þegar sérstaklega stendur á. En mér virðist hv. þm. ætla að fara að taka upp þann sið að hafa langar umr. undir atkvgr. Þingsköpin ætlast ekki til slíks, og það var það, sem ég átti við.

Brtt. 905,1 felld með 25:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS.

**nei:** JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JBald.

MT, ÁÁ greiddu ekki atkv.

Brtt. 815,XVII felld með 25:17 atkv.
— 894,9.a—b samþ. með 28:2 atkv.
— 815,XVIII.a—b felld með 25:19 atkv.
— 815,XIX.a—b felld með 25:19 atkv.
— 815,XX.1.a tekin aftur.
— 815,XX,1.b.1 felld með 25:19 atkv.
— 815,XX.1.b.2 felld með 25:22 atkv.
— 815,XX.1.b.3 felld með 25:21 atkv.
— 815,XX.2 felld með 25:20 atkv.
— 815,XXI tekin aftur.
— 815,XXII felld með 25:19 atkv.
— 904,4 samþ. með 25:20 atkv.
— 918, aðaltill., felld með 25:20 atkv.
— 918, varatill., felld með 25:21 atkv.
— 815,XXIII, aðaltill., felld með 26:18 atkv.
— 815,XXIII, varatill., felld með 25:18 atkv.

Brtt. 815,XXIV felld með 25:19 atkv.
— 815,XXV felld með 26:19 atkv.
— 784,17 samþ. með 25:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, JBald.
nei: MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ.
Brtt. 894,10 samþ. með 25:18 atkv.
— 813,3 felld með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ.
nei: BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, JBald.
HannJ greiddi ekki atkv.
Brtt. 815,XXVI felld með 25:21 atkv.
— 888,II felld með 25:16 atkv.
— 815,XXVII.a tekin aftur.[1])
— 815,XXVII.b felld með 25:19 atkv.
— 784,18—21 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 815,XXVIII felld með 25:19 atkv.
— 815,XXIX felld með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ.
nei: HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, JBald.
MT greiddi ekki atkv.
Brtt. 815,XXX.a—b felld með 25:18 atkv.
— 815,XXXI samþ. með 31 shlj. atkv.
— 784,22 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 784,23 samþ. með 27:2 atkv.
— 813,4 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 784,24 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 815,XXXII tekin aftur[2]).
— 815,XXXIII felld með 25:21 atkv.
— 784,25 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 832,2.a—b felld með 25:18 atkv.
— 815,XXXIV tekin aftur af flm., en tekin upp af þm. V.-Húnv. (HannJ) og felld með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, SK, TT, ÞBr, GL.
nei: HG,[3]) HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB,[4]) PHerm, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt,[2]) BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, J-Bald.[3])
JAJ, JS, MG, MJ,[1]) MT, ÓTh, PZ, PHalld, PM, PO, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, EÁrna, GÞ, GSv, GÍ, GTh greiddu ekki atkv.
Brtt. 815,XXXV felld með 25:20 atkv.
— 815,XXXVI felld með 25:24 atkv.
— 928,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 894,11 tekin aftur
— 784,26 tekin aftur.
— 928,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 815,XXXVII tekin aftur.
— 927,I tekin aftur.
— 875,I.a—b felld með 25:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÞÞ.
nei: EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, JBald.
MT, ÞBr, ÁÁ greiddu ekki atkv.
Einn þm. (PM) fjarstaddur.
Brtt. 784,27 samþ. með 27:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MJ.
nei: ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG.
MT, JJós greiddu ekki atkv.
Brtt. 894,12 samþ. með 32:1 atkv.
— 784,28—29 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 813,5 felld með 25:21 atkv.
— 815,XXXVIII felld með 25:19 atkv.
— 815,XXXIX felld með 25:15 atkv.
— 784,30 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 916 felld með 26:14 atkv.
— 815,XL samþ. með 36:2 atkv.
— 784,31 samþ. með 37:1 atkv.
— 815,XLI felld með 25:17 atkv.
— 784,32 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 928,3 samþ. með 28:3 atkv.
— 832,I.3 felld með 25:18 atkv.
— 813,6 felld með 26:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl.
nei: JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JBald.
Brtt. 784,33 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 875,II felld með 25:20 atkv.
— 815,XLII samþ. með 38:2 atkv.
— 815,XLIII, aðaltill., felld með 24:18 atkv.
— 815,XLIII, varatill., samþ. með 39 shlj. atkv.

1) **GTh:** Vegna þess, að líkur eru til, að þessi stúdent fái styrk frá menntamálaráði, og hæstv. forseti hefir lýst yfir því í umr., að hann muni beita sér fyrir þeirri lausn málsins, tek ég þessa till. aftur.

2) **ÞÞ:** Með því að hæstv. kennslumálaráðh. hefir í dag lýst yfir því við mig, að athugun sú, er þessi till. fer fram á, skuli fara fram á næsta ári, enda þótt ekki verði veitt fé til þeirrar rannsóknar á þessum fjárl., þá tek ég till. aftur.

3) **Atvmrh.:** Það er þegar búið að lofa að greiða þessa upphæð og því ekki ástæða til að taka hana upp í þessa árs fjárl. Því segi ég nei.

4) **JörB:** Í trausti þess, að þótt þessi till. verði felld nú, láti stj. eigi að síður framkvæma þetta verk, segi ég nei.

1) **MJ:** Eftir framkomnar upplýsingar greiði ég ekki atkv.

2) **BSt:** Með skírskotum til orða hæstv. atvmrh. segi ég nei.

3) **JBald:** Jón Baldvinsson segir nei, með tilvísun til ræðu, er hann flutti í nótt og fáir heyrðu.

Brtt. 894,13 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 888,III felld með 24:5 atkv.
— 784,34 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 815,XLIV felld með 24:13 atkv.
— 815,XLV felld með 23:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, MG, MJ, MT, ÓTh, PM, SK, TT, ÞÞ, ÁÁ.
nei: BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, FJ, HannJ, JónP, JS, PHalld, PO, ÞBr, JBald[1]) greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (GL, JAJ) fjarstaddir.
Brtt. 815,XLVI.a felld með 37:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, MJ, PHalld.
nei: HermJ, HV, IngP, JJós, JÓl, JónP, JS, JG, JJ, JörB, MG, MT, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HG, JBald.
ÓTh, GSv, GÍ, GTh greiddu ekki atkv.
Fimm þm. (JAJ, SK, BJ, GÞ, GL) fjarstaddir.
Brtt. 815,XLVI.b, aðaltill., felld með 28:6 atkv.
— 815,XLVI.b, varatill., felld með 28:7 atkv.
— 815,XLVII felld með 26:10 atkv.
— 832,II tekin aftur.
— 815,XLVIII.a—b felld með 24:17 atkv.
— 784,35 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 894,14 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 784,36 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 784,37.a samþ. með 37 shlj. atkv.
— 815,XLIX, aðaltill., felld með 25:17 atkv.
— 815,XLIX, varatill., felld með 24:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, MG, MJ.
nei: PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB.
ÁÁ greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (SK, BJ) fjarstaddir.
Brtt. 784,37.b samþ. með 39 shlj. atkv.
— 384,37.c samþ. með 38 shlj. atkv.
— 384,38 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 815,L, aðaltill., felld með 24:19 atkv.
— 815,L, varatill., felld með 23:23 atkv.
— 894,15 samþ. án atkvgr.
— 813,7 felld með 24:20 atkv.
— 784,39 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 784,40 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 813,8 felld með 24:18 atkv.
— 815,LI felld með 24:14 atkv.
— 875,III.a, aðaltill., felld með 24:10 atkv.
— 875,III.a, varatill., felld með 24:13 atkv.
— 875,III.b, aðaltill., felld með 25:17 atkv.
— 875,III.b, varatill., samþ. með 26:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, JG, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, StJSt, TT, ÞBr, ÁÁ, BSt, FJ, GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, HV, JakM, JJós, JÓl, JónP.
nei: JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GG, HG, HermJ, IngP.
EÁrna, ÞÞ, JBald greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (JAJ, SK) fjarstaddir.
Brtt. 815,LII felld með 24:15 atkv.
— 815,LIII samþ. með 37 shlj. atkv.
— 784,41 samþ. með 26:5 atkv.
— 832,III felld með 26:15 atkv.
— 784,42.a samþ. með 26:2 atkv.
— 784,42.b samþ. með 28 shlj. atkv.
— 815,LIV felld með 24:12 atkv.
— 815,LV samþ. með 34 shlj. atkv.
— 784,43—44 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 815,LVI felld með 24:19 atkv.
— 784,45—47 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 832,IV samþ. með 24:22 atkv.
— 815,LVII samþ. með 29:1 atkv.
— 815,LVIII, aðaltill., felld með 24:18 atkv.
— 815,LVIII, varatill., felld með 24:18 atkv.
— 784,48 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 815,LIX samþ. með 23:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, IngP, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, MT, ÓTh, PHalld, PM, PO, TT, ÞBr, ÞÞ, ÁÁ.
nei: GG, HG, HermJ, HV, JG, JJ, JörB, PHerm, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ.
PZ, JBald greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (JAJ, SK) fjarstaddir.
Brtt. 784,49—50 samþ. með 33:1 atkv.
— 815,LX tekin aftur.
— 815,LXI tekin aftur.
— 784,51—52 samþ. með 37:1 atkv.
— 894,16 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 815,LXII felld með 24:9 atkv.
— 784,53 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 832,V samþ. með 41:1 atkv.
— 815,LXIII tekin aftur.
— 815,LXIV felld með 25:15 atkv.
— 784,54 tekin aftur.
— 905,2 felld með 24:15 atkv.
— 815,LXV felld með 25:7 atkv.
— 815,LXVI borin undir atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, GTh, HannJ, JJós, JÓl, JónP, JS, MG, MT, ÓTh, PM, PO, TT, ÞBr.
nei: GÞ, JakM, MJ, PHalld.
GG, GSv, GÍ, HG, HermJ,[1]) HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ,[2]) PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞÞ, JBald, ÁÁ, BSt, BÁ,[3]) BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (SK, BJ) fjarstaddir.
Forseti úrskurðaði brtt. fallna, vegna ónógrar þátttöku í atkvgr.
Brtt. 815,LXVII felld með 24:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, MG, MJ,

1) **JBald:** Vegna fjarveru þm. úr Sjálfstæðisflokknum, sit ég hjá, að öðru óbreyttu.

1) **Forsrh.:** Fyrir þessari fjárgreiðslu, er brtt. hljóðar um, er þegar fullkomin heimild, og greiði ég því ekki atkv.
2) **PZ:** Það upplýstist í umr. í gærkvöldi, að þessi till. er óþörf, og greiði ég því ekki atkv.
3) **BÁ:** Þar sem fengin er full vissa fyrir því, að þetta fé verður greitt, þó að ekki verði ný heimild fyrir því í fjárl., greiði ég ekki atkv.

ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, GÞ,[5]) GSv, GÍ, GL, GTh.

nei: HG,[1]) HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ,[2]) PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ,[3]) BSt, BÁ, BB, EÁrna,[4]) EmJ, EystJ, FJ, GG.

MT, ÁÁ, JBald greiddu ekki atkv.

Einn þm. (JAJ) fjarstaddur.

Brtt. 894,17.a samþ. með 30 shlj. atkv.

— 784,55.a samþ. án atkvgr.

— 784,55.b samþ. með 40 shlj. atkv.

— 894,17.b samþ. með 40 shlj. atkv.

— 815,LXVIII, aðaltill., felld með 27:18 atkv.

— 815,LXVIII, varatill., felld með 26:17 atkv.

— 832,VI felld með 26:6 atkv.

— 813,9 felld með 24:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh,[6]) PHalld, PO, TT,[7]) ÞBr, ÞÞ.

nei: BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG,[8]) HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, JBald.

JakM,[9]) JJós, MT, PZ, SK, ÁÁ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (HannJ) fjarstaddur.

Brtt. 784,56.a samþ. með 26:15 atkv.

— 784,56.b samþ. með 25:1 atkv.

— 784,56.c samþ. með 27:17 atkv.

— 784,56.d samþ. með 27:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, MJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, JBald.

nei: JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh,[1]) PHalld, PM, PO, TT, ÞÞ, GÞ, GÍ, GL, GTh.

SK, ÁÁ, GSv, HannJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 784,56.e samþ. með 27 shlj. atkv.

— 815,LXIX samþ. með 30:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HermJ, HV, IngP, JakM, JÓl, JG, JJ, JörB, MJ, MT, PHerm, PZ, PÞ, PHalld, PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, BÁ,[2]) BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, GL, GTh.

nei: JJós, JAJ, JónP, JS, MG, ÓTh, TT,[3]) ÞÞ,[4]) ÁÁ, BJ, EÁrna, GSv, GÍ, HannJ, JBald.

PM, BSt, GÞ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (SK) fjarstaddur.

Brtt. 815,LXX.a tekin aftur.

— 815,LXX.b felld með 25:17 atkv.

— 815,LXXI felld með 25:14 atkv.

— 894,18 samþ. með 32 shlj. atkv.

— 912 samþ. með 31 shlj. atkv.

**Forseti (JBald):** Þá er næst brtt. 915,I.

**Thor Thors:** Þessa brtt. hefi ég flutt til samræmis við brtt. fyrir Ísafjörð, vegna þess að margir þm. hafa tjáð mér, að sama muni ganga yfir báða þessa staði um ábyrgð fyrir rafvirkjun. Ég vil biðja hæstv. forseta um nafnakall um þessa till., af því hún felur í sér samþykkt hinnar till.

**Jónas Jónsson:** Ég vil aðeins út af því, sem hv. þm. Snæf. sagði, upplýsa það, að meiri hl. fjvn. tók aðeins þessa endurveitingu af því að þingið var búið að lofa því áður, en mjög margar aðrar till. voru ekki teknar til greina og voru teknar aftur af þm.

**Thor Thors:** Ef þessi brtt. verður felld, þá horfir málið öðruvísi við, svo mér skilst, að nafnakall verði að vera um hana, nema þá því aðeins, að hún sé samþ. án atkvgr., því það má svo fella hina á eftir, ef menn vilja.

**Forseti (JBald):** Það má vel vera, að ekki þurfi nema eina atkvgr. og skoða þá þessa brtt. samþ. án atkvgr. inn í hina brtt. og hafa svo nafnakall um hana.

Brtt. 915,I og 815,LXXII felldar með 24:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

---

1) **Atvmrh.:** Þar sem allar fjárheimildir skortir til þessara ráðstafana, sem um ræðir í till., og stj hefir engin fyrirmæli frá Alþingi við að styðjast í þessu efni, þá segi ég nei.

2) **PZ:** Með því að ég sé engin tök á því að útvega útgerðarmönnum vörur til útgerðar sinnar með því verði, sem þeir þarfnast, nema stofnað verði til einkasölu á þeim vörutegundum, þá segi ég nei.

3) **BJ:** Með skírskotum til grg. hv. 2. þm. N.-M. segi ég nei.

4) **EÁrna:** Þar sem ég hygg, að í till. felist heimild til stj. til að stofna til verzlunar með veiðarfæri og olíu til útgerðar, þá segi ég nei.

5) **GÞ:** Í tilefni af ummælum einstakra þm. nú við atkvgr., um að samkv. þessari till. verði að stofna til einkasölu á vörum til útgerðar, þá vil ég benda á, að í till. milliþn. í sjávarútvegsmálum er gert ráð fyrir stofnun rekstrarlánasjóðs til úrlausnar á þörfum bátaútvegsmanna í þessu efni, og segi ég því já.

6) **GG:** Þar sem felld hefir verið brtt. við þessa till. frá okkur hv. 2. þm. Árn., á þskj. 832, þá álít ég, að hér sé aðeins um kák að ræða, og segi því nei.

7) **JakM:** Þó að meiri hl. telji rétt að níðast á embættis- og starfsmönnum hins opinbera, sem taka laun samkv. launalögum, þá álít ég ekki, að neitt sé bætt úr skák með því að beita þá, sem ekki taka laun samkv. launalögum, sömu tökum nú á þessu þingi, þó að það sé sýnilega ætlun meiri hl. að láta lækkunina aðeins koma niður á þeim embættismönnum, sem fá laun eftir launal., og greiði því ekki atkv.

8) **ÓTh:** Ég hefi verið því andvígur að fella dýrtíðaruppbót af launum embættismanna, þar sem þau verða endurskoðuð á næsta þingi, en úr því að búið er að gera það gagnvart þeim, sem taka laun samkv. launalögum, þá álít ég herfilegt ranglæti, að það sé aðeins níðzt á þeim, og segi því já.

9) **TT:** Ég hefi álitið, að launalögin mundu koma til endurskoðunar á næsta þingi. En úr því að búið er að hreyfa við þeim nú, með því að afnema dýrtíðaruppbót á hærri launum samkv. launalögum, þá tel ég réttast, að hið sama gangi yfir þá starfsmenn hins opinbera, sem taka laun utan launalaga, og segi já.

---

1) **ÓTh:** Mig hefði langað til þess að hlusta á umr. um þetta, er gat það ekki. Ég vænti þó, að ég hafi sett mig inn í málið. Mér er sagt, að hv. 2. landsk. hafi undir umr. talið þetta góða till., sem bæri vott um það, að formaður fjvn. væri einn af vitrustu mönnum landsins, en þar sem hann kvað hafa sent honum aðra kveðju í fyrra, þá veit ég ekki, hvort ég á að láta sannfærast af þessum ummælum, og tek heldur þeim rökum, sem mér hafa borizt frá fróðari mönnum, og segi nei.

2) **BÁ:** Þó ég hafi mesta löngun til þess að greiða atkv. móti þessu, þar sem flm. eru svo margir, þá vil ég ekki láta málefnið gjalda þess og segi því já.

3) **TT:** Mér skilst af atkvgr. um aðrar till., að fjárhagur ríkissjóðs leyfi þetta ekki, og segi því nei.

4) **ÞÞ:** Með skírskotun til grg. hv. þm. Snæf. segi ég nei.

**já:** GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, HannJ, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞBr, ÞÞ, BJ.
**nei:** EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BSt, BÁ, BB, JBald.
MT, ÁÁ greiddu ekki atkv.

Brtt. 815,LXXIII felld með 25:21 atkv.
— 927,II felld með 25:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** GÞ, GSv, GÍ, GL, GTh, JakM, JJós, JAJ, JÓl, JónP, JS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, SK, TT, ÞÞ, ÁÁ.
**nei:** EystJ, FJ, GG, HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, JBald.
HannJ, MT, ÞBr greiddu ekki atkv.

Brtt. 815,LXXIV.a felld með 25:17 atkv.
— 815,LXXIV.b felld með 25:17 atkv.
— 815,LXXIV.c felld með 25:15 atkv.
— 915,II samþ. með 25:6 atkv.
— 904,5, svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
— 894,19 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 875,57 samþ. með 26:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 30:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HG, HermJ, HV, IngP, JG, JJ, JörB, MT, PHerm, PZ, PÞ, PM,[1]) PO, SigfJ, SE, SÁÓ, StJSt, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, JBald.
**nei:** GL, GTh, JakM, JJós, JAJ, JónP, MJ, TT,[2]) GÍ, HannJ, JS, MG, ÓTh, PHalld, SK, ÞÞ, GSv greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (JÓl, GÞ) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 934).

## 2. Fjáraukalög 1933.

Á 14. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt:
**Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1933** (stjfrv., A. 595).

Á 15. fundi í Sþ., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Sþ., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. er samið *eftir sömu reglum og slík frv. áður.* Að öðru leyti læt ég nægja að vísa til þeirrar aths., sem fylgja frv. Legg ég til, að frv. verði vísað til fjvn. að lokinni umr.

1) **PM:** Þótt ég sé óánægður með afgreiðslu fjárl., þá vil ég heldur samþ. þau en eiga á hættu, að þessi ríkisstj. stjórni fjárlagalaust.
2) **TT:** Ég hefi talið það skyldu Alþ. að miðla fé ríkissjóðs *eftir þörfum allra landsmanna, en ekki eftir þörfum* flokksmanna ríkisstj., eins og gert hefir verið í þessu tilfelli, og þar sem ég álít, að ríkisstj. geti ekki ranglátar farið með fé ríkissjóðs en hér er gert, þá greiði ég atkv. gegn frv. og segi nei.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 595, n. 689).

**Magnús Guðmundsson:** Þar sem hv. frsm. er ekki viðstaddur, vil ég f. h. fjvn. leggja til, að frv. verði samþ. Þetta fjáraukalagafrv. fyrir 1933 er óvenjulega lágt, og hefði ríkissjóður ekki orðið að greiða háa upphæð vegna taps á Síldareinkasölunni, hefði um sama sem enga aukafjárveitingu verið að ræða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 840).

## 3. Fjáraukalög 1932.

Á deildafundum 6. okt. var útbýtt frá Sþ.:
**Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1932** (stjfrv., A. 2).
Á 3. fundi í Sþ., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Frv. það til fjáraukalaga, sem hér liggur fyrir til 1. umr., er samið eftir till. yfirskoðunarmanna landsreikninganna, og í sama formi og verið hefir. Vænti ég, að frv. verði vísað til n. að lokinni umr. (**MG:** En hvar er LR. fyrir 1932?) Frv. um samþykkt á LR. verður lagt fyrir þingið nú á næstunni. (**MG:** Ég var að spyrja um LR. sjálfan). Ég skal sjá um, að hv. þm. fái hann.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 688).

**Frsm. (Þorbergur Þorleifsson):** Fjvn. hefir athugað frv. þetta og borið það saman við landsreikninginn og leggur aðeins til, að það verði samþ. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstaka liði þess, og óska því frv. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 29:1 atkv.
10.—12. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 839).

## 4. Landsreikningurinn 1932.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum 1932** (stjfrv., A. 3).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Nd., 12. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3. n. 528).

**Frsm. (Sigfús Jónsson):** Þetta frv. hefir verið athugað í fjhn. Hefir n. borið hvern einstakan lið frv. saman við LR. og fundið það allt vera rétt. Sömuleiðis hefir n. athugað aths. yfirskoðunarmanna og svör ráðh. við þeim, og svo till. yfirskoðunarmanna, og hefir n. fallizt á þær till. til úrskurðar, og leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

**Jakob Möller:** Ég vil einungis vekja athygli á því, að við þá breyt., að fjárlög eru rædd í Sþ., kemur afgreiðsla á LR. dálitið undarlega fyrir, ef hann er samþ. áður en búið er að afgr. fjáraukalög. Meðferðin á fjáraukal. er þar með að engu gerð, því að þegar búið er að samþ. LR., þá er um leið búið að samþ. þær heimildir til umframgreiðslu, sem í fjáraukal. felast. Það fer því ákaflega illa á því að afgr. LR. áður en Sþ. hefir lokið við meðferð fjáraukal. Auðvitað ættu þessi frv. að fylgjast að til Sþ. Þetta er vangá, sem orðið hefir í meðferð stjórnarskrármálsins á síðustu þingum, en verður líklega ekki lagfært nema með stjskrbreyt.

**Forseti (JörB):** Ed. á að vísu eftir að fá mál þetta til meðferðar, en það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að þessi 2 frv. heyra nákvæmlega saman.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 3).
Á 50. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 665).

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Ég vil aðeins vísa til þeirrar tillögu nefndarinnar, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Tekjubálkurinn samþ. með 13 shlj. atkv.
Gjaldabálkurinn samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 877).

## 5. Tekju- og eignarskattsauki.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um tekju- og eignarskattsauka** (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Eins og menn sjá af frv., er í því farið fram á heimild handa stj. til að innheimta tekju- og eignarskatt með 40% álagi fyrir árið 1934.
1933 var tekju- og eignarskattur innheimtur með þessu sama álagi, með samþykki þeirra flokka á þingi, er þá stóðu að stj. Var og reiknað með því, að sama álag yrði innheimt 1934, en vitanlega bundið eftir samþykki Alþingis, sem nú er háð óvanalega seint á árinu.
Ég vona, að þar sem svo stendur á, að hér er aðeins um framlengingu að ræða á lögum, sem

fyrrv. stjórnarflokkar stóðu einhuga að, þá verði þetta mál ekki gert að deiluefni nú. Er nú svo áliðið árs, að þegar verður að lögbinda þetta, ef innheimtan á að takast sæmilega.

Ég vænti þess, að máli þessu verði vísað til fjhn., og vil ég beina þeim tilmælum til n. að hraða afgreiðslu málsins sem mest, og vona, að hv. deild veiti því greiðan framgang. Ástæður til þessa skattauka eru eigi síður fyrir hendi nú en 1933, nema fremur sé, þar sem á árinu 1934 lenda *ýms framlög til kreppuráðstafana*, sem samþ. hafa verið utan fjárlaga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 8. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 63).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Nál. var útbýtt í upphafi þessa fundar og hljóðar svo, að þrír nm. leggja til, að frv. verði samþ., en tveir höfðu ekki tekið neina afstöðu til málsins.

Hér er að ræða um tekjur handa ríkissjóði, sem ganga eiga til þess að greiða útgjöld, sem ákveðin voru á síðasta þingi. Þótt l. þessi um tekju- og eignarskattsauka væru ekki framlengd á síðasta þingi, var það ekki vegna þess, að þm. gerðu ekki ráð fyrir, að það yrði að gera, heldur var það af því, að kosningar stóðu fyrir dyrum, og þar af leiðandi var ekki talið rétt að afgr. mál, sem ágreiningi gátu valdið og bið þoldu. Var og gert ráð fyrir, að þetta þing kæmi saman fyrr en raun varð á.

Við höfum afgr. þetta mál fljótt vegna þess, að nú er verið að innheimta tekju- og eignarskattinn, og er æskilegt, að þetta frv. nái afgreiðslu sem fyrst, til þess að innheimta skattaukans geti orðið sem mest samferða.

**Ólafur Thors:** Við sjálfstæðismenn í fjhn. höfum ekki viljað samþ. þetta frv., a. m. k. ekki að svo stöddu. Sjálfstfl. lítur svo á, að nauðsynlegt sé að skera niður útgjaldahlið fjárl. svo sem frekast er unnt. Þegar fyrir liggja till. um, hvað hægt sé að gera í því efni, þá er Sjálfstfl. reiðubúinn til samninga við stjórnarflokkana um þá skattauka, sem þörf verður fyrir til þess að hægt verði að afgr. fjárl. tekjuhallalaus. Því flokkurinn vill ekki synja stj. um þá tekjuöflun, sem til þess er nauðsynleg, þó hann vilji hinsvegar ekki á þessu stigi taka jákvæða afstöðu til einstakra tekjuaukafrv., sem fyrir liggja.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég vil aðeins benda á, að sá tekjuauki, sem hér er um að ræða, viðkemur útgjöldum ársins í ár, sem þegar er búið að ákveða. Tilboð form. Sjálfstfl., sem er allrar virðingar vert, snertir vafalaust tekjuöflun fyrir næsta ár, en vart tekjur yfirstandandi árs, sem þegar er búið að ákveða, hvernig skuli varið.

**Ólafur Thors:** Þetta er að vísu rétt hjá hv. þm. V.-Ísf., en um þetta sérstaka mál, sem nú liggur fyrir, má bæta því við, að Sjálfstfl. hefði óskað eftir, að hægt væri að komast að endanlegri niðurstöðu um tekju- og eignarskattinn, eða a. m. k. sjá betur en nú er hægt, hver afdrif stjfrv., sem fyrir þinginu liggur um þetta efni, muni verða, áður en hann tekur endanlega ákvörðun um þetta mál.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins taka það fram út af yfirlýsingu hv. þm. G.-K., að mér kemur það mjög einkennilega fyrir, að hann vill tengja þetta mál við þær aðrar till. í skattamálum, sem fram koma af hálfu stjórnarflokkanna. Er það af þeirri ástæðu, sem hv. þm. V.-Ísf. hefir þegar skýrt frá. Eins og menn vita, var gengið frá fjárl. fyrir árið 1934 og þeim útgjaldatill., sem samþ. voru á síðasta þingi, með tilliti til þess, að skattaukinn yrði framlengdur. Hygg ég, að ekki skorti viðurkenningu á því frá þeim mönnum, sem að þeim málum unnu. Finnst mér því algerlega rangt að tengja þetta frv. við það annað, sem fyrir þinginu liggur af skattamálum, og vonast ég til þess, að Sjálfstfl., sem átti þátt í afgreiðslu fjárl. fyrir 1934 og þá hefir vafalaust gert ráð fyrir, að skattaukinn yrði framlengdur, verði nú sjálfum sér samkvæmar og láti það ekki breyta afstöðu sinni, þó stjórnarskipti hafi orðið á þessum tíma. Ég sé ekki annað en allt mæli með því, að skattaukann verði að samþykkja, svo útkoma þessa árs verði eins og ætlazt hefir verið til, en það verður hún ekki, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga. Að vísu mun frv. verða samþ., þó Sjálfstfl. gangi á móti því, en andstaða af hans hálfu í framhaldi af gerðum hans í fyrra finnst mér svo mikil ósamkvæmni, að ég vonaðist til, að hann tæki málinu vel.

**Ólafur Thors:** Ég hefi ekki sagt, að afstaða Sjálfstfl. til þessa sérstaka frv. þurfi að vera sama eðlis og afstaða flokksins til annara skattafrv., sem fyrir þinginu liggja og vita að fjáröflun fyrir komandi ár. Hinsvegar hefir verið álitið rétt, að fram kæmi af hendi Sjálfstfl. sú yfirlýsing, sem ég hefi nú gefið hér í hv. d., og var talið rétt, að hún kæmi fram einmitt nú, þegar tekið er til 2. umr. hið fyrsta af frv. hæstv. stj., sem fer fram á tekjuauka.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 9. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð af stj.

**Ólafur Thors:** Sjálfstfl. óskar ekki eftir, að þetta frv. verði afgr. með afbrigðum. Flokkurinn vill tilskilja sér hæfilegan tíma til að athuga afstöðu sína til málsins, og ég býst við, að því verði lokið á mánudag.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil taka það fram enn á ný, að þær yfirlýsingar, sem hafa

komið fram af hálfu Sjálfstfl., eru á misskilningi byggðar. Þetta kemur ekki við fjárlagafrv. fyrir 1935. Hér er aðeins farið fram á framlengingu á skattalögum, sem giltu árið 1933, og fyrir því var gert ráð, þegar fjárlagafrv. fyrir 1934 var samið. Á þessu bera Framsfl. og Sjálfstfl. ábyrgð, af því að þeir stóðu að þeirri stj., sem bar það fjárlagafrv. fram. Það er því misskilningur, að þetta standi í sambandi við fjárlagafrv. fyrir 1935, og ef flokkurinn er ekki með þessari skattaaukningu nú, þá er það ósamræmi, því að hann gekk út frá því á sínum tíma, að þessi skattur yrði lagður á.

Ég vil því fara fram á, að flokkurinn taki aftur þessa beiðni, því að það er nauðsyn að hraða þessu frv., því að nú er orðið svo liðið á árið, að erfitt verður að innheimta þennan skatt, ef það dregst lengi, að þetta frv. verði afgr. sem l. frá þinginu.

**Ólafur Thors:** Mér væri mikil þökk á því, ef hæstv. ráðh. vildi venja sig af því að vera að sletta sér fram í einkamálefni sjálfstæðismanna. Ég þarf enga barnafræðslu, en það er von, að hæstv. ráðh. sé hún hugstæð, því að það er nú ekki svo langt síðan hann kom úr barnaskóla. Ég veit, hvað fyrir Sjálfstfl. vakti, þegar hann bað um þetta, og þarf einskis manns útskýringu um það. Mér sýnist það líka óviðfelldið, að hæstv. ráðh. sé að standa hér upp dag eftir dag og vera með almennar hugleiðingar um það, sem allir vita. Slíkt málþóf er óþarft, og leiðinlegt að heyra það úr ráðherrastóli.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil benda hv. þm. á, að þetta er ekki ófyrirsynju, því að það kom greinilega fram í gær, að Sjálfstfl. vildi ekki styðja þetta mál, fyrr en útrætt væri um tekjuöflunarfrv. fyrir 1935, en þetta snertir árið 1934 og kemur þessu ekki við.

**Ólafur Thors:** Þetta er leiðinlegt skilningsleysi hjá hæstv. ráðh. Ég gat þess í gær, að Sjálfstfl. teldi tímabært, þegar fyrsta skattafrv. kemur fram, að geta um það, hvaða almenna afstöðu hann tæki um tekjuaukafrv. Annars er þetta leið tilhneiging hjá honum að vilja vera að spila sig sem einhvern fræðara sér eldri og reyndari manna. Ætti hann að leggja það niður að tefja þannig tímann og auka á málalengingar, sem við viljum allir forðast. Þetta er kennsla, sem ég veiti þessum unga manni af góðum hug.

ATKVGR.

Afbrigða synjað með 10:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** FJ, GG, HannJ, HV, JÓl, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, JörB.

**nei:** GÞ, GTh, JakM, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.

Fjórir þm. (GSv, GÍ, JJós, MT) fjarstaddir.

---

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Ólafur Thors:** Sjálfstæðisfl. telur þann tekju- og eignarskatt, sem frv. mælir fyrir um, skaðlega háan, hvort sem miðað er við hagsmuni ríkissjóðs eða gjaldþegnsins, og er þess vegna andvígur því, að þessi skattur verði fastur þáttur í tekjuöflun ríkissjóðs. Þessa afstöðu sína til málsins hefir flokkurinn viljað gera alveg ljósa, en hann vill þó ekki beita sér gegn frv., vegna þess, að ákvæðum þess er aðeins ætlað að ná til eins árs, þ. e. a. s. til tekju- og eignarskatts af afkomu ársins 1933, sem nú mun vera verið að innheimta. Þessi afstaða flokksins til frv. byggist þó fyrst og fremst á því, að það er alveg fyrirsjáanlegt, að það verður halli á ríkisbúskapnum fyrir yfirstandandi ár, ef frv. nær ekki fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 11. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 8).

Á 12. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég þarf ekki að hafa langa framsöguræðu í þessu máli. Með þessu frv. er farið fram á, að fyrir þetta ár gildi sami viðauki á tekju- og eignarskatt og gilti fyrir árið 1933. Er óhætt að segja, að þegar gengið var frá fjárl. fyrir árið 1934, hafi verið gengið út frá þessum tekju- og eignarskattsauka, því væri höggið stórt skarð í tekjur þessa árs, ef frv. yrði ekki samþ. Ég vil taka það fram, að við afgreiðslu frv. í hv. Nd. kom fram yfirlýsing frá form. Sjálfstfl. á þá leið, að flokkurinn mundi greiða frv. atkv. vegna þess að gengið hefði verið út frá þessum tekjum, er fjárl. þessa árs voru samin, þó að flokkurinn hinsvegar væri ósamþykkur þessum skatti. — Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að málinu verði mjög hraðað hér í hv. d., vegna þess að innheimtu skattaukans þarf nú að hraða alveg sérstaklega. Þess vegna vil ég óska þess, með tilliti til yfirlýsingar Sjálfstfl., að frv. verði látið ganga nefndarlaust í gegnum hv. þingd. (**MJ.:** Ég óska, að frv. sé vísað til fjhn).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 8:5 atkv.

---

Á 14. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 105).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 7 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Eins og getið er um í nál. fjhn. á þskj. 105, hefir fallið niður í frv. að ákveða viðauka við eignarskatt. Í l. í fyrra var ákveðinn 40% viðauki bæði við tekju- og eignarskatt, og fjhn. er þess fullviss, að tilgangurinn var sá nú, að hafa þetta eins. Hefir þetta því fallið niður einungis af vangá, og er sennilega prentvilla. Því ber n. fram brtt. til leiðréttingar á þessu atriði og leggur til, að frv. verði samþ. með þessari einu breytingu.

Hv. 1. þm. Reykv. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og gerir hann sjálfsagt sjálfur grein fyrir því. Sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar.

**Magnús Jónsson** (óyfirl.): Ástæðan fyrir fyrirvara mínum er í raun og veru tilgreind á öðru þskj., sem ekki er tilheyrandi þessu máli. Ég tilgreindi þessa ástæðu við umr. um brtt. við 1. gr. tolll., og svipuð yfirlýsing hefir komið fram frá Sjálfstfl. í Nd.

Okkur þykir ekki fært, eins og nú er ástatt, að hækka einstaka tekjustofna mjög mikið. Við viljum heldur bjóða hæstv. stj. liðsinni okkar til að ná tekjum ríkisins með lítilli hækkun á sem flestum stöðum. Skattakerfi landsins er í því formi sem er, af því að sanngjarnt hefir þótt að ná inn sköttum með þessum hætti, að hækka allt nokkurnveginn jafnt. Kemur það betur við menn, hvernig sem á því stendur, að greiða litla viðbót á mörgum stöðum en mikla á einum stað.

Ég játa, að þetta frv. hefir nokkra sérstöðu, því að hér er ekki um hækkun að ræða frá árinu áður. Þessi viðauki var sem sé innheimtur síðastl. ár, og auk þess á hann við lið í fjárl. þessa árs, sem búið er að framkvæma að mestu leyti. Hefi ég því ekki viljað snúast á móti frv., en hefi ritað undir nál. með fyrirvara.

Ég vil hér leyfa mér að mótmæla þeim ummælum um þetta frv., sem ég hefi bæði heyrt og séð á prenti, að Sjálfstfl. hafi lofað því og samið um það á þingi 1933 að hafa þetta svona framvegis. *Ég vitna í því efni í mín ummæli á* þessu þingi, þar sem ég bæði talaði á móti málinu og greiddi atkv. á móti þessari hækkun. Ég hélt því þá fram, að 25% hækkun væri allt, sem fært væri að leggja á, vegna sveitar- og bæjarfélaga, sem verða að ná sínum tekjum *inn með tekju- og eignarskatti*. Er ekki rétt, að ríkið fari að seilast inn á þessa fjárstofna. Ég var ekki einu sinni með því að samþ. þetta í það eina skipti, hvað þá til frambúðar.

Mér þykir lakara, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessar umr. Það er leitt, að hann skuli vera fjarstaddur, þegar rætt er um skattafrv. (**Forsrh.**: Hann er við atkvgr. í Nd.). En ég vildi nota tækifærið til að svara þeim ummælum hans, sem ég heyrði í lok umr. í Nd. í gær og beint var til mín sérstaklega. Hæstv. fjmrh. bar það fram, að ég hefði við 1. umr. fjárl. sagt, að við vildum ekki veita stj. neina skattahækkun, en heimtuðum aðeins, að útgjöld fjárl. yrðu færð niður, svo að enga skattahækkun þyrfti. Hélt hann því fram, að mér hefði snúizt hugur frá því, er ég hélt þessa ræðu, og þar til ég skrifaði nál. á þskj. 104, þar sem ég væri nú með því að heimila ríkisstj. viðauka á flestum tekjustofnum, til þess að fjárl. gætu orðið afgr. tekjuhallalaus.

Það er nú ekki við því að búast, að maður geti sagt alla hluti í einni hálftímaræðu. En til þess að sýna, að mér hefir ekki snúizt hugur og að ég hefi ekkert nýtt lært í þessu máli, vil *ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna í nokkur* ummæli sjálfs mín á þingi 1933.

Við umr. um viðbótar-tekju- og eignarskatt, en það frv. var borið fram að tilhlutun þáv. fjmrh., andmælti ég viðaukanum. Þar sagði ég (C-deild, bls. 110): „Það er mín fasta skoðun, að þegar safna þarf fé í ríkissjóð á erfiðum tímum sem þessum, þá beri að dreifa sem frekast er hægt þunganum af þessum auknu byrðum, svo að hver og einn beri sem jafnast. Nú eru ekki til stórupphæðir hér á landi, engar stórtekjur einstaklinga. Ef hinsvegar væri lagður á sérstakur kreppuviðauki, þá þyrfti ekki nema 5—10% til þess að þessar ákveðnu tekjur væru tryggðar. Og ég er alveg sannfærður um, að þetta myndi gera miklu minni skaða en hækka og þar með spilla þeim skattstofni, sem er eina bjargráð bæjarfélaganna. Dreifing sú, sem er fólgin í skattakerfinu eins og það er nú, er talin heppilegasta fyrirkomulag í þeim efnum, og er ég því fast fylgjandi, að ekki verði hróflað svona stórkostlega við henni".

Þetta sýnir, að skoðun mín hefir verið sú sama 1933 og við umr. fjárl. nú. — Ennfremur segi ég (bls. 150):

„Það er algerlega rangt hjá hæstv. forsrh., að þm. vilji ekki veita stj. það fé, sem þarf til þeirra ráðstafana, sem samkomulag hefir orðið um að gera".

Ég benti síðan á það, að ég vildi veita stj. þann tekjuauka, sem þyrfti, ef farin væri sú leið, sem ég stakk upp á. Hér er ekki um að ræða neina nýja bólu, heldur gamla stefnu flokks okkar.

Ég ætla ekki að svara hæstv. fjmrh. frekar, þar sem hann er ekki viðstaddur. En hann ætti *ekki að vera að álasa mér fyrir að standa á* móti þessum skattauka, þar sem ég hefi bjargað fyrir hann 40% viðaukanum við eignarskattinn, sem hann hefði annars misst af.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson)**: Ég hefi ekki miklu að svara, því hv. 1. þm. Reykv. talaði sama og ekkert um þetta mál, heldur var með almennar hugleiðingar. Hann lýsti því sem sinni skoðun, að þegar ríkissjóður þyrfti tekjuauka, þá væri heppilegast að bæta við sem flesta tekjustofna ríkissjóðs. Sé ég ekki annað en að þetta frv. sé að þessu leyti í hans anda. Hvað þessa skoðun hv. þm. snertir mætti ganga inn á hana, ef óhætt væri að slá því föstu, að tekjustofnarnir væru ákveðnir réttlátlega. Að það sé nú ekki svo, virðist þó vera skoðun þessa hv. þm. Aftur á móti er það álit þeirra manna, sem álíta ýmsa galla á því, hvernig tekjustofnar ríkisins hafa verið ákveðnir, að það geti legið eins nærri að bæta við suma tekjustofna, fella aðra niður o. s. frv., ef það getur talizt til umbóta og felur í sér réttlátari tekjuöflun fyrir ríkið. Því er rétt að athuga, hvernig því verður betur fyrir komið, svo réttlátara verði gagnvart skattþegnunum. Hv. þm. tók það fram, um þetta mál sérstaklega, að hann og hans flokkur hefði ekki verið bundinn neinum samningum um það. Þetta kann vel að vera, að hans flokkur hafi ekki beinlínis gert samninga um þetta mál: áframhaldandi eignar- og tekjuskattsviðauka. *En með verkum sínum* hefir flokkur hans þó tekið á sig siðferðislega ábyrgð í þessu efni, því í gildandi fjárl. er geng-

ið út frá þessum skattauka, og þm. Sjálfstfl. hafa samþ. þau, eins og aðrir flokkar í þinginu, og auk þess var Sjálfstfl. þá meira að segja stjórnarflokkur. Ég þarf ekki að eyða fleiri orðum að ræðu hans; þó þm. vilji láta aths. fylgja frv., er hann samþykkur því, hefir lýst því yfir m. a. með því að skrifa undir nál. Hv. þm. telur sig hafa bjargað eignarskattsaukanum fyrir stjórnina, með því að stinga upp á því, að frv. færi til nefndar. Má vel vera, að það sé honum að þakka, að frv. fór til nefndar. En þó málið hefði nú ekki verið athugað í n., er ekki óhugsandi, að aðrir hefðu tekið eftir þessu, e. t. v. við síðari umr. Annars þurfti ekki að leggja höfuðið í bleyti til að sjá þetta, að því er virðist, og a. m. k. sá n. þennan galla á frv. þegar í stað. Ég geri ekki ráð fyrir, að við séum svo mikið vitrari sem nefndarmenn eða á nefndarfundum, að óhugsandi sé, að við hefðum fundið þetta hér í deildinni. Samt var auðvitað ekkert á móti því að vísa málinu til okkar í n., og auðvitað er það rétt, að við höfum lagað það.

ATKVGR.
Brtt. 105 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 137).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv. og endursent Nd.

---

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 137).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þessu frv. er skotið til þessarar hv. d. aftur aðeins vegna leiðréttingar, sem gerð var í hv. Ed. á prentvillu í frv. Eins og menn sjá, stóð í upphaflega frv. í 1. gr. „tekjuskatt", en en átti að vera: tekju- og eignarskatt. — Þetta hefir verið leiðrétt í hv. Ed., og vænti ég, að þessi hv. d. geti fallizt á þá leiðréttingu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 155).

---

## 6. Síldarbræðsluverksmiðja á Norðurlandi.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 15 25. jan. 1934, um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.** (stjfrv., A. 25).

Á 7. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Þegar leitað var eftir lántöku til síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi, kom í ljós, að breyta þurfti örlitið einni gr., þar sem lánsheimildin er miðuð aðeins við ísl. kr. Eina breytingin við gr. er þá í því fólgin, að upphæðin er jafnframt tilgreind í sterlingspundum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 11. fundi í Ed., 15. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 70).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Það þarf ekki að eyða mörgum orðum um þetta mál. Eins og menn vita, reyndist það nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög þau, sem hér liggja fyrir ásamt frv., til þess að hægt væri að nota lántökuheimild þá, sem er í l. frá í vetur um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi, en það var vitanlega frá upphafi tilætlunin, að lántökuheimildin yrði notuð. F. h. fjhn. hefi ég því ekki annað að segja en að hún hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 12. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 25).

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18. shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 191).

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Sjútvn. hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Breyt., sem það gerir á gildandi lögum um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi, er aðeins sú, að það er heimilað að taka lán í sterlingspundum í stað króna. Það er því engin efnisbreyting.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 242).

## 7. Bráðabirgðaverðtollur.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll** (stjfrv., A. 10).

Á 6. fundi í Ed., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. fer fram á það, að bráðabirgðaverðtollurinn, sem lagður var á með lögum nr. 11 1933, verði framlengdur fyrir árið 1935. Hygg ég af því, sem áður er fram komið í sambandi við fjárlagafrv. og þau frv., sem því fylgja, að ekki þurfi að fara um þetta mörgum orðum, en óska, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 152).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Fjhn. er á einu máli um, að ríkissjóður megi ekki missa þá tekjustofna, sem frv. fjallar um, og leggur því til, að það verði samþ.
Þetta frv., þótt að l. verði, breytir í engu l. frá í fyrra. Þess vegna kann n. ekki við, að fyrirsögn frv. sé: Frv. til l. um breyt. á l. —, og leggur því til, að fyrirsögnin verði: Frv. til l. um framlenging á gildi l. o. s. frv., — því hér er aðeins að ræða um framlenging á bráðabirgðaverðtollinum.

**Jón Baldvinsson:** Þó að ég hafi ekki í nál. gert aths. við þetta frv. og frv. til l. um framlenging á verðtolli, þá er það samt ekki svo að skilja, að ég og minn flokkur séum samþykkir þeirri skattaálagningu, sem kemur fram í þessu frv., en við eigum um það að velja og að fella niður þær framkvæmdir, sem nú er gert ráð fyrir í fjárl., og ekki er tími til að undirbúa nýtt fyrirkomulag á þessum tollum, sem unnt væri að koma í gegn á þessu þingi. Það er því sennilega ekki um annað að ræða fyrir þá, sem vilja ekki fella niður allar framkvæmdir næsta árs, en að framfylgja þessum l., enda eru þau ekki nema til eins árs.
Þessa aths. vildi ég láta fylgja þessu frv. fyrir mína hönd og míns flokks.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 152 (ný fyrirsögn) samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.**

Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 178).
Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Með frv. þessu er farið fram á, að lögin um bráðabirgðaverðtoll frá 1933 verði framlengd til ársloka 1935, því að ríkissjóður má ekki missa þann tekjuauka, sem þau gefa.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 178, n. 256).

**Frsm. (Sigfús Jónsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um framlenging á gildi l. frá 2. júní 1933 um bráðabirgðaverðtoll. Hv. Ed., sem hefir haft þetta mál til meðferðar, hefir lagt til, að frv. verði samþ., og fjhn. Nd. leggur sömuleiðis til eindregið, að það verði samþ. hér í hv. d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 330).

## 8. Verðtollur.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt.
**Frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll** (stjfrv., A. 13).

Á 6. fundi í Ed., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil leyfa mér að óska þess, að þessu frv. verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 153).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Það er sama að segja um þetta frv. eins og það, sem var hér næst áður á dagskrá (frv. um bráðabirgðaverðtoll). L. um verðtoll hafa verið í gildi mörg undanfarin ár, þannig, að þau hafa verið framlengd frá ári til árs síðan þau voru sett fyrst, og það er alveg sjálfsagt, eins og nú stendur á, að framlengja þau einnig nú. Fjhn. leggur því einróma til, að svo verði gert.

Ég skal geta þess, að það er skakkt vitnað til eldri l. í 1. gr. frv. Þar stendur 1927, en á að vera 1926. Hefir n. því borið fram till. um að leiðrétta þetta, og geri ég ráð fyrir, að það megi samþ. hana án atkvgr. Þar er aðeins um leiðréttingu að ræða, en enga efnisbreytingu.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil aðeins vísa til aths. minnar um það frv., sem var hér á dagskrá næst á undan (frv. um bráðabirgðaverðtoll).

ATKVGR.
Brtt. 153 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 181).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 181).
Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Fyrir frv. þessu þarf ekki mikla framsögu. Hér er farið fram á að framlengja hin almennu verðtollslög. Ég vil aðeins leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 181, n. 257).

**Frsm. (Sigfús Jónsson):** Það er hið sama að segja um þetta frv. og frv. um bráðabirgðaverðtollinn, að það er framlenging á gildandi tolli. Ed. hefir sömuleiðis samþ. þetta frv., og fjhn. þessarar hv. d. leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19. shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 331).

---

## 9. Úflutningur á kjöti.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti** (stjfrv., A. 32).

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er hið sama að segja um þetta frv. og bráðabirgðalögin frá 28. júní síðastl. eins og frv. um tilbúinn áburð, að það er framlenging á l. frá 19. júní 1933, sem sett voru vegna útflutnings á kjöti til Noregs og Englands. Þetta frv., ef að lögum verður, á að gilda til 1. júlí 1935, og setti fyrrv. atvmrh. bráðabirgðalög sama efnis 28. júní síðastl.

Að lokinni þessari umr. óska ég, að málinu verði vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 68).

**Bjarni Ásgeirsson:** Vegna þess að hv. þm. Ak. er ekki viðstaddur, vildi ég óska þess fyrir hans hönd og sömuleiðis fyrir n. hönd, að þetta mál gangi áfram til 3. umr.

Þegar þessi l. voru sett, þá var það vegna þeirra takmarkana, sem orðnar voru á útflutningi kjöts. Þessi l. þóttu nauðsynleg til þess að hægt væri að hafa fullt skipulag á útflutningi kjöts til annara landa. Nú er það kunnugt hv. þm., að aðstaðan hefir ekkert breytzt frá því 1933 að lögin voru gerð, og er því sýnilegt, að fullkomlega sama ástæða er fyrir hendi nú til að framlengja lögin, sem var á sínum tíma til að setja þau. N. leggur því eindregið til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 32).
Á 16. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 261).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Á Alþingi 1933 voru sett lög um útflutning á kjöti vegna takmarkana á viðskiptum í aðalviðskiptalöndum okkar með þessa vöru, Englandi og Noregi. Þessi lög voru tímabundin og giltu aðeins til 1. júlí síðastl. En þar sem alveg eins var ástatt þá og 1933 um viðskipti með þessar vörur, setti þáv. atvmrh. bráðabirgðalög um þetta efni 28. júní í sumar, sem framlengdu hin eldri lög til 1. júlí 1935. Þetta frv. fer fram á staðfestingu á þeim bráðabirgðalögum. Það hefir gengið í gegnum Nd. og verið samþ. þar mótatkvæðalaust.
Meiri hluti landbn. leggur til, að frv. verði samþ. Tveir nm. (ÞBr. og PM) voru veikir, er frv. var afgr. í landbúnaðarnefnd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 332).

## 10. Einkasala á áfengi.

Á 3. *fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:*
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi** (stjfrv., A. 11).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í frv. þessu er farið fram á, að „Áfengisverzlun ríkisins“ fái einkaleyfi til þess að framleiða hér á landi: ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger.
Núna hefir verzlunin heimild til einkaréttar á innflutningi þessara vörutegunda, en hér er farið fram á, að hún fái einkarétt til þess að framleiða þessar vörur.
Annars er óþarft að fjölyrða frekar um þetta, vegna þess að í grg. frv. er gerð ýtarleg grein fyrir þessu.
Að lokum vil ég mælast til þess, að frv. verði vísað til fjhn., að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 108 og 128).

**Frsm. meiri hl. (Sigfús Jónsson)** óyfirl.**:** Í þessu frv. eru breytingar á l. um einkasölu á áfengi, þar sem bætt er við nokkrum vörutegundum. Breytingarnar eru í því fólgnar, að í 1. gr. laganna er bætt inn heimild fyrir ríkisstj. eina til að flytja inn og framleiða ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og svo pressuger. Svo er bætt inn í 2. gr. l. eftir orðunum „Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna“: „svo og um sölu á erlendum vörutegundum, sem inn eru fluttar eða framleiddar hér, og lög þessi ná til“. Er það eðlileg viðbót, sem stafar af 1. gr.
Við 4. gr. er gerð sú breyt., að bann við sölu ríkisins til sjúkrahúsa er fellt niður. Það virðist ekki ástæða til að neyða sjúkrahúsin til að kaupa lyf annarsstaðar frá en af ríkinu.
Þá er á 7. gr. l. gerð sú breyting eftir frv., að í stað 25—75% álagningar er gert ráð fyrir, að ríkisstj. ákveði álagninguna. 9. gr. l. er breytt í samræmi við 1. gr., til þess að nægar birgðir séu af þeim vörum, sem þar eru taldar; eru það auk áfengis og vinanda ilmvötn, hárvötn o. s. frv. Breyting á 12. gr. er sömuleiðis afleiðing af 1. gr., og auk þess það nýmæli, að Áfengisverzluninni er gefinn einkaréttur til að framleiða hér á landi þessa hluti. Aðalástæður fyrir þessu frv. eru tvær. Önnur er sú, að eftirlit með iðnaðaráfengi verður léttara með því að hafa innflutning þess í höndum ríkisvaldsins, enda hefir Áfengisverzlunin einkarétt til þess að framleiða bökunardropa, hárvötn og fleira, sem spiritus er notaður í. Áfengisverzlunin hefir sérstaklega góða aðstöðu til þessarar starfsemi, þar sem hún hefir sérstakan efnafræðing og dálitla efnarannsóknarstarfsemi. Hin ástæðan fyrir frv. er sú, að það veitir ríkissjóði einhverjar aukatekjur. Ég býst að vísu ekki við, að þær verði miklar, því ég held, að sala á þessum vörum hér á landi sé lítil, og

ætti það því ekki að koma mikið í bága við hag þeirra einstaklinga, sem framleitt hafa þessa vöru.

Meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Hinsvegar hefir minni hl. n. lagt til, að það verði fellt, og mun hann færa fram ástæður fyrir því áliti sínu. Ég vil því fyrir hönd meiri hl. n. óska þess, að hv. d. samþ. frv. og vísi því til 3. umr.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** óyfirl.]: Sjálfstfl. er, eins og vitanlegt er, andvígur öllum ríkisrekstri, og náttúrlega þá ekki síst einokunarrekstri, eða þeim rekstri, sem ríkið hefir einkarétt á, og sviftir einstaklinga þjóðfélagsins atvinnu. Þetta frv. er að vísu ekki stórvægilegt. Hér er ekki um neinn stórvægilegan atvinnurekstur að ræða, og mætti þess vegna líta svo á, að ekki væri sérstök ástæða til að amast við þessu frv., sérstaklega þar sem ríkið hefir þegar einkasölu á áfengi og þessar vörur eru settar í samband við þá verzlun.

Ég orðaði það í n., að réttara væri að fá til viðtals þá menn, sem stundað hefðu þá atvinnu, sem hér er lagt til, að ríkið taki í sínar hendur. En það féll niður, því meiri hl. n. þótti ekki ómaksins vert að rannsaka þá hlið málsins.

Nú hefi ég f. h. minni hluta n. aflað mér þessara upplýsinga með því að bera málið undir þá, sem stundað hafa framleiðslu á þessum vörutegundum. Við það samtal hefir komið í ljós, að þetta frv. felur í sér verulega skerðing á atvinnu fyrir þær efnagerðir, sem eins og kunnugt er eru komnar upp hingað og þangað á landinu, en þó einkum hér í Rvík. Ég hefi fengið skriflega umsögn forstjóra Efnagerðar Reykjavíkur um frv., og ætla ég að lesa hana hér, svo hv. þdm. fái að heyra þau rök, sem fyrir hendi eru gegn því að fela ríkinu einokun á þessari framleiðslu:

„Í tilefni af frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, viljum vér leyfa oss að gera eftirfarandi athugasemdir:

Samkvæmt áfengislögunum nr. 69 7. maí 1928 má enginn flytja hingað frá útlöndum áfengi eða vínanda, sem meira er í en 2¼ %, nema ríkisstjórnin. Hefir því ríkisstjórnin ein heimild til þess að flytja til landsins og framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa), sem innihalda spíritus.

Þessum ákvæðum hefir einnig verið beitt af Áfengisverzlun ríkisins, sem hefir flutt þessar vörutegundir inn og selt þær í heildsölu til kaupmanna og veitt verzlununum innflutningsleyfi með sinni aðstoð.

Umrætt lagafrumvarp hefir því enga breytingu í sér fólgna, er breytir þeim gildandi lagaákvæðum, er snerta þær vörutegundir, sem innihalda meira en 2½ % af vínanda. Breytingin liggur eingöngu í því, að veita Áfengisverzluninni einkasölu á þeim ilmvötnum, hárvötnum, andlitsvötnum, bökunardropum og essensum, sem ekki innihalda spíritus.

Hér á landi eru mörg fyrirtæki, sem að meira eða minna leyti fást við framleiðslu á fyrrnefndum vörutegundum, og er það fjöldi fólks, sem hefir atvinnu við þessa framleiðslu. Mundi þetta fólk að sjálfsögðu verða atvinnulaust, ef umrætt frv. yrði að lögum.

Í athugasemdum þeim, er fylgja frv., er því talið til gildis, að hagkvæmt þyki, að ríkisstjórnin fái þennan rétt, þar eð það létti stórum eftirlit með notkun á iðnaðarspíritus.

Þessu er því að svara, að þegar vörur þessar eru framleiddar úr kemiskum efnasamsetningum, sem alls engan spíritus innihalda, þá getur sú iðnaðarframleiðsla ekki haft nein áhrif á eftirlit með notkun á iðnaðarspíritus.

Þá er þess getið í frv., að markaðurinn sé svo takmarkaður, að ekki séu líkur til, að iðnaður komist á það stig að vera samkeppnisfær við erlendar iðnaðarvörur af sömu tegund, ef margar stofnanir hafi hann með höndum.

Þessi iðnaður hófst hér á landi meðan allur innflutningur var frjáls. Ekki hefir borið á öðru en að hann hafi verið samkeppnisfær, enda sýnir reynslan, að hann hefir farið hraðvaxandi með ári hverju og er nú kominn á það stig, bæði að gæðum, frágangi og útliti, að hann þolir samanburð og samkeppni við erlenda framleiðslu.

Staðhæfing sú, að við framleiðslu á umræddum vörum heppnist vart sem skyldi, án spíritus, upplausn á hinum nothæfu efnum, hefir við ekkert að styðjast og er hrein fjarstæða, sem haldið er fram af þekkingarleysi. Það eru til mörg kemisk efnasambönd, sem ekkert eru skyld spíritus, en sem eru orðin mikið notuð til framleiðslu á þessum vörum, ekki aðeins hér á landi, heldur einnig erlendis.

Ef frv. þetta yrði að lögum, mundi það svipta iðnaðarfólk atvinnu, og er það tilfinnanlegt á þessum tímum.

Einnig hafa iðnaðarfyrirtæki þau, er þessa iðn stunda, bundið fé í umbúðum, áhöldum og vélum, auk þess stofnkostnaðar, sem ný iðnaðarframleiðsla hefir í för með sér. Þessi fyrirtæki mundu því verða fyrir fjárhagslegu tjóni, ef þau yrðu að hætta atvinnu sinni á þessu sviði."

Þessi umsögn ber það með sér, að önnur ástæðan fyrir þessu frv., og sú, sem í grg. frv. er talin aðalástæðan fyrir því að lögleiða ríkisrekstur á þessari framleiðslu, eða einokun, að auðveldara verði að hafa eftirlit með notkun á iðnaðaráfengi, er gripin úr lausu lofti. Er það auðskilið, þar sem iðnaðaráfengi er alls ekki notað til framleiðslu á þessum vörutegundum. Hin höfuðástæðan, sem frsm. meiri hl. fjhn. færði fyrir frv., var sú, að það gæfi ríkinu tekjur. Þar til er því að svara, að það er ákaflega athugaverð braut fyrir ríkið að taka atvinnu af sínum skattborgurum til þess að hafa ágóða af henni sjálft. Fyrst og fremst er það vafasamt, að ágóðinn verði meiri hjá ríkinu, því reynslan hefir löngum sýnt hið gagnstæða. Og rökin fyrir því, að ríkissjóður fái tekjur af þessari einokun, eru þau, að þeir „vænta" þess, að hún gefi einhverjar tekjur. Hinsvegar er engin tilraun gerð til þess að styðja þá von, þrátt fyrir það, þó að Áfengisverzlunin hafi haft þennan atvinnurekstur um lengri tíma,

og ætti því að hafa haft tekjur af honum. Það er alveg furðulegt, þegar borið er fram tekjuöflunarfrv. sem þetta, að þá skuli engin grein vera gerð fyrir því, hvað Áfengiverzlunin hafi haft undanfarið upp úr þessum atvinnurekstri. Ég verð því að ætla, að þær tekjur hljóti að hafa verið litlar eða engar, eða jafnvel að útkoman hafi verið tap. Hinsvegar hefir Efnagerð Reykjavíkur haft góðar tekjur af sínum rekstri. Einkafyrirtækið hefir haft hagnað miðað við ríkisrekstrinn, þrátt fyrir það, þó að hann væri skattfrjáls, en einkafyrirtækið hefir orðið að borga háa skatta til ríkis og bæjar. Hvers vegna hefir einkafyrirtækið staðið sig miklu betur? Hvers vegna nægir ekki Áfengisverzluninni að reka sína atvinnu í frjálsri samkeppni, eins og hún hefir gert? Það er augljóst, að hún er ekki samkeppnisfær þrátt fyrir sína góðu aðstöðu. Áfengisverzlunin ein getur notað spiritus til framleiðslunnar, sem hún segir, að hér um bil ómögulegt sé að vera án. Einkafyrirtækin fá ekki að nota hann, þó geta þau staðizt samkeppnina.

Það er alvarlegur hlutur, að nú skuli hverri einkasölufrv. reka annað í þinginu. Það er alvarlegt fyrir þá sök, að öll stefna þau að því að spilla atvinnu skattborgaranna og leggja undir ríkið, jafnvel þó að ríkið hafi tekjur af rekstrinum. Það liggur í augum uppi, að enginn vandi er að afla tekna af framleiðslu, þegar engin takmörk eru fyrir því, hve verðið er sett hátt.

Hvert stefnir í þessu efni, geta menn séð af frv., sem áðan var verið að útbýta á þskj. 148, um það, að innleiða óbeina skatta í þarfir sveitarfélaga. Annarsvegar gengur ríkissjóður svo grimmilega á höfuðgjaldstofn sveitarfélaganna, útsvörin, með hækkandi tekjuskatti, að ókleift verður fyrir þau að innheimta nauðsynlegar tekjur á þann hátt. Hinsvegar eru svo einstaklingarnir til sjávar og sveita sviptir meir og meir möguleikunum til að stunda þann atvinnurekstur, sem þeir hafa stundað, og hann lagður undir ríkið, og þar með enn rýrðir möguleikar sveitarfélaganna til þess að komast af fjárhagslega.

Ég sé ekki á þessu stigi málsins ástæðu til að gera frekari grein fyrir afstöðu minni hl. fjhn. í þessu máli. Það gefast væntanlega mörg tækifæri til þess enn á þessu þingi að ræða um þessa stefnu núv. stjórnarflokka, að draga allan atvinnurekstur og alla verzlun undir ríkisvaldið. Afleiðingunum fá menn smátt og smátt að þreifa á gegnum síminnkandi gjaldþol skattþegnanna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:12 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 15:11 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:11 atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:10 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 11).

Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 268 og 293).

**Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson)** [óyfirl.]: Í þessu máli eru komin fram tvö nál., en ástæðan til þess, að ekki er vikið að ágreiningsatriðum hv. 1. þm. Reykv. í nál. okkar, er sú, að hann var ekki á fundi er málið var afgr. Ég hefi ekki haft tíma til að athuga nál. hans, en tel víst, að hann leggi til, að frv. verði fellt. En við hinir nefndarmenn leggjum til, að það verði samþ.

Aðalatriði frv. eru, sem kunnugt er, að ríkið fái rétt til einkarekstrar á tilbúningi hárvatna, bökunardropa og annarar iðnaðarframleiðslu, sem spíritus þarf að nota í. M. ö. o., ríkisstj. veitir einkarétt til þess að flytja það til landsins og til að framleiða það hér. Það eru í raun og veru tilsvarandi ákvæði í öllu frv. út frá þessari breytingu við 1. gr. laganna.

Í 12. gr. l. frá 1928 er talað um, að verð upptækrar vöru, sem flutt er inn í landið og komi í bág við þá einkasölu, sem þá var sett á áfengi samkv. þeim lögum, renni í ríkissjóð, en því er bætt inn í þessa 12. gr., að það gildi einnig um þær vörur, sem framleiddar eru í landinu sjálfu. En í 6. gr. hefir verið tekið upp í frv. stj. ákvæði um, að andvirði þessarar vöru skuli renna í ríkissjóð. Það er auðvitað átt við ólöglega framleidda og ólöglega innflutta vöru, en þetta er nákvæmlega eins orðað í lögunum frá 1928, svo n. sýndist óþarfi að taka það upp óbreytt, því að almenn ákvæði þeirra laga gilda ennþá, og við gerum í samræmi við þetta till. um, að 12. gr. orðist eins og segir á þskj. 268. Geta má þess, að í raun og veru eru leiðréttingarnar tvær, sem við gerum, því að breytingin, sem gerð er á 12. gr. l. frá 1928, er tekin upp í tilvitnunarmerkjum, eins og hún hefði staðið í þeim lögum, sem ekki var, og fellum við þessi tilvitnunarmerki niður til þess að sýna þessa nýju breytingu. Að öðru leyti höfum við ekki fundið neinn galla á frv. og leggjum því til, að það verði samþ. óbreytt.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Þetta frv. sker sig að því leyti á skemmtilegan hátt úr öðrum frv. hæstv. ríkisstj., að hún hefir lagt það á sig að skrifa hálfa blaðsíðu sem grg. fyrir því. Annars sýnir það vel, hversu störfum hlaðin þessi stjórn hefir verið, að hún hefir aldrei mátt vera að því að skrifa grg. fyrir frv. sínum. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert, að færðar eru þessar ástæður, sem tilgreindar eru, fyrir því, að þetta frv. er fram komið. Þó hefir hæstv. stj. ekki enzt tími til

að gera grein fyrir öllum þeim ákvæðum, sem ný eru í þessu frv. M. a. er engin grein gerð fyrir því, hvers vegna nú á að afnema lagaákvæðin um álagningu, sem var í þeim lögum, sem hér er verið að breyta, en sem nú á að leggja á vald stj. Hinsvegar sver þessi grg. sig í ættina með því, að ekki er tiltakanlega djúpt lagzt við samningu hennar.

Eins og sjá má á því, sem ég hefi bent á í minu nál., er ein aðalástæðan, sem er færð fyrir þessari breytingu, sú, að með þessu sé gert auðveldara fyrir um eftirlit með spiritus til iðnaðar. En rétt á eftir í þessari sömu grg. er það réttilega tekið fram, að fram að þessu hafi Áfengisverzlunin haft einkarétt til þess að framleiða þessi hárvötn, sem notaður er spíritus í. Ég sé ekki, hver breyt. er að þessu, þar sem fram að þessu hafa einkafyrirtæki ekki haft þessa framleiðslu með höndum, og eiga heldur ekki að hafa hana hér eftir. Ég sé því ekki, hvernig aðstaðan til eftirlits getur breytzt, þó að þetta frv. verði samþ., því að þótt einhverjir búi til bökunardropa og hárvötn, sem ekki er notaður spíritus í, þá geta þau fyrirtæki ekki notað það sem skálkaskjól fyrir því að fá áfengi til iðnaðar. Ég sé því ekki betur en að hæstv. stjórn hafi slegið niður eina sína meginástæðu fyrir því, að þetta frv. er fram komið.

Önnur ástæða, sem fram kemur í grg. fyrir þessu frv., er í sjálfu sér engin ástæða, að markaðurinn fyrir þessa vöru sé svo takmarkaður, að ekki séu líkur til, að sá iðnaður komist á það stig, að verða samkeppnisfær við erlendan iðnað af sama tægi. Með þessari ástæðu virðist mér vera gengið út frá því sem sjálfsögðu, að þau fyrirtæki, sem framleiða þessa vöru, hafi ekki aðra framleiðslu með höndum. En það er hreinasta fjarstæða. Þessi framleiðsla, a. m. k. nokkuð af henni, hefir verið rekin í sambandi við önnur stærri fyrirtæki, eins og nú er ætlazt til, að Áfengisverzlunin reki þetta í sambandi við annan atvinnurekstur sinn. Og mér er kunnugt um, að ein efnagerðin rekur svona framleiðslu í sambandi við lyfjabúð sína, og það er eðlilegt, þar sem lyfjabúðir verða að hafa rannsóknarstofu og ýms þau tæki, sem sjálfsagt eru heppileg við framleiðslu þessara vara, og þess vegna verður framleiðsla á þeim eðlileg í sambandi við lyfjabúðir, eins og hún er eðlileg í sambandi við Áfengisverzlunina.

Það er tekið fram, eins og rétt er, í grg. fyrir frv., að Áfengisverzlunin hafi með höndum tilbúning á þessari iðnaðarvöru og hafi komið sér upp efnarannsóknarstofu og hafi efnafræðing í þjónustu sinni. Það hefir enginn á móti þessu, og það er ekki nema eðlilegt, að hún reki þennan iðnað í sambandi við sitt fyrirtæki, og það er enginn, sem meinar henni að gera það. Það, sem hér er farið fram á, er að meina öðrum, sem hafa jafngóða aðstöðu og Áfengisverzlunin, að framleiða þessa vöru.

Fjórða ástæðan, sem færð er fyrir þessu frv., á aðeins við tegund af þessari vöru, nefnilega pressuger; það er sérstakt og kemur þessu máli ekkert við, enda er sú ástæða borin fram fyrir því, að það sé gert til þess að gera bruggurum torveldara fyrir um útvegun á þessari vöru, sem kvað vera nauðsynleg til þeirra iðnaðar. Það hefði verið hægt að taka þessa einu vöru undir Áfengisverzlunina, ef það er álitinn nauðsynlegur liður til þess að framkvæma eftirlit með banni gegn því að brugga innanlands.

Ég verð að segja það, án þess að ég sé neitt að amast við þessu atriði, að það er ákaflega broslegt að halda, að ef það er ekki neitt annað, sem heldur bruggurunum niðri í landinu, þá sé hægt að gera það með því að gera þeim eitthvað erfiðara um að ná í þessi efni. Ég hygg, að þeir, sem grafa stór jarðhús og setja upp dýrar verksmiðjur, sem enginn má vita um, mundu finna sér einhver ráð til þess að ná í þessi efni.

Ég sé því ekki, að fyrir þessu hafi verið færð nein ástæða, sem geri þetta á nokkurn hátt æskilegt og knýjandi, nema út frá þeirri grundvallarreglu, sem komið hefir fram hjá núv. stj., að yfirleitt allur þessi atvinnurekstur, verzlun og iðnaður, færi ríkinu betur úr höndum en einstaklingunum, og það fari bezt á því að draga hann undir ríkið smátt og smátt. Það er sú skoðun, sem liggur til grundvallar fyrir þessu, en hitt er tylliástæða, sem ekki er mikils virði.

Ég verð þó í þessu sambandi að minnast á eitt, sem er sérkennilegt í þessu efni, í mótsetningu við flest önnur einkasölufrv., að ég hygg, að þær vörur, sem hér um ræðir — án þess þó að ég þori að segja það með vissu — séu að mestu framleiddar í landinu sjálfu, svo það er ekki í raun og veru um það að ræða að taka innflutningsverzlunina í hendur ríkisins, heldur er hér farið að taka fyrir aðra atvinnugrein í landinu, sem sé hinn unga og uppvaxandi iðnað, að seilast í hann líka og kæfa hann í fæðingunni. Mér finnst þessi stefna koma í mótsögn við þann áhuga, sem komið hefir fram hjá einum af hv. þm. Alþfl. með frv. og till. um að stuðla að framgangi innlends iðnaðar. Ég skil ekki, hver er meiningin, eða hvort það er tómur fláttskapur hjá þessum hv. þm. eða af hendi hans flokks, að þykjast vilja hlaða undir innlendan iðnað og ætla svo að seilast inn á svið þessarar atvinnugreinar og draga hana undir ríkið. Er það meiningin að hleypa þessum framgjörnu mönnum, sem vilja byrja á þessum iðnaði, á foraðið með því að láta þá gera tilraunir með hann, og svo þegar reynslan er fengin og atvinnuvegurinn byrjaður að blómgast, þá að seilast með ríkishramminn og taka þennan iðnað undir ríkið? Ég sé ekki neinn mun á þessum iðnaði og öðrum uppvaxandi iðnaði í landinu. Ég get hugsað mér, að það þætti ekki nema eðlilegt, að ríkið tæki að sér alla smjörlíkisgerð eða aðrar framleiðsluvörur, eins og t. d. h/f. „Hreinn“ framleiðir. Það er ekki óeðlilegt, að Áfengisverzlunin framleiði þessa dropa, en ég sé ekki neina ástæðu til þess að taka þessa vöru sérstaklega út úr og einoka hana.

Það hefir annað mál verið dregið inn í þessar umr., a. m. k. manna á milli, og það er sú rannsókn, sem framkvæmd hefir verið nú und-

anfarið á ýmsum vörum og mikið umtal hefir orðið um í blöðunum. Maður hefir heyrt því fleygt, að þessum skýrslum hafi verið stungið fram einmitt nú, til þess að vera til stuðnings hæstv. ríkisstj. í því að draga hinn unga íslenzka iðnað undir ríkið. Ef þetta er rétt, þá þarf fáum orðum að því að eyða, því að það er vitanlega alveg sjálfsagt, og engu síður játað af iðnaðarmönnum sjálfum, að það er brýn nauðsyn á að hafa strangt eftirlit, ekki aðeins með þeim vörum, sem framleiddar eru í landinu sjálfu, heldur neyzluvörum yfirleitt. Það er enginn, sem hefir á móti því, að þetta eftirlit sé framkvæmt, og þótt byrjað væri á að taka einhverja vöru til framleiðslu fyrir ríkisins reikning, þá er engu síður ástæða til þess að hafa eftirlit með þeirri vöru líka, því að þótt það sé ríkisrekstur, þá geta verið misjafnir menn, sem að honum starfa. Annars skal ég ekki gera þessar skýrslur að umtalsefni, en þó eru margir hlutir, er komið hafa fram, sem ástæða væri til að tala dálítið um, en ég verð að sleppa.

Önnur ákvæði þessa frv. eru mjög lítilfjörleg, en það er aðalatriðið í 4. gr. frv., þar sem tekið er af lagaákvæðið um hámarksálagningu, sem er ákveðin í lögunum frá 1928. Hæstv. ríkistj. tilgreinir enga ástæðu fyrir því, hvers vegna þessu ákvæði er breytt, og væri æskilegt að heyra, hverjar þær ástæður eru. Ég hefði haldið, að þegar dregnar eru svo og svo margar vörur undir þessa verzlun, sem kallaðar eru neyzluvörur, að þá væri engu síður nauðsynlegt að hafa lagaákvæði um það, hvað á þær megi leggja.

Ég tel mig nú hafa látið í ljós helztu ástæðurnar fyrir því, að ég get ekki mælt með því, að þetta frv. verði samþ. Mér finnst það óþarft og mjög skaðlegt að sumu leyti eins langt og það nær.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Hv. 1. þm. Reykv. hefir fært fram ástæður fyrir því, að hann telur sig ekki geta fylgt þessu frv., og þær ástæður eru helztar, að hann er yfirleitt á móti því, að ríkið hafi atvinnurekstur með höndum, og í öðru lagi, að hann sjái ekki ástæðu til þess að taka þessa vöru til framleiðslu af Áfengisverzlun ríkisins.

Hann benti á í þessu sambandi, að honum fyndist vera ósamræmi í grg. frv., þar sem sagt er frá því, að Áfengisverzlunin hafi einkarétt til þess að framleiða þær vörur, sem notaður er spíritus í, og svo í næstu málsgr., þar sem talað er um, að samþ. þessa frv. muni leiða af sér betra eftirlit með iðnaðaráfengi. Þessu er þannig varið, að það liggur fyrir álit þeirra manna, sem vit hafa á þessum hlutum, að það sé svo, að þær vörur, sem hér um ræðir, verði ekki framleiddar nema með því að nota í þær spíritus, og þess vegna ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að gefa frjálst að nota spíritus, sem mundi óhjákvæmilega gera eftirlitið stórum erfiðara, eða að láta það eina fyrirtæki, sem má nota spíritus, hafa einkarétt til þess að framleiða þær vörur. Þetta er höfuðástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið.

Þá vil ég minnast lítillega á þær skýrslur, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á. Það kom fram í umr. í Nd. um þetta mál skörp ádeila frá Sjálfstfl., sem var byggð á því, að það væri misskilningur, að spíritus þyrfti til þess að framleiða þessa vöru, og þess vegna brystu allar forsendur fyrir þessu frv.

Í sambandi við þetta hefir landlæknir, sem hefir fylgzt með þessu máli, séð ástæðu til þess að birta skýrslu um rannsókn, sem virðist sýna ótvírætt, að sá grundvöllur, sem frv. er byggt á, sé réttur. M. ö. o., að til þess að framleiða þessa vöru þurfi að nota spíritus, og þess vegna sé rétt sem afleiðing af því að leggja framleiðslu þessarar vöru undir Áfengisverzlun ríkisins, til þess að tryggja, að ekki séu notuð nema góð efni.

Í þessu sambandi vil ég, með leyfi hæstv. forseta, benda á atriði úr þessari grg., og til þess að hafa það sem stytzt og það breyti ekki hv. dm., skal ég ekki lesa nema það, sem kemur málinu við. Í grg. segir svo:

**„Þær vörur, sem framar öðrum og einna ískyggilegast reyndust sviknar, voru einmitt ýmsar efnagerðarvörur, eða vörur, sem svokallaðar efnagerðir framleiða.** Fer hér á eftir útdráttur úr skýrslu efnafræðingsins um rannsóknir hans á nokkrum slíkum vörutegundum."

Þessi efnafræðingur var Jón Vestdal. Svo skal ég lesa upp það, sem segir um eina þá vöru, sem um er að ræða í frv., eina tegund af bökunardropum, vanillindropana. Þar segir svo:

„Til rannsóknar voru 5 mismunandi tegundir bökunardropa, 2 tegundir af vanillindropum, 1 tegund af ananasdropum, 2 tegundir af rommdropum, 2 tegundir af sítróndropum og 2 tegundir af möndludropum."

Svo kemur það, sem máli skiptir, vanillindroparnir:

„Til rannsóknar voru 2 tegundir af vanillindropum, nr. 21—23 og nr. 46—48.

Í þessum vanillindropum fundust í nr. 21—23: 1,08 g. vanillin í 100 ccm í nr. 46—48: 1,15 g. vanillin í 100 ccm. Til samanburðar má geta þess, að í vanillindropum, sem Áfengisverzlun ríkisins framleiðir, eru 5 g. vanillin í 100 ccm., og þar sem það er einungis vanillinið, sem gefur dropunum ilm og bragð, þá eru dropar Áfengisverzlunarinnar um það bil *fimm sinnum sterkari* en þeir, sem rannsakaðir voru.

Í dropunum, sem rannsakaðir voru, var vanillinið uppleyst í glyceríni, þynntu með vatni og lituðu með sýrulit. Vegna þess hve sýnishornin voru lítil, var ekki hægt að ákveða magn glycerinsins áreiðanlega.

Sé glycerins neytt aðeins í litlum skammti, eins og á sér stað, þegar bökunardroparnir eru notaðir í kökur, þó mun ekki vera hægt að telja það hættulegt. En við 290° C og jafnvel neðar myndast úr glyceríninu acrolein, og þar sem acroleinið veldur eymslum og bólgu í húðinni og slímhúðinni og minnsti vottur þess er eitraður, verður að teljast mjög óheppilegt og hættulegt að nota í bökunardropa glycerín, því sjaldan mun vera bakað fyrir neðan 290° C.

Ef nánari rannsókn leiddi í ljós, að þessi glycerinupplausn væri engin tilviljun, heldur

alltaf notuð, mundi vera þörf að banna þvílika framleiðslu.“

Í skýrslunni er getið um fleiri tegundir en bökunardropa, sem farið er fram á, að lagt verði undir Áfengisverzlunina.

Þá kemur að því, sem landlæknir segir út af umræðunum um þetta mál í Nd.:

„Einn ræðumaður virðist hafa haft það eftir einni efnagerðinni, að til framleiðslunnar væri alls ekki notaður spíritus (og er sennilega átt við olhylalkóhol). Þetta út af fyrir sig eru mjög iskyggilegar upplýsingar, og því fremur sem þær munu vera sannar. Dr. Jón Vestdal hefir tjáð mér, að við rannsókn á innlendu hárvatni hafi það reynzt vera gert úr propylalkóhóli. En hann telur vafasamt, að propylalkóhól sé til sliks nothæft og muni það fremur verða að teljast alls ónothæft. Af rannsókn hans á bökunardropum er það nægilega upplýst, að önnur uppleysingarefni en venjulegur vínandi geti verið hættuleg og alltaf síðri, með því að vínandinn gufar burtu við allan bakstur.“

Eftir þessum upplýsingum, sem voru okkur reyndar kunnar áður en frv. var borið fram, þó að það væri ekki almenningi kunnugt, er það augljóst mál, að það er full ástæða til að leggja þessa framleiðslu, sem þarf spíritus til að framleiða, undir Áfengisverzlunina, því að ef öllum væri leyft að hafa spíritus til þessarar framleiðslu, þá mundi verða örðugt að hafa eftirlit með iðnaðaráfenginu.

Ég skal svo ekki fjölyrða mikið meira um þetta mál. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að hér væri í fyrsta sinn seilzt inn á svið iðnaðarins og hann lagður undir ríkið. En ég þóttist færa rök fyrir því, að það er af sérstökum ástæðum, að einmitt þessi iðnaður er lagður undir ríkisstofnun, og ég þykist ekki þurfa að fara langt út í að ræða um það almennt, hvort þetta frv. gefi hugmynd um það, að þeir, sem að því standa, vilji leggja iðnaðinn undir ríkið. Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. um það, hvers vegna eigi að afnema lagaákvæðið, sem er í núgildandi lögum um hámarkssálagningu á áfengi, þá vil ég segja það, að eftir reynslu þeirra manna, sem þessum málum eru kunnugastir, er það álit þeirra, að bezt sé að hafa ekki neinum föstum takmörkum bundið um álagningu á þessa vörutegund, heldur sé það ákveðið af ríkisstj. og forstöðumanni fyrirtækisins í sameiningu. Það má auðvitað um þetta deila fram og aftur, en við höfum ekki séð ástæðu til að taka nein slík ákvæði upp í þetta frv., því að þar er mjög erfitt að koma þeim svo fyrir, að þau verði ekki til þess að trufla starfsemi verzlunarinnar þegar til á að taka, en ef reynslan skyldi nú sýna, að boginn hefði verið spenntur of hátt um verðlag á þessari vöru, þá getur ríkisstj. tekið í taumana ef ástæða þykir til þess.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Mín aðalástæða fyrir því að vera á móti þessu frv., er sú, að ég sé enga ástæðu til þess, að það skuli vera borið fram. Til þess að setja ný lög þarf að færa ástæður fyrir þeim. (**Fjmrh.**: Ég var nú að færa ástæður fyrir þessu máli). Hæstv. fjmrh. var að gera tilraun til að útskýra sínar eigin ástæður, og ég verð að segja, að þær voru lítið sannfærandi. (**Fjmrh.**: Það er erfitt að sannfæra hv. þm.). Það getur verið, að það sé ekki auðvelt að sannfæra mig, og það þarf a. m. k. að færa mér einhverjar ástæður fyrir því, sem á að sannfæra mig um.

Mér fannst, eftir því sem hæstv. fjmrh. sagði, að það vera aðalástæðan fyrir því, að þessar vörur á að draga undir Áfengisverzlunina, að enginn annar en Áfengisverzlunin geti búið þær til.

Hæstv. fjmrh. sagði, að til þess að geta búið til flestar þessar vörur, sem nefndar eru í frv., þurfi spíritus, sem enginn má nota til þess nema Áfengisverzlunin. Með því að banna öðrum að nota spíritus í þessar vörur, eru þeir, eftir því, settir út úr mögulcikanum til samkeppni um framleiðslu og sölu á þessum vörum, og þar með er Áfengisverzlunin ein um þetta.

Mér þykir nú skörin fara að færast upp í bekkinn, ef á að fara að kalla þessar vörur, sem aðrir framleiða en Áfengisverzlunin, sviknar, með tilliti til þess, hvort notuð séu í þær lögleg efni, en það skilst mér af ræðu hæstv. ráðh., að dr. Jón Vestdal áliti þær vera, vegna þess að ekki sé notaður í þær spíritus. Í staðinn fyrir spíritus hafa þeir notað annað efni, sem dr. Jón Vestdal segir, að sé eitrað og geri bökunardropa, sem það sé haft í, hættulega fyrir neytendur. Annars held ég, að við ættum ekki að fara langt út í þessar eitur-umræður, því að sú skýrsla, sem dr. Jón Vestdal hefir gefið um þessar eitranir, sannar ekkert um hættur, sem af því stafi að framleiða þessa dropa með því að nota annað efni en spíritus til upplausnar. Það hafa nú fleiri gefið umsagnir um þessi efni en fræðimaðurinn Jón Vestdal, og þeir menn hafa verið ekki síður lærðir og fróðir en hann. Og þeir segja, sem mun vera mála sannast, að við munum ekki lifa einn dag svo, að við látum ekki ofan í okkur meira eða minna af eitri. Ýmist uppleysast eiturefnin ekki í líkama okkar eða þá að líkaminn framleiðir móteitur gegn þeim, sem gera þau óskaðleg.

Ég vil nú tilnefna eina sláandi ástæðu, frá sjónarmiði hæstv. ráðh. og fylgjenda hans í þessu máli, mjög sláandi ástæðu fyrir því, að þessi eiturkenning er tóm vitleysa. Landlæknirinn ætlar ekkert að amast við því til áramóta, að okkur verði byrlað þetta umþráttaða eitur, og hann ætlar að lofa okkur að éta það í friði til áramóta. Ég býst við, að hvorki hæstv. ráðh. né aðrir mundu ætla landlæknirnum okkar það, að hann dragi neitt af því, ef hann áliti hér vera nokkra hættu á ferðum. Hann hefir því dæmt þessa eiturkenningu eintóma vitleysu. En ef landlæknirinn vissi, að eitur væri látið í neyzluvörur, en ætlaði samt að lofa mönnum að neyta þeirra í nokkra mánuði, og ef hann héldi, að þetta eitur væri skaðlegt fyrir heilsu manna, þá væri þetta ógurlegt afbrot hjá landlækni, og væri fyrir það skyldast að setja hann frá embætti. Það getur enginn hrakið.

Mér finnst hæstv. ráðh. hafa gengið svo frá þessu frv., að óþarft sé að samþ. það. Hann hefir haldið því fram, að spíritus sé nauðsynleg-

ur til framleiðslu á þessum vörutegundum, og enginn má framleiða þessar vörur með spíritus nema þessi eina stofnun, Áfengisverzlun ríkisins. Eftir því ætti að vera óþarft að setja það í lagasetningu sérstaklega nú, að ríkisstj. ein megi framleiða þessar vörur.

Það, sem réttast hefði verið gagnvart þeim, sem framleiða þessar vörur aðrir en Áfengisverzlunin, er að hafa eftirlit með því, að þeir noti til framleiðslunnar þau beztu efni, sem þeir hafa yfir að ráða. En hitt getur ekki náð neinni átt, að kalla vörur þeirra falsaðar fyrir það, þó þeir hafi þurft að nota önnur efni við framleiðslu þeirra heldur en þau allra heppilegustu.

Ég skal ekki deila um álagningarákvæði frv. Það hefir verið sagt, að nokkuð hafi verið eftir geðþótta vissra manna lagt á vínin fram að þessu. En það er eins og það sé trygging í því fyrir löggjafann, að ákveðið sé að leggja einhvern hundraðstoll á vörur, sem Áfengisverzlunin verzlar með, og því fleiri sem vörurnar eru, því meiri ástæða er til þessa. Ég veit ekki, hvað tekið er fram um þetta atriði í samningnum við Spánverja um undanþáguna frá bannlögunum. Þó var það tekið fram í þeim samningi, að við mættum ekki með löggjöf gera neinar þær ráðstafanir, sem gerðu undanþáguna að engu. Ef þau hámarksákvæði, sem nú gilda um álagningu á vín, eru afnumin, og það gersamlega lagt á vald ríkisstj. og forstjóra Áfengisverzlunarinnar, hve há álagningin skuli vera, þá er Spánverjum þar með gert torvelt að hafa eftirlit með sölu spánskra vína hér. Ég skal ekki segja, hvort álagningarákvæði frv. er alveg ótækt, en ég álít, að það sé rétt að athuga það gaumgæfilega. Því að þótt samningur þessi við Spánverja sé í sjálfu sér nauðasamningur, þá er hann þó samningur við aðra þjóð, sem við verðum að halda.

**Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson)** óyfirl.: Hv. 1. þm. Reykv. var óvart að bera í bætifláka fyrir stj. fyrst í ræðu sinni. Á tóninum var þó auðheyrt, að það var ekki gert í fullri alvöru. En hann flutti fram þau rök, að stj. hefði ekki haft tíma til að undirbúa öll mál á svo skömmum tíma, sem hún hafði til þess, og að greinargerðir með frv. væri ekki eins ýtarlegar og æskilegt væri. Það var rétt hjá hv. þm., þó að það ætti að vera háð um stj., sem hann sagði, að stj. hafði eina tvo mánuði til þess að undirbúa öll þau mál, sem hún hefir lagt fyrir þetta þing. Ég efast um, að nokkur stj. hafi fyrr tekið við völdum svo skömmum tíma fyrir þingsetningu eins og þessi stj. Þess vegna komu líka stjfrv. ekki fyrr en vika var liðin af þinginu. Þetta er skiljanlegt, því að það var varla von, að gamla stj. færi að undirbúa mál fyrir þetta þing. Ég geri ráð fyrir, að hún hafi lagt að sér hendur þegar hún sá, hvernig kosningarnar fóru í vor.

Það, sem hv. 1. þm. Reykv. finnur að frv., sem hér liggur fyrir, er m. a. það, að ríkisstj. hafi, ef það verður samþ., vald til þess að ákveða álagningu á vöruna. Ég álít þetta ákvæði frv. rétt og sanngjarnt, því að það mundi vera erfitt ef álagningin væri takmörkuð með l., að leggja svo á allar tegundir, sem inn eru keyptar, að það gæti ekki komið í bága við l. og gefið einstökum spekúlöntum átyllu til þess að safna saman einhverjum brennivínskaupendum og fá yfirlit yfir, hvað þeir hefðu verið snuðaðir. Þetta hefir verið gert, og ég álít, að álagningarákvæði þessi eigi að vera ótvíræð, til þess að enginn geti gert sér það að atvinnuvegi að hafa fé út úr ríkissjóði með málaferlum, eins og reynt var á þennan hátt.

Þá sárnaði hv. þm. það, hversu tómlátur hann sjálfur hefir verið að vinna fyrir iðnaðarmálin í landinu. Hann, sem er 1. þm. Reykv. — en í Rvík er mestur iðnaður á landinu, og sívaxandi —, honum sárnar nú, að hann skuli ekkert hafa gert fyrir iðnaðarmenn, þessa fjölmennustu stétt í höfuðstaðnum. Þess vegna skensar hann nú jafnaðarmenn fyrir það, að þeir bera fram till. til gagns fyrir iðnaðinn, og kallar þetta frv. tóman fláttskap af þeirra hálfu. En hvað er iðnaður? Er ekki iðnaður það, að innlendir menn fái að gera þá hluti sjálfir, sem við annars þyrftum að kaupa og höfum keypt frá útlöndum? Þó að ríkið standi fyrir framleiðslu þeirra vara, sem taldar eru í frv., þá er það þó innlendur iðnaður. En kannske hv. þm. hafi svo lítinn skilning á iðnaðarmálum, að hann áliti ekkert iðnað annað en það, sem einstakir menn hafa með höndum? Það er jafnt um innlendan iðnað að ræða, hvort sem ríkið lætur gera þessa hluti eða apótekin. En í raun og veru er það, sem hv. þm. er að fiska í kringum, að hann vill, að apótekin hafi með höndum framleiðslu þeirra vara, sem í frv. getur, en ekki ríkisstj. Þó að ríkisstj. taki í sínar hendur framleiðslu þessara vara, þá vinna þó að framleiðslunni innlendir menn, og það er aðalatriðið í þessu efni.

Þegar keyptir eru bökunardropar eða hármeðul, þá vita fæstir kaupendur annað um gæði vörunnar en það, sem stendur utan á glasinu. Auðvitað dettur engum í hug að segja neitt annað en gott um sína vöru í opinberri auglýsingu. Það eru til margar sögur um það, hvernig úrsmiðir hafi stundum haft það, þegar úrum hefir verið komið til þeirra í viðgerð. Þá er sagt, að þeir hafi sumir blásið í úrin og sett upp fyrir það 5 til 6 krónur á hvert úr. Hvernig áttu svo eigendur úranna að geta vitað, hvort ekki þurfti að taka öll verkin í sundur til þess að hægt væri að gera við þau?

Þegar menn kaupa húsgögn hjá trésmið, þá geta þeir nokkuð séð, hvernig þau eru. En um iðnaðarvörur er almenningur í því tilliti alveg varnarlaus. Menn, sem t. d. kaupa bökunardropa eða hárspíritus, geta fæstir nokkuð séð á vörunni, hvort nokkurt gagn er að henni eða ekkert. Það er skiljanlegt, þó að iðnaðurinn hér sé á villigötum í þessu efni, vegna þess, að í þessu atriði hefir hann verið eftirlitslaus hjá okkur. Fyrst á þessu ári hefir verið byrjað að rannsaka þessa hluti hér, og mér finnst, að hv. 1. þm. Reykv. ætti ekki að hafa það á hornum sér, þó að þessir hlutir séu rannsakaðir, því að ég veit ekki betur en að sessunautur hans og samflokksmaður hv. 1. þm. Skagf., eigi með

réttu hlut í þeim heiðri, að þessi rannsókn var hafin.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þessi rannsókn dr. Jóns Vestdals hafi verið bezt á meðan enginn andmælti henni. Það er svo sem alveg gefið, að þeir, sem sagt er um, að búi til vörur, sem ekki séu góðar, reyni að koma fram andmælum gegn þeim umsögnum. Ég hefi oft séð og heyrt auglýsingar frá þessu eða hinu firma eða verzlun, og það má sjálfsagt trúa mörgum þeirra. Í þessum auglýsingum hefir verið sagt, að þessi eða hin iðnaðarvara sé ekki svikin, en eftir auglýsingunum hefi ég ekki getað vitað, hvaða vörur hafa verið ósviknar. Álíka mikið er hægt að átta sig á því, þó að iðnaðarmenn komi saman á fund og samþykki, að þessar rannsóknir dr. Jóns Vestdals hafi ekkert við að styðjast.

Hv. þm. var að hafa eitthvað eftir „fróðum mönnum". Þetta minnir mann ósjálfrátt á það, þegar Gróa heitin á Leiti staðfesti sögur sínar með því að segja: „Ólyginn sagði mér". Það eru engin rök á móti rannsóknum efnafræðingsins dr. Jóns Vestdals, þó að einhverjir hv. þm. standi upp og haldi því fram, að á þeim sé ekkert að byggja, og beri fyrir sig ummæli einhverra manna, sem hv. þm. kalla „fróða menn".

Ég álít, af þessum ástæðum — að almenningur er varnarlaus gegn hættunni á að sumar þessar vörur, sem ríkið á samkv. frv. að taka að sér að framleiða, geti verið miður góðar, eins og nú er hagað framleiðslu þeirra —, að ekki megi eiga neitt á hættu um það, að þær verði gerðar verr úr garði en vera á, og því sé rétt að ríkið taki í sínar hendur framleiðslu þeirra, þó ekkert tillit sé tekið til þess, hvort það léttir eftirlit með notkun iðnaðaráfengis eða ekki, þó að hæstv. fjmrh. leggi nokkuð upp úr því.

Ég fæ ekki séð, að hv. 1. þm. Reykv. hafi komið með nokkur rök fyrir sínu máli í þessu efni. Hann hefir aðeins skýrt frá sinni sannfæringu, að hann álíti það vitleysu, að ríkið fari að vasast í þessu.

Ég geri ráð fyrir, að ríkissjóður eigi að hafa af þessu einhverjar tekjur, því að í frv. er um vörur að ræða, sem má leggja nokkuð á, því að þær eru ekki svo bráðnauðsynlegar, nema pressuger, sem auðvitað verður að selja með sem vægustu verði.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Mér fannst hv. 1. þm. Reykv. í ræðu sinni ganga inn á röksemdir mínar, að þau skilriki, sem fram hafa komið í málinu, sýni, að ekki sé hægt að framleiða þær vörur, sem ég nefndi, svo boðlegar séu, nema með því að nota í þær spíritus.

Þá er það, sem um er deilt, hvort sú aðferð sé réttari, að leyfa fyrirtækjum yfirleitt að nota spíritus í þessar vörur, eða hin, að þetta falli allt undir áfengisverzlunina. Ég álít, að þetta eigi að falla undir Áfengisverzlunina — og þess vegna er frv. komið fram — heldur en að hverjum og einum sé leyft að hafa spíritus með höndum, því að örðugt eftirlit mundi fylgja því.

Hvað því viðvíkur, að ekki sé hægt að framleiða bökunardropa, nema með því að hafa í þá spíritus, og að Áfengisverzlunin hafi þegar einkarétt á því og sé því ein um framleiðslu þeirra, þá er það ekki allskostar rétt. Það er hægt að framleiða vöru, sem kölluð er þessu nafni, án þess að hafa í hana spíritus, og sem því er 2. eða 3. flokks vara, án þess að almenningur viti, hve langt hún stendur að baki 1. fl. vöru. Það er einmitt þetta, sem hægt er að fyrirbyggja með því að gefa ríkisstj. einni heimild til að flytja inn eða framleiða þessa vöru ásamt fleirum, sem nefndar eru í frv.

Hv. 1. þm. Reykv. segir, að þetta sé „bara svona fræðimennska", sem kemur fram í þessu skjali, sem ég las upp úr og er skrifað af sérfræðingi. En ef á að hætta að leggja neitt upp úr því, sem kemur fram frá slíkum mönnum, þá verður erfitt að átta sig á flóknum hlutum.

En hinsvegar hafði hv. 1. þm. Reykv. að orðtaki í sinni ræðu: „Svo segja fróðir menn". Ég ætla að láta áheyrendur okkar hv. þm. um að ákveða hver fyrir sig, hvort eru meiri rök, að lesa upp úr greinargerð sérfræðings um málið eða að slá aðeins fram þessari setningu til stuðnings sínu máli: „Svo segja fróðir menn'. Ég legg ekkert upp úr þessu tali hv. þm. um þessa „fróðu menn".

Allt tal hv. 1. þm. Reykv. um, að landlæknir ætli að lofa okkur að éta eitur til áramóta, er ekkert annað en útúrsnúningur. Í grg. dr. Jóns Vestdals stendur ekkert, sem gefur til kynna, að um banvænt eitur sé að ræða í þessu sambandi, heldur, að ýmist vanti í vörurnar efni, sem eigi að vera í þeim, eða að í þeim séu efni, sem geti verið hættuleg. Það er, að dómi sérfræðingsins ekki um svo bráðhættulegt eitur að ræða í þessum vörum, að þær beri þess vegna að gera upptækar. En full ástæða er þó til að gera út af þessu þar ráðstafanir, sem gerðar eru í frv.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** óyfirl.: Ég skal, út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, játa, að ég gekk inn á hans röksemdir í ræðu minni, af því að þær eru allar á móti frv. Þess vegna var ég hjartanlega sammála því, sem hann sagði. Ég ætla ekkert að vera að tyggja þetta upp aftur. En það er augljóst, að hans röksemdir sönnuðu, að frv. er óþarft, af því að þær vörur, sagði hann, sem með frv. á að einoka undir áfengisverzlunina, getur enginn búið til, svo vel sé, nema áfengisverzlunin. Eftir því hljóta allir aðrir framleiðendur vörunnar að hafa svo óhagstæða aðstöðu, að þeir geti ekki keppt um framleiðsluna.

Ég kalla gagnslausa fræðimennsku allt tal og skrif um eitur í umræddum vörum, því að ef landlæknir hefði álitið þetta mjög umtalaða eitur skaðlegt eða hættulegt, þá hefði hann fyrirbyggt notkun þess. En með því að leyfa notkun þessara vara svo mánuðum skiptir enn, þá hefir hann óbeinlínis fellt sinn dóm í málinu þannig, að allt þetta eiturhjal sé tóm vitleysa. Annars hefði hann ekki leyft neyzlu þessara vara stundinni lengur.

Fróðir menn segja, að vinna megi gull úr sjó. En hvers vegna rjúka menn ekki til og vinna

gullið úr sjónum, fyrst það er þar til. Það er auðvitað af því, að það er þar svo hverfandi lítið, að menn hafa aðeins fundið það með nákvæmustu efnarannsóknum. Sama hlýtur að gilda um eitrið í bökunardropunum, og er framkoma landlæknis næg sönnun þess.

Viðkomandi „fróðu mönnunum" minum ætla ég bara að segja það, að það mætti líka lesa nöfn þeirra og skrif af blöðum eins og nafn og skrif Jóns Vestdals er hér af sumum hv. þm. í hávegum haft. Þessir fróðu menn hafa haft prýðileg skilyrði til að rannsaka og dæma um það, sem ég í ræðu minni gat um.

Hæstv. ráðh. virðist bera frv. fram af umhyggju fyrir þeim mönnum, sem ekki vita um gæði vara þessara, vegna þess að þeir hafi ekki aðstöðu til þess. Nú er það vitanlegt, að um allan heim er fullt af 2., 3. og 4. flokks vörum. Það er ekkert athugavert við það að framleiða slíkar vörur, ef skýrt er rétt frá því, hvenær varan er 2., 3. eða 4. flokks vara, og margir kaupa þessar vörur, af þeirri ástæðu að þær eru ódýrari.

Það er augljóst, að efnagerðir utan áfengisverzlunarinnar geta ekki framleitt 1. flokks vörur nema þær hafi þau efni, sem til þess þarf. En að dæma vöru falsaða þó hún sé ekki 1. flokks vara, nær auðvitað engri átt. 3. flokks fiskur er t. d. ekki falsaður, ef kaupandi veit, að hverju hann gengur.

Hv. 4. landsk. kom fram fyrir hönd stj., eins og hann er vanur. Í Englandi er það sérstakur maður, sem er málsvari stjórnarinnar. Það lítur út fyrir, að stj. hafi tekið upp þessa venju. Hv. 4. landsk. má ekki heyra það, að stjfrv. séu illa undirbúin. Hann segir, að það stafi af því, að stj. hafi svo mikið að gera, að hún megi ekki vera að því að undirbúa frv. vel. En stj. hefir auðvitað nóg tækifæri til þess að undirbúa frv. betur. Hún þarf ekki annað en fá sér aðstoðarmenn til þess að gera það, sem hún hefir ekki sjálf tíma til þess að gera. Hún getur t. d. látið hagstofuna hjálpa sér. Það dugir ekki að tefja þingið á meðan verið er að ná í upplýsingar um hvað eina. En annars hefir hæstv. stj. ekki verið að afsaka sig, heldur hefir hv. 4. landsk. verið að afsaka hana.

Hv. þm. sagði, að ég hefði verið tómlátur í iðnaðarmálum undanfarið. Það getur auðvitað verið, að ég hafi verið of tómlátur í þeim, en þó er það svo, að iðnaðarmenn hafa oft komið til mín og beðið mig að flytja sín mál hér fram á þingi. Og ef mér hafa líkað þau, hefi ég borið þau fram. Það er kannske minna en það hefði átt að vera. En ég hefi aldrei leitað til iðnaðarmanna í þeirri trú, að æ sér gjöf til gjalda. Það er auðvitað gott, ef einhver leitar þá uppi. Ég er glaður yfir því, ef þeirra mál fá framgang hér á þingi. Ég hefi viljað vera einlægur við þessa stétt. Ég hefi viljað, að það kæmi upp sjálfstæð iðnaðarmannastétt í landinu.

Hv. þm. sagði, að ég vissi lítið, hvað væri iðnaður. En hann sýndi sína þekkingu á þann hátt, að hann þekkir engan iðnað nema í sambandi við apótek. Hann þrástagaðist á því, að það væri alveg eins gott, að ríkið hefði þetta eins og apótekin. Eru það apótekin, sem bræða síld, smíða húsgögn eða brugga öl og gosdrykki? Ég held nú, að þessi hv. þm., með þessari þekkingu sinni, sé ekki fær um að taka aðra í skóla hvað iðnað snertir.

Hv. þm. gaf yfirlýsingu, sem mér þótti vænt um að heyra. Hann skýrgreindi, hvað iðnaður væri, og sagði, að það væri það, sem innlendir menn ynnu að. En svo hélt hann áfram og sagði, að innlendur iðnaður væri heppilegri í höndum ríkisins heldur en einstakra manna. Hann sagði, að það væri heppilegt, að ríkið ræki þetta, því að allir aðrir hefðu falsaðar vörur. Flestar iðnaðarvörur eru nú þannig, að kaupandi getur ekki vitað, hvernig varan er. Með öllum slíkum iðnaði þarf að vera nákvæmt eftirlit og mat. Það þarf að gæta þess vandlega, að vörurnar séu ekki blandaðar eiturefnum. Það á að líma miða á vörurnar, sem segja til, hvort það er 1. fl., 2. fl. eða 3. fl. vara, og láta svo kaupandann um það, hvað hann vill kaupa. En þetta fer forgörðum, þegar ríkið tekur vörurnar í sínar hendur. Þar sem menn gátu áður valið, hvaða vöru þeir vildu kaupa, þá verða menn nú að taka við því, sem ríkið býður þeim. Það er líkt og með svarta neftóbakið, sem átti að venja menn á að nota, þar sem ekki mátti selja annað tóbak. Hv. þm. gat um úrsmíðina og sagði, að þeir gætu falsað vörur sínar. Hann sagði frá úrsmið, sem hefði einungis blásið í úrið og tekið 5 kr. fyrir. Vill hv. þm., að ríkið taki að sér úrviðgerðir. Heldur hann, að það sé ómögulegt að tryggja ófalsaðar úrviðgerðir nema ríkið blási í úrið? Það er auðvitað mál, að það er stefna hv. 4. landsk., að ríkið seilist eftir allri verzlun og öllum iðnaði.

**Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson)** óyfirl.: Það var ánægjulegt að hlusta á rök hv. 1. þm. Reykv. Ég hefi oft heyrt hann flytja ræður og veit, að hann er vanur að finna bláþræðina í röksemdum andstæðinganna, en ég hefi sjaldan heyrt hann eins „blankan" og hann var núna. Hann var alltaf í kantinum á röksemdum andstæðinganna, en kom aldrei nálægt aðalefninu. Ég hefi talað um frv. eingöngu, en það er á þá leið, að ríkisstj. taki í sínar hendur framleiðslu nokkurra vörutegunda, sem tilgreindar eru í frv. Hv. 1. þm. Reykv. talaði þannig, að hér væri um það að ræða, að ríkið legði undir sig allan iðnað í landinu. En hér er alls ekki farið fram á það. Hv. þm. sagði, að iðnaðarmenn hefðu oft komið til sín og beðið sig að bera fram þeirra mál. Þetta má vel vera. En ég er hræddur um, að skýrgreining hans á því, hvað séu iðnaðarmenn, sé skökk. Hann talaði þannig eins og iðnaðarmenn væru eingöngu atvinnurekendur, sem ættu fyrirtækin sjálfir. En hann gleymdi öllum þeim, sem vinna að iðnaði án þess að eiga fyrirtækin sjálfir. Hv. þm. sagði, að hann hefði viljað vera einlægur í starfi sínu fyrir iðnstéttina í landinu og viljað með till. sínum skapa sjálfstæða stétt. Trúi nú hver því, sem hann vill um það. Hann sagðist vilja skapa sjálfstæða stétt. Ég veit nú ekki, hvernig hann ætlar að fara að því. Hann ætlar þó víst ekki að hafa það samvinnufélag, þar sem allir bera jafnt frá borði. Hann gekk víst út frá því, að

iðnstéttin væru þeir, sem ættu iðntækin, en ekki þeir, sem ynnu hjá öðrum. Ég skil nú, hverskvegna hann berst gegn frv. Hann hefir ekki hagsmuni almennings fyrir augum. Hann hugsar eingöngu um að vernda þá, sem eiga iðjufyrirtækin.

Þá sagði hv. þm., að ég þekkti engan iðnað nema í sambandi við apótek. Það er nú kunnugt, að apótekin framleiða mikið af þeim vörum, sem á að taka undir ríkið samkv. frv., enda mun mikið af mótstöðunni gegn frv. þessu runnið þaðan. (**MJ:** Frá apótekunum?). Já, að langmestu leyti. Hv. 1. þm. Reykv. rekur erindi þeirra í þessu máli. Ég játaði í ræðu minni, að það væri eðlilegt, að svona væri farið með fleiri iðnvörur. Eins og nú standa sakir, er þetta allt framleitt eftirlitslaust, en almenningur hefir ekki skilyrði til þess að dæma um þessar vörur. Með þessu frv. er tvennt unnið, bæði það, að tryggja almenningi, að hann fái góðar vörur, og líka hitt, að þá þarf ekki að hafa eftirlit með mörgum fyrirtækjum, en það gefur að skilja, að það hlyti að vera miklu dýrara. Eða heldur hv. þm., að menn myndu stimpla á vöru sína, að hún væri svo og svo léleg, ef ekkert eftirlit væri með framleiðslu þeirra? Nei, samkeppnisandinn blæs mönnum alls ekki slíku í brjóst.

Hv. þm. sagði, að ég hefði talað um það, að úrsmiðir fölsuðu vörur sínar. Þetta er ekki rétt. Ég sagði, að almenningur hefði ekki skilyrði til þess að dæma um úrviðgerðir, og að sú saga gengi meðal almennings um einn úrsmið, að hann hefði einungis blásið í úrið og tekið 5 kr. fyrir. En allar iðnvörur eru ekki þannig. Almenningur getur t. d. dæmt um það, hvort sumar matvörur eru falsaðar eða ekki.

Hv. þm. virtist taka létt þá rannsókn, sem fram hefir farið á íslenzkum efnivörum. En mér finnst hún ískyggileg. Nafngreindur vísindamaður hefir rannsakað 28 vörutegundir og skýrt frá því, að 12 teg., eða 43%, væru falsaðar eða jafnvel hættulegar til neyzlu. En það er nauðsynlegt að bæta úr þessu, því það er háskalegt fyrir iðnaðinn, ef almenningur hefir vantrú á þeim vörum, sem framleiddar eru hér á landi, og vill heldur erlendar vörur. Mér finnst það hafa sýnt sig, að það þarf að hafa eftirlit með iðnaðinum, og að það sé því rétt, að ríkið taki þetta í sínar hendur og selji almenningi ekki annað en það, sem auglýst er. Enda hefir ríkið enga tilhneigingu til annars. Auk þess er þetta tekjustofn fyrir ríkið. — Ég ætla svo að ljúka máli mínu, og býst ég við, að frv. verði samþ. þrátt fyrir mótstöðu hv. 1. þm. Reykv., enda hefir hann ekki sagt annað en það, sem flokksbræður hans tóku fram í Nd.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Ég ætla að láta hv. 4. landsk. um það, að ég hafi alltaf verið í brún málsins, en hann hafi sjálfur alltaf verið í kjarna málsins. Hann segir, að ég haldi því fram, að iðnaðarmenn séu eingöngu atvinnurekendur. Ég get nú sagt þessum hv. þm. það, að kjör atvinnurekenda og þeirra, sem vinna hjá þeim, eru í mörgum tilfellum sameiginleg. Ef iðnfyrirtækin blómgast, skila þau arði til þeirra, sem vinna við þau. Og ef iðnaðurinn er frjáls, þá getur hver og einn, sem vinnur við iðnaðinn, orðið sjálfstæður atvinnurekandi, ef honum gengur vel. Ef iðnaðurinn blómgast, þá er það gott bæði fyrir yfirmenn og undirgefna. Það er heldur ekki gott að gera alla menn að undirgefnum.

Ég minntist á apótekin, en hv. 4. landsk. gat ekki litið út fyrir apótekin. Hann sagði, að mótstaðan gegn frv. væri komin frá apótekunum. Ég hefi nú satt að segja ekki heyrt minnzt á það fyrr. En ég veit, að apótekin hafa ekki skapað minar pólitísku skoðanir. Og skoðun mín á þessu máli er aðeins einn liður í minni pólitísku skoðun yfirleitt. Ég tel það bezt fyrir þjóðfélagið, að þetta sé í höndum einstaklinga.

Heldur hv. þm., að úti í löndum, þar sem eru verksmiðjur, sem senda frá sér jafnvel milljónir af glösum, sé skoðað í hvert glas um leið og búið er að hella í það. Slíkt nær auðvitað engri átt, en fyrirkomulagið er auðvitað þannig, að sýnishorn eru tekin og prófuð, og ef varan reynist ekki eins og hún á að vera, þá er hún gerð upptæk. Það nær auðvitað engri átt að hafa ekkert eftirlit í okkar dvergiðnaði. Það er auðvitað stórháskalegt fyrir iðnaðinn. Því iðnaðarmönnum er það nauðsynlegt fyrst og fremst, að eftirlitið sé strangt. Ég vítti, hvernig rannsóknum Jóns Vestdals hafi verið slöngvað út athugasemdalaust. Jóni Vestdal virðist hafa komið það á óvart, að skýrslur hans voru birtar. Síðan hefir komið í ljós, að eitrið í vörunum var ekki skaðlegt og að margt af vörutegundunum voru útlendar vörur, og ennfremur, að smjörlíkið, sem rannsakað var, var gamalt og er nú ekki lengur í verzlunum, en þetta hefði getað varpað skugga á allt annað smjörlíki. Ég verð að segja það, að ef menn eru óánægðir með vöruna, þá hafa þeir aðgang að áfengisverzluninni, en það má ekki þar fyrir útiloka aðrar verzlanir frá þessum iðnaði. Hv. þm. fann ekki annað ráð til þess að útrýma fölsuðum vörum en það, að ríkið tæki allt í sínar hendur. [Eyða í handr.].

Þetta var einmitt hjá sjálfri áfengisverzluninni, þegar glundrað var saman sæmilegu víni og þeim vintegundum, sem ekki höfðu selzt. Það er nú hinn svokallaði „Dogbrandur", sem frægur er orðinn. Þetta var auðvitað sú grófasta óskammfeilni. Hér hefir ekki nein önnur eins vörufölsun átt sér stað eins og af hálfu þeirrar verzlunar, sem nú á að fela tilbúning þessara vara, einmitt til þess að maður geti verið alveg viss um, að þær séu algerlega ófalsaðar! En það þarf sannarlega að hafa eftirlit, þó að ríkið taki þessar vörur í sínar hendur, svo framarlega sem það tekur þær ekki allar, a. m. k. vegna þeirra, sem eru í frjálsri samkeppni.

**Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson)** [óyfirl.]: (**MJ:** Nú slær þingmaðurinn upp í biblíunni!). — Já, ég var einmitt að hugsa um það, þeirri bibliu, sem hv. 1. þm. Reykv. sótti sitt orðtak í, að hann vildi skipta iðnaðarmönnum í yfirmenn og undirgefna. Það er mjög tilhlýðilegt, enda mun einn kaflinn í kverinu hljóða um það efni. (**MJ:** Er það í Alþýðublaðinu sérstak-

lega?). Það er sjálfsagt hægt að finna þá kenningu í „Páli postula“ eftir Magnús dócent. (MJ: Skrifar hann í Alþýðublaðið?).

Þetta er nú hans skilgreining á stéttunum; hann vill endilega hafa það svona, einn atvinnurekanda í hverri grein, sem eigi fyrirtækið, hitt séu allt þjónar. (MJ: Er betra, að það sé einn atvinnurekandi á landinu og allt hitt þjónar?). Hann kom með samanburð á eftirlitinu hér og hélt sig þá við það, sem hér er um að ræða, t. d. þessi glös og öskjur, sem komið hefir til mála, að ríkið taki að sér að framleiða. En það er nokkuð annað að tala um eftirlit í verksmiðjum, sem framleiða tugi milljóna glasa eða askja, eins og hv. þm. sagði; þær verksmiðjur allar hafa sínar eigin fullkomnu rannsóknarstofnanir, og meira að segja í sinni þjónustu fræga vísindamenn, sem gefa vörum þeirra gildi út á við. Nöfn þeirra eru ábyrgð fyrir, að vörurnar séu ósviknar. Auk þess mega slíkar verksmiðjur vara sig á keppinautum sínum, sem einnig hafa fullkomnar rannsóknarstofur, og sannarlega vilja nota tækifæri, ef það kann að gefast, til að klekkja á þeim með því að sanna á þær svik.

Er hægt að bera þetta saman við smákákið hér á landi, þar sem í einu horni á apóteki er verið að bullast við að blanda bökunardropa í nokkur glös? Er nokkurt vit í að bera saman verksmiðjur, sem þannig eru útbúnar, sem hv. þm. var að segja, með rannsóknarstofum og vísindamönnum, og hitt, að setja eftirlitsmenn í þessar litlu kompur, sem hafa ófullkomin áhöld til þessarar iðnar? Ef vel ætti að vera, þyrfti þá líklega að skoða ofan í hvert einasta glas.

Þá sagði hv. þm. út af rannsóknum dr. Jóns Vestdals, að honum sjálfum hefði komið á óvart, að þetta varð opinbert mál. Mér sýnist hann nú hafa talað hispurslaust opinberlega. Hér hefi ég fyrir framan mig langt mál, sem eftir honum var haft í Alþbl. 24. okt., þar sem hann talar hispurslaust um þessa hluti og minnist ekki á, að neinu hefði átt að halda leyndu. Þetta er í tilvitnunarmerkjum, og hann hefir engu af því mótmælt síðan. (MJ: Má ég líta á þetta?). Já, velkomið. Og þó að þessar fölsuðu og skemmdu vörur innihéldu ekki „bráðdrepandi“ efni, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það, þá fæ ég ekki annað séð en að það sé gott og gagnlegt að koma hreyfingu á þetta mál. Það ætti að skapa aðhald fyrir þá, sem framleitt hafa þessar vörur, að þeir ekki framvegis láti í þær eitruð efni né önnur þau efni, sem svikin eru og blekkja almenning á einn eða annan hátt. (MJ: Þessi biblía er rifin og verður naumast lesin!). Það er af því, að hún hefir verið mikið lesin, enda er það sannast að Alþýðublaðið er vel lesið hér á þingi, því að það blað er bókstaflega talað lesið upp til agna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:3 atkv.
2.—5 gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 268 (ný 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 309).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:5 atkv. og endursent Nd.

---

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 309).

Á 30. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.] Ég geri ráð fyrir, að stjórnarflokkarnir þykist hafa lagt fram ekki sem óverulegast innlegg í þessu máli sínu. Þetta mál hefir verið tekið til meðferðar hér í Nd., og voru lagðar fram skýrslur frá landlækni um rannsóknir á ýmsum matvælategundum, aðallega innlendum. Þessi skýrsla er eitthvert furðulegasta plagg, sem notað hefir verið sem „agitation“. Öll meðferð er svo slæleg og svívirðileg, að það ætti að láta bæði ríkisstjórnina og þá menn, sem standa á bak við þær aðgerðir, sem hér um ræðir, sæta stórum vítum fyrir.

Málið er þannig útbúið, að „áfengisverzlun ríkisins“, sem hefir rekið lítilsháttar efnagerð, hefir ekki getað keppt við þá, sem reka samskonar iðn í landinu, og hún hefir því séð fram á, að hún yrði að gefast upp fyrir þeim, þrátt fyrir það, að hún notfærði sér aðstöðu sína til þess að hindra, að þessir keppinautar fengju þau efni, sem má telja, að þeim séu nauðsynleg til efnagerðarinnar. Það er ein aðalástæðan, sem færð er fyrir lögleiðingu þessarar einokunar, að fyrirtæki, sem stunda efnagerð, hafi ekki heimild til þess að nota vínanda til þeirrar starfsemi, eða að nauðsynlegt sé að lögleiða einokun til þess að hindra óleyfilega meðferð á vínanda. Þetta fer frv. fram á. Þetta stangast að vísu, en mér skilst, að ekki þurfi sérstakar ráðstafanir til þess að hindra, að fyrirtæki noti vínanda til efnagerðar, því að það er þegar búið að gera það. Það má gera ráð fyrir því, að áfengislöggjöfin breytist innan skamms, og þá hafa allir landsmenn frjálsan aðgang að notkun vínanda. Þess vegna er tilgangslaust að einoka þessa efnagerð til þess að hindra ólöglega meðferð vínanda. Það er því bersýnlegt, að hér liggur annað á bak við.

Eins og ég hefi áður tekið fram, er áfengisverzlunin ekki samkeppnisfær í rekstri efnagerðar. Fyrrv. stj. ákvað því, í samráði við landlækni, að láta framkvæma rannsókn á matvælategundum. Það er bersýnilegt, að þessari rannsókn er stefnt að þessari efnagerð, því að til þess að framkvæma þessa rannsókn er fenginn maður, sem þegar er búinn að fá stöðu hjá efnagerð áfengisverzlunar ríkisins. Blygðunartilfinning þeirra, sem fyrir þessu standa, er ekki mikil, en einn af þeim mönnum er fyrst og fremst landlæknir. Hann fær svo skýrslu frá sérfræðingnum. Þessa skýrslu var mönnum alveg ókunnugt um, þangað til hún var birt í þinginu.

Þá var því slegið föstu, að hér væru framleiddar eitraðar matvælategundir, en jafnhliða því er lýst yfir því af landlækni, æðsta yfirmanni heilbrigðismálanna, að það hafi ekki verið ætlunin að birta þessa skýrslu, ef þess hefði ekki þurft vegna umræðna á Alþingi.

Það, að framleidd eru eitruð matvæli, er í sjálfu sér aukaatriði hjá þessum mönnum, en þegar þetta atriði getur orðið vopn í „pólitiskri" baráttu, þá finnst þessum mönnum sjálfsagt að birta þessa skýrslu.

Ég vil spyrja hv. ríkisstj., hvaða ráðstafanir hún hafi gert viðvíkjandi landlækni út af þessu máli. Því er lýst yfir af honum, að honum sé kunnugt um, að framleidd séu eitruð matvæli, en samt ætli hann ekki að gera neitt frekar í þessu máli. Ríkisstj. skipar rannsókn út af þessu máli, sem eðlilegt er. Þegar fram kemur skýrsla frá landlækni um rannsókn, sem leitt hefir í ljós, að framleiddar væru eitraðar matvörur, þá er ástæða til þess að láta fram fara rannsókn. Og það er meiri ástæða til þess, að fram sé látin fara rannsókn gagnvart landlækni, til þess að upplýst verði, hvers vegna hann hafði í hyggju að láta þessar skýrslur liggja í þagnargildi án þess að gera neitt frekara.

Ef þetta er allt tekið alvarlega, þá sé ég ekki, hvernig ríkisstj. getur komizt hjá því að láta landlækni sæta vítum fyrir meðferð hans á málinu. Ég fyrir mitt leyti tel, að þetta muni stafa af því, að ríkisstj. taki þessa rannsókn alls ekki alvarlega.

Annars verð ég að segja, að slík baráttuaðferð af hálfu stjórnarflokks er fyrir neðan allar hellur. Vona ég svo að lokum, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði fellt einum rómi hér í hv. deild.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Ég ætla aðeins að gera nokkrar aths. út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann minntist á skýrslu, sem gerð var viðvíkjandi matvælarannsókn í sambandi við þetta mál. Þessi skýrsla kom ekki til umr. hér í þessari hv. deild við meðferð málsins, en hafði komið fram við meðferð málsins í Ed. Ennfremur hafa verið blaðaumræður út af þessari skýrslu, sem hv. 3. þm. Reykv. talaði um. Þessi skýrsla var birt þá fyrst í þessari hv. deild, þegar umr. hófust við meðferð málsins hér. Ástæðan fyrir því, að þessi skýrsla var gefin er sú, að yfirmaður heilbrigðismálanna, landlæknir, varð var við, að haldið var fram kenningu, í sambandi við frv., um það, að grundvöllurinn, sem það byggist á, væri rangur. Því var haldið fram, að hægt væri að framleiða þessar vörur, sem áfengisverzlunin á að fá einkarétt á að framleiða, án þess að nota spiritus. En eins og menn vita, er ástæða til þess að láta þessar vörutegundir falla undir áfengisverzlunina. Það er ekki hægt að búa til þessar vörur án þess að nota spiritus. Í tilefni af því, að hörð ummæli hafa komið fram um þetta atriði, og það frá einni efnagerðinni hér í Rvík, að ekki sé hægt að framleiða þessar umræddu vörutegundir án spiritus, birti landlæknir hluta af skýrslu sinni. Ég vil lesa upp nokkur atriði úr skýrslu þessari, til þess að skýra fyrir hv. þdm., hvað það var, sem frv. fór fram á, sem sé, að ekki væri unnt að framleiða þessa vöru án spiritus. Ég ætla að lesa það upp, sem aðallega snertir bökunardropa. Um rannsókn á þeim, segir svo meðal annars:

„..... Til rannsóknar voru 5 mismunandi tegundir bökunardropa, 2 tegundir af vanillindropum, 1 tegund af ananasdropum, 2 tegundir af rommdropum, 2 tegundir af sítróndropum og 2 tegundir af möndludropum.

a. Vanillindropar.

Til rannsóknar voru 2 tegundir af vanillindropum, nr. 21—23 og nr. 46—48.

Í þessum vanillindropum fundust:
í nr. 21—23: 1,08 gr. vanillin í 100 ccm.
í nr. 46—48: 1,15 g. vanillin í 100 ccm.

Til samanburðar má geta þess, að í vanillindropum, sem áfengisverzlun ríkisins framleiðir, eru 5 g. vanillin í 100 ccm., og þar sem það er einungis vanillinið, sem gefur dropunum ilm og bragð, þá eru dropar áfengisverzlunarinnar um það bil fimm sinnum sterkari en þeir sem rannsakaðir voru".

Næst kemur sá kafli, sem snertir sérstaklega þann grundvöll frv., að notaður hafi verið spíritus við framleiðsluna. Þar segir svo:

„..... Í dropunum, sem rannsakaðir voru, var vanillinið uppleyst í glycerini, þynntu með vatni og lituðu með sykurlit. Vegna þess, hve sýnishornin voru lítil, var ekki hægt að ákveða magn glycerínsins áreiðanlega. Sé glycerins neytt aðeins í litlum skammti, eins og á sér stað, þegar bökunardroparnir eru notaðir í kökur, þá mun ekki vera hægt að telja það hættulegt. En við 290° C, og jafnvel neðar, myndast úr glycerininu acrolein, og þar sem acroleinið veldur eymslum og bólgu í húðinni og slímhúðinni og minnsti vottur þess er eitraður, verður að teljast mjög óheppilegt og hættulegt að nota í bökunardropa glycerin, því að sjaldan mun vera bakað fyrir neðan 290° C.

Ef nánari rannsókn leiddi í ljós, að þessi glycerinupplausn væri engin tilviljun, heldur alltaf notuð, mundi vera þörf að banna þvílíka framleiðslu".

Þetta, sem ég las nú upp, sýnir greinilega fram á, að það er rangt, sem haldið hefir verið fram, að ekki þurfi að nota spiritus við framleiðslu bökunardropa. Það er aðeins talað um þetta efni, acrolein, sem geti myndazt, ef glycerin er notað. Fullyrðingar hv. 3. þm. Reykv. um það, að landlæknir sé sekur fyrir það, að hafa ekki stöðvað strax þessa framleiðslu, þegar hann var orðinn var við hana, á ekki við nein rök að styðjast, vegna þess, að hér er talað um, að þetta sé óheppilegt og geti verið hættulegt, en því er slegið föstu, að þetta þurfi ekki að valda tjóni. Hinsvegar er ekki hættulaust að nota þessi efni, sem hér er um að ræða, vilji menn fá góða vöru. Það getur verið, að þetta sé hættulegra en talað er um í skýrslunni, en þessi rök eru þó byggð á þeim grundvelli, að komið sé í veg fyrir það í framtíðinni, að vörur séu framleiddar úr svo lélegum efnum sem hér um ræðir. Ég get því ekki séð, að neitt hafi komið fram, sem geti sýnt fram á, að landlæknir

hafi reynzt sekur um þá vanrækslu að hafa ekki stöðvað framleiðsluna strax.

Ennfremur segir svo í skýrslunni, út af þessum umr., sem urðu hér í hv. deild:

„..... Einn ræðumaður virðist hafa haft það eftir einni efnagerðinni, að til framleiðslunnar væri alls ekki notaður spíritus (og er sennilega átt við æthylalkóhól). Þetta út af fyrir sig eru mjög iskyggilegar upplýsingar, og því fremur, sem þær munu vera sannar. Dr. Jón Vestdal hefir tjáð mér, að við rannsókn á innlendu hárvatni hafi það reynzt vera gert úr propylalkóhóli. En hann telur vafasamt, að propylalkóhól sé til slíks nothæft og muni það fremur verða að teljast alls ónothæft. Af rannsóknum hans á bökunardropum er það nægilega upplýst, að önnur uppleysingarefni en venjulegur vínandi geta verið hættuleg, og alltaf síðri, með því að vínandinn gufar burtu við allan bakstur."

Ég geri nú ráð fyrir, að mönnum þyki þetta nægilegar upplýsingar til sönnunar því, að það sé á rökum byggt, að leggja þessa framleiðslu undir áfengisverzlun ríkisins, þar sem sannað er, að framleiðsla þessi getur ekki orðið sæmileg eða jafnvel ósaknæm án þess að nota í hana spíritus. En hinsvegar myndi það verða mjög óheppilegt að láta hina einstöku framleiðendur fá vínanda í þessu skyni, þar sem það myndi torvelda svo stórkostlega eftirlit hins opinbera með meðferð iðnaðarspírituss. Og það er einmitt fyrst og fremst af þessum ástæðum, að frv. þetta er borið fram.

Hv. 3. þm. Reykv. gerði mikið veður út af því, að rannsókn hefði verið ódrengileg í garð einnar efnagerðar hér í bænum, en færði þó engin önnur rök að þessu en þau, að maður sá, er framkvæmdi rannsóknina, hefði starf hjá áfengisverzlun ríkisins. Ég skal nú ekkert um það segja, hvernig valið á þessum manni er til komið, en hitt er kunnugt, að rannsóknin var framkvæmd að tilhlutun fyrrv. heilbrigðismálaráðh., Magnúsar Guðmundssonar. Ef hv. 3. þm. Reykv. vill beita illyrðum út af rannsókninni, ætti hann því fyrst og fremst að snúa sér þangað.

Annars skiptir það vitanlega engu máli, hvort maður sá, er rannsókn þessa hafði með höndum, vinnur hjá áfengisverzlun ríkisins eða ekki, heldur hitt, að hann er sérfræðingur og að ekkert hefir komið fram, sem hnekkt hefir neinu í skýrslu hans. Þess vegna er með öllu ómaklegt og ástæðulaust að vera að reyna að vekja tortryggni í hans gerð, þótt hann hafi gefið því opinbera skýrslu sem sérfræðingur.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, að landlæknir væri stórsekur, þar sem hann hefði ekki bannað bökunardropana þegar í stað. Ég hefi nú lesið upp kafla úr bréfi landlæknis til fjhn., þar sem hann tekur skýrt fram, að þessi varningur sé ekki markaðshæfur, og því sé nauðsynlegt, að skýrslan um rannsóknina komi þegar fram við umr. þessa frv., sem hér liggur fyrir. Sýnir það, að landlæknir hefir haft vakandi augu fyrir þeirri nauðsyn, að framleiðslu þessari verði sem fyrst breytt í betra og öruggara horf, og eins og þegar hefir verið sýnt fram á, verður það ekki gert á annan hátt en þann, að áfengisverzlun ríkisins fái á henni einkarekstur.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** óyfirl.: Það er vitanlega enginn ágreiningur um það, að hefta beri framleiðslu á eitruðum vörum eða skaðlegum mannlegum líkama. Það, sem um er deilt, er það, hvort rétt sé að banna einkafyrirtækjum að framleiða þær vörur, sem frv. fjallar um, en það er því aðeins rétt, að sannað sé, að einkafyrirtæki geti ekki búið til óskaðlegar vörur af þessu tægi. Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að nauðsynlegt væri að nota spíritus í þessar vörur, ef þær ættu að vera sæmileg markaðsvara. Ég vil út af þessum ummælum hæstv. ráðh. benda á það, að þar sem telja má víst, að stórkostlegar breytingar verði gerðar á gildandi áfengislöggjöf á þessu þingi, er engin ástæða til þess framvegis að banna einkafyrirtækjum að nota spíritus til þessarar vörugerðar. Sú ástæða, sem hæstv. ráðh. bar fram fyrir frv., er því alveg fallin burt með breytingunni á áfengislögunum.

En auk þess hefir það verið sannað, með a. m. k. alveg jafngóðum rökum og í þessari skýrslu felast, að hægt sé að gera þessa framleiðslu að góðri markaðsvöru án þess að nota spíritus. Yfirlýsing um þetta frá sama sérfræðingnum, sem framkvæmdi rannsóknina, dr. Jóni Vestdal, hefir verið birt hér í blöðunum. Þar lýsir hann yfir því, að bökunardropar frá efnagerðinni „Ljómi" hér í bænum séu óaðfinnanleg og góð vara, þótt ekki sé notaður í þá spíritus. Enginn hefir haldið því fram, að þessi yfirlýsing sé fölsuð. En með henni er fallin úr sögunni sú eina einasta ástæða, sem þó er nú einskisverð, fyrir frv., sú ástæða, að spíritus þurfi í þessa framleiðslu, en hann megi ekki afhenda einkafyrirtækjum.

Hæstv. fjmrh. sagði, að engin ástæða væri til að tortryggja manninn, sem rannsóknina framkvæmdi. En það liggur alveg í hlutarins eðli, að rannsókn hans sé tortryggð. Maður, sem er forstöðumaður efnagerðar áfengisverzlunarinnar, er látinn framkvæma rannsókn á vörum annara efnagerða, keppinauta þeirrar stofnunar, sem hann veitir forstöðu. Þetta leiðir alveg af sjálfu sér, enda gaf skýrslan sjálf þó nokkuð tilefni til tortryggni, bæði að efni og orðalagi.

Það þýðir ekki að reyna að koma sökinni um það, hvernig rannsóknin hefir verið framkvæmd eða hvernig henni hefir verið beitt, yfir á fyrrv. dómsmrh. Það var vitanlega ekki nema sjálfsagt að láta fara fram þá matvælarannsókn, er landlæknir krafðist, og það hefði hver ráðh. gert. Hitt gat ráðh. ekki vitað, hver tilgangur landlæknis var með þessari rannsókn, eins og nú er komið fram, bæði í vali mannsins og birtingu skýrslunnar, meðan stendur á því máli, sem hér liggur fyrir, enda þótt landlæknir hefði eftir eigin játningu annars ætlað sér að þegja um það, að eiturvörur væru framleiddar hér á landi. Tilgangur fyrrv. dómsmrh. í þessu máli var því í alla staði lofsverður, en það er allt annað en sagt verður um tilgang landlæknis.

Það er auðsætt á því í hvaða tilgangi land-

læknir hefir látið framkvæma þessa rannsókn, að hann hefir ekki látið binda hana við matvæli ein, eins og til stóð, heldur ýmsar aðrar vörur, sem einmitt falla undir þetta frv., t. d. hárvötn, sem ég hefi aldrei heyrt talin til matvæla.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Hv. 3. þm. Reykv. segir, að þar sem nú sé fyrir dyrum að breyta áfengislögunum, þá sé sú ástæða fyrir frv. fallin niður, að það torveldi eftirlit með notkun iðnaðarspírituss, að láta þau einkafyrirtæki, sem framleiða þær vörur, er frv. fjallar um, fá spíritus til framleiðslunnar framvegis. Þetta er vitanlega með öllu rangt, því að þótt svo færi, að sú áfengislöggjöf, sem nú gildir, yrði afnumin, þá myndi það leiða til stórum torveldara eftirlits, að öll þessi fyrirtæki hefðu drykkjarhæfan spiritus með höndum. Það má vera, að hv. 3. þm. Reykv. telji það ekki nægilega ástæðu fyrir frv., að það eigi að koma í veg fyrir misnotkun áfengis í landinu, sem gæti orðið allveruleg, eða þann kostnað, er ríkið myndi hafa af því að reyna að hindra slíka misnotkun, en ég álít þetta nægilega ástæðu, og því er frv. komið fram.

Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um yfirlýsingu dr. Jóns Vestdals um bökunardropana frá efnagerðinni „Ljómi", vil ég taka það fram, að ég hefi ekki séð þessa yfirlýsingu, en vil þó ekki rengja, að hún hafi verið gefin. En ég vil benda á það, að í skýrslu, sem gefin er til Alþingis og landlæknir ber ábyrgð á, er sagt, að önnur upplausnarefni en spíritus geti verið hættuleg og séu jafnan síðri. Þessa yfirlýsingu tel ég nægilega til að leggja framleiðslu þeirra vara, sem um er að ræða, undir áfengisverzlun ríkisins, þar sem stj. vill ekki láta hvern sem er hafa spíritus til framleiðslunnar.

Þá endurtók hv. 3. þm. Reykv. þá staðhæfingu sína, að landlæknir hefði ætlað að leyna rannsókninni. Þetta er auðvitað ekkert annað en fjarstæða. Tilætlunin var að bíða árangursins af matvælarannsóknunum í heild, en skýrsla um nokkurn hluta rannsóknanna var birt fyrr en annars hefði verið gert vegna fjarstæðra ummæla hv. 3. þm. Reykv. hér í deildinni í sambandi við þetta frv. Landlækni var kunnugt um það, að stjfrv. lá fyrir um að leggja framleiðslu á vissum iðnvörum undir áfengisverzlun ríkisins, vegna þess hve vörur þessar höfðu reynzt lélegar hjá einkafyrirtækjunum. Það var því engin ástæða fyrir landlækni að fara að gefa sérstakar upplýsingar um þessar vörur í pólitiskum tilgangi. En hann mun ekki hafa getað orða bundizt, er honum varð kunnug röksemdafærsla hv. 3. þm. Reykv. í sambandi við þetta frv.

**Stefán Jóh. Stefánsson** [óyfirl.]: Ég vil víkja hér nokkuð að þeim ummælum, sem hv. 3. þm. Reykv. lét sér sæma að hafa um landlækni út af rannsóknum þeim, sem hann hefir látið framkvæma á nokkrum matvörutegundum og iðnvörum. Mér gat ekki betur skilizt á hv. 3. þm. Reykv. en að framkoma landlæknis í þessu efni hefði verið slík, að hans dómi, að um fulla afsetningarsök væri að ræða, enda talaði hv. þm. um blygðunarleysi landlæknis í þessu sambandi. En öll þessi stóryrði eru ekkert nema vindhögg, sem stafa af reiði hv. 3. þm. Reykv. yfir því, að landlæknir hefir með skýrslu þeirri um rannsóknirnar, sem Alþingi hefir verið send, hrakið þau ummæli, sem þessi hv. þm. hafði hér eftir einni efnagerð í bænum, að hinar umræddu iðnvörur stæðu samskonar erlendum vörum fullkomlega á sporði. Þegar landlækni bárust til eyrna þessar staðlausu fullyrðingar, taldi hann það skyldu sína að birta Alþingi það, sem þá var komið fram við rannsóknina, og fór mjög í bága við það, sem hv. 3. þm. Reykv. hafði haldið fram. Þessi framkoma landlæknis var því ekki aðeins afsakanleg, heldur sjálfsögð.

Þá fann hv. 3. þm. Reykv. landlækni það mjög til foráttu, og vildi enda telja það til glæpsamlegs athæfis, að hann hefði ekki þegar bannað eina tegund af bökunardropum, sem glycerin er notað í, en það getur breytzt í eiturefni við ákveðið hitastig. En hv. þm. gleymir því, að það er allt annað, hvort efni telst eitrað eða hvort það er banvænt. Í fjölmörgum vörutegundum eru eiturefni, en í svo litlum mæli, að þau gera mannlegum líkama ekkert til. Það mun engin ástæða til að ætla, að þessir bökunardropar séu banvænir, þótt þeir „teoretiskt" geti talizt eitraðir og ef til vill óheppilegir. Það er og auðséð af bréfi landlæknis, að hann hefir ekki talið, að hér væri um bráða hættu að ræða, heldur var á þetta bent, ásamt öðru, til að sýna, að íslenzkur iðnaður er um vöruvöndun ekki kominn á æskilegt stig ennþá. En það er áreiðanlega bezt fyrir þjóðina og framleiðendurna sjálfa, að sem fyrst sé hindraður tilbúningur og sala á sviknum íslenzkum iðnvörum. Þeir, sem að rannsókninni hafa staðið, eiga því skilið lof fyrir það, en ekki last. Það skiptir ekki miklu máli, hvort skýrslan birtist 1—2 mánuðum fyrr eða síðar. Aðalatriðið er það, að rannsóknirnar eiga að vera grundvöllur að nýrri löggjöf um bætt eftirlit með matvælaverzlun og iðnrekstri. Og þeim tilgangi munu þær nú innan skamms tíma að öllu forfallalausu.

Ég verð að segja það, að mér þótti ummæli hv. 3. þm. Reykv. um landlækni sem embættismann koma úr hörðustu átt. Það er dálítið óviðfelldið, að einhver langhæfasti og samvizkusamasti embættismaður landsins skuli verða fyrir slíkum árásum af hálfu þess hv. þm.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Þessi „pathos" hv. 1. landsk. yfir landlækni og embættisfærslu hans minnir mig dálítið á það, hvernig viðtökur skýrsla landlæknis fékk hjá meiri hl. fjhn., þegar landlæknir sendi hana. Hún kom nú að vísu ekki í hendur n., ef ég man rétt, fyrr en málið var komið út úr deildinni. Skýrslan hafði víst tafizt í Alþýðuprentsmiðjunni, a. m. k. var í henni einhverskonar formáli í blýantssvigum, sem áður hafði birzt í Alþýðublaðinu. En það er nú auðvitað eins og hv. 1. landsk. finnst það eiga að vera, að skýrslur, sem þinginu eru ætlaðar, gangi fyrst gegnum Alþýðuprentsmiðjuna. En þegar skýrsl-

an var nú loksins komin til þingsins, vildi enginn í meiri hl. n. skipta sér neitt af henni eða gera neinar ályktanir út af henni. Þetta ber heldur illa saman við þá lofgerð, sem hv. 1. landsk. flutti nú um ábyrgðartilfinningu og samvizkusemi landlæknis.

Hv. 1. landsk. viðurkenndi, að eitur væri í fjölda vara, án þess að það gerði mannlegum líkama skaða. Þetta vita allir, og ef svo er, að þetta eitur í bökunardropunum gerir engum neitt til, þá er ekkert við því að segja, þótt landlæknir hafi leynt skýrslunni og ætlað að leyna henni áfram, en annars er það stórvítavert. Því að það er auðvitað ekkert annað en heimska og barnaskapur hjá hæstv. fjmrh. að segja, að landlæknir hafi litið svo á, að ekki gerði til, þótt droparnir væru seldir nokkurn tíma. Ef þeir voru eitraðir, þoldi það auðvitað enga bið, að banna þá. En hitt er líka vítavert af landlækni, ef hann hefir vitað, að droparnir voru ekki hættulegir, að reyna í skýrslunni að telja almenningi trú um, að þeir væru eitraðir, á móti betri vitund. Hvernig sem á þetta er litið, á landlæknir mikið ámæli skilið fyrir hneykslanlega framkomu í málinu. Ef hann gegn betri vitund hefir verið að koma því inn hjá almenningi, að hér sé um skaðlega vöru að ræða, þá ætti hann að sæta vítum fyrir það.

Hæstv. fjmrh. var ennþá að halda því fram, að skýrslan væri rétt að því leyti, að þessa ákveðnu vörutegund væri ekki hægt að framleiða án spirituss. Ég gat um vottorð í minni fyrri ræðu um hið gagnstæða. Vottorðið er frá Jóni Vestdal, og vefengdi hæstv. ráðh. ekki, að það væri rétt. Vottorðið skal ég nú lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Til Efnagerðarinnar Ljómi Reykjavík.

Eftir beiðni yðar hefi ég keypt í verzlunum hér í bænum þrjár tegundir af bökunardropum frá yður (Ljóma bökunardropum), sem sé sítrónudropa, möndludropa og kardemommudropa, og hefi athugað, hvort í þeim væri glycerin. Í engum af þessum dropum hefir fundizt glycerin, heldur eru þau efni, sem ætluð eru til að gefa kökunum ilm og bragð, leyst upp í parafinolíu, en úr henni getur ekki myndazt acrolein og er hún óskaðleg til notkunar í bökunardropa.

Eftir ósk yðar mun ég framvegis kaupa öðru hverju þessar þrjár tegundir af bökunardropum í verzlunum hér, til að hafa eftirlit með, að í þá séu ekki notuð nein skaðleg efni.

Virðingarfyllst,
Jón E. Vestdal
(Sign.)“.

Með þessu er sannað, að hægt er að búa til bökunardropa án þess að nota til þess vínanda og að þeir séu ekki neitt skaðlegir. Af þessu einu er burtu fallin sú ástæða, að þetta frv. sé fram borið með þeim rökum, sem það er byggt á, því að hæstv. ráðh. undirstrikaði það í ræðu sinni áðan, að þessa vöru væri ekki hægt að framleiða nema með spiritus. Hinsvegar er það auðvitað misskilningur hjá hæstv. ráðh., að nauðsynlegt sé að hafa sama eftirlit með iðnaðaráfengi eftir að búið er að gera breytingu á áfengislögunum. Það er ómögulegt að koma í veg fyrir það, eftir að breytingin er komin í framkvæmd, að hver maður, sem vill, geti komizt yfir vínanda, þó að ekki verði seldur hreinn spiritus til almennings. Ég sé enga ástæðu til þess að hafa eftirlit með þessu, en þó svo verði ekki, þá sé ég enga ástæðu til þess að banna iðnaðarmönnum að fá spiritus til sinna þarfa. Það er óhugsandi að þeir misnotuðu það með því að selja óblandaðan spiritus til drykkjar, þegar hægt er að fá sterkt áfengi hindrunarlaust í verzlunum, og jafnvel þótt það væri gert, mundu þeir geta búið til spiritus úr því áfengi, sem þeir geta fengið. Það er því óhugsandi og kemur ekki til mála að hindra það, að iðnaðarmenn geti fengið spiritus til sinnar iðnaðarframleiðslu. (**Forseti:** Þetta var aðeins stutt aths.). Já, en ég hefi dálitla tilhneigingu til þess að halda áfram, úr því að hæstv. forseti gerir tilraun til þess að stytta mál mitt. Annars hefi ég þegar lokið því, og þykist nú hafa sannað, að allar tilraunir til þess að afsaka meðferð þessa máls af hálfu landlæknis og hæstv. stj. eru gersamlega unnar fyrir gig.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Það er aðeins örstutt aths. Ég hafði ekki séð þetta vottorð frá Jóni Vestdal, en nú hefi ég heyrt það, og í því stendur ekkert annað en það, að hægt sé að búa til bökunardropa og nota við það sérstakt efni, án þess að þeir verði skaðlegir. Það er ekki nægilegt, þó að bökunardroparnir séu ekki eitraðir, þeir verða einnig að vera nothæfir til þess, sem þeir eru ætlaðir, og þess vegna hnekkir þetta vottorð ekki þeim grundvelli, sem frv. er byggt á, þar sem það er byggt á því, að ekki sé hægt að framleiða nothæfa bökunardropa án þess að nota til þess spíritus. (**JakM:** Það er vitleysa). Það er alls ekki vitleysa, vegna þess, að ekki er hægt, eftir þeirri skýrslu, sem fyrir liggur, að gera bökunardropa nothæfa, nema með því að nota þetta efni í þá, þó að hægt sé að gera þá óskaðlega, það er annað atriði, og þó að hægt sé að framleiða eitthvað, sem kallað er bökunardropar, þá er það ekki nægilegt; það verður að vera fullkomin vara, sem hægt er að bjóða fram og er samkeppnisfær. Og þar sem ekki er hægt að framleiða þessa vöru fullkomlega án þess að nota í hana spíritus, þá er sjálfsagt að láta það fyrirtæki framleiða þessa vöru, sem hefir spíritus með höndum.

Um eftirlitið sagði ég það vitanlega, að það væri nauðsynlegt með úthlutun iðnaðaráfengis, þó að áfengislöggjöfin yrði afnumin.

**Stefán Jóh. Stefánsson** [óyfirl.]: Það eru aðeins tvö atriði, sem ég þarf að leiðrétta hjá hv. 3. þm. Reykv.

Þessi hv. þm. vildi halda því fram, að skýrslan, sem landlæknir sendi fjhn. þessarar d., hefði verið lengi á leiðinni og hefði komið við á Hverfisgötu hjá Alþýðublaðinu. Ég get upplýst hv. þm. um það, að þessi skýrsla barst form. fjhn. rétt fyrir 3. umr. þessa máls hér í d., en svo var enginn fundur haldinn í n. frá því að skýrslan barst n. og þangað til frv. kom til 3. umr. Þessi skýrsla var komin til fjhn. áður en birtist útdráttur úr henni í Alþýðublaðinu, og þeir grun-

samlegu svigar, sem hv. þm. sá í skýrslunni, eiga ekki rót sína að rekja til Alþýðublaðsins, heldur til form. fjhn., hv. 2. þm. Skagf., eins og hann mun geta borið um, ef hann sér ástæðu til.

Hitt atriðið vildi ég leiðrétta einnig, að hv. þm. sagði, að fjhn. hefði ekki séð ástæðu til þess að gera neitt út af skýrslu landlæknis, sem send var n., og að n. hefði fundizt hún lítilsverð. Þessi fullyrðing er röng. Eins og ég sagði áðan, kom skýrslan til form. n. áður en málið var afgr. úr d., en enginn fundur var haldinn í n. áður en það var afgr. til Ed. Ég sá því ekki ástæðu til þess að ræða skýrsluna sérstaklega, þar sem hún snerti aðeins það mál, sem búið var að afgr. frá n. og út úr þessari hv. d., og hinsvegar engin ástæða fyrir n. að taka þessa skýrslu til athugunar að öðru leyti en því, sem við kom þessu frv., sem hér liggur fyrir. Að öðru leyti hefir hún verið tekin til athugunar af hæstv. ríkisstj., þannig, að fyrirskipuð hefir verið opinber réttarrannsókn út af þeim upplýsingum, sem komið hafa fram í þessari skýrslu.

Ég ætla, að meginþorra af mönnum hér í bænum hafi fundizt, ekki einu sinni æskilegt, heldur sjálfsagt, að rannsókn væri látin fara fram í þessu máli, því að það hefir verið í meðvitund manna, a. m. k. húsfreyjanna, að allar iðnaðarvörur væru ekki sem vandaðastar, og þegar það var staðfest með rannsókn fræðimanna á þessu sviði, þá var líka sjálfsagt að láta dómstólana rannsaka það. Og nú bíðum við átekta með að sjá, hvað af þessari rannsókn leiðir, og ég ætla, að af henni leiði það, að landlæknir og aðrir, sem hafa haft þetta mál með höndum, hafi unnið þarft verk og séu allra sízt ámælis verðir.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** óyfirl.: Út af því, sem hv. 1. landsk. sagði um að þessi skýrsla hefði ekki komið Alþingi við að neinu öðru leyti heldur en því, er snertir þetta mál, sem hér liggur fyrir til umr., þá vil ég spyrja hann, hvernig hefði farið, ef engar umr. hefðu orðið um þetta mál og það hefði farið þegjandi og hljóðalaust í gegnum þingið. Þá hefði þessi skýrsla alls ekki komið fram, og þá hefði heldur ekki þessi rannsókn verið fyrirskipuð, sem hæstv. ríkisstj. er nú búin að fyrirskipa, og sem hv. 1. landsk. var að belgja sig út af, hvað sjálfsagt og nauðsynlegt það hefði verið, til þess að húsmæðurnar í bænum fengju ekki skemmda vöru. Þessi skýrsla kemur Alþingi við að meira leyti en því, er snertir þetta mál. Hún var send fjhn., sem fulltrúa Alþingis, til þess að gera út af henni það, sem n. þótti rétt og skylt að gera, eða svo verð ég að líta á það.

Það getur verið, að landlæknir hafi ekki sent skýrsluna í þessu augnamiði og að hv. 1 landsk. hafi ekki tekið á móti henni með þessum skilningi, en þegar ég spurði, hvað fjhn. ætlaði að gera við þessa skýrslu, þá var það út frá því spurt, að ég taldi n. skylt að gera einhverjar ráðstafanir út af skýrslunni, t. d. að skora á ríkisstj. að láta fara fram rannsókn, sem ekki var búið að fyrirskipa þegar skýrslan kom til n. og þar til umr. En þrátt fyrir það, að hv. 1. landsk. slær því föstu nú, að sjálfsagt hafi verið að láta fara fram opinbera rannsókn í þessu máli, þá segir hann, að fjhn. sem fulltrúi Alþingis hefði ekki átt að skipta sér neitt af henni, úr því að þetta frv. var komið út úr deildinni. Hann ætlast til þess, að fjhn. hagi sér eins og landlæknir, að láta skýrsluna liggja í þagnargildi, ef ekki hefði komið til, að hana þurfti að nota í pólitísku augnamiði. Það, hvort seldar eru eitraðar vörur í landinu, skiptir engu máli, en af það var pólitískur hnekkir fyrir stjórnarflokkana, að legið var á skýrslunni, þá var sjálfsagt að bregða af blæjunni og birta skýrsluna, en fyrr ekki.

Út af því, sem hæstv. fjmrh. var að tala um vottorð Jóns Vestdals, að bökunardropar smjörlíkisgerðarinnar „Ljómi“ væru ekki nothæfir, þá liggur það í hlutarins eðli, að það er alveg samskonar vitleysa og þessi hæstv. ráðh. er alltaf vanur að fara með. Til hvers heldur hæstv. ráðh., að þessi efnagerð sé að búa til bökunardropa, ef þeir eru ekki nothæfir? Og til hvers heldur hann, að þessi efnagerð sé að leggja í þann kostnað að láta rannsaka þessa dropa sérstaklega og fá vottorð um, að þeir séu óskaðlegir, ef hún getur ekki selt þá og þeir eru ekki nothæfir? Það er ástæða til þess að bera fram tilmæli til stjórnarflokkanna, hvort þeir geti ekki haft einhver ráð með að koma í veg fyrir, að þessi hæstv. ráðh. sé að flónska sig í umr. eins og hann gerir þráfaldlega, bæði í þessari hv. d. og eins í hv. Ed. — gera sig beran að fáfræði og flónsku, sjálfum sér og stjórnarflokkunum til hinnar mestu hneisu. — **(Forseti** hringir). Það þýðir ekkert að hringla handjárnum framan í mig, ég segi það, sem mér sýnist.

**Stefán Jóh. Stefánsson** óyfirl.: Ég skal taka það fram út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ég játa, að hann hafi óafvitandi orðið þessu máli dálítið til gagns, og það var þegar hann las upp bréfið frá „Efnagerð Reykjavíkur“ í sambandi við 3. umr. þessa frv. hér í d. Það bréf varð til þess, að skýrslan kom fyrr fram en ella hefði orðið. Það skipti að vísu ekki löngum tíma, en þó nokkrum, og er ég að því leyti þakklátur þessum hv. þm., að hann skyldi verða til þess að koma skriði á málið, en ég endurtek það, að það var algert óviljaverk af hans hálfu.

Annars vil ég geta þess, að það var engin ástæða fyrir fjhn. að taka þessa skýrslu til athugunar eftir að frv. var komið úr deildinni, og ég get sagt fyrir mig, að ég átti tal við hæstv. dómsmrh. um málið áður, og mér var kunnugt um, að fram átti að fara opinber rannsókn út af skýrslunni, og sá því ekki ástæðu til þess að hreyfa slíku í n. En hv. 3. þm. Reykv. mátti gjarnan hreyfa því, ef hann taldi það nauðsynlegt. Hann vildi fá þessa skýrslu til umr., ekki vegna þess, að hann áliti, að hér væri stórt mál á ferðinni, heldur til þess að geta komið að ávítum í garð landlæknis. **(JakM:** Það er alveg tilhæfulaust). Ég gat ekki skilið ummæli hans í n. á annan veg, þegar hann minntist á, hvort

ekki þyrfti að taka skýrslu landlæknis til *athugunar, sem hann fór um mjög háðulegum* orðum.

**Sigurður Einarsson** óyfirl.: Í sambandi við þessar umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, þykir mér rétt að benda á, að því hefir ekki verið hnekkt með einu einasta orði, að eftirlit verði að fara fram um notkun iðnaðaráfengis, hvernig sem fer um áfengislöggjöf*ina hér á þingi, og að þetta eftirlit hlýtur* að verða umfangsmikið og kostnaðarsamt, svo framarlega sem þess er ekki gætt að gera það ekki erfiðara né umfangsmeira en þörf er á. Í öðru lagi þykir mér miklu máli skipta, að það er orðið viðurkennt og vitað af hverjum manni, að það hafa orðið ærnar misfellur á því, hvernig vissar tegundir af hérlendri framleiðslu eru. Það hefir ekki verið leitazt við að hnekkja þeirri öruggu staðreynd með öðrum rökum en að það finnist aðrar vörutegundir, sem ekki séu skaðlegar. Vitanlega er það svo, að það eru til margar tegundir, sem hvorki er skaðleg né slæm vara, en það verður ekki gengið fram hjá því atriði, hvernig á því stendur, að svo mikil brögð eru að því, að miður góð vara, og ef til vill skaðleg vara, finnst í þessari framleiðslu. Ég get ekki hugsað mér, að það sé af löngun hlutaðeigandi framleiðanda til þess að svíkja sína vöru, að hún er skaðleg, en ætli það láti ekki nærri, sem sagt hefir verið áður í sambandi við þetta frv., en gleymzt hefir í þeirri deilu, sem um það hefir orðið við þessa umr., að það sé sakir þess, að markaðurinn er svo takmarkaður, að það eru litlar líkur til, að margar hérlendar efnagerðir geti haft hver um sig á boðstólum fyrsta flokks vöru, þegar við það bætist, að þær skortir nauðsynleg efni til þess að geta búið til góða vöru. Það er ekki löngunin til að svíkja, sem þessu veldur, heldur er aðstaða þeirra þannig, og tryggingin verður mest fyrir því, að varan sé góð, ef einn aðili er gerður úr garði, *sem bezt skilyrðin hefir, til* þess að framleiða hana.

Hv. 3. þm. Reykv. leiddi út af öllu þessu þá ályktun, að þetta frv. ætti að fella við þessa umr. Ég sé ekki, hvernig á að fara að ályktа svo, út frá þeim upplýsingum, sem fram hafa komið. Enginn þessara manna, sem eru í andstöðu við þetta frv., treystir sér til að færa að því rök, að þeir ágallar, sem hafa orðið á þessari framleiðslu hjá vissum mönnum, mundu hverfa úr sögunni, þó að frv. yrði fellt.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði mikið um, og virtist hneykslaður yfir því, að ekki skyldi hafa farið fram rannsókn hjá þessum mönnum fyrir löngu. Eina vonin, sem þeir gera sér á þessu sviði, byggist á því, að hægt sé að líta hvern óhappamanninn á fætur öðrum, í stað þess, að hægt er að komast hjá því með þeirri einföldu framleiðsluleið, sem frv. gerir ráð fyrir.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði þá hlægilegu setningu í sinni ræðu, að **hann kvaðst ekki vita, hvort hárvatn væri matvæli.** Það getur verið mikið vafamál, hvar í flokki eigi að skipa hárvatni. Þessi hv. þm. hefir ekki viljað kalla tóbak óþarfa, heldur almenna neyzluvöru. Ef til *vill litur* þessi hv. þm. á hárvatn sem neyzluvöru, en þá er það vara, sem hefir sýnt, að hún getur orðið skaðleg heilsu manna, en hann taldi, að ekki ætti að gera leik að því, að stofna til slíkrar hættu. Ég ætla að láta gilda um þetta sömu röksemd sem ég færði fram áðan, að ég geri ráð fyrir, að það hafi hvorki verið af yfirlögðum fantaskap eða löngun til þess að hafa á boðstólum hættulega vöru, heldur það, *að yfirleitt eru ekki möguleikar á að hafa þessa* vöru góða, nema að taka framleiðslu þeirra í hendur áfengisverzlunarinnar, sem ein hefir nauðsynleg efni til þess að gera það. Á annan hátt er ekki hægt að fyrirbyggja, að slíkir atburðir eigi sér stað.

Ég held, að mér sé óhætt að segja, að ég hafi einhversstaðar séð á prenti framfærða afsökun fyrir því, að hárvatnið væri eitrað, af því að ekki væri hægt að fá óskaðleg efni til þess að framleiða þessa vöru. Það væri ákaflega hlægilegt, ef af þessu mætti ályktа, að í stað hinna vantandi efna væri sjálfsagt að nota eitur. Það gæti leitt út í heldur óþægilega hluti.

Ég held, að það sé óhætt að slá því föstu, hvernig sem mönnum þóknast að deila um skýrslu landlæknis, að það er engin leið til þess að tryggja, að þessi vara verði eins góð og framast er unnt, önnur en að hverfa að því ráði, sem frv. gerir ráð fyrir. Afleiðingin af því, sem upplýst hefir viðvíkjandi þessu máli nú við umr., er ekki sú, sem hv. 3. þm. Reykv. vildi vera láta — að það eigi að fella frv. —, heldur að það eigi að ganga fram, og menn ættu að þakka sínum sæla fyrir, að ekki er heimilað að nota eitur til þessarar framleiðslu.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** óyfirl.: Hv. 1. landsk. sagði, að ég hefði vakið máls á skýrslu landlæknis í því skyni að koma fram ávítun á hendur landlækni. Hv. þm. misskilur þetta herfilega. Ég spurðist fyrir um það, hvort *n. vildi ekki taka þetta mál fyrir og hvort* henni þætti ekki ástæða til neinna aðgerða. En því var svarað á þá lund, að til þess þætti ekki ástæða. Þá spurði ég, þegar ég sá, hverjum augum hv. meiri hl. n. leit á skýrsluna, hvort þeim fyndist ekki ástæða til að athuga meðferð landlæknis á þessu máli. Það var ekki nema um tvennt að ræða, annaðhvort var skylt **að taka skýrsluna** alvarlega og gera einhverjar *ráðstafanir, eða, ef hún var ekki tekin* alvarlega, þá varð ekki hjá því komizt að víta landlækni, og það var líka full þörf á að víta landlækni fyrir dráttinn, ef átti að taka skýrsluna alvarlega.

Ég vil vekja athygli á því, sem hv. 1. landsk. sagði, að hann væri mér þakklátur fyrir, að ég hefði orðið þess valdandi, að skýrslan kom fyrr fram. Í þessu felst ásökun á landlækni fyrir að hafa ekki birt skýrsluna fyrr. Ég veit ekki, fyrir hvað löngu hann var búinn að fá skýrsluna, en það er yfirlýst, að hann ætlaði ekkert að gera út af þessu fyrr en eftir nýjár. Ef hv. 1. landsk. er mér þakklátur fyrir að hafa orðið þess valdandi, að skýrslan *kom fram tveimur* mánuðum fyrr en landlæknir ætlaðist til, þá

hlýtur hann að vita landlækni fyrir að láta hana ekki koma fyrr fram.

Hv. 9. landsk. hefir sýnilega ekkert skilið af því, sem ég sagði um þetta mál, og heldur ekki það, sem hann sjálfur var að segja.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:11 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 352).

## 11. Hagfræðiskýrslur.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um viðauka við l. nr. 29. 8. nóv. 1895, um hagfræðiskýrslur** (stjfrv., A. 18).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. er flutt samkv. tilmælum hagstofunnar. Ég óska, að því verði vísað til fjhn. eða allshn. að umr. loknum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 15. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 18, n. 131).

**Frsm. (Thor Thors):** Allshn. er sammála um að leggja það til, að þetta frv. verði samþ. Frv. fer fram á að skylda útgerðar- og iðnfyrirtæki til að gefa skýrslur til hagstofunnar um ýms efni. N. vill bæta því við, að skipamiðlarar, sem hafa skip í förum, og aðrir, sem hafa atvinnu af flutningatækjum, séu einnig skyldir til að gefa skýrslu árlega.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 131,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 131,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

3.—4. gr. (verða 4. og 5. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 182).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 20. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 182).

Á 22. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 182, n. 291).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er þess efnis að tryggja með l. ákvæðum fyllri hagfræðiskýrslur en hingað til hafa tíðkazt. Málið er fram komið að tilhlutun Sambands iðnaðarmanna í landinu, og hefir það verið samið af Hagstofu Íslands. Ákvæðin eru þess efnis, að gera nokkrar stofnanir og iðnfyrirtæki skyld til að gera skýrslur til hagstofunnar eftir þar til gerðu formi.

1. gr. fjallar um, að öll iðnfyrirtæki, sem skyld eru til að hafa starfsfólk sitt slysatryggt, skuli árlega gefa hagstofunni skýrslu.

2. gr. segir, að allar skipaútgerðir skuli gefa hagstofunni skýrslu um starfsemina, fólksflutninga, vöruflutninga o. þ. h.

Málið er borið fram í Nd., en allshn. Ed. hefir haft það til meðferðar og bætt inn í frv. tveim atriðum. Fyrra atriðið er þess efnis, að skipamiðlarar skuli skyldir að láta hagstofunni í té skýrslur um flutning með skipum til landsins og frá. Síðara atriðið er í 3. gr. frv., eins og það er nú orðið, og er um það, að eigendur flutningatækja, sérstaklega bifreiða, bæði fólks- og vöruflutningabifreiða, skuli gefa hagstofunni skýrslu um alla flutninga.

Allshn. þessarar d. hefir athugað frv. og fallizt á réttmæti þess. Að vísu taldi n. fulllangt gengið í 3. gr., en eftir atvikum taldi hún þó rétt að samþ. frv. eins og það er nú.

Má e. t. v. segja, að of langt sé gengið, ef bílaeigendur úti um land, sem hafa litla flutninga, stundum ekki nema fyrir eitt heimili, eru skyldaðir til að gefa þessar skýrslur. N. sá þó ekki ástæðu til annars, að svo stöddu, en að láta þetta ákvæði haldast, því að komi í ljós, að það valdi baga, má alltaf breyta því síðar. Annars er það ekki líklegt. Hættan er frekar sú, að þetta ákvæði verði dauður bókstafur að því er snertir þá vöruflutningabíla, sem minnst eru notaðir.

Þar sem frv. er samið af Hagstofu Íslands og forstjóri hennar er því fylgjandi, vænti ég þess, að það mæti ekki mótspyrnu hér í d.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 353).

## 12. Leiga á síldarbræðslustöð.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka síldarbræðslustöð á leigu** (stjfrv., A. 30).

Á 7. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Á síðasta þingi var ríkisstj. heimilað að taka síldarbræðsluverksmiðjuna á Sólbakka á leigu. En samningar tókust ekki, hvorki um leigu, né að leigja öðrum, sem ræki verksmiðjuna. Fyrrv. atvmrh. hafði heimild til að taka verksmiðjuna leigunámi. En eftir stjórnarskiptin var stjórn síldarbræðslustöðvar ríkisins falið að sjá um framkvæmdir. Gert er ráð fyrir, að hægt sé að taka til bræðslu um 10000 til 15000 mál. Ég get ekki sagt um, hver útkoman hefir verið, en hún hefir víst ekki verið góð. Það er yfirleitt gert ráð fyrir 5000—10000 kr. upp í leiguna. Það var orðið svo áliðið tímans, að ekki var hægt að koma þessu í kring. Síldveiði var líka minni í sumar en áður. Ég ætla svo ekki að ræða frekar um þetta, en óska svo, að málinu verði vísað til sjútvn.

**Magnús Guðmundsson:** Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. rh., hvort búið væri að meta leiguna fyrir verksmiðjuna.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég skal svara fyrirspurn hv. þm. Það er ekki búið að meta leiguna. Í húsinu liggur fyrir mikið af vörum, einkum lýsi og kolum. Annars mun leigan verða miðuð við ársvinnsluna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. m. 10 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 188).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Það þýðir ekki að hafa miklar umr. um þetta mál. Það, sem hér ræðir um, hefir þegar verið framkvæmt, og er aðeins eftir að fá l. formlega samþ.

Eftir því, sem bezt verður séð, þá hefir orðið tap á rekstri þessarar síldarverksmiðju, og kemur það niður á ríkissjóði að greiða það á sínum tíma, nema svo sé, að hallinn verði greiddur af síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði.

N. leggur til, að frv. verði samþ. — Það er ekki um annað að gera, en ég vil taka það fram, að l. voru of seint framkvæmd til þess að þau gætu komið að notum. En fyrst svo var, að taka þurfti verksmiðjuna til afnota um síldveiðitímann, þá þurfti að taka hana leigunámi, því að því er séð verður, þá vildi Útvegsbankinn ekki leigja verksmiðjuna, sem varla var heldur von, þar sem á síðasta þingi var samþ. að kaupa hana, en afnotin urðu minni en til var stofnað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 22. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 30).
Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 30. og 31. fundi í Nd., 7. og 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 30, n. 311).

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Þetta frv. er gefið út af fyrrv. ríkisstj., og sjútvn. hefir einróma lagt til, að það yrði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 414).

## 13. Tilbúinn áburður.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um verzlun með tilbúinn áburð** (stjfrv., A. 23).

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Breytingin, sem með þessu frv. er gerð frá því, sem áður var, er eingöngu sú, að einkasala á tilbúnum áburði, sem áður var heimiluð, er nú ákveðin með lögum. Jafnframt er ákvæði um að heimila ríkisstj. að greiða kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

Ég sé ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum um þetta efni, en vil geta þess, að mér þykir fyllsta ástæða til, að þetta verði gert að lögum nú. Ég vil óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, 74, n. 75).

**Frsm. (Jón Pálmason)** [óyfirl.]: Eins og flestum hv. þdm. er kunnugt, hefir verið á timabilinu 1923 og fram á þennan dag ræktað meira land en nokkurntíma fyrr í sögu landsins. Til þess má telja tvær höfuðástæður. Önnur þeirra er samþykkt jarðræktarlaganna 1923, sem mestu munu valda um breytingu í ræktunarmálum bændanna, og hin ástæðan er sú, að vinnukrafturinn er svo dýr, að bændur hafa séð þann kost vænstan að auka ræktaða landið sem mest, svo meira yrði unnt að nota vélar en verið hafði.

Síðan kreppan skall á hefir alvarlegasti annmarkinn, sem hamlað hefir frekari ræktunarframkvæmdum, verið bundinn við áburðarspursmálið. Með tvennu móti hafa menn þó verið styrktir í þessum efnum; annarsvegar með fjárstyrk til betri hirðingar á innl. áburði, og hinsvegar með styrk til kaupa á erl. áburði. En það hefir komið í ljós á þessum kreppuárum, að ekki hefir verið það áframhald í ræktunarmálunum sem þyrfti, og sú stífla verður ekki losuð nema hlutaðeigendum sé gert fært að kaupa áburð, eftir því sem þörf er á. Þess vegna hefir landbn. séð nauðsyn þess að halda styrkveitingu þeirri, sem verið hefir og bundin er við greiðslu flutningskostnaðar til landsins og milli hafna. Um þetta hefir meiri hl. n. orðið sammála, en nokkur ágreiningur hefir orðið um, hvernig þessu skuli hagað í framkvæmdinni. Meiri hl. vill breyt. á þá lund, að ríkisstj. sé bundin við að greiða 20 kr. pr. tonn. En einn nm., sem sé hv. 2. þm. Reykv., vill halda þeirri skilgreiningu, sem er, að hér sé aðeins um heimild handa stj. að ræða, og vill binda hana við 40 þús. kr. hámark. Að sjálfsögðu gerir hv. þm. grein fyrir sinni afstöðu eða á hverju hann byggir þetta, en meiri hl. n. fellst ekki á skoðanir hans. — Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en vænti þess, að málið gangi áfram til 3. umr., hvort sem brtt. verður samþ. eða ekki.

**Héðinn Valdimarsson:** Þegar flutt var hér á Alþ. frv. til l. um verzlun með tilbúinn áburð og samþ. einkasala á honum, vorum við Alþýðuflokksmennirnir því fylgjandi, en vorum mótfallnir styrknum eða endurgreiðslu flutningskostnaðar, sem engin trygging var fyrir, að kæmi réttlátlega niður meðal bændastéttarinnar, og er kostnaðarauki fyrir ríkissjóð, en til litils gagns. Nú er það svo, að í stað þess, að í gildandi lögum er aðeins heimild handa ríkisstj., er flutt till. um, að þetta verði föst lög, og þykir mér því rétt að taka fram nokkuð sömu afstöðu af hendi okkar Alþýðuflokksmanna. Við erum alveg sammála því að hafa einkasölu, eða það fyrirkomulag, sem hefir verið, að S. Í. S. hafi áburðarsöluna f. h. ríkisins. Það virðist hafa farið vel úr hendi. Ég er meira í vafa um, hvort ákvæði 2. gr. um endurgreiðslu flutningskostnaðarins á að halda sér. Þar er um að ræða að greiða vissan hluta verðsins til baka.

Upphaflega var ætlunin sú með þessum styrk, að hvetja bændurna til og kenna þeim að nota tilbúinn áburð. Það ætti að vera liðinn sá tími, svo styrksins væri ekki lengur þörf, enda er hann lítið fjárhagslegt atriði fyrir hvern bónda, en töluvert fyrir ríkissjóð, er allt kemur saman. Ég hefi þó gengið inn á það í landbn. til samkomulags, að greiða flutningskostnaðinn enn um stund, en ég tel, að hann eigi að falla niður bráðlega, t. d. innan 3 ára. Ég tel, að ekki eigi að veita styrkinn á þennan hátt lengur, því það er á móti öllum venjulegum verzlunarháttum og útlendi áburðurinn er beinlínis verndaður gegn innlendum áburði með þessum styrk.

Ég legg því til, að stj. sé veitt heimild til endurgreiðslu flutningskostnaðar um 3 ár og að upphæðin sé takmörkuð, eins og gert er í till. minni, við 40 þús. kr., og er það sú upphæð, er greidd hefir verið síðastl. ár.

Vona ég, að á þeim tíma — 3 árum —, sem heimildin felur í sér, sé hægt að koma upp íslenzkri áburðarvinnslu, og ætti þá ekki að verða neitt deiluefni um þennan styrk lengur. Samkv. bráðabirgðarannsóknum, sem gerðar hafa verið, virðist möguleiki fyrir allmikilli áburðarvinnslu hér á landi, á kalksaltpétri o. fl.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.]: Út af brtt. hv. 2. þm. Reykv. vildi ég segja það, að ég er henni hlynntur, af því þar er gert ráð fyrir að hafa hámark á styrkgreiðslunni. Ég tel æskilegt, að sem bezt séu skoðaðar allar fjárveitingar, svo vitað sé, hve mikil útgjöld sé af hverjum lið, en haft sem minnst af óákveðnum útgjöldum. Undanfarið hefir framkvæmdin verið sú á fjárlagasamþykktum, að áætluð hefir verið viss upphæð, og yfirleitt ekki meira ár eftir ár, þó fjárveiting hafi farið langt fram úr fjárl.heimild. Ég er því hlynntur, að samþ. verði 40 þús. kr. í fjárl. í þessu skyni; skal ég benda á, að sú upphæð er mjög nálægt því, sem búast má við, að styrkurinn mundi nema samkv. till. landbn., er hún gerir ráð fyrir, að greiddar verði 20 kr. pr. tonn, eins og verið hefir.

Ég vildi því beina til hv. landbn., að hún setti í till. sínar ákvæði, sem fela í sér hámark styrksins, svo vitað sé, á hverju má eiga von í hvert sinn.

**Sigurður Kristjánsson:** Eftir gögnum, sem fyrir liggja um innflutning erlends áburðar, get ég ekki annað séð en áhrifin af lögum þessum hafi orðið þau, að mjög hafi verið ýtt undir aukna ræktun landsins, þó rétt sé hinsvegar, að takmörk eru fyrir því, hve langt má ganga, svo ekki sé spillt fyrir innlendum áburði. Ég vil taka það fram, að ég er ósammála einokun ríkisins á þessari vöru, sem á öllu öðru, og mun því ekki greiða frv. atkv. til 3. umr. í þeirri mynd, sem það er nú.

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Mér skildist á hæstv. fjmrh., að hann vildi ákveða upphæð fjárlaga 40 þús. kr. og áleit að það mundi standast undir kostnaði einkasölunnar. Ég vil þá benda á það, að samkv. LR. f. árið 1932 hefði sú upphæð ekki hrokkið langt; þá var áætl. í fjárl. 60 þús. kr., en urðu samtals rösklega 81 þús. kr., eða kr. 81732,61. Ef því yrði ákveðið að veita 40 þús. kr., þýddi það helmings niðurskurð á þessum styrk til bændastéttarinnar. Þetta vildi ég benda á þeim hv. þdm., sem virðast reiðubúnir að skera niður þann styrk, sem veittur hefir verið í þessu skyni á undanförnum árum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Ég skal skjóta því fram, að þessar upplýsingar um, að styrkurinn hafi numið um 43 þús. kr. síðastl. ár, með 20 kr. styrk pr. tonn, hefi ég frá manni í landbn. Kostnaðurinn hefir verið meiri áður en kreppan skall á, sem liggur í því, að þá var innflutningurinn mikli meiri. Nú þarf innflutningur ekki að vera eins mikill. Má því taka til athugunar, hvort ekki muni vera bezt að miða við 40 þús. kr.

Sú afgreiðsla, sem fram kemur í till., að framlögin séu óbundin, er í rauninni afleit. Viti Alþingi ekki, hvað það er að gera, þá er það á rangri leið. Álít ég því, að rétt sé að hafa hámarksupphæð í sem allra flestum greinum, en veita aftur á móti sem minnst fé, sem að meira eða minna leyti er veitt út í loftið. Vona ég því, að þetta atriði verði tekið til ýtarlegrar athugunar, og að sett verði hámarksupphæð. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi aflað mér í þessu efni, mun þessi 40 þús. kr. hámarksupphæð vera hæfileg.

**Ólafur Thors:** Ég vil taka undir það með hæstv. fjmrh., að þingið verður að vita, hvað það gerir. Í þessu máli eru upplýsingar þær, sem ráðh. gefur, rangar og villandi, samkv. upplýsingum endurskoðunarmanns landsreikninganna, hv. þm. V.-Húnv. Tel ég þess vegna rétt, að hv. þdm. taki ekki afstöðu til till. eins og hún liggur fyrir. Vil ég leyfa mér að mælast til þess, að annaðhvort taki flm. till. sína aftur til 3. umr., eða að málið verði tekið út af dagskrá og hv. landbn. taki það til athugunar, og ætti hún síðan að gefa upplýsingar um málið.

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Ég get fallizt á það hjá hæstv. ráðh., að gott sé að geta haft sem nákvæmastar áætlanir um, hversu ríkisútgjöldin verði mikil. Það er víðar en hér, sem óhjákvæmilegt er að hafa áætlunarupphæðir. Ef allt ætti að vera fastar fjárveitingar í fjárlagafrv., þá verður að gera breyt. á þeirri reglu að miða ríkisstyrk við framkvæmdir, sem ekki er hægt að sjá hve miklar verði. T. d. má nefna jarðræktarlögin í þessu sambandi. Það er ógerningur að sjá hve mikil útgjöld þau hafa í för með sér. Ég veit vel, að hæstv. ráðh. vill ekki, að þau séu áætluð, og ekki sé skeytt um, hvort framkvæmdirnar verða meiri en áætlunin gerði ráð fyrir eða ekki.

Hvað snertir berklavarnalögin, sem eru einhver allra stórfelldasti liður landsreikninganna, er ómögulegt að áætla svo nákvæmlega útgjöldin, að ekki raskist eitthvað meira eða minna, ekki aðeins svo nemi tugum þúsunda, heldur jafnvel hundruðum þúsunda, eins og átt hefir sér stað samkvæmt útkomu LR.

Margar upphæðir eru ekkert annað en áætlunarupphæðir, því að þau útgjöld, sem hér um ræðir, hvíla á sérstökum l., sem ríkisstj. verður að uppfylla.

Ég held, að það hafi verið árið 1932, síðasta árið, sem landsreikningurinn nær yfir, sem það kom í ljós, að verð á innfluttum, tilbúnum áburði varð tvöfalt meira en hæstv. ráðh. hafði gert ráð fyrir í fjárl. og sem tekið hafði verið í fjárlögin sem ákvörðunarupphæð í þessu skyni. Það verður því ekki hjá því komizt að hafa þennan lið áætlunarlið. Það verður sjálfsagt hægt að komast nær því rétta en gert hefir verið undanfarið. Hér er eingöngu um það að ræða, hvort dregið skuli úr þessari fjárveitingu eða ekki. Ef þingið vill fallast á að lækka styrkinn til áburðarkaupa, þá er eðlilegt, að þessi leið sé valin, að lækka tillagið, en ekki sú, að þingið geri áætlanir um fjárveitingu, sem má ekki breyta neitt. En þá koma til greina örðugleikar fyrir þá, sem reka áburðareinkasöluna, á því að ákveða verðið. Þeir geta ekki ákveðið raunverulegt verð á áburðinum, fyrr en hægt er að sjá, hve mikill áburðarinnflutningurinn verður. Annaðhvort verður áburðareinkasalan að ákveða verðið svo hátt, að hún sé viss um, að það sé nægilega hátt, og endurgreiða síðan mögulegan mismun, eða láta áburðinn úti með verði, sem samsvarar verði undanfarandi ára, þegar tekið er tillit til þess, að flutningskostnaður er endurgreiddur.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Ég vil segja fáein orð út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, sem sé því, að árið 1933 hafi tilbúinn áburður verið 43 þús. kr. dýrari en áður. Ég hefi aflað mér upplýsinga frá landbn. þessu viðvíkjandi. Samkv. þeim hafa verið flutt til landsins 2000 tonn.

Viðvíkjandi þessari upphæð frá 1932 bendir hv. þm. á, að ekki sé ávallt auðvelt að binda sig við upphæð, sem þar komi fram, því að hún geti færzt til milli ára. Þess vegna er gott að athuga landsreikningana fyrir 3. umr. Það er ekki rangt að miða við 40 þús. kr. greiðslu.

Út af því, sem hv. þm. sagði um þetta atriði, að þetta yrðu áætlunarupphæðir, vil ég segja það, að ég er ekki sömu skoðunar í því efni. Enda þótt Alþingi hafi afgr. l. um jarðabótastyrk, sem felur í sér útgjöld án þess að há-

mark sé sett, hafa þó síðan verið sett lög, sem fyrirbyggja slíkt. Ég lít þannig á, að hægt sé að koma við hámarksupphæð við öll lög. Og í þessu tilfelli er tvímælalaust hægt að koma slíku við. Það verður auðvelt að jafna styrk þeim, sem áburðareinkasalan fær. Sé það ekki unnt fyrirfram, verður það a. m. k. hægt eftir á með uppbótargreiðslu, eða með öðru móti.

Það er ekki sanngjarnt hjá hv. þm. að tala um, að menn taki afstöðu til þess, hvort lækka skuli greiðsluna um helming. Ef það væri samþ., yrði fjárveitingin lík því, sem nú er.

Ég vil benda á það, að undanfarið hefir verið reynt að greiða til einkasölunnar þessa fjárveitingu í fjárlögum, enda þótt ekki hafi tekizt að sporna við því, að upphæðin færi fram úr áætlun.

Vil ég svo að lokum skjóta því til hv. landbn., hvort hún gæti ekki fallizt á, að sett verði ákvæði um hámarksupphæð í þessa till. Mér sýnist ekki fjarri sanni, að miðað sé við 40 þús. kr.

**Frsm. (Jón Pálmason)** óyfirl.: Í umr. hafa komið fram nokkur atriði, sem ég vil minnast á.

Hv. 2. þm. Reykv. virtist halda því fram, að væri styrknum létt af, gæti það orðið til þess að vernda erlendan áburð fyrir innlendri framleiðslu. Það er enginn áburður framleiddur hér á landi. Þessi l. eru felld úr gildi, og er því öll hræðsla í þessu efni ástæðulaus.

Hvað hámarksupphæðina áhrærir, skil ég vel afstöðu hæstv. fjmrh., að honum þyki gott að hafa fjárveitingu í fjárl. til þessa, eins og annars. Vil ég þá benda á það, að ef hámarksupphæð verður svo lág, að líklegt sé, að hún hrökkvi ekki til þess að borga flutningskostnað þessarar vöru, þá verður að setja nánari ákvæði um, hvernig með skuli farið. Líklegt er, að þessi 40 þús. kr. upphæð sé of lág til þess að hægt sé að greiða með henni allan flutningskostnað. Vil ég þess vegna f. h. landbn. leggja til, að þessi till. verði felld.

Hinsvegar er mér f. h. n. óhætt að lofa því, að hún taki til athugunar fyrir 3. umr., hvort ekki sé rétt að setja hámarksupphæð.

Viðvíkjandi því sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, vil ég taka það fram, að ég er yfirleitt á móti einkasölum í verzlunarháttum. Hér stendur sérstaklega á. Hér er um einskonar nauðsynjavöru að ræða. Það er veittur styrkur úr ríkissjóði í þessu skyni. Ég hefi töluvert fylgzt með framkvæmd þessa máls undanfarin ár. Mér finnst einkasala sú, sem hér um ræðir, hafa reynzt betur en aðrar. Af þessum ástæðum get ég brotið í bága við þá meginreglu mína, að vera mótfallinn einkasölum yfirleitt. Þetta þótti mér vissara að taka fram, til þess að fyrirbyggja allan misskilning í þessu efni. Vona ég svo að lokum, að hv. þdm. sé ljóst, hvernig í þessu máli liggur.

**Hannes Jónsson** óyfirl.: Ég vil benda á það, að árið 1929 var kostnaðurinn við áburðareinkasöluna: 83337,03 kr., árið 1930: 117333,80 kr. og árið 1931: 82019,73 kr. Er landflutningur þar með talinn.

Ég geri ráð fyrir að sá liður, sem greiddur er til landflutninga, nemi ekki nema lítilli upphæð. Kemur því ekki til mála að lækka þennan lið.

Það er ýmsum örðugleikum bundið að ræða um þetta til hlítar fyrr en fullar sönnur fást fyrir því, hver skattur verður, svo að nefndin sjálf geti athugað reikningana.

Ég hygg, að um eðlilegan mismun sé að ræða ár frá ári, vegna þess að áburðareinkasalan hefir yfirfærðar hjá sér innistæður, sem ríkið á. Samkvæmt landsreikningunum frá 1932 hefir áburðareinkasalan fengið um 27000 kr. í sínar hendur frá ríkinu. Það getur verið, að slík yfirfærsla hafi átt sér stað árið 1933, og innistæður hafi minnkað frá því, sem var í árslok 1932. Mér finnst ekki vera hægt að komast hjá því að lækka styrkinn, sem veittur er, svo framarlega sem binda á fjárveitingu við 40000 kr.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil þakka hæstv. fjmrh. undirtektir hans undir að hafa ákveðna hámarksupphæð styrks. Upplýsingarnar um, að 40000 kr. hámark sé hæfilegt eru frá hr. Árna Eylands, sem staðið hefir fyrir áburðareinkasölunni.

Aftur á móti hefi ég ekki heyrt útskýrt enn, hvaða brýna nauðsyn beri til, að ríkissjóður yfirleitt greiði flutningsgjöldin. Fyrst var þeirri ástæðu borið við, að kenna ætti mönnum að nota áburðinn, flutningsstyrkurinn væri einskonar auglýsing um áburðinn. Bændur vita nú um not áburðarins og nota áburðinn eins og þeir þurfa, eftir getu sinni. Sú ástæða er því ekki lengur fyrir hendi.

Innlenda áburðarnotkun er enn hægt mikið að auka, og er sízt þörf fyrir að vernda útlendan áburð gegn íslenzkum. Eftir nýafstöðnum lauslegum rannsóknum er jafnvel von um framleiðslu kalksaltpéturs o. fl. í stórum stíl með rafmagnsvinnslu og bindingu í vestfirzkan kalksand.

Ég get tekið till. aftur til 3. umr., ef landbn. tekur aftur brtt. til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 74 og 75 teknar aftur.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 12. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 23, 74, 75, 95, 96, 115).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 115. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Fyrir hönd landbn. hefi ég lítið að segja annað en það, að hún hefir orðið ásátt um að bæta við þá brtt., sem hún hafði áður flutt á þskj. 75, að þau ákvæði, er þar greinir, skuli gilda til ársloka 1937. Um þessa brtt. er öll n. sammála. Hinsvegar flytur hv. 2. þm. Reykv. sérstaka brtt. á þskj. 96, þess

efnis, að binda hámark styrksins við 40 þús. kr. Meiri hl. n. hefir ekki getað fallizt á þessa brtt., því að með henni er styrkurinn rýrður. Fleiri brtt. hafa komið fram, en ég sé ekki ástæðu til að ræða þær fyrr en hv. flm. hafa gert grein fyrir þeim.

**Sigurður Kristjánsson:** Við hv. 11. landsk. höfum borið fram brtt., sem ekki er talin með á dagskránni, af því að hún kom fram eftir að dagskráin var prentuð. Aðalbreyt. er í því fólgin, að við viljum ekki, að einkasala sé á þessari vöru. Vakir það fyrir okkur, að verzlun með þessa vörutegund eins og aðrar farnist bezt í frjálsri samkeppni. En vegna nauðsynja landbúnaðarins teljum við rétt, að styrk úr ríkissjóði til áburðarkaupa sé haldið. Í frv. landbn. er gert ráð fyrir, að felld verði úr gildi eldri lög um þetta efni, lög frá 1928 og lög frá 1931, um styrk til þeirra manna, sem þurfa að flytja áburðinn langa leið frá höfnum. Mér er eigi ljóst, hvers vegna n. hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að gera eigi mun á því, hvort meira eða minna kostar að flytja áburðinn frá höfnum. En þegar eldri lögin voru gerð, var í sumum tilfellum eins dýrt að koma áburðinum heim til bænda frá höfnum eins og nú kostar að flytja hann á milli landa. Þó að flutningsgjöld séu nú orðin ódýrari, sé ég ekki ástæðu til að fella þennan styrk niður. Við leggjum til, að styrkurinn sé bundinn við 100 kg., þannig að tveggja króna styrkur sé veittur á hver 100 kg., sem er nálægt því að vera flutningskostnaður á milli landa, en þar að auki leggjum við til, að heimilt sé að greiða aukastyrk, er nemi einni krónu á hver 100 kg. til þeirra, sem þurfa að flytja áburðinn innanlands lengri leið en 30 km. frá höfn, sem skip Eimskipafélags Íslands sigla á eftir áætlun. Eimskipafélagið mun hafa tekið um 22 kr. á smálest í flutningsgjald frá útlöndum, en það er samkv. sérstökum samningi og því nokkru lægra en ella. Einnig hefir Eimskipafél. látið umskipa áburðinum hér og kostað flutning hans til smærri hafna með ríkisskipunum. Það lætur því nærri, að kostnaðurinn sé 2 kr. á hver 100 kg. Ég held því, að þetta mark okkar sé í samræmi við það, sem verið hefir, og við teljum sanngjarnt að létta undir með þeim, sem lengst þurfa að flytja á landi. Ég geri ráð fyrir, að það verði engum erfiðleikum bundið að skipta þessum styrk, því að flestir, sem nota útlendan áburð, hafa með höndum jarðabótastörf, sem hljóta opinberan styrk, og eru því í hreppabúnaðarfélögum. Ætti því að vera auðvelt að fá skýrslur um kaupin og láta félögin útdeila styrknum. Styrkurinn greiðist vitanlega ekki fyrr en eftir notkun áburðarins, og ætti það ekki að valda neinum óþægindum, því að styrkurinn er svo lítill hluti af verði áburðarins, að hver bóndi, sem annars getur keypt áburð, hlýtur að geta lagt út þann kostnað í bráðina. Ég hefi svo engu við þetta að bæta nema því, að ég vænti þess, að hv. deild fallist á, að ekki sé rétt að fella niður þennan styrk til flutninga frá höfnum, og jafnframt, að menn sannfærist um, að salan muni ekki fara betur í einkasölu en í frjálsri verzlun.

**Hannes Jónsson** óyfirl.: Ég hreyfði nokkrum aths. við þetta frv. þegar það var borið hér fyrst fram, og ég bjóst við, að út af þeim aths. mundi hv. landbn. bera sig saman við mig um þau atriði, sem ég gerði að umtalsefni, en það hefir hún ekki gert. Ég bjóst við, að þetta mál yrði ekki tekið svona fljótt fyrir, svo að brtt., sem ég ber fram, er enn í prentsmiðjunni, en hún er væntanleg á hverri stundu. Skal ég nú í stuttu máli skýra afstöðu mína til þessa máls.

Það er kunnugt, hvað aðallega vakti fyrir mönnum, þegar lögin voru sett árið 1928. Fyrst og fremst átti að koma áburðarverzluninni undir ríkið, til þess að tryggja þeim, er áburðinn notuðu, innflutningsverð að viðbættum umsetningarkostnaði. Allan annan kostnað skyldi ríkissjóður greiða. Með breyt., er gerð var á lögunum árið 1929, var farið inn á aðra leið. Sú skoðun kom fram, að eigi væri rétt að láta alla kaupa áburðinn sama verði á innflutningshöfnum, án tillits til þess, hvort þeir þyrftu að flytja hann lengri eða skemmri leið heim til sín. Var nú sú breyt. á gerð, að greiðslan úr ríkissjóði skyldi eigi koma fram í lækkuðu verð áburðarins, heldur skyldi búnaðarfélögum og öðrum, sem ræktu þessa verzlun heima fyrir, greidd tilsvarandi fjárhæð til úthlutunar og jöfnunar á aðstöðumun manna, eftir því hvort þeir byggju nærri eða fjarri innflutningshöfnum. Ég held, að þessi ákvæði frá 1929 hafi aldrei komið til verulegra framkvæmda, og með lögunum 1931 voru þau felld úr gildi, en ríkisstj. veitt heimild til þess að greiða flutningskostnað á landi, ef kaupandi áburðarins var búsettur 35 km. frá innflutningshöfn. Ég veit ekki, hvort þessum ákvæðum hefir verið fylgt, nema ef það hefir verið árið 1932, en árið 1933 var það ekki gert og ekki á yfirstandandi ári.

Sá kostnaður, sem ríkissjóður hefir af þessu haft, er hv. dm. kunnur, því að ég las þær tölur úr LR, þegar málið var hér síðast til umr.

Í skýrslu Búnaðarfél. Íslands er talað um greiðslu fyrir landflutninga, en þeir gátu ekki komið til greina samkv. lögunum sjálfum. En 1932 er ekkert greitt, og gat það þó komið til greina samkv. lögum frá 1931. Það frv., sem hér liggur fyrir, gengur skemmra en lög þau, sem gilt hafa, og brtt. sú, sem ég hefi flutt, bætir úr þessu. Eftir skýrslum, sem fyrir liggja, sést, að innflutningurinn á tilbúnum áburði hefir verið sem hér segir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1929 | innfl. | 2130 tn. | selt | 2095 |
| 1930 | — | 2387 — | — | 3145 |
| 1931 | — | 3348 — | — | 3380 |
| 1932 | — | 2492 — | — | 2550 |

Eins og sést af þessu yfirliti, hefir sum árin verið selt meira en inn hefir verið flutt, og kemur það niður á mismunandi birgðum frá ári til árs. Innflutningurinn 1932 er kominn nálega niður í það, sem hann var 1929, en þá var kostnaður ríkissjóðs 74583 kr. Síðan hefir innflutningur lækkað nokkuð, er 1933 um 2360 tn. og 1934 um 2200 tn., eða nokkru minni en 1929.

Þó kostnaður yrði lægri nú, hlýtur hann að verða töluvert hærri en áætlað er í fjárl.frv.,

nema gengið verði inn á þá braut, sem till. 2. þm. Reykv. fer fram á, að binda fjárveitinguna við ákveðið hámark, svo að hún fari aldrei yfir 40 þús. kr. Er sjáanlegt, að þá mundi framlag ríkissjóðs lækka allt að helmingi frá því, sem verið hefir, eða sem nema mundi um 20 kr. pr. smálest samkv. gildandi lögum, sem mundi þýða dýrari vöru fyrir kaupendurna, er því næmi. Mér finnst því ekki rétt að farið hjá hæstv. stj. og hv. landbn., að bera fram og mæla með slíku frv.

Ég á hér brtt., sem nú samstundis er að koma úr prentun, og vænti þess, að hæstv. forseti lýsi henni, svo hún geti komið til atkv.

**Forseti (JörB):** Útbýtt er í d. brtt. frá hv. þm. V.-Húnv., á þskj. 123. En þar sem hún er of seint fram komin, verður að leita afbrigða, til þess að till. megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Pálmason)** [óyfirl.]: Eins og ég tók fram áðan, hefir landbn. ekki borið sig saman um þær brtt., sem nú síðast hafa komið fram, á þskj. 115 og 123. En flest þau atriði, sem þar koma fram, hafa allmikið verið rædd innan n., og býst ég því við, að meiri hl. hennar leggi á móti, að þær verði samþ.

Svo ég víki fyrst að brtt. á þskj. 115, frá þeim hv. 6. þm. Reykv. og hv. 11. landsk., þá hefi ég komið nokkuð að því við fyrri umr., hvort einkasala skuli vera áfram á áburðinum eða ekki. Frá mínu sjónarmiði er í heild sinni ekki heppilegt, að höft séu á verzluninni, en hér stendur alveg sérstaklega á. Fyrst og fremst er þetta nauðsynjavara, og í öðru lagi veitir ríkið styrk til kaupa á henni, og því mjög erfitt að koma við úthlutun styrksins nema verzlunin sé öll á einni hendi. Eins og öllum er kunnugt, sem fylgzt hafa með þessum málum, hefir þessi vara verið háð sérstöku þrengingvaldi á erlendum markaði, og því hægara að ná hagkvæmum kjörum í stórum kaupum. Og það, sem sérstaklega mælir með því í mínum huga að fallast á þessa tilhögun, er það, að þessi verzlun hefir gengið betur en aðrar einkasölur, og geri ég ráð fyrir, að það stafi fyrst og fremst af því, að hún hefir selt að mestu kontant. — Ég hefi svo ekki meira um þetta að segja, en ég tel, að hér standi svo sérstaklega á, að ég vil ganga inn á að fylgja frv.

Þá skal ég snúa mér að því atriði, sem mikið hefir verið rætt um á síðustu árum, sem er styrkur til landflutninga á áburðinum. Það er rétt, að ríkið hefir styrkt að nokkru flutning á landi á undanförnum árum, en annmarkar á því hafa orðið margir og reynzt erfitt að gera menn ánægða, og því orðið úr þrætur og missætti, eftir upplýsingum þeirra manna, sem um þau mál hafa fjallað. Ég vil líka benda á, að það virðist lítið réttlæti í því, að sá, sem býr 30—35 km. frá höfn, fær engan styrk, en sá, sem býr 36—40 km. frá höfn, fær fullan styrk, enda tæplega hægt að fá fullt réttlæti. Styrkur þessi hefir verið jafn á allan áburð, eftir þyngd, og komið þeim til góða, sem lengst eiga að flytja. Það hefir verið sama verð á áburðinum á öllum höfnum og því vinningur fyrir þá, sem búa við afskekktustu hafnirnar. Það má vitanlega um það deila, hve langt á að ganga í slíkum styrkveitingum, en landbn. hefir ekki talið ástæðu að ganga lengra í þessu máli, en álítur heppilegra að gera það fremur á öðrum sviðum. Hefir nefndin því orðið sammála um að mæla með, að frv. yrði samþ. óbreytt, að undantekinni brtt. hv. 2. þm. Reykv.

Þá skal ég víkja að ræðu hv. þm. V.-Húnv. og brtt. hans á þskj. 123. Það er rétt hjá hv. þm., að upphaflega var til þess ætlazt í l., að ríkissjóður greiddi allan kostnað við innflutninginn, að frádregnum 2—3%. En raunverulega hafa þau aldrei verið framkvæmd á þessum grundvelli. Ég tel því harða kröfu að fara fram á, að nú verði greiddur hærri styrkur en verið hefir á undanförnum árum. Hv. þm. las upp mikið af tölum um innflutning á áburðinum og úthlutun styrksins 1929—1932 og fór rétt með þær tölur. En viðvíkjandi styrknum 1932 er það að athuga, að þá varð styrkurinn svo hár vegna þess, að þá féll á verzlunina gengistap, sem nam tugum þúsunda kr., því verð var ákveðið áður en vitað var um gengisbreytinguna, og varð því styrkurinn miklu hærri en til var ætlazt í upphafi. Það er að vísu rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að styrkurinn yrði lægri en hann var síðast, ef till. hv. 2. þm. Reykv. verður samþ., því þá var hann 46 þús. kr. En þetta fer vitanlega eftir því, hve mikið er keypt. En það er mjög erfitt fyrir þá menn, sem um þetta fjalla, að vita ekki fyrirfram um, hvað ganga má út frá miklum styrk pr. smálest. Afleiðingin mundi þá oftast verða sú, ef verð væri ákveðið of lágt, að ríkissjóður yrði að greiða mismuninn eftir á, því örðugt myndi reynast að innheimta hann hjá hverjum einstökum kaupanda. Annars munu hv. meðnm. mínir í landbn. gera grein fyrir afstöðu sinni til þessarar brtt., ef þeim þykir ástæða til.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Ég skal ekki verða langorður um þetta mál nú. Þó vil ég segja nokkur orð út af brtt. hv. þm. V.-Húnv. Ég verð að segja það, að ég býst ekki við, að hv. flm. hafi flutt þessa till. hér í d. vegna þess, að hann sjálfur telji hana sanngjarna eða búist við, að hún verði samþ., heldur til þess að hampa henni framan í bændurna og tala um hana í flokksblaði sínu, Framsókn. Hv. þm. gerði tilraun til að sýna fram á, að með till. stj. og landbn. væri verið að lækka styrkinn frá því, sem hann hefði verið og ætti að vera samkv. l. frá 1931, þar sem gengið væri út frá, að ekki væri lagt meira á áburðinn en 3%. En í framkvæmdinni mun alltaf hafa verið lagt á meira en 3%, og það engu síður í tíð fyrrv. landbúnaðarráðh., Þorsteins Briems, enda varð ríkisstyrkurinn þá um 43 þús. kr., eða svipaður og hér er gert ráð fyrir nú. Þó var samkv. fjárl. þá gert ráð fyrir, að hann yrði 60 þús. kr., en Þorsteinn Briem hefir ekki álitið ástæðu til að hafa hann hærri en 43 þús. Hv. þm. veit, að svona till. verður ekki samþ. vegna fjárhags-

aðstöðu ríkissjóðs. Ég býst við, að hv. þm. verði það kærkomið, að ég greiði atkv. móti þessari till., þar sem hann hefir alls ekki ætlazt til, að hún yrði samþ., heldur aðeins borið hana fram til þess að geta skammað Framsfl. fyrir að drepa hana, og fá þannig efni í einn dálk í blaði sínu. Annars harma ég, að landbn. skyldi ekki ákveða hámark á styrknum.

**Bjarni Ásgeirsson:** Það er aðeins ein af þeim brtt., sem hér liggja fyrir, sem ég vildi segja um nokkur orð, og er það brtt. á þskj. 115, frá hv. 6. þm. Reykv. og 11. landsk. Till. fjallar um að gerbreyta verzluninni frá því, sem nú er. Vilja þeir færa hana í hendur einstaklinga, eða eins og það heitir á þeirra máli: gera hana frjálsa. Ef brtt. væri samþ., álít ég, að það væri stórt spor í öfuga átt og á móti þeirri þróun sem annarsstaðar á sér stað í verzlun þessari. Hv. þm. ætti að vera ljóst, að framleiðsla og sala þessarar vöru er komin undir einn hring, sem hefir aðsetur í Basel og afgreiðir ekki pantanir beint nema til stærstu heildsölufirma. En við höfum vegna þess skipulags, sem á verzluninni hjá okkur hefir verið, komizt í bein viðskiptasambönd, með eins hagkvæmum kjörum og þær þjóðir, sem eru mörgum sinnum stærri. Ef þessu væri breytt og Pétur og Páll færu að kaupa vörurnar í smáslöttum, mundi ekki verða litið við þeim pöntunum, en vísað til umboðsmanna hringsins á Norðurlöndum, sem vitanlega legðu sitt umboðsgjald á þær, og allt mundi þannig sækja í sama horfið og áður var. Vegna þess að sala áburðarins er öll á einni hendi, hefir forstjórum verzlunarinnar einnig tekizt að fá mjög hagkvæma flutningasamninga, þar sem áburðurinn er fluttur fyrir sama gjald á allar smáhafnir landsins, sem skip Eimskipafélags Íslands koma á. Ég er því sannfærður um, að sá litli styrkur, sem landbn. mælir með, mundi miklu meir en etast upp með dýrari flutningum og óhagstæðari verzlunarsamböndum. Ég legg því eindregið til, að brtt. verði felld.

**Héðinn Valdimarsson:** Eins og hv. frsm. landbn. gat um, hefir orðið fullkomið samkomulag í n., að öðru leyti en því, að ég hefi flutt hér viðbótartill. á þskj. 56, sem bindur styrkhæðina við ákveðið hámark, 40 þús. kr. Eins og ég tók fram við fyrri umr. þessa máls, álít ég miklu heppilegra, að upphæð sú sé fastákveðin, sem ætla þarf í fjárl. í þessu skyni, og er þetta svipuð upphæð og greidd hefir verið á síðustu árum. Og þar sem ég tel engar líkur til, að hægt sé að komast að hagkvæmari samningum um innkaup á áburðinum eða flutninga á honum en einmitt með þeirri tilhögun, sem nú er, verð ég að sjálfsögðu móti till. hv. 6. þm. Reykv. um að leggja áburðareinkasölu ríkisins niður.

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Hæstv. fjmrh. taldi, að við Bændaflokksmenn hefðum ekki sérlega góða aðstöðu í þessu máli, því ráðh. flokksins, Þorst. Briem, hefði ekki veitt nema 43 þús. kr. til áburðarkaupanna. En nú hefir Sambandið haft á hendi stjórnina á þessu, svo að ef engar sérstakar breyt. hafa verið gerðar, þá hefir stj. ekkert haft með þetta að gera, svo að ef hann vill kasta steini að einhverjum í þessu efni, þá verður Sambandið að verða fyrir honum.

Hæstv. ráðh. segir, að ég flytji till. til hækkunar í hverju landbúnaðarmáli. Ég er ekki hér að flytja hækkunartill., heldur till. um að halda þeim sömu ákvæðum og hafa verið, og ég skammast mín ekkert fyrir það. Og þó að hann lýsi því yfir, að hann muni hér á þingi reyna að skerða hagsmuni bænda, þá hefi ég ekkert út á það að setja. Hann má segja, að hann sé þar að fá okkur Bændafl.mönnum vopn í hendur og heldur kannske, að sig bíti engin vopn framar. En bágt á ég með að trúa því, ef hann heldur lengi áfram að sverfa að hagsmunum bænda, að honum verði ekki einhverntíma skeinuhætt.

Í þessari brtt. minni er ekki farið fram á neitt annað en að halda þeim fjárhagslega stuðningi, sem ríkið hefir veitt í þessu efni hingað til, en geng þó ekki eins langt og l. frá 1931 gera ráð fyrir, því að þar var gengið lengra en í l. frá 1928 og breyt. á þeim l. 1929. Ég ætlast ekki til, að greitt sé nema flutningsgjöld og kostnaður af verzlunarumsetningu, en að sleppt sé aukagreiðslum vegna flutninga á landi, þar sem hann hefir alltaf orðið lítill í framkvæmdinni, þó að heimildin væri í l. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að ástæðulaust sé annað en að miða upphæðina við 40 þús. kr., af því að þessi kostnaður hafi aldrei farið fram úr því. En ef hann hefir bjargfasta trú á því, hvers vegna er þá svo nauðsynlegt að setja þessa takmörkun í frv.? Það er af því, að hann veit, að kostnaðurinn verður meiri. Þess vegna vill hann takmarka þetta, svo að hægt sé að klípa af flutningskostnaðinum.

Því er haldið fram hér, að lagt hafi verið á áburðinn miklu meira en 3%. En ef það er, þá er mér óskiljanlegt, hvers vegna kostnaðurinn hefir orðið svona mikill fyrir ríkissjóð, því að auðséð er, að hann er talsvert meiri en sem nemur flutningskostnaði til landsins. En ef þessi kostnaður verður auk þessara 3% álagningar lagður á útsölukostnaðinn, sem nú er, þá býst ég við, að verðið verði svo hátt, að bændur sjái sér ekki fært að kaupa áburðinn, þó að þeir hafi mestu þörf fyrir hann, enda veit ég það, að þótt bændur hafi dregið úr áburðarkaupum árið 1933, þá er það ekki af því, að þeir hafi ekki þurft hans með, heldur af því, að þeir höfðu ekki ráð á að kaupa hann, og síðan svalt jarðvegurinn fyrir það, og er það illt, því að það er ekki hyggilegt að rækta meira en svo er hægt að halda í sæmilegri rækt. Því er það, að meðan ekki eru möguleikar til að framleiða nægan áburð innanlands, verður að hjálpa þeim, sem mega til með að kaupa hann, svo að ekki ónýtist það fé, sem varið hefir verið til ræktunar. Verði mönnum ekki hjálpað, þá er hætt við, að þeir verði fleiri og fleiri, sem ekki geta keypt þessa nauðsynjavöru þrátt fyrir aðkallandi nauðsyn. Og ef hæstv. fjmrh. ætlar að gera sig ánægðan með þetta starf sitt í þágu bændanna og haga starfi sínu í öðrum málum á svipaðan hátt, þá get ég ekki séð, að hann geti talizt full-

trúi bænda, enda er hann sá eini maður, sem lætur sér detta slíkt í hug. Hann er ekkert nema sósialisti, enda kemur það nú vel í ljós, þar sem hann er eini maðurinn í d., sem mælir bót till. jafnaðarmannsins, sem lengst vill ganga í því að takmarka þennan styrk til bændanna. Þar rennur saman í einn farveg blóð þeirra beggja, þegar hægt er að klípa af þessum mjög svo nauðsynlega stuðningi til þess að hægt sé að halda við ræktun landsins.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Út af ummælum, sem hér hafa komið fram, aðallega frá hv. þm. V.-Húnv., þykir mér rétt að upplýsa nokkur atriði.

Hann lagði megináherzluna á það, að með þessum l. eigi að skerða tillagið til áburðarcinkasölunnar frá því, sem verið hefir. Þegar menn athuga þetta mál, verður greinilega að gera mun á því, hvað ákveðið er í l. og svo hinu, hvernig þau l. hafa verið framkvæmd. Það er rétt, að nú er svo ákveðið í l., að ríkið skuli greiða kostnaðinn við að flytja áburðinn til landsins, ennfremur kostnað vegna flutnings milli hafna, í þriðja lagi kostnað vegna landflutninga, þar sem vegalengd er yfir 35 km., og í fjórða lagi kostnað vegna verzlunarumsetningar. Þetta er nú allt heimilað í l. En við þetta er bara sú stóra aths., sem verður að taka hér með, að l. hafa ekki verið framkvæmd. Skal ég í því sambandi benda á það, að 1933 var styrkurinn til áburðareinkasölunnar ekki 43 þús. kr., eins og hér hefir verið tekið fram, heldur 42 þús., eða m. ö. o. tæplega flutningskostnaður til landsins. Hefði nú átt að fylgja l. eins og þessi hv. þm. vill, þá hefði kostnaðurinn árið 1933 verið 101 þús. kr. Umsetningin var 400 þús., og ef hann reiknar þar af 3%, þá hefði framlag ríkisins samkv. till. hv. þm. átt að vera 90 þús. kr., m. ö. o. 48 þús. kr. meira en landbrh. sá, er þá var við völd, lagði fram. Á þessu verður því að gera glöggan greinarmun. Það er ekki bændum að neinu gagni að ákveða í l., að þeir fái þennan eða hinn styrk, sem þeim er svo aldrei greiddur. Og það, sem hér er verið að fara fram á, er aðeins það, að lögfesta þær reglur, sem fylgt hefir verið í framkvæmdinni. Það er því blekking ein, að verið sé að rýra það framlag, sem veitt hefir verið að undanförnu.

Í þessu sambandi vil ég benda á það, að öll árin hefir álagningin farið langt fram úr 3%. Árið 1933 var framlag ríkissjóðs 42 þús., en kostnaður 101 þús., eins og áður er sagt. Álagningin hefir því verið 59 þús. kr. Þannig hafa l. verið framkvæmd.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, að hér er ekki verið að gera annað en að lögleiða það, að þetta skuli vera framkvæmt eins og gert hefir verið að undanförnu, sérstaklega árið 1933. Vænti ég, að hv. þm. V.-Húnv. geti ekki fundið að því, þó að núv. stj. leggi til, að l. skuli framkvæmd eins og sá ráðh. gerði, sem síðast var við völd.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Ég skal vera stuttorður, en vil aðeins benda á röksemdafærslu hv. þm. V.-Húnv. Hann segir, að fyrrv. landbrh. hafi ekki haft það á sínu valdi að ákveða álagningu einkasölunnar, heldur hafi Sambandið ákveðið það. Ég hefi l. hér fyrir framan mig, og má þar sjá, að það er ótvírætt, að það er stj., sem ræður þessu, eða m. ö. o. sá ráðh., sem ég minntist á. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Árin 1932, 1933 og 1934 er ríkisstj. heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á".

Ég vona, að hv. þm. geti nú séð, að það er alveg skýlaust, að þetta vald er allt í höndum ráðh., en ekki Sambandsins, eins og hann vildi vera láta. Sambandið hefir aðeins haft það á hendi að framkvæma l. á þann hátt, sem stj. segir fyrir. (**HannJ:** Er álagningin meiri árið 1933?). Það hefir aldrei verið greiddur eins lítill styrkur til áburðarverzlunarinnar eins og einmitt árið 1933, þegar þessi mikli „bændavinur" var landbrh., og hæstv. forsrh. gaf þær upplýsingar, að hann hafi haft heimild til að greiða 90 þús., en aðeins greitt 42 þús. Hvað vill hann þá vera að telja mönnum trú um, að hann vilji aukið framlag. Slík till. er flutt aðeins til þess að geta sagt, að hún hafi verið drepin.

Ég vil benda honum á það, að þó að samþ. yrði að binda framlagið við 40 þús. þá eru líkur til, að framlagið verði hærra á hvert tonn heldur en Þorsteinn Briem lagði fram á hvert tonn, því að það eru því miður ekki líkur til, að fluttur verði eins mikill áburður til landsins nú eins og árið 1933, svo að þó að þessi viðaukalega till. yrði nú samþ., þá eru samt líkur til, að styrkurinn yrði hærri en þessi fyrrv. ráðh. Bændafl. treysti sér til að greiða, þó að hann hefði heimild til að leggja fram 90 þús.

Ég deili ekki um það við hv. þm., hvort ég sé sósialisti. Ég geri ráð fyrir, að það komi glöggt fram af afstöðu minni til mála hér á þingi, hvaða flokki ég til heyri. Ef hann heldur, að hægt sé að sjá, hvort ég sé sósialisti, af því hvort ég vil hafa framlagið til áburðarkaupa 2 þús. kr. meira eða minna, þá skjátlast honum, því að það hefir aldrei staðið á stefnuskrá sósialista, að áburðarverzlunin ætti að fá 40 þús. kr. styrk, en ekki 42 þús. Hann þyrfti því að kynna sér betur stefnuskrá þess flokks.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég skal lýsa því yfir, að ég hefði haft talsverða tilhneigingu til að vilja takmarka þessa upphæð, þó að við flm. þessarar brtt. höfum ekki séð okkur það fært. Það er mikils virði að vita fyrirfram, hve hár hver útgjaldaliður í fjárl. muni verða. Við flm. þessarar till. viljum líka ganga dálítið í þessa átt, þar sem við leggjum til, að ekki verði miðað við flutningsgjald, heldur við tonnatölu.

Ég get ekki skilið það, hvers vegna menn vilja nú fara að fella niður l., sem miða til þess, að mönnum verði sem hægast að nota áburðinn þannig, að þeim verði mest hjálpað,

sem erfiðasta eiga aðstöðuna. Það verður ekki annað álitið en að þegar verið er að styrkja mann í einhverju, þá séu þeir helzt styrktir, sem þess þurfa mest við, og þegar um flutningsgjöld er að ræða, þá þarf auðvitað helzt að hjálpa þeim, sem erfiðastar hafa samgöngur.

Eins og menn vita, þá er ríkinu heimilt samkv. l. 1931 að greiða allan flutningskostnað frá útlöndum og á hafnir og ennfremur kostnað við landflutninga, þar sem vegalengd er yfir 35 km. Ég sé nú enga ástæðu til að tala hér um flutninga á landi, því að það getur vel verið, að flutningur frá höfn fari fram á sjó og getur orðið miklu dýrari en landflutningur, enda er líklega átt við flutninga frá höfnum, sem skip Eimskipafélagsins og skip ríkisins koma á.

Ég hefi ekki ennþá komizt að raun um, hvers vegna á að fella þetta ákvæði niður, af því að mér sýnist ákvæðið nauðsynlegt, og það miðar alveg sérstaklega til þess að gera aðstöðu manna sem jafnasta til að ná í þessa vöru.

Ég held, að ég neyðist til að svara hv. þm. Mýr. nokkrum orðum. Hann kom hér fram eins og einhver landbúnaðarsérfræðingur nú fyrir nokkrum dögum. Nú er hann að spila sig sem verzlunarsérfræðing, með talsverðu yfirlæti í bæði skiptin, en það mikla yfirlæti er ekki í fullkomnu samræmi við ávextina af hans máli. Hann byrjaði á því að segja, að þessi brtt. okkar hv. 11. landsk. gengi öfugt við þá þróun, sem orðið hefði í verzlunarmálum á síðari árum. Ég vil ráðleggja þessum sérfræðingi í landbúnaðar- og verzlunarmálum að setja sig betur inn í það, hvað orðið „þróun" þýðir. Ég veit ekki betur en að það, sem hann kallar þróun, sé það, að verzlunin hefir færzt í það horf, sem allir menn telja óviðunandi. Ég vil miklu fremur kalla það böl og ördugleika fyrir verzlunina, en þróun kallar það enginn nema þessi hv. þm.

Þessu máli sínu til stuðnings vitnaði hv. þm. í fisksöluna og síldareinkasöluna. Já, það var ekki lítil þróun, sem átti sér stað með síldareinkasöluna! Við vorum nú fyrir stuttu síðan minntir á það, þegar þessi verðmæta vara varð einskis virði fyrir þessa „þróun". Þeir, sem veiddu síldina, fengu engan eyri. Þeir, sem voru svo ólánssamir að eiga síldveiðiskipin, stórtöpuðu, og síðast olli þessi „þróun" ríkissjóði milljónatapa, en þó var það tjón lítið hjá því, sem þeir urðu fyrir, sem síldina veiddu.

Þá verð ég líka að taka það fram, sem ég hélt að allir vissu, að það gegnir öðru máli um verzlun með framleiðsluvöru, sem út er flutt, eða þegar verið er að leggja höft á innflutta vöru. Þá getur einkasala verið heppileg til að draga úr verzluninni, því að það hefir alltaf sýnt sig, að í einkasölu hefir varan alltaf orðið dýrari og oft óvandaðri líka.

Það er undarlegt, að hv. þm. skuli vera að fræða okkur á því, að stj. hafi komizt í samband við verzlunarhring og njóti þar sérstakra vildarkjara. Ég skil ekki, að sá hringur sé yfir höfuð lokaður fyrir neinum, sem vill hafa við hann stór viðskipti. Ég sé engin rök í þessu. Ég hygg, að hver sá, er vill verzla við þennan hring í stórum stíl, muni geta það alveg eins og þessi einkasala.

Viðvíkjandi því, hvað þessi „þróun" sé hagstæð, vil ég benda á olíuverzlunina, þegar við urðum að kaupa þessa vöru í heildsölu hærra verði en menn gátu fengið 2—3 föt fyrir, ef þeir hefðu fengið að hafa verzlunina frjálsa. Þá mátti fá olíuna 15—18 kr. lægra en hún kostaði hjá þessu einokunarfyrirtæki.

Við höfum líka fengið smjörþefinn af þessari „þróun" í tóbaksverzluninni, hvernig verðið varð hærra en í frjálsri verzlun. Er það af því, að þessi „þróun" veiti ríkinu hagstæðari innkaup, eða er það kannske af því, að verzlunin kostar ríkið nokkuð mikið? Svo mikið er víst, að hvenær sem þessi verzlun hefir verið gefin frjáls, þá hefir varan orðið ódýrari og ríkið þó fengið meiri tekjur heldur en þegar varan hefir verið einokuð.

Og svo að við snúum okkur nú að áburðinum, þá kemur hann ekki fyrirhafnarlaust og álagningarlaust upp í hendurnar á bændum, því að hæstv. fjmrh. upplýsti, að álagningin hefði verið 18%, og verður það að teljast mikið á slíka nauðsynjavöru.

Þá kom hann að því, að flutningsgjöld yrðu hærri, ef ekki væri einkasala. Ég sé nú enga ástæðu til að halda, að skip Eimskipafél. mundu taka meira fyrir að flytja áburðinn fyrir einstaklinga. Þessi vara yrði alltaf flutt inn í stórum stíl og hleðst mjög vel, og því skil ég ekki annað en að flutningsgjöldin yrðu alltaf þau lægstu, sem mögulegt væri, án nokkurs tillits til þess, hver flytti vöruna inn. — Ég skal engu spá um það, hvernig d. snýst við þessari till. okkar hv. 11. landsk., en það er víst, að það er ekki hægt að fella hana fyrir þær röksemdir, að það sé þróun í verzlun að einoka nauðsynjavörur. Reynslan hefir sýnt það, og það er viðurkennt af öllum, sem vilja segja sannleikann, að frjáls verzlun veitir mönnum ódýrustu og beztu vöruna. En þegar einokun hefir komið, hafa vörurnar orðið dýrari og óvandaðri. Þetta geta þeir, sem vilja, kallað þróun, en ég kalla það spillingu og böl.

**Hannes Jónsson** *óyfirl.*: Ég skal ekki verða mjög langorður. — Hæstv. fjmrh. vitnaði í það, að útgjöld ríkissjóðs 1933 vegna áburðareinkasölunnar hefðu verið 42 þús. kr. Er það náttúrlega þægilegt að vitna í landsreikning, sem ókominn er út, og ég verð að játa það, að ég treysti ekki hæstv. ráðh. betur en svo, að ég get vel hugsað mér, að auk framlags ríkissjóðs hafi verið gengið á innstæðu þá, sem ríkið hefir jafnan átt í áburðareinkasölunni frá ári til árs.

Hæstv. ráðh. hefir ekki svarað því, hvort álagningin var hærri 1933 en undanfarið ár, en hafi álagningin verið jafnhá, eins og ég held fram að verið hafi, er ekki hægt að álasa stj., því að til hennar hefir ekki verið leitað, nema þegar um breytingar á álagningu hefir verið að ræða eða eitthvað sérstakt komið fyrir, sem hafði aukinn kostnað í för með sér. Hefi ég orð hlutaðeigandi ráðh. fyrir því, að ekkert hafi verið borið undir ráðuneytið viðvíkjandi álagningunni.

Nái brtt. hv. 2. þm. Reykv. fram að ganga, eins og helzt lítur út fyrir að verði, verður heildartillag ríkisins bundið við 40 þús. kr., en það þýðir, að styrkurinn nær því ekki að verða 20 kr. á tonn, miðað við innflutninginn 1933 og eins og út lítur fyrir, að hann verði í ár. Vil ég benda á það, að árið 1929 nam styrkurinn 39 kr. á tonnið, 1930 nam hann 37 kr. á tonn, 1931 24 kr. og 1932 kr. 33,60 á tonnið. Miðað við venjulegt innflutningsmagn er hér því um helmings lækkun á styrknum að ræða frá því, sem verið hefir. Sama gegnir um till. n. Og svo er hæstv. ráðh. að belgja sig út með það, að hér sé aðeins verið að lögleiða praksis undanfarinna ára. Till. n. ganga út á það að ákveða styrkinn 20 kr. á tonnið, en praksisin hefir stundum gefið jafnvel tvöfalt það tillag. Dálaglegt að tarna, að lögfesta styrkinn fyrir neðan það, sem hann hefir verið, þegar hann var minnstur.

Ég sé, að hæstv. forseti er orðinn órólegur, en hann verður að sjá í gegnum fingur með mér, því að ég tala hér einn af hálfu Bændafl. — Ég vil að lokum benda hæstv. ráðh. á það, að ef hann vill eigna Bændafl. ráðstafanir stj. í þessum efnum 1933, er hann þar með að eigna Bændafl. heiðurinn af því að hafa borgað allt að helmingi meiri styrk en hann vill sjálfur borga.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.]: Það er nú orðið helzt til varnar hjá hv. þm. V.-Húnv., að styrkurinn 1933 hafi ekki verið meiri en raun varð á af því, að ráðh. hafi ekki verið minntur á, að hann réði því, hver álagningin var hjá einkasölunni. Ef þessi ráðh. hefir ekki verið betur vakandi fyrir að útvega bændum þessi friðindi, sem honum var heimilt að veita, en ljóst verður af þessu, held ég, að sízt sitji á honum að tala um þá sérstöku árvekni, sem hann jafnan hafi sýnt um málstað bændanna. En það hefir verið viðurkennt í þessum umr. og hnippingum, sem orðið hafa hér milli manna, að einmitt það árið, sem form. Bændafl. fór með landbúnaðarmálin, var minnstur styrkur greiddur á hvert áburðartonn. (**Rödd:** Hann var þá framsóknarmaður). Það er satt að vísu, en honum bar sama skylda til að bera hag bændanna fyrir brjósti, og ekki síður, vil ég segja. —

Hv. þm. V.-Húnv. vildi vefengja þær tölur, sem ég nefndi viðvíkjandi áburðarverzluninni árið 1933, að þær væru réttar og blekkingarlaust fluttar. Vil ég upplýsa það, að samkv. reikningum áburðareinkasölunnar 1933 nam tillag ríkissjóðs 42500 kr., án þess að gengið væri á innstæðu ríkisins í verzluninni eða tekið úr sjóði fyrri ára. Innflutningurinn var þetta ár 2340 tonn, svo að þetta verður 19 kr. á tonnið. Það, sem farið er fram á, er því að lögfesta það ástand, sem verið hefir og ákveðið í framkvæmd af sjálfum form. Bændafl. Og ég skal bæta því við, að ég tel ekki, að form. Bændafl. sé ámælisverður fyrir þetta. Ég álít, að ekki hafi verið hægt að láta meira eins og hag landsins var þá komið. Munurinn er aðeins sá, að þá bar Bændafl. ábyrgðina, en nú ber hann hana ekki, auk þess sem flokkurinn er í þörf fyrir efni í blað sitt. Þessar miklu umr., sem orðið hafa um þetta mál, eru að vísu leiðinlegar, en á það er að líta, að þetta er í fyrsta skiptið, að Bændafl. er með yfirboð sem þessi, svo að rétt var að taka principin, sem á bak við liggja, til athugunar. Það er vitanlegt, að þetta verður og ekki í eina skiptið, sem Bændafl. fer með slík yfirboð. Það er með Bændafl. og Framsfl. eins og kommúnista og Alþfl. Þegar Alþfl. býður 1 kr., koma kommúnistar og bjóða 1,20 kr. Þegar við gerum till. um 20 kr. tillag, koma Bændaflokksmenn og segja, að við séum að svíkja, þeir skuli láta miklu meira. (**SK:** Þeir hafa gengið í góðan skóla). Ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á það, að það situr illa á flokki hans að vera með yfirlýsingar um 2 millj. kr. niðurskurð á útgjöldunum og neitun á öllum sköttum, en samþ. svo hverja hækkunartill. á fætur annari.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég skal ekki blanda mér mikið í þessar umr., en ég verð að segja það, að það fer að verða vandlifað fyrir andstæðinga stj., ef ráðh. ætla að taka sér, auk þess að túlka eigin skoðanir, einkaleyfi til þess að túlka skoðanir okkar andstæðinganna. — Hæstv. ráðh. segir nú, að um uppgjöf sé að ræða hjá okkur. Fer hér sem jafnan, að þótt þessir menn reiði hátt til höggs, hitta þeir sjaldan naglann á höfuðið. Og sem betur fer, kann landslýður allur að meta þessa menn og tekur þá eins og þeir eru.

Ég fæ ekki séð, að það komi mikið málinu við, hvernig framkvæmdin í því hefir verið, ég sé ekki betur en að Alþingi eigi að láta uppi vilja sinn um það, hvernig það vill láta hafa þetta. Mér sýnist því þeim tíma illa varið, sem varið hefir verið í að deila um þetta fram og aftur, og hæstv. fjmrh. átti sinn djúga þátt í því að beina umr. í þessa átt.

Styrkur sá, sem bændum er ætlaður skv. frv., er skorinn niður um allt að því helming frá því, sem verið hefir undanfarið, þegar frá er tekið árið 1933. Vil ég benda á það, til þess að gera grein fyrir afstöðu minni í málinu, að áburðarhirðing í votviðrahéruðum landsins kemur ekki að notum, nema þar sem eru haughús og safnþrær. En haughús og safnþrær kosta mikið fé, svo að þrátt fyrir þann styrk, sem veittur er til þessara framkvæmda, er fjölda manna það um megn að bæta úr þessum þörfum, enda auk þess, sem menn þurfa að sinna þessum þörfum, óhjákvæmilegt að leggja í aðrar dýrar framkvæmdir, sem ómögulegt er að slá á frest. Nú er það svo, að ræktunin hefir aukizt hraðar en skilyrðin til að hagnýta áburðinn til hagsbóta fyrir ræktunina, og af því leiðir, að óhjákvæmilegt hefir verið fyrir íslenzkan landbúnað að flytja mikið inn af útlendum áburði. Auk þess er svo komið, að landbúskapur er dauðadæmdur, nema hægt sé að byggja hann á véltæku landi, en til þess þarf að rækta og slétta, því að hér hagar óvíða svo til, að hægt sé að beita vél á landið eins og það er frá náttúrunnar hendi. Ef farið verður nú að draga úr þeim stuðningi, sem bændum er veittur til áburðarkaupa, kemur það til með að ganga út yfir ræktunina, meðan ekki verður úr bætt með

betri hagnýtingu áburðarins, en bændur leggja nú allt bolmagn sitt í að leysa þetta, til þess að losa sig við þann þungbæra bagga, að þurfa að verja miklum hluta af hinu lága verði afurðanna til áburðarkaupa. Án þess að loka augunum fyrir erfiðleikum ríkissjóðs, því að ég virði hvern þann mann, sem ber fram till. til útgjaldalækkunar af heilum hug og alvöru, held ég, að það borgi sig ekki fyrir Alþingi að draga að sér hendina með styrk til áburðarkaupa eins og sakir standa.

Hv. þm. V.-Húnv. gerir till. um það, að leggja megi á áburðinn allt að 3%, en að allur annar kostnaðurinn við framkvæmd l. greiðist úr ríkissjóði. Í till. n. er styrkurinn fastbundinn við 20 kr. tonnið, en undanfarið hefir hann þó ávallt, nema árið 1933, farið fram úr 30 kr. Sjá menn, að hér er ekki um litla lækkun að ræða á þessum nauðsynlega styrk. Hv. 2. þm. Reykv. gengur þó enn lengra í sínum till., því að hann vill binda þetta í hinn endann líka og ákveða, að heildartillagið megi ekki fara fram úr 40 þús. kr., sem er helmingi minna en þegar mest var greitt. — Ég skal ekki dylja það, að ég vil styðja till. hv. þm. V.-Húnv., sem felur það í sér, að heimild stj. til að veita bændum þennan stuðning verður ekki skert frá því, sem er í gildandi lögum. Það getur komið fyrir, að grípa verði til niðurfærzlu á útgjöldum ríkissjóðs, og í því nauðungartilfelli vil ég ekki undanskilja, að það verði að ganga út yfir þetta líka. Ég vil með mínu atkv. stuðla að því, að þessi stuðningur sé ekki skertur, og stj. fari þá eftir því, sem í lagabókstafnum stendur í þessu efni, með þeirri undantekningu, sem ég gat um áðan. Þetta er mín afstaða til málsins, og við hana stend ég, hvernig sem það verður lagt út fyrir mér. Við bændur vitum manna bezt, hvar skórinn kreppir að í þessu efni. Við vitum það betur en þeir menn, sem hér búa, og betur en hæstv. ráðh., sem búa í því mikla sólarljósi, þegar gerður er samanburður á tekjum þeirra og svo kjörum íslenzkra bænda. Við vitum það í krafti *reynslunnar og raunveruleikans*, þó að ég efist ekki um þeirra góða vilja til þess að setja sig í þær kringumstæður, sem fyrir hendi eru.

Út af þeirri till., sem hér kom fram frá hv. 6. þm. Reykv. og hv. 11. landsk., vil ég segja það, að eftir því, sem þetta mál horfir við frá mínu sjónarmiði, þá álít ég nauðsynlegt að greiða þennan styrk á meðan við erum þess ekki umkomnir að geta hagnýtt okkur betur innlendan áburð, svo að við getum fullnægt þörf okkar í því efni, eða m. ö. o., að hér komi upp áburðarvinnsla, sem gæti létt okkur áburðarkaup, samanborið við að kaupa hann frá útlöndum. Ég vona nú, og ég hefi þá trú á íslenzkum landbúnaði, þrátt fyrir þá erfiðleika, sem nú steðja að honum, að úr þessu rætist hjá okkur og að við getum, áður en langt um líður, losað okkur við hin þungbæru áburðarkaup frá útlöndum. Og þar sem hér er eingöngu um tímaspursmál að ræða, sem líka styðst við þá hugmynd, sem kemur fram nú hjá hv. landbn., þar sem hún leggur til, að l. standi ekki lengur en til 1937, þá held ég, með tilliti til þess, að ekki taki að fara að breyta þessu fyrirkomulagi á áburðarverzlun, sem hefir verið, og það því fremur, sem það kemur fram hjá hv. þm., að framkvæmd á þessu hefi tekizt skaplega í höndum Árna Eylands ráðunautar.

Það felst ekki í þessu hjá mér nein yfirlýsing um það, að ég telji, að það hafi verið hagur fyrir bændur að hafa einkasölu á áburði. Það er nú svo, að við höfum ekkert til samanburðar í þessum efnum, af því að á þessum tíma hefir engin verzlun með áburð í frjálsri samkeppni verið hér.

Ég mun því greiða atkv. á móti síðastnefndri till., af því að ég vona, að þess verði ekki langt að bíða, að við getum losað okkur við áburðarkaup frá útlöndum, en viðurkenni þó, að í henni felst svipaður styrkur til bænda til áburðarkaupa eins og í gildandi löggjöf, ef hún er framkvæmd eins og hún er, en því hygg ég helzt til leiðar komið með till. hv. þm. V.-Húnv., og mun því greiða atkv. með henni.

**Forseti (JörB):** Þá verður fundi frestað til kl. 8½.

**Ólafur Thors:** Ég vil leyfa mér að tilkynna hæstv. forseta það, að Sjálfstfl. hefir boðað flokksfund í kvöld kl. 8½. Eins og hæstv. forseti veit, þá hefir það verið venja undanfarið, að Sjálfstfl. hefir haft föst fundarkvöld tvo daga vikunnar, mánudaga og miðvikudaga. Ég veit, að hæstv. forseti viðurkennir, að það er ærið verkefni fyrir flokkana, að tala um og taka afstöðu til mála, sem daglega er útbýtt í deildunum, og menn verða að ganga til atkv. um, og ég hygg, að ekki verði komizt hjá að viðurkenna, að flokkunum er nauðsyn að hafa einhvern tíma til slíkra fundarhalda. Ég leyfi mér að mælast til þess, að hæstv. forseti virði þennan rétt í verkinu og bjóði ekki til fundarhalda þau kvöld, sem eru föst fundarkvöld flokkanna.

**Forseti (JörB):** Hv. þm. G.-K. minntist á þetta við mig núna fyrir stuttu, þegar ég gat þess, að kvöldfundur yrði haldinn. Ég viðurkenni fullkomlega, að það er í alla staði eðlilegt, að flokkarnir þurfi að halda fundi, og þá náttúrlega helzt á kvöldin. Mér var það úr minni liðið, að Sjálfstfl. hefir á undanförnum þingum haft sína flokksfundi þetta kvöld, en ég mun taka, eftir því sem mér framast er unnt, fullt tillit til þessara óska framvegis, eftir að mér hefir verið á þetta bent. Í þetta sinn vil ég samt vænta þess, að hv. þdm. komi á fund, af því að ég hefi lofað því, að fundur skuli haldinn í kvöld, og seint hefir sótzt með afgreiðslu mála í dag.

**Ólafur Thors:** Ég þakka hæstv. forseta fyrir loforð það, sem hann gefur, um að hlífa mönnum við þingdf. þessi föstu fundarkvöld flokkanna. Ég vil nú ekki gera það að kappsmáli, þó að þessi góði ásetningur hæstv. forseta komi ekki til framkvæmda í kvöld, en vildi þó beina því til hans, hvort hann telji ekki rétt að bera þessa ákvörðun undir þd. að þessu sinni.

**Forseti (JörB):** Ég hefði vel getað orðið við þessum tilmælum hv. þm. í þetta sinn, en þar sem ég hefi gefið mörgum þdm. fararleyfi, þá vil ég láta þetta standa að þessu sinni.

**Ólafur Thors:** Ég skal þá láta minni sókn í þessu máli lokið, en vil benda á það, að sjálfstæðismenn hafa gert skyldu sína með því að sitja hér, en stjórnarliðið er farið heim. (**BÁ.:** Ekki allir). Nei, það er satt, ekki allir. Mér finnst nú satt að segja, að ef menn geti ekki setið á fundi til kl. 7, þá sé varla óhætt að búast við, að þeir komi aftur til fundar í kvöld, en eins og ég hefi áður sagt, þá ætla ég ekki að gera þetta að kappsmáli frekar en orðið er.

**Forseti (JörB):** Ég hefi ekki fest það í minni, af hvaða flokkum þeir menn eru, sem hafa óskað eftir að fara, en vil þó geta þess, að a. m. k. einn þm. úr Sjálfstfl. er fjarverandi, og hefi ég hans vegna frestað atkvgr. í dag.

**Ólafur Thors:** Ég vil, að þingtíðindin geymi það, að þessi eini maður úr Sjálfstfl., sem hæstv. forseti var svona góður við, hv. 1. þm. Rang., sem er einhver með vinsælustu mönnum þessa lands, varð 65 ára í gær, og hefir þess vegna ekki komizt að heiman þessa daga fyrir vinum, sem eru að óska honum til hamingju. Ég vildi nota þetta tækifæri til að mæla fyrir minni hans hér í d. í kvöld. (Fundarhlé).

**Ólafur Thors:** Hæstv. fjmrh. gaf mér með sinni síðustu ræðu tilefni til að segja nokkur orð. Hann var að kasta þeim hnútum að Sjálfstfl., að flokkurinn gerði sér leik að því að bera fram á Alþingi ýms mál, aðeins til að sýnast. Ég veit enga sök á hendur Sjálfstfl. í þessu efni. Hitt veit ég, að það situr ekki verr á neinum en hæstv. ráðh. og hans flokki að vera með ásakanir í þessum efnum. Það er alkunnugt, að sá flokkur hefir lengi legið undir réttmætu ámæli fyrir það, að viðhafa ýmiskonar loddaraleik í þeim efnum.

Þá sagði hæstv. ráðh., að Sjálfstfl. hefði lýst því yfir, að hann væri á engan hátt fáanlegur til að styrkja neina nýja tekjustofna fyrir ríkissjóðinn. Mér þykir það alleinkennilegt um svo ungan mann sem hæstv. ráðh., að hann skuli hafa svo bilað minni. Það eru ekki nema örfáir dagar síðan ég lýsti því yfir hér í hv. d., að Sjálfstfl. væri reiðubúinn til þess að styðja stjórnarflokkana í því að afla ríkissjóði tekna, að því tilskildu, að áður væru færð niður gjöld ríkissjóðs svo sem framkvæmanlegt væri. Þessi ummæli hæstv. ráðh. eru því alveg tilefnislaus og gripin úr lausu lofti.

Ég ætla mér nú ekki að taka verulegan þátt í þeim umr., sem hér hafa farið fram. Þó vil ég í tilefni af brtt. hv. 6. þm. Reykv. og hv. 11. landsk., með sérstakri tilvísun til hinnar skörulegu ræðu, sem hv. 6. landsk. hélt nýlega hér í hv. þd., segja það, að þrátt fyrir þau rök, sem hv. þm. Borgf. flutti hér fram fyrir því, að réttast væri að breyta ekki til um fyrirkomulag áburðareinkasölunnar vegna ágætrar forstöðu þess manns, er stjórnar henni, mun ég greiða atkv. með brtt. þeirra hv. 6. þm. Reykv. og hv. 11. landsk. Ég get í sjálfu sér engu bætt við rök hv. 6. þm. Reykv. fyrir þessari brtt., en ég vil endurtaka það, að þó við sjálfstæðismenn, fyrir rás óviðráðanlegra viðburða, verðum stundum neyddir til að hvika frá stefnu okkar í verzlunarmálum, þá er full ástæða fyrir okkur til að vera á verði í þeim efnum og víkja ekki frá okkar stefnu nema í nauðir reki.

Út af brtt. hv. þm. V.-Húnv., og sér í lagi í sambandi við ummæli hæstv. ráðh. um að fastákveða styrkinn, skal ég láta í ljós þá skoðun, að ég tel í sjálfu sér rétt, að þess sé freistað, að fastákveða þau útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru í fjárl., en eru ákveðin með öðrum lögum, svo þau verði miðuð við ákveðna hámarksupphæð, eftir því sem við verður komið. Þó því aðeins, að sú upphæð sé á viti byggð og sé í samræmi við önnur ákvæði, sem löggjafinn hefir sett. Nú sýnist mér, eftir þeim upplýsingum, sem komið hafa fram í d., að sú upphæð, sem tiltekin er í brtt. hv. 2. þm. Reykv., sé of lág til þess að samsvara þeirri þörf, sem henni er ætlað. En ef það er rétt, þá er hér um allverulega réttarskerðingu að ræða á þeim friðindum, sem bændur hafa undanfarið notið. Mér finnst, ef taka á þau friðindi af bændum, að þá megi ekki gera það með grímu fyrir andlitinu, þannig að inn í fjárl. sé sett upphæð, sem fullnægir ekki tilgangi þeim, er vakti fyrir löggjafanum, þegar þessi ákvæði voru sett. Ég verð þess vegna að segja fyrir mitt leyti, að ég hefi á engan hátt fundið, að brigzlyrði hæstv. fjmrh. í garð hv. þm. V.-Húnv. eigi við nokkur rök að styðjast, en eins og allur þingheimur hefir heyrt, þá hefir hæstv. fjmrh. borið þessum hv. þm. á brýn, að hann væri í þessu efni aðeins að sýnast. Meiningin með till. væri engin önnur en sú, að láta Framsfl. fella hana og ráðast svo á flokkinn á eftir. Ég hefi ekki orðið var við, að þetta eigi við rök að styðjast. En hitt veit ég, að „kunnugir bítast bezt", og ég veit, að hæstv. fjmrh. hefir góða aðstöðu til að skilja, hvernig hans gömlu og nýju flokksbræðrum er beitt. Ég efast ekkert um, að þessi ummæli hæstv. ráðh. séu rétt lýsing á þeirri aðferð, sem hans flokksur hefir beitt og hv. þm. V.-Húnv. hefir haft ágæta aðstöðu til að læra sem einn af þm. þess flokks á undanförnum árum. Mér finnst ekki rétt að ásaka hv. þm. V.-Húnv. fyrir, að hann hafi aðeins ætlað að sýnast í þessu máli, en það kann að vera rétt, að í þessu máli hafi annar maður ekki ætlað að sjást, en þó hefir hann sýnt sinn innri mann, og það er hæstv. fjmrh. sjálfur.

Það er eftirtektarvert, að þegar hv. 2. þm. Reykv., sem er einn aðalvaldamaður sósialista á þessu þingi, ber fram till., sem upplýst er, að á mjög veigamikinn hátt getur skert friðindi bændum til handa, þá er hæstv. fjmrh. fyrstur manna — og enda sá einasti —, sem ekki vill taka á móti neinum rökum og ekki hlusta á neinn kviðboga, sem menn hafa látið í ljós um, að þessi till. mundi skerða hag bænda. Sósialistar hafa skipað, og hæstv. fjmrh. veit, að hann á að hlýða. Það er það, sem alls ekki hefir ver-

ið ætlað að sæist. Ég mun því fyrir mitt leyti greiða atkv. með till.

**Sigurður Kristjánsson:** Það er út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði í síðustu ræðu sinni, að mér finnst ástæða til að taka til máls, en það er aðeins örstutt aths.

Í sambandi við það, þegar hæstv. fjmrh. var að tala um yfirboð sjálfstæðismanna til þess að sýnast fyrir bændum, þá komst hann svo að orði um till. mína og hv. 11. landsk., að við berum fram með till. stórkostlega útgjaldahækkun. Þetta er alveg tilhæfulaust, og ef hæstv. fjmrh. hefir ekki lesið brtt. okkar, þá held ég, að væri rétt fyrir hann að gera það nú. Okkar brtt. við frv., sem fyrir liggur, er engin önnur en sú, að við leggjum til, að þessi styrkur haldist nokkurnveginn eins og hann hefir áður verið. Við leggjum til, að hann verði bundinn við ákveðna upphæð á hver 100 kg. Þetta gerðum við af því, að við teljum rétt, að í lögum, sem ákveða útgjöld úr ríkissjóði, sem ekki eru beinlínis miðuð við ákveðna tölu í fjárl., séu þau þannig ákveðin, að sjá mætti nokkurnveginn fyrirfram, hver upphæðin mundi verða alls, og það er hægt að fara mjög nærri um það, þegar menn hafa fyrir sér, hver innflutningur á þessari vöru hefir verið á undanförnum árum til jafnaðar, og svo er heimilað að veita vissan styrk eftir þyngdarmagni. En hér er ekki um eyris hækkun að ræða frá því, sem er í gildandi lögum, en það má vera, að það leiddi til lítilfjörlegrar lækkunar. Ég vildi ekki láta þessari fjarstæðu ómótmælt, en annars vildi ég bæta því við, að ef það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að umsetning þessarar áburðarsölu væri um 400 þús. kr., en álagningin um 59 þús. kr., þá er það nálega 18%. Mér þykir þetta ákaflega óeðlilegt og geri ráð fyrir, að það sé ekki rétt, að álagningin sé svona mikil, en ef hún væri nokkuð nálægt þessu, þá vil ég segja, að það sé full ástæða til þess að rannsaka nánar, hvernig á því getur staðið, að álagningin, sem í lögum er ákveðið, að ekki sé meiri en 3%, skuli komast svona hátt, að hún, eftir ummælum hæstv. fjmrh., á að vera orðin sexföld.

Ég þarf svo engu við þetta að bæta, en mér þykir það undarlegur ofstopi, sem hleypur í þessa hv. sósíalista hér í d., ef einhverjir aðrir en þeir minnast á landbúnaðarmál. Ég veit ekki til þess, að það sé viðurkennt, að landbúnaðurinn og bændur eigi að frelsast fyrir forgöngu sósíalista hér í þinginu. Ég veit ekki til, að þeir með framkomu sinni í garð bænda hafi aflað sér neinna sérréttinda til þess að tala einir og hugsa um málefni bænda. Hugsa ég, að frekar sé lítið svo á, að þeirra stefna sé óholl og jafnvel fjandsamleg fyrir atvinnurekstur í sveitum landsins, og þess vegna er það, að ég og aðrir, sem ekki fylgjum þeim flokki, teljum okkur frjálst og skyldugt að gera till. um landbúnaðarmál, og yfirleitt málefni allra stétta þjóðfélagsins, og ekki síður þeirra, sem í sveitunum búa, því að í sveitunum er helmingur þeirra kjósenda, sem veita Sjálfstfl. fylgi.

**Hannes Jónsson** óyfirl.: Hæstv. fjmrh. leggur mikla alúð við að sanna, að tilhögun hans á frv. sé byggð á því að lögfesta þá framkvæmd, sem var á þessum málum árið 1933, sem hann heldur fram, að þáv. ráðh. hafi veitt minna úr ríkissjóði en nokkurntíma fyrr. Nú verður hann að taka það með, þegar hann er að tala um, að minna hafi verið veitt úr ríkissjóði en áður, að þetta ár var ⅓ minna flutt inn í landið af áburði en árið 1931, svo það er þá ekki undarlegt, þó að heildarfjárveitingin verði minni það árið heldur en árið 1931. Ég vil líka benda honum á, að það að tillagið úr ríkissjóði árið 1933 varð ekki meira en 20 kr. á tonn, stafaði m. a. af því, að það ár var gengisgróði fyrir áburðarverzlunina, en árið 1931 var aftur á móti gengistap, og það allverulegt. Þetta hefir áhrif á það, hvort upphæðin fer lækkandi eða hækkandi, þegar miðað er við hvert tonn út af fyrir sig. Ég vil líka benda á, að það hefir haft áhrif á, að þessi styrkur varð minni á hvert tonn en undanfarið, að áburðarverzlunin mun hafa fengið hagkvæmari samninga um flutningsgjöld þá en nokkru sinni áður. Það er full ástæða til að taka þetta með, þegar verið er að ræða þetta frv. Þó að það sé heimilt að greiða þennan flutningskostnað til landsins „allt að" 20 kr. á tonn, þá er engin vissa fyrir því, að viðkomandi ráðh. telji sér **skylt** að greiða þessa upphæð, vegna þess, að ef hann fengi tonnið flutt fyrir 15 kr., mundi hann ekki greiða úr ríkissjóði nema 15 kr. á tonn, og þess vegna mundi þessi styrkur fara lækkandi, jafnvel þó að miðað sé við árið 1933, þegar kostnaðurinn varð tiltölulega lægri en áður af þessum ástæðum, sem ég hefi til færð: gengisgróðanum og hagkvæmum flutningi. Ég vona því, að hæstv. fjmrh. viðurkenni, að með þessu frv. sé hann að gera tilraun til að draga úr styrkveitingu úr ríkissjóði til þessarar starfsemi. Ef hæstv. ráðh. vill halda áfram að vitna í árið 1933, þá verður hann líka að taka með í reikninginn, að álagningin 1933 var ekki hærri en árin 1931 og 1932, og ef hann vill ásaka landbúnaðarráðh., sem var 1933, þá verður hann líka að ásaka landbúnaðarráðh. 1931, sem var Sigurður Kristinsson, forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga. Það er ekki hægt að segja, að hér sé um sök eins ákveðins flokks að ræða. Þeir, sem hafa framkvæmt þessi lög síðan þau komu í gildi, hafa ekki fullnægt ákvæðum þeirra, þ. e. a. s. ekki út í það ýtrasta, enda aðeins um heimild að ræða, og þess vegna ekki um brot á ákvæðum l. sjálfra, og hæstv. fjmrh. gæti vel tekið við þessari heimild og greitt samkv. henni, ef ástæður ríkissjóðs leyfa. En ef þær leyfa ekki, þá gæti hann farið í spor fyrirrennara sins og dregið úr þessu framlagi eftir því, sem hann teldi þörf. Því verður ekki á móti mælt, að það er dregið úr heimildarákvæðum ráðh. með þessu frv., en ég vil, að heimilað sé að greiða sömu upphæð eins og núgildandi lög heimila.

Ég sé, að hæstv. forseti er orðinn órólegur, enda býst ég við, að hæstv. fjmrh. geti ekki komizt út af þeirri staðreynd, að hér er um að ræða að takmarka meira en verið hefir heimild

ráðh. til fjárframlaga úr ríkissjóði í þágu áburðarverzlunarinnar.

**Bjarni Ásgeirsson:** Hv. 6. þm. Reykv. var að senda mér kveðju sína áðan, og langar mig til að kvitta lítillega fyrir. Þessi hv. þm. er mjög mikið á móti allri einkasölu og þesskonar réttindum ríkinu til handa. En hann virðist vilja hafa einkarétt sér til handa, — einkarétt til þess að „spila sérfræðing", eins og hann orðar það, bæði í landbúnaðarmálum og verzlunarmálum, og af því að fleiri vildu tala, og þar á meðal ég, þá réðst hann á mig með fúkyrðum. Nú spilar hann líka sérfræðing í verzlunarmálum landbúnaðarins, og af því að ég vildi tala þar líka, þá fannst honum gengið á sérréttindi sín í þessu máli.

Ég hefi lítil kynni haft af þessum hv. þm., en hinsvegar heyrt aðra tala um hann, og ég hefi aðeins heyrt eitt talið honum til gildis, það, að hann væri vel að sér í íslenzku, m. a. skrifaði fallegt mál. Mætti því búast við, að hann væri einna næst því að vera sérfræðingur í þeirri grein, en þó ferst honum ekki betur í því efni en það, að hann skilur ekki orðið „þróun", a. m. k. ef hann hefir skilið það, þá hefir hann lagt allan sinn skilning í að snúa út úr því. Þróun er ekki annað en breyting, sem bæði getur orðið til góðs og ills. Þess vegna er talað um framþróun, að þróunin getur bæði orðið til góðs og ills. Það er talað um sögulega þróun, og það er talað um þróun í dýraríkinu, en það er engu hægt að slá föstu um, að sú þróun sé ætíð fram á við. Það má segja, að það sé stjórnmálaleg þróun hér á landi, sem hefir orðið þess valdandi, að kjördæmaskipunin og kosningalögin til Alþingis breyttust þannig, að þessi maður eftir langa mæðu komst inn á þing. En ég fyrir mitt leyti vil ekki viðurkenna, að það sé nein framþróun, þó að ég hinsvegar vilji ekki heimfæra það undir það, sem dr. Helgi Pétursson kallar hina helvízku þróun.

Sú þróun, sem orðið hefir í verzlunarháttum þjóðarinnar, stafar af þeim straumhvörfum, sem orðið hafa í verzlunarmálum heimsins undanfarin ár og leitt hefir til þess, að gripa varð til opinberra ráðstafana, sem mörgum þótti allt annað en æskilegt. En þetta er staðreynd, og ég hefi bent þessum hv. þm. á, að ýmsir flokksmenn hans hafa beygt sig undir þessa þróun í verzlunarmálum, og þeir hafa flúið til ríkisvaldsins um aðstoð í ýmsum greinum, t. d. með saltfiskútflutninginn og síldarútflutninginn, sem blöð þessa hv. þm. hafa lagt blessun sína yfir. En þetta minntist hv. þm. ekki á, en fór í þess stað að fimbulfamba um síldareinkasöluna sálugu. Það er alveg ómótmælt af þessum hv. þm., að sú þróun, sem orðið hefir í þessu áburðarmáli í heiminum, gerir það nauðsynlegt að gripa til þeirra ráða að taka einkasölu á þessari vöru, til þess að ná henni frá fyrstu hendi og njóta þeirra hlunninda, sem af því leiðir að geta verzlað þannig.

Það var svo, að áður en tekin var upp einkasala á þessari vöru, var margreynt að komast í samband við höfuðmiðstöð þessarar framleiðslu, en það tókst ekki, af því að verzlunin var svo dreifð, og því svo lítið, sem hver einn hafði með höndum, að okkur var vísað til umboðsmanna hringsins á Norðurlöndum, og urðum við að sætta okkur við þá álagningu, sem hann vildi vera láta. Og nákvæmlega sama yrði, ef nú ætti að breyta í sama horf og áður.

Hv. þm. sagði, að ef um stór viðskipti væri að ræða, ætti eins að vera hægt að komast í beint samband við verksmiðjuna, þó verzlunin væri frjáls eins og í gegnum ríkisvaldið. Ég skal segja hv. þm. það, að það er fyrst og fremst alls ekki um stór viðskipti að ræða, þó við stæðum saman um alla áburðarverzlun. Við kaupum ekki meira af áburði en eitt amt í Danmörku kaupir. Ég er sannfærður um, að ekki hefði tekizt að ná þessu beina sambandi, ef ríkið hefði ekki tekið það í sínar hendur. En ef ætti að fara að skipta þessum viðskiptum í 10 til 20 staði, milli hinna og annara, þá yrði lítið svo smáum augum á pantanir þess ara manna, að þeim yrði vísað til umboðsmanna, sem afgreiddu smærri pantanir. Ennfremur vildi þessi hv. þm. vefengja, að það væri rétt hjá mér, að örðugra yrði að fá samninga við Eimskipafél. um að flytja áburðinn til landsins með jafngóðum kjörum og nú er. Ég skal ekki neita því, að það mundi verða mögulegt að fá svipuð kjör um flutning til aðalinnflutningshafnanna, en það er vafalaust, að ef mörgum mönnum er ætlað að panta nokkra poka hverjum, að þeir næðu ekki þeim samningum við Eimskipafél. að flytja áburðinn til allra smáhafna með sömu kjörum og nú. Það yrði því aðeins til þess að þyngja á þeim mönnum, sem þessi hv. þm. þykist bera fyrir brjósti, þeim mönnum, sem búa viðsvegar úti um land og hafa við meiri örðugleika að stríða hvað flutninga snertir en þeir, sem búa nálægt aðalhöfnunum. Þetta er að vísu ekki nema endurtekning á því, sem ég var búinn að segja, en ég fann ástæðu til þess að taka það fram aftur, þó að þessi hv. þm. virði að vísu ekki rök í neinu máli, heldur aðeins snúi út úr.

Út af því, sem hv. þm. sagði um álagninguna á áburðinn, að hún hefði verið um 18%, þá get ég upplýst það, að það er ekki nærri neinu lagi. Álagningin hefir að vísu orðið meiri en 2 til 3%, en aldrei komizt nærri því, sem hér um ræðir. Annars hefi ég ekki aflað mér glöggra talna um þetta, en get fullyrt þetta eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið um þetta mál.

**Páll Zóphóníasson:** Það eru einstök atriði í þessu máli, sem ég vildi benda á. Ég vil þá fyrst benda á, að þegar einkasalan tók til starfa, lækkaði allur áburður hér á landi mjög mikið, frá ⅙ og niður í ⅓, eftir því hvaða tegundir það voru. Og síðan hefir verðið á áburðinum verið þannig, að það hefir alltaf staðizt samkeppni, miðað við heildsöluverð erlendis, og þess vegna er ég hissa á því að sjá brtt. á þskj. 115, um að afnema einkasöluna, sem er búin að gefa okkur eins mikinn hagnað og raun er á orðin.

Ef við athugum álagninguna á áburðinn, sem búið er að tala svo mikið um, þá liggur það greinilega fyrir í reikningum einkasölunnar.

Ef við tökum t. d. árið 1933 og miðum við útsöluverðið á áburðinum, þá var innkaupsverðið 82,30% af útsöluverðinu, flutningskostnaður 10,21%, uppskipun og húsaleiga 2,55% og innheimta og þess háttar 4,8%. Þetta er mjög svipað öll árin, sem einkasalan hefir starfað. Hefir innkaupsverðið komizt neðst ofan í 81,32% árið 1932, en hæst upp í 85,8% árið 1930. Hitt hefir farið í farmgjöld og annan kostnað. Öll þessi ár hafa farmgjöldin verið yfir 10%, nema árið 1931, þá fóru þau niður í 8%.

Þegar talað er um, að einkasalan hafi haft heimild til að leggja á áburðinn 3%, þá er eftir að vita, á hvað henni hefir verið ætlað að leggja. Ef hún hefir átt að leggja 3% á miðað við innkaupsverð erlendis, þá hefir verið lagt meira á. En eins og lögin hafa verið nú síðast, að ríkinu hefir verið heimilt að greiða allan kostnað á flutningi áburðarins til landsins og allan annað kostnað, þá er álagningin komin langt fram yfir 3%. Annarsvegar er heimild til þess að leggja á 3%, en hinsvegar er ætlazt til, að borgað sé meira, og reynslan hefir alltaf orðið sú, að meira hefir verið borgað.

Árið 1930 er álagningin á áburðinn 69860 kr. fram yfir ríkissjóðstillagið, er var þar að auki 60240 kr., árið 1931 er álagningin 70810 kr. fram yfir ríkissjóðstillagið, er var 53007 kr., árið 1932 er álagningin 40760 kr. fram yfir ríkissjóðstillagið, er var 74583 kr., og árið 1933 er álagningin 59119 kr. fram yfir ríkissjóðstillagið, er var 42533 kr.

Þetta hefir alltaf verið framkvæmt þannig, að þessi styrkheimild hefir aldrei verið notuð nema að nokkru leyti, og alltaf verið lagt meira á en 3%. Miðað við tonnatal af innfluttum áburði þá var:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1930 | 41 kr. | álagning | og | 19 kr. | styrkur |
| 1931 | 37 — | — | — | 16 — | — |
| 1932 | 45 — | — | — | 29 — | — |
| 1933 | 43 — | — | — | 18 — | — |

1932 varð um 40000 kr. gengistap og því varð styrkurinn svo mikill það ár. Annars er 20 kr. styrkur á tonn hærri styrkur en verið hefir og hærri en bændavinurinn Þorst. Briem lét vera þá hann var ráðh.

Þá var hv. 6. þm. Reykv. að tala um, að hann í sinni till. hefði fastákveðið 1 kr. tillag á hver 100 kg. áburðar, sem flutt eru lengra en 30 km. inn í landið, og færði þau rök fyrir því, að þá væri hægt að sjá fyrir fram, hve mikil sú upphæð yrði, ef miðað væri við þyngdarmagn vörunnar. En ég vil segja þessum hv. þm. það, að það er aldrei hægt að segja fyrir fram, hve mikið muni verða flutt inn í landið af áburði, og því síður hve mikið af því, sem inn er flutt, verði flutt 30 km. inn í landið. Ef á að styrkja landflutning á áburði, þá væri langréttlátast að miða þann styrk við hvern km., sem áburðurinn er fluttur inn í landið, eins og var meðan sá styrkur var veittur.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Það eru aðeins fáein orð, og ég skal reyna að tala ekki þannig, að það gefi mikið tilefni til almennra pólitískra umr. Ég vil einungis taka það fram út af því, sem hv. þm. G.-K. sagði, að ég held, að það sé öðru nær en að það hafi verið ófugmæli hjá mér, þar sem ég gerði ráð fyrir því í minni ádeilu á Sjálfstfl., að hann myndi ekki verða meðmæltur frv., sem miðuðu að tekjuöflun stj. til handa. Þetta byggði ég fyrst og fremst á því, að frsm. Sjálfstfl. við 1. umr. fjárl. í byrjun þessa þings lýsti yfir því skýrt og skorinort, að svo myndi ekki verða. Ég hygg, að það muni allur þingheimur, að hv. 1. þm. Reykv. kvað flokkinn vilja taka upp þá stefnu að lækka útgjöldin, svo að ekki þyrfti nýja tekjuviðbót. Ég held, að þetta sé nákvæmlega rétt eftir haft hjá mér. En nú heyri ég af yfirlýsingu frá form. Sjálfstfl., að eitthvað er farið að hala í land í þessu efni, og býst hann við, að flokkurinn muni gera till. um einhvern tekjuauka. Vænti ég þess, að þegar að því kemur, minnist hv. þm. G.-K. þess m. a., að hann hefir heitið stuðningi sínum töluverðri útgjaldaaukningu hér á einum lið, er ég hygg, að muni nema nokkrum tugum þúsunda.

Viðvíkjandi öðrum atriðum hér í umr. ætla ég ekki að vera margorður. Því sem hv. þm. V.-Húnv. sagði um álagninguna 1933, ætla ég fullsvarað með ræðu hv. 2. þm. N.-M. En eins og fram kom, var álagningin þá ekki minni en áður og því ekki ástæða til að greiða nema um 19 kr. á tonn.

Ég vil taka það skýrt fram, vegna þessa ágreinings, sem orðið hefir, að þar sem ég segi, að till. einstakra þm. fari fram á töluverða útgjaldahækkun, miða ég við heimildarlögin eins og framkvæmd þeirra hefir verið, og á því byggi ég það, sem ég sagði um hækkun eftir till. hv. 6. þm. Reykv. — Till. hv. 2. þm. Reykv. fer fram á það, að sett sé hámarksupphæð, og tel ég það rétt grundvallaratriði í máli eins og þessu, að hafa hámarksupphæð, svo að menn viti fyrirfram, hve miklu þeir mega eiga von á. Hinsvegar hefði ég getað fallizt á að hafa upphæðina 44—45 þús. kr. Eftir þeim undirtektum, sem þessi till. hefir fengið, býst ég við, að hámarksupphæðin verði samþ., og tel ég 40 þús. nærri lagi.

**Ólafur Thors:** Ég vil vænta þess, að hæstv. fjmrh. geri sig ekki aftur beran að því að fara rangt með afstöðu Sjálfstfl. til svo veigamikils máls sem það er, hvernig flokkurinn ætlar að taka undir viðleitni til að afgr. tekjuhallalaus fjárl. Ég hefi ekki hér við hendina prentaða þá ræðu, sem frsm. flokksins, hv. 1. þm. Reykv., flutti hér, þegar hæstv. fjmrh. flutti fjárlræðu sína, en ég veit, að allir hv. þdm., aðrir en þá hæstv. ráðh., minnast þess, að ummæli hv. 1. þm. Reykv. féllu þá mjög á líka leið og þau ummæli, sem ég síðar við fyrsta tækifæri viðhafði í nafni og fyrir hönd Sjálfstfl. Þessi ummæli koma svo aftur greinilega fram í prentuðu þskj., sem ráðh. á að hafa lesið, en hefir auðvitað ekki gert, og er það undirritað af sama manni, sem hann var að vitna í — frsm. Sjálfstfl. við 1. umr. fjárl., hv. 1. þm. Reykv. Þessi ummæli eru á þskj. 104 og hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hl. fjhn. telur ekki, eins og nú er ástatt, fært að lögleiða miklar hækkanir á ein-

stökum tollum eða sköttum til ríkissjóðs. Telur hann nauðsyn bera til þess að knýja útgjöld ríkissjóðs niður eins og frekast er unnt, til þess að greiðsluhalli hverfi, án skatthækkana. Verði á hinn bóginn ómögulegt að komast hjá greiðsluhalla á fjárlögum án skatthækkana, telur hann þá leið færasta, að gefa ríkisstj. heimild til að innheimta sem flesta tekjustofna ríkissjóðs með þeim viðauka, sem þarf til þess að komizt verði hjá greiðsluhalla".

Nú hefir þetta verið kennt hæstv. ráðh. í fyrsta annað og þriðja sinn, og þar með vil ég vænta að hann kunni það.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** (óyfirl.): Ég vil láta nægja að taka fram út af ummælum hv. þm. G.-K., þar sem hann taldi mig hafa farið rangt með ummæli frsm. Sjálfstfl., að ég hefi að vísu ekki hér við hendina ræðu hv. 1. þm. Reykv. flutta við það tækifæri, sem hér ræðir um, en ég er viss um, að þetta kom svo greinilega fram hjá honum, og síðan hjá mér og þá engin aths. gerð við það, að hver einasti þdm., sem hefir veitt þessu nokkra athygli, hlýtur að muna þetta. Og ég vænti, að mér gefist tækifæri til að sanna mál mitt með því að grípa til heimildanna. Ég hafði lesið þskj., sem hv. þm. las upp úr, en gat ekki fallizt á, að það væri sönnun í þessu máli, því að þegar flokkurinn sá, að hin fyrri ummæli voru ekki heppileg, greip hann til þess að milda þau á þann hátt, að setja „**ef** ómögulegt, **þá**" o. s. frv. En ég held, að þetta „**ef**" hafi vantað hjá hv. 1. þm. Reykv. í hans ræðu. Ég get verið sammála hv. þm. G.-K. um það, að hin fyrri ummæli voru ekki heppileg og það veitti ekki af að breyta þeim.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Það eru aðeins fá atriði, sem ég þarf að drepa á í því sambandi, sem hér er um að ræða. En ég vildi áður en umr. yrði lokið víkja að því, hvernig rætt hefir verið um afstöðu meiri hl. landbn. í þessu máli. Það hefir komið í ljós, að þær till., sem n. ber fram, eru, ef svo mætti segja, milli tveggja skauta hvað við kemur öðrum till., sem fyrir liggja. Ein till. fer fram á að minnka þau fríðindi, sem hér er um að ræða, frá því, sem nú er, en það er till. hv. 2. þm. Reykv., sem studd er af fjmrh., sem sé að miða styrkinn við 40 þús. kr. hámark. Er því ekki um að villast, að þessi till. miðar til lækkunar. Landbn. hefir hlotið ámæli af því að gera ekki hærri kröfur í þessu efni en raun ber vitni um. Þar er því til að svara, að eins og framkvæmdirnar hafa verið, er þetta ekki lækkun, miðað við síðustu ár, og ég geri nokkurn mun á því, að landbn. hefir fært málið í það horf, að það sé skylda að greiða styrkinn, en áður var það einungis heimild, og sú heimild hefir ekki verið notuð eins og l. hafa ætlazt til. Það virðist svo sem menn álíti, að þetta sé styrkur til bænda einna, en því fer fjarri. Eg hygg, að hin tvö síðustu kreppuár hafi meiri hluti hins aðkeypta áburðar verið notaður til ræktunar í kaupstöðum landsins, því að það eru einmitt þeir staðir, sem hafa minnstan búfjáráburð til afnota. Þetta raskar ekki neitt vilja mínum til þess að líta á þá þörf, sem er á styrk í þessum tilgangi. En ég hefi gengið inn á það hiklaust með meiri hl. landbn. að gera ekki hærri kröfur en till. bera með sér. Það er auðvitað mjög æskilegt og gleðilegt, ef það er hægt að veita til þessara hluta hærri upphæð en till. meiri hl. landbn. fara fram á. En ég held, að það væri hyggilegra að hækka fremur styrkinn til áburðarhúsa og safnþróa en að veita hærri styrk til þessa, því að það eru nauðsynlegar framkvæmdir, sem miða að því, að ræktunarmenn geti fyrr en ella komizt hjá að kaupa mikið af aðfluttum áburði. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Atkvgr. sker úr um það, hvort menn geta ekki fallizt á þann miðlunarveg, sem virðist vera fundinn með till. landbn.

**Ólafur Thors:** Örstutt aths. Ræða hv. 1. þm. Reykv. við 1. umr. fjárl. liggur ekki fyrir prentuð nema í útdrætti. Ég get því ekki bent á þær heimildir og skjalfest ummæli mín með þeim, og ég skal ekki vefengja, að hæstv. fjmrh. hafi skilizt, að umsögn þessa hv. þm. hafi verið eitthvað tvíræð í þessu efni. En ég get ekki látað hjá líða að vekja athygli þdm. á því, hve ríka áherzlu fjmrh. leggur á það, að reyna að spana andstöðuflokkana gegn því, að tekjuhallalaus fjárl. verði afgr. Þetta myndi enginn maður gera, sem hefði einhverja þingreynslu. Hver einasti fjmrh., sem hefði einhverja lífsreynslu — það þyrfti ekki endilega að vera þingreynsla —, myndi láta sem hann hefði ekki heyrt hótun frá andstæðingum um að afgr. ekki tekjuhallalaus fjárl. og taka fegins hendi hverja yfirlýsingu þeirra um, að þeir ætluðu að afgr. fjárl. tekjuhallalaus og lofuðu til þess stuðningi. Ég vek athygli á þessu, svo að það verði bert, hversu óhyggilega ráðh. hagar sér í þessu, og það mun ekki verða í seinasta skiptið, sem það kemur í ljós, að hann skortir lífsreynslu til að standa í þeirri vandasömu virðingarstöðu, sem hann hefir tekið að sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 115,1 felld með 20:6 atkv.
— 115,2—6 teknar aftur.
— 96 felld með 21:9 atkv.
— 95 samþ. með 23:3 atkv.
— 75, svo breytt, samþ. með 18:3 atkv.
— 123 felld með 17:13 atkv.
— 74 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:4 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 16. fundi í Ed., 19. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 136).

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 136, n. 348).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Menn minnast þess, að á þinginu 1928 voru sett lög um verzlun með tilbúinn áburð. Í þeim lögum var fyrst og fremst tvennskonar efni, annað það, að heimila einkasölu á þessari vörutegund, og hitt, að heimila styrk úr ríkissjóði, sérstaklega þó í sambandi við flutningskostnað á þessari vöru til landsins. Þessi lög voru að því leyti tímabundin, að heimildin til styrkgreiðslu gilti aðeins um þriggja ára bil, en sú heimild var aftur framlengd á þinginu 1931, með lögum nr. 12 frá 6. júlí það ár. Í þeim l. var líka takmarkaður tíminn, sem heimilað var að greiða styrk, enn um 3 ár, svo þessi heimild rennur út á þessu ári.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er að nokkru leyti framlenging á þessari heimild, en jafnframt því er gerð breyt. á áburðarlögunum í heild. Fyrsta breyt. er sú, að þar sem þessi lög voru áður heimildarlög, þá eru þau gefin út nú sem almenn lög, bæði að því er snertir áburðareinkasölu og líka um framlag styrksins. Þetta hvorttveggja er nú eftir þessu frv. almenn og *venjuleg lagafyrirmæli*, þ. e. a. s. skylda, í staðinn fyrir að þetta var áður aðeins heimild.

Þá er í 2. gr. frv. sett ákvæði um styrk, sem ekki hefir verið í lögum áður, sem sé það, að styrkurinn til flutninga megi ekki fara upp úr 20 kr. á tonn. *Ég vil nú ekki fullyrða neitt um* það, hvort þetta ákvæði hefir verulega þýðingu, það verður ekki fullvíst fyrirfram, hver flutningskostnaðurinn verður á áburðinum frá útlöndum og til hafna á Íslandi. En mér þykir líklegt, að það geti farið svo, að þessi takmörkun geti valdið því, að það verði ekki greiddur sem styrkur frá ríkissjóði allur flutningskostnaður á áburðinum til landsins. — Þess má geta um þetta ákvæði um flutningsstyrkinn, að það er enn tímabundið og gildir um þriggja ára bil, eða til ársloka 1937.

Þá hefir áður verið svo ákveðið um verzlunarkostnað með þessa vöru, að leggja mætti á hana aðeins visst prósentugjald. Eftir l. frá 1928 aðeins 2%, og eftir að þau voru framlengd á þinginu 1931 mátti það vera 3%. Nú er svo ákveðið, að kostnaðurinn skuli leggjast á vöruna, svo þetta er einnig breyting. En mér hefir verið tjáð, að þessu ákvæði um hundraðshlutaálagningu hafi ekki verið framfylgt nákvæmlega, svo ég geri ráð fyrir, að þessi breyt. hafi ekki verulega breytingu í för með sér frá því, sem orðið hefir í framkvæmdinni á undanförnum árum.

Það varð nokkur ágreiningur og allmiklar umr. um þetta mál í hv. Nd., því að þaðan er það komið. En mér er nú kunnugt um, að frv. er í þeim búningi nú, sem má telja sæmilega miðlun milli þeirra, sem höfðu misjafnar skoðanir á því í hv. Nd.

Landbn. hefir athugað frv. og leggur hún til, að það verði samþ. Að vísu hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að greiða atkv. með sérstökum breyt., ef þær kæmu fram. Nú liggja þær ekki fyrir, og geri ég því ráð fyrir, að ég megi segja f. h. n., að hún fallist á, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 136, 393).

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég skal þegar í upphafi máls míns taka það fram, að við Alþfl.-menn höfum frá því fyrst, að till. kom fram um að hafa einkasölu á áburði, verið því fylgjandi, og ég lýsi því yfir, sem einn af fulltrúum Alþfl., að fullkomið skipulag í þessu efni hefir verið sett á stofn með okkar fyllsta samþykki.

Eins og kunnugt er, þá miðar þetta að því að létta undir með landbúnaðinum á þann hátt, að skapa honum ódýrari áburð en hann ella hefði getað fengið. Með tilliti til þessa hefir ríkinu verið gert að skyldu að greiða upp að vissu marki flutningsgjald undir áburð. En frá mínu sjónarmiði koma fleiri aðilar hér til greina en ríkissjóður einn, og vegna þess er till. á þskj. 393 komin fram, sem við flytjum, ég og hv. 1. þm. Reykv. Ég lít þannig á, að þegar ríkið er aðili um að styrkja eitt og annað, eins og það, sem hér um ræðir, þá sé í flestum tilfellum verið að *reyna að þvinga niður að meira* eða minna leyti flutningsgjald fyrir vöruna. Og ég leyfi mér að halda því fram, að í mörgum tilfellum fái þau skip sem áburð flytja, ekki það raunverulega gjald fyrir flutninginn, sem þau eiga að fá. Eins og *stendur í till.*, þá er gert ráð fyrir, að sá mismunur á því, sem annaðhvort ríkið greiðir eða þá einkasalan semur um, og svo hinu, sem það raunverulega kostar að flytja áburðinn, miðað við aðra þungavöru, sé skoðað sem framlag af hálfu þessara stofnana til áburðareinkasölunnar. Ég lít svo á, að hér sé verið að setja lögbundna kvöð á Eimskipafélag Íslands og Skipaútgerð ríkisins, og að þann mismun beri því að tilfæra í reikningum þessara skipafélaga sem beint framlag til áburðareinkasölunnar. Ég skal strax taka það fram, að þó að ég hreyfi þessu máli í sambandi við áburðareinkasöluna, þá er þetta þannig lagað í mörgum tilfellum, að slíkar kvaðir sem þessar eru settur á skipafélögin af hálfu þess opinbera. Og ég verð að láta það í ljós, að slíkar kvaðir sé tæplega hægt að leggja á önnur skip en þau, sem ríkið á eða styrkir til siglinga að meira eða minna leyti.

Það er annað atriði í þessu máli, sem frá mínu sjónarmiði er ekki einskis virði, og það er, að þegar farið er að setja slíka löggjöf sem þessa handa bændastétt landsins, sem við teljum hana fullkomlega maklega að fá, þá komi það skýrt fram, að hlunnindin eru meiri en tekið er fram í frv. Í þessu tilfelli eru hlunn-

indin mæiri en þessar kr. 20.00, sem frv. getur um, og ég vil benda á það, að á þessu ári mun flutningsgjaldið vera kr. 22.50 á tonnið. Og samkv. þeirri kvöð, sem á þessu liggur, á Eimskipafélagið að skila þessum áburði á þær hafnir, þar sem bændurnir eiga hægast með að ná í hann. Það er ekki nema örlítill hluti af þessum áburði, sem er fluttur á land hér í Rvík. Mest er flutt á hafnir eins og Akureyri, Reyðarfjörð o. s. frv., en nokkuð af áburðinum fer þó á smærri hafnir.

Það væri fróðlegt að vita, hvað Skipaútgerð ríkisins fær fyrir að flytja áburðinn. Samkv. samningi milli Skipaútgerðarinnar og Eimskipafélagsins, greiðir Eimskipafélagið Skipaútgerðinni kr. 7.50 + 15%, eða kr. 6.38 fyrir smálestina, og ef um útskipun er að ræða, þá eru greiddar kr. 5.00 á smálestina fyrir hana. Ríkisskipin eiga svo að skila þessu á ýmsar hafnir úti um landið. Ég veit dæmi þess, að kostnaðurinn við uppskipun getur komizt upp í kr. 10.00 fyrir tonnið, og í slíkum tilfellum fá ríkisskipin ekkert. Frá mínu sjónarmiði er það þess vegna réttlátt, að það komi fram á reikningum Skipaútgerðar ríkisins, sem hún leggur þannig í sölurnar fyrir bændastétt landsins.

Þó að Eimskipafél. Ísl. sé hlutafélag, þá er það samt innlendur skipastóll, sem ríkið er hluthafi í og mikill hluti landsmanna á sinn þátt í. Það verður því að skoðast sem þjóðarfyrirtæki, sem ríkið verður að styrkja árlega, til þess að tryggja það með tilliti til okkar siglinga. Það er langt frá því, að ég álíti, að Eimskipafél. eigi ekki að gera þetta, sem hér um ræðir, en ég álít hinsvegar, að það eigi að koma fram á reikningum þess, að það hefir annazt svona mikla flutninga fyrir lægra gjald en taxti skipafélaganna ákveður, og að sá mismunur verði skoðaður sem framlag til áburðareinkasölunnar, eins og till. fer fram á.

Ég býst við, að þeir menn hér, sem telja sig bændafulltrúa, álíti ekki rétt að samþ. till. sem þessa, en réttlæti hennar er þó jafnmikið fyrir því, og ég skal taka það fram, að ég ætlast ekki til þess, að það sé skoðað sem ölmusa til bændastéttarinnar, þó að þetta verði gert. Það er allt annað, sem vakir fyrir mér. Ég vil minna hv. þm. á það, að í hvert skipti, sem talað er um siglingar okkar, þá er ýmislegt að þeim fundið, t. d. að þær séu dýrar í rekstri og of hátt kaup goldið o. s. frv. En ég vil halda því fram, að ef allur sá flutningur, sem þessi skip flytja, sumpart milli landa og sumpart meðfram ströndum landsins, væri reiknaður með því verði, sem skipafélögin hafa ákveðið sem taxta, þá mundi hallinn á rekstri þeirra vera allverulega minni en hann er nú, og þess vegna er það,að ég álít, að það eigi að koma skýrt fram, hverskonar hlunnindi skipafélögin veita landsmönnum. Og ég álít, að það eigi sérstaklega að koma fram í sambandi við áburðareinkasöluna, þó að það séu fleiri stofnanir, sem koma til greina, þegar um hlunnindi eins og þessi er að ræða. Það ætti að vera viðtekin regla, að það komi skýrt fram, hverjir hlunnindin fá.

Ég held, að ég hafi nú skýrt það, hvað fyrir mér vakir með þessari till., og þó að þetta mál þyki ef til vill nokkurt nýmæli, þegar það er flutt hér nú, þá get ég vel hugsað, að þeir timar komi einhverntíma, að það verði talið reikningslega rétt að sýna það skýrt og óskorað, hvað það nemur miklu, sem skipafélögin flytja til landsmanna fyrir lægra gjald en taxtinn er. Ég geri ráð fyrir því, að ég muni fá framan í mig þá rökfærslu, að útlend skip mundu gera þetta fyrir sama verð, og ef til vill lægra, og vil þess vegna svara því þar til, að það megi fullkomlega taka tillit til þess, að við eigum að bægja frá þessum flutningum erlendum skipum, en aftur á móti hlynna að okkar eigin siglingum, sem er alveg hliðstætt við þá stefnu, sem nú er uppi, að hlynna að innlendri framleiðslu í landinu, með því t. d. að banna mönnum að kaupa útlenda vöru, þó að ódýrari sé en sú innlenda, og styrkja með því okkar framleiðslu. — Ef hv. þm. vilja fá frekari skýringu á þessu, þá er ég tilbúinn að taka tillit til þess.

Að lokum vil ég svo benda á það, að eitt orð hefir fallið úr till. Þar stendur„er skoðast sem framlag", en á að vera „og skoðast það sem framlag" o. s. frv. — að svo komnu mun ég svo ekki flytja lengra mál um þetta efni, en gæti þó bætt miklu við sem fullkomnum rökstuðningi fyrir þessu nýmæli, sem hér hefir verið flutt.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Það þarf í raun og veru ekki að svara hv. 4. þm. Reykv. miklu viðvíkjandi brtt. á þskj. 393, sem hann hefir flutt hér ásamt hv. 1. þm. Reykv., vegna þess, að hann hefir svarað sér að nokkru leyti sjálfur, með því að benda á, að það mundi vera hægt að flytja áburðinn með útlendum skipum jafnvel ódýrara en íslenzk skip gætu flutt hann. Þessi rökfærsla, sem hv. þm. benti á að mundi koma fram, gerir það að verkum, að sú reikningsfærsla, sem hann gerir ráð fyrir að skipafélögin eigi að hafa, er á engu byggð.

Annars er því til að svara viðvíkjandi svona till., að það hagar svo til með öll viðskipti milli Eimskipafél. og þeirra, sem flytja mikið með skipum félagsins, að farmgjöld eru nokkuð lægri hjá þeim en hjá smærri viðskiptavinum þess. Þess vegna er engin ástæða til þess, þó að ríkið, sem er nokkuð stór viðskiptaaðili hjá félaginu, fái prósentur eins og stærri viðskiptavinir þess, að fara að færa það sérstaklega. Ég sé ekki ástæðu til að álíta, að ríkið muni fá óeðlilegan afslátt á flutningi þessarar vöru, frekar en annarar. Annars má líka segja frá því í þessu sambandi, að Danir hafa t. d. á síðustu árum gert heildarsamninga um innkaup á öllum sínum áburði, eða því sem næst öllum, og í þessum samningum er það innifalið, að áburðinum sé skilað á hverja einustu höfn, sem þeir gera kröfu til, að hann sé fluttur á. Áburðurinn er þar fluttur með ákaflega lélegum fragtkössum, sem önnur skip geta ekki keppt við. Þetta eru mjög stórir farmar, því að þessi vara er mest keypt í einu lagi rétt undir vorið, og þannig er áburðurinn fluttur til Danmerkur miklu ódýrara en hægt væri að flytja hann með öðrum skipum. Af þessu leiðir það svo, að það er ekki óeðlilegt, þegar um vöru eins og

þessa er að ræða, sem hægt er að flytja í einu lagi fyrir allt árið, að skipafélögin hér gefi nokkuð betri samninga en ella, til þess að mæta að nokkru leyti því tapi, sem ríkið hefir á því að nota ekki þau fragtskip, sem hv. 4. þm. Reykv. benti á. Það er þess vegna alveg útilokað, að hægt sé að færa þetta þannig reikningslega út. Þessu mætti sennilega alveg eins snúa við og segja, að það væri ríkið, sem ívilnaði skipafélögunum, Skipaútgerð ríkisins og Eimskipafélagi Íslands, með því að láta þau sitja fyrir öllum flutningunum, þar sem hægt er að gera ráð fyrir, að flutningana mætti fá eins ódýra eða jafnvel ódýrari á annan hátt. Ef skipafélögin sjá ástæðu til að færa upp reikning yfir þann halla, sem þau hafa af þessum flutningum, geta þau gert það án þess að slíkt þurfi að lögfesta. Ef hv. flm. langar til, ættu þeir að geta fengið það upp þegar á þessu ári, en ég tel fjarstæðu að fara fram á að setja lög um slíkt.

**Þorsteinn Briem** óyfir.: Ég hélt fyrst þegar ég leit á þessa brtt., að hér væri um það að ræða að draga framlag ríkissjóðs frá hallanum af flutningunum. En þó þetta sé óljóst, skildist mér við nánari athugun, að svo mundi ekki vera. (**SÁÓ:** Það er rétt). Mér skilst, að það hafi ekki annan tilgang en að gefa skipaútgerðunum Ríkisskip og Eimskip tækifæri til að rubba upp reikningum, er sýni raunverulegt eða ímyndað tap, sem aldrei yrði annað en handahófsverk, en gæti orðið vissum mönnum kærkomið, sem þættust finna þar tölur, sem hægt væri að telja eftir sem styrk til landbúnaðarins. Annan tilgang sé ég ekki. Ef nú er ætlazt til, að þessar stofnanir — Ríkisskip og Eimskip — smyrji einnig upp reikningum fyrir aðra aðila, sem flytja með þeim, bæði kaupmenn og einkum S. Í. S., sem flytur langmest, og vitanlega fá mikinn afslátt frá venjulegum taxta, ætti þá eins að telja það eftirgjöf. Er auðskilið mál, að þessi félög taka því aðeins slíka flutninga, að þau telji það borga sig móts við að fá þá ekki. Er auðvelt að fá önnur óvandaðri og ódýrari skip til svona flutninga, og fá þannig ódýrari fragt. Er það altítt víða erlendis. Forsrh. benti réttilega á, að hér mætti alveg eins tala um ívilnun frá ríkinu til þessara stofnana. Get ég nefnt skýrt dæmi um ívilnun til Ríkisskips, einmitt frá áburðareinkasölunni. Haustið 1932 þurfti S. Í. S. að flytja kjöt til Noregs og gat fengið til þess ódýrt flutningaskip. En svo þjóðhollri stofnun þótti ekki hlýða að skipta við erlend skip, ef annars væri kostur. En um innlend skip var ekki að ræða nema flutningur fengist til baka, því það var allt of dýrt að láta skipið sigla tómt heim. Það varð því að samningum, að Súðin flytti kjötið út og flutning fyrir áburðareinkasöluna til baka, þó þetta væri miklu fyrr á tíma en venjulegt var að flytja áburðinn. Hér var því um skýra ívilnun að ræða, sem auðvitað var ekki hægt að koma fyrir nema bæði S. Í. S. og áburðareinkasalan yrðu skaðlaus. Tel ég því, að þessum stofnunum sé enginn greiði gerður með því að skipa þeim að smyrja upp svona reikningum, svo hægt sé að fá þar einhverjar útkomur til að telja eftir. Ég greiði því atkv. móti brtt. og tel hana ófyrirsynju fram komna.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég þarf ekki að vera um þetta orðmargur, því fyrri ræðumenn hafa tekið ýmislegt fram af því, sem ég vildi athuga. Þó vildi ég beina fyrirspurn til hv. flm. brtt., um hvað hann meini með orðunum „venjulegt flutningsgjald". Við vitum að vísu, að til er um þetta taxti, en þegar flutningur er mikill, er gefinn frá honum stórfelldur afsláttur, 20—40%. Vil ég vita, hvort hér á að reikna með venjulegum taxta eða lægsta flutningsgjaldi, sem aðrir greiða.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég skal fyrst svara hv. þm. Dal., við hvað ég átti. Ég ætlast til, að tekið sé fyrir áburðinn sama gjald og fyrir álíka þunga af t. d. mjöl- og kornvörum. Á þeim vörum fer flutningsgjald aldrei niður úr 30 kr. pr. tn. og uppskipunargjald 7 kr., sem er það allra minnsta. Ég hafði slíkar vörur í huga. Ég held, að það geti ekki verið rétt, að gefinn sé 20—40% afsláttur á flutningsgjöldum á þessum vörum. S. Í. S. flytur að vísu mest, en ég hygg, að flutningsgjaldið fari þó aldrei niður úr því, sem ég nefndi.

Hæstv. forsrh. tók upp það, sem ég sagði um innl. og erlend skip, og það er einmitt kjarni málsins. Ég vil taka það fram, að ég vona, að allir þjóðlegir menn vilji efla innlendar siglingar, en bægja þeim erlendu frá, þar sem allir mega minnast þess, að meðan við áttum ekkert skip, áttum við að búa við hina mestu einokun. Hæstv. forsrh. minntist á, að farmgjöldin væru hærri hér en í Danmörku. Það er rétt. En það er ekki sambærilegt, að flytja vörur frá Hollandi til Danmerkur yfir Norðursjó eða yfir Atlantshaf til Íslands. Þar er vel hægt að nota kláfa, sem eru ómögulegir fyrir okkur. (**MG:** Er áburðurinn fluttur frá Hollandi?). Hann gengur a. m. k. þar í gegn. Það er einnig rétt, að stóru viðskiptaþjóðirnar, sem mikið flytja, geta fengið afslátt, sem við smálingarnir fáum ekki. En ég verð að segja, að mér finnst það enginn jöfnuður og kemur ekki ávallt þeim að notum, sem vörurnar kaupa. Þá vilja ýmsir hv. þm. telja það ívilnun frá ríkinu að láta íslenzku skipin fá flutningana. Það er nú svo. En ef reiknuð eru öll vinnulaun við vörurnar, mun flutningsgjaldið að mestu etast upp. Ég veit ekki, hvort á að kalla þetta ívilnun; það væri þá helzt til þeirra, sem vinna við vörurnar, en ekki til fyrirtækisins, og því síður að það sé gjöf til skipafélaganna, sem þó eiga að bera sig. Ég hefi viðurkennt og lýst yfir, að ekki sé hægt að greiða fyrir áburðinn flutningsgjald eins og það kostar. En ég vil, að það komi fram fyrir landslýð, svo bændur og aðrar stéttir sjái, hvað gott þeir hafa af íslenzku siglingunum. En það mun mörgum óljóst og ekki alltaf vera metið eins og það er.

Hv. 10. landsk. taldi brtt. helzt efni í eftirtölur. Ég get þar ekki svarað fyrir aðra en mig. Ég hefi lýst yfir, að ég tel þetta ekki eftir til bændanna. En ég vil aðeins láta það sjást svart

á hvítu, hvernig skipafélögin stæðu, ef þau fengju það, sem þeim ber að fá.

Það er rétt, að skipafélögin gefa kaupmönnum og öðrum, sem reiða mikið, afslátt á farmgjöldum, vegna harðrar samkeppni. Og það, sem ræður, er, að hingað sigla erlend skip, sem vilja kveða niður okkar íslenzka skipastól, en bera enga umhyggju fyrir okkar þörfum. En því miður eru til svo óþjóðlegir menn, er taka slíkum tylliboðum, og þess vegna verða innlendu skipafélögin að slá af því, sem álitið er hæfilegur taxti. Þá nefndi hv. þm. dæmi frá 1932. Ég er honum sammála um, að í það eina skipti, er hann vitnaði til, hafi farið saman hagsmunir beggja aðilja, Ríkisskips og áburðareinkasölunnar. Þó hygg ég, að það flutningsgjald hafi verið svo lágt, að erlend skip hefðu ekki getað keppt við það. — Sé ég svo ekki ástæðu til að andmæla fleiru af því, sem fram hefir komið. Ég gekk ekki að því gruflandi, að þetta mál ætti litlu fylgi að fagna í þessari hv. d., en hreyfði málinu vegna þess, að ég álít það rétt, og vonast eftir, að því verði gaumur gefinn, þó síðar verði.

**Þorsteinn Briem** óyfirl.: Hv. 4. þm. Reykv., sem er aðalflm. að brtt., játaði, að hann ætlaðist til, að miðað væri við prentaðan taxta skipafélaganna. (**SÁÓ:** Þann raunverulega). En í hinu orðinu sagði hann, að gefa yrði afslátt, ef aðrir en ríkið ættu í hlut. Ég þykist hafa góðar heimildir fyrir því, að gefinn sé allt að 50% afsláttur frá taxta í einstökum tilfellum. Sjá allir, hvaða vit yrði í samanburði við svona reikninga.

Þá sagði hv. þm., að hann teldi sanngjarnt að miða við sama flutningsgjald og fyrir mjölvöru. Ég hygg, að hvergi í heiminum — þó ég sé því að vísu ekki kunnugur — sé sama flutningsgjöld á áburði og mjölvöru. En það kom upp aðaltilgangur hv. flm.: að styðja Eimskipafélag Íslands og Ríkisskip. Ég held, að þetta sé alveg óþarfi, því ég veit ekki betur en bæði þing og þjóð hafi sýnt þessum stofnunum velvilja, og ég efast um, að þessi brtt. bæti þar nokkuð um. Hv. þm. fór víða í ræðum sínum og minntist m. a. á, að áburðurinn færi gegnum Holland. Ég hygg, að áburður sé ekki fluttur þar úr landi.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Hv. 10. landsk. talaði um 50% afslátt á farmgjöldum. Ég skal nú ekki þrátta um það við hv. þm., því ég hefi ekki gögn í höndum til þess nú. En ég fullyrði, að sá afsláttur sé alls ekki gefinn á þeim vörum, sem ég nefndi. — Þá nefndi hv. þm. Holland. Ég veit ekki betur en að hann fari um hollenzka höfn; a. m. k. veit ég, að honum er skipað þar út.

Þá var hv. þm. að tala um, að nota mætti allt önnur skip til áburðarflutninganna en til annara vöruflutninga. Ég hefi þar fyrir mér glögg dæmi. Í fyrra var fengið skip hér úr Rvík með áburð til Eyrarbakka. Það tepptist svo eitthvað vegna óhagstæðs veðurs, og áburðurinn skemmdist vegna leka á skipinu. En auðvitað voru skemmdirnar greiddar af félagi því, sem vörurnar voru tryggðar hjá. En ég nefni þetta sem dæmi um, að varasamt geti verið að nota mjög léleg skip. (**MG:** Var þm. ekki að tala um kláfa á Norðursjónum?). Mér skildist hv. þm. vera að tala um einhverja dalla, sem þar væru notaðir. En ég get þó sagt honum, að á sjómannamáli eru gömul, úrelt og léleg skip, ferðlítil og að öllu ósamkeppnisfær við nýrri og góð skip, kölluð kláfar. Það eru þessi skip, sem geta boðið niður farmgjöld. Um leið er ekki ávallt tryggt, að þau skili vörunni óskemmdri. Þessi skip eru á stundum þannig úr garði gerð, að verjandi telst að senda þau í ferðalög um Atlantshaf. Læt ég svo umr. niður falla af minni hálfu, en vænti þá, að hv. þm. geti greitt till. okkar atkv., svo þær nái samþykki deildarinnar.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Þegar ég gerðist meðflm. að þessari brtt., var það vegna þess, að ég taldi, að hér væri gripið niður á máli, sem er allviðtækt. Það hefir einmitt allmikið tíðkazt, þegar Alþ. hefir viljað styrkja fyrirtæki, að það hefir notað þá aðferð, sem hér er verið að ræða um, að leggja styrkinn sem kvöð á vissar stofnanir, sem eru ríkinu svo háðar, að þær verða að hlýða, þó þær séu sjaldnast aflögufærar. Þó í litlu sé, er þessi stefna að skjóta hér upp kollinum, með því að leggja ákveðnar kvaðir á skipin. Mér finnst ekki rétt, að svo eða svo miklum kostnaði af flutningum áburðarins sé skellt á flutningatækin. Ég skal ekki blanda mér í deilur um, hvort útgerðin skaðast á þessum flutningum eða ekki. En ef skipafélögin leggja ekkert í sölurnar vegna þessara flutninga, verður ekki um neina reikningsfærslu að ræða, og gerir hvorki til né frá, þó brtt. verði samþ. En ég get hugsað mér, að nokkrar kvaðir séu með þessu frv. lagðar á skipin, sem megi telja þeim fjárhagslegan hnekki. Hæstv. forsrh. og hv. 10. landsk. voru að tala um, að það mætti fá ódýrari flutninga með erlendu skipunum. Ég veit ekki um, hvort svo er, en það hvílir engin skylda á stj. að flytja með þeim skipum, sem hér eiga hlut að máli. Og ef hægt er að fá þessa flutninga fyrir svo að segja ekki neitt, virðist sjálfsagt að nota sér það.

Ég vil því spyrja stj.: Hvernig stendur á því, að hún notar ekki þessa ódýru dalla? Ég get hugsað mér, í sambandi við þá hörðu samkeppni, sem ríkir á þessu sviði, að fá megi þá fyrir lítið verð. Lögin banna, að greitt sé úr ríkissjóði meira en 20 kr. á tonn upp í flutningskostnaðinn. Ef flutningskostnaður verður meiri, hverjir eiga þá að borga það, sem yfir er? Eru það þeir, sem nota áburðinn? (**Forsrh.:** Já). Ætli það kæmi þá ekki hljóð úr horni frá bændunum? Nei, ætli að ríkisstj. gripi þá ekki bara til þvingunarmeðala og léti skip Eimskipafél. og Skipaútgerðar ríkisins flytja áburðinn fyrir 20 kr. smálestina, enda þótt það væri helmingi lægra farmgjald en annarsstaðar. Henni er þetta a. m. k. í lófa lagt með Skipaútgerð ríkisins. Mér finnst það augljóst, að sjálfsagt sé að færa það á sérreikning, sem skipin eru þannig látin greiða. Ég vil, að reikningar áburðareinkasölunnar séu hreinir og að þar komi allt fram, sem þar á að vera. Það eru

engar eftirtölur, þó að óskað sé eftir hreinum reikningum.

Annars er það stefnan, að leggja ýmiskonar kvaðir á þær stofnanir, er eitthvað eru tengdar ríkinu. Hvað er t. d. ekki lagt á bankana í sambandi við kreppuráðstafanirnar? Þeir verða að taka milljónir í bréfum kreppulánasjóðs, og það er ekki gott að segja, hvað þeir verða búnir að borga mikið í kreppuhjálpinni áður en lýkur.

Þá má minna á Eimskipafél. og þann skaða, er það hefir af þeim styrk, er ríkið veitir því, með þeim kvöðum, er honum fylgja, siglingum á smáhafnirnar o. s. frv. Ég spurði hv. forseta Nd. um, hve miklu þetta mundi nema, og hann taldi það nema hundruðum þúsunda, sem Eimskipafélagið legði þannig fram. Þetta á að koma fram á reikningum, og það er það, en ekki annað, sem felst í till. okkar. Ég sé ekki, að þessi till. okkar þurfi að vaxa mönnum í augum; menn geta náttúrlega sagt, að þetta sé óþarfi og hégómi, en ég vil, að það komi fram í reikningum, hvað félögin leggja þannig í sölurnar. Ég vænti því þess, að hv. d. geti samþ. till., því að hér er ekki um það að ræða að leggja neinar byrðar á félögin.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það tekur því tæpast að ræða þetta lengi. Það er eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þetta er hégómi. Félögin hafa vitaskuld bókfært hjá sér, hver farmgjöldin eru, og þá eins, hvað þau taka fyrir flutning á áburði. Það er hægt að fá það fram án lagaheimildar, og till. er því út í bláinn. Að bókfæra muninn á þeim opinbera taxta og þeim, sem notaður er við flutninga á þessum áburði, væri hinsvegar blekking. Það vita allir, að félögin gefa afslátt af farmgjöldum, bæði ríkinu og öðrum, er við þau skipta. Reikningsfærslan væri því blekking, ef miðað væri við hinn opinbera taxta. En annars liggur náttúrlega bókfærsla fyrir um það hjá félögunum, hver farmgjöldin eru, svo að það þarf ekki að setja nein lög um það.

Hv. 1. þm. Reykv. var að spyrja að því, hvers vegna stj. notaði ekki útlendu skipin til flutninga, fyrst hægt væri að fá þau ódýrari. Hv. 1. þm. Reykv. er það vel kunnugt, að útlendu fragtskipin eru hér harðir samkeppnisaðili, og að ríkisstj., kaupmenn og Sambandið flytja oft með íslenzku skipunum, þó að dýrara sé, af velvilja til stofnananna. Ég hygg, að það yrði þó nokkurt fé, ef reiknað yrði út, hvað ríkisstj. leggur þannig til íslenzku félaganna með því að flytja með þeirra skipum, enda þótt dýrara sé. Mér virtist koma fram hjá hv. þm. sá misskilningur, að þessar 20 kr. væru um leið ákveðið flutningsgjald. (**MJ**: Nei). Það er heldur ekki meiningin, heldur að samið sé um flutningsgjaldið við stofnanirnar. Flutningsgjaldið er ekki bundið við 20 kr., heldur styrkurinn, sem ríkið veitir til flutninganna. Flutningsgjaldið getur verið hærra.

**Þorsteinn Briem** [óyfirl.]: Hv. 4. þm. Reykv. bar brigður á það, að það væri rétt hjá mér, að veittur væri allt að 50% afsláttur af einstökum vörum. Ég get nefnt dæmi þessa, en það er fiskur, og hefi ég það eftir forstjóranum. Annars tel ég fjarri sanni að miða í þessu sambandi við flutning mjölvöru, og er miklu nær að miða við flutningskostnað t. d. á sementi, en hann er miklu lægri.

Hv. 1. þm. Reykv. gerðist nú samherji jafnaðarmannsins í þessu máli, og má þar um segja, að á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir.

Ég sé ekki, hvað Eimskipafél. kemur þessu máli við, þó að það opinbera geri það að skilyrði fyrir styrk sínum til félagsins, að það sigli eftir ákveðinni áætlun, láti í té vissa tölu farseðla o. s. frv. Það mun ekki ætlunin, að gengið sé framhjá Eimskipafél. með flutninga á þessum vörum, enda væri það óþjóðlegt. Hitt er óviðeigandi, að þessar stofnanir, Eimskipafél. og Skipaútgerð ríkisins, sem njóta alls hins bezta frá ríkinu, séu að kosta til þess sérstöku reikningshaldi að leggja til efni í eftirtölur á sérstaka stétt manna. Hv. þm. talaði um hreina reikninga, en það er mest undir því komið, að undirstöðurnar undir reikningunum séu réttar. Það er augljóst, að slíkir reikningar sem þessir yrðu byggðir á vafasömum forsendum, því að það er hæpið að miða við hinn skráða taxta, en hitt yrði og handahóf, að miða við annan taxta en hinn skráða.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Hv. forsrh. hafði það eftir mér, og gerði að sínum orðum, að þetta mál væri hégómi. Þetta er misskilningur hjá hv. forsrh. Það má segja, að ef ekki kemur til halla fyrir félögin, þá sé þetta meinlaust, en ef halli verður, þá er svo ekki.

Það, sem hér um ræðir, er náttúrlega bara reikningslegt, en upp úr því er þó mikið lagt. Ríkið væri náttúrlega hvorki ríkara né fátækara, þótt engir landsreikningar væru færðir og birtir, en það er talið sjálfsagt, og ein höfuðtryggingin fyrir því, að allt sé hreint, svo að eigi þurfi að fara í þennan og hinn til þess að fá upplýsingar, eins og hv. forsrh. sagði, að fara mætti til félaganna. (**Forsrh.**: Hér ræðir ekkert um birtingu). Það er að sjálfsögðu átt við, að birta eigi reikninga áburðareinkasölunnar. Það hefir verið talað um þann afslátt, er kaupmenn fái á farmgjöldunum. Kaupmenn hafa enga aðstöðu til þess að þvinga félögin í þessu sambandi. Þar er því ólíku saman að jafna. En ef félögin gera slíka samninga við privat fyrirtæki, þá er það vegna þess, að það er hentugt fyrir þau, og að þau eru þá að tryggja með því einhverja aðra hagsmuni sína. Ríkið er hinsvegar aðili, sem getur neytt félögin til þess að semja eins og því sýnist, og hefi ég áður bent á, hvernig það hefir haft það t. d. við bankana. Aðstaðan er því allt önnur.

Samkv. frv. borgar ríkið ekki meira en 20 kr. í flutningskostnað á tonn; ef meira verður, lendir það því á öðrum. Ég get nú vel trúað því, að stj. notaði aðstöðu sína til þess að láta félögin flytja áburðinn fyrir 20 kr. tonnið, enda þótt farmgjöldin væru raunaverulega hærri.

Hv. forsrh. og 10. landsk. hafa talið, að lítið væri leggjandi upp úr þeim prentaða taxta, því

að jafnan væri samið um afslátt af honum, og falskar tölur kæmu því fram, ef miðað væri við hann. En það er fjarri því, að prentaði taxtinn sé nokkur hégómi. Hann er eins og hvert annað verð á vöru, og með þeim taxta sigla skipin sér að skaðlausu. Að sigla undir taxta er óheilbrigt og ekki gert, nema þá til þess að ná einhverjum öðrum hagsmunum. Annars er í brtt. ekki talað um prentaðan taxta, heldur er þar miðað við „venjulegt flutningsgjald fyrir álika þunga vöru".

Hv. forsh. var að tala um, að stj. og fleiri notuðu innlendu skipin af velvilja til stofnananna. Ég skoða nú þetta tal um velvilja og þjóðhollustu sem hvert annað raus og vitleysu. Ef skipt er við íslenzku skipin fremur en þau útlendu, þá er það vitanlega bara af praktiskum ástæðum. Enda mætti það æra óstöðugan að halda úti skipunum okkur til eilífs óhagnaðar, af tómum þjóðrembingi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að svara hv. 10. landsk. sérstaklega. Ég er hissa á mótstöðu hans. Ef félögunum væri gert að skyldu að greiða eitthvað í þessu sambandi, þá gæti ég skilið það, en þegar hér er um það eitt að ræða, að reikningarnir séu gerðir upp, þá skil ég ekki mótstöðuna. Hv. 10. landsk. þótti þetta mikið í lagt hvað bókhald snerti. Hv. forsrh. er nú hinsvegar búinn að sýna fram á, að félögin hafa reikningana yfir þetta, svo vandinn er ekki annar en sá, að draga þær tölur, sem hér er um að ræða, út úr og láta þær koma fram á reikningum áburðareinkasölunnar.

ATKVGR.

Brtt. 393 felld með 9:3 atkv.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 434).

## 14. Lyfjasala rannsóknarstofnana ríkisins.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild rannsóknarstofnanaá ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar** (stjfrv., A. 21).

Á 7. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Eins og hv. þdm. er kunnugt, býr rannsóknarstofa háskólans nú til bóluefni og fleiri lyf. Þetta starf eykst að líkindum á næstunni, en hinsvegar orkar það tvímælis, hvort stofnun þessi muni hafa tvímælalausan rétt til að selja þessa framleiðslu sína, og er því þetta frv. fram borið. Vil ég leggja til, að frv. sé vísað til allshn.

**Magnús Guðmundsson:** Þegar ég sá þetta frv., furðaði mig á því, að lagaheimild skyldi þykja til þurfa, að rannsóknarstofan seldi framleiðslu sína, þar sem vitað er, að hún hefir gert það hingað til. Hafi þetta hingað til farið fram með löglegum hætti, þá ætti það eins að geta orðið framvegis. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar hjá hæstv. ráðh. um það, hvar hann telji, að í löggjöf vorri séu lagaákvæði til hindrunar þessum rétti rannsóknarstofunnar til þess að selja framleiðslu sína. Ég spyr af því, að ég þekki ekki slík lagafyrirmæli.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Það er af mörgum talið ekki með öllu tvímælalaust, að með þessari framleiðslu rannsóknarstofunnar sé gengið á rétt lyfjabúða, er þeim er veittur með sérstökum l. Þó að ekki hafi til þess komið enn, gæti svo farið, að hér yrði einhver árekstur. Ég get upplýst það, að bæði landlæknir og forstöðumaður rannsóknarstofunnar, Níels Dungal, eru sammála frv. um þetta.

**Magnús Guðmundsson:** Það, sem ég vildi hafa spurt um, er þetta, hvaða l. væru því til fyrirstöðu, að rannsóknastofan seldi sjálf afurðir sínar. Skilst mér af svari hæstv. ráðh., að hann sé mér samdóma um, að slík lög séu ekki til. Þörf á nýjum lögum um þetta get ég því enga séð, en þau mega teljast meinlaus, og mun ég því ekki reyna að bregða fæti fyrir þau.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 229).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Allshn. hefir haft þetta mál til meðferðar, og eins og nál. ber með sér, sendi hún það landlækni til umsagnar, eftir að henni hafði borizt bréf frá Lyfsalafélagi Íslands og Lyffræðingafélagi Íslands. Landlæknir sendi síðan bréfið frá Lyfsalafélaginu til formanns rannsóknarstofu háskólans, og svarar hann aftur með bréfi, og eru þessi bréfaviðskipti öll prentuð upp í nál.

Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þær aðfinnslur, sem fram hafa komið við þetta frv., því ég tel þær allar hraktar með bréfi form. rannsóknarstofunnar. Og n. hefir í einu hljóði komizt að þeirri niðurstöðu að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. — Ég læt þetta svo nægja f. h. n., því ég geri ekki ráð fyrir, að frv. mæti mótspyrnu í hv. d.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 21).

Á 28. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 369).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

**Thor Thors:** Þetta mál hefir verið fyrir allshn., og hefir n. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Ég skal geta þess, að fram hafa komið mótmæli gegn þessu frv. frá Lyfsalafélaginu hér í bænum. En ég tel svo rökfast það svar við þeim mótmælum, sem kom frá forstöðumanni rannsóknarstofu háskólans, að augljóst sé, að rannsóknarstofan eigi að fá þennan rétt. Tel ég eðlilegt, að sú stofnun standi í beinu sambandi við bændur, er nota þau lyf, er rannsóknarstofan býr til, og megi það verða til þess, að betri vitneskja fáist um árangur af þessum lyfjum.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég átti eiginlega að vera frsm. fyrir þessu frv., en öll n. er, eins og hv. þm. Snæf. tók fram, sammála að öllu leyti um frv. Ég var hér ekki viðstaddur 2. umr. um frv. og tók því ekki til máls nú, en skal þó benda á það, að fylgiskjöl með frv., bæði umsögn landlæknis og umsögn forstöðumanns rannsóknardeildar háskólans, sanna það, að sjálfsagt er að samþ. þetta frv. Hinsvegar hefir félag lyfsala lagt á móti frv., en n. hefir ekki getað séð, að þeirra álit hafi við rök að styðjast.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 458).

## 15. Kjötsala innanlands.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim** (stjfrv., A. 27).

Á 5. fundi í Ed., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Frv. þetta, sem hér liggur fyrir til 1. umr., mun hv. d. allmikið kunnugt áður. Fyrir liggja shlj. bráðabirgðalög, sem nú hafa verið framkvæmd um nokkurn tíma og mikið um rætt á málfundum og í blöðum. Ástæðurnar til þessarar lagasetningar eru sem kunnugt er þær, að framboð kjöts á innanlandsmarkaðinum hefir orðið meira en eftirspurnin, vegna takmarkana á erlenda markaðinum. Við höfum þar sömu sögu að segja og margar aðrar þjóðir, og því ekki nema eðlilegt, að einnig hér verði að grípa til svipaðra ráðstafana og þar hafa nú þegar verið gerðar. Mál þetta hefir mikið verið rætt áður en l. voru sett. Fyrst mun það hafa verið tekið til rækilegrar meðferðar á fundi kaupfélagsstjóranna í marzmánuði árið 1933. Þar var grundvöllur þessarar löggjafar lagður og samið frv., sem að efni til er mjög líkt því frv., sem hér er borið fram. Á aukaþinginu 1933 var samþ. þál. um skipun n. til þess að rannsaka afurðasöluna yfirleitt. Þessi n. var skipuð 7. apr. þ. á., og hélt hún þegar fund um málið, en tók ekki verulega til starfa fyrr en eftir síðustu kosningar. Svo sem hv. dm. er kunnugt, voru skipaðir í þessa n. þeir Egill Thorarensen, Guðmundur Jónsson, Hannes Jónsson, Helgi Bergs, Ingimar Jónsson, Jón Árnason og Magnús Þorláksson. N. þessi skilaði áliti 2. ág., og voru nm. á eitt sáttir um nauðsyn þeirra l., sem hér hafa verið sett. En fram kom í n. ágreiningur um það, hvernig verðlagsn. skyldi skipuð, en ég sé ekki ástæðu til að fara út í þann ágreining hér við þessa umr. Í þessu nál. er einróma ósk nm. til stj. um að setja bráðabirgðal. um kjötsöluna þá þegar. Nokkrum dögum síðar voru l. svo sett, hlutu staðfestingu 9. ág. og voru tekin til framkvæmdar skömmu síðar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um l. í heild sinni. Þau lögfesta skipun 5 manna n., sem á að ákveða verðlag á kjöti á innanlandsmarkaðinum, og skipta landinu niður í verðlagssvæði. Það var gert með reglugerð, skömmu eftir að l. gengu í gildi. Ennfremur heimila l., að taka megi sérstakt gjald af kjöti á innanlandsmarkaðinum, allt að 8 au. af kg., sem nota á til þess að bæta upp verðlagið á því kjöti, sem selt er á erlenda markaðinum. Í þetta skipti var gjaldið ákveðið 6 au. á kg. — N. hefir síðan ákveðið verðlagið og auglýst það í blöðum jafnótt, og sé ég því ekki ástæðu til þess að tala um það hér. En ég hafði ætlað mér að fara nokkrum orðum um nauðsyn þessara l. Ég hefi aflað mér upplýsinga um kjötverð nokkur undanfarin ár hjá Sláturfélagi Suðurlands, og hefir verðið á 1. flokks dilkakjöti í heildsölu verið sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 1927 | ..... | kr. 1.20 kg. |
| — 1928 | ..... | — 1.20 — |
| — 1929 | ..... | — 1.20 — |
| — 1930 | ..... | — 1.20 — |
| — 1931 | ..... | — 0.95 — |
| — 1932 | ..... | — 0.70 — |
| — 1933 | ..... | — 0.90 — |

Og nú hefir verðið verið ákveðið 1.15 kr. á kg., eins og hv. d. mun kunnugt. Af þessari skýrslu er augljóst, hvernig áhrifa erlenda markaðsins gætir á þann innlenda. Þegar erlendi markaðurinn þrengist til muna, árið 1931, fellur kjöt-

ið niður í 95 au., og 1932 niður í 70 au. Árið 1933 var verðlagið ákveðið 90 au., en það ber þó að athuga, að talsvert af kjötinu var selt utan við þau samtök, sem ákváðu þetta verðlag. Þegar eftir að erlendi markaðurinn fór að þrengjast, jókst um allan helming framboð á kjöti til kaupstaðanna, og kvað svo ramt að, að bændur norðan úr Vatnsdal ráku fé til Rvíkur. Þetta varð óviðráðanlegra með ári hverju, og má geta þess, að nú í ár hefir eftirspurnin eftir spaðsaltkjötinu verið meiri en áður, og það þrátt fyrir von framleiðenda um verðuppbót á útfluttu kjöti. Þetta m. a. sýnir það glöggt, að hér hefðu orðið mestu vandræði, ef ráðstafanir þessar hefðu ekki verið gerðar í ár.

Viðvíkjandi verðlaginu vil ég benda hv. d. á það, að á árunum 1927—1930, að báðum árum meðtöldum, var heildsöluverð hér 1.20, og þó var kostnaður við söluna allt að því helmingi hærri en hann er ákveðinn af n. nú.

Að svo mæltu sé ég ekki ástæðu til að fylgja frv. með fleiri orðum, en óska eftir, að því verði vísað til 2. umr. og landbn. að aflokinni þessari umr.

**Magnús Jónsson:** Í sambandi við þessi fyrstu bráðabirgðalög, sem hæstv. stj. fer fram á staðfestingu Alþ. á, sé ég ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um þá aðferð, sem núv. stj. hefir beitt meira en áður hefir tíðkazt, að brúga niður bráðabirgðal. Í 23. gr. stjskr. er gert ráð fyrir því, að konungur geti eftir till. ráðh. gefið út bráðabirgðal., þegar brýn nauðsyn beri til. Hér er auðvitað átt við það, ef eitthvert óvænt atvik ber að höndum, eða aðrar þær ástæður, sem krefjast aðgerða og ráðstafana, sem ekki megi bíða næsta þings. Hvað það frv. snertir, sem hér liggur fyrir, má segja, að þar hafi verið nokkur ástæða til þess að gefa út bráðabirgðal. um það efni, fyrst stj. áleit á annað borð nauðsynlegt að gera ráðstafanir á þessu sviði, því að hefðu þær ráðstafanir dregizt fram til þings, gátu þær ekki komið til framkvæmda fyrr en á næsta ári. En það er langt frá því, að sama sé hægt að segja um öll bráðabirgðal. þessarar hæstv. stj. Það var bara þetta og svo eitt annað tilfelli, sem nokkur ástæða var til þess að gefa út bráðabirgðal. Og að nota þannig rétt, sem stj. er aðeins heimill í brýnni nauðsyn, er í fyllsta máta vítavert. Ég tek dæmi af þeim bráðabirgðal., sem koma næst eftir þessu til staðfestingar, mjólkurl. Þar kveður nú svo rammt að, að tekið er fram í l. sjálfum, að þau skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir nýár, þ. e. a. s. eftir þann tíma, sem þingið hefir lokið störfum sínum. Það er aðeins eitt lítið atriði, sem framkvæma á strax, og því hefði alveg eins mátt koma fyrir án bráðabirgðal. Og það hefir farið svo, að meira að segja þetta eina atriði, sem samkv. l. átti að koma til framkvæmda strax, var ekki farið að framkvæma fyrr en komið var fram á þingtímann. Sumir munu kannske segja, að ekki geri mikið til þó að stj. gefi út bráðabirgðal., ef hún á það víst, að þau verði staðfest. En það er öðru nær. Með þessu hrifsar stj. í sínar hendur rétt þann, sem Alþ. einu ber, að setja l. í landinu, þótt það sé ekki nema um stund. Annað er það, að þegar þm. flokkanna, sem stj. styðja, fá bráðabirgðal. í hendurnar, má heita, að þeir séu neyddir til þess að samþ. þau, þar sem annað mundi þýða vantraust á stj., og fá þannig allt aðra aðstöðu gagnvart málunum en ella. Ég vildi ekki láta hjá líða að segja þessi orð um bráðabirgðal.-farganið, nú þegar fyrsta frv. kemur til staðfestingar.

Um frv. sjálft skal ég ekki vera mjög margorður. Mér finnst það ekki nema eðlilegt, að stj. vildi gera einhverjar ráðstafanir samkv. áskorunum síðasta þings og n. þeirrar, sem þá var skipuð, til skipulagningar afurðasölunni innanlands. Ég hafði ekki mikla trú á þessari till., þegar hún var borin fram á þinginu í fyrra, og var henni mótfallinn. Ég er nú einu sinni á þeirri skoðun, að erfitt sé að grípa þannig inn í viðskiptin, án þess að ábati og halli af slíkum ráðstöfunum standist á. En úr því að till. var samþ., var ekki nema eðlilegt, að stj. yrði við áskorun n. um að setja þessi bráðabirgðal. Að mínum dómi hefir þó reynslan nú þegar sýnt, að þessar ráðstafanir eru ærið ófullkomnar. Hæstv. ráðh. ber fram sem stuðning á þessari ráðstöfun skýrslu um heildsöluverð á kjöti í Rvík undanfarin ár. Þar stóð, að 1931 hefði verðið verið 95 au. á kg., 1932 70 au. kg., 1933 90 au. kg., og nú 1.15 kr. kg. Hvað sýna nú þessar tölur? Ég fæ ekki séð, að þær undirbyggi þessar ráðstafanir hæstv. stj. Þessar tölur sýna ekkert annað en alkunnugt viðskiptalögmál, að verð á vöru á frjálsum markaði fer eftir því, hvort framboð og eftirspurn stenzt á. Félagið, sem hefir ráðið verðinu á undanförnum árum, hefir farið eftir þeirri skynsamlegu reglu, að miða verðið við það, hvað mikið þurfti að seljast. Og það hefir vel náð tilgangi sínum, og það án allra þvingunarráðstafana. Þegar verðið er lágt, er mikið keypt af vörunni. Nú er verðið ákveðið eftir öðrum reglum en verið hefir, svona og svona hátt, en afleiðingin er sú, að minna er keypt, fyrst löggjafarvaldið nú einu sinni getur ekki skyldað menn til að kaupa. Ég get sagt það fyrir mig, að áhrifin af lága verðinu undanfarin haust innan míns heimilis hafa verið þau, að þar hefir verið borðuð kjötsúpa á hverjum degi að haustinu til, og þarna höfum við átt kost á góðri, nærandi, hollri og ódýrri fæðu. En nú er svo komið, að með bezta vilja hefi ég ekki ráð á því í haust að njóta þessarar indælu fæðu daglega, og hefir þó löngun mín ekki á neinn hátt minnkað. — Það er hægt að grípa svona inn í frjáls viðskipti, en hitt er ekki hægt að koma í veg fyrir, að salan minnki. Því hærra verð sem á kg. er, því færri kg. seljast. Auk þessa almenna atriðis, sem að miklu leyti kemur í veg fyrir, að ráðstafanir stj. nái tilgangi sínum, hafa þessi l. ýmsar aðrar miður góðar afleiðingar. Hv. þm. N.-Ísf. skýrði frá fyrir nokkrum dögum, hver áhrif þessi l. hefðu haft í sinu kjördæmi. T. d. hefði áður verið algengt, að bændur og sjómenn kringum Ísafjarðardjúp hefðu haft með sér vöruskipti, þannig að sjómenn hefðu hjálpað bændum um fiskmeti og fengið það borgað í sláturfjárafurðum á haustin. Þetta hefði gengið vel,

enda verið alveg frjálst, bændur hafa mátt slátra heima og flytja þetta sjálfir til kaupendanna. En nú, með þessum l., er tekið fyrir þetta. Má vera, að þeir hafi einhver skipti með sér áfram, en þau verða a. m. k. óhægari og kostnaðarsamari vegna ákvæða þessara l.

Ég skal ekki rekja röksemdirnar, sem hann færði, hversu flutningur er dýr. Það kostar kr. 1.50 fyrir kindina á fæti, þar sem koma má skrokknum fyrir 35—50 aura, og þar að auki verða bændur að borga sláturhúsgjald, sem þeir geta komizt hjá með því að láta slátra heima hjá sér. Og þeir geta gert það svo hreinlega, að kaupendur séu ekki vitund hræddir við að borða kjötið, eins og þeir hafa gert frá upphafi Íslands byggðar. Það er augljóst, að lögin í þessu hafa gert skaða. Auk þess sem dálítið má efast um, hvort ábati og halli hafi staðizt á, eins og jafnan verður, þegar gripið er til óeðlilegra ráðstafana, þá er ómögulegt að ganga framhjá því, að þessum lögum hefir verið framfylgt ákaflega óhöndulega. Alltaf er mikið talað um þörf bænda fyrir hærra verð á sínum afurðum. Og sízt ber ég á móti því, að sú þörf er brýn, og þeir hafa úr litlu að spila. En við verðum líka að gæta að því, að í kaupstöðunum hefir allur þorri íbúanna úr mjög litlu að spila og verður að halda á sínu eins varlega og mögulegt er. Við verðum að muna eftir því ennfremur, að það eru til ýmsar fleiri matartegundir en kjöt, sem menn kjósa þá eins að neyta, ef því er að skipta. Ekki er heldur hægt að gera við því svona í lýðfrjálsu landi, þótt einhver óánægjurödd láti til sín heyra á almannafæri. Þetta hefir líka orðið, en langt um minna en vænta mátti. En við það að heyra þessi litilfjörlegu og lágu andvörp, sem heyrzt hafa frá mönnum, sem að mestu leyti eða öllu eru sviftir því að geta keypt kjöt í soðið, þá hafa aðrir rokið upp með ógurlegu offorsi og ausið út ókvæðis orðum og skömmum.

Það er öllum kunnugt, að það birtist í blaði viðtal við þekktan íþróttamann — það er jafngott þó að það komi í þingtíðindum —, sem eins og ýmsir aðrir íþróttamenn neytir ekki kjöts og álítur það ekki eins holt og jurtafæðu, mjólk og egg. Þetta er stefna, sem víða er þekkt, sérstaklega meðal íþróttamanna víða um heim. En af því að þessi íþróttamaður segir þetta, að það sé hægt að lifa án kjöts, þá rjúka stjórnarblöðin upp með ókvæðaskömmum og vísa bæjarbúum til grasbeitar á Öskjuhlíð eða Austurvelli, úr því að þeir séu þeir bölvaðir gikkir að kaupa ekki kjötið.

Þegar slíkar ráðstafanir sem þessi eru gerðar, sem koma hart niður á neytendum og verður því að framkvæma með mestu lipurð, þá er mjög óheppilegt, ef það fylgir, að menn séu næstum espaðir til meiri óánægju, því að alltaf má búast við einhverri óánægju undir niðri. En það er síður en svo, að þess hafi verið gætt hér. Þó held ég að Rvíkingar hafi ekki látið klaufaskap stjórnarliðsins hafa mikil áhrif á sig, og einhver rýrnun kjötmarkaðar í bænum stafi eðlilega af verðhækkuninni. En þó er ekki þess að dyljast, að einhverju hefir hann valdið. Nokkru veldur og, að hér er um lagaþvingun að ræða, svo að menn þykjast ekki hafa tryggingu fyrir réttu verði eins og í frjálsri samkeppni. Þá sætta menn sig við, þótt verð sé hátt, af því að þeir álíta það vera af óviðráðanlegum ástæðum, en finnst jafnvel, að með lögþvinguðu verði sé verið að níðast á sér.

Ég fyrir mitt leyti skal annars ekki leggja neitt til þessa frv., hvorki með né móti, ég álít, að aðrir þekki þetta mál betur en ég. Ég þekki bezt þá hlið, sem snýr að mínum kjósendum í Rvík, og ég harma þeirra vegna, ef þessi nauðsynlega og góða vara þarf að vera dýrari en svo, að þeir geti notað hana.

Það á náttúrlega ekki við við þessa umr. að fara út í einstök atriði frv. En það er þó sitt af hverju smávegis, sem ástæða væri að athuga. t. d. 3. gr., ákvæðið um það, að það skuli veita lögskráðum samvinnufélögum leyfi til að selja, en aftur á móti getur nefndin veitt það verzlunum, sem hafa kjötverzlun með höndum. Þetta er óhæfilegt í löggjöf, að gera upp á milli allrar löglegrar atvinnu, sem menn reka á þessu sviði eins og öðrum.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Úr því að farið var að hefja umr. um þetta frv. — og þær alllangar —, þá verð ég að svara nokkrum orðum því, sem fram hefir komið.

Ég verð að segja það, að framkoma sjálfstfl. í þessu máli er harla einkennileg. Mál þetta hefir nú verið til umr. á annað ár á opinberum vettvangi, í blöðum og á mannfundum, og flokkurinn hefir jafnvel þótzt vera fylgjandi málinu. Þegar boðnar voru umr. um málið, tók flokkurinn ekki þátt í þeim umr. og gaf í skyn við kosningarnar, að hann væri málinu fylgjandi. Og þegar nefnd var skipuð í málið, var skipaður einn þeirra flokksmaður, bóndi úr nágrenninu, og hafði hann engan ágreining fram að færa. Má ætla, að hann hafi starfað í samræmi við sinn flokk í þessu máli. Þessi bóndi er Magnús á Blikastöðum. Hann var einn þeirra, sem álitu nauðsynlegt að setja bráðabirgðalög þegar í stað.

Annars ætla ég ekki að eyða mörgum orðum um það við þessa umr., hvort nauðsynlegt hafi verið að setja bráðabirgðalögin um kjötsöluna. Enda er viðurkennt jafnvel af hv. 1. þm. Reykv., að það var nauðsynlegt eins og á stóð, þar sem kjötsalan yrði öll eða mestöll um garð gengin þegar þing kæmi saman.

Viðvíkjandi nauðsyn bráðabirgðalaga um mjólkursöluna mun ég svara við umr. um þau lög.

En eftir að kjötsölulögin höfðu verið sett og hinn viðsjárverði tími um framkvæmd laganna kom, þá rísa blöðin upp og hafa síðan gert allt, sem þau hafa þorað og getað, til þess að spilla fyrir málinu. Fyrst og fremst á þann hátt að klæða í leynilegan búning ýmsa „agitation". Hún hefir stundum verið brosleg að vísu, en ég get skilið, að samt sviði undan, t. d. þegar einn alþekktur íþróttamaður er notaður til að kalla það upp, að hann hafi ekki borðað kjöt í 16 ár. Hitt er annað mál, að það vill nú svo vel til, að þessi maður er kjötæta eins og hver annar, og er mikið um það rætt í borginni. Hann

var og staðinn að því að eta kjöt — og meira kjöt en nokkur annar, sem var við borðið — í Borgarnesi 1930. Eru ekki færri vitnin að þessu en tíu menn. En þessi vitnisburður var borinn á borð til þess að spilla fyrir kjötsölunni, án þess þó að flokkurinn tæki ábyrgð á honum. Þegar svo fullt er af þessu athæfi og flokkurinn fær ekki að reka þessa iðju mótmælalaust, þá er risið upp og sagt, að verið sé að spilla fyrir kjötsölunni af hálfu stjórnarblaðanna.

Annars er um þessa löggjöf að segja, að það er ekki eðlilegt, að við höfum komizt hjá að setja svipaða löggjöf um þetta efni og aðrar þjóðir. En svo er fyrir þakkandi, að það lítur út fyrir, að ekki hafi tekizt að spilla verulega fyrir kjötsölunni, a. m. k. hér í Rvík, þar sem hún er eins og undanfarin ár, samkv. skýrslum frá þeim, sem hafa staðið fyrir kjötsölunni í ár og undanfarin ár.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að kjötið hefði sannarlega selzt undanfarin ár, og hefði selzt meira nú, ef það hefði verið lægra. En að hvaða gagni er það fyrir framleiðandann, ef hann ber ekkert úr býtum sjálfur, eða minna en ekki neitt?

Hv. 1. þm. Reykv. kvaðst ekki hafa efni á að borða kjötsúpu í ár eins og undanfarin ár. En hvernig hafði hann efni á að borða súpu 1930 og 1929, þegar þessi vara var hærri? En þessa má geta í þessu sambandi, að allar lífsnauðsynjar hafa hækkað meira og minna einmitt á þessu ári, og væri ekki undarlegt, þó að kjötið hefði hækkað meira en er.

Það hefir verið minnzt á, að þessi ráðstöfun varnaði því, að hægt sé að selja milliliðalaust. Þessa sömu villu bar hv. þm. N.-Ísf. fram í hv. deild, þegar rætt var um annað mál. Fyrst og fremst er nú það, að vöruskipti eru alls ekki bönnuð í lögunum. Vöruskipti, sem þessir tveir hv. þm. hafa minnzt á, eru heimiluð eftir sem áður. Ennfremur er það, að samkv. l. um kjötmat, sem sett voru á þingi 1933 — og þessir hv. þm. hafa sennilega verið með að samþ. —, þá er svo ákveðið, að stimpla skuli allt kjöt, sem selt er innanlands, og það er ekki hægt að selja nema úr sláturhúsum. M. ö. o., það er búið að gera þessa ráðstöfun með öðrum lögum áður. Það, að samvinnufélög öðlast leyfi til að hafa þessa verzlun með höndum, stafar af því, að þeir, sem sömdu l., hafa treyst þeim betur til að fylgja ákvæðunum um álagningu og verðlag en öðrum. Ennfremur er það af því, að þau hafa haft með höndum mestalla kjötverzlunina, bæði erlendis og innanlands. Annars hefir leyfum verið útbýtt þannig, að ég hygg, að enginn geti undan kvartað.

**Magnús Guðmundsson:** Ég skal strax taka það fram, að ég stend ekki upp til þess að mæla á móti þessu frv. og ekki heldur til þess að ásaka stj. fyrir að gefa út bráðabirgðalögin um kjötsöluna. Hefði ég verið áfram í stj., hefði ég verið með í því að gefa út lög í þessum anda.

Það er þess vegna hinn mesti misskilningur hjá hæstv. forsrh., þegar hann talar um, að Sjálfstfl. í heild sé eitthvað andstæður þessu máli. Ég get ekki séð, að hann hafi neina heimild til að bendla heilan flokk við andstöðu gegn máli, þótt sézt hafi í blöðum talsvert hvassorð „kritik“ á það, hvernig lögin eru framkvæmd. Það er svo um l. eins og þessi, að þau eru að mestu leyti heimildir, og það veltur sannarlega mest á því, hvernig þær heimildir eru framkvæmdar. Og ég tel satt að segja of snemmt að segja um, hvernig framkvæmdir reynast í þessu máli. Mér er vel ljóst, að með setningu slíkra laga sem þessara eru rofin ýms sambönd, sem áður hafa verið. En hve mikla þýðingu það kann að hafa, það þori ég ekki enn að segja um; því verður reynslan að skera úr. En mér virðist, að hér hafi staðið þannig á, að það þyrfti að gera ráðstafanir til þess, að kjötverð yrði ekki lægra en svo, að bændur mættu við una. En ég get látið þess getið hér, að í mín eyru hafa bændur ýmsir í Norðurlandi haft talsvert út á framkvæmd laganna að setja. Þeim þótti í byrjun verðið of hátt, og þeim þykir lokaverðið of lágt. Um þetta ætla ég ekki að segja mikið frá eigin brjósti. Ég held það sé vandratað meðalhófið, og vil ég ekki að fyrra bragði álasa n., sem farið hefir með málið. En hitt er óhæfilegt, að tala um nokkur flokkamörk í þessu máli, því að þau eru ekki til. Það væri undarlegt, ef Sjálfstfl., sem telur meðal sinna kjósenda meira en helming allra bænda, vildi skóinn niður af þeim. Því trúir enginn. Hinu er heldur ekki hægt að neita, að það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem vöruna kaupa, vilji gjarnan fá hana sem lægsta, og að þeir haldi — þótt það máske sé að ástæðulausu —, að varan sé of há. Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., að verðlag á kjöti, hefði vafalaust hækkað í haust án allrar íhlutunar, samkv. verðlagi á öðrum vörum. En hve mikil hækkunin hefði orðið, það getur enginn sagt. En ef ekki dregur úr kjötverzluninni, þá reynist verðið ekki of hátt, því að markið var að hafa kjötið eins hátt og fært var án þess að rýra markaðinn.

Ekki ætla ég að ræða neitt um verksmiðjueigandann á Álafossi, enda hygg ég, að kjötmarkaðurinn í landinu standi ekki eða falli með því, hvort hann hefir etið kjöt í Borgarnesi 1930 eða ekki.

Eitt undrar mig mjög í sambandi við þessi l., og það er, að stj. hefir talið nauðsynlegt að fella úr frv., að Búnaðarfél. Íslands ætti umboðsmann í verðlagsnefnd. Ég vildi fá að heyra ástæðu hæstv. ráðh. fyrir þeirri ráðstöfun.

Með því að ég er hræddur um, að ýms bein sambönd á milli framleiðenda og neytenda verði rofin með frv. þessu, ef að lögum verður, þá vildi ég skjóta því til hv. landbn., hvort hún myndi ekki geta fundið einhverja leið til að vernda þessi sambönd, án þess þó að rýra að tilfinnanlegu leyti þann tilgang, sem vakir fyrir öllum í þessu máli. Ef hægt væri að finna slíka leið, þá væri það þörf ráðstöfun.

**Þorsteinn Briem** (óyfirl.): Ég verð að lýsa því yfir sem minu áliti, að það hafi borið nauðsyn til að setja bráðabirgðal. um þetta efni. Og hefði n. sú, sem hafði málið til meðferðar, verið búin að ljúka störfum sínum að þessu leyti meðan ég hafði með þessi mál að gera, þá hefði

ég óhikað gripið til þess að gefa út bráðabirgðal. um kjötsöluna.

Ég held, að lögin hafi gert gagn þegar. Það má vera, að það kunni að hafa verið einhverjar misfellur á lögunum eða framkvæmd þeirra. En þegar á heildina er litið, þá hafa lögin þegar gert gagn. Ég hefi aflað mér upplýsinga um það, eftir því sem hægt er, hvort nokkuð hafi selzt minna af kjöti hér í Rvík en venjulega. Virðist, að það muni ekki verulegu, svo að það virðist ekki ástæða til að kvarta yfir, að kjötverðið hafi verið of hátt. Enda er áreiðanlegt, að það hefði þurft að vera hærra, til þess að þessi grein landbúnaðarins hefði fengið sinn framleiðslukostnað fyllilega endurgreiddan.

Hinsvegar mun því ekki hægt að neita, að það hafa verið nokkrir smágallar á því, hvernig lögin voru úr garði gerð, og á framkvæmd þeirra. Má vera, að þetta sé að sumu leyti barnasjúkdómar, sem geti lagazt síðar. Ég get ekki borið á móti, að það hefir verið ef til vill fulllangt gengið í því að takmarka einkaviðskipti, einkum í smærri þorpum. Get ég í því sambandi ekki stillt mig um að minna hæstv. forsrh. á, að hann fór ekki nákvæmlega með ummæli sín, þegar hann talaði um kjötstimplunarskyldu. Það er að vísu skylt í kaupstöðum að stimpla allt kjöt, sem selt er innanlands, en það er ekki tilgreint í lögunum, að það þurfi að afhenda kjötið neinni sérstakri verzlun fyrir því, heldur á bæjarstjórnin að sjá fyrir sérstöku húsi til þess, þar sem menn geti fengið kjöt stimplað, jafnvel þótt þeir selji það í einkaviðskiptum.

En viðvíkjandi umr. um þetta mál, einkanlega hér í bænum, þar sem það hefir verið töluvert rætt frá báðum hliðum, þá verð ég að líta svo á, að ýms blöð hafi ekki haft neinn sóma af þeim skrifum.

Ef leyfilegt er við þessa umr. að fara inn á einstök atriði, þá vil ég taka fram, að það var eitt atriði, sem vakti undrun mína, þegar ég las lögin, en það er, að fulltrúum bænda sjálfra er ekki tryggður meiri hl. í verðlagsnefnd. Ég játa að vísu, að hæstv. stj. hefir tekizt vel um val formanns í nefndina, sem er oddamaður, en hinsvegar er ekki nein trygging fyrir því, að svo verði ávallt. Og það er nokkuð langt gengið gagnvart framleiðendum, að ætla þeim ekki að sjálfsögðu fullan meiri hl. í kjötverðlagsnefnd. Ég hygg, eftir þeirri kynningu, sem ég hefi af löggjöf annarra þjóða, þá sé þetta einsdæmi. Í Noregi minnist ég þess ekki, að aðrir aðilar en bændurnir sjálfir og fulltrúar þeirra hafi sæti í verðlagsnefnd. Og ég hygg, að metnaður norskra bænda hefði ekki annað þolað. Og vil ég þá líta svo á, að íslenzkir bændur geti ekki haft minni metnað en norskir stéttarbræður þeirra.

**Jón Auðunn Jónsson:** Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að ég færi villur vegar, þegar ég í umr. um annað mál kvartaði undan því, að bráðabirgðal., sem nú eru til umr., heftu milliliðalausa verzlun með kjöt og kæmu í veg fyrir vöruskiptaverzlun. Hann sagði, að öllum væri vöruskiptaverzlun frjáls samkv. þessum l., en síðar í ræðu sinni sagði hann, að samkv. l. um kjötmat frá 19. júní 1933 yrði að stimpla allt kjöt í kaupstöðum og þess vegna yrði öll sala að fara gegnum sláturhúsin. Ég fæ nú ekki skilið, hvernig hann kemur þessu saman. Það er alveg víst, að vöruskiptaverzlun getur ekki átt sér stað, ef bændur eru ekki frjálsir að láta vörur sínar milliliðalaust til manna við sjávarsíðuna, hvort sem er upp í skuldir eða gegn vörum. Annars verð ég að segja það, að það hefir a. m. k. í Ísafjarðarsýslu sýnt sig við framkvæmd þessara l., að þau hafa talsvert önnur áhrif en ráð var fyrir gert samkv. þeim ástæðum, sem voru færðar fram fyrir þeim í upphafi, sem sé að greiða fyrir viðskiptum og verzlun bænda með sláturfjárafurðir. Þau hafa ekki greitt fyrir vestur þar. Það hefir verið venja, að bændur hafa selt allt eða mestallt sitt kjöt beint til neytenda. Langminnstur partur farið í gegnum verzanir, og fyrir þann litla hluta hafa bændur greitt aðeins 3—5 aura á kg. fyrir rýrnun, sundurvigtun og kostnað við innheimtu og þess háttar. En nú eiga sláturhúsin að taka 5% fyrir að vigta kjötið út í heilum kroppum til kaupenda. Auk þess er stórkostlegur kostnaður við flutning fjárins lifandi til Ísafjarðar — en þar er vitanlega aðalmarkaðurinn —, og sama er auðvitað um flutning sláturs ins heim aftur, og sumstaðar með öllu ókleift vegna samgönguörðugleika.

Það kemur öllum saman um, að kjötverðið hafi verið of lágt undanfarið og að það hafi nauðsynlega þurft að hækka, en menn getur vitanlega greint á um það, hve hátt verðið hefði átt að vera, því að bændur þurfa að fá hærra verð en það, sem nú hefir verið ákveðið á þessari vöru. Hinsvegar eiga kjötneytendur nú við meiri örðugleika að stríða en nokkru sinni áður og kaupgeta þeirra því minni en að undanförnu; a. m. k. er það svo vestur í Ísafjarðarsýslu. Eftir því sem skattskýrslur herma, þá voru árið 1933 meðaltekjur sjómanna og verkamanna þar vestra ca. 2000 kr. yfir árið, lítið eitt minna hjá sumum, en talsvert meira hjá mörgum, en nú er útlit fyrir að það verði a. m. k. 500 kr. lægra að meðaltali. Gjaldgeta þessara manna er því mun minni en áður. Bændum er lítill hagur í því, að svo og svo mikið af kjöti liggi óselt þegar komið er fram á vetur, en á því er talsverð hætta þar vestra, og það hygg ég, að stafi fremur af því, að einkaviðskipti eru bönnuð en hinu, að kjötverðið sé of hátt. Svo er það líka ákaflega erfitt fyrir bændur í afskekktum héruðum að mega ekki slátra heima að einhverju leyti, en nefndin hefir verið mjög ófús á að leyfa það, og þó að það hafi kannske verið leyft í einstökum örfáum tilfellum, þá hefir það verið gert þar, sem minni ástæða hefir verið til heldur en þar, sem þörfin til undanþágu var mest.

Það var talið snemma í sumar, að kjötverðið yrði um 90 aura í heilum kroppum, og virtust neytendur ánægðir með það og bændur einnig. Nú er það svo, að krónu verðlag er lakara fyrir seljendur og hærra fyrir neytendur og þeirra aðstaða verri til að kaupa, og kemur það líka fram á seljendum.

Ég álít það talsvert athugavert að setja almennar reglur um slíkt fyrirkomulag sem þetta, reglur, sem eiga að gilda fyrir allt landið, án tillits til þess, hvernig þetta hefir verið framkvæmt undanfarin ár, og hafa þetta fyrirkomulag þannig, að það verði bæði seljendum og neytendum í sumum héruðum a. m. k. mun dýrara en þyrfti að vera, eða svo hefir það a. m. k. orðið þar vestra. Það er því ekki óeðlilegt, að bændur vestur þar séu mjög óánægðir með þetta fyrirkomulag, og það get ég fullyrt, að þeir eru, með kannske örfáum undantekningum.

**Magnús Jónsson:** Það er vitanlega ekkert þingmál, hvað ég borða, en ég dró það inn í þessar umr., af því að ég er einn af mörgum neytendum, og ég býst við, að annara reynsla verði svipuð og mín. Hæstv. ráðh. spurði mig, hvernig ég hefði getað borðað kjötsúpu árið 1930. Ég var að láta það skína út úr orðum mínum, að ég hefði einmitt ekki getað það þá. Það var einmitt lága verðið, sem gerði það að verkum, að bæði ég og aðrir keyptum þessa ljúffengu og góðu fæðu meira en áður.

Ég þykist vita, að kjötverðið hefði hækkað, þó að engar ráðstafanir hefðu verið gerðar til þess, og ef til vill orðið eins hátt og það er nú, en það hefði verið miklu betra, að það hefði hækkað þannig eðlilega, vegna þess að það er alltaf meiri og minni hræðsla hjá mönnum við opinberar ráðstafanir. Menn halda, að verið sé að ganga á sinn rétt, að það sé verið að tryggja bændum meira verð fyrir vörur þeirra með því að ganga óhæfilega á rétt þeirra, sem eiga að kaupa. Þetta vekur alltaf andúð, sérstaklega þegar það kemur frá þeim, sem menn vita, að eru fjandsamlegir þessum neytendum, og af því fylgi, sem hæstv. forsrh. á hér í bæ, veit hann, að mikill hluti bæjarbúa treystir honum ekki til að gera þeim ekkert til miska.

Út af því, sem hann sagði um þær skýrslur, sem hann hefði um kjötsöluna, væri fróðlegt að vita, hvernig þær eru. Ég hefi verið að kynna mér þetta mál, — það er erfitt verk —, en mér virtist það, að hér í bæ væri minna selt af kjöti en áður, og sömuleiðis í Hafnarfirði. Ég yrði feginn, ef sú væri raunin á, að neyzlan væri nú eins mikil og áður, því að þá væri það þó sýnt, að kaupgeta manna væri nokkur enn og að jafnvel skrif stjórnarblaðanna hefðu ekki getað komið þeirri andúð inn hjá þeim, að þeir vildu nú ekki kaupa eins mikið kjöt og áður. Annars er ég hræddur um, að þessar skýrslur séu ekki sem áreiðanlegastar. Ég býst við, að hæstv. ráðh. hafi þær frá Sláturfél. Suðurlands, og ég hefi frétt, án þess að ég hafi sérstaklega lagt upp úr því, að þar hafi nú verið keypt fyrir álíka margar krónur og áður hefir verið, en það sýnir auðvitað, að vörumagnið er minna en áður.

Hæstv. ráðh. sagði, að blöð sjálfstæðismanna hefðu gert allt, sem þau hefðu getað, til að draga úr kjötsölunni. Þetta er sú dæmalausasta staðleysa. Það getur verið, að komið hafi einstöku andvörp frá mönnum út af því, að þeir geti ekki keypt þessa vöru, en hitt er það aumasta öfugmæli og fjarstæða, að blöð Sjálfstfl. hafi gert allt, sem þau hafa getað, til að draga úr kjötsölunni. Nei, það eru blöð stj., sem hafa gert allt til að vekja hér andúð gegn þessu, þótt það hafi ekki tekizt. Ég býst við, að þeir hafi með þessum skrifum sínum ætlað að vekja andúð hjá sjálfstæðismönnum gegn þessum ráðstöfunum, og að þeir hafi þegar í upphafi verið svo vissir um, að sér tækist það, að þeir hafi farið að skrökva þessu upp. Þegar verið er að lýsa Rvíkingum þannig, að þeir geti farið út á Austurvöll og bitið þar gras, og þegar Nýja dagbl. flutti aðrar eins greinar og það flutti út af ekki stærra atriði en viðtalinu við Sigurjón á Álafossi, þá verður ekki séð, að slíkt eigi að vera til annars en að vekja andúð hér, og þá má ímynda sér, hvernig það hefði verið notað, ef einhver andúð hefði nú komið fram.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að mikil hætta sé á, að þetta frv. verði ekki samþ., þar sem 2 fyrrv. ráðherrar hafa nú lýst því yfir, að þeir hefðu gefið út slík bráðabirgðalög, ef þeir hefðu farið með völd. Ég mun því vera hér einn til andmæla. En mig undrar á því, að hv. form. Alþfl., sem á sæti í þessari d., skuli ekki hafa fundið til með sínum flokksmönnum, sem eru ekki síður en aðrir í þeim hópi, sem hafa orðið að neita sér um þessa ágætu fæðu fyrir þessi l., en hann er sennilega svo bundinn Framsókn í þessu máli, að hann má ekkert segja. Ég hefði gaman af að vita, hver afstaða hans er í þessu máli og hvort hann ætlar að láta mig standa hér einan uppi til að túlka málstað þeirra, sem verða að fá sínar lífsnauðsynjar eins ódýrt og auðið er.

**Pétur Magnússon** (óyfirl.): Ég get tekið undir það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að ég álít, að það hafi verið rétt og nauðsynlegt að setja bráðabirgðalög um þetta efni. Það er einnig rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að eins og nú hagar hér til, þá séu miklar líkur fyrir því, að á markaðinn hér hefði borizt svo mikið kjöt, að erfitt hefði verið að ráða við, og svo hefði verðið hrapað óhæfilega mikið, eins og hér hefir komið fyrir áður. Að þessu leyti get ég hugsað, að lögin hafi nú þegar gert gagn. Það var ekki heldur óeðlilegt, að kjötverðið hækkaði, því að þegar kornvara hefir nú hækkað um 50% og sumar vörur ef til vill meira, þá er ekki undarlegt, þó að kjötverð hækki um 20%.

Ég mun ekki fara langt út í þær almennu hugleiðingar um þetta mál, en vil þó segja það út af framkomu blaðanna, að ég hefði óskað, að hún hefði verið önnur af beggja hálfu. Ég hefði viljað, að framsóknarblöðin hefðu ekki notað þetta til að vinna fylgi kjósenda, heldur hugsa um það, að skapa ekki ósamlyndi út af þessu, og láta síðan slag standa um það, hver fylgisaukinn hefði orðið vegna þessarar hagsmunabótar. Hinsvegar höfðu blöð sjálfstæðismanna ekki nóga stillingu til að bera til að taka eins á þessu máli og hefði átt að vera og vinna að því, að ánægja hefði orðið sem mest, en draga úr þeirri úlfúð, sem gat risið upp út af slíkum þvingunarráðstöfunum. En það vil ég benda hæstv. forsrh. á, að ef það

hefði verið flokksmál hjá sjálfstæðismönnum að draga úr kjötsölunni, þá er hætt við, að það hefði komið einhversstaðar fram, því að svo margir eru sjálfstæðismenn hér, að það hefði einhversstaðar séð á, ef þeir hefðu hætt að kaupa kjöt.

*Þá vil ég minnast lítið eitt á aðalnýmæli* þessa frv. Mér virðist þau aðallega vera þrjú. Fyrst og fremst er sú takmörkun, sem frv. gerir á rétti manna til þess að verzla með kjöt. Hún kemur fram í 3. og 10. gr., og nokkuð hvort á sinn veg. Hér hefir áður verið drepið á þá takmörkun, sem 3. gr. gerir, sem sé milliliðalaus viðskipti. Ég er alveg á móti þeirri takmörkun, álít hana óskynsamlega. Það hefir mjög víða tíðkazt, að framleiðendur og neytendur hefðu bein og milliliðalaus viðskipti með þessa vöru, og er enginn vafi, að þau viðskipti hafa verið báðum til hagnaðar, því að þeir hafa sparað sér allan milliliðakostnað. Og þegar nú er allt af verið að hamra á því, að spara þurfi milliliðakostnaðinn sem allra mest, þá kemur það úr öfugri átt, þegar þessir sömu menn eru að setja l., sem banna milliliðalausa verzlun. Þetta er *vitanlega haft svo til þess, að hægt sé að ná* í verðjöfnunarskattinn, því að það vil ég benda á, að það er vitanlega ekki nema tylliástæða, að þetta ákvæði sé sett vegna stimplunar á kjötinu. Þeir, sem hafa unnið að undirbúningi þessara l., hafa líka viðurkennt það við mig, að tilgangurinn sé sá, að fá verðjöfnunargjaldið af öllu kjöti. En það er eins auðvelt að skjóta sér undan því ákvæði l., að ekki megi selja milliliðalaust, eins og hinu, að greiða verðjöfnunargjald. Ef menn vilja brjóta lögin, þá geta þeir verzlað með þessa vöru sjálfir þrátt fyrir lagaákvæðin, eins og þeir gætu komizt hjá að greiða verðjöfnunargjald.

Á þingmálafundum, sem við þm. Rang. héldum í kjördæmi okkar áður en þing byrjaði, var talsvert rætt um þetta mál, en úr engum flokki kom nokkur rödd, sem mælti því bót að *banna mönnum að verzla milliliðalaust*. Það yrði svo mikil úlfúð út úr því, ef slíkt yrði lögfest, að það væri hæpið, að hægt yrði að framfylgja því. Hitt má segja, að öll sanngirni mælir með því, að þetta gjald sé greitt af öllu kjöti.

Þá vil ég lítillega drepa á 10. gr. Ég skil það svo, að í henni felist heimild fyrir kjötverðlagsnefndina að takmarka flutning á kjöti milli verðlagssvæða. En ég hefði fyrir mitt leyti viljað, að þetta hefði komið skýrar fram, og vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðh., *hvort það sé ekki tilætlunin* með þessu ákvæði, að kjötsölunefndinni sé slík takmörkun heimil. Og æskilegt væri, ef hæstv. ráðh. getur upplýst það, að fá að vita, hvort og í hvað ríkum mæli þessari takmörkun muni hafa verið beitt nú í fyrsta skiptið, sem þessi lög hafa verið framkvæmd.

Annað *nýmæli* í þessum lögum er hin opinbera verðskráning á kjötinu. Vitanlega var hún ekki alveg nauðsynleg afleiðing af hinu nýmælinu, en vafalaust má segja með miklum rétti, að hún hafi verið eðlileg afleiðing; og sérstaklega með tilliti til þess, að skynsamlega var af stað farið, þá sé ég ekki ástæðu til að bera mikinn kvíðboga fyrir því ákvæði. Hinsvegar hefi ég ekki lokað augunum fyrir því, sem fram hefir komið, að þetta er dálítið varhugaverð leið og ekki hægt að neita því, að neytendurnir sætta sig verr við hækkunina fyrir aðgerðir hins opinbera heldur en ef það væru framleiðendurnir *sjálfir, sem réðu verðhækkuninni*.

Þriðja nýmælið er verðjöfnunargjaldið. Það má kannske segja um það eins og verðlagninguna, að það sé ekki alveg óhjákvæmileg afleiðing og takmörkun á rétti til þess að verzla með kjöt, en það má segja, að það sé eðlileg afleiðing, því að það mundi þykja nokkuð ósanngjarnt, að mönnum á vissum svæðum hefði verið bannað að flytja kjöt sitt þangað, sem markaðurinn er beztur, án þess að fá nokkurt endurgjald í staðinn, og ég býst við, að menn verði að sætta sig við þetta í „principinu“ a. m. k. Hinsvegar blandast engum hugur um það, að aðstaða framleiðenda til þess að greiða þetta gjald er mjög misjöfn. Mismunurinn liggur í tvennu. Annarsvegar í því, að kjötframleiðslan er mismunandi dýr hér á landi. Sá mismunur er svo mikill, að ekki er ofmælt, að hún sé *mörgum sinnum dýrari í einum stað en öðrum*.

Í öðru lagi er vænleiki kjötsins ákaflega mismunandi á landinu. Það getur munað $^1/_3$ eða jafnvel meira. Nú liggur það í augum uppi, að aðstaða manna til þess að greiða verðjöfnunarskattinn fer eftir því, hverja aðstöðu þeir hafa til kjötframleiðslunnar. Mér virðist því verða að athuga rækilega, hvort ekki sé hægt að gera undantekningar á þessu. Hvort ekki sé hægt að líta eitthvað á erfiðleika þeirra manna, sem við verstu framleiðsluskilyrðin eiga að búa. Ég geri ráð fyrir, að *ég muni koma með till. um* þetta efni.

Þá er vert að vekja athygli á því, að það er nokkurt ósamræmi í því, hvernig þessu gjaldi á að ráðstafa. Verðuppbótina geta þeir einir fengið samkv. 6. gr., sem flytja kjöt út, án tillits til þess, hvort þeir bera meira úr býtum eða ekki heldur en þeir, sem á innlendum markaði selja. Þó að verðið á því kjöti, sem selt er innanlands, verði fyrir neðan það, sem fæst fyrir kjöt á útlendum markaði, þá geta menn ekki fengið endurgreitt verðjöfnunargjaldið.

Nú má segja, að ekki sé rétt að gera ráð fyrir þessum möguleika, en hann getur þó komið fyrir. Það er hugsanlegt, að örar verðsveiflur ættu sér stað á erlendum markaði, þannig að verðið hækkaði mjög eftir að innlenda verðið er ákveðið, og það gæti leitt til þess, að meðalverðið yrði *fyrir ofan það kjöt, sem seldist á innlendum* markaði, og þá er sama ástæðan til þess, að þeir, sem selja á innlendum markaði, fái verðuppbótina, eins og þeir, sem selja fyrir lægra verð á útlendum markaði.

Það er önnur ástæða, sem einnig gæti leitt til þess, að verðið á innlendum markaði yrði lægra. Hún er sú, að á einhvern sölustað yrði flutt of mikið af kjöti, þannig að það seldist ekki upp, og þá gæti komið fyrir, að meira og minna af kjötinu yrði að selja með lægra verði. Afleiðingin yrði sú, að þeir framleiðendur, sem seldu það kjöt, mundu bera miklu lægra verð úr býtum en þeir, sem seldu á útlendum mark-

aði. Þetta álít ég, að verði að athuga, hvort ekki er hægt að slá varnagla við því, að þetta geti komið fyrir.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða um þetta frv. frekar að sinni, því að ég á sæti í þeirri n., sem ég geri ráð fyrir, að það fari til, og gefst mér þá tækifæri til að koma með minar aths. við það.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Þær umr., sem fram hafa farið síðan ég talaði síðast, gefa ekki tilefni til langrar umr. af minni hendi. Hv. 1. þm. Skagf. tók málinu vel og benti á það, sem var bæði sanngjarnt og rétt, að vitanlega er það þannig með framkvæmd þessara laga, að það er ýmislegt, sem stendur til bóta, þegar reynslan hefir skorið úr því, hvernig lögin á að framkvæma, og ekki rétt að dæma um framkvæmd þeirra á því stigi, sem þau eru nú. Mér dettur ekki í hug að neita þessu, enda væri það fjarstæða, því að það er þannig lagað með flestar framkvæmdir, og ekki sízt með framkvæmdir eins og þessa, sem er jafnný og hún er í þessu landi.

En það álít ég samt sem áður algerlega á misskilningi byggt hjá hv. þm., að verðlagið mundi jafnvel hafa hækkað, þó að lög hefðu ekki verið sett. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, þá benti allt til þess, að verðlagið hefði hækkað ennþá meira nú í ár en nokkurn tíma fyrr, ef lögin hefðu ekki verið sett áður en sláturtíðin byrjaði, en hitt viðurkenndi hv. þm., að það var réttmætt að hækka verðlagið, og þar var hv. 2. þm. Rang. á sama máli. Mér skilst því á þessum hv. þm., að þeir séu á þeirri skoðun, að kjötverðið hafi ekki verið sett hærra en sanngjarnt var, og eru þeir þannig á gagnstæðri skoðun við það, sem fram hefir komið í blöðum þess flokks, sem þeir tilheyra.

Það er náttúrlega gott og blessað, að einstakir þm. úr Sjálfstfl. séu fylgjandi þessu frv. og telji sig vilja styðja að því, að þessi löggjöf komi að gagni, en hinu er ekki hægt að neita með neinum rökum, að einmitt í því blaði, sem gefið er út af þessum flokki, kom fram stuttu eftir að lögin voru sett harðvítug ádeila á þessa löggjöf. Það komu tvær langar greinar um þetta efni, með þá einkennilegu „agitation", sem menn hafa heyrt minnzt á í þessari hv. d., að íþróttamaður einn var látinn prédika, að kjötið væri óhollt. Það verður að líta svo á, að þessar tvær greinar hafi komið fram á ábyrgð flokksins, því að það er ekki hægt að neita því, að það, sem kemur fram í blöðum flokksins hér í bænum, hefir aðaláhrifin, og það er sú hlið, sem snýr að framleiðendunum í þessu máli af hendi þessa flokks. Þó að einstakir þm. lýsi sig velviljaða þessu máli, þá er það ekki það, sem hefir aðaláhrifin, heldur hitt.

Það kemur greinilega í ljós tviskiptingur Sjálfstfl. í þessu máli hér í d. Hv. 1. þm. Reykv. lýsti yfir, að hann væri mótfallinn þessum lögum, og taldi sig skyldugan að vernda hagsmuni sinna kjósenda, og brýndi ákaflega mikið annan hv. þm. þessarar d. og spurði, hverja afstöðu hann ætlaði að taka til þessa máls. Þetta álít ég ákaflega skaðlegt fyrir þetta mál, og að með þessu komi fram af hálfu þessa flokks allt það tjón, sem hægt er að gera þessu máli. En það vita þessir hv. þm. sjálfsagt, að það þarf ekki á þeirra atkv. að halda í þessari d. til þess að koma fram þessu máli. Ég tel þess vegna, að það, sem ég hefi um þetta mál sagt, hafi við fullkomin rök að styðjast, því að þær greinar, sem áður er minnzt á, gátu ekki verið andvígari þessu máli en þær voru.

Þá var spurzt fyrir um það, bæði af hv. þm. Skagf. og hv. 10. landsk., hvernig stæði á því, að Búnaðarfél. Íslands hefði ekki fengið tækifærr til að skipa fulltrúa í þessa nefnd. Því er auðvelt að svara. Fyrst og fremst er sú ástæða til þess, að Búnaðarfélag Íslands er ekki verzlunarfélag íslenzkra bænda. Það hefir ekki haft það verksvið, og ég tel, að það eigi ekki að blanda sér inn á það verksvið, því að það hafa önnur félög, bændakaupfélögin —, sem eru þess fullkomlega megnug að gæta réttar íslenzku bændastéttarinnar. Í öðru lagi er því til að svara, að ég álít, að löggjafinn verði að sýna þá ýtrustu sanngirni í garð neytendanna í landinu, og ég tel það rétt, að neytendurnir fái að hafa tvo fulltrúa í þessari nefnd. Og mér virðist satt að segja, að þeir þm. Sjálfstfl., sem talað hafa í þessari d., séu á sama máli um þetta atriði, því að það, sem þeir hafa lagt aðaláherzluna á, er það, að neytendunum hafi ekki verið sýnt nægilega mikið tillit.

Hitt atriðið, sem hv. 10. landsk. minntist á, var það, að það kæmi við stolt íslenzkra bænda að hafa ekki samkv. lögum meirihlutavald í nefndinni. Það er auðvelt að svara slíku. Það er vitanlegt, að eins og nefndin er skipuð núna, þá hafa framleiðendur meirihlutavald í nefndinni, og það er það, sem ég álít, að þeir eigi að hafa, en ekki heldur meira, því að það skiptir máli fyrir þá að hafa, og engu betra, heldur verra, að þeirra „representation" væri sterkari heldur en hún er. Það er nauðsynlegt að sýna neytendunum fulla sanngirni, og það geta framleiðendurnir gert eins og nefndin er skipuð, án þess að tapa nokkru af sínu valdi í n.

Hv. 10. landsk. mun segja sem svo, að samkv. lögum sé íslenzkum bændum ekki fengið vald til þess að skipa meiri hlutann í nefndina, en þessu er því að svara, að ef framleiðendurnir hafa ekki meirihlutavald á Alþingi, þá er það vitanlegt, að þeim er gagnslaust að hafa þessi lög, því að meirihlutavaldið, sem ræður ríkisstj., getur á sama hátt afnumið lögin, eins og að skipa einhvern annan en umboðsmann framleiðendanna sem oddamann í nefndina. Þess vegna kemur þetta í sama stað niður. Ég tel því hiklaust, að það sé vel ráðið að skipa n. eins og hún er skipuð.

Hv. þm. N.-Ísf. fór nokkrum orðum um kjötsöluna í sinni sýslu, og hefi ég að mestöllu svarað því áður. Þessi hv. þm. benti á, að það hefði verið nauðsynlegt að setja lágmarksverð á íslenzkt kjöt, en hann benti ekki á leið til þess að ráða við það verðlag, nema með því móti að láta söluna fara fram í gegnum löggilta stofnun, og það skiptir máli í þessu sambandi. Ef salan væri leyfð á annan hátt, þá væri þessi

möguleiki ekki fyrir hendi, og það er það, sem máli skiptir um þetta atriði.

Þá minntist sami hv. þm. á það ásamt hv. 10. landsk., að um stimplun á kjöti hefðu ekki verið settar samskonar skorður eins og í þeim lögum, sem nú liggja fyrir deildinni. Þetta er vitanlega að nokkru leyti rétt, en í framkvæmdinni verður þetta ákaflega svipað, vegna þess, að framleiðendur fara sjaldan með kjöt til stimplunar í sláturhús, til þess að taka það svo burt aftur og selja það á annan hátt en í gegnum kaupfélög eða sláturhús.

Þá minntist hv. 2. þm. Rang. á það, að hann hefði óskað, að umr. um þetta mál hefðu farið öðruvísi fram í blöðunum heldur en raun hefði á orðið. Ég vil svara því þannig, að ég hefði óskað eftir því líka, en ég vil benda þessum hv. þm. á, að það voru flokksmenn hans, sem byrjuðu á þessum umr., en ekki blöð stj.

Það væri náttúrlega ákaflega æskilegt, ef það væri hægt að selja kjötið milliliðalaust, en sú leið hefir ekki verið talin fær, og er að mínu áliti ekki fær, ef á að ná þeim tilgangi að halda verðlaginu uppi á þann hátt, sem ætlazt er til. Ef hv. þm. gætu bent á aðra betri leið til þess að ná því takmarki, mundi því verða vel tekið.

Þá spurði hv. 2. þm. Rang., hvað hefði verið gert samkv. 10. gr. laganna til þess að draga úr kostnaði við slátrun og sölu. (**PM**: Nei, ég spurði, hvort ákvæði 10. gr. ættu ekki að skiljast þannig, að kjötverðlagsnefndin hefði heimild til þess að takmarka flutning á kjöti milli verðlagssvæða). Um þetta atriði verð ég að segja það, að ég álít, að n. hafi heimild til þess að takmarka flutning á milli verðlagssvæða.

Fyrst komið er inn á milliliðakostnaðinn, þá get ég gjarnan drepið á það spursmál, sem hv. þm. N.-Ísf. minntist á. Viðvíkjandi kjötsölunni er það að segja, að það er talsverðum erfiðleikum bundið að draga úr milliliðakostnaðinum, einkum fyrsta árið, meðan verið er að vinna að því að fækka kjötbúðunum. Það hefir þegar unnizt á í þessu efni, að kostnaðurinn við smásöluna hefir þegar verið lækkaður úr 30% niður í að ég held 15%. Nefndin hefir tekið það til athugunar að fækka útsölustöðum, en afleiðingin verður sú, að umsetningin verður meiri á hvern útsölustað, og þess vegna verður fært að lækka útsölukostnaðinn enn þá meira.

Viðvíkjandi ákvæði 6. gr., sem hv. 2. þm. Rang. minntist á, vil ég segja það, eins og hann tók fram, að það eru litlar líkur til, að verðið á erlendum markaði verði hærra en verðið á innlenda markaðinum. Þess vegna eru litlar líkur til, að til þess möguleika komi, sem hann nefndi. Hinsvegar er ég ekki mótfallinn því, að þetta atriði verði tekið til athugunar í þeirri n., sem fær málið til meðferðar. En ég minntist einmitt á þetta atriði við n., sem undirbjó málið, en hún taldi litlar líkur til þess, að verðlagið á innlenda markaðinum yrði sett svo lágt, að erlenda verðið yrði hærra.

Þá hefi ég svarað með fáum orðum þessum helztu aths., sem fram hafa komið um þetta mál.

**Forseti (EÁrna)**: Ég hafði hugsað mér, að það mætti takast að koma þessu máli til n., en það er komið að þeim tíma, að slíta verður fundi, og margir hv. dm. hafa beðið um orðið, en þar sem flestir eiga sæti í n., sem málið mun fara til, vildi ég mælast til þess, að þeir yrðu stuttorðir, ef þá væri hægt að koma málinu til n.

**Jón Baldvinsson** (óyfirl.): Mér finnst, að umr. séu komnar miklu meira inn á einstök atriði en þörf er á við 1. umr. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls, en hv. 1. þm. Reykv. sendi út neyðaróp og skoraði á okkur alþýðuflokksmenn að veita sér liðsinni í þessu máli. Mér finnst raunar engin ástæða að veita honum liðsinni, en af því að hann var að spyrja, hvað við segðum um þetta mál, fulltrúar verkamanna, þá skal ég segja honum það, að Alþfl. er ekki einungis flokkur verkamanna, heldur að nokkru leyti fyrir bændur; yfirleitt er hann ekki fyrir neina eina stétt, heldur fyrir allar vinnandi stéttir í landinu.

Það er óneitanlegt, að þessi ráðstöfun þýðir nokkra hækkun á kjötinu, og það er ákaflega viðkvæmt mál fyrir neytendurna, og hv. 1. þm. Reykv. finnur, að það er eðlilegt, að verkamenn séu ekki ánægðir með að láta hækka nauðsynjar sínar. Það eru að sjálfsögðu til margir verkamenn, sem eiga erfitt með að sætta sig við mikla hækkun, en hinsvegar vil ég fullyrða, að engin stétt hefir meiri skilning á því en verkamanna- og sjómannastéttin, að það sé öllum fyrir beztu, að lífvænlegt sé í sveitunum. Þeir sjá það, að ef ekki verður lífvænlegt í sveitunum, þá flykkjast allir í kaupstaðina og atvinnuleysið eykst að sama skapi. Þess vegna munu þessar stéttir taka þessari ráðstöfun með fullum skilningi og sætta sig við hana.

Hinsvegar hefir enginn gert meira til þess að spilla þessu máli en Sjálfstfl. Ég er ekki svo fróður að vita, hvort sveitaútgáfan af Morgunblaðinu hefir flutt þessar greinar, sem bæjarmönnum hefir verið boðið upp á. Ég get vel hugsað mér, að þeim hafi verið sleppt. En hinsvegar veit ég það, að það eru ýmsir af ráðamönnum Sjálfstfl., sem eru óánægðir með, hvernig blöð þeirra hafa tekið í þetta mál. En hér í Rvík lítur það þannig út, eftir bæjarblöðunum að dæma, að þeir séu mjög fjandsamlegir þessu máli og geri allt, sem þeir geta, til þess að spilla fyrir því, að bændur geti selt kjöt sitt.

Ég ætlaði ekki að segja annað út af orðum hv. 1. þm. Reykv. En hv. 10. landsk. sýndi mjög mikla ósanngirni, þar sem hann heimtaði, að kjötverðlagsnefndin hefði verið skipuð þannig, að framleiðendur hefðu sjálfir haft öll ráðin í þessu máli og ákveðið verðlagið sjálfir. Ég er á því, að fyrir bændurna hafi leið sú, sem farin var, verið heilladrýgst. Þar sem andstæðir hagsmunir rekast á, verður að finna einhvern meðalveg, þannig að hvorugs hlutur sé fyrir borð borinn. Og ég lít svo á, að bændur hafi meiri hl. í þessari nefnd. Samkv. l. skipa landbúnaðarfélögin, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga ásamt Sambandi íslenzkra samvinnufélaga tvo menn í hana, landbúnaðar-

ráðh. formann, og loks neytendurnir tvo. Og þar sem ráðh. er nú úr bændaflokki, Framsfl., má ganga að því sem gefnu, að hann skipi þar mann, sem hlynntur sé málefnum bænda. Og þar með fylgir meiri hl. nefndarinnar málstað bænda. Hinsvegar finnst mér hv. 10. landsk. sýna ósanngirni með því að ætlast til, að frambleiðendum væru fengin öll völd í þessu máli með löggjöfinni; slíkt spor hefði vafalaust orðið til þess að spilla fyrir þessum ráðstöfunum, en full þörf er á að varast allt slíkt með svo viðkvæmt mál sem þetta óneitanlega er.

**Magnús Guðmundsson:** Ég skal ekki vera margorður. En mér þóttu undarleg þau ummæli hæstv. forsrh., að það hefði ekki mikið að segja, hvort einstakir þm. Sjálfstfl. væru með þessu máli eða móti. Mér skildist á honum, að hann teldi ekki þurfa atkv. þeirra með. Ég held mér sé óhætt að segja, að slíkan derring hefi ég aldrei heyrt á þingi. Ég hélt, að hæstv. ráðh. þætti vænt um, að sem flestir fylgdu málum þeim, sem hann ber fram, og ég skil ekki þessa framkomu hans, nema því aðeins, að hann sé að reyna að koma upp óánægju í kringum þetta mál. En ég mun fara eftir því í afstöðu minni til mála, hvernig mér lízt á þau, án tillits til vinsælda hæstv. ráðh. — Hann upplýsti það í ræðu sinni, að samkv. skýrslum hefði kjötsala ekki minnkað í Rvík í haust. Og þó segir hæstv. ráðh., að Sjálfstfl. hafi gert allt það, sem í hans valdi stóð, til þess að spilla fyrir sölunni. Það mætti merkilegt heita, ef flokki, sem hér í bæ er í hreinum meiri hl., hefði ekkert orðið ágengt í þessa átt, hefði hann lagt eins mikið kapp á það og hæstv. ráðh. segir. Annars er þetta tal um andstöðu Sjálfstfl. við mál þetta tómar ýkjur. Fyrir nokkru skrifaði formaður Sjálfstfl. blaðagrein um þetta mál, og ég er viss um, að engum tekst að lesa út úr henni nokkurn óvildarhug til framgangs málsins. Og hæstv. ráðh. kemst í beina mótsögn við sjálfan sig, þegar hann í öðru orðinu leggur slík ósköp upp úr nokkrum blaðagreinum um þetta mál, en segir í hinu, að blöðin hafi engin áhrif haft á framkvæmd þess. Og flest er nú til týnt, þegar kjötát Sigurjóns á Álafossi og hvalkjötið er dregið inn í umr. sem einhver stór atriði. Helzt lítur út fyrir, að hæstv. ráðh. telji það saknæmt að leiðbeina fólki um matreiðslu hvalkjötsins. (**MJ:** En að stj. skyldi ekki með bráðabirgðalögum banna forsjóninni að senda hvalina á svona óheppilegum tíma!). Ja, það er nú eftir að vita, hvort forsjónin hefði farið eftir því! En viðvíkjandi þessari óvild, sem sjálfstæðismenn eiga að hafa á framgangi þessa máls, skal ég ennfremur upplýsa, að á fundi, sem sjálfstæðisfélögin hér í bæ héldu fyrir skömmu, og þetta mál var til umr., kom enginn óvildarhugur fram, heldur þvert á móti. Allir, sem töluðu, kváðust vilja stuðla að því, að bændur fengju sanngjarnt verð fyrir vöru sína. Aftur á móti kom fram ákveðin andúð gegn ósvífni þeirri, sem blöð Framsfl. hafa sýnt bæjarbúum með skrifum sínum um þetta mál, en mönnum kom saman um, að ekki væri rétt að láta bændur landsins gjalda þeirra skrifa. — Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann treysti ekki Búnaðarfélagi Íslands til þess að eiga fulltrúa í n., og færði hann það til, að það væri ekki verzlunarstofnun fyrir bændur. Ég sé ekki, að þetta sé annað en fyrirsláttur, enda vita allir, að ástæðan er sú, að stjórn Búnaðarfélags Íslands er andstæð núv. stjórn og flokkum þeim, sem hún styðst við. — Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að þetta mál getur ekki orðið flokksmál. En hitt þætti mér trúlegra, að menn skiptust eftir héruðum með því og móti. Auðsætt er, að l. þessi verða ekki jafnvinsæl um land allt. Ég er sannfærður um, að skýrslur þær, sem hv. þm. N.-Ísf. gaf um þetta mál úr sínu kjördæmi, eru réttar. En hitt er mér ljóst, að mál sem þetta má ekki dæma eftir smáagnúum, sem á því kunna að finnast, heldur eftir því gagni, sem það er líklegt til þess að gera yfirleitt. Mér skildist hæstv. ráðh. neita því, að kjötverð myndi hafa hækkað í haust, þótt engar sérstakar ráðstafanir hefðu verið til þess gerðar. Má það undarlegt heita, ef kjötverð hefði ekki hækkað að sama skapi og önnur matvara. Og skrá sú, sem hæstv. ráðh. las um kjötverð hér í bænum á undanförnum árum, sýndi einmitt, að verðið hafði ýmist hækkað eða lækkað, enda fer það auðvitað eftir verðhlutfalli annara matartegunda.

**Þorsteinn Briem** óyfirl.: Ég mun verða við tilmælum hæstv. forseta um það, að teygja ekki þessar umr. úr hófi fram. En mig undraði það, þegar hv. þm. N.-Ísf. gerði mikið úr því, að dregið hefði úr kjötsölu á Ísafirði sökum þess, að pundið varð 5 aurum dýrara en búizt hefði verið við. Ég held, að 5 aurar á kjötpund sé ekki það mikil útgjöld fyrir meðalfjölskyldu, að það geti orðið til þess að draga úr kaupum svo nokkru nemi. Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði um framkvæmd l., þá er það ekki nema eðlilegt, að í byrjun komi ýmsir agnúar þar fram, en slíkt má teljast eðlilegir barnasjúkdómar, sem vonandi má draga úr síðar. Hinsvegar skildi ég ekki vel rök hans gegn því, að bændur mættu eiga meiri hl. í kjötverðlagsnefndinni. Hann nefndi Búnaðarfélag Íslands í því sambandi; ég hafði að vísu ekkert minnzt á það, en svo virðist, sem hæstv. ráðh. sé það eitthvað ríkt í huga. Hann gaf þær upplýsingar, að Búnaðarfélagið væri ekki verzlunarfélag. En ég vildi spyrja hæstv. ráðh., hvort Landssamband iðnaðarmanna og Alþýðusamband Íslands væru verzlunarfélög? Ég a. m. k. hefi álitið, að svo væri ekki. (**JBald:** Eru ekki til menn, sem nefnast neytendur?). Jú, það eru til menn, sem nefnast neytendur, en það eru líka til menn, sem heita bændur. Og fjöldinn allur af bændum er ekki betur staður en neytendurnir í kaupstöðunum, og er það þó fjarri mér að segja, að þeim muni líða vel. En ég tel það ekki neina hættu fyrir neytendur, þó að fulltrúar bænda yrðu í meiri hl. í kjötverðlagsnefndinni. Bændur mundu vitanlega stilla verðinu svo í hóf, að sölunni væri engin hætta búin vegna ósanngjarns verðs. Og ég treysti bændunum betur en öðrum til þess að hitta þann nauðsynlega meðalveg, sem þarna verður að fara. Það

hefir verið sagt, að bændur hafi nú meirihlutavald í stjórn landsins. Það verður þó að teljast vafasamt, að mínu áliti. Og jafnvel þótt svo gæfusamlega hafi tekizt til, að vel má kalla þann mann, sem hæstv. stj. hefir skipað sem oddamann í nefndina, fulltrúa bænda, þá er það ekki nóg trygging. Það er ekki víst, að það sé sama, hvort oddamaður skuli skipaður af stj. eða að hann sé lögum samkv. fulltrúi bænda. Setjum nú svo, að hér yrði stjórn, sem ekki kærði sig um að eiga vingott við bændur. Þá má fastlega gera ráð fyrir því, að hún hikaði við að breyta l., ef þar stæði ákvæði um það, að oddamaður n. skyldi vera fulltrúi bænda. *Það væri a. m. k. ótrúlegt, að bændastéttin ætti* þá ekki einhverja á þingi til andsvara slíkum lagabreytingum.

Hv. 4. landsk. brá mér um ósanngirni út af þessu máli. Ég vil benda honum á það, að foringjar jafnaðarmannaflokksins í Noregi, sem er a. m. k. jafnstór tiltölulega og sá íslenzki, hafa mér vitanlega ekki kvartað yfir því, að stjórn kjötcentralsins þar beitti neytendur ósanngirni, og skipa bændur þó þá verðlagsnefnd, sem þar er. Og þar eru ekki aðeins fulltrúar fyrir verzlunarsamtök bænda, þar er t. d. fulltrúi fyrir „Selskabet for Norges Vel". Og þetta hefir enga óánægju vakið í Noregi, af því að bændur hafa þar gætt eðlilegs meðalhófs hvað verð snertir, en haldið þó á hagsmunum sínum til hins ýtrasta. Og ég held fast við þá skoðun, að réttar bænda væri betur gætt, ef meiri hl. nefndarinnar væri skipaður fulltrúum þeirra.

**Pétur Magnússon:** Hæstv. ráðh. spurði mig, hver ráð ég sæi til þess, að ákvæði verðlagsnefndarinnar kæmu að gagni, án þess að lagðar væru hömlur á frjáls viðskipti. Ég vil svara honum með því, að ef tryggt yrði, að ekki væri flutt of mikið kjöt á einstaka sölustaði, er engin hætta á því, að verðlagsákvæðin yrðu brotin, þó að einkaviðskipti væru leyfð. Eðlileg tilhneiging bændanna til að gæta hagsmuna sinna mundi koma í veg fyrir það, að þeir byðu verðið hver niður fyrir öðrum. Og engin hætta er á því, að þeir mundu selja einstökum mönnum fyrir lægra verð en þeir gætu fengið í sláturhúsum. Þetta er því engin ástæða til þess að banna milliliðalaus viðskipti, — og þau myndu ekki auka á nokkurn hátt hættuna á ákvæðisbrotum.

**Magnús Jónsson:** Það kom einkar skýrt fram í síðustu ræðu hæstv. ráðh., hvað fyrir honum er aðalatriðið í umr. um þetta mál. Hann varði miklum hluta ræðu sinnar til þess að endurtaka það, hve *mikinn fjandskap* Sjálfstfl. hefði sýnt framgangi þessa máls. Fyrir hæstv. ráðh. er aðalatriðið bersýnilega það, að flokkur hans hafi pólitiskan hag af því að rægja afstöðu annars flokks til málsins. Hæstv. ráðh. talaði um það, að þm. Sjálfstfl. væru ekki sammála, og það er raunar ekkert óvenjulegt. Mér þykir hæstv. ráðh. miða allt nokkuð mikið við flokka. Það hefir löngum verið svo í Sjálfstfl., að þm. vilja vera handjárnalausir, en það er tæpast von, að hæstv. ráðh. skilji það.

Hv. 4. landsk. svaraði ekki tiltölulega skýrt fyrirspurnum mínum, og gat ég ekki ráðið af svörum hans, hvort hann og flokkur hans væru með eða móti málinu. Ég skil, að þessi hv. þm. muni eiga erfitt um vik. Hann er auðvitað bundinn við að fylgja stjfrv. fram, en getur varla vegna umbjóðenda sinna fylgt frv. sem þessu af heilum hug. Sami hv. þm. talaði um þá Alþýðuflokksmennina sem fulltrúa bæja og sveita. Maður leyfir sér að draga það síðarnefnda í efa; ég veit ekki betur en að þar, sem Alþfl. hefir haft frambjóðendur í hreinum sveitakjördæmum, hafi þeir fengið þetta 10—15 atkv. En vel má vera, að hv. þm. hafi átt við það, að fyrir nokkru gleypti Alþfl. allstóran flokk, sem á talsverðra hagsmuna að gæta í sveitum, og hann telji, að Alþfl. megi ekki brjóta af sér við fylgjendur þess flokks. Annars talaði hv. þm. mjög óskýrt um aðalatriðin, en sveigði eins fljótt og hann gat yfir í marsvínakjötið. Í viðbót við samtalið fræga milli Morgunblaðsins og Sigurjóns á Álafossi, hafa sjálfstæðismenn nú ennfremur það á samvizkunni, að sama blað birti nokkrar uppskriftir eftir matreiðslukonu hér í bæ um meðferð á marsvínakjöti. Líklega hefði það að dómi stjórnarliðsins verið vottur um hollustu við kjötsölul., ef stuðlað hefði verið að því, að allt hvalkjötið hefði orðið ónýtt. — Ég skaut því inn í áðan, að langbezt hefði verið, að stj. hefði gefið út bráðabirgðal., sem *bönnuðu komu marsvínanna á þessum tíma.* En fyrst henni láðist það, sé ég ekki, að neitt sé hægt upp á forsjónina að klaga fyrir sendinguna.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það var misskilningur hjá hv. 10. landsk., að ég hefði talið það muna mestu um söluna á Ísafirði, að verðlagið var 10—15 au. hærra á kg. en þurft hefði að vera. Ég sagði, að bændur hefðu getað fengið jafnmikið verð fyrir vöru sína með því að selja hana 10—15 au. ódýrari, ef engar hömlur hefðu verið settar á söluna og þeir mátt selja kjötið milliliðalaust. En nú verða þeir að greiða 5 au. af hverju kg. fyrir vigtun úr sláturhúsum, og kaupmönnum þeim, er taka kjötið til sölu, 10% verðs, og er það helmingi hærra en þar hefir áður þekkzt.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að lágmarkið hefði ekkert að segja, ef salan færi ekki fram í gegnum opinberar stofnanir. Þetta er fjarri sanni. Það er engin hætta á því, að neinn selji undir lágmaksverði, eftir að búið væri að setja lágmarksverð. Með þeirri aðferð einni hefði náðst eins gott verð fyrir bændur, og neytendur fengið vöruna 10 au. ódýrari hvert kg. Og á því er enginn vafi, að því ódýrari, sem vara er, því meira er af henni keypt. Og þó segja megi, að ekki muni mikið um 10—15 aura á kg., þá veit ég samt, að verkamenn og sjómenn vestra, sem flestir hafa óvenju rýra atvinnu, horfa í þessa hækkun. Út af stimpluninni tel ég óþarft, að salan sé bundin. Það hefir verið venja á Ísafirði undanfarið, að ekki hefir verið selt nautakjöt þar í bænum án þess að það væri stimplað af lækni. Eigandinn hefir síðan selt kjötið í frjálsri sölu, annaðhvort í heilum kroppum eða í smásölu.

**Jón Baldvinsson:** Ég get ekki látið hjá líða að leiðrétta það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um kjörfylgi Alþfl. í sveitunum við kosningarnar í vor. Þess var nú raunar varla af honum að vænta, að hann gæti fengið sig til að fara rétt með kosningatölur Alþfl. þá, enda mun það öllum ljóst, að það muni fremur vera í samræmi við óskir hans og vonir fyrir kosningarnar, heldur en staðreyndirnar eftir á, er hann segir, að Alþfl. hafi ekki fengið nema 10—20 atkv. á frambjóðanda í sveitakjördæmunum. Alþfl. fékk ekki svo fá atkv. í einu einasta kjördæmi, en víða 10 og 20 sinnum meira atkvæðamagn og þar yfir. (**MJ:** Ætli ekki hafi verið eitthvert kauptún í þeim kjördæmum?).

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég get vel skilið, að sjálfstæðismönnum hér á þingi sé lítið um það gefið, að bent sé á það, hversu aðalmálgagn þeirra og forustumenn hér í bænum hafa af öllum mætti reynt að spilla fyrir kjötsölu bænda í haust. En þetta er samt sem áður staðreynd, sem þeir komast ekki í kringum héðan af, hversu fegnir sem þeir vildu. Í Morgunblaðinu hafa þannig birzt tveir leiðarar, þar sem ráðizt er heiftarlega á kjötsölulögin, auk annara skoplegri „agitationa", svo sem viðtalsins við ónefndan forstjóra, sem ekki hafði smakkað kjöt í 16 ár, og gleðilátanna út af hvalrekanum í Fossvogi. Í grein um þetta dásamlega hvalkjöt var því haldið fram, að Norðmenn litu ekki við öðru kjöti, þegar hvalkjöt væri fáanlegt, enda hefði hvalkjötið útrýmt íslenzka kjötinu í Noregi. Það er vissulega skiljanlegt, að sjálfstæðismenn hér á þingi kveinki sér við að játa opinberlega velþóknun sína á slíkum málaflutningi.

Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um hroka hjá mér í sambandi við það, að ég lét í ljós, að ég hefði heldur óskað eftir stuðningi flokksins og blaða hans við málið, meðan það þurfti á mestum stuðningi að halda en þeim stuðningi, er tveim þm. hafa nú lýst yfir við málið hér í deildinni, þótt þær yfirlýsingar séu að vísu allrar virðingar verðar. Sá stuðningur hefði komið framkvæmd málsins að meira gagni, hefði hann komið fyrr í ljós af hálfu forustumanna flokksins og blaða hans.

Hv. 10. landsk. sagði, að bændur hefðu ekki lögbundinn meiri hluta í kjötsölunefndinni, og kvaðst ekki geta skilið þann hugsunarhátt hjá mér, að það kæmi í sama stað niður, hvort þeim málum væri skipað eins og nú er, eða á þann hátt, sem hann óskar. En ég benti á það, að ef Alþingi væri á annað borð þannig skipað, að það væri andstætt framleiðendum, þá er því alveg eins innan handar að breyta lögunum eins og stjórninni að skipa formann, sem spilli framkvæmd laganna. Þetta er að vísu ekki alveg sama í lögfræðilegum skilningi, en allt þrátt um þetta er deila um keisarans skegg. Hv. 10. landsk. sagði, að ég hefði sagt, að Búnaðarfélag Íslands væri ekki verzlunarfélag og því ekki ástæða til þess að það fengi fulltrúa í nefndina. Nú stóð svo á, að ekki var hægt að komast hjá því, að eitthvert hinna þriggja félaga yrði að víkja, og þótti því eðlilegast, að það væri það félagið, sem ekki fæst við verzlun á landbúnaðarafurðum, en þau félögin látin sitja í fyrirrúmi, sem verzla fyrir bændur og hafa sýnt, að þau eru þess vel megnug.

Hv. þm. talaði ennfremur um það, að þau tvö neytendasambönd, sem fulltrúa eiga í nefndinni, væru ekki verzlunarfélög. Þetta er rétt, en þess er að gæta, að neytendur hafa engin landssambönd, sem eru verzlunarfélög, á sama hátt og bændur. Ég er þess fullviss, að með því að sýna neytendum sanngirni í skipun nefndarinnar hefir málinu verið unnið mikið gagn, en hitt hefði orðið til að spilla fyrir framkvæmd laganna.

Hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. N.-Ísf. fundu að þeim ákvæðum laganna, að ekki mætti selja kjöt nema gegnum verzlanir, sem nefndin viðurkennir. Um þetta má ef til vill deila. En ég verð þó að álíta, að þessir hv. þm. hafi ekki komið með nægilegar röksemdir fyrir máli sínu og að því beri að stefna, að milliliðakostnaður verði sem minnstur, þótt selt sé gegnum þær stofnanir, sem viðurkenndar eru af nefndinni. En þetta atriði má ræða nánar í landbn., og skal ekki standa á mér að liðka til um viðunanlega lausn þess.

**Magnús Guðmundsson:** Það er auðheyrt á hæstv. landbrh., að honum er annara um fylgi Morgunblaðsins við þetta mál en stuðning okkar þingmannanna hér í deildinni. Annars má hann biðla til Morgunblaðsins eins og hann vill fyrir mér; ég skal ekki vera „jalloux". En undarlegt má það heita, ef Morgunblaðið er annað eins stórveldi og hæstv. ráðh. látur og hefir reynt að spilla fyrir kjötsölunni eins og hann segir, ef kjötið hefir samt selzt jafnvel eða betur en vant er. (**Forsrh.:** Ég hefi aldrei sagt að Morgunblaðið væri stórveldi). Ef ráðh. telur Mgbl. áhrifalítið, hví er hann þá alltaf að tala um það blað?

**Þorsteinn Briem** óyfirl.: Hæstv. forsrh. var enn að klifa á því, að enginn munur væri á stjórnarráðstöfun og lögum frá Alþingi. Ég býst við, að fáir verði til þess að skrifa undir þessa skoðun hæstv. ráðh. Það er dálítið annað að fá lögum breytt á Alþingi eða skipa mann með einum pennadrætti. Hann sagði ennfremur, að ekki hefði verið rúm fyrir fleiri en tvo fulltrúa frá bændum í nefndinni, og því hefði Búnaðarfélag Íslands verið látið mæta afgangi. En mér er ómögulegt að sjá, hvers vegna hæstv. ráðh. hefir endilega verið bundinn við þessa tölu fulltrúanna í kjötsölunefnd, enda hefir hann gert sér að góðu hærri og heilagri tölu í mjólkursölulögunum.

Ég verð að telja það vafasamt, að þau tvö sambönd, sem fara með umboð neytenda í n., hafi verið sjálfkjörin til þess, að þeim alveg ólöstuðum. Til eru t. d. bæjarstjórnir, sem hæstv. ráðh. hefir tekið tillit til í öðrum lagasetningum.

Ég á ómögulegt með að skilja, að það hefði þurft að vekja andúð gegn lögunum, þótt framleiðendur hefðu sjálfir fengið að segja, hvað vara þeirra kostar. (**Forsrh.:** Hafa þeir ekki

meiri hl. í n.?) Ekki lögbundinn og því ekki tryggan. Ég ætla, að enginn hefði farið að hefja neinn gust gegn n. fyrir það eitt, þótt bændur hefðu haft þar lögbundinn meiri hl., því að í öðrum löndum, þar sem jafnaðarmenn eru hlutfallslega sterkari en hér, t. d. í Noregi, hefir ekki verið ymprað á því, að bændur mætti ekki hafa kjötsölunefnd skipaða eingöngu fulltrúum sinnar stéttar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, 72, 92, 97, n. 109).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Ég þarf fátt eitt um þetta mál að segja f. h. landbn. N. hefir íhugað málið á nokkrum fundum og leitað sér upplýsinga, sérstaklega frá form. kjötverðlagsnefndar. Hún er á einu máli um það, að ráða hv. deild til að samþ. frv.

Það kom til orða í n. hjá einstökum nm., að fá frv. breytt. Það varð að samkomulagi, að þessi breyt. var ekki borin fram í n., heldur í hv. deild.

Þess vegna hafa nm. óbundin atkv. um þær breyt. og aðrar, sem fram kunna að koma, eins og tekið er fram í nál. Hér liggja nú fyrir brtt. á 3 þskj. Sé ég ekki ástæðu til að ræða þær að þessu sinni. Til þess getur unnizt tími einhvern tíma síðar.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hafði búizt við, að hv. landbn. segði eitthvað um brtt. þær, sem fyrir liggja, einkum þær, sem fluttar eru á þskj. 72 og bárust n. jafnskjótt og frv. hafði verið vísað til n. Ég vænti þess, að n. láti eitthvað frá sér heyra um afstöðu sína til brtt. þessara.

Það, sem fyrir mér vakir með brtt. mínum, er að einskorða ekki allt of mikið sölu á sláturafurðum, þannig að bændur eigi a. m. k. kost á að selja afurðir sínar beint til neytenda, ef þeir mynda með sér sölufélag. Ég hefi áður útskýrt, hve þetta fyrirkomulag hefir aukinn kostnað í för með sér fyrir bændur á Vesturlandi, einkum þó og sér í lagi fyrir bændur í N.-Ísf. og V.-Ísf.sýslu. Þar var kjötið áður selt milliliðalaust. Menn voru lausir við allan verzlunarkostnað. Þeir þurftu aðeins að greiða flutningskostnað.

Hv. 2. þm. Rang. kom fram með brtt. á þskj. 92 um, að sauðfjáreigendum væri heimilað að slátra fénu heima og selja síðan kjötið til neytenda. Ég er þeirri brtt. fylgjandi. Mér er kunnugt um, að það er einnig eindregin ósk minna umbjóðenda og fjölmargra bænda um land allt. Ég óska því, að hæstv. forseti beri upp brtt. hv. 2. þm. Rang., við 3. gr., á undan minum brtt. En fari svo, að brtt. hv. 2. þm. Rang., sem ég tel ágætar og sjálfsagðar, verði ekki samþ. í hv. d., þá vil ég hafa mínar til vara, því að ég trúi því ekki, að hv. d. vilji meina bændum stofnun sölufélags til þess að selja sláturafurðir sínar.

1. brtt. *mín er um, að kostnaður við n. greiðist af verðjöfnunarsjóði.* Ríkissjóð munar talsvert um þetta, en kjöteigendur lítið. Í samræmi við það er 4. brtt. mín, um það, hvernig verðjöfnunarsjóði skuli varið. Ég hefi nýlega átt tal við bændur í N.-Ísafjarðarsýslu. Þeir óska þess eindregið, að þeir verði ekki hnepptir í eitt allsherjar sölufélag, heldur fái þeir leyfi til þess að slátra fénu heima hjá sér, þar sem aðstæður leyfa. Það er t. d. svo í mörgum hreppum, svo sem Ögurhreppi, Nauteyrarhreppi og Reykjarfjarðarhr., að þar er eins góð aðstaða til slátrunar og í slátrunarhúsunum á Ísafirði. Í þessum hreppum er bæði betra rúm til slátrunar, og auk þess betra að kæla kjötið, heldur en á Ísafirði, því að slátrunarhúsin þar eru mjög léleg enn sem komið er.

Ég hefi áður lýst því, hversu mikinn aukinn kostnað þessi lög hafa í för með sér fyrir bændur þar vestra. Vil ég vænta þess, að hv. dm., ekki sízt þeir, sem hafa milliliðakostnað í annari verzlun sem grýlu, leyfi þeim bændum, sem verzlað hafa beint við neytendur, að vera lausir við milliliðina, annað sæmir ekki fulltrúum almennings. Vil ég því vænta þess, að hv. d. firri þá þessum aukna kostnaði, og eins þá aðra bændur, sem svipaða aðstöðu hafa.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég sé ekki ástæðu til þess að vera langorður um brtt. þær, sem hér liggja fyrir. Þó mun ég víkja að þeim fáeinum orðum. Fyrsta brtt. á þskj. 98 fjallar um það, að í stað Landssambands iðnaðarmanna komi Búnaðarfélag Íslands. Ég hefi áður látið í ljós skoðun mína á þessu fyrirkomulagi. Álít ég heppilegra, að neytendur skipi 2 nm. af 5. Það er tvímælalaust bezt fyrir lausn og samkomulag þessa máls yfirleitt. Tel ég einnig, að þau félög, sem nú hafa þetta starf á hendi af hálfu bænda, séu nógu fær um að vinna það verk, og óþarfi sé að bæta við fleirum frá framleiðendum. Í þessu máli tel ég nauðsynlegt að sýna neytendum sem mesta sanngirni til þess að fá sem bezta lausn. Á þann hátt tel ég betur séð fyrir þessu máli heldur en með þessari brtt., ef hún verður samþ.

Um brtt. á þskj. 92 er það að segja, að ég álít, að fresta beri brtt. við 3. gr., sem fjallar um það, að sauðfjáreigendum sé heimilt að slátra fénu heima, og eins brtt. á sama þskj. í framhaldi af þessu. Ef þessar brtt. verða samþ. verður það því ekki rétt, vegna þess að skipulag er fengið með því frv. eða lögum, sem hér liggja fyrir. Ég held, að erfitt verði að hafa yald á framboði, ef einstaklingar mættu slátra fé sínu sjálfir og selja á markaðinn og tilkynna það um leið, eins og stendur í þessari brtt. Ef hægt er að koma þessu þannig fyrir, að komið verði á öruggu skipulagi og keppt að hæfilegu framboði vörunnar, þá er það að sjálfsögðu það æskilegasta.

Síðar í brtt. stendur, að ef framleiðendur selji sláturafurðir milliliðalaust, beri að tilkynna það og greiða verðjöfnunargjald. Á þennan hátt gætu framleiðendur komið sínum vörum á markaðinn, og síðan hver um sig tilkynt n., að þeir ætli að selja vöruna á þennan hátt. *En þá er engin trygging fyrir því, að*

framboðið á vörunni yrði ekki alveg óviðráðanlegt. Ég get ekki séð, hvernig kjötverðlagsnefndin ræður við framboðið úr því.

Hvað snertir brtt. á 10. gr., álít ég, að það vald, sem farið er fram á í gr., að n. fái, sé í rauninni innifalið í ákvæðum þessarar gr.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 72 er það sama að segja. Í svipaða átt gengur einnig brtt. á þskj. 92. Viðvíkjandi þeirri fyrstu er það að segja, að ég tel sanngjarnt, að ríkissjóður greiði þennan kostnað, a. m. k. til að byrja með, á meðan málið er á slíku byrjunarstigi. Það er ekki rétt að láta bændur greiða þennan kostnað. Álít ég rétt, að þetta fé sé greitt úr ríkissjóði, til þess að greiða fyrir markaðinum innanlands. Ég legg því ákveðið á móti þessari brtt.

Um 2. brtt. við 3. gr. má segja það, að sú brtt. a. m. k. ef hún væri öðruvísi orðuð, gæti haft við sanngirni að styðjast. Væri ef til vill rétt að taka það til athugunar, hvort ekki ætti að leyfa einstökum mönnum að slátra utan sláturhúsa, þegar sérstaklega stendur á. Auðvitað koma hér, eins og í annari löggjöf, þar sem um svo stórfellda breyt. er að ræða sem hér, gallar fram, þegar á að fara að framkvæma lögin, og ég skal fúslega viðurkenna, að einstaka bændur séu til, sem eiga erfitt með að koma fé sínu í sláturhús, t. d. vegna vatnsfalla eða þegar um sjóleið er að ræða. Mér er kunnugt um, að nokkuð hefir borið á þessum erfiðleikum í haust á stöku stað í Norður-Ísafjarðarsýslu og á tveim stöðum öðrum. Því gæti verið rétt að gefa kjötsölunefnd heimild til að veita undanþágu, þegar alveg sérstaklega stendur á.

Engar aðrar brtt. get ég séð, að séu á neinn hátt til bóta. Þær eru margar, og sé ég ekki ástæðu til að fara að ræða þær. En ég vil þó taka fram, að ég álít b-lið 2. brtt. alveg óþarfan, ef kjötsölunefnd fær heimild til að veita þeim bændum undanþágu, sem erfiðast eiga með að koma fé sínu í sláturhús. Því að útlit er fyrir, að tilætlun flm. sé sú, að þessi kjötsölufélög bænda með minnst 12 félögum verði einmitt stofnuð á þeim svæðum, þar sem svo er ástatt. Undanþáguheimildin á þar að vera fyllilega nægileg, og get ég því ekki mælt með neinni brtt.

**Pétur Magnússon** óyfirl. : Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 92 og vil í stuttu máli gera grein fyrir þeim.

1. brtt. fer í þá átt, að sauðfjáreigendum sé frjálst að slátra fé sínu heima og selja milliliðalaust í einkaviðskiptum, en auðvitað ekki til almennings á opnum markaði. Ég vil taka það skýrt fram, að hér er aðeins átt við einkaviðskipti, því að mér virtist sá misskilningur koma fram hjá hæstv. forsrh., að hér væri átt við hverskonar verzlun með kjöt.

Ég hefi engin skynsamleg rök heyrt færð fram fyrir því, að varna mönnum þessara viðskipta. Hæstv. forsrh. hélt því fram, að þetta myndi valda röskun á því skipulagi, sem kjötsölulögunum væri ætlað að byggja, og verða til þess, að þeir greiddu ekki verðjöfnunargjöld af því kjöti, er þeir seldu á þennan hátt, né hlýddu verðlagsákvæðum. Ég skal nú auðvitað ekki fullyrða, að ekki gæti komið fyrir, að menn reyndu eitthvað lítilsháttar að fara í kringum lögin, ef þetta væri leyft, t. d. með því að reyna að smeygja sér undan verðjöfnunargjaldi, en ég er þess fullviss, að lögin yrðu brotin í miklu ríkari mæli, ef öll einkaviðskipti eru skilyrðislaust bönnuð í þeim. Og það verður erfitt fyrir hæstv. *forsrh. að færa bændum heim sanninn um það*, að það sé glæpur, þótt þeir slátri kind og kind heima og verki kjötið á sérstakan hátt og selji öðrum mönnum. Ég held, að réttartilfinning þjóðarinnar segi henni ekki sjálfkrafa, að slíkt sé glæpur.

Hæstv. forsrh. sagði, að ef bændum yrði leyft þetta, leiddi það til þess, að meira og meira af kjöti yrði selt milliliðalaust. En þá má benda á það til andsvara, að hingað til hefir verzlunin verið frjáls, og þó hverfandi lítill hluti kjötsins verið seldur milliliðalaust, og sú sala ávallt farið minnkandi. En hitt er rétt, að einstaka menn hafa jafnan selt milliliðalaust nokkuð af sérverkuðu kjöti, einkum reyktu, sem hefir aflað sér álits og því selzt fyrir hærra verð en ella. En hvaða líkur eru fyrir því, að viðskiptin hneigist meira í þessa átt? Ég held, að tilhneiging manna til slíkrar verzlunar ætti einmitt að vera minni nú, þar sem þeim er tryggt lágmarksverð. Ég vil heyra einhver rök fyrir því, að menn fari að hlaupa með kjöt sitt fram hjá sláturhúsunum til þess að selja það öðrum fyrir lægra verð.

Þá sagði hæstv. forsrh. einnig, að þetta myndi leiða til þess, að framboðið yrði óviðráðanlegt. Í hverju ætti það að liggja? Ekki myndi kjötsölumagnið sjálft vaxa. En kjötverðlagsnefndin hefir eftir sem áður heimild til þess að takmarka kjötflutning til hvers sölustaðar, hvort sem kjötið er selt af sláturhúsum, verzlunum eða einstaklingum.

*Ég get fullyrt, að fjöldi bænda sættir sig mjög* illa við það, að þeim sé skilyrðislaust bannað að selja kjöt sitt sjálfir. Á fjórum þingmálafundum í Rangárvallasýslu var samþ. mótatkvæðalaust áskorun um að breyta á Alþingi þessu ákvæði bráðabirgðalaganna. Þessar samþykktir hefi ég hjá mér hérna í skúffunni, ef hv. þdm. óska að sjá þær.

2. brtt. er sjálfsögð afleiðing af 1. brtt. Hún tiltekur nánar, hvernig kjötframleiðandi eigi að haga sér og hvernig hann eigi að greiða verðjöfnunargjald, sem ég ætlast auðvitað til, að hann greiði. Hæstv. forsrh. virtist ekki vera hræddur um, að ákvæði laganna eins og þau eru nú verði brotin, og er því æskilegt að heyra, hvaða ráðstafanir stj. ætlar að gera til þess að tryggt sé, að lögin verði haldin.

Þá er 3. brtt., sem fer fram á það, að stj. sé heimilt, eftir tillögum kjötverðlagsnefndar, að undanþiggja verðjöfnunargjaldi þá framleiðendur, sem eiga við sérstaklega erfið kjör að búa. Ég skal þó ekki segja, að þetta verði gert nema verðjöfnunargjaldið verði nægilegt til að jafna verðmismuninn á útfluttu kjöti og því, sem selt er á innlendum markaði. En reynist það meira, er full ástæða til þess, að sú leið verði farin, sem lögð er til í brtt. minni. Ef til vill má segja, að þeir framleiðendur, sem eru svona sérstaklega illa staddir (eigi mjög rýrt fé eða

þ. h.), ættu að hverfa til annarar framleiðslu, *en slíkt tekur ávallt nokkurn tíma. Þeir, sem* ætla sér að hverfa frá kjötframleiðslu, þurfa t. d. næstum ávallt að auka sitt ræktaða land, og meðan á þeirri breytingu stendur, er rétt að hafa opna leið í löggjöfinni til að létta undir með þeim.

Síðasta brtt., við 10. gr., er komin fram til þess að kveða skýlaust á um það, að kjötverðlagsnefnd hafi óskorað vald til þess að takmarka kjötflutninga á hverjum tíma á hvern sölustað. Þetta er ekki nógu ljóst í frv., en þetta er óhjákvæmilegt skilyrði fyrir verðjöfnunargjaldinu. Þessi takmörkun á kjötflutningunum til markaðssvæðanna til að varna of miklu framboði er einmitt það, sem bændur þeir, sem eru í grennd við Rvík, fá fyrir þá 6 aura af hverju kílói, sem þeir greiða í verðjöfnunarsjóð.

Ég vil að lokum láta þá ósk í ljós, að menn líti á þetta mál með sanngirni, en láti ekki *flokkapólitík ráða afstöðu sinni.*

**Þorsteinn Briem** (óyfirl.): Ég á hér eina brtt. á þskj. 97. Hún er í þá átt, að frv. verði breytt í sama horf og það var í, þegar afurðasölunefnd skilaði því til stj.

Allir bændur í afurðasölunefndinni voru á einu máli um það, að sjálfsagt væri, að Búnaðarfélag Íslands skipaði einn fulltrúa í nefndina, enda höfðu þeir þar afstöðu þessarar deildar 1933 að baki sér. Þá var hér gert ráð fyrir Búnaðarfélagi Íslands sem sjálfsögðum aðila.

Í Noregi, sem var á undan oss um skipulagningu afurðasölu bænda, eiga 8 fulltrúar sæti, og enginn þeirra er fulltrúi neytenda. Bændur þar hafa auðsjáanlega litið svo á, að þeir þyrftu ekki forsjár kaupenda til þess að verðleggja vöru sína. Og ég veit ekki til, að fram hafi komið *neinar raddir þar í landi, sem bendi til* annars en að neytendurnir láti sér þetta vel líka. Enda er það svo sjálfsagt, að eigi þarf um það að ræða, að þeir, sem hafa vöru að selja, ráði verðlagi hennar. Þeir munu ávallt gæta þess að spenna bogann ekki svo hátt, að markaður minnki, og munu sjálfra sín vegna ávallt gæta hinnar hæfilegu markalínu.

Ég skal að vísu játa, að ég tel hæstv. forsrh. hafa tekizt vel um val oddamanns í n. En þó sýna nýútkomin Hagtíðindi, að hagsmuna bænda hefir ekki verið gætt nógu vel, þar sem verðvísitalan ber það með sér, að verð sláturafurða hefir reynzt lægra í smásölu í september í haust en í sama mánuði í fyrra. Ég held, að þetta bendi til þess, að nauðsyn sé á að tryggja fulltrúum bænda meiri og betri aðstöðu en þeir hafa nú. Hingað til hefir það verið skoðun íslenzkra bænda, að þeim væri betra að hlíta eigin forsjá en fela neytendum að verðleggja afurðir þeirra. Og ég vænti þess, að hv. deild líti eins á þetta mál.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það andaði nú heldur kalt frá hæstv. landbrh. til þeirra till., sem hér eru fram komnar til umbóta á frv.

Mér finnst það ekki geta dulizt neinum, að innlendi markaðurinn hljóti að aukast við það, að losað sé um þær hömlur, sem frv. leggur á kjötverzlun í einkaviðskiptum. Verði með öllu bannað að láta kjöt í vöruskiptum, eins og víða hefir tíðkazt hingað til, er innanlandsmarkaður fyrir kjöt þar með stórlega rýrður. Ég hefi áður lýst þeim vöruskiptum, sem átt hafa sér stað milli sveitabænda og sjávarbænda þar, sem ég þekki til, og ég er þess fullviss, að verði frv. að lögum eins og það er, hljóta þau viðskipti að rýrna stórkostlega. Með brtt. minni þykist ég hafa gengið langt til móts við þá, sem ekki vilja hafa frjálsa verzlun, með því að gera ráð fyrir sölufélagi 12 manna eða fleiri, til þess að slík viðskipti megi fram fara. Kjötverðlagsnefnd er ekki svo kunnug, að hún geti ákveðið, hvar er nauðsynlegt að gefa verzlunina frjálsa og hvar ekki. Mér er t. d. kunnugt um, að í haust var sótt um undanþágu til heimaslátrunar fyrir bónda, sem tók það heilan dag að reiða 30 dilka yfir illt vatnsfall, sem hann þarf *yfir að sækja, en honum var neitað um slíka* undanþágu. Þessi heimild til kjötverðlagsnefndar til að veita einstökum bændum undanþágu, eins og hæstv. forsrh. lagði til, er því einber hégómi, sem lítið eða ekkert bætir úr þeim vanda, sem hér er um að ræða. Þegar bóndinn, sem hér um ræðir, kom með dilkana í kaupstaðinn, varð helmingurinn af kjötinu nr. 2, vegna þess hvað það var blettótt og marið. Þessi maður hefir haft undanfarið gott fé, og hefir hann t. d. aldrei fengið minna en 33 pund í meðaltali af dilkum sínum. Hann þarf að selja um 150 fjár, en hann fær ekki leyfi til að slátra heima, eins og hann áður gerði. Ef kjötverðlagsn. hefði þekkt allar ástæður, sem þar eru fyrir hendi, þá má vera, að hún hefði leyft það í þessu tilfelli, en þrátt fyrir að henni var skýrt frá öllum ástæðum, þá gerði hún það ekki. Hinsvegar ætlast ég til þess, að bændur, sem eiga erfiða aðstöðu, geti slegið sér saman og myndað sölufélag. Ég skil ekki, og hefi ekki heyrt neina skynsamlega ástæðu fyrir því, að bændur megi ekki mynda með sér sölufélag til þess að selja afurðir sínar. Þeir þurfa ekki að mynda lögskráðan félagsskap, því þeir þurfa ekki að hafa neina sameiginlega ábyrgð á fjárreiðum, heldur ætla þeir aðeins að selja afurðir sínar í félagi. Mér þykir næsta undarlegt, ef bændur í þessari hv. d. fremur en annarsstaðar vilja setja bændum slíka kosti, að þeir ekki megi mynda slíkan félagsskap sér til hagsbóta. Og náttúrlega er það undarlegur hugsunarháttur, *ef það á að neyða bændur, sem áður seldu milli*liðalaust, til þess að selja kjöt sitt í gegnum milliliði, og fella afurðir þeirra í verði með því móti að setja þeim milliliðakostnað með lögum. Það er engin hætta á því, að framboðið verði meira af þessari sök, og allra síst ef brtt. hv. 2. þm. Rang. um að kjötverðlagsn. geti ákveðið, hvað mikið kjöt megi flytja milli verðlagssvæða, verður samþ., og þegar ákveðið er lágmarksverð á þessari vöru, þá er engin hætta á, að bændur fari niður fyrir það sér í skaða, en eigi þar að auki á hættu að fá þær sektir, sem við slíkum brotum eru lagðar. Ég veit, að það hefir verið svo á þessu hausti, vestur frá a. m. k., að þeir, sem keyptu kjötið, hafa viljað í

öllum tilfellum fá sannanir fyrir, að verðjöfnunargjaldið væri greitt.

Það hefir nokkuð verið um það deilt, hvort bændum sé frjálst eftir frv. að selja lifandi fé til slátrunar. Ég veit, að það mun hafa verið framkvæmt að einhverju leyti á sumum stöðum á landinu, og ég vil út af því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., sem hefir gefið út þessi bráðabirgðalög, hvort hann áliti heimild til þess samkv. þessum lögum að selja lifandi fé til slátrunar.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég skal með nokkrum orðum svara þeim aðalaðfinnslum, sem komið hafa fram. — Það er um svona lög að segja í heild, að þegar á að ná einhverju takmarki með lögum eins og þessum, þá fer ekki hjá því, að þegar á að breyta skipulagi, sem verið hefir áður, þá komi fyrir ýmsir annmarkar. Það, sem bent hefir verið á af þeim hv. þm., sem hér hafa talað, er í aðalatriðum smávægilegt, eins og það, að einn bóndi hefði orðið að reiða dilka yfir á og að þeir hefðu af þeirri sök marizt. Það þýðir ekki neitt, þegar verið er að koma á heildarskipulagi til þess að ná vissu takmarki, sem er mikils virði, að setja fyrir sig, þó að einhver galli kunni að vera á því í framkvæmdinni og gera það að ásteytingarsteini, eins og mér virtist koma fram, einkum hjá hv. þm. N.-Ísf.

Ég álít, að það þýði ekki neitt, þó að þannig standi á eins og nú í haust, að það komi fram dálitil vandkvæði á að koma sláturfénu í sláturhús, að gera breytingu á þessum lögum, sem eingöngu sé miðuð við örfá tilfelli, ef það að öðru leyti getur orðið til þess að skemma lögin í heild meira en græðist, þannig að það verði í raun og veru tap við breytinguna miklu meira en ávinnst fyrir þessi fáu einstöku tilfelli. A. m. k. er það þannig, að þeir fulltrúar, sem skipuðu þá n., sem samdi þessi lög — og hafa þeir allir meiri og minni reynslu á þessu sviði — urðu sammála um, án tillits til flokka, að leggja til, að lögin yrðu samþ. eins og þau nú liggja fyrir, og ekki hefir komið frá þeim ósk um, að einu einasta atriði yrði breytt.

Þetta var aðeins almennur inngangur um það, sem hér er verið að ræða um. Svo skal ég með nokkrum orðum minnast á einstök atriði í þessu máli.

Það er þá fyrst, sem hv. þm. N.-Ísf. minntist á, till., sem ég áleit, að gæti komið til athugunar í n., þegar málið verður tekið fyrir á ný, að gefa einstökum mönnum undanþágu, ef sérstaklega stendur á, að þeir eiga erfitt með að koma sláturfénu til sláturhúsa. Sú röksemd, sem hann færði fyrir þessu, var eins og ég býst við að hv. dm. hafi tekið eftir, að þeir menn, sem ættu sæti í kjötverðlagsnefndinni, væru svo ókunnugir viðsvegar úti um land, að þeir gætu ekki skorið úr um það, hvenær ætti að gefa þessa undanþágu. Aðra röksemd færði hann ekki fyrir þessu. En ég staðhæfði, að þeir menn, sem eiga sæti í n., væru allra manna kunnugastir öllum staðháttum hér í þessu landi, og það staðhæfði ég án þess að nefna nokkur nöfn; en sumir þessara manna eru gagnkunnugir af ferðum sínum um allt land og vita því mæta vel um alla staðháttu, svo þessi röksemd hefir ekki við neitt að styðjast. En það kom líka fram í þessu sambandi; það, sem hann á við með stofnun 12 manna sölufélags, er, að þessir menn gætu komizt hjá að reka sláturfé til sláturhúsa. Með þessari undanþáguheimild, ef gert er ráð fyrir, að nefndarmennirnir séu sæmilega kunnugir, er því náð því takmarki, sem þarf að ná, að fyrirbyggja, að menn, sem sérstaklega stendur á fyrir, sem eru aðeins örlítið brot af framleiðendunum, að þeir verði fyrir þeim óþægindum, sem þarna ræðir um.

Þá minntist þessi sami hv. þm. á, að það, sem sérstaklega vekti fyrir sér og hv. 2. þm. Rang., væri að fá milliliðalausa verzlun. Ég vil í því sambandi benda hv. þm. á, að hingað til hefir sala á sláturfjárafurðum aðallega farið fram í gegnum sláturhús, og hefir ekki, eftir því sem mér er kunnugt, sérstaklega verið kvartað undan því. En ég vil bara benda á það, sem hefir á unnizt við þetta skipulag, og í því sambandi get ég um leið svarað hv. 10. landsk. Hv. 10. landsk. minntist á, að eftir nýútkomnum hagskýrslum um smásöluverð á kjöti hér í Rvík væri ekki að sjá, að hagsmuna bændanna hefði verið gætt. En því til andsvara má benda báðum þessum hv. þm. á, að smásölukostnaður hér í Rvík hefir verið færður úr 35% niður í 15%, eftir því sem ég fæ upplýsingar um hjá n., og þetta kemur vitanlega fram í hagskýrslunum eins og þær nú liggja fyrir, og hefir því ekki unnizt lítið á í því að spara þennan milliliðakostnað, sem þessir hv. þm. telja sig vera að berjast fyrir, að verði afnuminn. Það hefir því mikið á unnizt frá því, sem var, enda sáu menn ástæðu til þess að kvarta undan því ástandi, sem var áður en skipulagið komst á.

En viðvíkjandi milliliðalausu verzluninni er það að segja, að það kemur einkum fram hjá hv. þm. N.-Ísf., að vöruskipti hafi verið framkvæmd að talsverðu leyti í hans sýslu. En nú er það upplýst mál, að vöruskiptaverzlun hefir verið leyfð af n.

Viðvíkjandi sölu þeirri, sem hv. 2. þm. Rang. minntist á, og að hann taldi, að ég hefði ekki fært nægileg rök fyrir því, að það ætti að fella þær brtt., sem hann hefir lagt fram hér í d., þarf ég að fara örfáum orðum. Þessi hv. þm. minntist á, að það væri ekki ætlun sín, að kjöt væri almenningi boðið, þó að leyfð yrði milliliðalaus verzlun. En ég verð að segja það, að ef leyfð er þessi verzlun utan við sölusamtökin, þá álít ég, að ákaflega erfitt verði að skera úr um það, hvort samið hafi verið um þessa sölu fyrirfram eða að kjötið hafi verið boðið fram á sama tíma og það var selt, og ég fæ ekki séð, að hægt verði að komast hjá því að álykta sem svo, að um leið og þessi milliliðaverzlun er leyfð, hljóti afleiðingin að verða sú, að þegar bændur koma með fé sitt á markaðinn og tilkynna kjötverðlagsnefndinni, að þeir ætli að selja það beina leið, þá verði ekki hægt að selja, því að svo getur farið, að framboðið verði meira en eftirspurnin á hverjum einstökum tíma. Hv. 2. þm. Rang. minntist einnig á, að kjötframboðið í heild myndi ekkert vaxa fyrir það, þótt þessi

söluaðferð væri leyfð. Það er rétt, að magn þess kjöts, sem selt er á hverju svæði, verður ekkert meira, þó að það sé selt með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í lögunum. En það er annað atriði, sem ekki er hægt að ráða við, og það er framboðið á kjötinu á hverjum einstökum tíma á því tímabili, sem kjötmarkaðurinn stendur yfir. En nú er það svo, að þau félög, sem selja kjötið, segja til um það, hve mikið af kjöti megi koma á markaðinn á hverjum tíma. Annars hygg ég, að hv. þm. hafi aðallega átt við, að leyfilegt væri að selja milliliðalaust reykt kjöt, og ég skal út af því upplýsa, að leyfð hefir verið af verðlagsnefndinni milliliðalaus sala á hangikjöti, og ég sé ekki ástæðu til að ætla, að því verði breytt frá því, sem nú er. Ég hygg, að þetta hafi einmitt verið aðalatriðið, sem vakti fyrir þessum hv. þm., og þá er því til að svara, að einmitt þetta fyrirkomulag hefir verið leyft hingað til, og ég býst ekki við, að n. sjái ástæðu til að breyta því.

Þá minntist þessi sami hv. þm. á, að það mundi verða erfitt fyrir mig sem dómsmrh. að halda uppi þessum lögum og sjá um, að þeim verði fylgt; það mundi verða erfitt að fá bændur til þess að líta svo á, að það væri glæpur að selja kjöt án þess að fara eftir þeim skipulagsreglum, sem settar eru í þessu landi. Um þetta vil ég segja, að ég hefi það fyrir satt frá kjötverðlagsn., að það muni ekki verða miklum erfiðleikum bundið að framfylgja þessum lögum. Það er að vísu með þessi lög eins og öll önnur lög, að þau eru brotin að einhverju leyti, en það er ekki af því, að menn út af fyrir sig líti á það sem glæp að selja kjöt utan við skipulagninguna. En bændur, sem undir þessu skipulagi búa, vita það mæta vel, að þeim er gróði að þessu skipulagi, og við eigum hér við svo þroskað fólk, að það skilur, hvað skipulagningin er fyrir það, og þess vegna fylgir það lögunum. Það veit, að ef höggið er skarð í þessi lög með því að brjóta þau, þá missa framleiðendur þann hagnað, sem þeir hafa af þeim, og þess vegna er tiltölulega létt að framfylgja þessum lögum.

Viðvíkjandi þeirri spurningu, sem hv. 2. þm. Rang. bar fram um það, hvaða ástæðu ég hefði til þess að álíta, að kjötsalan mundi leggjast meir og meir í milliliðalausan farveg, ef bein viðskipti yrðu leyfð, þá er því að svara m. a. með því, að um leið og farið yrði að leyfa þessi viðskipti yrði erfitt að fylgjast með í því, hvaðan það kjöt kemur, sem selt er á hinum ýmsu stöðum. Það er enginn efi á, að það koma þannig ýms viðfangsefni í sambandi við beina sölu á nýju kjöti, sem gera miklu erfiðara að framfylgja lögunum og halda skipulaginu uppi í heild heldur en annars mundi reynast. Og þá er alls ekki loku fyrir það skotið, og meira að segja mjög líklegt, að ýmsir framleiðendur mundu vilja selja kjöt ef til vill á öðrum tíma, t. d. seinni part sumars, þegar kjötverð er hærra. *Fjöldi manna vildi kannske selja kjöt á þeim tíma*, og þannig yrði óviðráðanlegt, hvernig framboðið yrði, og það leiddi óhjákvæmilega til þess, að sama fyrirkomulagið yrði eins og áður, að of mikið kjöt flyttist á markaðinn og þess vegna hætta á verðfalli. Því að þegar of mikið framboð er, þá er erfitt að ráða við, að ekki sé farið á bak við lögin og kjötið — eða hvaða vara sem er — verði selt undir því verði, sem sett er, og þegar framboðið er orðið svo mikið, að ekki er hægt að koma kjötinu út, þá liggur það undir skemmdum.

Ég held því, að öllu þessu athuguðu, að þessar brtt., sem hér liggja fyrir, verði frekar til þess að gera á ýmsan hátt erfiðara um framkvæmd þessara laga. Þær eru bornar fram til þess að skera af ýmsa annmarka, sem eru tiltölulega smáir í samanburði við ávinninginn af þessum lögum. Það eru annmarkar, sem má sníða af, þegar fengin er meiri reynsla um framkvæmd þessara laga. Ég held því, að það yrði frekar til hins verra, og enda áreiðanlega, ef sumar af þessum brtt. yrðu samþ., og af þeirri ástæðu leggst ég á móti þeim.

Viðvíkjandi brtt., sem hv. 2. þm. Rang. ber fram við 10. gr. frv., þá lít ég svo á, að þessi heimild sé tvímælalaust fyrir hendi, því að í 10. gr. stendur: „kjötverðlagsnefnd gerir þær ráðstafanir, er hún telur þurfa til þess, að innlendi markaðurinn notist sem bezt". Viðtækari getur heimildin ekki verið. N. hefir heimild til þess að gera þær ráðstafanir, sem hún telur þurfa til þess, að innlendi markaðurinn notist sem bezt, og í því felst, að hún hefir leyfi til að flytja kjöt á milli verðlagssvæða, því að annars notaðist kjötmarkaðurinn ekki upp á það bezta, ef kjöt lægi á einu verðlagssvæði óselt, en væri ekki til á öðru. (PM: Um þetta hefir verið deilt). Ég held, að hv. þm. geti séð, að þetta orðalag er svo víðtækt, að það felur í sér þessa heimild.

Hv. 10. landsk. þarf ég ekki að svara miklu, í raun og veru ekki neinu, af því að ég hefi svarað honum áður. Það var þetta sama viðvíkjandi Búnaðarfélaginu, en því hefi ég svarað áður og vísa hér með til þess. En hinsvegar minntist hann á smásöluverðið. En það hefir verið af því, að hann hefir ekki athugað, að milliliðakostnaðurinn hefir lækkað úr 35% og niður í 15%, og af því stafar, að skýrslurnar sýna ekki eins hátt smásöluverð eins og ella mundi vera. En viðvíkjandi verðlaginu er það að segja, að það sýnir nokkuð greinilega, að n. hefir ratað meðalhófið, því að af sumum flokkum hefir verið fundið að því, að hún hafi sett verðið of hátt, en hv. 10. landsk., sem telur sig forsvarsmann bændanna, telur, að verðlagið hafi verið sett of lágt. Svona má lengi um það deila, en ég býst við, að flestir séu sammála um, að n. hafi ratað meðalhófið mjög vel í þessu máli.

**Magnús Guðmundsson:** Ég tók það fram við 1. umr. þessa máls, að ég væri samþ. frv. í höfuðatriðum. Ég hygg, að ég hafi bent á það þá, að það hefði verið kvartað um við mig af minum kjósendum, að rofin væru ýms þau beinu sambönd, sem áður hefðu verið milli framleiðenda og neytenda, og ég tók það fram þá, að ég teldi æskilegt, til þess að lög þessi yrðu ekki óvinsæl, að hægt væri á einhvern hátt að bæta úr þessu. Nú hafa komið fram till. í þessa átt, og má þar nefna brtt. frá þeim hv. þm. Rang.,

sem sæti á í þessari d. Ég verð að segja, að mér þykir vænt um að sjá þessar brtt., því að þær fara einmitt í þá átt, sem ég benti á. En nú segir hæstv. forsrh., að það hafi verið leyft að selja beint milli framleiðenda og neytenda. Hann sagði, að n. hefði leyft þetta, en mér er spurn: Hvar hefir það stoð í lögunum, og ef það hefir verið leyft, hvað er þá á móti því að taka það upp í lögin? Ég get ekki skilið, að það mæli neitt á móti því. Hæstv. forsrh. heldur, að það verði allt of mikið framboð á kjöti á vissum tímum, og það geti haft í för með sér, að farið verði í kringum lögin og selt undir lágmarksverði. Þetta held ég, að sé misskilningur. Það er engin hætta á, að bændur selji kjötið undir því verði, sem er lögboðið lágmarksverð. Ég veit ekki, hvaða hvöt þeir ættu að hafa til þess. Og í öðru lagi er það fjarstæða, að nokkrum manni skuli detta það í hug, að bændur séu svo óforsjálir, að þeir láti meira kjöt á markaðinn en þeir eru vissir um að geta selt. Ég er sannfærður um, að það er ekki á neinu byggt. Mér finnst því, að hæstv. forsrh. sé of eintrjáningslegur í þessu máli. Hann viðurkennir, að við framkvæmd laganna hafi komið fram ýmsir annmarkar, og hv. þm. N.-Ísf. hefir bent á ýmislegt, sem er áberandi í þessu efni, en hæstv. ráðh. vill ekki gera neitt til þess að lagfæra þessa annmarka. Við hljótum þó allir að vilja, að þessi lög, sem eiga að létta undir með bændum, geri það á þann hátt, að sem minnstir annmarkar fylgi. Ég get ekki séð, þótt brtt. hv. 2. þm. Rang. verði samþ., að það geti komið til nokkurra mála, að það verði til skemmda á lögunum. Ég verð mjög að taka undir það, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að það sé engin hætta á, þó að bændum séu leyfð bein viðskipti, að þeir svikist um að borga verðjöfnunargjaldið. Ég er sannfærður um, að þeim dettur það ekki í hug. (**Forsrh.**: Ég hefi aldrei sagt það, svo það er haft eftir einhverjum öðrum en mér). Það var þó eitt af því, sem hæstv. ráðh. færði gegn þessum brtt. (**Forsrh.**: Ég hefi aldrei sagt neitt um það, og það er líka skrifað þarna, hvað við segjum). Ef engin hætta er á, að verðjöfnunargjaldið verði ekki borgað, hvað er þá á móti að leyfa beinu viðskiptin? Þær ástæður, sem hæstv. ráðh. færði fram að öðru leyti, þarf ég ekki að minnast á, þær voru einskisvirði.

Ég heyrði ekki, að hæstv. ráðh. svaraði fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. um það, hvort heimilt sé að selja fé á fæti til slátrunar. Þetta atriði hefir verið mjög um deilt, og væri æskilegt að fá að heyra, hvað hæstv. ráðh. álítur um það.

**Þorsteinn Briem** (óyfirl.): Hæstv. forsrh. bar það fyrir, þegar hann var að andmæla brtt. á þskj. 97, að hann hefði svarað því máli áður, við 1. umr. þessa máls. Ég minnist þess ekki, að hann hafi um þetta gefið nokkur svör, sem gagn er að. Ég man eftir því einu, sem hann sagði um þetta, að Búnaðarfél. Ísl. væri ekki verzlunarfélag. Þetta ber víst svo að skilja, að Verkalýðssambandið sé verzlunarfélag. Það eru út af fyrir sig góðar upplýsingar. (**Rödd af þingbekkjum**: Heldur ómerkilegt!). En ég hygg, að Búnaðarfél. Ísl. sé ekki ómerkilegt fyrirtæki fyrir bændur, þó að það sé ekki verzlunarfélag, og að Búnaðarfél. Ísl. hafi hingað til gegnt þeim störfum að vera málsvari bænda yfirleitt í mörgu. Það var vissulega gengið út frá því á síðasta Alþ. í þessari d., að Búnaðarfél. hefði einmitt fulltrúa í þessari kjötverðlagsn. Ég hefi ekki heyrt nokkur rök fyrir því, að félag bænda, sem er fulltrúi bænda, ætti ekki að hafa meiri hl. í þessari n. Og það er hart, ef íslenzkir bændur eiga að vera það lægra settir en stallbræður þeirra í öðrum löndum, að þeir megi ekki eiga meiri hl. í kjötverðlagsn. hér, þar sem þeir hafa alla sína fulltrúa í Noregi í samskonar n., og það án þess að mótstaða hafi komið fram frá hendi neytenda. Ég vil vænta þess, að ísl. neytendur verði í þessu efni jafnsanngjarnir og norskir kjötneytendur, og hafi ekki þann yfirgang í frammi, að þeir heimti jafna fulltrúatölu í þessari n. og framleiðendurnir sjálfir.

Hæstv. ráðh. gat þess, að smásölukostnaður á kjöti hér í Rvík hefði minnkað verulega. Reyndar sagði hann, að hann hefði minnkað meira en kjötverðlagsn. hefði ákveðið. En hver ástæða er til þess, að gróðinn, sem fengizt hefir við það að losna við milliliðina, komi neytendunum einum til góða? Sá sparnaður, að losna við milliliðina um kjötsöluna, á auðvitað fyrst og fremst að koma framleiðendum kjötsins til góða, því að þeirra vegna var þessi löggjöf upphaflega sett.

**Pétur Magnússon** (óyfirl.): Hæstv. ráðh. hóf mál sitt á því að segja, að aðeins smágallar hafi verið á l. þessum og að ekki væri ástæða að vera að fást um slíka smámuni. Má vera, að hér sé aðeins um smágalla að ræða. Ég hefi lýst því yfir, að ég gerði það ekki að skilyrði fyrir því, að ég fylgi þessu máli, að brtt. mín yrði samþ. En þó að hér sé aðeins um smágalla að ræða, þá liggur það í augum uppi, að því er mér virðist, að það beri að bæta úr þeim, ef skipulagning kjötsölunnar líður ekki við það.

Hæstv. ráðh. sagði, að nm. hefðu orðið sammála um l., og vildi hann með því slá niður öll andmæli gegn frv. Það er nú algengt á hæstv. Alþ., að frv. hefir verið breytt eftir að þau hafa komið frá n. Ég veit ekki, til hvers hæstv. Alþ. yfirleitt er, ef það á ekki að bæta úr ágöllum löggjafarinnar og endurbæta frv. og till., sem til þess koma.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. beindi til mín, er það að segja, að hann hóf mál sitt á því að segja, að fyrir mér vekti það, að fá milliliðalaus viðskipti í þessu efni. Ég veit ekki, hvort hann átti við það, að ég vildi breyta þannig til, að verzlunin með kjötið í heild yrði milliliðalaus. En ég álít það nú ekki það heppilegasta. Ég er sannfærður um, að bændur hafa sjálfir ekki aðstöðu til þess að hafa eftirlit með kjötverzluninni. Ég ætlast ekki til þess, að bændur yfirleitt bjóði kjöt sitt til sölu. Ég vil, að verzlun með kjöt sé í höndum sláturfélaga, eins og hingað til hefir verið. En þrátt fyrir þá skoðun mína, vil ég samt ekki útiloka þau milliliðalausu viðskipti með kjöt, sem ég álít,

að bændum séu til hagsbóta. Ég vil milliliði í þessu efni aðeins þar, sem það er heppilegt fyrir bændur. Ef þeir hafa aðstöðu til að selja sitt kjöt milliliðalaust, þá vil ég leyfa þeim það. Hingað til hefir það þekkzt, að einstöku bændum hefir tekizt að ná hærra verði fyrir sitt kjöt en gerzt hefir almennt. Þetta vil ég ekki taka frá þeim og leggja í staðinn á þá kvöð, að gera afurðir þeirra verðminni. Það er þetta, sem ég vil leggja áherzlu á.

Það er náttúrlega rétt hjá hæstv. ráðh., að það, sem ég hugsa aðallega um, þegar ég beiti mér fyrir milliliðalausri sölu á kjöti, er reykta kjötið. Hæstv. ráðh. sagði, að þessi viðskipti hefðu verið leyfð í haust. Það er að vissu leyti rétt, en þó sjálfsagt réttara að segja, að þau hafi verið liðin. En það er nú sá galli á því, sem hv. 1. þm. Skagf. er réttilega búinn að benda á, að kjötverðlagsn. hefir, strangt tekið, enga heimild til þess að líða þetta, því að í l. eins og þau nú eru, er slíkt bannað. Ég álít hinsvegar, burt séð frá þessu, að n. hafi breytt þar skynsamlega, eins og ég álít líka, að n. hafi stillt kjötverðinu mjög skynsamlega í hóf.

En þó að þetta hafi verið liðið í haust, þá er ekki nóg fengið með því. N. hefir gert þetta til þess að vekja ekki deilur eða úlfúð að óþörfu. En engin trygging er fyrir því, hvernig þetta verður haft næsta haust, þó að núv. nefndarmenn ráði þá. Og vel getur orðið skipt um menn í n., svo annað verði fyrir þá sök uppi á teningnum í þessu efni, ef ekki eru sett ákvæði um þetta atriði. Ef sú ætti nú að vera reglan, að þessi viðskipti væru leyfð milliliðalaus, ja, hvernig stendur þá á því, að ekki má setja það í l., til þess að menn við þessa verzlun hafi það ekki á tilfinningunni, að þeir séu að brjóta lögin? Ég fyrir mitt leyti sé enga skynsamlega ástæðu fyrir því, að ekki megi lögfesta þetta.

Hæstv. ráðh. færði í síðari ræðu sinni þau aleinu rök, sem ég heyrði hann koma með í þessu máli gegn milliliðalausum viðskiptum, er hann sagði, að slík viðskipti gætu leitt til þess, að á vissum tímum yrði of mikið framboð á kjöti, og á hann þar auðvitað við sumarmánuðina, annan tíma getur hann ekki hafa átt við, því að haustið skiptir ekki máli í þessu sambandi, eftir að sláturtíð er byrjuð. Nú verður hæstv. ráðh. að gæta þess, að aðstaða bænda til að verzla með kjöt um sláttinn er erfið. Litil líkindi eru til þess, að bændur mundu þá slátra fé til að senda kroppana á skipum eða bílum til að selja þá hér milliliðalaust. Eftir minum till. er aðeins um einkaviðskipti að ræða. Samkv. þeim eiga einstakir menn ekki að hafa heimild til að bjóða kjöt sitt til sölu á frjálsum markaði, sem spillt gæti fyrir sölu á öðru kjöti, heldur aðeins heimild til þess að selja með fyrirfram gerðum samingum, þannig, að hönd seldi hendi. Þetta gæti orðið til þess, að minni sala yrði hjá sláturhúsum á sama tíma, en heildarútkoman yrði sú sama, kjötneyzlan yrði ekki minni og verðið lækkaði ekki á kjötinu við það. Á því yrði engin hætta.

Fyrirspurn minni um það, hvernig ætti að gæta þess, að boðum þessara l. yrði framfylgt, svaraði hæstv. forsrh. þannig, að hann sagði, að fólkið væri svo þroskað, að það sæi, að l. þessi væru því til hagsbóta og myndi þess vegna fylgja þeim. Ég leyfi mér nú samt að efast um, að allir séu svo þroskaðir. En ég vil þó spyrja: Ef fólkið er svo þroskað, að það fylgir þessum l. af greindum ástæðum, er það þá ekki nógu þroskað til að fylgja vissum reglum um að selja kjötið öðruvísi? Ég get ekki séð, þótt frv. yrði breytt eftir till. minum, að það þyrfti að draga neitt úr þroska fólksins. Ekki held ég heldur, að hætta yrði á því, að bændur mundu undirbjóða sláturhúsin um kjötverð fyrir það.

Ég held, að ég hafi nú svarað aðalaðfinnslum hæstv. ráðh. um brtt. minar. Get ég ekki séð, að neitt af þeim sé á rökum byggt né heldur fæli þær hv. þdm. frá því að greiða atkv. með brtt.

Ég játa það, að ég geri ráð fyrir, að 10. gr. frv. sé rétt skilin þannig, að kjötverðlagsn. sé heimilt að takmarka kjötflutninga á milli verðlagssvæða. En ég vil með þessari viðbót við gr. gera það enn þá skýrara, til þess að það sé algerlega fyrirbyggt, að koma þurfi til greina hárfínar lagaskýringar um atriði þessara l. L. geta því aðeins komið að verulegu gagni, að þetta sé heimilt. Hvers vegna þá að hafa það á huldu?

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er aðeins stutt aths., þó að reyndar hefði ég þurft að halda dálitla ræðu út af því, sem fram hefir komið. — Ég skil ekki þá endurtekningu hjá hæstv. ráðh., er hann talar um að leggja málið fyrir n. á ný. Landbn. er búin að skila áliti um málið. Það hefir ekki verið venja að láta frv. á þessu stigi máls fara til n. aftur. Auðvitað getur það komið til mála, ef brtt. við það kemur fram til 3. umr.

Hæstv. ráðh. hefir ekki svarað fyrirspurn minni um það, hvort selja megi lifandi fé til slátrunar eða ekki. Ég vænti þess að fá skýrt svar um þetta frá honum áður en umr. er slitið.

Um það, að n. hefði sérstaka kunnugleika, og þá sérstaklega að einn maður í n. sé kunnugur víða á landinu, skal ég upplýsa það, að einn þessara nm., sá, sem hæstv. ráðh. mun eiga við, er hann talaði um einn þeirra sem sérstaklega kunnugan á landinu, hann sagði bændum í Ísafjarðarsýslu, að þeir í þessu tilfelli þyrftu ekki annað en að senda skeyti til kjötverðlagsn., til þess að fá leyfi til að slátra fé sínu heima, ef þeir hefðu erfiða aðstöðu til að reka það í sláturhús. Hann taldi, að þetta mundi fást og orðaði fyrir þá beiðnina um þetta til kjötverðlagsn. En hvað skeður? Eftir 2 daga fá þeir nei. Svona gafst þá ráð mannsins, sem kunnugleikana hafði. Hann hafði nefnilega ekki ráðin í n. í þessu tilfelli.

Hæstv. ráðh. sagði, að hvorki höfundar frv. né n., sem um lagasetningu þessa hefir fjallað, hafi borið það fram, að almenn ósk hafi komið fram um breyt. á því. Ef ekki á að breyta neinum l. hér á hinu háa Alþ., nema þeir, sem búa frv. til, óski eftir breyt., þá verð ég að segja, að það sé bezt að leggja engin frv. fyrir þingið, því að það væri þá tilgangslaust. Og ég get hugsað mér, að þannig sé það þá með þessi bráðabirgðal., að þeim eigi helzt ekki að breyta, jafn-

vel þó að rökin stangi aðra eða þriðju hverja grein þessa frv. Hæstv. ráðh. sagði, að maður mætti ekki setja það fyrir sig, þótt einhverjir gallar væru á l. En til hvers er verið að koma hér fram með frv., ef hið háa Alþ. má ekki bæta úr göllum á þeim? Ég hefi með ótvíræðum rökum bent á stóra galla á frv. að því er snertir stór svæði á Vesturlandi, þar sem í frv. ræðir um að taka af bændum þar þau tiltölulega miklu vöruskipti, sem menn þar hafa haft sín í milli, sumir áratugum saman. Ég sé nú ekki ástæðu til að fara með lagasetningu að spilla fyrir þessu. Hvaða ástæða er til að skylda þessa bændur til þess að fara að flytja kjötið til Ísafjarðar, þ. e. reka féð þangað, og meina þeim að selja kjötið beint til neytenda upp í vörur, sem þeir hafa oft fengið handa heimilum sínum mörgum mánuðum áður? Til hvers á að láta þessa bændur borga 5 aura af hverju kg. til þess eins að láta vigta kjötið út úr sláturhúsunum til neytenda?

Ég tel frv. stórgallað fyrir þá menn að m. k., sem tapa fyrir það 15 aurum á hvert kg. af kjöti, sem þeir selja.

Um vöruskipti á milli landbænda og sjávarbænda getur ekki verið að ræða, nema báðir aðilar geti verið vissir um þau löngu áður. Landbændur hafa þarna vestra fengið vörur hjá sjávarbændum að vorinu og sumrinu, þegar flest fólk er hjá þeim í heimili. Og ef þeir geta ekki þá látið sjávarbændur vita, hve mikil vöruskipti þeir geta haft á árinu, þá blýtur það að draga úr þessum vöruskiptum, eða þau hætta að mestu, til stórskaða fyrir báða aðila. Hæstv. ráðh. sagði, að vöruskipti væru leyfð. Mér er ekki kunnugt um, að þau hafi verið leyfð í Ísafjarðarsýslu, þar sem þeirra er almennust þörf. Flestir, mér liggur við að segja allir, bændur í Norður-Ísafjarðarsýslu hafa haft vöruskipti á þennan hátt.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki erfitt að framfylgja l. þessum. Ég veit, að það er ekki erfitt fyrir kjötverðlagsn. að segja: „Svona skal þetta vera“ og „svona skal þetta ekki vera“. En erfiðleikarnir eru hjá bændunum, sem stórtapa á þessu fyrirkomulagi. Ég hélt, sannast að segja, að þessi lög ættu að vera sett bændum til hagsbóta, en ekki fyrir vissa n., og að kvartanir bænda ætti fremur að taka til greina en álit skrifstofu hér í Reykjavík.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** (óyfirl.): Þetta fer nú að verða endurtekningasamt. Hv. þm. N.-Ísf. er byrjaður á því að nota hér einkennileg rök. Fyrst er það, að ég upplýsti tvisvar eða þrisvar, að vöruskipti hefðu verið leyfð af n. um allt land, þar sem beðið hefði verið um það. Svo flytur hv. þm. hér langa ræðu um það, að vöruskipti hafi ekki verið leyfð. Og hann endar ræðu sína með því að segja, að ég hafi gefið þær upplýsingar, að þau hafi verið leyfð, en sér hafi ekki verið kunnugt um það. Hvernig get ég að því gert, þó að hann viti ekki, að þessi vöruskipti voru leyfð. (**JAJ**: Ég má til að fá að svara þessari firru). Ég hefi leitað upplýsinga hjá n. um þetta, og þetta er staðreynd, sem ekki er hægt að mótmæla, þó að hv. þm. N.-Ísf. hafi ekki um það vitað. Og að ýmsir bændur þar í héraði hafa ekki vitað um það í haust við framkvæmd l., eru aðeins ágallar við fyrstu framkvæmd l., sem verður vitanlega breytt, þegar farið verður að framkvæma þau til lengdar. Hinsvegar er óþarft að dæma þessi lagaákvæði fyrir það, þótt svona eigi sér stað við fyrstu framkvæmd.

Hv. þm. minntist á það, að ég hefði minnzt sérstaklega á höfunda l. þessara og sagt, að þeir og n. hefðu ekki séð ástæðu til að koma fram með óskir um breyt., eftir að þeir hafa fengið þá reynslu, sem fengin er. Ég verð nú að segja það, án þess þó að hnýta að hv. þm. N.-Ísf., að ég vil álíta, að þeir menn, sem sömdu l., og eins þeir, sem eru í n. nú, hafi miklu meiri kunnugleika á þessum málum heldur en þessi hv. þm. og við báðir. Þessir menn eru fyrst og fremst búnir að finna það, hvar skórinn kreppir að við framkvæmd l.

Ég hefi ekki sagt, að ekki mætti koma fram með aths. við þessi l. En það, sem mest er um deilt, er það, hvort þær breyt., sem um er að ræða og eru smáatriði, skemma ekki meira heildarfyrirkomulagið en bæta, þó að þær bæti fyrir sárfáum einstaklingum, sem sérstaklega stendur á fyrir. Ég hefi bent á, að bæta má úr fyrir þessum fáu mönnum með því að setja undanþáguheimild í l.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að það hefði verið beðið um undanþágur, en þær hefðu ekki verið leyfðar. Mér hefir nú einmitt verið sagt af þeim manni, sem bezt má um þetta vita, að það hafi verið beðið um undanþágur og þær hafi verið levfðar, nema þar, sem álitið var, að þeirra væri ekki þörf. Um það má auðvitað deila, hvort mistök hafi orðið um framkvæmd þessa atriðis. Það er auðvitað ástæðulaust að veita undanþágur, ef auðvelt er að koma fénu í sláturhús.

Þá spurði hv. 1. m. Skagf., hvort ekki væri leyfilegt að selja reykt kjöt. Það getur leikið vafi á því, hvort ekki beri að skýra l. þannig, að það sé leyfilegt. Þó að þetta sé ekki tekið fram í l., þá hefir komizt á sú venja, að undanþágur eru leyfðar í l. svipuðum þessum. Ég álít sjálfsagt í l. eins og þessum, að þó að það sé ekki sérstaklega tekið fram í l., að selja megi reykt kjöt, þá eigi að veita slíka undanþágu.

Hv. 1. þm. Skagf. segir, að engin hætta sé á því, þó leyfð verði sala á kjöti milliliðalaust, að það verði selt undir verði. En ég er þvert á móti þeirrar skoðunar, að það sé mikil hætta á því. Hættan liggur í því, að mönnum verður of annt um að koma kjöti á innlenda markaðinn, af því að hann er betri. Þegar komið er of mikið kjöt á markaðinn, þá verða menn neyddir til þess að selja það undir verði. Hvað snertir reykta kjötið, þá er ég fús á, að það sé tekið til athugunar við afgreiðslu frv. En ég er ósammála því, að undanþága sé leyfð með nýtt kjöt. Það mundi lækka verðið vegna aukins framboðs. Ég vil vekja athygli á því, að það, sem um er deilt, er þetta, hvort það, sem einstakir þm. vilja telja galla á frv. og því afnema, hvort það yrði ekki einmitt til þess að skemma l. sem heild, svo að við það tapaðist

meira en ynnist. Ég hygg, að meginstefna l. skemmdist með slíkri breytingu.

Þá vil ég víkja að því, sem hv. 10. landsk. var að tala um, að Búnaðarfélag Íslands ætti að skipa mann í nefndina. Mér finnst ekki ástæða til þess að segja mikið um þetta. Mér finnst þetta ómerkilegar hártoganir og karp hjá hv. þm. Ég sé enga ástæðu til þess, að þetta félag skipi mann í nefndina, því bændur hafa önnur félög, sem annast sölu á afurðum þeirra. Það var sjálfsagt að skipa fulltrúa frá þeim og láta Búnaðarfélag Íslands sitja á hakanum. Neytendurnir hafa ekki samskonar verzlunarfélög, og því var ekki um slík félög að ræða, þegar valdir voru umboðsmenn fyrir þá. Það vita allir, í hvaða tilgangi þetta er borið fram. Hv. þm. staðhæfði, að annarsstaðar skipuðu bændurnir alla mennina í nefndina. Þetta er sagt alveg út í loftið, og er í rauninni ekki svaravert. Í Englandi og Svíþjóð skipar stjórnin t. d. í nefndina.

**Jón Baldvinsson** (óyfirl.): Þeir voru ekki lánlausir íslenzkir bændur, að það skyldi ekki verða hlutskipti hv. 10. landsk. að bera fram þetta mál og „organisera" kjötsöluna. Það er augljóst, að hann hefði siglt því öllu í strand, eftir því, sem hann talar núna. Sú varfærni, sem talin er hafa einkennt framkomu þessa hv. þm., er nú algerlega farin af honum. Hann talar um, að það sé móðgandi fyrir íslenzka bændur, að þeir eigi ekki alla mennina í n. Ef hv. 10. landsk. hefði mátt ráða, þá hefði hann skipað eintóma framleiðendur í n. En þá hefði auðvitað ekkert samkomulag náðzt og allt málið sprungið. Þetta ætti hv. þm. að vita, sem hefir gutlað talsvert í pólitík og verið í ráðherrastóli. Hann ætti að vita, að ef neytendurnir eru á móti málinu, þá er ómögulegt að koma því fram. Hann talar um, að það sé metnaðarmál íslenzkra bænda að eiga alla fulltrúana í nefndinni, svo að þeir gætu þá skipað þessum málum eins og þeim sýndist. Þá ætti ekki tillit að taka til þeirra þúsunda, sem taka við vörunni og kaupa hana. Hv. þm. vitnar í Noreg og segir, að þar eigi bændurnir alla mennina í nefndinni. Hann segir, að þetta hafi ekki vakið neinar deilur í Noregi. Ég les nú ekki svo mikið í norskum blöðum, að mér sé svo vel kunnugt um þetta. Það getur verið, að þar hafi engin deila risið út af kjötsölumálinu. En mjólkurstríð var þar. Neytendur neituðu að kaupa mjólkina og hinir hættu að selja hana. Þetta stríð var lagað með samkomulagi milli seljenda og neytenda, eins og hér hefir verið gert í kjötsölumálinu.

Hv. þm. talaði um, að verkamannasambandið og iðnsambandið væru ekki verzlunarfélög, og vitnaði í því sambandi í ummæli hæstv. forsrh., sem hann hefði viðhaft á fundi einum. Hv. þm. sagði þetta með hálfgerðri kimni, eins og hann vildi gefa í skyn, að þetta væru nú sami hálfgerð braskfélög. Eftir frv. eru nú teknir í n. fulltrúar frá tveim stærstu neytendafélögunum í landinu, og eiga þeir að gæta þess, að kosti neytenda sé ekki þrengt. Ef hv. 10. landsk. hefði ráðið í þessu máli, þá hefði hann sprengt allt í loft upp, og þá hefði ekki orðið neitt úr neinu.

**Magnús Guðmundsson:** Ég hefi skilið hæstv. forsrh. svo, að hann teldi sölu á fé á fæti til slátrunar leyfilega. En þetta hefir verið umdeilt mál. Ég álít fyrir mitt leyti, að hún sé leyfileg. Hún er a. m. k. ekki bönnuð. Hæstv. forsrh. sagði, að bein viðskipti með hangikjöt væru leyfileg, en ekki með nýtt kjöt. Í lögunum er engin stoð fyrir þessu. Það hafa því komið fram annmarkar, sem úr hefir verið bætt við framkvæmd laganna. Og um það er auðvitað ekkert nema gott eitt að segja. En þegar bent er á þessa annmarka hér og reynt að bæta úr þeim með brtt., því má þá ekki samþ. þær till.?

**Þorsteinn Briem** (óyfirl.): Hæstv. forsrh. vitnar í það, sem og er rétt, að nefndin, sem bjó til frv., hafi gengið vel frá því, og þess vegna sé varhugavert að breyta því. Mér skilst, að það væri sú röksemd, sem hann beitti sérstaklega gegn hv. þm. N.-Ísf. og hv. 2. þm. Rang. En ég vil benda hæstv. forsrh. á það, að nota þessa röksemd á sjálfan sig og leiðrétta það, sem hann hefir breytt í frv. eftir að afurðasölunefndin gekk frá því. Það eru eingöngu tylliástæður, að ekki megi hafa fleiri bændur í nefndinni. Ég veit ekki betur en þessi hæstv. ráðh. hafi gefið út l., þar sem gert er ráð fyrir sjö manna nefnd. Hann hefir yfirleitt ekki bundið sig við ákveðna tölu, heldur hefir það verið eins og harmonika, sem draga má sundur og saman. Hæstv. ráðh. vill bregða mér um óhreinar hvatir. Vill hann þá ekki líka bregða afurðasölunefndinni um illar hvatir, því að hún hafði það eins og ég legg til? Þetta finnst mér að séu slæmar þakkir fyrir hennar góða starf.

Það er sagt, að þunnt sé móðureyrað. Hv. 4. landsk. hefir réttilega fundið, að rök hæstv. forsrh. væru ekki sterk. Ég skil vel, að hann skoði sig sem móður stjórnarinnar. (**JBald:** Það eru fleiri, sem hafa mömmur). Hefir ekki hv. 4. landsk. margar mömmur? Til þess að gera sér hægra um vik, sneri hann út úr því, sem ég sagði. Þetta verður að virða honum til vorkunnar. Hann hefir þurft þess með, rökin hafa verið lítil. Hann sagði, að ég berðist fyrir því, að framleiðendurnir skipuðu alla nefndarmennina. Þetta sagði ég aldrei, en ég sagði, að það væri svo í Noregi. Með brtt. ætlast ég til, að neytendurnir hafi ekki jafnmarga fulltrúa og framleiðendurnir.

Hv. 4. landsk. var með spádóma um það, að allt hefði strandað, ef aðrir en núv. stjórn hefðu lagt hér hönd að verki.

Ég veit ekki til, að nein óánægja hafi verið í Noregi um kjötsölumálið, og það er af þeirri ástæðu, að jafnaðarmennirnir þar eru sanngjarnari en jafnaðarmennirnir hér. Jafnaðarmennirnir í Noregi hafa líka notið þess, því þeir eru tiltölulega miklu fjölmennari en jafnaðarmennirnir hér. Þeir hafa t. d. alveg nýlega unnið góðan sigur í bæjarstjórnarkosningunum þar.

Hv. þm. brá mér um kimni. Ég vil nú vísa því frá mér. Ég er ekki vanur að viðhafa kimni í

slíkum málum. En mér heyrðist aftur á móti á hv. þm., að hann væri fullur af kímni. Hv. þm. talaði um, að bændurnir vildu þrengja kosti neytendanna. Þessu vil ég kasta aftur til ræðumanns órökstuddu. Þeir hefðu auðvitað séð sinn hag í því, að þrengja ekki kosti neytendanna. — Þetta átti aðeins að vera stutt aths. og verð ég því að hætta, þó tilefni væri til að segja meira.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja mikið umr. út af karpi hv. 10. landsk. um það, að Búnaðarfélag Íslands eigi að hafa fulltrúa í n. Ég get ekki gert að því, þó að honum þyki það lítil rök, að neytendunum sé sýnd sú sanngirni, að málið geti gengið friðsamlega úr hendi. Ef hv. þm. getur ekki skilið slík rök, þá vil ég leiða minn hest frá honum. Aðalatriðið í þessu máli er það, að neytendunum sé sýnd sú sanngirni, að þeir geti tekið með sanngirni á málinu aftur á móti. Og það er meira virði en að skipa í nefndina fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands. Eftir frv. er nefndin skipuð þannig, að framleiðendurnir skipa tvo fulltrúa frá verzlunarfélögum sínum, og 3. maðurinn er skipaður þannig, að þeir hafa meirihlutavald í nefndinni. Ég leyni því alls ekki, að ég legg einmitt mikla áherzlu á starf og till. þessarar nefndar, vegna þess að þar eru þeir menn að verki, sem eru allra manna kunnugastir þessum málum. Og mér þykir engin minnkun að kannast við, að þeir menn eru miklu færari í þessum málum en ég. Og ég býst við, að þeir sumir hverjir hafi miklu meiri reynslu bak við sig en þeir hv. þm., sem talað hafa hér í deildinni. En hv. þm. lagði megináherzlu á þessi rök, að fyrst ég tæki sérstaklega mikið tillit til till. þessara manna, sem hafa farið með þessi mál, þá hefði ég jafnframt átt að leggja áherzlu á að taka tillit til þeirra um það, hvernig n. er skipuð. Ég býst við, að það sé því rétt að upplýsa það, fyrst hv. þm. veit ekki betur — eða er ekki sannsöglari en raun er á —, að um þetta eina atriði voru nm. ósammála. (**ÞBr:** Fimm eða sex á móti einum). Það hefði mátt koma fram, að þeir voru ósammála um þetta eina atriði, og þess vegna varð ég auðvitað að skera úr. Svo að þetta, sem hv. 10. landsk. leggur megináherzluna á, eru þess vegna síður en svo nokkur rök.

Þá vísaði hv. þm. til Noregs, að þar hefði engin sundurþykkja út af afurðasölu átt sér stað. (**ÞBr:** Kjötsölunni). Hann sagði reyndar „kjötsölunni". Hann er einkennilega laginn við það, þessi hv. þm., að kveða þannig að orði, að ekki sé nema hálfsögð sagan. En það var einmitt mjólkursölumálið í Noregi, sem olli sundurþykkju, vegna þess að ekki var tekið nægilega mikið tillit til neytenda. Ég held, að hv. þm. ætti að temja sér að fara öllu sannara með, þegar hann talar hér í hv. deild. Einmitt í Noregi fór það svo, að bændur skildu mjólkina í göturennurnar í viku meðan mjólkurmálið stóð fast og allt var í tvísýnu, einmitt vegna tillitsleysis við neytendur. Þetta er nú sagan af annari hlið afurðasölumálsins í Noregi. Og það er því ekki vafasamt, að með því að taka tillit til neytenda án þess að það væri á kostnað framleiðenda, sem höfðu meiri hl. í n., þá er málinu bezt borgið; og þessi fleygur, sem borinn er fram, hefir enga þýðingu fyrir lausn málsins, aðra en þá, að reyna að koma á ófriði, sem gæti spillt málinu.

Annars má benda á það, að eitt af aðalkosningamálum þessa hv. þm., sem þykist vera alveg sérstaklega kjörinn fulltrúi bænda, var afurðasölumálið. Nú er upplýst, að ef hv. þm. hefði náð meirihlutavaldi með Sjálfstfl., þá hlutu loforð í þessu máli að enda á svikum, vegna þess að nú er líka upplýst, að til eru menn í þessari hv. deild — og heyrt hefi ég það sama um Nd. —, sem ekki vildu leysa málið. Hann getur trútt úr flokki talað, hv. þm., þar sem bersýnilegt er, að einmitt þetta mál, sem haft var aðallega á oddi, hlaut að leiða til svika. Hv. 1. þm. Reykv. lýsti sig mótfallinn þessu skipulagi. Er það ekki ósennilegt um fleiri, því að það er yfirlýst af einstökum sjálfstæðismönnum, að þeir teldu það ekki flokksmál að leysa afurðasölumálið.

En úr því að þessi hv. þm. þykist standa sem sérstakur postuli fyrir Búnaðarfélagið, þá er rétt að upplýsa, að einmitt meðan hann var ráðh. gat hann sett l. um kjötsöluna, vegna þess að n. var skipuð 7. marz eða apríl (man ekki hvort heldur); en hvort sem var, þá var það nægilega snemma til þess, að hún væri búin að ljúka störfum, ef formaður n., sem er flokksmaður hv. þm., hefði látið hana starfa. Hún kom einu sinni á fund eftir að hún var skipuð, en síðan ekki fyrr en eftir kosningar, og þá lauk hún sínu starfi á einum mánuði. Hún gat þess vegna eins lokið sínu starfi í apríl s. l. vetur. Hefði því þessi hv. þm. viljað skipuleggja mjólkursöluna í vetur, þá hafði hann meiri hl. á bak við sig. En hann bjóst ekki við fylgi sjálfstæðismanna, þeir skrifuðu á móti málinu. Því er bersýnilegt, að allt, sem hann ber fram í hv. deild, eru blekkingar, þetta mál hlaut að fara í strand. Og það var þó aðalkosningamálið.

**Þorsteinn Briem** óyfirl.: Ég skal reyna að misnota ekki leyfi hæstv. forseta. Ég er dauður og má ekki tala nema örstutt. En það vildi svo til, að hæstv. forsrh. þurfti að halda lengsta ræðu um brtt., sem ég ber fram, einmitt þegar ég var dauður. Honum hefir þótt sér henta það bezt. Hann var enn að vitna í það, að hann hefði viljað taka tillit til afurðasölunefndarinnar, en sagði, sem rétt var, að hún hafi verið ósammála um skipun kjötverðlagsnefndarinnar. En hvers vegna tók þá hæstv. forsrh. minna tillit til þeirra 5 eða 6 manna, sem mæltu með því, að Búnaðarfél. Íslands hefði fulltrúa í n., heldur en þess eina, sem á móti var? Var það af því, að hann hugði, að þessi eini, sem er fulltrúi kaupstaðarbúa, bæri hag bændanna fyrir brjósti heldur en fulltrúi bændanna sjálfra? (**Forsrh.:** Þeir voru þrír á móti). Það mun þá hafa gerzt á síðustu stundu, þegar önnur atriði eru komin þar til greina en voru í fyrstu, væntanleg stjórnarmyndun og annað slíkt.

Þá kvað hæstv. ráðh. það upplýst mál, að ef fyrrv. stj. hefði haft málið til meðferðar, hefði það ekki gengið fram hér á Alþingi. Það er þá þar með upplýst, að Framsfl. hefði gengið á móti málinu, ef hann hefði átt forgönguna og verið *í stjórn*; því að öðruvísi gat það ekki strandað. Það var yfirlýst af Bændafl., að hann fylgdi málinu, og ég man ekki betur en það standi í samþykkt landsfundar sjálfstæðismanna, að hann sé málinu meðmæltur. (**PM:** 1. þm. Reykv. hefði ekki drepið það einsamall!). Það hygg ég rétt vera, sem hv. sessunautur minn segir, að hv. 1. þm. Reykv. hefði ekki drepið það einn.

Þá sagði hæstv. forsrh., að afurðasölunefnd hefði getað lokið störfum fyrr. En það var svo, að þeir aðilar, sem áttu að tilnefna mann í n., voru ekki tilbúnir með sína tilnefningu fyrr en 20. marz. Og þá voru ýmsir, sem þarna áttu að vinna, bundnir annarsstaðar, einn t. d. í útlöndum nokkuð af tímanum, og svo um sjálfar kosningarnar. Hygg ég, að meiri hl. þeirra hafi verið frambjóðendur. Og ég hygg, að form. n. hafi gert það, sem í hans valdi stóð, til að flýta málinu. Vitanlega var ekki hægt að halda marga fundi meðan verið var að vinna úr skýrslum, sem lágu fyrir n. En ég tel, að störfum hafi verið flýtt eins og bezt varð gert.

ATKVGR.

Brtt. 97 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ, MG, PM.

**nei:** BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, MJ, PHerm, SÁÓ, EÁrna.

Brtt. 72,1 felld með 9:2 atkv.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 92,1 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GL, JAJ, MG, MJ, PM, ÞÞ.

**nei:** HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, ÞBr, BSt, EÁrna.

Brtt. 72,2 tekin aftur.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 92,2 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PM, ÞBr, GL, JAJ, MG, MJ.

**nei:** PHerm, SÁÓ, ÞÞ, BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna.

4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 92,3 tekin aftur.

— 72,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 72,4 tekin aftur.

6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

7.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 92,4 samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, IngP, JAJ, MG, MJ, PM, EÁrna.

**nei:** HermJ, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

11.—15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

---

Á 18. og 20. fundi í Ed., 22. og 24. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., 25. okt., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 160, 168, 173, 174, frhn. 205).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þegar landbn. hafði þetta frv. til athugunar milli 1. og 2. umr., mun það hafa vakað fyrir nokkrum hluta n., að réttast mundi að breyta þessu frv. ekki nú, ekki vegna þess, að ekki mætti búast við, að á frv. væru einhverjir gallar, heldur frekar vegna hins, að þetta frv. er shlj. bráðabirgðal., sem nú eru í gildi og þar af leiðandi fæst reynsla um. Þessi hluti n. taldi heppilegra að breyta ekki frv. fyrr en reynslan væri talsvert búin að sýna sig, svo að þær breyt., sem gerðar kynnu að verða, yrðu meira til frambúðar. Nú komu fram margvíslegar raddir um breyt., sérstaklega við 2. umr. málsins, og eftir að hafa athugað þær uppástungur, sem fram komu, varð n. sammála um að bera fram breyt. við frv. á þskj. 205. Þessar breyt. eru aðeins tvær og í tveim stafliðum hvor, og þykir mér rétt að gera örstutta grein fyrir því, í hverju þessar brtt. eru fólgnar. — Fyrri brtt. er við 3. gr. Stafl. a gerir ráð fyrir því, að það verði settar samskonar reglur um sölu lifandi sláturfjár eins og um kjöt. Það var rætt um það við 2. umr., hvernig ætti að skilja frv. gagnvart þessu atriði, og ég var ekki alveg viss um, hvort menn voru sammála um það, en n. þótti rétt, að þetta atriði væri alveg augljóst, og það verður á þá leið, að leyfi þurfi til þess að verzla með lifandi sláturfé eins og kjöt. Það liggur líka í hlutarins eðli, að þetta er svo skylt, kjötið og sláturskepnan meðan hún er lifandi. N. fannst því sjálfsagt, að þetta hvorttveggja lyti sömu reglunni. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því, að sala hangikjöts frá heimilum skuli vera frjáls, en greitt sé af því kjöti verðjöfnunargjald eins og öðru kjöti, sem selt er innanlands. N. athugaði það, hvort ekki *væri rétt* að heimila kjötverðlagsnefnd að veita heimild til þessa eftir beiðni, en komst að þeirri niðurstöðu, að úr því yrðu vafningar og skriffinnska, sem máske hefði í för með sér meiri kostnað en sem svaraði því, sem meira kynni að innheimtast af verðjöfnunargjaldinu.

Þá er í b-lið brtt. gert ráð fyrir því, að kjötverðlagsnefnd sé heimilt að veita einstaka mönnum undanþágu frá því að reka fé til slátrunar, þar sem sérstakir annmarkar séu á því. Þetta kom til umr. í d., og n. þótti því rétt að stinga upp á þessari leið til að bæta úr þeim óskum, sem fram hafa komið um þetta efni.

Síðari brtt. er við 4. gr. frv., og er fyrri liðurinn einfaldur og auðskilinn, um að heimildin til verðjöfnunargjalds skuli hækka úr 8 aur. upp í 10 aur.

Mér þykir rétt að taka það fram, eins og stendur í grg., að einn nm., hv. 2. þm. Rang., er þessari brtt. ósamþykkur.

Það er nú vitað, að þetta frv. hefir tvenns konar tilgang, þann, að halda uppi hæfilegu verði á því kjöti, sem selt er innanlands, þó á þann hátt, að neytendum verði það ekki dýrara

en þörf er á, og að halda uppi verði á því kjöti, sem selt er á útlendum markaði, og þetta verðjöfnunaratriði fjallar einmitt sérstaklega um það. Meiri hl. n. leit svo á, að eftir því útliti, sem nú væri á kjötsölu erlendis, væri enganveginn séð fyrir þessari hlið málsins með frv., og leggur því til, að heimildin færist úr 8 au. upp í 10 au.

Þá var brtt. hv. 10. landsk. á þskj. 174 tekin með. N. þótti einlægara að taka þetta saman í eina heild, af því að hún vildi standa saman um að samþ. þessar till. — Ég hefi svo ekki fleira að segja um brtt. fyrir n. hönd.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefði óskað þess, að hv. frsm. hefði minnzt á, hvaða afstöðu hv. landbn. hefir tekið til brtt. á þskj. 168. (**PHerm:** Það er markað með till. n.). Þá er það svo að skilja, að hv. n. setji sig á móti þessum brtt. Ég veit, að það muni vera að nokkru af því, að kjötverðlagsnefnd er gefin heimild til þess að undanþiggja þá bændur ákvæðum l., sem hafa sérstaklega erfiða aðstöðu til að flytja afurðir sínar til sláturhúsa, og leyfa þeim að selja kjötið beint. Ég hygg, að í framkvæmdinni yrði þetta svo, að nokkrum einstökum bændum verði heimilað slíkt. En nú er svo ástatt víða á Vestfjörðum, að aðstaða bænda er mjög slæm í þessu efni, og sérstaklega er það svo í N.-Ísafjarðarsýslu. Þar eru fleiri en 1 og fleiri en 2 hreppar, sem hafa ákaflega erfiða aðstöðu um að flytja fé til Ísafjarðarkaupstaðar. Hinsvegar mætti greiða fyrir þessum mönnum og létta af þeim þeim stórkostlega kostnaði, sem þeir hafa af því að flytja fé til Ísafjarðar — bæði kostnaði, sem er við að flytja það á fæti, og þeim óbærilega kostnaði, sem hlýzt af því, að þeir geta ekki selt aðrar afurðir, t. d. slátrið, og ekki heldur tekið það heim. Það hagar svo til á þessum slóðum, bæði vegna fjarlægðar og vegleysa, að ómögulegt er að koma þessum mat óskemmdum heim. Nú síðustu daga hefir verið mikið kvartað um þetta við mig gegnum síma, að bændur hafi algerlega misst þessa vöru, slátrin, sem þeir hafa notað mjög mikið til heimila sinna, og ýmist orðið að selja hana fyrir sáralítið verð eða hún hefir orðið að engu hjá þeim nú á þessu hausti. En ef þessum bændum, sem svona er ástatt um, væri nú leyft að mynda með sér sölufélag, þá gætu þeir slátrað fé sínu heima í hreppnum. Þeir gætu sennilega búið sér til hentugt húsnæði til slátrunar og þeir hafa jafnvel nú þegar húsnæði, sem þeir gætu breytt í sæmileg sláturhús. Þetta er þeim alls ekki leyfilegt eftir frv., eins og það nú liggur fyrir, og ekki heldur þó að brtt. n. verði samþ., því að eftir frv. eru það aðeins samvinnufélög, og svo þeir, sem hafa starfrækt sláturhús á árinu 1933, sem mega starfrækja sláturhús hér eftir. Þó bændum væri leyft að hafa sölufélög, þá þurfa þeir ekkert verzlunarleyfi og engan lögskráðan félagsskap, en aðeins samþykkt innan félagsins, því að ekkert verzlunarleyfi þarf til þess að verzla með eigin afurðir.

Ég get ómögulega skilið, að hv. landbn. eða hv. d. geti verið minnsta þægð í því að gera þessum bændum, sem hér um ræðir, slík óþægindi sem þessi, er lýst hefir verið hér á undan, og sem mætti leysa á einfaldan hátt, með því að samþ. brtt. mínar og leyfa kjötsölufélögum bænda frjálsa verzlun með það, sem í sláturhúsum þeirra yrði slátrað.

Hv. þm. sagði, að það væri tvennskonar tilgangur, sem ætti að nást með þessum l., sem sé að halda kjötverðinu hæfilega háu, svo að bændur gætu framleitt kjöt — og er það rétt og að sjálfsögðu nauðsynlegt —, en hinn tilgangurinn sagði hann að væri að halda uppi verði á erlendum markaði. Til þess höfum við vitanlega engin ráð. Við getum aðeins gefið þeim mönnum nokkra uppbót, sem selja á erlendum markaði, með því að taka af söluverði kjöts, sem selt er á innlendum markaði, þeim til uppbótar. En þetta hækkar í raun og veru ekki kjötverðið á erlenda markaðinum.

Ég vil að endingu benda hv. n. og hv. d. á það enn á ný, að ég tel það mjög misráðið og ósanngjarnt að leyfa ekki slíkan félagsskap, sem hér hefir verið farið fram á, sölufélag bænda, og þá sérstaklega af þeim ástæðum, sem ég hefi fært hér að framan.

**Pétur Magnússon** (óyfirl.): Ég er að sjálfsögðu þakklátur hv. samnm. mínum í landbn. fyrir það, að þeir hafa að nokkru tekið til greina þær aths., sem ég bar fram við frv. við 2. umr. málsins. Ég veit, að það eru ekki fáir bændur, sem verða því fegnir, að vera ekki sviptir heimild til þess að verka sjálfir kjöt sitt á heimilum sínum og skapa sér á þann veg nokkra verðhækkun fram yfir það, sem allur þorri manna fær. Þetta var, að mínu áliti, sjálfsögð lagfæring á frv., og hefir nú hv. n. og hæstv. atvmrh. einnig fallizt á þessa skoðun.

Þrátt fyrir það, þó að ég sé þakklátur fyrir þetta, þá hefði mér þótt betra, að ekki hefði verið tekið með annari hendinni það, sem gefið var með hinni. Það er verið að bæta úr töluverðum ágalla á l., en svo er aftur lagt til, að breyt. verði gerð á þeim, sem ég álít, að sé til stórkostlegs spillis. Það er sú till. n. í 2. brtt., a-lið, þar sem er heimild til þess að hækka verðjöfnunargjaldið úr 8 aurum á kg. upp í 10 aura. Ég álít, þó að ekki sé um mikla hækkun að ræða, að það sé mjög varhugavert, ekki sízt á þessu stigi málsins, að fara að gefa heimild til þess að hækka verðjöfnunargjaldið frá því, sem upphaflega var ákveðið. Það má ekki gleyma því, að þessi skattgreiðsla er í raun og veru óeðlileg. Ástæðan til þess, að lagt var út á þessa braut, var óttinn við kjötstríðið. Eins og kunnugt er, er það Suðurlandsundirlendið, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla og nokkur hluti Skaftafellssýslna, sem selja kjöt til Reykjavíkur. Að vísu er nokkuð flutt af spaðsöltuðu kjöti úr öðrum héruðum, en nýtt kjöt hefir að mjög litlu leyti verið flutt hingað frá öðrum héruðum fram á síðasta tíma. En þessi héruð hafa einnig, eftir legu sinni, mestan rétt til þess að búa að Rvíkurmarkaðinum. Þau eiga hægast með flutning hingað og eru þannig sett, að þau eiga mjög erfitt með að selja framleiðslu sína annað en

til Rvíkur. Náttúrlega er mér ljóst, að fleiri staðir en Rvík geta komið til greina í þessu sambandi, en hinsvegar er það vitað, að það er Rvíkurmarkaðurinn, sem er verið að berjast um, og þess vegna tala ég um hann einungis þó að það sama geti átt við um einhverja fleiri staði að einhverju leyti.

Nú hafa komið fram ógnanir um það frá öðrum landshlutum, sérstaklega Norðurlandi, að hingað yrði hleypt kjöti í stórum stíl. Aðstaðan er sköpuð til þess, með byggingu frystihúsa — sem ríkissjóður hefir lagt mikið fé til — að flytja frosið kjöt hingað og bjóða það hér út fyrir lágt verð, ef til vill lægra en hugsanlegt er, að Suðurlandsundirlendið stæði sig við að selja sitt kjöt. Afleiðingin af þessu má segja, að hefði orðið sú fyrst og fremst, að Suðurlandsundirlendið hefði verið gersamlega eyðilagt í þessari samkeppni. Það hefir óneitanlega að vissu leyti verri aðstöðu en aðrar sveitir landsins, því að það hefir fyrst og fremst dýrari framleiðslu, og í öðru lagi lakara kjöt, eða a. m. k. stór svæði þess. En það hefði ekki einungis orðið Suðurlandsundirlendið, sem eyðilagzt hefði í þessu stríði, heldur líka þau héruð, sem stríðið hefðu hafið og flutt kjöt hingað og selt það hér fyrir óeðlilega lágt verð.

Til þess að koma í veg fyrir kjötstríðið, hefir verið gengið inn á það — ég ætla ekki með óánægju hjá þeim, sem verðjöfnunargjaldið borga, — að borga nokkurt tillag af því kjöti, sem selt er á innlendum markaði, og sem renna á til þeirra, sem verða að selja kjöt til útflutnings. *Þó að gengið hafi verið að þessum skilmálum,* þá er vitanlega hægt að spenna bogann of hátt. Að ekki hefir verið meiri óánægja með þennan skatt, sem í raun og veru er ekki ótilfinnanlegur, er einungis af því, að farið hefir verið þetta varlega af stað. Verðjöfnunargjaldið er í þetta sinn 6 aurar, og hámarkið ekki nema 8 aurar. Nú er lagt til, að heimild verði gefin til þess að hækka þetta um 25% frá því hámarki, sem upphaflega var ákveðið, og það er náttúrlega ekki óveruleg hækkun. Menn verða að gæta þess, þegar um verðjöfnunartillagið er að ræða, hverjum augum sem menn líta á sanngirni þess, að það eru sunnlenzkir bændur, sem að Rvíkurmarkaðinum búa, sem greiða það, og að geta manna til þess er víða af ákaflega skornum skammti. Kjötverðið, sem sunnlenzkir bændur fá útborgað, þrátt fyrir sæmilegt verð, verður í 1. flokki 90½ eyrir á kg., og í 3. flokki verður það aðeins 64½ eyrir. Frádráttur verður þessi: Í skatt 10 aur. pr. kg., í sláturhúsgjald 8 aur. pr. kg., og auk þess heldur sláturhúsið eftir 2½ eyri. Þetta verða samtals 25½ eyrir, sem bætast svo við þá 64½ eyri, sem ég áður nefndi. 10 kg. lamb gefur því kr. 6.45 fyrir kjöt.

Menn mega ekki gleyma því, að það er ótrúlega *mikill hluti* af því kjöti, sem kemur á Rvíkurmarkaðinn, í 3. flokki. Úr sumum sveitum er það milli fjórða parts og helmings, sem er í 3. flokki, og svo fer ákaflega mikið af því kjöti í 2. flokk, sem ekki lendir í 3. flokki, en tiltölulega mjög lítill hluti þess fer í 1. flokk. Geta þessara manna, sem ekki hafa betri framleiðslu en þetta, til þess að greiða háan skatt, fyrir að nota markaðinn hér í Reykjavík, — sem þeir eiga mestan rétt til, — er ákaflega lítil. Það eru margar sveitir á Suðurlandsundirlendi, t. d. í Árness- og Rangárvallasýslum, sem svo stendur á um — Borgarfjörðurinn hefir aðra aðstöðu, vegna þess að hann hefir miklu vænna kjöt, — að framleiðslukostnaðurinn hjá þeim bændum, sem þar búa og verða að framleiða kjöt sér til lífsviðurværis, til þess að geta haldizt við í sveitunum, er vafalaust meiri en víðast annarsstaðar á landnu. Kaupgjald er þar yfirleitt hærra og allur búrekstur dýrari heldur en þar, sem menn eru betur í sveit settir.

Aftur á móti er það svo nú — og verður væntanlega svo í framtíðinni —, að þau héruð, sem salta kjöt til útflutnings, hafa tiltölulega góða aðstöðu til að framleiða kjöt, t. d. Dalirnir, Barðastrandir, Múlasýslur, Langanesstrandir, Breiðdalur og Djúpivogur. Í flestum þessum sveitum eru landskostir góðir og mjög góð kjötframleiðsla. Sennilega er ekki of mikið í lagt að telja, að á stórum svæðum í þessum sveitum leggi dilkurinn sig á 15 kg. til jafnaðar, og jafnvel meira. Eftir upplýsingum, sem landbn. hefir fengið, má gera ráð fyrir, að verðjöfnunarskatturinn, sem borgaður er í haust og kemur til skipta aftur, muni nema kr. 150000,00 samtals. Saltkjöt, sem út verður flutt, mun naumast fara yfir 1 millj. kg., og verður líklega þar fyrir neðan. Það má gera ráð fyrir, að verðjöfnunartillagið, sem greitt verður í haust, nemi a. m. k. 15 aurum á kg., og verður *ef til vill heldur þar fyrir ofan.* Þó að gert sé ráð fyrir, að það verð, sem saltkjötsframleiðendur fá fyrir afurðir sínar, nemi ekki meira en 50 aurum á kg., þá verður þó nettóverðið til bændanna a. m. k. 65 aurar á kg., og eru þeir þannig komnir hærra heldur en mikill hluti þeirra bænda, sem býr að bezta kjötmarkaði landsins.

Þetta virðist mér, að fari að verða ákaflega viðsjárverð braut, að ætla að neyða þá menn, sem erfiðasta aðstöðu hafa til kjötframleiðslu, til þess að greiða svo háan skatt til hinna, sem búa við ágæt framleiðsluskilyrði, að verð á kjöti hinna síðarnefndu verði hærra en hjá hinum fyrrnefndu. Menn verða aldrei til lengdar ánægðir með slíka löggjöf, og það verða hv. þdm. að athuga, að það er viðsjárvert að setja um þetta löggjöf, sem hefir þær afleiðingar, að gjaldendurnir verða óánægðir. Löggjöf, eins og hér er verið að búa til, getur því aðeins blessazt, að þeir, sem gjaldið eiga að greiða, sjái fyrst og fremst, að það sé réttlátt, og svo í öðru lagi, að ekki sé svo nærri þeim gengið, að það komi verulega hart við þá.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en ég hefi viljað vekja athygli hv. dm. á *þeim hlutföllum, sem fram koma millum* manna um kjötverðið, og ég þykist hafa sýnt fram á það og fært rök fyrir, að það sé mjög varhugavert, a. m. k. á meðan engin reynsla er fengin um þetta fyrirkomulag, að gefa heimild til þess að hækka verðjöfnunargjaldið. Ég vil vænta, að hv. þdm. hugsi sig tvisvar um, án tillits til flokksfylgis, áður en þeir rétta

höndina upp til þess að samþ. þessa hækkun, sem hér um ræðir.

**Magnús Jónsson:** Ég hafði kvatt mér hljóðs við síðustu umr. þessa máls, út af ýmsu, sem þá bar á góma, en vegna þess að nokkuð langt er um liðið síðan, mun ég sleppa því að mestu, sem ég ætlaði þá að segja, en aðeins taka lítið af því til athugunar.

Það, sem mig undraði mest þá, voru þær umr., sem urðu út af brtt. þeirri, sem hv. 2. þm. Rang. bar fram og gekk út á það, að forða frá milliliðum eins miklu af kjötverzluninni og óhætt væri, án þess að l. væru með því eyðilögð.

Það er öllum kunnugt hér á landi, að það er sérstaklega Framsfl., sem árum saman hefir barizt fyrir, eða þótzt berjast fyrir því, að sem flestir milliliðir við verzlun yrðu afnumdir. Þeir hafa sí og æ og ár eftir ár verið að klifa á því, að við alla verzlun, bæði hér og annarsstaðar, væri fullt af óþörfum milliliðum. Þess vegna er ákaflega einkennilegt, að einmitt stjórn þessa flokks skuli nú beita sér fyrir, ekki aðeins því, að milliliðum fjölgi óbeinlínis, heldur líka neyða með löggjöf milliliði inn í verzlun, sem áður hefir verið milliliðalaus. Þetta kemur víða fram, og m. a. í frv. um mjólkursölu, en ég hefi áður sýnt fram á það, að líklega 3 millj. lítra, sem hægt er að selja jafngóða milliliðalaust, verða nú settir undir milliliði, þó að það hljóti að kosta framleiðendurna eða neytendur 200000 kr. á ári.

Það er alveg það sama, sem fram kemur í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég skal samt játa það, að til þess að þetta frv. nái tilgangi sínum er nauðsynlegt að grípa til þeirra ráðstafana að láta megnið af kjötsölunni fara gegnum milliliði. En þó þykir mér undarlegt, að uppástunga um að forða nokkru af kjötinu frá óþörfum milliliðum skuli mæta eins lítilli samúð hjá stj. og raun ber vitni um. Það er ómögulegt að neita því, að milliliðalaus verzlun er hentugust, svo langt sem hægt er að koma henni við. Það þarf ekki annað en að taka dæmi úr þeirri verzlun, sem hér um ræðir, til að sýna, hvað mikill kostur það er, ef hægt er að forða einhverju af henni frá milliliðum, og það sást m. a. af ræðu hv. 2. þm. Rang., þar sem hann sýndi fram á þann mikla mun, sem er á því, sem neytandinn verður að borga, og svo aftur því, sem framleiðandinn fær. Ég hefi t. d. athugað verð á einum kjötkroppi, sem vegur 12 kg., til þess að sýna mönnum, hver munur er á því fyrir bóndann að selja gegnum milliliði eða beint. Ef þessi kroppur er seldur á kr. 1.15 kg. í heilu lagi, þá verða það kr. 13.80, sem fyrir hann fást, og við það má bæta 20%, og þá verður hann með smásöluverði kr. 16.56. Þetta verður neytandinn að borga. Nú er það upplýst, að bóndinn fær ekki nema 90 til 95 aura fyrir kg., svo að hann fær þá eitthvað nálægt 11 kr. fyrir þennan sama kropp. Ef bóndinn gæti nú selt þennan kropp milliliðalaust með útsöluverði, þá fengi hann kr. 16.56 fyrir hann. Þó að hann svo greiddi af kroppnum í verðjöfnunargjald 6 aura á kg., þá fengi hann samt nokkuð hátt á 16. krónu fyrir kroppinn, eða m. ö. o., hann fær um 5 kr. meira fyrir þennan kropp með því að selja hann beint heldur en í gegnum milliliði. (**PHerm:** Hvað fékk hann í fyrra?). Það er ekki víst, hvað verðið hefði orðið núna, ef ákvæði kjötverðlagsnefndar hefðu ekki komið til greina, en líklega hefði það orðið hærra en í fyrra. Mér er alveg óskiljanlegt, hvers vegna mótstaðan gegn þessu er svo harðvítug. En ég verð að sjálfsögðu að beygja mig fyrir þingsköpum, sem mæla svo fyrir, að ekki megi bera fram aftur brtt., sem felld hefir verið. Með brtt. á þskj. 173 fer ég fram á, að bein og milliliðalaus viðskipti, sem áður hafa átt sér stað, megi haldast. Það gæti að vísu orðið erfitt fyrir hlutaðeigendur að sanna fyrir n., að slík bein viðskipti hefðu farið fram áður, en hitt ætti að nægja, ef þeir gætu gert það sennilegt. Allt yrði þetta á valdi n. eins og áður, og því ekkert í hættu. Það er nú nokkur bót í máli, að n. hefir dálitið dregið í land, því að nú leggur hún til, að sauðfjáreigendum sé heimilað að selja reykt kjöt beint til neytenda. Ég skil nú að vísu ekki, hvaða helgi hvílir yfir reykta kjötinu, að veitt skuli þessi undanþága með það fremur en annað kjöt. Tökum t. d., að ég hafi skipt við einhvern bónda, kannske árum saman, þannig að ég hafi keypt af honum saltkjötstunnu á hverju hausti, af því ég vissi, að hann átti gott fé og verkaði vel kjötið. Ég skil ekki, hvaða ástæða er til þess að banna slík viðskipti fremur en sölu á reyktu kjöti. Fyrst n. hefir slegið hér undan á annað borð, mátti alveg eins veita undanþágu um fleira.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég hefi viljað benda á, hve milliliðalaus verzlun á þessu sviði getur verið framleiðendunum til mikilla þæginda og hagnaðar, og ég skil ekki, vegna hvers n. vill setja þessu svo þröng takmörk. Það hlýtur að stjórnast af þráa, eða vilja til þess að halda ágóðanum til milliliðanna. Ég vænti þess, að hv. dm. láti ekki neinar slíkar tilfinningar ráða atkv. sínu, en líti á brtt. mína með velvilja. Það lítur út fyrir, að hv. landbn. hafi ekki getað fallizt á hana, og færir hún væntanlega rök fyrir því.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég vildi aðeins gera eina fyrirspurn til hv. landbn. út af brtt. hennar. Ég sé mér til ánægju, að hún hefir gert lítilsháttar rýmkun á kjörum bændanna með því að leyfa þeim að selja reykt kjöt beint til neytenda, og ég get tekið undir það, sem hér hefir verið sagt, að það er hart fyrir bændur, sem hafa haft slík bein viðskipti, að láta taka þau af sér. Nú er það kunnugt, að allmargir bændur búa til kæfu og rúllupylsur úr kjöti sínu og selja hingað beint til neytenda. Ég vildi aðeins skjóta þeirri fyrirspurn til landbn., hvort viðskipti með þessar vörur gætu ekki komizt undir sömu undanþágu og reykta kjötið. Vænti ég svars frá n. um þetta atriði.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Hv. þm. N.-Ísf. á hér brtt., sem hann hefir mælt fyrir. Út af því vildi ég segja það, að ég lít svo á, að ef þeir staðhættir, sem frv. gerir ráð fyrir, eru fyrir hendi í heilli sveit, þegar veitt er leyfi til heima-

slátrunar, sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að einstaklingar geti slegið sér saman. Ástand það, sem hann lýsir, hlýtur að heyra undir það, að illkleift sé að koma fénu til sláturhúss, og undanþágan virðist alveg eins geta átt við, þó að fleiri búi saman. Það er alveg rétt til getið hjá hv. þm. N.-Ísf., að það er síður en svo, að landbn. vilji gera bændum óþægindi. Fyrst og fremst vill hún auðvitað verða þeim að liði. Hv. þm. talaði um, að ég hefði getið þess, að annar tilgangur frv. væri sá, að bera uppi verð kjötsins á erlendum markaði. En þetta er misskilningur. Ég veit vel, að við ráðum ekki yfir erlenda markaðinum. En verðjöfnunargjaldið er lagt á kjöt, sem selt er innanlands, til þess að bæta upp hið lélega verð á erlenda markaðinum.

Hv. 2. þm. Rang. komst svo að orði, að tekið væri aftur með annari hendinni það, sem gefið væri með hinni. Það, sem n. gæfi væri heimildin um milliliðalausa sölu á reyktu kjöti, en það, sem hún tæki, fælist í heimildinni um að hækka verðjöfnunargjaldið. Ég skal nú taka það fram, að ég lít svo á, að verðjöfnunargjaldið sé ekki eingöngu tekið af þeim, sem framleiða og selja kjöt, heldur sé það eins eða jafnvel fremur tekið af þeim, sem kaupa kjötið og neyta þess. Annars held ég, að hv. þm. megi ekki beinlínis miða við verðjöfnunargjaldið eins og það gæti orðið hæst, og svo aftur við verðlagið á kjötinu innanlands í ár. Mér er sagt, að útreikningur hv. þm. sé vafasamur, þó að ég hinsvegar viti, að hann fer ekki með annað en það, sem hann álítur rétt. En mér er sagt, að kjötverðið, sem bændur fá hér í nágrenni Rvíkur, muni vera hærra en hann gerir ráð fyrir. En ég skal ekki deila um þetta, því að það kemur ekki málinu beinlínis við. Verðjöfnunargjaldið er sett til þess að friða markaðinn fyrir þeim, sem hægast eiga með að nota söluna innanlands, og jafnframt til þess að bæta upp söluna á erlenda markaðinum, ef erfiðlega gengur þar. Það er á misskilningi byggt að ræða um getu framleiðendanna til að greiða þetta gjald, því að það er ekki af þeim tekið einvörðungu, heldur af neytendum jafnframt, eins og ég drap á áðan. Á það má benda, að bændur hér í kringum Rvík fengu í fyrra mun lægra verð fyrir kjöt sitt en nú, þó að þeir skilji eftir verðjöfnunargjaldið þegar þeir hirða nettóverð kjötsins. Hv. 2. þm. Rang. sagði, að hótað hefði verið kjötstríði. Ég veit nú ekki, hvort nokkur slík hótun hefir komið fram. En það er staðreynd, að varan leitar þangað, sem hægt er að fá mest fyrir hana. Ég er sammála hv. þm. um það, að ef slíkt stríð skylli á, yrði það öllum aðilum til bölvunar. Þó að neytendur kynnu að hagnast á því í bili, er ekki líklegt, að það yrði til frambúðar. Það má ekki loka augunum fyrir því, að hér eru fleiri en einn aðili, sem þarf að gera ánægða. Einn aðilinn er neytendur, annar aðilinn eru þeir, sem nota innlenda markaðinn, og í þriðja lagi eru þeir, sem verða að nota erlenda markaðinn, sem orðinn var svo hraksmánarlegur, að fyrsta flokks dilkakjöt var komið niður í 40 aura fyrir tveimur árum. Mér er það vel ljóst, að gæta verður hófs í allri sambúð þessara aðilja, og ég verð að segja, að mér finnst neytendur hafa yfirleitt tekið ágætlega undir þessi lagafyrirmæli. Ég er ekki í neinum efa um, að margir fátækir neytendur geta orðið hart úti vegna þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefir á kjöti síðan í fyrra og verða kann í framtíðinni sem bein afleiðing þessarar lagasetningar. Ég tek það að vísu ekki alvarlega, þó að einn hv. þm. hér í d. segði, að hann hefði ekki lengur ráð á að kaupa kjöt, en ég veit, að það eru margir, sem síður geta veitt sér það nú, þó að þeir hafi getað það meðan það var í lægra verði.

Ég lít svo á, að fara þurfi varlega gagnvart öllum þessum aðilum, og þá líka þeim kjötframleiðendum, sem ekki geta notað innlenda markaðinn. Ég veit eigi með vissu, hvernig hlutföllum um söluna er háttað, en fróðir menn segja, að í fyrra hafi verið seld út úr landinu um 2200000 kg. af kjöti, en 2800000 kg. í landinu. Ef gengið væri út frá því, að þær ástæður gætu verið fyrir hendi, að bæta þyrfti upp verð á öllu útflutningskjöti, frystu og söltuðu, mundi 6 aura verðjöfnunargjald á kg. af innanlandssölunni hrökkva skammt, og ef samskonar útkoma yrði á sölu útflutningskjötsins í ár og 1932, þá er öllum ljóst, að ómögulegt væri að lifa á slíkri kjötframleiðslu, þó að c. 7 aura uppbót kæmi á kg.

Hv. 1. þm. Reykv. mælti fyrir brtt. sinni og drap á, að Framsfl. hefði jafnan barizt á móti milliliðunum. Það er rétt að því leyti, að flokkurinn hefir jafnan barizt á móti óþörfum milliliðum. Hv. þm. veit vel, að hjá milliliðum verður ekki með öllu komizt, og ef vel er á haldið, geta þeir milliliðir, sem hér um ræðir, orðið til þess að draga úr dreifingarkostnaði varanna. Mér er sagt, að dreifingarkostnaður við sölu kjötsins hér í Rvík hafi lækkað um meira en helming, og þess háttar milliliðum er Framsfl. á móti, enda er ekki hægt að framkvæma það skipulag, sem l. gera ráð fyrir, án þeirra. Hv. þm. vill, að leyfð verði undanþága þeim kjötframleiðendum, sem geta gert það sennilegt, að þeir hafi áður haft milliliðalaus viðskipti. En ef það yrði nú talsverður hópur manna, þá gæti hlotizt af því tjón og truflun á sölunni og orðið þeim skipulagsbundnu til mikils ógagns.

Ég veit ekki, hvort ég á að hætta mér út í lögskýringu út af kæfu og rúllupylsu. En mér þykir líklegt, að viðskipti með þær vörur nemi ekki svo miklu, að þau skipti verulegu máli, og ólíklegt, að um þau verði árekstur við kjötverðlagsnefnd, sem óefað sér nægar leiðir til þess að ráða fram úr þeim vanda. Annars virðist mér í fljótu bragði vafasamt, hvort fullkomlega væri rétt að kalla þessar vörur kjöt í venjulegri merkingu þess orðs.

Ég vil nú vænta þess, að þetta frv. fái að ganga gegnum þingið í líku formi eins og landbn. og landbrh. ætlast nú til. Ég er þess fullviss, að þetta er spor í rétta átt, og ef framleiðendur og neytendur taka höndum saman um lausn málsins, hlýtur að nást sá árangur, sem annars er mögulegt að ná. Hér þarf fyrst og fremst samstarf og skilning. Það hefir geng-

ið vonum betur að þessu, og er þess að vænta, að svo verði framvegis.

**Einar Árnason:** Hv. 2. þm. Rang. og hv. 1. þm. Reykv. voru hér með nokkra útreikninga um kjötverðið. Ég játa, að annaðhvort hefi ég ekki skilið þá eða að eitthvað er bogið við reikningana, og óska ég að fá frekari skýringu, ef ég hefi misskilið þá. Hv. 2. þm. Rang. bar saman 3. flokks kjötverð og verð á betra saltkjöti og komst að þeirri niðurstöðu, að verð á þessu 3. flokks kjöti hér í Rvík yrði lakara en saltkjötsverð, þegar búið væri að veita 15 aura verðuppbót á það. Því er til að svara, að það er ekki sanngjarnt að bera saman 3. flokks kjöt og bezta kjöt.

Hv. 1. þm. Reykv. hélt áfram útreikningi, sem byggður er á verðálagningu þeirri, sem hv. 2. þm. Rang. gerði ráð fyrir. Hann tekur t. d. 12 kg. skrokk og segir, að hann geri, með þeirri verðálagningu, sem hv. 2. þm. Rang. talar um, um 11 kr. Það er ekkert við það að athuga. En svo kemst hann að þeirri niðurstöðu, að ef eigandi 12 kg. skrokks hefði fengið að selja hann milliliðalaust, hefði hann fengið 16 kr. fyrir hann. Hann tapaði því 5 kr. á þessum millilið, sem skapaður væri með þessu frv. Mér þætti vissara að fá þennan útreikning betur rakinn sundur, því að ég skil hann ekki og get ekki trúað, að þessi mismunur geti staðizt.

Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, að hv. 1. þm. Reykv. gleymir fyrst og fremst í útreikningi sínum, að hv. 2. þm. Rang. reiknar með því, að búið sé að kosta 1 kr. upp á skrokkinn, til þess að slátra kindinni. Ég tók svo eftir, að hv. 2. þm. Rang. teldi 8 aur. koma á hvert kg. (**PM:** Það er 80 aurar á kind). Það er ekki alltaf jafnmikið fyrir kindina. (**Forsrh.:** Það er alltaf reiknað sama á kindina hér). En það kemur alltaf það sama á kg. Þar munar 1 kr.

Í öðru lagi skildist mér, að hv. 1. þm. Reykv. áliti, að ef bóndi fengi leyfi til þess að selja kjöt beint, þá ætti hann að fá smásöluverð fyrir skrokkinn hjá kaupanda. Af því hv. 1. þm. Reykv. bætti 20% ofan á útsöluverð, þá er ekki hægt að koma skrokknum út á 16 kr., nema með því móti, að reiknað sé 20% smásöluverð á skrokk. Heldur hv. þm., að nokkur kaupandi kaupi skrokk af mér fyrir meira verð en hann getur fengið skrokkinn fyrir í sláturhúsi? Þetta er mesta fjarstæða. Kaupandi gefur mér sama verð og hann gefur í sláturhúsi, og það er ekki 16 kr., heldur 13,50 kr. Svo er 1 kr., og þá er mismunurinn aðeins 1.80 kr.

Nú vildi ég fá að vita hjá hv. 1. þm. Reykv., hvort mismunurinn er í raun og veru meiri en 1.80 kr. Mér finnst þessi útreikningur hv. þm. vera töluvert varhugaverður.

**Pétur Magnússon** (óyfirl.): Ræða hv. frsm. gefur ekki tilefni til langra andsvara. Hann talaði af sanngirni og stillingu, eins og hans er vani. Ég felst vitanlega á margt, sem hann sagði. Þó vil ég gera aths. við eitt atriði í ræðu hans. Hann sagði, að verðjöfnunargjaldið félli ekki á framleiðendur, heldur á neytendur. Þetta álít ég vera misskilning. Verðjöfnunargjaldið hlýtur, hvernig svo sem að er farið, að koma niður á framleiðendum, annaðhvort beint eða óbeint. Beint, ef kjötinu er haldið í eðlilegu verði, því verði, sem það á að vera í, því verði, sem bezta heildarútkoman gefur fyrir neytendur. Ef um verðálagningu er að ræða, þá borgar framleiðandi gjaldið beint. Ef farið er upp úr þessu verði, þá hlýtur að koma óeðlilegur hnekkir í kjötsöluna. Þetta hefir alls ekki komið fyrir nú. Enda má það ekki koma fyrir, því að þá verður neyzlan minni en hún á að vera, og þá lendir verðjöfnunargjaldið á framleiðanda á þann hátt, að hann verður að selja minna af sinni vöru en hann þarf að selja. Kjötverðinu er stillt svo í hóf, að ekki er hætt við, að það dragi úr kjötneyzlunni af þeim ástæðum.

Ég er ósammála hv. frsm. um það, að neytendur hafi orðið hart úti vegna þessara laga. Þeir hafa ekki kvartað. (**PHerm:** Hvað segir hv. 1. þm. Reykv. um það?). Mér er alveg sama hvað hann segir. Þó hann sé venjulega rökvís, er ég honum þó ekki sammála um það, að kjötverðið hafi verið spennt svo hátt upp, að hætta stafi af fyrir neyzluna. (**MG:** Reynslan sýnir það). Kjötneyzlan í bænum er alveg eðlileg. Ég er alveg viss um, að kjötverðið er í fullu samræmi við verð á öðrum matvörum hér í bænum, og þessa vegna tel ég ástæðulaust að ætla, að neytendur fælist frá.

Það er misskilningur hjá hv. frsm., að verðjöfnunarskatturinn komi framleiðendum ekkert við, því að neytendur borgi. Skatturinn lendir beint eða óbeint á framleiðendum, venjulega beint, eins og hann á að gera.

Hv. frsm. dregur í efa, að útreikningur minn á kjötverðinu sé réttur. Það kom skýrt fram hjá hv. 2. þm. Eyf. Kjötverðið er gefið upp af Sláturfélagi Suðurlands. Hv. frsm. getur fengið upplýsingar þar og séð, hvort ég hefi farið rangt með. Frádráttur frá þessu bráttóverði, ef hámarksheimild frv. er notuð, er 10 aur. skattur á kg. Á 10 kg. skrokk er sláturgjaldið 8 aur. á kg. Auk þess fer 3% skattur til Sláturfélagsins. Þessi frádráttur verður samtals 25,5 aur. á hvert kg. Nú er það 16,5 aur., því að skatturinn er 6 aur. nú í ár. En ef hámarksheimildin er notuð, þá get ég ekki betur reiknað en að 64,5 aur. komi á hvert kg. hjá framleiðanda.

Það er ekki rétt hjá hv. 2. þm. Eyf., að ég beri saman fyrsta og annars flokks kjöt annarsvegar og þriðja flokks kjöt hinsvegar. Ég ber aðeins saman getu þeirra manna, sem reka tvennskonar kjötframleiðslu, þeirra manna, sem framleiða 10 kg. lömbin hér á Suðurlandi, annarsvegar, og hinsvegar þeirra, sem framleiða úrvalskjöt í fjarlægum héruðum, til þess að lifa af búrekstri sínum. Þar með er ekki sagt, að eðlilegt sé, að sama verð sé á fyrsta flokks kjöti og þriðja flokks kjöti. Ég veit vel, að ef selja á það kjöt á sama markaði, þá er vitanlega rétt að betra kjötið sé í hærra verði. Það er ekki það, sem hér er um að ræða, heldur getan til þess að greiða.

Hv. þm. talaði líka um, að bændur kringum Rvík fengju ýms friðindi vegna þessarar laga, sem sé, að fá að búa að Rvíkurmarkaðinum óáreittir. Það er mikið rétt. En ef svo verður í

framkvæmdinni, sem ég vona, þá hafa þeir þó borgað fyrir þau fríðindi.

Ég vil benda hv. þm. á það, að það er ekki ómögulegt, að viss héruð hafi heimild til markaðs í Rvík, án þess þau greiði nokkur fríðindi. Það er hugsanlegt. Ég segi ekki, að það hefði verið rétt. Og ég er ekki á móti því, að endurgjald komi frá nærsveitum Rvíkur fyrir þessi fríðindi. Ég hefi áður sagt, að þessu verði er stillt í hóf, og ég stend við það. Það má ekki fara út fyrir visst hámark. Það má að vísu deila um það hámark.

Það er sannfæring mín, að það megi ekki, a. m. k. áður en nokkur reynsla er fengin, og sé óskynsamlegt við umr. málsins hér á þingi að hækka tillagið frá því, sem lagt er til af n., sem undirbjó lögin, og stj., þegar hún setur lögin. Ég get endurtekið það, sem ég hefi áður sagt um þessi lög: þau gera áreiðanlega gagn og með þau eru menn nokkurn veginn ánægðir. Það er ekki rétt, að styr eða úlfúð hafi spunnizt út af þeim. Það er áreiðanlega bezt, að þeir, sem skattinn eiga að greiða, geri það með ljúfu geði, en séu ekki látnir halda, að verið sé að beita þá ranglæti.

Hv. frsm. sagði, að ef bæta þyrfti upp allt útflutt kjöt, hrykki þessi skattur skammt. Þetta er vitanlega alveg rétt. Það er óhugsandi, að menn fari svo hátt með skattinn, að hann hrykki til þess að bæta upp allt útflutt kjöt, ef verðlagið verður það sama og 1932, eða það sama og búast má við, að verði á saltkjöti í haust. (**PHerm**: Ég er því samþykkur). Við verðum að miða við það ástand, sem við eigum nú við að búa.

Menn eru að vona, að nú verði sæmilegt verð á frosnu kjöti. Við verðum að keppa að því, að sem minnst verði flutt út af söltuðu kjöti. Það sést betur og betur með hverju ári, sem líður, að það er engin framtíð fyrir saltkjötsmarkað erlendis. Engin þjóð vill orðið saltkjöt nema þá fyrir sáralítið verð. Hinsvegar verður að vinna að því að útvega sem beztan markað fyrir kælt kjöt. Ég er ekki vonlaus um, að hægt sé að fá markað fyrir dilkakjötið okkar í fleiri löndum en Englandi. Ef til vill væri hægt að fá betri markað heldur en Englandsmarkaðinn. Það er mjög bagalegt, hversu lítið er gert af hálfu þess opinbera til þess að skapa markað fyrir innlendar vörur í öðrum löndum. Þetta afskiptaleysi er ekki sízt tilfinnanlegt hvað kjötafurðir áhrærir, því að í rauninni er ekkert gert af hálfu þess opinbera til þess að greiða fyrir kjötsölunni erlendis, nema ef nefna mætti styrk til frystihúsabygginga. Þetta er vitanlega ekki unnt að framkvæma á einu ári. Kjötið þarf mikinn tíma til þess að vinna nýjan markað. Ég er sannfærður um, að því fyrr sem það verður gert, því betra. Það verður að vinna vel að því máli. Ef þetta verður gert, sem sé, ef allt verður með felldu með útflutning á kældu kjöti, þá sýnist mér ekki ástæða til þess að miða þessa löggjöf við það, að greitt sé verðjöfnunargjald í sambandi við slíka framleiðslu. Komi það á daginn, að ómögulegt verði að lifa á kjötframleiðslu, þá yrði landbúnaður okkar að breytast. Við yrðum þá að takmarka kjötframleiðsluna. Það er óhugsandi að leggja slíkan skatt á innlenda neyzlu, til þess að bæta á þann hátt upp verðálagningu á vöru, sem flutt er úr landinu í stórum stil.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** (óyfirl.): Umr. þær, sem hér hafa farið fram, hafa hnigið í sömu átt og þær umr., sem áður hafa farið fram um það, að undanteknum umr. um verðjöfnunarskatt. Gjaldið á að hækka úr 8 aur. upp í 10 aur. Þar sem hv. frsm. hefir gert grein fyrir brtt. þeirri, sem hér liggur fyrir um þetta efni, sé ég ekki ástæðu til þess að minnast sérstaklega á þetta atriði. En brtt. stefnir aðallega í þá átt, eins og hv. þdm. er kunnugt um, að heimila með undanþágum á þeim sviðum, sem gefnar eru undanþágur á frá lögum. Verði þetta lögfest, koma þessi lög til framkvæmda á þessu hausti. Það er t. d. svo með reykt kjöt og sömuleiðis fé á fæti, sem gefin er undanþága fyrir, þegar um litla sölu er að ræða, og ekki er gerð tilraun til þess að fara fram hjá lögunum.

Þá vil ég minnast lítils háttar á brtt., sem áður hefir komið fram, viðvíkjandi kjöti af mylkum ám. En umr. hafa aðallega snúizt um verðjöfnunargjaldið og hækkun þess.

Fyrst vil ég svara fyrirspurn frá hv. 5. landsk. viðvíkjandi kaupum á rúllupylsum. N. hefir ekki skipt sér af því; þær eru taldar vera kjötafurðir, og því er ekki álitið, að þær komi undir þessi lög. Það hefir ekki verið gefin út nein auglýsing um það. Það er því algerlega frjálst.

Það hefir verið deilt um það, hvort verðjöfnunargjaldið kæmi niður á framleiðendum eða neytendum. Ég geri ráð fyrir, að það megi segja, að það komi niður á báðum. Hv. 2. þm. Rang. sagði, að það kæmi aðallega niður á framleiðendum, það komi auðvitað niður í minni sölu, þegar verðjöfnunargjald sé sett á verðið, og komi þess vegna niður á innlendum markaði, einkum þegar verðið verður of hátt vegna verðjöfnunargjaldsins. (**PM**: Verðið er bara sett óeðlilega hátt). Þetta kemur ekki þannig fram, jafnvel þótt verðinu sé ekki stillt í hóf, vegna þess að það er selt á minna og minna svæði í kringum kaupstaðina nýtt kjöt. Þess vegna eru fleiri, sem nota útlenda markaðinn og fá því verðjöfnunargjald.

Hv. þm. gat jafnframt um það, sem ég tel rétt. að verðinu væri stillt svo í hóf, að ekki hefði komið að sök, a. m. k. ekki í Rvík, um sölu, þrátt fyrir það, sem á hefir dunið.

Viðvíkjandi því, að hv. þm. bar saman verðlag hér á Suðurlandi og annarsstaðar þar, sem kjöt er selt á erlendum markaði, er ástæða til þess að upplýsa það lítið eitt nánar. Ég hefi aflað mér þeirra upplýsinga hjá formanni verðlagsn. og fulltrúa forstjóra Sláturfélags Suðurlands. Verðlagningin er þannig, eins og hv. þdm. er kunnugt, að hún er 1,15 kr. á kg. á 1. fl. kjöti, 1,05 kr. á 2. fl. kjöti og 0,95 kr. á 3. fl. kjöti. Þetta er heildsöluverð frá Sláturfélaginu. Síðan reiknar það bændum 1,10 kr. fyrir 1. fl. kjöt, 1,00 kr. fyrir 2. fl. kjöt og 0,85 kr. fyrir 3. fl. kjöt. Það dregur 5 aur. frá verðinu á 1. og 2. fl. kjöti, en 10 aur. frá verðinu á 3. fl. kjöti. Þessir 5 og 10 aur. dragast frá fyrir kostn-

aði við rekstur og fleira. En síðan leggjast á kjötið, eftir að búið er að draga þessa 5 aur. frá, 80 aur. sláturkostnaður á hverja kind. Þetta gjald getur orðið hæst 8 aur. á kg., en að meðaltali fer það aldrei fram yfir 7 aur., því, eins og menn sjá, er varla um minni þyngd að ræða en að gjaldið verði 7 aur. pr. kg. Ef um rýra kind er að ræða, 10 kg. skrokk, þá er gjaldið hæst 8 aur. á kg. En mikið af fé er langt þar fyrir ofan. Síðan bætist við 6 aur. verðjöfnunargjald samkv. lögunum, og að lokum 3% skattur, sem félagið tekur frá, vegna áhættu og ýmislegs annars, því að ekki er unnt að sjá fyrir, að allt kjöt seljist. Að síðustu eru svo tekin 1¼% í sjóð. Þetta gerir allt 4—5 aur. á kg., svo að segja má, að það sé alls 5 aur. skattur á hvert kg. kjöts. Þetta allt samanlagt verður 18 aur. (7+6+5). Nú er 1. fl. kjöt reiknað á 1,10 kr.; þar frá dragast 18 aur. Þá eru eftir 92 aur. á hvert kg. En ég hefi heyrt, að búast megi við því, að verðið á 1. fl. verði 95 aur. á kg. Hvort sem það verður hægt strax eða ekki, þá verður a. m. k. greitt uppbótargjald í vor, ef með þarf, svo að verðið hlýtur að komast upp í 95 aur. Sama er að segja um 2. fl. kjötið. Verðið á því er 82 aur., og með uppbót í vor 85 aur. Verðið á 3. fl. verður þá 67 + 3 aur. = 70 aur.

Ef athugað er verðið á þessum flokkum, t. d. 95 aur. á 1. fl., þá er verðlagið langt yfir því, sem hægt er að gera sér von um, að menn geti fengið á erlendum kjötmarkaði. Eins og útlitið er nú, er ómögulegt að segja, hvað verðlagið verður. Það er mikið eftir óselt enn, sökum hins lága verðs í Englandi. Sama er að segja um verðið á söltuðu kjöti. Það var um 62 aur. á kg. í fyrra. Það má búast við því, að það verði lægra nú. Verð á frosnu kjöti á erlendum markaði var þá 80 aur. kg.

Það er ekki sama, úr hvaða héraði kjötið er. Verðmismunurinn á 1. fl. kjöti hjá þeim fer eftir sérmati. Það þýðir því ekki að bera saman 3. fl. kjöt sér og 1. fl. kjöt annarsvegar. Þá verður útkoman sú, að hér fást 95 aur. fyrir kg., en þeir, sem selja á erlendum markaði, fá meira en 60 aur., og ef til vill fá þeir, sem selja fryst kjöt, milli 70 og 80 aur. fyrir kg. Verðmunurinn er svo mikill, að líklegt er, að hann veki mikla óánægju. Þess vegna álít ég heppilegt, að þessum 2 aur. sé bætt við verðjöfnunargjaldið og það sé hækkað upp í 10 aur. Ég álít ekki heppilegt, að farið sé hærra. Aftur á móti tel ég fulla sanngirni mæla með því, að þeim sé bætt við, og það getur varla valdið óánægju. Aðstaðan er miklu betri, þrátt fyrir þetta.

Þetta vildi ég taka fram í sambandi við upplýsingar hv. 2. þm. Rang. um verðlagið á kjötinu. Það er rétt að taka það fram, að svo getur farið með erlendan markað, að ekki sé hægt að bæta upp til fullnustu með verðjöfnunargjaldi. Það hefir t. d. verið svipað ástatt hjá Englendingum með mjólkurlöggjöfina. Þeir bættu upp verðið með verðjöfnunargjaldi. Það var gert í eitt ár. Síðan fór verðið svo niður á mjólkurafurðum, að þeir urðu að leggja fram fé í tvö ár, um 72 millj. króna, til þess að bæta upp verðlagið á mjólkurafurðunum. Verðjöfnunargjaldið innanlands þarf að vera svo hátt, að það geti bætt upp erlenda markaðinn. Ég álít, að með því sé þeim mönnum sanngirni sýnd, sem nota erlenda markaðinn.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég þakka frsm. landbn. fyrir það, að landbn. ætlar með till. á þskj. 205 að leyfa þeim, sem erfitt eiga með að koma afurðum sínum í sláturhús, að selja beint til neytenda. En þetta verður auðvitað framkvæmdaratriði og lagt á vald verðlagsnefndarinnar, og það getur verið, að hún fari ekki að öllu leyti eftir till. landbn. Það er því ekki óþarft, að brtt. mín á þskj. 168 um kjötsölufélög bænda verði samþ.

Ég er ósammála meiri hl. n. um að hækka verðjöfnunargjaldið. Það er alveg óvíst, hvaða jöfnuður næst með því. Ef finna á jöfnuð handa framleiðendum, þá kemur margt til greina. Það má nefna það sem dæmi, að kostnaður við heyöflun er svo ákaflega misjafn í hinum ýmsu héruðum. Í sumum héruðum þarf 2—3 hundruð kg. af heyi til að fóðra kindina, en í öðrum 30—50 kg. Víða á Vesturlandi er t. d. svo dýrt að afla fóðurs, að það mun kosta nærri 12 kr. að fóðra kindina. Á öðrum stöðum kostar það kannske ekki nema 3—4 kr. Þetta veldur mjög misjafnri aðstöðu til þess að framleiða kjöt. Hvernig er þá með verðjöfnunargjaldi hægt að bæta úr þessu misræmi í framleiðslukostnaði? Ef gera á öllum jafnt, sem stunda sauðfjárrækt, þá verður að taka öll þessi atriði til athugunar. Það er alls ekki of mikið, þó þeir, sem kosta 12—14 kr. til að fóðra kindina, fái 15 kr. fyrir lambið. Það sjá allir, að það er miklu betra fyrir þá, sem eyða ekki nema 3—4 kr. í að fóðra kindina, þó að þeir fái ekki nema 10—12 kr. fyrir lambið. Hv. frsm. sagði, að það ríkti meiri samhugur um framkvæmd l. en búast hefði mátt við. Það getur verið, að það sé í sumum héruðum. Á Vesturlandi veit ég, að mikil óánægja er út af því, að bændur skuli þurfa að brúka milliliði, sem auka kostnaðinn við sölu kjötsins. Flestir bændur á Vesturl. hafa sloppið við milliliðina og selt kjötið beint eða haft vöruskipti. Ég vænti, að hv. deild sjái, að það er heppilegra, þar sem því verður við komið.

**Magnús Jónsson:** Hv. 2. þm. Eyf. þarf ég ekkert að svara. Hann vefengdi engar af tölum mínum, enda var það ekki hægt. Í þeim var einungis ein áætlunarupphæð, sem hæstv. forsrh. hefir nú upplýst, að er eins og ég áætlaði hana. Tölur mínar standa því allar. Það eru 11 kr. fyrir 12 kg. kroppa í heildsölu, og smásöluverð um 16,50 kr. Hitt er annað mál, hvort sá, sem selur kjötið, hefir aðstöðu til að fá heildsöluverð. Hvað verðjöfnunargjaldið snertir, þá þykir mér gaman að heyra hv. frsm. segja, að það geri neytendunum ekkert til. Með því viðurkennir hann, að kjötið myndi vera í svipuðu verði, þótt engar ráðstafanir hefðu verið gerðar. Þetta hygg ég, að sé alveg satt. Kjötverðlagsnefndin hefir farið svo hóflega í sakirnar, að verðið mun vera nálægt því, sem það hefði orðið, þó engin bráðabirgðal. hefðu verið sett.

Ég þarf í rauninni engu að svara hv. frsm.

landbn. út af brtt. minni. Hann gaf ekki tilefni til neinnar deilu. Hann var að tala um, að ef hún yrði samþ., þá myndi það valda truflun. En hann sýndi aðeins ekki fram á, hverskonar truflun það myndi valda. Það væri kannske eðlilegt að tala um, að það myndi valda truflun, af brtt. hv. 2. þm. Rang. yrði samþ. En þar sem samkv. minni till. er aðeins um mjög takmörkuð viðskipti að ræða, þá get ég ekki skilið, að það myndi valda neinni truflun.

Mér þótti vænt um að heyra hjá hv. frsm., að það yrði að fara varlega að neytendunum. Þar er ég honum alveg sammála. En þetta er aðeins ekki í samræmi við till. landbn., þar sem lagt er til, að verðjöfnunargjaldið hækki upp í 10 aura, og því jafnframt lýst yfir, að þessi hækkun lendi á neytendunum. En því hélt hv. frsm. fram. Ég skal játa, til þess að fara alveg rétt með, að hann sagði síðar í ræðu sinni, að það kæmi líka lítið eitt niður á framleiðendum. Viðvíkjandi því, sem hann sagði um milliliði, að þeir væru góðir í þessu tilfelli, þá er það einmitt það, sem ég og margir aðrar hafa haldið fram, að milliliðir gætu oft verið alveg nauðsynlegir. — Ég skal svo ekki tefja umr. meira.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Ed., 26. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 205,1.a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 168 felld með 8:5 atkv.
— 205,1.b samþ. með 13 shlj. atkv.
— 173 felld með 7:5 atkv.
— 205,2a samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JBald, MG, PHerm, SÁÓ, ÞBr, BSt, HG, HermJ, IngP, EÁrna.

**nei:** JAJ, MJ, PM, GL.

Tveir þm. (JJ, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 205,2.b samþ. með 11 shlj. atkv.
— 174 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SÁÓ, ÞBr, BSt, HermJ, IngP, JBald, MJ, PHerm, PM, EÁrna.

**nei:** GL, MJ.

JAJ greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (ÞÞ, HG, JJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

---

Á 21. fundi í Nd., 27. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 220).

Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég þarf ekki að hafa langa framsöguræðu fyrir þessu máli. Eins og frv. ber með sér, er það komið frá 3. umr. í Ed., og hafa þar verið gerðar á því örfáar breyt. Að þessu sinni skal ég þá aðeins gera grein fyrir þeim breyt., sem gerðar hafa verið á frv.

Á 3. gr. frv. hefir verið gerð sú breyt., að mönnum er ekki leyfilegt að kaupa fé á fæti til slátrunar, nema með leyfi kjötverðlagsnefndar. Er þetta gert til þess að fyrirbyggja, að sú heimild, sem áður fólst í l. til þess að kaupa fé á fæti, verði misnotuð. Ennfremur er sú breyt. gerð á 3. gr. frv., að mönnum er nú heimilt að selja reykt kjöt beint frá heimilum sínum, án þess að það þurfi að fara í gegnum samvinnufélög bænda. Þetta hefir verið framkvæmt þannig í haust, að einstaka mönnum hefir verið leyft þetta, en nú þótti rétt að taka það upp í l., og hefir þetta nú þegar verið auglýst öllum almenningi. Í þriðja lagi hefir verið tekið upp í 3. gr. það ákvæði, að kjötverðlagsnefnd er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, sem eiga sérstaklega erfitt um rekstur til slátrunar. Það mun sérstaklega hafa borið á erfiðleikum hvað þetta snertir á Vestfjörðum, og þótti því rétt að breyta þessu á áðurgreindan hátt.

Að síðustu hefir sú breyt. verið gerð á 4. gr. frv., að þar er gefin heimild til þess að hækka verðjöfnunargjaldið úr 8 aurum upp í 10 aura. Er þessi breyt. gerð með tilliti til þess, að það þykir nokkuð vafasamt, eins og útlitið er nú með hinn erlenda kjötmarkað, að heimildin til þess að hafa gjaldið 8 aura sé nægilega há. Jafnframt hefir verið gerð sú önnur breyt. á 4. gr., að heimilað er að undanþiggja kjöt af mylkum ám verðjöfnunargjaldi. Það hefir verið gert í haust, og þótti ekki ástæða til, þar sem þetta kjöt er sérstaklega óútgengilegt, að taka gjald af því.

Þessar breyt., sem nú hafa verið gerðar á frv., hafa allar verið framkvæmdar á síðasta hausti, nema hækkun verðjöfnunargjaldsins. — Ég vil svo leyfa mér að mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn., að þessari umr. lokinni.

**Ólafur Thors:** Það er nú alllangt umliðið síðan Sjálfstfl. tók upp á sínar herðar og beitti sér fyrir því, að íslenzk kaupgeta og neyzluþörf væri varðveitt fyrir íslenzka bændur. Það hefir verið álit Sjálfstfl., að til þess að ná þessum tilgangi væri nauðsynlegt að skipuleggja markaðinn innanlands, svo að hann yrði hagnýttur sem bezt. Hinsvegar hefir Sjálfstfl. ekki, fremur en aðrir flokkar þingsins, verið á alveg einu máli um það, hvernig sú skipulagning skyldi framkvæmd.

En til þess þó að freista þess að ná þessum tilgangi, þá bar ég fyrir mitt leyti fram, ásamt nokkrum öðrum þm., á aðalþinginu 1933 frv. um það, að skipuleggja mjólkurmarkaðinn, frv., sem ríkisstj. hefir nú tekið upp á sína arma, og þannig siglt í kjölfar okkar í þessu máli, sem það frv. fluttum. Landsfundur sjálfstæðismanna, sem háður var í apríl í vor, markaði skýrt stefnu flokksins í þessum málum og lýsti því yfir, að Sjálfstfl. væri því fylgjandi, enda þótt það yrði ekki framkvæmt nema með fórn frá vissum stéttum þjóðfélagsins, að íslenzk kaupgeta og neyzluþörf yrði vernduð íslenzkum

bændum til framdráttar, að svo miklu leyti, sem þeir þyrftu þess með. Jafnframt lýsti flokkurinn því yfir, að þessu vildi hann fyrst og fremst koma í framkvæmd með tollalöggjöf. En auk þess taldi landsfundurinn, að það mundi verða þörf á sérstakri lagasetningu til þess að ná þessum tilgangi.

Ég get þess vegna fyrir mitt leyti og samkv. þeim vilja, sem Sjálfstfl. lýsti yfir á landsfundi sínum um þetta efni, lýst ánægju minni yfir þeirri viðleitni til þess að fullnægja þar til greindum tilgangi, sem lýsir sér í frv. hæstv. stj. En ég vil þó ekki leyna hinu, að ég tel, að í þessu frv. eins og það nú liggur fyrir séu ýmsir gallar, sem þarf að leiðrétta. Og ég vil ennfremur geta þess, og ég segi það fyrir mig persónulega, en hefi ekki rætt um það við flokksmenn mína, að það getur vel verið, að ríkisstj. takist að búa svo um þessa löggjöf og framkvæmd hennar, að hún neyði þá menn, sem borið hafa mál þetta fram af áhuga fyrir velgengni íslenzkra bænda, til þess a. m. k. að hugsa sig um, áður en þeir fylgi henni í þessu máli. Ég hygg, að hæstv. forsrh. hafi þegar orðið var við það, að það er mjög misjöfn ánægja manna með þessi l., og sömuleiðis með aðra löggjöf, sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s. mjólkursölulögin.

Ég ætla svo ekki að gera neinar sérstakar aths. um einstök atriði málsins að þessu sinni. Málið verður athugað í n., og þar mun Sjálfstfl. að sjálfsögðu koma á framfæri þeim breyt., sem hann telur, að þurfi að gera á þessari löggjöf, til þess að þar sé öllu á þann veg fyrir komið, sem æskilegast er.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Þær almennu aths., sem komu fram í ræðu hv. þm. G.-K., sé ég ekki ástæðu til þess að gera að umræðuefni á þessu stigi málsins. Það er ekki nema gott eitt við því að segja, að hann persónulega sé fylgjandi þessum málum. En viðvíkjandi því, sem fram kom um stefnu Sjálfstfl. eða stefnu þessa hv. þm. sérstaklega í mjólkurmálinu, þar sem hann segist hafa fyrstur manna flutt frv. um skipulagningu á mjólkursölu, þá vil ég leyfa mér að leiðrétta það, því að það er alveg rangt. Hv. þm. Mýr., ásamt fleirum, flutti á þinginu 1932 frv. um þetta efni, sem hv. þm. G.-K. var að hæla sér af að hafa flutt fyrstur manna. Og ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, og bið hv. þdm. að taka sérstaklega eftir því, að þó að þessi áhrifamaður innan Sjálfstfl. hafi gerzt 1. flm. að frv. sem þessu, þá hafði það ekki meiri áhrif en það, að því var komið til leiðar af þáv. formanni Sjálfstfl., að frv. var gersamlega eyðilagt í Ed., og ekkert skilið eftir af því annað en tvær lítilfjörlegar greinar, sem voru þýðingarlitlar eða þýðingarlausar, ef þær voru þá ekki til hins verra fyrir skipulagning mjólkurmarkaðsins. Þessi var árangurinn af þeim stuðningi, sem þessi hv. þm. hefir léð þessu máli, og á því er hægt að sjá, hvernig færi um skipulagningu þessara mála, ef Sjálfstfl. ætti að hafa hana á hendi.

Viðvíkjandi stefnu flokksins í þessu máli er það að segja, að eftir því, sem ég bezt man, þá mun því hafa verið lýst yfir á landsfundinum í vor, að flokkurinn ætlaði að „rannsaka", hvað þyrfti að gera í málinu. Ég hafði gaman af að sjá orðalagið á þessu, og það væri æskilegt að fá að heyra við umr. um þetta mál, orðalagið á þeirri gr. stefnuskár flokksins, þar sem sérstaklega er vikið að löggjöfinni um afurðasöluna. — Ég mun svo ekki deila um málið á þessu stigi þess, en vildi aðeins taka þetta fram, út af ummælum hv. þm. G.-K.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði ekki flutt þetta mál fyrstur manna hér á Alþ., og skal ég játa það rétt vera, að landbn. Nd. flutti svipað mál, þó með allverulegum breyt., árið áður. Það geta þeir kynnt sér, sem lesa bls. 245 í A-deild þingtíðindanna frá 1932.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði um það frv., sem ég bar fram um þetta efni, að að það hafi verið eyðilagt af fyrrv. formanni Sjálfstfl., er það að segja, að frv. hefði náð fram að ganga, ef einn einasti maður úr öðrumhvorum þeim flokki, sem styður hæstv. forsrh. nú, hefði fengizt til þess að ljá því fylgi sitt. En það var ekki einn einasti réttlátur til í þeirri Sódóma á því tímabili. Mér þætti gaman að fá vitneskju um það frá hv. 2. þm. Reykv., af hverju þessi snöggu sinnaskipti hans og flokksmanna hans stafa. Og ég skal fyrir 2. umr. málsins lesa eitthvað af ræðum hans frá því á þinginu 1933 og bera þær saman við afstöðu hans til þessa máls nú, og láta svo rauða rannsóknarréttinn finna út, af hverju hv. þm. hefir snarsnúizt svona í málinu. (**HV**: Hv. þm. ætti að gera meira að því að lesa minar ræður). Já, því að „til þess eru vítin að varast þau". Þrátt fyrir fylgisleysi jafnaðarmanna gengu ákvæði þess fram, en þau komust ekki til framkvæmda af því að þáv. lögreglustjóri hér í bænum stóð illa í stöðu sinni. Þessi lögreglustjóri er nú forsætisráðherra.

Það má kannske segja, að það skipti ekki aðalmáli, þó að hæstv. forsrh. hafi ekki kynnt sér afstöðu landsfundar Sjálfstæðismanna til þessa máls. Í framsöguræðu um afurðasölumálin, sem ég flutti á landsfundinum, stendur þetta m. a.:

„Stærsta velferðarmál landbúnaðarins er fjárhagsleg velmegun sjávarútvegsins. Þetta verður æ því berara, eftir því sem þrengist um sölumöguleika á landbúnaðarafurðum á erlendum markaði. Og nú þegar svo er komið, að ⅔ hlutar kjötsölunnar og auk þess öll sala mjólkur og mjólkurafurða fer fram á innlendum markaði, er það ljóst, að fyrir bændur veltur á því tvennu, að sá þáttur íslenzkrar framleiðslu, sem seldur er á erlendum markaði, komist í svo hátt verð, að hann geti skapað almenningi góða kaupgetu, og svo hinu, að bændur fái að njóta þessarar innlendu kaupgetu og neyzluþarfar, en það má tryggja með tollalöggjöf, ef vilji er til".

Svo kemur kafli um, hvernig horfur séu um sölu landbúnaðarafurða á erlendum markaði, en síðan kemur þetta:

„Sjálfstæðismenn munu hlusta á ráð bænda til úrlausnar þessa höfuðnauðsynjamáls þeirra, og fara eftir öllum skynsamlegum tillögum þeirra, bæði að því er snertir sölu kjöts, mjólkur og mjólkurafurða. Er þetta enganveginn vandalítið viðfangsefni, en þó vænti ég, að mjólkursalan verði auðleystust og hafa framsóknarmenn nú aðhyllzt frv., er ég flutti á síðasta þingi um skipulag á mjólkursölunni, sem fyrst og fremst miðar að því að draga úr dreifingarkostnaðinum, svo að fátækir framleiðendur beri meira úr býtum án þess að neytendum sé íþyngt.

Þetta er í svipinn langstærsta hagsmunamál bænda, og þeim ber því sérstaklega að sinna með alúð og velvild, og það skal tryggt lífvænlegt verð fyrir afurðirnar“.

Í sambandi við þetta var samþ. till. á landsfundinum alveg í þessum anda og er hún svo hljóðandi:

„Að tryggja framleiðslu landbúnaðarins sem víðtækastan markað innanlands og að rannsaka, á hvern hátt megi jafna aðstöðu héraðanna til þess að færa sér hann í nyt“.

Mér þykir rétt, að þessi afstaða Sjálfstfl. komi hér augljóslega fram, af því að stjórnarliðið hefir leyft sér þá ósvinnu að reyna að spana menn til andúðar gegn kjötsölulögunum. Ég mun ef til vill síðar leiða hæstv. forsrh. það fyrir sjónir, hvílík hætta bændum gæti stafað af þessu framferði hans og flokksmanna hans. Ég tel rétt að benda hæstv. forsrh. á það, af því ég ætla, að hann hafi ekki gert sér það fyllilega ljóst með rólegri athugun, að ef hann í raun og veru vill verða bændunum að gagni, þá verður hann að bæta ráð sitt í þessu efni, og ef hann lætur sér ekki segjast af þeim leiðbeiningum, sem hann þegar hefir fengið bæði í ræðu og riti, kynni að verða tækifæri til að gera honum betri skil áður en málið fer út úr deildinni. En það er víst, að farsæl lausn þessa máls fæst því aðeins, að lögin ödlist samúð og skilning bæði neytenda og framleiðenda. Slíka samúð er hægt að tryggja, en það er líka auðvelt að spilla henni. Hæstv. forsrh. og flokkur hans hafa alið á þessari andúð bændunum til tjóns. Þó að hæstv. ráðh. þykist bera hag þeirra fyrir brjósti, er umhyggja hans fyrir þeim ekki svo rík, að hún bæli niður pólitískt ofstæki og skammsýna andúð til bæjanna, sem einkennt hefir flokk hans frá upphafi. Þetta má öllum vera áhyggjuefni, því að hagur sveitanna verður aldrei tryggður með lögum einum, ef ófyrirleitnum mönnum tekst að skapa og magna andúð frá sjávarsíðunni í garð sveitanna. Hæstv. forsrh. verður því að gæta þess að hafa hóf á tungu sinni og ófyrirleitni flokksmanna sinna, ef hann vill, að vel fari.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég er vitanlega þakklátur hv. þm. G.-K. fyrir góð ráð og leiðbeiningar. Að vísu tel ég ekki þörf á löngum umr. að þessu sinni, en ég kemst þó ekki hjá að svara hv. þm. nokkrum orðum. Það var rétt, sem ég sagði um mjólkurfrv. hans, að það var hv. þm. Mýr., sem fyrstur bar fram frv. í sömu átt. Það stendur líka óhaggað, að það voru hans eigin stuðningsmenn, sem snerust gegn frv. í Ed., þó að þessi hv. þm. þykist ekki lítill áhrifamaður í sínum flokki. Annars er það um þetta frv. að segja, að samkv. því átti að gerilsneyða þá mjólk, sem flutt væri til bæjarins, en ekki þá mjólk, sem framleidd væri hér. Afleiðingin hefði vitanlega orðið sú, að reist hefðu verið fjós hér í bænum og heyið flutt hingað.

Viðvíkjandi framkvæmd laganna er það að segja, að fyrir liggur embættisvottorð, sem sýnir það, að það var annar aðili, sem þar réði. Ég hefi afrit af því plaggi og skal láta færa það inn í nál., svo að það standi þar sem ævarandi minnisvarði um ósannsögli þessa hv. þm. Það var fyrrv. dómsmrh., sem stöðvaði framkvæmd laganna, og er auðvelt að sýna það og sanna. — Þá er stefna Sjálfstfl. í málinu. Það er nú komið í ljós, að hann vildi láta rannsaka, hvernig hægt væri að skipuleggja söluna. Það var allt og sumt, sem flokkurinn ætlaði að gera. En það er nú venjulega svo um þennan flokk, þegar hann ætlar eitthvað að gera, að hann gengur upp í sjálfum sér. Annar helmingurinn er með, hinn helmingurinn á móti, útkoman 0.

Hv. þm. talaði um, að við værum að ala á hatri milli sveita og kaupstaða. Þetta er ekki rétt. Við höfum deilt á stjórn Rvíkurbæjar, en ekki Reykvíkinga í heild, enda er það kunnugt, að við erum í samvinnu við þann flokk, sem hefir umboð meiri hluta vinnandi manna í bænum. Við höfum deilt á meiri hl. bæjarstj. og suma forystumenn bæjarins, en Framsfl. hefir sýnt það í verki, að hann er beinlínis velviljaður bæjarfélaginu í heild. En þegar þessi hv. þm. er að tala um Reykvíkinga, lítur helzt út fyrir, að hann muni aðeins eftir sér og mönnum af svipaðri stærð. Hann virðist alls ekki muna eftir hinu fólkinu, sem við erum ekki í neinni óvináttu við. Annars fannst mér hv. þm. komast undarlega að orði, þegar hann sagði, að við værum að „spana menn upp“. Það orðatiltæki hélt ég að væri yfirleitt ekki notað um menn með fullu ráði, að þeir væru „spanaðir upp“. En viðtökurnar, sem þetta mál fékk í herbúðum Sjálfstfl., voru í upphafi þær, að skrifuð var hin hatrammasta ádeilugrein á skipulagstillögurnar og Jón Árnason, og síðan hefir verið skrifuð grein eftir grein um málið í sama anda. En þessum greinum hefir verið svarað eins og svara ber, þegar Sjálfstfl. ræðst gegn góðum málstað. Þeim hefir verið svarað með einurð og harðneskju, en það er eina leiðin, sem ber árangur gegn óréttmætum árásum þessa flokks á góð mál. Reynslan hefir sýnt, að þegar risið er gegn illum málstað Sjálfstfl. með fullri festu og harðneskju, bognar hann að lokum undan svipum almenningsálitsins. Annars sýnist mér, að vel mætti láta þessa deilu falla niður, ef það er virkilega meining Sjálfstfl., að hann sé málinu fylgjandi.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég ætla ekki að þessu sinni að ræða mál það, sem fyrir liggur, því að það mun koma til n., sem ég á sæti í. En af því að hér hefir verið rætt um sögu mjólkurmálsins

og afskipti mín af því, vildi ég skýra það mál með nokkrum orðum samkv. því, sem þingtíðindin herma.

Málinu var fyrst hreyft á búnaðarþingi árið 1932 fyrir mína forgöngu. Þar var samþ. frv. til l., sem búnaðarþingið fól mér að koma á framfæri. Ég fékk landbn. Nd. til að flytja málið, og var ég frsm. þess. Frv. mætti lítilli mótstöðu í deildinni og fór til Ed. En þar strandaði málið vegna sameiginlegrar mótstöðu sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna. Síðan var málið borið fram á næsta þingi í svipuðu formi, en þá var hv. þm. G.-K. aðalflm. þess. Málið var stöðvað aftur í Ed. vegna sameiginlegrar mótspyrnu sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna, bæði hér í þinginu og utan þings. — Þetta vildi ég, að kæmi hér fram, úr því að saga málsins var gerð að umtalsefni.

**Forseti (JörB):** Hv. þm. G.-K. gerir stutta aths.

**Ólafur Thors:** Nei, hún verður löng. Úr því að hæstv. forseti lætur hv. 2. þm. Reykv. tala eins lengi og honum sýnist, ætla ég að tala svo lengi sem mér sýnist. Hæstv. forseti verður að þola mér það eigi síður en honum.

**Forseti (JörB):** Ég vil benda á, að þegar um ágreiningsmál er að ræða, er venja að taka frjálsmannlega á athugasemdum þingmanna, og vænti ég, að hv. þm. G.-K. þurfi ekki yfir neinu að kvarta.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Úr því að hv. þm. Mýr. fór að tala um, hver hefði átt forgönguna í mjólkursölumálinu, vildi ég geta þess, að hinn sanni brautryðjandi þessa máls er Eyjólfur Jóhannsson forstjóri. Eins og flestum hér mun kunnugt, er það hann, sem skapað hefir málinu það gengi, sem það þegar hefir fengið.

Hæstv. forsrh. vafðist tunga um tönn, þegar hann fór að tala um, hverjir hefðu staðið gegn framkvæmd málsins. Ég vil leyfa mér að spyrja: Er það satt eða er það ekki satt, að jafnaðarmenn hafi staðið á móti málinu? Hæstv. ráðh. vildi gefa í skyn, að Sjálfstfl., hefði fellt málið. Sannleikurinn er sá, að Sjálfstfl. var skiptur í málinu, en jafnaðarmannaflokkurinn stóð óskiptur gegn því. Ég vil skjóta því að hæstv. forsrh., að hann ætti að tala varlega um að reisa öðrum ósannindaminnisvarða, því að hann er sjálfur lifandi minnismerki ósannindanna. Ég endurtek það: lifandi minnimerki ósannindanna. Ég vil vekja athygli d. á því, að það er hæstv. forsrh. sjálfur, sem er banamaður mjólkurfrv. frá 1933. Hann reyndi að skjóta sökinni á fyrrv. dómsmrh., en sannleikurinn er sá, að hæstv. forsrh., sem áður var lögreglustjóri, neitaði í heilt ár að framkvæma lögin. Maður nokkur austan úr Flóa, sem selur mjólk í bæinn, kom á fund fyrrv. dómsmrh. og fór þess á leit, að framkvæmd laganna yrði frestað um nokkra daga. Fyrrv. dómsmrh. gaf þá tveggja daga frest, en hæstv. forsrh. leyfir sér að gefa honum að sök, að l. voru ekki framkvæmd í 15 mánuði. Svo er þessi maður að tala um að reisa öðrum minnismerki ósannindanna. Það er ekki ólíkt þessum hæstv. ráðh. að vera að skopast að því, að Sjálfstfl. vildi fá rannsókn í þessu máli. Allt, sem hann gerir sjálfur, er sem sé framkvæmt rannsóknarlaust. Það þarf enginn flokkur að fyrirverða sig, þó að hann vilji láta rannsaka þau mál, sem hann hefir með höndum. En þetta frv. sýnir, að ráðh. aðhyllist þá stefnu, að framkvæma án rannsóknar. En ég get sagt honum, að hann kemst aldrei langt, ef honum þykir það mestur sómi að framkvæma málin án rannsóknar. Hæstv. forsrh. miklaðist af því, að flokkur hans deildi ekki á fólkið í Rvík. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa grein úr Tímanum með fyrirsögninni „Óttinn við kjósendurna". Þar segir m. a.:

„Þeir (bændur) finna vel, hvor flokkurinn er þeim heilladrýgri: Framsókn eða Íhaldið ... Íhaldið svífst einskis til að eyðileggja kjötsölulögin ... Það skelfur við þá tilhugsun, að Framsfl. uppskeri aukið fylgi fyrir það verk, sem hann álítur hlutverk sitt og skyldu að framkvæma (kjötsölulögin) ... Íhaldsm. fara hvíslandi um í sínum hóp og eggja hverjir aðra til að kaupa ekki kjöt ... Það er auðséð á Mbl., að andi íhaldsm. er reiðubúinn. Hitt er enn ekki reynt, hvort holdið verður veikt".

Hverjir eru þetta íhald? Það eru sjálfstæðismenn í kaupstöðum landsins, en þeir eru fullur helmingur kaupstaðabúa í landinu. Ég veit, og það er að vísu virðingarvert, að hæstv. forsrh. þorir ekki að standa við þetta í þingsalnum. En það væri virðingarverðara, ef hann sæi um, að blöð hans héldu ekki áfram í þessum tón.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Röksemdafærsla hv. þm. G.-K. var þess eðlis, að ekki er þörf á löngu svari. Hann var óvenjulega æstur, en ég get ekki að því gert, þó að honum sviði, þegar sýnt var fram á, að hann hefði farið með rangt mál í sambandi við mjólkurlögin. Um hitt atriðið, að ekki hafi verið gerð nein rannsókn eða undirbúningur áður en þessi lög voru sett, vil ég segja það, að ½ ári áður en lögin voru sett hafði ráðuneytið skipað n. einmitt til þess að rannsaka og undirbúa málið. Auk þess hafði S. Í. S. látið nefnd vinna að málinu í heilt ár og haldið sérstakan fulltrúafund um málið. Á skýrslum og tillögum þessara n. eru svo lögin byggð. Það virðist líka benda á, að lögin séu sæmileg, að nú virðist vera hafið kapphlaup um að sanna, hverjum beri heiðurinn af að eiga frumkvæði að þeim. Að því ætla ég ekki að eyða mörgum orðum.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Mér finnst harla einkennilegt, þó nokkur skyldleiki sé milli frv. um sláturfjárafurðir og mjólkursölu, að blanda þeim saman í þessum umr. **(Forsrh.:** Vill ekki hv. ræðumaður snúa sér með það til hv. þm. G.-K.?). Ég þarf ekki að spyrja hæstv. forsrh. um, hvað ég eigi að segja, því ég var búinn að hugsa mína ræðu. Annars ætti hæstv. ráðh. að hugsa fyrst og fremst um að standa sæmilega fyrir sínu eigin máli, áður en hann fer að leiðbeina öðrum. Ég verð að segja, að mér fannst það alger óþarfi af hæstv. forsrh., þó hv. þm. G.-K. benti á, að hann hefði verið flm. að frv.

um mjólkursölu, að hefja umr. um það með ádeilu á vissan stjórnmálafl. Það hefði hann átt að geta látið bíða, a. m. k. þar til mjólkurmálið kemur til umr. Hefir þetta leitt til þess, að umr. hafa að mestu snúizt um mjólkurmálið, og hv. sessunautur minn, þm. Mýr., fann ástæðu til að standa upp og vitna með hæstv. forsrh. í því máli. Var það, sem hann sagði, eingöngu um mjólkurmálið. Hann minntist ekki einu orði á það mál, sem hér er til umr. Ég verð að segja, að mér finnst stjórnarfl. illa farast að tala um málþóf hér á Alþ., þegar þeir ganga á undan um að ræða allt önnur mál en fyrir liggja. — Út af þessu skal ég svo ekki segja meira. En út af þessu máli, sem hér liggur fyrir vil ég segja það, að það er harla einkennilegt, en sýnir vel skapferli stjórnarfl. — og þó sérstaklega hæstv. dómsmrh. —, hvernig þeir haga sínum málflutningi. Síðan þeir fyrst tóku fyrir afurðasölumálið hefir ekki komið svo út frá þeim nokkurt blað, að því hafi ekki verið slegið föstu, og reynt að telja fólkinu trú um, að Sjálfstfl. og blöð hans væru á móti málinu. Þetta er reynt að berja inn í sveitafólkið, og mun gert til þess að skapa Sjálfstfl. þar andúð og óvinsældir, sem andstæðingi þessa máls, *sem er vitanlega hreinasta lýgi*, (*Forseti hringir.*) — hreinasta lýgi frá rótum. En svo að ég spari hæstv. forseta fleiri hringingar, get ég eins kallað það vísvitandi ósannindi, ef það þykir þinglegra. — En þetta er gert til að hilma yfir þá árás, sem stj. var búin að gera á íslenzkan landbúnað með kauphækkuninni í sumar. Þetta er svo fóðrað með því, að til þess að fá þessi lög fram, hafi verið óhjákvæmilegt að gera samning við sósialistana um hækkun á vegakaupinu. Þeir gátu ekki, með öllum sínum ósannindum, fóðrað þá samninga á annan máta fyrir landslýðnum.

Nú skal ég rekja hér, hvað draga má út úr afstöðu Sjálfstfl. til þessa máls, og sýna fram á, hversu vingjarnlega hann hefir snúizt við því. Skal ég ekki rekja frekar mjólkurmálið eða blanda því inn í þetta mál.

Á þingi 1933 kemur þáv. hv. landsk. þm. Jón Jónsson í Stóradal fram með þáltill. um að skipa nefnd til að rannsaka og undirbúa afurðasölumálið og koma fram með till. um, hvað *heppilegast væri að gera til þess að koma því í hagkvæmara horf*. Hvernig var afstaða Sjálfstfl. í því máli? Var hann því andvígur? Ég held ekki. Og á landsfundi Sjálfstfl. síðastl vetur, sem hv. þm. G.-K. minntist á, var samþ. till., sem fór í þá átt, að fundurinn teldi rétt að skipa nefnd til að rannsaka málið og koma fram með till., sem lagðar yrðu fyrir Alþ. Og þegar hæstv. ráðh. er að skopast að ályktun landsfundarins um að vilja láta rannsaka málið, er hann að skopast að sinni eigin einfeldni. Engum dettur annað í hug en athuga og rannsaka þau vandamál, sem þarf að leysa, nema hæstv. ráðh. Hann er því að opinbera hér einfeldni sína. Ég kveinka mér við að nefna barnslega einfeldni — vil ekki segja heimsku —, þegar hann er að skopast að rannsókn þessa máls. Það hefir því komið fram viðurkenning frá Sjálfstfl. um, að hér væri mál, sem þyrfti að rannsaka og leysa og taka föstum tökum. Og það er algerlega óréttmætt að kenna því ráðuneyti, sem fór frá í sumar, um, að málinu var ekki lengra komið. Heldur er því einu um að kenna, að nefnd sú, sem skipuð var í málið, var ekki búin að ljúka rannsóknum sínum að undirbúningi málsins, og því ekki búin að leggja fram till. sínar, sem framkvæmdir stj. áttu að byggjast á. Það fellur því enginn blettur hvorki á Sjálfstfl. eða Bændafl. fyrir afskipti af þessum málum. Það var viðurkennt af báðum flokkunum, að bráðabirgðalög um kjötsöluna væru nauðsynleg, þar sem framkvæmd laga, sem *hefðu beðið afgreiðslu þings*, hefði orðið að fresta um 1 ár. Svona horfir nú málið við fyrir þeim mönnum, sem vilja byggja dóm á því, sem fyrir liggur í þingtíð., blöðum og viðar. En þrátt fyrir allt þetta stimpla blöð stjórnarfl. Sjálfstfl. algerlega sem óvin þessa máls. En því þurfa stjórnarblöðin að bera fram alla þessa lygi eða vísvitandi ósannindi? — svo hæstv. forseti þurfi ekki að hringja. Það er verið að draga hér fram klausur úr bæjarblöðum ýmsra fl. Ég skal ekki bera blak af því, sem sagt er í blöðunum, en við samanburð á þeim finn ég engan mismun. Vil ég um það taka mér í munn orð hæstv. forsrh., er hann hafði um Sjálfstfl., að óheppileg blaðaskrif um málið „gangi upp í sjálfum sér". Mér þykir vænt um að sjá, að ég hefi rumskað svo við ritstjóra aðalmálgagns stj., að ég sé, að hann hefir fundið ástæðu til að biðja um orðið. Það er því ekkert annað en vandræðafálm hjá hæstv. ríkisstj. að bera fyrir sig blaðaskrif, sem sögð hafa verið af öðrum um málið. Það er ekki nema eðlilegt, þegar gera á ráðstafanir til að hækka kjötverðið, þó kaupendurnir láti heyra rödd frá sér. Við getum haft góða samvizku af því, að ekki er farið fram á meira en það, sem við bændurnir þurfum nauðsynlega til að lifa. Hér er aðeins stefnt að því, að þessi annar aðalatvinnuvegur landsmanna geti haldizt uppi og staðið að sínum hluta undir að bera uppi þjóðarbúið. En það er síður en svo, að með því verðlagi, sem nú er, getum við lagt fyrir. Því miður er sannleikurinn sá, að þrátt fyrir það berjumst við í bökkum. En meðan ekki er hægt að standa í fullum skilum með greiðslu af skuldum, auk annara *þarfa, er búskapurinn ekki kominn á heilbrigðan* grundvöll, eða hægt að telja hann sómasamlega rekinn. Ég hefi með þessu viljað sýna fram á, að það er fullkomlega fordæmingarvert af stj.fl. að útbásúna sem afstöðu Sjálfstfl., að hann sé á móti málinu, þó einstaka rödd hafi heyrzt um, að þörf væri breytinga. Öll ummæli frá andstæðingum Sjálfstfl. um afstöðu hans í málinu hrynja því svo gersamlega til grunna, að stjórnarfl. liggja sjálfir flatir og útataðir í því svaði, sem þeir hafa vaðið í. En það getur verið, ef þeir nota nógu mikla sápu, að þeim takist í bili að þvo sig hreina í augum sinna flokksmanna, en það verður aldrei lengi, þeir eru of skítugir til þess. Ég skal þá benda á, að þau mótmæli, sem komið hafa fram, eru ekki gegn lögunum í heild, heldur hefir aðeins verið bent á, að sumum atriðum þeirra mætti skipa betur á annan veg. Enda hefir sjálfum

stjórnarfl. þótt ástæða til að breyta frv. og laga í ýmsum atriðum. Ég fyrir mitt leyti er ekki samþykkur 1. brtt., og fer eftir svari ráðh. hvort ég get samþ. 2. brtt., en þær sýna þó, að lögin hafa ekki verið gerð svo alger úr garði, að ekki væri ástæða til að athuga þau.

Ég skal þá minnast á þessar 2 brtt. á frv., sem samþ. voru í Ed., og vil þá fyrst koma að því ákvæði bráðabirgðalaganna, þar sem gert er ráð fyrir að leggja skatt á allt nýtt kjöt. En þetta kemur þannig fram, að skattur af útfluttu kjöti er endurgreiddur, svo raunverulega hvílir skatturinn eingöngu á innanlandssölunni. Og þar sem innanlandsmarkaðurinn er langmestur í Rvík, og verð þar yfirleitt hæst, kemur skatturinn langmest niður á mönnum kringum Rvík. Samkv. bráðabirgðal. er heimild til að leggja allt að 8 aura verðjöfnunarskatt á kg., en sú heimild var ekki notuð í haust nema í 6 aura. En nú hefir hv. Ed. fært þessa heimild upp í 10 aur. Þegar miðað er við þær ráðstafanir, sem verið er að gera til að halda uppi kjötverðinu, er ekki rétt að mótmæla alveg verðjöfnunarskatti, sem ætti að draga úr aðstreymi kjöts á Rvíkurmarkað, úr fjarlægum sveitum, og útiloka, að of mikið bærist á markaðinn. En það er ekki nóg, að kjötið sé selt við ákveðnu verði, heldur verður jafnframt að vera tryggt, að ekki sé flutt inn á markaðinn meira kjöt en hægt er að selja og markaðurinn þolir. Annað er gersamlega meiningarlaust. Ég varð var við það í ferð minni austur um Árnes- og Rangárvallasýslur, að bændur telja, að verðjöfnunarskatturinn komi misjafnt og oft ósanngjarnlega niður. Einkum var þetta í Rangárvallasýslu, þar sem fé er svo rýrt, að það er aðeins undantekning að fá kjöt í I. fl. og jafnvel II. fl., en mestur hluti þess fellur undir III.—IV. fl., og sumt fæst alls ekki flokkað. Þar var algengt, að menn litu svo á, að þeir, sem byggju í landgæðasveitum og hefðu vænt fé, stæðu engu verr að vígi að framleiða kjöt á útflutningsmarkað en menn þar í sveit á þann innlenda. Nú býst ég við, að þegar þessir menn sjá, að Alþingi hefir hækkað hámark verðjöfnunargjaldsins upp í 10 aura, þá vakni hjá mörgum spurning um, hver verði niðurstaða búskaparins, ef þeir með sitt rýra fé eigi að greiða svona háan skatt til þeirra, sem væna fé hafa, og hvort það sé sanngjarnt, jafnvel þó þeir þurfi að nota erlendan markað.

Ég vil svo aðeins benda á, hvort það hefir verið tryggt við framkvæmd laganna á þessu hausti, að ekki bærist of mikið kjöt að úr fjarlægum héruðum, svo ekki seljist allt kjöt úr nærliggjandi sveitum. Mér er kunnugt um, að á öndverðri sláturtíð var farið að flytja inn til Rvíkur kjöt norðan af Borðeyri og vestan úr Dölum og víðar að, áður en séð var, hvað slátrun hér yrði mikil. Ég veit, að slátrun verður þó minni en í fyrra, sem stafar af þeim óskaplegu áföllum, sem menn urðu fyrir vegna ormaveikinnar í sauðfénu síðastl. ár. Þeir menn, sem hafa notað markað hér, hjóta að gera kröfur til að sitja að honum frekar en þeir, sem fjarlægari eru og njóta eiga verðjöfnunargjaldsins. Þetta verður að vera tryggt.

Annað atriði er í þeirri breyt., sem gerð var í Ed., og ég get látið mér nægja að gagnrýna ef svör hæstv. dómsmrh. falla á þann veg, að hann telji þá tortryggni, sem ég hefi borið fram gagnvart þessu, á röngum rökum byggða. Það er ekki ástæða til þess að óttast, að lögin verði skilin eða framkvæmd á þann hátt, sem hugsanlegt væri að framkvæma þau á. Við setninguna, sem stendur í 3. gr. frv., „að enginn megi slátra fé ....“ á að bæta við: „né kaupa fé til slátrunar“. Ég hefi minnzt á þetta áður. Það, sem ég hefi við þetta að athuga, er ekkert nema það, að þetta verði ekki framkvæmt þannig, að þeim, sem hafa fengið leyfi til þess að verzla með sláturfjárafurðir, verði ekki settur stóllinn fyrir dyrnar, þannig að þeir fái leyfi til þess að kaupa fé á fæti til þess að selja. Ég álít það liggja fyrir utan þær ráðstafanir, sem hér um ræðir, að menn fari að skipta sér af því, hvort menn hafi þá tilhögun á fjársölunni á haustin, sem sett hefir verið, og hvort þeir reka sjálfir féð til slátrunar, eða hvort þeir selja féð aðallega á fæti. Ég veit, að sú tilhögun er töluvert viðhöfð hjá okkur í Borgarfirði, og ég býst ekki við, að menn sætti sig vel við, að tekið sé fram fyrir hendurnar á þeim í þessu efni.

Hinsvegar er ég því samþykkur, að girt sé fyrir það, að einstaka „spekulantar“, sem ekki taka fé upp í viðskipti, geti fengið að kaupa fé og selja á fæti. Sé það eini tilgangurinn með breyt. að útiloka þá menn, er ég því vitanlega samþykkur, bara ef ekki er farið að skerast í það, hverja tilhögun menn hafa á fjársölunni, þeir sem hafa þegar fengið leyfi til þess að verzla með afurðir.

Fleira mun ég ekki minnast á nú, því að önnur einstök atriði á frekar að ræða við 2. umr. málsins. Ég vil að lokum skjóta því til þeirrar n., sem fær málið til athugunar, að hún taki verðjöfnunargjaldið til gaumgæfilegrar athugunar, og þá sérstaklega hækkun þá, sem gerð var á því í Ed.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Manni verður oft á, þegar þessi hv. þm. stendur upp og ætlar að verja aðgerðir Sjálfstfl. á ýmsum málum, að detta í hug klár, sem beitt er fyrir of þungt hlass. Það er, eins og menn vita, hörmuleg sjón, sérstaklega ef hann er ekki vel járnaður. Menn eru vanir að hlæja að þessum rokum í hv. þm. í sambandi við ýms mál, sem flutt eru hér í deildinni. Þetta er í rauninni ekkert hlægilegt. Það er aðeins samvizka bóndans, sem hann finnur, að er í ósamræmi við hans eigin stétt. Þetta lýsir sér stundum í ópum frá hv. þm., eins og síðasta ræða hans bar greinilega vott um. Ræðan snerist um það, að vernda Sjálfstfl. og itreka, að hann væri afurðasölunni hlynntur. Þetta reyndi hv. þm. af veikum mætti, en það fór eins og við var að búast, að hann færði engin rök fyrir máli sínu, en ópin gerðu aftur á móti það eitt að verkum, að hann heyrði ekki hvísl sinnar eigin samvizku.

Þrátt fyrir það, sem nú var sagt, vona ég samt, að hv. þm. sé ekki alveg blindur á skrift.

Það þarf ekki annað en að lána hv. þm. 23 ársargreinir blaða þess flokks, sem hv. þm. er í, sem skrifaðar hafa verið um afurðasölumálið. Það hefir sýnt sig, að það eina, sem dálítið dugir, er að svara slíku með fullri einurð, því að þm. Sjálfstfl. óttast svipu almenningsálitsins. Mjólkurlögin hafa verið svívirt meira en nokkur önnur lög, en nú lýsir Sjálfstfl. yfir því í Morgunbl., að mikill hluti sjálfstæðismanna sé lögunum fylgjandi. Þetta er ágætur árangur af því að fylgja málunum vel eftir með einbeittri einurð og hörku, þegar svo ber undir. Það hefir aldrei verið hægt að nota aðra aðferð við íhaldsflokk en að láta almenningsálitið beygja hann til hlýðni. Þeirri aðferð verður að beita í þessu máli, jafnt sem öllum öðrum. — Þetta hefi ég um skrif okkar framsóknarmanna að segja.

Það hefir komið fram till. um, að málinu ætti að fylgja rannsókn. Því ekki það! En við höfum bara staðreynd fyrir hendi viðvíkjandi því, hvernig málinu hefir verið tekið. Það er ómögulegt að gera lögunum meiri bölvun en gert hefir verið af hálfu flokks hv. þm. Flokkur hans hefir laumað inn í hvert hús í Rvík greinum, sem reyna af fremsta megni að spilla fyrir framkvæmd þessara laga. Það er þetta, sem stýrir almenningi, en ekki það, hvernig einstakir menn tala, þegar kemur til framkvæmda. Það eru blöðin, sem snúa neytendunum í þessum bæ og ráða því að mestu, hvernig framkvæmd þessara laga verður.

Rök hv. þm. voru frekar léleg, eins og vænta mátti. Sama röksemdafærsla kom fram í seinni hluta ræðunnar, t. d. að því er viðvék rýra fénu fyrir austan fjall. Hv. þm. var svo heitur, að hann hafði engin tök á því, sem heitir rök. Hann sagði t. d., að þeir, sem byggju fyrir austan fjall, yrðu að borga verðjöfnunargjald af sínu fé til þess að halda norðlenzka kjötinu uppi. Þetta er hin mesta fjarstæða og hræðilegasta rökvilla, sem hægt er að færa fram í nokkru máli. Það er rétt, að einstakir fjáreigendur á Suðurlandi eiga rýrara fé en bændur á Norðurlandi, og þess vegna þurfa þeir vitanlega frekar á því verði að halda, sem fæst með kjötlögunum, til þess að geta komið kjötinu á markaðinn og fengið hærra verð en ella. Vitanlega er ekki hægt núna að losna við það, að ákvæðið viðvíkjandi verðjöfnunargjaldinu sé miklu frekar sett vegna þeirra, sem búa á Suðurlandi og eiga að búa við þessi lög, en fyrir þá, sem eiga nú við verðjöfnunargjald að búa. Sumstaðar á Suðurlandi er mismunurinn á verðlagningunni svo mikill frá því, sem er nú erlendis, að mikil hætta getur orðið á því, að framkvæmd laganna takist ekki, svo framarlega sem ekki verður komið meiru samræmi á þessu viðvíkjandi. Það er ekki hægt að halda kjöti frá stöðum, sem eru stutt frá, t. d. í Strandasýslu og Húnavatnssýslum, frá markaðinum. Það er mesti misskilningur, að verðjöfnunargjaldið sé til þess að létta eingöngu undir með bændum á Suðurlandsundirlendi, vegna þess að það verður að setja þetta ákvæði, til þess að hægt sé að halda framkvæmd laganna uppi. Verðið er nú 95 aur. fyrir kg. af 1. fl. kjöti á markaðinum í Rvík og annarsstaðar hér á landi. Það eru engin líkindi til þess, að þeir, sem selja kjöt á erlendum markaði, fái meira en 50—60 aur. fyrir kg. af söltuðu kjöti og 70 aur. fyrir fryst kjöt. Verðmismunurinn verður því 20—25 aur. Vitanlega er ekki hægt að bæta upp verðmuninn nema að nokkru leyti, á meðan verðjöfnunargjaldið er eins og það er nú. Þess vegna er það sett fyrir þá, sem búa á Suðurlandi, til þess að hægt sé að halda lögunum uppi, því að ef verðjöfnunargjaldið er ekki hækkað, þá er ósamræmið svo mikið, að ómögulegt er að halda þeim úti af markaðinum, sem verða að nota erlendan markað. Því meiri þörf er á því að vernda þessa framleiðslu, ef það er rétt, sem hv. þm. Borgf. segir, að þessi framleiðsla sé mjög rýr.

Viðvíkjandi einstökum atriðum laganna, sem hv. þm. spurðist fyrir um, t. d. því, hvað gert yrði viðvíkjandi leyfum um sláturfé, get ég tekið þetta fram:

Það verður leyft að verzla með sláturfé, að svo miklu leyti sem n. telur ekki, að slík sala sé notuð til þess að fara í kringum lögin. Annars munu einstök atriði laganna verða rædd, þegar málið kemur til 2. umr., og þau hafa verið rædd í nefnd.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. tók fram um mjólkurmálið, vil ég segja það, að það var í fullu samræmi við hinn hluta ræðu hans. Hann varði einum þriðja parti af ræðutímanum til þess að tala um mjólk. Ástæðan til þess var sú, að hv. þm. G.-K. hafði farið rangt með, og það þurfti að leiðrétta hans ummæli í þessu efni. Þetta er í nánu samræmi við annað hjá hv. þm.

Meira ætla ég ekki að segja um þetta mál að sinni. Ég hefi nú svarað ræðu hv. þm., sem var miklu meira hávaði um þetta mál heldur en rök. Það er að vísu eðlilegt, því að það er ókleift að færa rök fyrir því, að Sjálfstfl. sé þessu máli hlynntur.

**Gísli Guðmundsson:** Ég vil vinna til þess að sleppa orðinu, til þess að lengja ekki umr., með því skilyrði að þeir sjálfstæðismenn, sem beðið hafa um orðið, geri slíkt hið sama og ég. Hæstv. forseti getur spurt þessa hv. þm. að því, hvort þeir gangi að þessu.

**Forseti (JörB):** Það eru þrír á mælendaskrá, og ég get ekki hætt umr. nema því aðeins, að þessir hv. þm. fallist sjálfir á þetta.

**Garðar Þorsteinsson:** Tilboð hv. þm. N.-Þing. er að vísu ákjósanlegt og aðgengilegt, en þar sem gera má ráð fyrir, að hann hafi sjálfur margt merkilegt um málið að segja, tel ég ekki rétt, að honum sé meinað að fá orðið.

**Gísli Guðmundsson** (óyfirl.): Eins og menn hafa heyrt, hefir einn sjálfstæðismannanna hafnað tilboði mínu. Það er í fullkomnu samræmi við þá aðferð, sem flokkur hans beitir í báðum hv. þd., sem sé að tefja fyrir framgangi mála með málþófi. Það er ekki nema sjálfsagt og rétt, að þetta komi fram í þingtíðindum, til þess að landsbúar geti séð, hvernig framkoma

Sjálfstfl. er í þessu efni. Þetta er sérstaklega ákjósanlegt, þar sem blöð þeirra hafa borið á móti því, að flokkurinn beitti þessu málþófi.

Sumum þykir mér ef til vill liggja of lágt rómur, samanborið við rómstyrkleika sjálfstæðismanna undanfarið. Það verður þá að hafa það, enda geri ég ekki ráð fyrir að þurfa að hafa eins hátt og þeir.

Ég vil vekja athygli á einu atriði strax, og það er framkoma þeirra tveggja hv. þm., sem hér hafa talað um þetta mál af hálfu Sjálfstfl. Ég vil ekki láta hjá líða að benda á þetta, vegna þess að það hefir víða verið talað um, að ekki væri fullkomlega gætt þess velsæmis í þinginu, sem nauðsynlegt er að gera. Ég vil vekja athygli á háttsemi hv. þm. G.-K. og hv. þm. Borgf. Það hefir komið fyrir þá báða, að munnsöfnuður þeirra hefir verið svo ljótur, að hæstv. forseti hefir neyðzt til þess að áminna þá. En í stað þess að taka þetta til greina, hafa þeir endurtekið þau orð, sem þeir voru búnir að segja og höfðu verið vittir fyrir. Þegar hv. þm. sækjast eftir að láta sem skýrast koma fram vitavert orðbragð, þá finnst mér það ekki geta bætt velsæmið á þingi, sem margir telja, að sé mjög ábótavant.

Annars vil ég nú snúa mér að málinu sjálfu og vekja athygli á upphafi þessara umr. Hæstv. forsrh. reifaði málið með nokkrum orðum, án þess að ráðast á nokkurn. Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, vil ég taka það fram, að mér finnst hv. þm. vera frekar heyrnarsljór, ef hann hefir ekki tekið eftir því, hvernig hv. þm. G.-K. talaði. Hann var með ásakanir í garð Framsfl. þess efnis, að hann réðist á sjávarútveginn. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. Borgf. geti komizt hjá því að viðurkenna, að slík ummæli séu ekki sem bezt til þess fallin að draga úr deilum um þetta mál. Fyrst sjálfstæðismenn hafa sjálfir talið það heppilegt að gera að umræðuefni, hvort þeir hafi í raun og veru sýnt þessu máli óvild, er rétt að ég fari fáum orðum um það atriði. Ég skal taka það fram, að ég mun ekki ráðast á menn eða hafa háreysti í frammi meira en tilefni gefst til af hálfu þessara manna sjálfra. Ég vil minna á, hvernig þetta mál hefir borið að, hvernig skipulagning á landbúnaðinum og framkvæmd hennar hefir borið að. Í fyrra haust var hafinn undirbúningur um þetta mál af þeim mönnum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í þessum efnum, bændastéttinni og samvinnufélögunum. Þau hófu síðan undirbúning með till. um skipulagningu kjöt- og mjólkursölu síðastl. haust. Það mál hefir verið rakið opinberlega, svo að mönnum er það að sjálfsögðu kunnugt.

Það næsta, sem gerist í þessu máli, er, að það er tekið til meðferðar á aukaþinginu fyrir nýár í fyrra. Næst koma fulltrúar samvinnufélaganna á fund til þess að hefja nánari undirbúning málsins. Frá þessum fundi koma ýtarlegar till. um skipulagningu kjöt- og mjólkursölunnar. Um þessar till. er það að segja, að þær eru í öllum aðalatriðum eins og sú skipulagning, sem lögfest var með bráðabirgðal. í ágúst og september síðastl. Þessum till. hefir ekki verið haldið leyndum. Þær voru birtar í blöðum og sendar til þáv. atvmrh. Þessar till. voru í öllum aðalatriðum eins og það skipulag, sem lögfest hefir verið frá því í apríl á síðastl. vori. Það var öllum opinn aðgangur að þeim. Ég vil vekja athygli á því, að þrátt fyrir það, þótt þessar till. lægju opnar fyrir öllum blöðum og þeim, sem hlut áttu að máli, þá varð samt ekki vart við, að þá væri í blöðum Sjálfstfl. gerð nokkur tilraun til þess að koma með rökstudda gagnrýni á þessum lögum. Það er rétt hjá hæstv. forsrh., að þegar till. voru birtar og skýrt var frá fundi samvinnufélaganna, þá birtist í Mbl. árásargrein á einn af framkvæmdarstjórum Sambandsins, en till. sjálfar voru ekki teknar til meðferðar. Það var ekki bent á, í hverju till. væri áfátt, og það var ekki bent á breyt., sem flokkurinn vildi gera.

Ég vil átelja Sjálfstfl. og blöð hans fyrir það, að gagnrýna ekki strax, þegar opinbert var, að hverju stefnt var, og bera fram sínar eigin till.. svo að unnt væri að ræða þær jafnframt því, sem grundvallartill. skipulagningarinnar voru ræddar.

Sjálfstfl. hefir enga afsökun í þessu máli, og hann verður að viðurkenna, að nauðsynlegra var, að flokkurinn kæmi með rökstudda gagnrýni í blöðum sínum og tillögur viðvíkjandi þessu máli, í stað þess að birta skætingsgreinar um þau félög, sem hrundu þessu máli af stokkunum. Ég hygg, að það hafi verið skömmu eftir fund samvinnufélaganna, að fyrrv. atvmrh. skipaði mþn. í afurðasölumálinu, sem skyldi rannsaka það mál og gera till. um það. Þessi mþn. fekk sendar till. þær, sem gerðar höfðu verið á fundi samvinnufélaganna, og tók þær til meðferðar. N. sat að störfum þangað til seinni hluta síðastl. sumars. Það er mesta fjarstæða, sem hv. þm. G.-K. sagði, að Framsfl. vildi hrinda þessu máli af stað án rannsóknar. Þetta mál hefir, eins og bæði ég og aðrir hafa bent á, verið mikið rannsakað, þótt það sýni sig, þegar það kemur undir reynsluna, hvort nauðsynlegt verður að gera ýmsar smábreyt. á því.

Í framhaldi af því, sem ég hefi nú sagt viðvíkjandi því, að Sjálfstfl. og blöð hans hafa vanrækt þá skyldu sína sem stjórnmálaflokkur, að koma með rökstudda gagnrýni á byrjunarstigi málsins, vil ég halda áfram að minnast á, hvernig þessi flokkur tók málinu síðar. Eins og kunnugt er frá kosningunum síðasta sumar, var gert samkomulag milli þeirra flokka og þeirra þingmanna, sem mynda meiri hl. þingsins og standa að stj., um ýms mál, sem þessir flokkar ætla að vinna að og nýja stj. ætlaði að vinna að. Meðal þessara mála var sérstaklega tilgreint, að hæstv. stj. og flokkarnir ætluðu að vinna að því að skipuleggja afurðasöluna, kjötsöluna og mjólkursöluna.

Hvað gerði Sjálfstfl. og blöð hans? Þau þögðu. Hvers vegna komu þau ekki þá með sitt álit, þegar n. skilaði áliti sínu? Þegar nýja stj. kom, skrifuðu þau ádeilugreinar um stj. og þá, sem að henni stóðu, en þögðu um þessi höfuðmál. En svo gerist það, þegar núv. stj. gefur út bráðabirgðalögin um kjötið og síðan bráðabirgðalögin um mjólkina, að þá byrja blöð Sjálfstfl. að taka til máls um meginatriði skipulagsins. Þá fyrst

ræða þau málið á þeim grundvelli, sem eðlilegt hefði verið að ræða þau á áður en l. komu fram, — og það er eftirtektarvert, á hvern hátt þetta er gert. Og því vil ég slá föstu í eitt skipti fyrir öll, að þó að hv. þm. Borgf. kynni að hafa verið skipulagningunni fylgjandi, þá er það óafsakanlegt fyrir hann að þegja við því, að þau blöð, sem tala fyrir munn hans flokks, geri allt, sem í þeirra valdi hefir staðið, til að gera málið tortryggilegt. Ef hann hefði viljað þessu máli vel, þá átti hann sem ábyrgur maður í sínum flokki að kveðja sér hljóðs og segja, að hann væri ósamþykkur því, sem hans blöð sögðu um þetta mál. Það, sem hv. þm. gerir með þessu aðgerðarleysi sínu, er það, að hann hefir þolað sínum blöðum í þetta langan tíma að vinna málinu allt það tjón, sem þau gátu, þó að þau hinsvegar virðist ekki hafa verið þess umkomin að hafa þar mikil áhrif. En hv. þm. hefir engu að síður þá vanrækslusynd á samvizkunni að reyna ekki að koma í veg fyrir, að blöð hans gerðu það illt af sér, sem þau gátu.

Ég vil minna á það, hvernig blöð sjálfstæðismanna tóku til máls um þessi mál. Ég man ákaflega vel eftir þeim greinum, sem komu út í Mbl. um kjötlögin fyrst eftir að þau voru gefin út.

Það, sem fyrst var gert, var að vekja athygli á því tiltölulega góðlátlega, að þetta mundi ekki vera gert með hagsmuni Rvíkur fyrir augum og verið að ýta við Alþfl., að ekki væri víst, að þeir væru vel á verði fyrir sinn flokk. Þetta var tilraun til að koma á sundrung milli stjórnarflokkanna um þetta mál. Var þar beitt allri þeirri lagni og hugviti — þó að ekki sé nú mikið til hjá þeim af slíku —, sem þeir höfðu á að skipa.

Það, sem næst kom, var að tala við bændur. Þeim var bent á það, að nú væru komin út kjötlög frá nýju stj. og þeir beðnir um að hugleiða það nú vel, að þótt þau kynnu að verða sumum til góðs, þá mundu þau verða öðrum til tjóns. Þarna var slegið á þá strengi, sem hættulegast var að slá á fyrir málið, að reyna að koma inn tortryggni hjá bændum milli sveita og landsfjórðunga um þessi l., reyna að koma því til leiðar, að bændur yrðu sjálfum sér sundurþykkir. Dag eftir dag og viku eftir viku hefir verið alið á þessari tortryggni í blöðum sjálfstæðismanna og reynt að koma inn sem mestri úlfúð hjá bændum vegna mismunandi hagsmuna þeirra í ýmsum landshlutum og reynt að halda því að mönnum, að hér væri verið að tryggja nokkrum bændum hagsmuni á kostnað allra hinna. Menn geta gert sér í hugarlund, hvort hægt hafi verið að finna upp á að skrifa nokkuð, sem hefði getað orðið framkvæmd málsins til meira tjóns en einmitt þetta.

Ég hjó eftir því hjá hv. þm. G.-K., þar sem hann var að sýna fram á, að Sjálfstfl. hefði verið þessu máli hlynntur frá upphafi. Hann vitnaði þar í till., sem hefði verið samþ. í þá átt á síðasta landsfundi sjálfstæðismanna. En þegar svo hæstv. ráðh. skoraði á hann að lesa upp þær till., sem þar hefðu verið samþ. taldi hann það ekki henta. (ÓTh: Ég las hana upp). Hann las upp það, sem sagt var um málið á landsfundi sjálfstæðismanna, en ef hann hefir þar í innifalið þessa till., þá hefir hann gert það svo ógreinilega, að ómögulegt hefir verið að sjá, hver till. hefir verið, og ég geri ráð fyrir, að enginn þeirra, er á hlýddu, hafi getað fundið það út úr þessum lestri, hver þessi ályktun hefir verið.

En það, sem ég vildi vekja athygli á í þessu sambandi, er það, að það, sem hv. þm. G.-K. þykist sanna með samþ. þessarar till., er, að Sjálfstfl. hefir ekki verið á móti að rannsaka þessi mál. Hér er þá komið að því, sem mér virðist vera meginkjarni þessa máls og sýna þann mikla mun, sem er hér á afstöðu framsóknarmanna og sjálfstæðismanna til þessara mála. Þeir hafa ekki verið á móti skipulagningu afurðasölunnar, svo lengi sem ekki var um neitt annað en rannsóknina að ræða. En undir eins og það augnablik kemur, að í stað rannsóknarinnar komi framkvæmd, þá snúast þeir á móti málinu. Þetta er sá mikli afstöðumunur sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, sem hafa nú komið þessu merkilega og vandasama máli úr rannsókn og í framkvæmd.

Ég veit það vel, að stj. og flokkar hennar hefðu á ýmsan hátt getað átt rólegri og næðissamari daga með því að gefa ekki út þessi l. og beita sér yfirleitt ekki fyrir að þessi skipulagning hefði komizt í kring. Það hefði verið ólíkt fyrirhafnarminna að hugsa um, að lima prófessorstitil á þennan eða hinn, en taka ekki á vandamálum þjóðarinnar. En það er nú svo, að menn eru kjörnir fulltrúar þjóðarinnar til að leysa þau helztu vandamál, sem fyrir liggja, þó að það kunni að vera óþægilegt að verða fyrir það að sitja undir ádeilum, og þeim ekki sanngjarnari en nú hafa komið frá hv. þm. G.-K. og hv. þm. Borgf. Þeir, sem leyfa sér að fara fram á það að fá umboð frá almenningi, verða að hafa manndóm til að taka á málunum, ekki aðeins að láta rannsaka, heldur einnig til að framkvæma.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég vildi ekki láta hjá líða að benda á þau atriði í framkomu sjálfstæðismanna gagnvart þessu máli, sem mér virðast mest áberandi.

Ég skal taka það fram, að ég hefði ekki séð ástæðu til að benda á þetta hér á þingi, ef ekki hefði gefizt svo ríkt tilefni til þess frá hv. þm. G.-K., og reyndar líka frá hv. þm. Borgf. Þeir mega sjálfum sér um kenna; þeir hafa sjálfir tekið sér þessa lítilmótlegu afstöðu, sem þessi flokkur og hans blöð hafa haft um þetta mál. Ég leyfi mér að segja þá lítilmótlegu afstöðu. Það eina, sem þessi flokkur hefir gert opinberlega í þessum málum, réttlætir fullkomlega, að þau orð séu höfð um þeirra frammistöðu, því að þessi flokkur hefir fyrst og fremst sýnt sig gersamlega óhæfan til að taka á þessu máli til nokkurs gagns, en lætur ekki við það sitja, heldur reynir að vinna málinu hverskonar ógagn, en þegar hann sér, að það er árangurslaust, gerir hann þá einstöku ráðstöfun, að samþ. og láta hv. þm. G.-K. birta í blöðunum yfirlýsingu um, að flokkurinn hafi enga stefnu í málinu, þessu stærsta máli bændastéttarinnar eins og nú er, en flokkurinn komi sér saman um að vera

klofinn í tvær deildir, önnur deildin með málinu, en hin á móti. Þessi síðasta aðgerð flokksins er fyllilega í stíl við það, sem ég hefi leyft mér að kalla lítilmótlega afstöðu.

**Ólafur Thors** óyfirl.: Í tilefni af þessum síðustu orðum hv. þm. N.-Þ., að það væri lítilmótleg framkoma hjá Sjálfstfl. að gefa þessa yfirlýsingu, vil ég segja það, að hæði um þetta mál og eins um mjólkurmálið hefir flokkurinn verið skiptur. Það kom fram á þingi 1933, þegar þessi mál voru til umr.

Að flokkurinn gaf þessa yfirlýsingu, var ekki ófyrirsynju, því að óvandaðir blaðasnápar — þeir taki sneið, sem eiga — báru það út, að flokkurinn stæði óskiptur gegn l., því að það taldi flokkurinn vísvitandi ósannindi.

Hv. þm. veit, að hans flokkur hefir svikið bændur með því að lækka mjólkurverðið. Jafnaðarmenn töldu sig tilneydda fyrir frumhlaup Sigurðar nokkurs Einarssonar að lækka verðið og heimtuðu það af stj. Hún taldi sig varla geta orðið við þessu, því að það voru svik við bændur. En jafnaðarmenn surfu það að stj., að hún varð að láta undan, en til þess að breiða yfir þau svik, báru þeir það út, að sjálfstæðismenn hefðu verið á móti þessu. Þetta er vísvitandi ósannindi, og er þetta lítilmótleg afstaða til eins máls. Svipað má segja um alla þá langloku, sem þessi hv. þm. þuldi hér og var hrakin í hinni ýtarlegu og skörulegu ræðu hv. þm. Borgf. Er því ekki ástæða fyrir mig að fara frekar út í það, einkum þar sem ég hefi nú leyfi til að gera stutta aths., en tilefnið til þess var, að ég þurfti að leiðrétta nokkur atriði, sem hann fór rangt með.

Það er rétt, sem ég sagði, að ég flutti þetta mjólkurmál inn á þingið 1933. Það er að vísu rétt, að landbn. hafði hreyft málinu áður, en þá var það öðruvísi. En það raskar ekki þeim sannleika, að Eyjólfur Jóhannsson er frumkvöðull málsins. En svo lítilmótleg er afstaða hæstv. forsrh., að hann er nú að gera tilraun til að blekkja þingheim með því, að fyrrv. dómsmrh. hafi stöðvað framkvæmd þessa máls, þó að það sé rétt, að hann stöðvaði það í tvo daga, en lögreglustjóri, núv. hæstv. dómsmrh., stöðvaði það í 15 mánuði. Hæstv. ráðh. hefir í höndum skjöl, sem sýna þetta og sanna, og ég skora á hann, ef hann þorir, að gefa mér aðgang að þessum skjölum, þá skal þetta sannast.

Það er líka satt, að það voru fyrst og fremst jafnaðarmenn, sem unnu að því að fella þetta mál, þar sem þeir stóðu allir gegn málinu, en sjálfstæðismenn skiptir. Allt, sem ég hefi sagt, er því satt, en allt, sem hv. þm. sagði, er ósatt.

Það fer illa á því að heyra það af vörum hv. þm. N.-Þ., að hann sé að fárast yfir því, að mál séu ekki rannsökuð. Hann og hans flokkur hafa sýnt það, að honum er sýnna um annað en að rannsaka fyrirfram. Honum er sýnna um að rasa fyrir ráð fram en að líta með hugsun á málin, og þess vegna gefa þau ekki þann árangur, sem annars mætti vænta.

Svo vil ég segja hæstv. forsrh. það, að hann er ekki það ríkur af samlíkingum, að hann varð að fá lánaða þessa samlíkingu við hv. þm. Borgf. Hann fékk hana hjá hv. þm. Mýr., ég veit það, af því að hann sagði það sama við mig. Hann líkti hv. þm. Borgf. við frísandi gæðing fyrir of þungum vagni, sem kæmist ekki áfram. Ég segi, að það er rétt, hv. þm. Borgf. er gæðingur, en hann kemst áfram og mylur framsóknarkögglana undir sig.

Að endingu vil ég svo segja ritstjóra Tímans það, að þegar hann er hér farinn að fárast yfir því, hvað það sé óskaplegt, að menn séu hér ósanngjarnir og segi ósatt, þá gangi hann út og hengi sig. (Forseti hringir).

**Hannes Jónsson** óyfirl.: Það verður ekki um það deilt, að upptök þessa máls er að finna í þál., sem borin var fram á síðasta þingi af Jóni í Stóradal.

Mér er gleðiefni að sjá, hverja meðferð málið hefir fengið, þar sem það hefir að sumu leyti verið fært í það horf, sem ég hélt fram, að ætti að vera, en var þá aðeins skoðað sem yfirboð frá Bændafl. Nú er svo komið rás viðburðanna, að í þessu efni þykir nauðsynlegt að gera það, sem ég lagði þá til. Ég vænti, að rás viðburðanna eigi enn eftir að sýna, að það verður réttast að fara í þessu efni eftir því, sem fulltrúar bændanna vilja. Ég vil í því efni benda á, hvort ekki sé rétt að athuga, hvort ekki verði heppilegast að fá þessi mál í hendur þeim, sem hafa fullkominn rétt á að fara með þau, sem sé framleiðendunum einum. T. d. er það svo í Noregi, að þar er yfirstjórn þessara mála í höndum framleiðendanna sjálfra. Þetta vil ég vænta, að verði vandlega athugað. Ég sé ekki, að bændur hafi sýnt svo mikla óbilgirni í kröfum sínum, að ástæða sé til að hábinda þá með rauðum leppum úr flíkum sósialista eins og gert er með till. stj., og það einmitt þeirra, sem alltaf hafa tvíeyring með gati í gleraugnaumgerðinni til að horfa í gegnum þegar meta skal hlut bænda.

Hæstv. forsrh. lét þess getið í umr. um þessi mál á fundi austur í Árnessýslu, að bændur væru búnir að fá 2 aura í vasann fyrir framkvæmd þessara l. Því miður eru þessir 2 aurar ekki komnir enn, og verður kannske langt þangað til þeir koma. Kannske það komi líka í ljós, að l. eins og stj. gekk frá þeim hafi ekki verið þess megnug. Verið getur, að þeir komi þá auga á, að á þessum l. hafi a. m. k. verið missmíði í sumum greinum, þó að þeir hafi ekki viðurkennt það enn.

Hæstv. ráðh. sagði, að bændur, sem seldu á erlendum markaði, hefðu ekki fengið nema 60—70 aura fyrir 1. flokks kjöt, eða þar fyrir neðan. Ef hæstv. ráðh. hefir ætlað að gera sig góðan í augum þessara sýslubúa bara fyrir það, að þeir gætu haft hagnað af þessum l. á kostnað annara, þá getur hann ekki búizt við, að l. fái almennt fylgi. Þetta er alveg sama og hann var að halda fram, þegar hann var að tala um lækkunina á mjólkinni. Hann sagði, að hún snerti ekkert menn fyrir austan fjall, heldur aðeins sunnan fjalls. En ef þessi l. eiga að verða þannig, að gróði eins byggist á tapi annars, þá ná þau seint almenningshylli. Það verður að haga l. svo, að allir verði jafnir fyrir þeim

og allir njóti jafnt góðs af þeim í framkvæmdinni.

Hæstv. ráðh. sagði, að menn ættu að vinna að framgangi góðra mála með fullkominni einurð og hörku. Manni getur orðið nærri því óglatt af að heyra þennan hæstv. ráðh. tala um að sýna fullkomna einurð og hörku, þegar hann er nú genginn undir ok sósialista. Manni detta í hug húrtíkurnar, sem skriðu hræddar undir pilsfald húsmóðurinnar og fitjuðu þar upp á trýnið.

Það, sem er viðurkennt í þessu máli, er það, að sá hluti stj., sem telur sig fulltrúa bændanna, hefir ekki sýnt einurð og hörku og ekki einu sinni komið fram gagnvart samherjum sínum með manndómi, því að einnig þeir hafa orðið að beygja sig undir vilja sósialista.

Ég vænti þess, að þessi löggjöf fái þær endurbætur, að það verði viðurkennt, að bændur landsins fái rétt til þess að vinna að framkvæmd sinna mála, en ekki fengið þeim í hendur, sem vinna málstað þeirra tjón. Þó að það verði kennske ekki á þessu þingi, þá trúi ég ekki öðru en að bændur eigi enn svo mikla sjálfsvirðingu, að þeir láti ekki bjóða sér, að fulltrúar þeirra afsali til sósialista rétti þeirra til að hafa með höndum sín eigin mál.

**Garðar Þorsteinsson:** Hæstv. forsrh. hóf mál sitt á því að tala um roku hjá hv. þm. G.-K., og honum þótti þetta orð svo gott hjá sér, að hann notaði það líka um ræðu hv. þm. Borgf. Er líklegt, að hann sjái ástæðu til þess að breyta þingsköpum með bráðabirgðalögum fyrir næsta þing til þessa að kalla ræðu roku.

Hv. þm. N.-Þ. sagði, að það væri gott, að það kæmi í Alþt., að aðrir hv. þdm. hefðu ekki fallið frá orðinu, þótt hann byðist til þess. Það er gott, að hv. þm. skuli hafa ánægju af þessu, en okkur andstæðingum hans þykir bezt, að sem flestar ræður eftir hann birtist í Alþt., og höfum því enga ástæðu séð til þess að svipta lesendur Alþt. þeirri ánægju í þetta skipti, og ætti hann að vera þakklátur mér fyrir það.

Hitt þótti mörgum öllu óviðfelldnara, þegar þessi hv. þm. fór að tala með vandlætingu um orðbragð annara hér á Alþingi. Sú umvöndun hefði fremur átt að koma úr annari átt en frá ritstjóra Tímans, sem m. a. hefir verið dæmdur í hina þyngstu sekt hér á landi fyrir róg, níð og illmælgi, svo að flokksbróðir hans, sem þá var dómsmrh., neyddist til þess að láta konung náða hann. (**GG:** Sá dómur var ómerktur). Ekki nema með náðuninni, en hinsvegar voru öll orð hv. þm. ómerkt.

Hæstv. forsrh. gerði sér mjög tíðrætt um afstöðu tveggja dagblaða hér í bænum til afurðasölumálsins. En hvað sem þeim skrifum líður, hefir nú formaður Sjálfstfl., hv. þm. G.-K., bent honum á tillögur og samþykktir landsfundar sjálfstæðismanna um þetta efni, og ég býst við, að hæstv. forsrh. kannist við, að slíkt marki stefnu hvers flokks út á við, fremur en blaðagreinar eftir hina og þessa.

Það skipti engu máli, þótt frv. til mjólkurlaga hafi einhverntíma verið borið fram af nefnd í allt annari mynd en það kom á sínum tíma frá hv. þm. G.-K. En hitt skipti máli, að hv. þm. G.-K. hefir markað í þessu máli afstöðu Sjálfstfl.

Yfirleitt á hæstv. forsrh. ekki gott með að tala um mjólkurlögin og framkvæmd þeirra. Annar stuðningsflokkur hans, sósialistar, voru óskiptir á móti lögunum á þingi, er þau voru borin fram. Í efri deild sætti frv. þeirri meðferð, að ekki voru nema tvær greinar eftir af því að lokum, og það var fyrst og fremst fyrir atbeina þess manns, sem hv. þm. S.-Þ. lét framsóknarmenn í Árnessýslu samþ. alveg nýlega, að væri bezti maður héraðsins, Egils Thorarensen. — Ég sé, að hæstv. forseti lítur til mín. Honum lízt ef til vill ekki meira en svo á þessa ákvörðun flokks síns um það, hver teljast skuli bezti maður Árnessýslu. — Egill Thorarensen kom á fund landbn. og óskaði eftir því, að greinin um verðjöfnunargjaldið væri tekin út. Hæstv. forsrh. stendur því illa að vígi í þessu máli, þar sem aðalatriði frv. var fellt niður fyrir áróður flokksbróður hans, „bezta mannsins í Árnessýslu".

Annars stóð ég að þessu sinni fyrst og fremst upp vegna hinnar ósvífnu staðhæfingar hæstv. forsrh. um það, að framkvæmd mjólkurlaganna hafi stöðvazt af völdum fyrrv. dómsmrh., hv. 1. þm. Skagf. Hann kveðst geta sannað þetta með embættisvottorði frá fulltrúa sínum, er hann hafi fengið sent, er hann var á kosningaleiðöngrum sínum í vor. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að fulltrúinn hafi sýnt þá óskammfeilni að gefa út slíkt vottorð í embættisnafni. Það er sannanlegt, að margsinnis var hringt úr dómsmrn. til lögreglustjóra og fyrirskipað að framkvæma lögin. Þetta veit ég, að hæstv. forsrh. er vel kunnugt. Það samtal, sem hæstv. forsrh. var að vitna í við fyrrv. dómsmrh. um frestun á framkvæmd laganna, var þannig vaxið, að maður einn úr Árnessýslu, sem dæmdur hafði verið fyrir brot á lögunum, bað um frest á framkvæmd dómsins þangað til eftir hvítasunnu, eða aðeins þrjá daga. Dómsmrh. varð við þessari ósk og hringdi upp á lögreglustjóraskrifstofu og lagði til, að þessi frestur væri veittur. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að mjólkurmálið er ekki hér til umr. — **ÓTh:** Um hvað talaði hv. þm. N.-Þ.? — **Forseti:** Hann talaði um undirbúning kjötsölumálsins). Nei, hann talaði um mjólkurmálið, í því skyni, að ófrægja Sjálfstfl. með ósannindum, og hið sama gerði hæstv. forsrh., er hann hélt því fram, að fyrrv. dómsmrh. hefði eyðilagt framkvæmd laganna. Hæstv. forsrh. er þó vel kunnugt, að fyrir liggur bréf frá dómsmrn., þar sem lögreglustjóri er beðinn að framkvæma lögin. Ég fór fyrir skömmu upp í stjórnarráð og bað um að fá að sjá þetta bréf, en skrifstofustjórinn kvaðst ekki hafa leyfi til að sýna það án samþykkis dómsmrh. Og nú vil ég skora á hæstv. forsrh. að veita mér og öðrum þm. Sjálfstfl. fullan aðgang að öllum þeim skjölum, sem farið hafa á milli dómsmrh. og lögreglustjóra um þetta mál. Annars finnst mér það alveg furðulegt, að hæstv. forsrh. skuli flytja mál sitt þannig, að hægt sé þegar að reka ósannindi hans skjallega ofan í hann.

Og ég vil ennfremur spyrja hæstv. forsrh. að því sem lögfræðing, hvernig dómsmrn. hefði átt að geta stöðvað framkvæmd gildandi laga. Þótt hann hefði fengið einhver tilmæli frá dómsmrn. um að framkvæma ekki lögin, sem sannað er, að er alveg tilhæfulaust, þá bar honum sem lögreglustjóra tvímælalaus skylda til þess að framkvæma lögin. Lögreglustjóri hafði ekkert leyfi til að hlýða slíku banni frá dómsmrn. Hvernig sem á málið er litið, er því alveg augljóst, að hæstv. forsrh. hefir sem lögreglustjóri þverbrotið mjólkurlögin með því að framfylgja þeim ekki.

Það er annars athyglisvert, að hæstv. forsrh. skyldi forðast eins og heitan eldinn að víkja að þessari hlið málsins í Ed. En það stafar vitanlega af engu öðru en því, að þar var fyrrv. dómsmrh. til andsvara, en hér treystir hæstv. forsrh. því, að honum haldist uppi að fara með ósvífin ósannindi í fjarveru hans. Það er ekkert undrunarefni, þótt hv. þm. N.-Þ. fari með ósannindi um þetta mál í framhaldi af greinum sínum í Tímanum. En hitt er meira furðuefni, að hæstv. forsrh. skuli taka það ómaklega og ómannlega örþrifaráð, að skjóta sér á bak við fyrirrennara sinn með ósannindum, sem hægt er að hrekja skjallega.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég skal nú í fáum orðum reka allan þennan reyk aftur ofan í hv. 8. landsk. Ég vil að svo stöddu gera ráð fyrir, að þetta fleipur hans um málið stafi af fljótfærni og vanþekkingu, fremur en af því, að hann hafi ætlað sér að segja vísvitandi ósatt.

Ég skal þá byrja á því að lýsa yfir því, að hv. 8. landsk. og hv. þm. G.-K. er velkominn aðgangur að öllum þeim skjölum, sem farið hafa á milli mín og dómsmrn. um þetta mál. Bréf það, sem hv. 8. landsk. var að tala um, að dómsmrn. hefði sent til lögreglustjóra, var um framkvæmd á dómi gagnvart manni einum vestur í bæ, sem seldi ógerilsneydda mjólk austan úr Flóa. Maður þessi hafði tvær verzlanir og seldi í þeim ýmsar fleiri vörur en mjólk. Maðurinn neitaði að hlíta lögunum, nema lokað væri hjá honum. Nú vantaði um það ákvæði í lögunum, hvað gera skyldi, þegar svo stæði á, að verzlað er með fleiri vörur en mjólk í þeim búðum, er fara í bága við lögin. Hér gat því verið um stórkostlegt fjárhagsatriði að ræða. Fulltrúinn hringdi því í dómsmrn. og bað um frest í nokkra daga. Var þá gefið það svar þar, að framkvæmd dómsins skyldi frestað, þangað til ráðuneytið léti lögreglustjóraskrifstofuna vita. Um þetta liggur fyrir embættisvottorð fulltrúans. Þetta mun hafa verið 19. maí í vor.

21. maí, eða tveim dögum seinna, sendi skrifstofa lögreglustjóra bréf til dómsmrn. með fyrirspurn um það, hversu að skyldi farið þegar svo stæði á sem í þessu máli. Eftir kosningar, eða seinast í júní, kemur síðan loksins svar frá dómsmrn., dagsett rétt fyrir kosningar, þar sem því er svarað til, að lögreglustjóraskrifstofunni komi það ekkert við, hvernig mjólkurlögin séu framkvæmd. Þessi skjöl liggja öll fyrir, og er öllum hv. þm. heimilt að ganga að þeim.

Allt skraf hv. þm. Sjálfstfl. um þessi efni er því tómt fleipur og misskilningur. Enda veit hv. þm. G.-K. það vel, að það var ætlun ráðandi manna í flokknum að framkvæma mjólkurlögin á allt annan hátt en gert var.

Hv. 8. landsk. segir, að lögreglustjóra sé ekki leyfilegt að hlýða skipunum dómsmrh. um frestun á framkvæmd laga. En ég held því fram, að enginn lögreglustjóri geti leyft sér annað, þegar svo stendur á sem hér, að um stórkostlegt fjárhagsatriði er að ræða fyrir embættið. (**ÓTh:** Voru ekki liðnir 10—12 mánuðir frá því, að lögin gengu í gildi, þegar fresturinn var gefinn?). Samkv. l. mátti ekki selja ógerilsneydda mjólk nema gegnum löggilt bú. En rétt fyrir jólin í fyrra, þegar fyrirskipað var að fara að framkvæma lögin, kom það upp úr dúrnum, að engin löggilt bú voru til, — ekki einu sinni Korpúlfsstaðabúið! Síðan var Lögbirtingablaðinu dreift út daginn eftir með löggildingu búanna. Skrifstofustjórinn í dómsmrn. gaf þá skýringu á þessu, að gleymzt hefði að löggilda búin! (**ÓTh:** Það þurfti engin bú að löggilda, hefði verið séð um, að ekki væri seld nein ógerilsneydd mjólk). Það er alveg kostulegt að heyra til þessara manna, sem nú hafa verið reknir úr einu horninu í annað, unz þeir eru komnir í sjálfheldu fljótfærni sinnar og ósanninda, við það að reyna að klóra yfir framkvæmdaleysi fyrrv. stj. í afurðasölumálunum.

Þá er ekki lítið samræmi í því, er hv. þm. G.-K. er að tala um það, að jafnaðarmenn hafi algerlega lagt Framsfl. undir sig, en hafi þó verið móti mjólkurlögunum, máli, sem Framsfl. hefir komið fram, gegn andstöðu mikils þorra sjálfstæðismanna. Sannleikurinn er sá, að jafnaðarmenn hafa nú snúizt til fylgis við mjólkurlögin, af því að þeir sjá, að skynsamlega er tekið á framkvæmd skipulagningarinnar.

Ég get nú látið útrætt um mjólkursölumálið að þessu sinni, sem íhaldsmenn hafa sér til lítillar gleði eða sæmdar dregið inn í þessar umr., en sný mér þá að framkomu andstæðingaflokka stj. í kjötsölumálinu. Er þá ekki ófróðlegt að athuga fyrst, hvernig þessir flokkar hafa skipt með sér verkum til að spilla fyrir þeim lögum. Það er bersýnilegt, að það var hlutverk hv. þm. V.-Húnv. á fundunum að gera bændur óánægða með lögin, sérstaklega með verðjöfnunargjaldið og með framkvæmd laganna yfir höfuð. Hann var látinn halda því fram austur í sveitunum, að verðjöfnunargjaldið kæmi sérstaklega hart niður á þeim, sem þar byggju. En sama daginn og hv. þm. V.-Húnv. er fyrir austan, er í blöðum Sjálfstfl. veitzt að jafnaðarmönnum fyrir það að hafa samþ. verðjöfnunargjaldið, og því haldið fram, að það komi sérstaklega niður á verkamönnum í kaupstöðum. Hinir svokölluðu bændaflokksmenn gera sér far um að gera bændur óánægða austur í sveitunum með verðjöfnunargjaldið, en norður í landi reyna þeir að spilla fyrir málinu með því að halda því fram, að verðjöfnunargjaldið sé allt of lágt á kjötinu. Hinsvegar halda hv. sjálfstæðismenn því fram, að kjötverðið sé árás á verkalýðinn, það sé svo hátt. Þannig stangast þessar mótbárur þessara

flokka, sem hafa skipað sér í andstöðu við þetta mál. Það er algerlega rangt hjá hv. þm. V.-Húnv., að ég hafi gefið í skyn austan fjalls, að mjólkurlögin kæmu aðallega hart niður á mjólkurframleiðendum vestanfjalls. Ég sagði, að verðlækkunin mundi í bráð eitthvað ná til framleiðenda vestan fjalls, meðan skipulagið væri ekki komið í fast horf, en ég benti líka sérstaklega á það, að þó verðlækkunin kæmi í fyrstu niður á framleiðendum vestan fjalls, þá mundu þeir vinna margfaldlega upp þann skaða, er þeir yrðu fyrir, með bættu skipulagi á mjólkursölunni, og ég undirstrikaði það, að til þess að sá árangur næðist af mjólkursölulögunum, þyrfti að vera sérstaklega góð samvinna milli beggja aðilja, seljenda og neytenda. Hv. þm. V.-Húnv. var mikið að veifa þessari gömlu sósíalistahræðu sinni, sem honum er svo tamt að flagga með hér í hv. d., með þeirri prédikun sinni um afstöðuna milli Framsfl. og Alþfl., sem hann klifar á við flest tækifæri. Ég vil nú segja það, að þessum hv. þm. ferst ekki að segja mikið út af samvinnu þessara flokka. Honum ferst það síst af öllum að tala um undirlægjuskap, sem vitað er um, að hlaut kosningu í sinni sýslu með atkvæðum, sem hann fékk lánuð frá flokki, sem hann hefir svo þjónað dyggilega undir og legið marflatur fyrir, og sem hann að margra hyggju hefir látið brúka sig til þess að reyna að gera þingið óstarfhæft. Þannig hefir Sjálfstfl. hinn svokallaða Bændafl. til að vinna þau verk, sem hann sjálfur þykist of góður til að vinna. Ég veit ekki, hvernig einn flokkur getur legið flatari fyrir öðrum flokki en Bændafl. fyrir Sjálfstfl. í öllum málum.

Þá er það alveg rangt hjá hv. 8. landsk., að Egill Thorarensen hafi lagt til, að mjólkurlögin væru samþ. á þinginu 1933 án verðjöfnunargjalds. Það var Eyjólfur Jóhannsson, sem vildi það, en hitt var vitanlegt, að Egill var sérstaklega óánægður með að missa verðjöfnunargjaldið, vegna þess að mjólkurframleiðendur í nágrenni Rvíkur selja neyzlumjólkina hér háu verði, en framleiðendur fyrir austan fjall geta lítið notað þann markað. Þess vegna hlaut það að vera þyrnir í augum Egils Thorarensen, sem bar fyrir brjósti hagsmuni austanmanna, að missa verðjöfnunargjaldið.

Ég hygg þá, að ég hafi svarað höfuðádeilum hv. sjálfstæðismanna í þessu máli. — Viðvíkjandi þeirri fyndni, sem hv. þm. G.-K. sagði, að ég hefði sagt um hv. þm. Borgf. og hv. þm. G.-K., og hann vildi tileinka öðrum hv. þm. hér í d., skal ég ekkert þræta við hann. Ég viðurkenni það fúslega, að ég er alls ekki fyndinn maður og tel mig heldur ekki vera það; þess vegna þykir mér það mjög leitt, þegar ég verð fyrir ádeilu í því efni frá hinum djúphyggna, vitra og fyndna hv. þm. G.-K.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég veit ekki, hvort það er fundarfært; það má mig gilda einu. En ef ætti að ganga til atkv. um málið strax, þá væri viðkunnanlegra, að deildin væri ályktunarfær. **(Forseti:** Deildin er ályktunarfær).

Ég ætla ekki að fara neinar krókaleiðir að þessu máli. Það hefir farið svo um þær umr., sem nú hafa fallið, að þær hafa mjög mikið snúizt um það, hverjir væru fylgismenn þessa máls og hverjir ekki. En mér virðist, a. m. k. af ræðum stjórnarsinna, að þeir hefðu átt að byrja á því að gera sér ljóst, hvað þetta kjötmál er, því að ég hefi ekki orðið var við, að þeir skildu það ennþá. Þegar um það er að ræða að leiða þetta mál til góðra lykta, þá hlýtur það að vera frá sjónarmiði mínu það, að hagnýta sem bezt innlenda kjötmarkaðinn. Nú er það áreiðanlega víst, að það er ekki aðeins einn aðili í þessu máli, eins og mér finnst vera frá sjónarmiði stjórnarsinna. Það er vitanlegt, að það eru tveir aðilar í þessu máli, annarsvegar framleiðendur kjötsins og hinsvegar neytendur þess, og ef það er einhver sérstök goðgá að vilja taka eitthvert tillit til neytendanna, þá ætla ég að gera mig sekan um þá goðgá. Því mér sýnist, sennilega öfugt við það, sem hv. stjórnarsinnum sýnist, að neytendunum komi það mikið við, hvernig kjötsölunni er hagað. Mér sýnist einnig þeir vera borgarar í þessu þjóðfélagi og eiga að hafa eins mikinn rétt eins og aðrir þjóðfélagsborgarar.

Deilurnar hér hafa mikið snúizt um það, hverjir væru með þessu máli og hverjir á móti, og svo um það, hverjir væru upphafsmenn að því og hverjir ekki. Mér finnst það mjög einkennilegur hugsunarháttur að halda því fram, að menn, sem fylgja kjarna eins máls, geti ekki verið ósáttir um einstök atriði. Ég veit ekki betur en að fylgismenn þessa frv., eða kjarna þess, hafi deilt um það langan tíma hér í hv. d. Og mér finnst það ekkert undarlegt, sízt þegar athugað er, að mörg atriði frv. eru gersamlega óhafandi til þess að ná þeim árangri, sem hlýtur að vera tilgangur frv. að ná, nefnil. að hagnýta sem bezt innlenda kjötmarkaðinn fyrir framleiðendurna.

Ég hefi, eins og menn vita, ekki átt sæti á þessari samkomu fyrr en nú, og er því ekki að búast við, að ég hafi lagt til þeirra mála á þingi. En ég vil nú segja, að til þessara mála er hægt að leggja víðar og þau koma fleirum við en hv. þm. einum. Í því sambandi vil ég minna þá hv. þm., sem alltaf eru að tala um uppruna þessa máls, á það, að mikið hefir verið um það rætt utan þings. T. d. hefi ég ritað um það, ég man ekki hvað mörgum sinnum. En ég hefi rætt málið á annan hátt heldur en hv. framsóknarmenn hafa gert. Í þeim greinum, sem ég skrifaði um kjötsöluna, og það er frá mínu sjónarmiði upphaf þessa máls, ræddi ég um það, að þar sem saman fór, að útlendi markaðurinn þrengdist og kaupstaðirnir í landinu stækkuðu, þá mætti ekki eingöngu þjarka um það, hvað margar kjöttunnur væri hægt að selja til Noregs; mér fannst orðið tímabært, þegar meira en helmingur þjóðarinnar væri farinn að búa í kaupstöðum, að athuga, hvernig sá markaður yrði bezt hagnýttur. Ýmsa hluti þar að lútandi vildi ég láta taka til umr. Ég man ekki að vitna í öll atriði þessara greina nú, en ég man, að ég tók fram, sem ég nú vil undirstrika, hvað ákaflega væri misjafnlega auðvelt að framleiða kjöt í hinum ýmsu héruðum

landsins. Í sumum héruðum kostar uppeldi sauðfjár tvöfalt við það, sem það kostar í léttari héruðunum. Um afurðir sauðfjár er svipað að segja. Í sumum héruðum er fé nálega helmingi rýrara heldur en í öðrum. Og því miður fer sumstaðar saman dýrt uppeldi og afurðalitið fé, og verður þar af leiðandi framleiðslan miklu dýrari heldur en í betri sauðfjárhéruðum. Það er langt frá því, að þeir hv. framsóknarmenn, sem eru að eigna sér þetta mál, hafi athugað þetta sem skyldi.

Það hefir verið rætt mikið um það hér, að blöð sjálfstæðismanna hafi snúizt öndverð gegn þessu máli. En ég hefi ekki heyrt fram færð nein rök fyrir því. Kannske það sé af fjandskap til þessa máls, sem ég hefi skrifað um það! Ég hefi lesið flest það, sem skrifað hefir verið í blöð sjálfstæðismanna um þetta mál, og ég hefi ekki séð þar eitt einasta fjandsamlegt orð í garð þeirra, sem framleiða kjötið. Hygg ég því, að mér sé óhætt að fullyrða, að það séu tilhæfulaus ósannindi, þegar slíku er haldið fram. Hitt hefi ég séð, að blöðin eru ekki sammála um, hvernig þessum málum skuli skipað. Það hefir líka komið fram í umr. hér, að þær sakir, sem framsóknarmenn hafa viljað fella á sjálfstæðismenn fyrir blaðaskrif um þessi mál, byggjast eingöngu á því, að þeim hefir orðið á sú mikla goðgá að vilja taka nokkurt tillit til neytendanna. En ég sé ekki betur en að það sé skylda þeirra, sem um þjóðmál ræða frá öðru sjónarmiði heldur en kjósendaveiðasjónarmiði, að taka jafnt tillit til allra, sem hlut eiga að máli, og það eru í þessu tilfelli framleiðendur og neytendur.

Ég minnist þess, að ég las í Morgunblaðinu þau skrif, sem það var ásakað fyrir áðan. Það var að deila við framkvæmdastjóra Jón Árnason. Hann hafði, eftir því sem ég bezt man, ásakað samvinnufélög kjötframleiðenda hér sunnanlands. Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga, fyrir það, að þau hefðu haldið kjötverðinu óþarflega niðri fyrir bændum. Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að þessi forstjóri hafi komizt að þeirri niðurstöðu seinna, að þessar ásakanir væru ekki á rökum byggðar. Hygg ég, að honum sé enginn greiði gerður með því, að menn, sem ekki hafa þekkingu á þessu efni, látist vera að bera blak af honum. Hann mun sjálfur vera búinn að útkljá þetta atriði fyrir sína hönd.

Það er okkur kunnugt, sem höfum verið hér í Rvík, að Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga hafa ráðið verðlagi á kjöti hér eftir að kauptíð er byrjuð. Og þessi félög hafa hagað verðinu, sem þau ákveða fyrirfram fyrir kauptíðina í hvert skipti, eftir því, sem þau bezt vissu, að markaðsverðið mundi verða erlendis. Þau hafa sett útsöluverðið hér nokkru hærra heldur en búizt hefir verið við í hvert skipti, að markaðsverðið mundi verða erlendis. Ég veit ekki annað en neytendum hér í Rvík hafi fundizt þetta eðlilegt og sjálfsagt. En það mun hafa komið fyrir í eitt skipti, að erlendi markaðurinn breyttist þannig, að það sýndi sig, að e. t. v. hefði mátt fá heldur meira fyrir kjötið utanlands heldur en það verð, sem ákveðið hafði verið hér. Það er æfinlega erfitt að sjá slíka hluti fyrirfram, og ætla ég, að ekki hafi verið nein ástæða til að áfella félögin fyrir þetta. Kjötsalan hér sunnanlands hefir einmitt haft mjög fasta og ákveðna skipun, þar sem verðið hefir alltaf verið fastákveðið fyrir sláturtíð, svo fast, að ekki hefir teljandi verið farið út fyrir það. Það hefir e. t. v. verið seld ein og ein kind með öðru verði, en ekki neitt til muna. Þó ég eigi ekki beinlínis hlut að máli hvað þau blaðaskrif snertir, sem nú hafa farið fram um þetta mál, þá vildi ég ekki láta ómótmælt þeim firrum, að sum blöð hér hafi fjandskapazt gegn því, að bændur fengju sæmilegt verð fyrir kjöt sitt, en önnur aftur barizt hinni góðu baráttu. Ég veit ekki betur en blöð sjálfstæðismanna hafi rætt þetta mál með hag beggja aðila fyrir augum. Stjórnarblöðin virðast mér aftur á móti hafa rætt málið með það fyrir augum, hvort ekki væri hægt að veiða á það eitthvað af atkv., og með þeim mun minni skilningi á hagsmunum þeirra, sem hlut eiga að máli. En hagsmunir framleiðendanna eru vitanlega fólgnir í því að geta selt sem mest af vöru sinni og náð því verði, sem eðlilegt er og kaupgeta neytenda leyfir.

Ég man, að ég hreyfði því máli opinberlega fyrir nokkrum árum síðan, að ekki væri rétt, að menn hefðu mjög misjafna aðstöðu til að sitja að hinum bezta markaði. Ég leit svo á, að þar sem risin voru upp öflug félög, sem ákváðu verðlag á kjöti á stærstu markaðstöðunum innanlands, þá væri rétt að taka til athugunar, hvort kjötframleiðendur sætu ekki að óréttmætlega misjöfnum markaði. Og eins og nú stendur á, finnst mér, að eigi að ræða um það, hvort á skiptingu landsins í verðjöfnunarsvæði og öðrum reglum, sem frv. setur, eru ekki einhverjar misfellur. Ég lít svo á, að þetta mál sé á tilraunastigi og að það verði það jafnvel í fleiri ár. Reynslan verður áreiðanlega að skera úr því, hvernig þessu máli verður bezt fyrir komið. Það þýðir engum að setja sig á háan hest og hlaða fáryrðum á þá menn, sem ekki eru sammála hverju einasta atriði í því fyrirkomulagi, sem hæstv. stj. hefir í fljótu bragði dottið í hug að hafa á þessu. Þar er áreiðanlega margt misheppnað. T. d. vil ég nefna það, að það er áreiðanlega mjög misráðið að binda svo hendur manna sem gert er með frv. um það að selja beint til neytendanna. Það ætti þvert á móti að láta söluna vera sem allra frjálsasta fyrir þá, sem hafa aðstöðu til að selja milliliðalaust. Sérstaklega er undarlegt, að þeir menn, sem sífellt eru að tala um milliliðalausa verzlun, skuli nú líta svo á, að það sé höfuðkostur að geta bundið alla kjötframleiðendur við milliliði, hvern einn einasta. Það er þó vitanlegt, að sumir þeirra hafa svo litla umsetningu, að þeim er nauðsynlegt að spara sér milliliðakostnaðinn og koma framleiðslu sinni beint til neytenda. Í því héraði, sem ég er einna kunnugastur nú í seinni tíð og er talsvert mikið sauðfjárræktarhérað, er nálega helmingur allrar kjötframleiðslu seldur milliliðalaust. Þetta hérað er Norður-Ísafjarðarsýsla, og tek ég það aðeins sem dæmi. Ég er viss um, að þar er marg-

ur smábóndi alls ekki fær um að taka á sig fyrst milliliðakostnaðinn og síðan verðjöfnunargjaldið. Uppeldi sauðfjár mun þarna vera helmingi dýrara heldur en þar, sem það er ódýrast, og bendir þetta á, að það þyrfti að kanna, hvað aðstaða bænda er ákaflega misjöfn. Nú getur verið, að hæstv. stj. heima í hvíta húsinu við Lækjartorg þykist sjá þetta allt saman betur heldur en þeir, sem við það búa og þarna hafa lifað í áratugi. En ég er sannfærður um, að þeir síðartöldu þekkja það miklu betur, og að þeir eru óánægðir með það fyrirkomulag, að allir verði að sæta milliliðum.

Það hefir mikið verið deilt um það, eins og ég sagði áðan, hverjir væru upphafsmenn að þessu máli. Ég ætla ekki að taka frekari þátt í þeirri deilu heldur en orðið er. Ég hefi bent á, að ég á þó nokkuð langa sögu í þessu efni, þó hún sé hvorki breið né víðburðarík. Það stafar af því, að ég hefi rætt málið aðeins sem þjóðmál. Ég hefi litið svo á, að það þyrfti langan undirbúning, þótt ekki virðist svo af skrifum stjórnarsinna. Og ég hefi einnig litið svo á, að það bæri ekki að líta á hag framleiðenda eingöngu, heldur líka á hag neytenda. En hver eru svo upptök málsins af hendi stjórnarsinna? Ég man fyrst eftir, að þetta mál flæddi yfir blaðadálka þeirra fyrir ári síðan, eftir að þeir höfðu beðið ósigur í kosningunum. Þá höfðu þeir bersýnilega fundið út, að það mundi vera hægt að rétta hag sinn í sveitunum með þessu máli. Og það var rætt ákaflega einhliða; í greinunum var eiginlega ekki annað en ein einasta upphrópun: að bændur ættu að fá hærra verð fyrir kjötið. Það er ekki heldur við því að búast, að þeir menn geti litið með víðsýni á mál, sem ætíð vilja gera öll mál að kosningabeitu. Það er enginn vafi á því, að stjórnarflokkarnir, og þá sérstaklega framsóknarmenn, eru alls ekki færir um að ræða þjóðmál, því þeir draga þau ávallt út úr þeim farvegi að vera þjóðmál og gera þau að klíkumálum og kosningamat. En þótt þeir vilji fara þannig með þetta mál, þá er ég ófáanlegur til, að því leyti sem ég tek það til athugunar, að ræða það öðruvísi en sem þjóðmál, og ég hlýt því að líta jafnt á hag þeirra, sem framleiða kjötið og þurfa að fá a. m. k. kostnaðarverð fyrir það, og þeirra, sem þurfa að neyta þess. Ég mun þá líta á það, á hvern hátt muni auðveldast að selja sem mest af þessari vöru innanlands, og ekkert láta það hafa áhrif á afstöðu mína, þó ég verði borinn þeim brigzlum, að ég sé að hugsa um „Grímsbýlýðinn" hér í Rvík, heldur koma með þær brtt., sem ég álít nauðsynlegar, hvort sem heldur er fyrir framleiðendur eða neytendur. Ég vona, að menn reyni smásaman, jafnvel framsóknarmenn líka, að læra að líta þannig á þetta mál, að það sé á tilraunastigi, að tíminn verði að sýna, hvað er hagkvæmast.

Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði frv. nú, ég mun fá tækifæri til þess síðar. En ég vildi taka þetta fram nú strax, að ég tel mig engan óvin þess, að gerð sé skipun á þessu máli, þó ég komi til með að deila hart á einstök fyrirkomulagsatriði frv.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég á sæti í þeirri n., sem þessu máli verður væntanlega vísað til, og mun ég því ekki fara inn á einstök atriði þess. Það, sem ég vil hér segja, er út af tilefni frá hv. þm. G.-K., sem sló því fram, að við Alþfl.menn, og þá sérstaklega ég, hefðum verið á móti skipun þessa máls áður, en snúizt algerlega nú í seinni tíð. Nú vita það mörg þúsund manna víðsvegar um landið, að um skipulagningu þessara mála hefir Alþfl. rætt bæði á fundum og í blöðum fyrir löngu síðan. Og í 4 ára áætluninni, sem flokkurinn lagði fram fyrir síðustu kosningar og barðist fyrir á fundum um allt land, var sérstakur liður um skipulagningu afurðasölunnar á þann hátt, að til gagnkvæmra hagsbóta yrði fyrir vinnandi stéttirnar til sjávar og sveita. Upp úr þessu voru eftir kosningarnar gerðir samningar við Framsfl., sem að nokkru leyti koma fram í þessu frv.

Hygg ég, að ég hafi nú gert grein fyrir því, að hér er ekki um neinn snúning að ræða af hálfu Alþfl., heldur áframhaldandi stefnu.

Hv. þm. G.-K. vildi vitna í annað skylt mál, sem frv. liggur einnig fyrir þinginu um, sem sé mjólkurmálið. Kvaðst hann mundu við síðari umr. lesa upp úr ræðum mínum frá þinginu 1933, þingheimi til skemmtunar og til þess að sanna fjandskap minn gegn skipulagningu afurðasölunnar. Nú hefi ég athugað þingtíðindin að gamni mínu. Á þinginu 1933 hefi ég ekki sagt eitt einasta orð um þessi mál, og sýnir það, hvaða fleipur hv. þm. fer með. Á þingi 1932 hefi ég aftur haldið þrjár ræður um mjólkursölumálið. Og ég vil skora á hv. þm. að lesa þær upp, þegar hann fær næst tækifæri til — ég veit hann getur það ekki núna, þar sem hann er búinn að tala 4 eða 5 sinnum í þessu máli, — og benda á, að hverju leyti ég hefi skipt um skoðun síðan og að hverju leyti þau frv., sem nú eru fram borin um þessi mál, eru á móti stefnu minni og Alþfl. Það er að vísu rétt, að ég gekk á móti einstökum atriðum í mjólkursölufrv., sem fram var borið á þinginu 1932, út frá því sjónarmiði, að kaupstaðir og sveitir ættu að vera jafnréttháir aðilar við lausn þess máls og ekki mætti taka einhliða tillit til framleiðendanna. Ég benti á, að neytendurnir hefðu líka sinn rétt og dró fram ýms atriði í málinu, sem þýðingu hafa fyrir bæina, t. d. um aukinn rétt mjólkurframleiðenda innan lögsagnarumdæmis bæjanna, kúabú bæjarfélaganna, þar sem þau eru, o. fl. sem ég vil ekki eyða tímanum til að fara út í, þar sem þetta eru einungis aukaatriði. En aðalatriðinu, sem sé að hafa skipun á þessum málum, kemur glöggt fram, að ég var samþ.

Hafi einhverjir snúizt í þessu máli, þá eru það aðrir en Alþfl.menn. Því í ræðu framsögumannsins, sem virtist tala fyrir hönd Mjólkurfélagsins og þeirra, sem standa á bak við hv. þm. G.-K., kom þetta fram: „Ég skal taka það fram enn, að það tilboð liggur á bak við þetta, að ef svona fyrirkomulag kemst á, þá skuli neytendur njóta þess hagnaðar, sem fengist, í lækkuðu mjólkurverði, er stafaði af þessu fyrirkomulagi". Þarna er gengið lengra heldur en nú, því ég veit ekki betur en nokkur hluti Sjálfstfl. hafi nú, ásamt nokkrum öðrum mönnum, tekið

sig til og barizt fyrir því, að allur hagnaðurinn af betra skipulagi á mjólkursölunni lenti hjá framleiðendunum einum. Þessu svaraði ég þannig: „Þá talaði hv. frsm. um, að þeir, sem gangast hér fyrir þessu máli, hefðu lofað því, að allur hagnaðurinn af þessu breytta skipulagi skyldi fara til neytenda. Ég segi fyrir mitt leyti, að mér finnst það alls ekki sanngjarnt, enda trúi ég því ekki, að það verði þannig í framkvæmdinni. Það rétta er, að báðir aðilar njóti hagnaðarins. Til hvers væru líka framleiðendur að hafa fyrir því að breyta skipulaginu, ef þeir eiga svo ekkert að fá af hagnaðinum?“ — Því er nefnilega haldið fram af mér og Alþfl. í heild, bæði þá og nú, að hagurinn af bættu skipulagi eigi bæði að koma til góða framleiðendum og neytendum. Og það var engin ástæða til þess fyrir Alþfl. að ganga á móti lausn málsins eins og það er nú fram borið, því það er í ýmsum atriðum meira tillit tekið til neytendanna en áður.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég býst við, að þeir, sem hlustuðu á deilur okkar forsrh. og mín hér áðan, hafi tekið eftir því, að í staðinn fyrir, að hæstv. forsrh. gerði nokkra minnstu tilraun til að hnekkja þeim rökum, sem ég færði með því að rekja gang þessa máls fyrir því, að dómur Sjálfstfl. um upphaf þess væri réttur — í staðinn fyrir að gera nokkra tilraun til að hnekkja þessu, var það eina, sem hæstv. forsrh. sagði um þetta, að ég hefði verið með mikinn hávaða og glamur, sem fólk hefði hlegið að. Já, það hló að hnyttilegum orðum, sem ég sagði um hæstv. dómsmrh., þegar ég var að sýna því rétthverfuna á honum, sem hann reyndi að hylja. Hann sagði, að mín orð hefðu ekki verið tekin alvarlega, og það voru öll hans rök í málinu, sem hann færði fyrir því, að Sjálfstfl. væri andvígur þessu máli. Sama kom fram hjá hv. þm. N.-Þ., sem ég skal lítilsháttar minnast á síðar. Hv. þm. vildi vera fyndinn og frumlegur, þó að það tækist ekki betur fyrir honum en svo, að þetta voru einustu úrræði hans í þeim standandi hvínandi vandræðum, sem hann var í.

Það getur vel verið, að mér hafi ekki tekizt allskostar vel eða rösklega að halda á þessu máli. En það var ekki af því, að málstaðurinn væri ekki góður og réttur.

Í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. líkti mér við klár, sem beitt væri fyrir þungt hlass, vil ég leyfa mér að segja, að hér má með nokkrum rétti snúa þessari samlíkingu upp á hæstv. dómsmrh. En þar held ég, að hann verði ekki klárinn, heldur þunga hlassið, sem Framsfl. verður að beita sér fyrir. Því að ef hann verður með sífellda áreitni og hótanir, og með því girðir fyrir samvinnu Framsfl. við andstæðinga, sem hafa meiri hl. þjóðarinnar á bak við sig, þá verður hann, sem Framsfl. hefir verið svo ógæfusamur að setja í forsætisráðherrastól, þunga hlassið, sem Framsfl. verður að draga.

Þá talaði hæstv. ráðh. um hörku. Já, það er rétt, að hann vill sýna hörku gagnvart andstæðingum, sem eru í minni hl. hér á Alþ. En það hefir verið á það bent, að hann er ekki jafnharðvítugur í að sýna hörku gagnvart þeim flokki, sem ásamt hans flokki stendur að myndun núv. stj. Ég benti á það dæmi hér í hv. d., þegar rætt var um skipulagsn., sem Rauðka er kölluð. Út af þessari nefndarskipun kom það skýrt fram í ræðum sósíalista hér, að hlutverk þessarar n. væri að undirbúa þjóðnýtingu í þessu landi á þann hátt, að bylta því þjóðfélagsskipulagi, sem nú er. Þá stóð hæstv. dómsmrh. upp og sagði, að þetta væri alls ekki meiningin hjá framsóknarmönnum, að svona eigi að fara að. Nú nýlega birtist grein í Alþýðublaðinu, öðru stjórnarmálgagninu hér, þar sem standa þessi orð: „Með þessu móti er stefnt að þjóðnýtingu atvinnuveganna“. Þessi grein er um skipulagsn., og síðar í henni segir blaðið, að sjálfstæðismanna sé ekki þörf við slík störf. Þessu hefir ekki verið reynt að mótmæla af blöðum framsóknarmanna, ekki heldur af hæstv. ráðh. hér á þingi, heldur hefir það staðið algerlega ómótmælt, að með skipulagsn. sé stefnt að þjóðnýtingu atvinnuveganna, og mun það vera sannleikur málsins. Ég held þess vegna, að hæstv. ráðh. ætti ekki að vera að tala mikið um hörku, þar sem það er vitanlegt, að sósíalistar eru hreint og beint búnir að kokgleypa Framsfl., sem nú er að leysast þar upp eins og hráæti í hákarlsmaga.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það, sem ég færði fram um, að gæta þyrfti hófs um álagningu verðjöfnunarskattsins, vegna þeirra, sem rýra framleiðslu hafa, væri rökvilla, og leið sú, sem hann valdi til að sýna, að svo væri, var sú, að draga annarsvegar fram það, sem greitt er fyrir 1. flokks kjöt hér í Rvík, og hinsvegar það verð, sem þeir fá, sem selja saltkjöt til Noregs. Og út frá þessum samanburði talaði hann um verðjöfnunarskattinn. En það, sem ég miðaði við, var ekki það verð, sem þeir fá fyrir kjötið, sem eru hér í nágrenni Rvíkur og hafa aðstöðu til að selja hér í Rvík 1. fl. kjöt, heldur það, sem þeir fá fyrir kjötið, sem selja 2. eða 3. flokks kjöt á Rvíkurmarkaðinum eða öðrum innlendum markaði. Aðstaða þeirra síðarnefndu verður sú, að miðað við verðjöfnunargjaldið eins og það er nú fá þeir ekki meira fyrir sína rýru vöru eftir vörumagni heldur en þeir, sem selja saltkjöt út. Þessir menn eiga svo að borga skatt af þessari lélegu vöru sinni.

Þetta nægir til að sýna, að ég var fyllilega sjálfum mér samkvæmur í minni ræðu, en hæstv. forsrh. fór að þessu leyti með algerlega rangt mál, er hann talaði um ræðu mína eins og flutta út frá allt öðrum forsendum. Það var enn síður ástæða fyrir hann að haga sinni ræðu svona hér, þar sem bent hafði verið á það í Ed., sem í þessu sambandi þarf að taka til athugunar, því að það getur engan veginn verið tilgangurinn með þessari löggjöf að gera aðstöðu þeirra, sem rýrasta framleiðslu hafa á þessu sviði, en þó selja til Rvíkur, verri en hún var áður.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að ræðu hv. þm. N.-Þ., en skal aðeins benda á það, í sambandi við það, sem hann minntist á undirbúning þessa máls, sem fram kom í till. frá samvinnufélögum, að menn úr Sjálfstfl. áttu sinn þátt í undirbúningi þeirra till. Þeir mörkuðu þar með stefnu Sjálfstfl. í þessu máli. Sjálf-

stæðismenn voru því með í að hrinda þessu máli í framkvæmd. Ennfremur má benda á, að menn úr Bændafl. fóru ekki síður höndum um að undirbúa þetta mál, áður en það yrði lagt fyrir Alþ.

Þó fór hv. þm. N.-Þ. allmikið út í að ræða um siðgæðið hér á Alþ. Ég held sannast að segja, að ekkert hafi vakið jafnmikla athygli hér á þingi eins og þegar þessi hv. þm. fór að tala um sanngirni, trúmennsku, velsæmi og prúðmennsku(!). Ég geri ekki ráð fyrir, að neinn hafi búizt við, að hann yrði sendur inn á hæstv. Alþ. til þess að gæta þar velsæmis, þessi maður, sem kórónar flestalla gikki í blaðamennsku og margdæmdur er fyrir sín ósæmilegu blaðaskrif. Það er alveg óskaplegt, þegar slíkur maður stendur hér upp til að tala um það, hve velsæmi hér á þingi sé ábótavant. Það er hreint og beint undravert, hversu blekkingin og blygðunarleysið hjá honum getur teygt sig langt upp í birtuna í sambandi við þetta. Og um siðgæðisprédikanir þessa hv. þm. vil ég segja að lokum það, að ég býst við, að ýmsum muni detta í hug, að eitt sinn var sagt, að

aldrei var því um Álftanes spáð,
að ættjörðin frelsaðist þar.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég þarf ekki að svara mörgum orðum ræðum tveggja hv. síðustu ræðumanna. — Vil ég byrja á því, sem hv. þm. Borgf. sagði viðvíkjandi rýra fénu hér sunnanlands. Ég hefi talað við bónda úr rýrasta svæðinu þar, sem í haust slátraði 100 dilkum, og af þeim lentu aðeins 8 í öðrum flokki. (**PO:** Var hitt allt í 1. fl.?). Já, allt. Þessi maður var sr. Sveinbjörn Högnason, og er hann hér nú staddur. (**PO:** Það má fletta upp í bókum sláturhússins um vigt á sunnlenzka fénu). Það mundi ekki afsanna þetta.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að ef þetta hefði nú verið 2. fl. kjöt, sem það þó alls ekki var, þá þýddi þó ekkert að þrátta um það, þá mundi koma alveg sama rökfærslan til greina, sem áður var færð fram, að það er því meiri þörf fyrir þá, sem rýrt kjöt framleiða, að fá verndaðan markaðinn fyrir kjöt sitt, heldur en hina, sem gott kjöt hafa. Því að ef þeir, sem framleiða gott kjöt, kæmu hér með það til samkeppni við rýra kjötið, án þess að framleiðendur þess væru verndaðir fyrir þeirri samkeppni, hvernig væru þá hinir síðarnefndu settir? Það ber allt að sama brunni. Því rýrari sem kjötframleiðslan er því meiri er þörfin á að vernda markað hennar.

Þá minntist hv. þm. á n. þá, sem almennt er kölluð Rauðka, og kallar sig það jafnvel sjálf. (**PO:** Jæja). Hv. þm. minntist á yfirlýsingu, sem komið hefði fram hér á Alþ. viðvíkjandi þessari nefndarskipun, og ennfremur las hann upp úr Alþýðublaðinu um þetta efni. Ég hefi ekkert við því að segja, þó að hv. þm. virðist hafa það hlutverk í Sjálfstfl. að tala um þessa nefndarskipun — eins og skipt er verkum hjá þeim flokki í öðrum málum, svo sem kjötmálinu, mjólkurmálinu og fleiri málum, sem Framsfl. og Alþýðufl. hafa samvinnu um.

Því er haldið fram í Morgunblaðinu, að Framsfl. sé kominn í vasa Alþfl. En svo er því aftur haldið fram í Vísi, að Alþýðuflokksmenn séu þrælar Framsfl. Þannig eru skrif þessi, vegna þess að Morgunblaðið, eða a. m. k. vikuútgáfa þess, Ísafold, er lesin úti um sveitir, til þess að reyna að kljúfa samtök bænda. En Vísir, sem meira er lesinn hér í bænum, á að spilla samvinnunni við jafnaðarmenn hér í Rvík. Það sjá nú allir, að önnurhvor þessara staðhæfinga hlýtur að vera ósönn. En sannleikurinn er sá, að hvorttveggja þetta er ósatt, vegna þess, að flokkar þessir hafa gert með sér málefnasamning, til þess að geta komið fram ýmsum hagsmunamálum fyrir sitt fólk. Um það snýst samningurinn. Jafnaðarmenn hafa hjálpað okkur til að skipuleggja afurðasöluna og við höfum hjálpað þeim til að vinna að hagsmunamálum vinnandi fólks í kaupstöðunum.

Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um skipulagsn., vil ég leggja áherzlu á, að það er annað að rannsaka atvinnuvegina og gera till. um ýmislegt þeim viðvíkjandi, en að hafa vald til að setja l. um þá. Þessi skipulagsn. hefir aðeins tillögurétt í þessu efni, en alls ekkert vald. Hún á aðeins að rannsaka og gera till. til stj. um framkvæmdir, og ekkert annað. Allt tal sjálfstæðismanna um vald n. þessarar er því klárasta blekking.

Þá var eitt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði engin rök fyrir því fært, að Sjálfstfl. hefði snúizt óvingjarnlega við afurðasölumálinu. Vegna þessara staðhæfinga hv. þm. vil ég lesa nokkrar greinar upp úr Morgunblaðinu, til þess að hv. þm. geti fengið svolitinn forsmekk af því, hvernig flokkur hans hefir hagað sér í þessu máli, áður en ég gef honum, hv. þm. Borgf., þetta eintak. Þá vil ég fyrst lesa upp úr 198. tbl., 23. ágúst s. l.:

„Það virðist ekki verða hjá því komizt fyrir bændur, að hefja andóf gegn þessari kúgun og ásælni.

Þessi lög bera það með sér, að tilgangur þeirra er fyrst og fremst að svínbeygja bændur undir ok félaganna ....“

Og ennfremur:

„Ekki þætti mér ótrúlegt, að þessi kjötsölulög yrðu óvinsæl hjá bændunum hér í næstu sýslum við Reykjavík, vegna þeirrar ásælni, sem þeim er sérstaklega sýnd með þeim“.

Hér er verið að espa þá, sem þurfa að borga verðjöfnunargjaldið.

Blaðið heldur þannig áfram:

„Sunnlendingar eiga ekkert að fá, eða þeir af þeim, sem náð geta í markaðinn í Reykjavík og Hafnarfirði. En þeir eiga svo að segja að láta af höndum alla þá fjárhagslegu hagsmunaaðstöðu, sem þeir geta haft af því að búa í námunda við þessa bæi“.

Ennþá tilraun til þess að rægja aðila saman, sem saman vilja vinna. Þó er búið að sýna fram á það með rökum, að einmitt þessir bændur fá langhæst verð fyrir sínar afurðir á þessu ári, einmitt vegna þessara laga, sem nú er einnig viðurkennt af sjálfstæðismönnum. Hér segir ennfremur:

„Þeir mega ekki slátra kindum sínum heima hjá sér, reykja af þeim kjötið til sölu eða á

annan hátt verzla með þær eins og sína eigin eign, selja þær á fæti eða hafa nokkur eignarráð yfir sláturfjárafurðum sínum, ef þeir ætla að hafa þær til sölu".

Hér er sagt ósatt til þess að gera óánægða þá bændur, sem selt hafa kjöt beint til neytenda. Þetta er ósatt vegna þess, að n. hefir gefið undanþágu viðvíkjandi reyktu kjöti nú á þessu hausti. Hér er önnur grein í Morgunbl., 199. tölubl., frá 24. ágúst. Þar segir blaðið þannig frá:

„.... gefin hafa verið út bráðabirgðalög um kjötsöluna, þar sem ráðin eru tekin af þeim samvinnufélögum bænda, sem innanlandssöluna hafa aðallega haft með höndum ...."

Hér er reynt að espa upp Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga. Svona er haldið áfram, sitt á hvað, til þess að vekja tortryggni og óánægju með framkvæmd laganna. Ennfremur stendur hér:

„Afleiðing þessa „skipulags" verður því sú, að bændur þeir, sem búa í nágrenni kaupstaðanna, og einkum þeir, sem nota Rvíkurmarkaðinn, eru skattlagðir til þess að bæta hinum upp verðið, sem hinn „vel skipulagða" erlenda markað nota".

Sami tónninn og tilgangurinn. Tilgangurinn sá, að rægja saman þá aðila, sem vinna að samvinnumálum. Þá er í Morgunbl. 1. sept. þessi grein:

„Afstaða Morgunblaðsins til þess máls hefir frá upphafi verið skýr, þessi: Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga þurftu enga aðstoð Sambandsins til þess að „skipuleggja" kjötsöluna innanlands ...."

Því er lýst yfir í flokksblaði Sjálfstfl., Morgunblaðinu, að sá flokkur vill láta þessi tvö félög skipuleggja kjötsöluna. Þó er það vitanlegt, að þau geta það ekki af því að þau hafa ekki vald yfir markaðinum. Það hefir kjötverðið sýnt á undanförnum árum. Árið 1932 var það 70 aurar pr. pd. og árið 1933 85 aur. pr. pd. Þá keyptu einstakir kaupmenn kjötið utan út sveitunum og seldu það hér fyrir lægra verð en markaðsverð. Þetta undirboð er mjög eðlilegt vegna þess, að á meðan bændur, sem búa fjarri Rvík, fá ekki nema 60 au. fyrir pd. af kjöti á erlendum markaði, þá borgar það sig fyrir þá að fara með kjöt sitt hingað í kapphlaup um kjötmarkaðinn og selja kjötið allt niður undir það lága verð, sem þeir geta fengið fyrir það á erlenda markaðinum. Enda sýndi það sig á síðasta hausti, að norðan úr Húnavatnssýslu var rekið fé, sem eyðilagði kjötmarkaðinn hér.

Því hefir verið lýst yfir af hálfu Sjálfstfl., að hann sé andvígur skipulagningunni á kjötsölunni, en flokkurinn vill hafa það skipulagsleysi á sölunni, sem algerlega er ófært fyrir íslenzka bændur.

Hér hefi ég 24 skammagreinar úr flokksblaði Sjálfstfl. um kjötsölulögin, og allt er gert, sem í valdi blaðsins stendur til þess að rægja framkvæmd þeirra l. Ég bið nú þingsvein að afhenda hv. þm. Borgf. þessi blöð með greinunum á. (PO: Ég afhendi hæstv. forsrh. þau aftur)..Það var eins og mig grunaði, að einstakir sjálfstæðismenn eru blindir fyrir því, sem skrifað er af þeirra eigin flokksmönnum, og vilja ekki lesa það. Ég get hinsvegar gengið inn á, að þessum hv. þm. er það ekki láandi, þó að hann vilji ekki lesa um þessi mál önnur eins skrif í blaði síns eigin flokks.

Ég vænti, að nægileg rök séu nú komin fyrir því, að andstaða hefir verið hjá Sjálfstfl. gegn staðfestingu þessara l.

Sný ég mér svo að hv. 6. þm. Reykv. Hann talaði af meiri stillingu um málið. Hann minntist á það, að ekki þýddi annað en að sýna framleiðendum sanngirni í þessu máli. Það viðurkenni ég, að er rétt. Það hefir verið meginregla, sem ég hefi reynt að fylgja um skipun nefndanna í kjötsölumálinu og mjólkursölumálinu. Ég er þeirrar skoðunar, að sjálfsagt hafi verið að sýna neytendum fulla sanngirni. Og það hefir verið gert með því að lofa þeim að skipa 2 menn í verðlagsn., til að fyrirbyggja, að verðið fari hærra en nauðsynlegt er.

Jafnframt hélt hv. þm. því fram, að Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga gætu ráðið verðlaginu. Ég hefi bent á, að þetta er rangt. Reynslan hefir sýnt, að framboðið, engu síður en eftirspurnin, ræður verðlaginu. Og þegar erlendi markaðurinn lokaðist að miklu leyti, varð framboðið óeðlilega mikið, svo að félögin fengu ekki við ráðið.

Annað var ekki í ræðu hv. þm., sem gæfi ástæðu til svars. Ræðan var yfirleitt almennt orðuð og henni sæmilega stillt í hóf.

**Garðar Þorsteinsson:** Þó að ég haldi mér ekki strangt við efnið, veit ég, að hæstv. forseti afsakar það, þar sem hæstv. forsrh. bar á mig sakir í dag, er ég verð að bera af mér. **(Forseti:** Var það ekki hv. þm., sem bar sakir á hæstv. forsrh.?). Ég get auðvitað ekki komizt hjá því að sækja á, um leið og ég deili við hann.

Hæstv. ráðh. sagði í umr. um mjólkurl., að mjólkurbúin hefðu ekki verið löggilt, og í öðru lagi, að dómsmrh. hefði mælzt til, að l. yrði ekki framfylgt. Fyrst vil ég þá upplýsa það, að l. nr. 97 1933 eru undirrituð af konungi 19. júní það ár og eiga þá þegar að öðlast gildi.

Nú er eitt, sem hæstv. ráðh. getur ekki svarað: Hvað tafði, að hann framkvæmdi þessi l. frá því er þau öðluðust gildi þangað til í des. 1933? Hann svarar því nú e. t. v. til, að mjólkurbúin hafi ekki verið löggilt. En í 1. gr. l. stendur:

„Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum hér á landi, þar sem fram fer sala á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurbúum, er viðurkennd hafa verið af atvmrh., skal óheimilt að selja þessar vörur ógerilsneyddar ..."

Með þessu er ekki annað sagt um það, hvaða mjólkurbú teljast skuli fullkomin, en þetta, að það skuli komið undir úrskurði atvmrh. Hann á að meta þetta. Hæstv. forsrh., þáv. lögreglustjóri, mun hafa staðið í bréfaskiftum við atvmrh. út af þessu máli. Í bréfi atvmrh. til þáv. lögreglustjóra, dags. 16. des. 1933, segir svo (Ég hefi með leyfi hæstv. ráðh. farið upp í stjórnarráð og tekið afrit af þessum bréfum.):

„Það skal tekið fram, að atvmrh. hefir, með því að greiða Mjólkurbúi Flóamanna og Mjólk-

urbúi Mjólkurfélags Reykjavíkur styrk þann, sem stj. er í 22. gr. fjárl. heimilað að greiða þessum búum, er þau voru fullbúin til starfrækslu, viðurkennt bú þessi sem fullkomin mjólkurbú, og hefir Alþingi áréttað þessa viðurkenningu með l. nr. 95 frá 19. júní 1933, um mjólkurbúastyrk o. fl.

Fylgiskjöl endursendast.

(Sign.) Þorsteinn Briem.“

Með þessu er það staðfest, að ráðuneytið hefir tilkynnt lögreglustjóra, að það teldi mjólkurbúin fullkomin samkv. l. Honum bar því tafarlaust að framfylgja þessum l. Er það aðeins þrákelni hans að kenna, að þetta var ekki gert. Lögreglustjórinn hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að löggildingin hefði ekki átt sér stað, og það er nú síður hans að sitja við sinn keip, hvort sem hann hefir rétt fyrir sér eða rangt.

Í máli, sem höfðað var gegn manni hér í bæ fyrir brot á ákvæðum l., var hann sýknaður á þeim grundvelli, að mjólkurbúin hefðu ekki verið löggilt. Rétt á eftir dæmir svo lögreglustjóri annan mann fyrir sama brot á grundvelli þess, að nú séu búin löggilt. En hvað gerir hann svo? Hann skrifar dómsmrh. bréf 23. des. 1933, þar sem hann spyrst fyrir um það, hvenær dóminum skuli fullnægt og leggur til, að honum verði ekki framfylgt fyrr en eftir hátíðar, en beðið eftir úrskurði hæstaréttar. Þessu bréfi svarar dómsmrh. 29. des. 1933. Það er langt bréf, og gat ég ekki afritað það allt. Í lok bréfsins kemst fulltrúi dómsmrn., Gissur Bergsteinsson, sem bréfið ritar, að svo hljóðandi niðurstöðu:

„Niðurstaðan verður þá sú, að banna beri þegar sölu á ógerilsneyddri mjólk, eins og segir í 1. málsgr. 1. gr. l. nr. 97/1933.

(Sign.) Gissur Bergsteinsson“.

Á fót bréfsins hefir skrifstofustjórinn, Guðmundur Sveinbjörnsson, ritað: „Fellst á, að lögreglunni beri að sjá um, að enginn selji mjólk gegn skýlausum fyrirmælum laga nr. 97/1933, hvað sem líður áfrýjun þessa máls.

Ég sé ekki, að það komi málinu við eða áfrýjun dóms“.

Loks hefir Magnús Guðmundsson, þáv. dómsmrh., skrifað á fót bréfsins: „Samþykkur“.

Bréf þetta var sent lögreglustjóra, og hefði nú mátt ætla, að hann framfylgdi þessum l. Mér virðist, að með þessu bréfi sé komin almenn fyrirskipun frá ráðh. til lögreglustjóra um að framfylgja l. (ef þá slíkrar fyrirskipunar var þörf, sem ég álít, að ekki hafi verið).

Framhjá þeirri staðreynd getur hæstv. ráðh. ekki komizt, að hann fékk þarna fyrirskipun um að framfylgja l. En hann gerði það ekki. Hann bíður eftir því að málið verði dæmt í hæstarétti. Þessi dómur kom nú í febr. eða marz og staðfesti dóm lögreglustjórans.

Nú var a. m. k. ekki ástæða til að fresta framkvæmdum l. En það er þó ekki vitað, að lögreglustjóri hafi gert nokkuð í málinu, þrátt fyrir fyrirskipun dómsmrn., fyrr en 19. maí, er þetta símtal hans við dómsmrn. átti sér stað, þar sem hann fór fram á frestun málsins, sem fyrir lá. Ráðh. samþykkti fyrir sitt leyti, að fullnægingu dómsins yrði frestað frá laugardegi fyrir hvítasunnu þangað til á þriðjudegi eftir. Enn líður og bíður, og lögreglustjóri gerir ekkert í málinu. 1. júní 1934 sendir hann svo dómsmrh. bréf viðvíkjandi því, hvort gera skuli aðrar ráðstafanir gegn kærða, Kristjáni Jóhannssyni, en að beita sektarákvæðum viðkomandi laga, til þess að hindra hina ólöglegu sölu, t. d. loka búðum hans. Tekið er fram, að kærði selji auk gerilsneyddrar mjólkur ýmsar vörur, svo sem brauð og annan bakaravarning í búðum sínum. Þessu bréfi var aldrei svarað bréflega af þáv. dómsmrh., svo að ekki er rétt hjá hæstv. ráðh., að bréf þáv. dómsmrh. dagsett 21. júlí 1934 sé svar við því. — En á fót þessa bréfs lögreglustjórans frá 1. júní skrifar Magnús Guðmundsson: „Búið að segja, að mál þetta verði lögreglan að ganga frá, eftir því sem hún sér sér fært“.

Þetta er í beinu samræmi við það, sem ég hefi sagt, að fyrrv. dómsmrh. hafi tilkynnt í svari sínu til lögreglustjóra. Og ég hefi leyfi til að hafa það eftir Jóni Gunnlaugssyni, að hann hafi oft, eftir beiðni Guðmundar Sveinbjörnssonar, hringt til lögreglustjóra og minnt hann á að framfylgja ákvæðum þessara l.

Þá kem ég að bréfi því, sem hæstv. ráðh. sagði í dag, að væri svar við fyrirspurn sinni viðvíkjandi fullnustu dóms ákveðins manns. Þetta er ekki rétt. Bréf það, sem dagsett er 21. júlí 1934, hljóðar svo:

„Forstjóri Mjólkurfélags Reykjavíkur, Eyjólfur Jóhannsson, hefir skýrt frá því hér, að l. nr. 97 frá 1933 sé, að sögn lögreglunnar, ekki haldið uppi, sökum þess, að svar dómsmrh. hafi ekki komið við bréfi lögreglustjóra um mjólkurmálið.

Út af þessu tekur ráðuneytið fram, að þetta sé, ef rétt er frá skýrt, á misskilningi byggt, þar sem ráðh. hafi munnlega, aftur og aftur, bent á, að mál þetta væri í lögreglunnar höndum.

Verður lögreglan auðvitað að sjá um, að þessum lögum sé fylgt, eins og öðrum.

(Sign.) Magnús Guðmundsson.“

Þetta bréf er því ekki svar við bréfi lögreglustjóra frá 1. júní viðvíkjandi fullnægingu dóms ákveðins manns, heldur skrifað til að hnekkja orðrómi, sem kom til stjórnarráðsins fyrir munn Eyjólfs Jóhannssonar.

Með þessu þykist ég hafa sýnt, að lögreglustjóri gat framfylgt l. þegar eftir að þau höfðu fengið samþykki konungs, eða a. m. k. eftir að ráðuneytið hafði löggilt mjólkurbúðirnar, en ef ekki þá, a. m. k. eftir að hann hafði 29. des. fengið almenna skipun um það frá dómsmrn., og ef ekki þá, a. m. k. eftir að dómurinn var fallinn í hæstarétti í febr. eða marz. En þetta gerði hann ekki. Og þegar hann er ávítaður fyrir að hafa ekki framfylgt embættisskyldu sinni, sýnir hann manndóm sinn með því að skjóta sér bak við Magnús Guðmundsson, þáv. dómsmrh.

Þessi bréf, sem ég hefi lesið hér upp, eru aðeins afrit, sem ég hefi tekið, en ég vænti þess samt, að hv. þm. vefengi þau ekki.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Hv. 8. landsk. hefir mikið til þess reynt að gera staðhæfingar sínar trúanlegar, og lái ég honum það

ekki. En ég ætla aðeins að benda á, að það er ekki sérstaklega sennilegt, ef ég hefði neitað að framkvæma fyrirskipanir dómsmrh., þrátt fyrir ýtarleg fyrirmæli, að hann hefði látið það afskiptalaust. Það væri eitt hið mesta brot í embættisrekstri, og myndi slíkum embættismanni að sjálfsögðu verða vikið frá. Enda er þessu ekki svo farið sem hv. þm. vill reyna að láta menn halda. Sannleikurinn er sá, að það var aldrei meining Sjálfstfl. að láta framkvæma mjólkurl. eins og þau lágu fyrir. Það var annað, sem fyrir honum vakti, sem sé það, að koma á bæjarsölu á mjólk. Af því stafar þessi dráttur, sem varð á framkvæmd l.

Ég skal nú taka staðhæfingar þessa hv. þm. og hrekja þær lið fyrir lið, þó að leiðinlegt sé að þurfa að eyða tíma í slíkt. — Í fyrsta lagi staðhæfir hv. þm., að ég hefði getað framkvæmt l. þegar eftir að þau gengu í gildi vorið 1933, en ekki þurft að bíða til áramóta. Í l. er það tekið fram, að enginn hafi leyfi til að selja hér í bæ mjólk, sem ekki er gerilsneydd af mjólkurbúum, er viðurkennd hafa verið af atvmrh. Það er rétt, að til mín kom bréf 16. des., þar sem því er haldið fram, að búin hafi verið viðurkennd með því að veita þeim styrk. Þetta er misskilningur. Eins og hv. þm. hlýtur að vita sem lögfræðingur, er það ekki á valdi ráðh., heldur dómstólanna, að ákveða, hvaða bú séu viðurkennd. Þessi styrkveiting var ekki nægileg viðurkenning, einnig af þeirri ástæðu, að allar slíkar viðurkenningar þarf að auglýsa í Stjtíð. eða Lögbirtingablaðinu. Af þessum ástæðum gekk skrifstofustjóri atvmrn. inn á, að það væri rétt hjá lögreglustjóra, að búin hefðu ekki verið löglega viðurkennd. Hann sá strax og honum var á það bent, að lögleg viðurkenning hafði ekki farið fram. Ráðuneytið hefði ekki farið að gefa út auglýsingu eftir 2 daga, um að búin hefðu verið viðurkennd, ef það hefði verið óþarft. En eins og kunnugt er, var gefið út aukanúmer af Lögbirtingablaðinu með auglýsingu um viðurkenninguna.

Ég sýknaði mann af afbroti, sem framið var áður en l. gengu í gildi. Þessum dómi var ekki áfrýjað af stjórnarráðinu, því að allir skrifstofustjórarnir sáu, að dómurinn var réttur. Það var vitað af öllum, að löggildingin varð að fara fram opinberlega, svo að allur almenningur vissi, hvað væri hið rétta í málinu. Óðruvísi er aldrei hægt að framfylgja l.

Ég bið hv. þdm. að athuga það, viðvíkjandi bréfi dómsmrn. til mín frá 29. des. 1933, að hv. þm. las ekki sjálft bréfið, heldur ályktanir fulltrúa og áritanir skrifstofustjóra og dómsmrh. á bréfið. Bréfið var engin fyrirskipun til mín á þann hátt, sem hann heldur fram. Það gaf heldur ekkert svar við fyrirspurn minni um það, hvenær skyldi fullnægt dóminum. Ég skal koma með þetta bréf hingað á morgun.

Þegar um er að ræða mál eins og þetta, er það alltaf vafamál, hvort bæjarstj. Rvíkur beri ekki að gefa út reglugerð um það, hvernig því skuli framfylgt. Og þegar um var að ræða framkvæmd l. eins og mjólkurl., þar sem um var að ræða lokun margra búða og stöðvun mjólkurflutnings til bæjarins, þá hlýtur það að vera varasamt fyrir lögreglustjóra að framfylgja þeim, ef ekki er vel um alla hnúta búið, því að slíkar ráðstafanir hefðu getað kostað margar þúsundir króna og mikið rask. Því spurði ég ráðh., hvernig framfylgja skyldi l., þangað til dómurinn væri kominn frá hæstarétti.

Ég þarf ekki að hafa bréfið hér til að geta sagt innihald þess. Í því var lagt fyrir mig að framfylgja skýlausum ákvæðum mjólkurl. En hvað voru skýlaus ákvæði l.? Þetta var tvírætt svar. Ef hæstiréttur hefði fellt dóminn, þá myndi hafa verið sagt, að það væri í samræmi við skýlaus ákvæði mjólkurl. Var því ekki hægt fyrir mig á því stigi málsins að ákveða, hvað gera bæri. Því beið ég með framkvæmdir, þar til dómurinn var kominn úr hæstarétti. En þá lagði ég strax fyrir heilbrigðisfulltrúa að gefa mér skýrslu um mjólkursölu í bænum og sendi um allan bæ til að láta rannsaka, hvar mjólk væri seld á ólöglegan hátt.

Þá minntist hv. 8. landsk. á bréf mitt dags. 1. júní 1934, þar sem ég spurðist fyrir um það, hvort ráðuneytið vildi taka á sig ábyrgðina af því, að ég lokaði nokkrum mjólkurbúðum, þó að þar væru seldar aðrar vörur en mjólk. Hv. þm. tæpti á því, að ég hefði spurt, hvaða ráðstafanir bæri að gera gagnvart manni þeim, sem þar átti hlut að máli. Við þessu bréfi fékk ég aldrei neitt svar. Hv. þm. sagði, að ég hefði átt samtöl við Jón Gunnlaugsson í síma. Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að ég hefi ekki talað við hann í síma í mörg ár.

Sem sagt, við fyrirspurn minni kom aldrei svar. Hvers vegna gat ráðuneytið ekki svarað, ef það vildi standa bak við þær ráðstafanir, sem þarna var um að ræða? Til að taka af allan vafa, gekk ég hvað eftir annað eftir þessu hjá ráðuneytinu, hvað gera skyldi viðvíkjandi þessum 3 búðum. Vil ég þessu til sönnunar lesa upp skeyti, sem ég hefi hér meðferðis, og getur hv. 8. landsk. mótmælt því, ef hann þorir. Skeytið hljóðar svo:

„Hermann Jónasson, lögreglustjóri p. t. Kaldrananesi.

Eftirfarandi vottast:

Kristján Jóhannsson, mjólkursali, var sektaður 16. apríl s. l. fyrir ólöglega mjólkursölu. Hinn 18. þ. m. hafði lögreglustjórinn komizt að því, að Kristján hélt hinni ólöglegu sölu áfram, og fól hann mér þá að koma fram ábyrgð gegn honum og gera þær ráðstafanir, sem tiltækilegar væru til þess að hindra söluna. Ég kallaði Kristján þá fyrir þann 19. þ. m., en þá fékk hann af skrifstofu minni að tala í síma við dómsmálaráðherra, sem síðan í símtali tjáði mér, að málið mætti bíða, unz hann tilkynnti mér, hvað gera skyldi í því, en fyrirskipun þar að lútandi er ókomin.

Jónatan Hallvarðsson.“

Með öðrum orðum: því hefir aldrei verið svarað, hvort loka skuli búðum, og ábyrgð ráðuneytisins hefir aldrei fengizt. Það er allt annað mál, þó hann fái að hringja og fái frest. Vill hv. þm. segja, að þetta sé falsvottorð? Það væri þá eins gott fyrir hann að tala ekkert um málið.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. vildi halda því fram, að Bændafl. hefði ætlað að gera þingið óstarfhæft og verið um það í sambandi við Sjálfstfl. Þessu vil ég mótmæla sem staðlausum ósannindum hjá hæstv. ráðh. Þegar þessi hæstv. ráðh. kemst í sjálfheldu fyrir að hafa gloprað út úr sér einhverri staðleysu, reynir hann venjulega að komast úr henni á einhverju hundavaði. Hér hefir hann t. d. farið að tala um kosningarnar í Húnavatnssýslu, en ég sé ekki neitt samband milli þeirra og þess máls, sem hér er til umr. Hæstv. ráðh. má vita það, að þó allmargir kjósendur hafi fylgt hans flokki við síðustu kosningar, eru þeir ekki svo bundnir, að þeir geti ekki yfirgefið hann við næstu kosningar, og munu gera það, því ráðh. er að fara með flokkinn út í hreinustu ógöngur. *Þetta hafa líka margir af þeim, sem áður voru í* Framsfl., séð, og gengið í aðra flokka, sem þeim hefir geðjast betur að, eins og t. d. annar frambjóðandi jafnaðarmanna í Skagafirði, sem gekk í Alþfl. Sama er að segja um alla þá, sem gengu í Bændafl. Allir þessir menn hafa vitanlega gert það af þeirri ástæðu, að þeir vilja fylgja þeim flokki að málum, sem þeir álíta, að hafi gott og rétt mál að flytja. Ég þarf ekki að eltast við þau ummæli hæstv. forsrh., að ég hafi náð kosningu í Húnavatnssýslu með stuðningi sjálfstæðismanna, og sé þess vegna háður Sjálfstfl. Það var af hálfu Framsfl., sem hæstv. ráðh. var gerður út norður í Húnavatnssýslu og átti að telja bændum trú um, að þeir skyldu kjósa framsóknarmann. En þeir kusu Bændafl. af því að þeir álitu, að hans stefna væri rétt, og hæstv. ráðh. gat ekki sannfært þá um annað. Ég mun því fylgja þeim málum, sem ég álít, að eigi rétt á sér, og þeim brtt., sem ég tel til bóta, hverjir sem flm. eru. Hæstv. ráðh. þarf ekki að hneykslast, þó ég fylgi brtt. hv. þm. N.-Ísf. Ég er ekki eins háður og fylgismenn hæstv. stj., sem eru svo múlbundnir, að þeir mega hvergi greiða atkv. nema eftir því, sem þeim er sagt, þó þeir hafi tilhneigingu til og sjái, að annað er réttara. Annars skipa sósialistarnir — eða hv. 2. þm. Reykv. — að setja á þá handjárnin. Og þar sem stj. á líf sitt undir þeim, verður hún að hlýða. Það er líka svo með hæstv. stj., að angistin skín út úr hverjum andlitsdrætti, ef sósarnir hleypa brúnum, því þá verður að spyrja um allt. Ekkert má gera án þeirra samþykkis. — Hæstv. forsrh. gat ekki hrakið þau ummæli, sem ég hafði eftir honum af fundi fyrir austan fjall, að bændur, sem seldu kjöt á Rvíkurmarkað, væru búnir að fá útborgað 20 aur. meira pr. kg. en í fyrra, jafnframt því, sem útlit væri fyrir 10—20 aur. lægra verð á útfluttu kjöti. Það er því fullt útlit fyrir, að verðmunur á innlenda og erlenda markaðnum verði meiri en að undanförnu, og það líklega þrátt fyrir verðuppbót þá, sem skatturinn gefur. Það virðist því auðsjáanlegt, að verðjöfnunargjaldið er of lágt til þess að jafna svo verðið, að verulega dragi úr samkeppni um innlenda markaðinn, einkum hér í Rvík. Þetta er alveg samkv. því, sem ég hélt fram í afurðasölunefndinni, en þá þótti illt og óhæft — sennilega af því að það kom frá mér. En ég hefi nú bent á, að hv. Ed. hefir gengið inn á nokkuð af mínum till., og býst ég við, að þær verði einnig samþ. í þessari hv. deild. Hvers vegna hefir nú hæstv. stj. snúizt svo hugur að hafa fallizt á till. mínar? Hún hefir vitanlega séð, að þeir, sem flytja út kjötið, verða að fá meira en 6 aura uppbót, til þess að munurinn á verðinu verði ekki allt of mikill. Hæstv. ráðh. fór ekkert inn á þá ráðstöfun að taka ekki til greina till. undirbúningsnefndarinnar um skipun í kjötsölunefndina. Það var einn jafnaðarmaður í n., og stj. tók till. hans til greina, en ekki hinna sex. Er þetta gott dæmi um það, hvernig hæstv. stj. er fjötruð í hlekki hjá sósialistunum. Ég segi þetta ekki til hnekkis fyrir sósialistana. Það er þeirra hróður að hafa sett báða framsóknarráðh. í hlekki, og það í þeim málum, sem þeir hafa þótzt vera að berjast *fyrir sem höfuð stefnumálum*. Ég tel því, að ég hafi fullan rétt til að álíta, að þeim sé ekki sjálfrátt, þessum stóru mönnum í stjórnarráðinu, heldur séu þeir undir áhrifum sér verri manna. Ég varð því undrandi, þegar hæstv. forsrh. fór að tala um einurð og karlmennsku, og sjá sósialistana fyrir framan sig og allt um kring. Mér fannst, að hann hefði mátt blygðast sín fyrir að nefna einurð og karmennsku.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég veit ekki, hverju ég á að svara til þess, að ég hefi orðið fyrir þeim ósköpum, að hæstv. forseti kallaði mig heimskan; ég verð a. m. k. að þakka þá einstöku kurteisi. Ég sagði fyrr í dag, að jafnaðarmenn hefðu snúizt í mjólkurmálinu frá 1933. Hv. 2. þm. Reykv. vildi afsanna þetta, og taldi sig sömu skoðunar og þá. Og það er satt, að hann heimskaði sig ekkert á málinu þá, því hann tók aldrei til máls í því. En ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp nokkrar línur úr *Alþt. frá 1933, hygg ég, að þær sanni mál mitt* um að jafnaðarmenn hafi þá verið andvígir mjólkursölufrv. Þá farast formanni Alþýðufl. (JBald) þannig orð: „En mér finnst það ekki vera leiðin til umbóta, að taka af bæjarstj. og íbúum Rvíkur og Hafnarfjarðar það vald, sem þeim er veitt yfir skipulagi innanbæjar. En mér finnst ekki koma til mála að láta menn úr fjarlægum héruðum samþ. reglur fyrir kaupstaðina, t. d. um bein heilbrigðismál, sem heyra undir ákvarðanir bæjarstjórna. Þá tel ég það allhart að gengið, að láta þá menn, sem í kaupstöðum búa og bæjarstjórn hefir styrkt — marga hverja — til þess að efla búskap innan bæjarfélagsins, bera skatt til þess að borga bændum í Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Skagafjarðarsýslu, Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu — og kannske lengra að — uppbót á verði á mjólk". Og að lokum: „Ég treysti mér ekki til að greiða atkv. með þessu frv. eins og það er nú, en mun greiða atkv. dagskrártill. hv. þm. Hafnf.".

*Með þessu vildi ég hafa sýnt fram á*, að form. Alþfl. eins og raunar allir þm. þess flokks — þó hv. 2. þm. Reykv. tali ekki í málinu — voru þá á móti málinu og greiddu atkv. á móti því með meiri hraða en eðlilegt er, að þeir menn viðhafi. Ég vona, að þetta nægi til að sýna fram á, að ég fór með rétt mál, er ég sagði, að Alþfl. hefði snúizt í málinu frá því á þingi 1933.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég sé, að hv. þm. G.-K. hefir ekki skilið vitundar ögn í því, sem ég hefi áður sagt um þetta mál. Ég sagði, að Alþfl. hefði aldrei verið á móti að skipuleggja kjöt- og mjólkursöluna, en viljað gera það með öðrum hætti en gert var ráð fyrir í frv. því, er lá fyrir Alþ. 1933. Þetta sannar einmitt pistill sá, sem hv. þm. las upp. Síðan hefir verið reynt að koma málinu áfram í bæjarstj., en ekki tekizt. En þegar bráðabirgðalögin komu, fengum við bætt úr ýmsum þeim göllum, sem voru á eldra frv., í þá átt, sem við töldum heppilegri, og því getum við fylgt frv. nú. Það er meira tillit tekið til kaupstaðarbúa í frv., t. d. að því er snertir skipun verðlagsn., og eins um þá, sem hafa kúabú í nágrenni bæjarins, eins og sést á mjólkurlögunum, þar sem verðjöfnunarskatturinn er takmarkaður. Það, sem ég hefi sagt, stendur því allt fast, og hv. þm. G.-K. á eftir að sanna það, að við höfum nokkuð snúizt í þessu máli.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég skal ekki tala lengi, en ég mun fara nokkrum orðum um það mál, sem hæstv. forsrh. hefir leitt hér inn í umr. Ég held, að hæstv. forsrh. hafi talað af sér áðan, þegar hann sagði, að það væru dómstólarnir, sem ættu að löggilda mjólkurlögin, en máske hefir honum orðið mismæli, því að það stendur berum orðum í 1. gr. l. frá 1933, að það sé atvmrh., sem annast það. Út af þessu vil ég taka það fram, að í þessari gr. er það gefið á vald ráðh., hvernig þessi viðurkenning á mjólkurbúum fer fram, en það er ekki tekið fram, að auglýsingu þurfi um það, hvorki í Lögbirtingablaðinu eða öðrum blöðum. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri venjulegt að auglýsa, og get ég gengið inn á það, en ef hann vill eingöngu byggja vörn sína í þessu máli á því, að það hafi ekki verið auglýst og þess vegna hafi átt að sýkna Kristján Jóhannsson, þá verður hann líka að ganga inn á það, að það var þegar fengin viðurkenning fyrir mjólkurbúunum með bréfi atvmrh. í des. 1933. Það er því aðeins birtingin á þessari löggildingu, sem hæstv. ráðh. telur vanta. En það er vitanlegt, að hæstv. ráðh., sem þá var lögreglustjóri, var kominn í sjálfheldu í þessu máli, og það varð til þess, að hann sýknaði þennan umrædda mann. Vitanlega er það ljóst, að það var miklu hægri leið fyrir hæstv. ráðh. að löggilda búið á ný heldur en að skjóta dóminum til hæstaréttar, en það, að hæstv. ráðh. kvað upp sýknudóm yfir þessum manni, sannar ekki það, sem það átti að sanna í þessu máli, að það sé rétt, en hæstv. ráðh. gat náð sama takmarki með annari leið, sem sé að löggilda búið á ný.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði ekki séð frumrit bréfsins frá 29. des. 1933. Bréfið var mjög langt og ég gat alls ekki skrifað það upp, en hinsvegar tók ég orðrétt upp niðurstöðuálit Gissurar Bergsteinssonar og Guðmundar Sveinbjörnssonar, og loks samþykki þáv. ráðh., Magnúsar Guðmundssonar. Og hæstv. ráðh. viðurkennir að hafa fengið þetta bréf og að í því bréfi hafi staðið, að hann ætti að fylgja skýrum ákvæðum laganna, en svo spyr hæstv. ráðh.: „Hvað eru skýr ákvæði laganna?“ Ef hæstv. ráðh. var í vafa um, hvernig ætti að skýra þetta, þá gat hann snúið sér til ráðuneytisins, og það er víst, að úr því að bréfið hljóðaði þannig, sem ég ekki rengi, að lögreglustjóri hafi átt að framfylgja skýrum ákvæðum laganna, þá hefir hæstv. ráðh. álit dómsmrn. í þessu máli, og hann hefir sitt eigið álit, sem felst í forsendum hans fyrir niðurstöðu dómsins yfir þessum manni. En hæstv. ráðh. tekur það ráð, eftir því sem hann upplýsir nú, að hann segir: „Ég var ekki alveg viss um, að þessi niðurstaða væri rétt, og ég vildi vera öruggur og bíða eftir dómi hæstaréttar“. Ég vil benda á, að það er þessi viðurkenning frá hæstv. ráðh., sem ég hefi beðið eftir og vil leggja áherzlu á. En um hvað er deilt í þessu máli? Það er deilt um það, hvor eigi sökina á því, að lögunum var ekki framfylgt, fyrrv. dómsmrh., Magnús Guðmundsson, eða fyrrv. lögreglustjóri, Hermann Jónasson. En nú hefir núv. ráðh., sem þá var lögreglustjóri, upplýst, að hann hafi ekki framfylgt lögunum, en viljað bíða eftir dómi hæstaréttar. Það er því augsýnilegt, að hann vill skella skuldinni á fyrrv. dómsmrh. En ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að hann virðist blanda saman tveimur bréfum — annað frá 29. des., en hitt frá 21. júlí —, en þau eru viðvíkjandi dómi á 2 mönnum, en ekki sama manninum.

Hæstv. ráðh. sagðist hafa gengið eftir fyrirskipun frá þáv. ráðh. um það, hvernig hann ætti að haga sér í þessu máli. Nú er upplýst um aðeins eitt simtal þann 19. maí milli lögreglustjóra og ráðuneytisins um þetta mál, og ennfremur er það vitað, að ráðuneytið hefir alltaf viljað framfylgja þessu ákvæði laganna. Hafi því lögreglustjórinn gengið eftir því að fá svar, þá gat það ekki gengið nema í eina átt.

Viðvíkjandi þessu vottorði frá Jónatan Hallvarðssyni, þá vil ég halda því fram, að það sé að efni til rangt, þó ég haldi því ekki fram, að það hafi verið vísvitandi. Jónatan skellir skuldinni á þáv. ráðh., Magnús Guðmundsson, en Magnús Guðmundsson segist ekki hafa viðhaft þessi ummæli, og ég verð að álíta, að ég hafi frekari ástæðu til þess að trúa honum, einkum með tilliti til þess, hvernig hans fyrra bréf er stílað.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég skal ekki þreyta hv. dm. með því að endurtaka það, sem ég sagði áðan, því að það voru nægileg rök fyrir mínu máli. Ég skal þá taka fram aðeins helztu atriðin í þessu máli, sem eru alveg skýlaus, og ætla þá að nota þau sömu sönnunargögn og hv. 8. landsk. hefir sjálfur fært fram. Vitanlega kemur það ekki til mála að mótmæla vottorði embættismanns, enda hefi ég ekki vitað til, að það hafi verið gert, — annars vil ég ekki draga tímann með því að deila um það.

Hv. 8. landsk. hefir viðurkennt, að dómsmrn. hafi aldrei svarað bréfi lögreglustjóra, og kemur það heim við vottorð lögreglufulltrúa, að dómsmrn. svaraði því aldrei, hvort við mættum loka búðunum. Við fengum það aldrei til þess að standa á bak við okkur. Þetta er skjallega sannað, og þarf því ekkert um það að deila.

Þá minntist hv. þm. á auglýsinguna um löggilding búanna. Nú er það vitanlegt, að til þess að hægt væri að framfylgja þessum lögum, varð að koma fram opinber auglýsing um, að búin væru löggilt. Það er aldrei hægt að framfylgja lögum, nema fyrir liggi opinber auglýsing um þau. Hann viðurkenndi, að þetta hefði ekki verið auglýst. Svo er hitt atriðið, að hann byggði löggildingu búanna á því, að þau hefðu fengið styrk. En ég vil benda hv. þm. á það, að eitt mjólkurbúið, Korpúlfsstaðabúið, hefir aldrei fengið þessa löggildingu.

Ef sýknudómur minn hefir verið rangur, þá átti ráðuneytið bara að áfrýja honum, en vitanlega sá ráðuneytið, að það var þýðingarlaust að áfrýja dómnum, af því að þessi löggilding hafði aldrei farið fram, og þarf ekki að eyða frekari orðum að því.

Ég sé ekki ástæðu til þess að svara því, sem hv. þm. V.-Húnv. var að tala um hér áðan, og hv. þm. G.-K., sem talaði rétt á eftir. Hv. þm. V.-Húnv. var að fræða menn á því, hvernig jafnaðarmenn stynguju framsóknarmönnum í vasann, og svo var hv. þm. G.-K. að útmála hvernig jafnaðarmenn létu framsóknarmenn gersnúa sér í mjólkurmálinu. Þetta minnir dálítið á hlutverk Morgunblaðsins og Vísis, og held ég, að þessir hv. þm. ættu að bera sig saman áður en þeir tala næst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 220, 269, n. 286, 288).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Landbn. hefir haft þetta mál til meðferðar og er sammála um að leggja til, að það nái fram að ganga. Þrír nm. hafa óbundnar hendur um brtt., sem fram koma, og tveir þeirra hafa nú þegar flutt brtt.

Þegar á að ræða þetta mál, þá liggur fyrst fyrir að athuga, hvort þetta nýja skipulag, sem hér er farið inn á, sé betra en það, sem verið hefir, og hvort ástæða sé til að breyta til um sölu landbúnaðarafurða hér á landi. Það vita allir hv. þm., að nú að undanförnu hefir markaður fyrir landbúnaðarafurðir verið að þrengjast erlendis. Norðmenn hafa fjölgað sínu sauðfé á síðustu 10 árum svo mikið, að sú fjölgun nemur næstum því eins miklu og tölu alls sauðfjár hér á landi. Það er því ekki undarlegt, þó að markaðurinn hafi þrengzt, og hann heldur áfram að þrengjast. Í Englandi er markaðurinn líka takmarkaður, og afleiðingarnar eru þegar komnar í ljós. Um helming af því freðkjöti, sem selja má í Englandi, megum við ekki selja þar fyrr en eftir áramót. Því er verðið á freðkjötinu ætið óvist í sláturtíð. Og vegna þess, hve markaðurinn er nú orðinn þröngur í þessum tveimur löndum, hafa menn farið að leggja aukið kapp á að koma kjöti sínu út á innlendum markaði. Hefir það orðið til þess, að markaðurinn innanlands hefir meira og minna eyðilagzt. — Ég fer ekki út í mörg dæmi til að sanna þetta, en vil þó benda á tvö atriði frá 1933. Annað dæmið er frá 25. júlí; þá var fyrst auglýst lækkun á kjötinu í Rvík. Hver, sem vildi athuga, frá hverjum þessar auglýsingar komu, mundi sjá, að þær komu frá þeim, sem stóðu fyrir utan Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga. Samskonar auglýsingar héldu áfram allt sumarið, og varð það til þess, að um 1000 skrokkar, sem seldir voru fram að venjulegri sláturtíð, lækkuðu verðið á öllu hinu kjötinu, en það mun hafa verið um 8000 skrokkar. Á hinn bóginn varð þetta líka til þess, að þeir, sem notuðu sér aðstöðu sína til að verzla utan við félögin og komu verðlaginu niður fyrir allt, fengu miklu hærra verð en aðrir, þannig, að þegar haustið kom, voru nokkrir bændur búnir að selja alla sína dilka að meðaltali um 1 til 3 kr. hærra fyrir hvern dilk en þeir, sem urðu að bíða eftir haustverðinu með mikinn hluta af sínum dilkum. Það er því sýnilegt, að með þessari frjálsu samkeppni fór verðið lengra niður en hæfilegt var og þurfti að gera.

Samskonar tilfelli hafa átt sér stað á Akureyri. Um tíma í fyrrahaust barst svo mikið kjöt til Akureyrar frá Skagafirði, af því að Skagfirðingar vissu ekki, hvað verðið mundi verða þar, að verðið féll niður í 70 aura. Og Skagfirðingar, sem skemmdu þannig Akureyrarmarkaðinn, töpuðu á þessu, því að þegar til kom, varð verðið í Skagafirði hærra en það verð, sem þeir urðu að selja fyrir á Akureyri.

Þessi tvö dæmi sýna vel, hvernig samkeppnin á innanlandsmarkaðinum varð til þess, að kjötið féll óeðlilega í verði. Þess vegna er nauðsynlegt að skipuleggja innanlandsmarkaðinn, og það því fremur, sem hann hlýtur í framtíðinni að verða okkar aðalmarkaður.

Það kjöt, sem við seljum nú til Noregs og Englands, er um 1100 tonn í hvorn stað, eða 1933 2300 tonn, en framleiðslan, sem við þurfum að selja, er um 5000 tonn. Það er því ekki nema lítill hluti kjötsins, sem hægt er að selja út úr landinu. Þess vegna ríður mikið á því, að sá hluti, sem verður að selja innanlands, seljist með sæmilegu verði, en með skipulagslausu framboði er ekki unnt að hafa stjórn á því. Með þessum l. er reynt að ráða bót á þessu, reynt að koma skipulagi á þetta. Mér hefir heyrzt á umr. um málið í Ed., að nú sé ekki mikill ágreiningur orðinn um það, hver nauðsyn sé á að gera þessar ráðstafanir. Ágreiningurinn er meira um smáatriði en um sjálft skipulagið.

Ég hygg því, að ekki þurfi mikinn tíma til að ræða frv. nú. Hér hefir komið fram brtt. á þskj. 288 og þskj. 269. Brtt. á þskj. 269 gerir ráð fyrir þeim möguleika, að upp kunni að rísa félög neytenda í kaupstöðum og kauptúnum, og skuli þá veita þeim leyfi til slátrunar eins og samvinnufélögum. N. hefir óbundið atkv. um þessa till., en hvað sjálfan mig snertir og fleiri nm., þá lítum við svo á, að brtt. sé óþörf og ekki rétt að samþ. hana, þar sem hér væri líka stofnað til óþarfa kostnaðar fyrir þjóðarheildina, ef þetta væri gert. Til þess að slátrunin geti farið sæmilega fram, þarf að hafa sláturhús og ýms önnur skilyrði. Þessi sláturhús hafa kaupfélögin nú. Ef þessi neytendafélög rísu nú upp, þá yrðu þau auðvitað að byggja sín sláturhús, og væri þar

með stofnað til aukins kostnaðar að óþörfu vegna byggingarinnar sjálfrar. Ekki væri heldur hugsanlegt, að þessi félög fengju fé keypt ódýrara á fæti, og er því betra fyrir neytendur að fá kjötið keypt en að kaupa fé lifandi. Þar að auki hefðu þeir ekki heldur jafngóða aðstöðu til að selja gærurnar, því að þá sölu hefir Sambandið með höndum fyrir sín félög, en í því mundu þessi félög ekki verða.

Fyrri brtt. á þskj. 288 gerir ráð fyrir, að bætt verði tveim mönnum í verðlagsnefndina, öðrum frá Búnaðarfél. Íslands, en hinum frá Verzlunarráði Íslands. Þessari brtt. getur nefndin í heild ekki mælt með, jafnvel þótt flutt sé af nm. Fyrst og fremst er það margreynt, að fjölmennar n. vinna ekki betur en fámennar, nema síður sé. Í öðru lagi getur n. ekki fallizt á, að hér sé um aðila að ræða, sem sjálfsagt sé og nauðsynlegt, að eigi fulltrúa í verðlagsnefnd. Búnaðarfélagið kemur að vísu fram sem fulltrúi í faglegum málum bænda eða landbúnaðarins. Hinsvegar annast Samband ísl. samvinnufélaga verzlun bænda að mestu leyti, og það á fulltrúa í n., sem er fulltrúi bænda ásamt fulltrúa Kaupfélags Borgfirðinga og Sláturfélags Suðurlands. Ef Búnaðarfél. Íslands sæti inni með upplýsingar um raunverulegt framleiðsluverð, væri hér öðru máli að gegna, en þær upplýsingar getur Búnaðarfélagið ekki gefið, enda þótt reynt hafi verið að afla þeirra gegnum búnaðarsamböndin.

Hvað Verzlunarráðinu viðvikur, virðist ekki fremur ástæða til þess, að það eigi fulltrúa í verðlagsnefnd. Af 406 þús. fjár, sem slátrað var haustið 1933, hefir aðeins 90 þús. verið slátrað hjá kaupmönnum, og þegar Jónarnir í Borgarnesi og nokkrar aðrar verzlanir eru undanteknar, má heita, að ekkert af fjársölunni í fyrrahaust hafi farið í gegnum hendur kaupmanna, heldur að langmestu leyti gegnum samvinnufélögin. Það er því engin ástæða til þess, að Verzlunarráðið eigi fulltrúa í verðlagsnefnd, og leggjum við því til, að þessi brtt. verði felld.

Síðari brtt. á sama þskj. er óveruleg, og óbundin atkv. um hana í n. Efni hennar er, að „leyfi skuli veita lögskráðum samvinnufélögum bænda, sem stofnuð kunna að verða“ og einnig að skylt skuli að veita leyfi öðrum verzlunum, sem starfræktu sláturhús 1933, en nú er slíkt aðeins heimilað. Við sjáum ekki ástæðu til, að þessi brtt. verði samþykkt, því að lítill vafi er á, að samvinnufélög, er síðar kunna að verða stofnuð, myndu yfirleitt fá þetta leyfi. Í haust hafa verið veitt 119 leyfi, þar af 47 til samvinnufélaga, en aðeins 12 leyfisbeiðnum synjað, sem allar hafa verið frá nýjum mönnum, sem ekki gátu fullnægt settum skilyrðum um slátrun.

Við leggjum því til að frv. verði samþ. óbreytt, þar sem öllum kemur saman um, að það dragi stórkostlega úr annmörkum þeirrar samkeppni á innanlandsmarkaðinum, sem leiddi til óeðlilegs verðfalls á sláturafurðum bænda.

**Sigurður Einarsson:** Ég á hér tvær smávægilegar brtt. á þskj. 269, eða öllu heldur eina í 2 liðum. Aðalefni till. er það, að veita skuli félögum neytenda slátrunarleyfi fyrir það fé, sem þau kaupa til neyzlu fyrir félaga sína eingöngu. Síðari liðurinn, sem á við 5. gr. frv., er bein afleiðing af hinum fyrri.

Það, sem fyrir mér vakir með till., er það, að neytendur geti á vissum stöðum annazt slátrunina sjálfir, án þess að skipta við milliliði, hvort sem það eru kaupmenn eða kaupfélög. Ég held, að það hafi sýnt sig í haust, og jafnvel valdið lögunum nokkurra óvinsælda, að þau hafa lagt hindrun í götu þeirra persónulegu viðskipta, sem svo mjög hafa tíðkazt milli sveitamanna og fólks við sjávarsíðuna. Ég held því nú ekki fram, að það eigi að gera þessum persónulegu viðskiptum svo hátt undir höfði, að eyðileggja með því eða spilla skipulagi, sem annars er nauðsynlegt. En hér er aðeins átt við neytendafélög, sem semja við bændur um kaup á ákveðinni fjártölu. Ég held því, að þessi tilslökun ætti að vera til bóta, en ekki spillis, meðan verið er að koma skipulagi á svo viðtækt og að sumu leyti viðkvæmt mál sem þetta er.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég vil segja það út af brtt. hv. 9. landsk., að hún sakar ef til vill ekki, en þó held ég, að hún verði heldur til spillis. Mér þykir líklegt, að af samþykkt hennar myndi leiða, að sett yrðu upp fleiri sláturhús en nú eru, svo að slátrunin yrði dýrari en nú er, og þetta kæmi niður á neytendunum sjálfum í hækkuðu verði. Það hefir sýnt sig, að með því fyrirkomulagi, sem nú er, er slátrunarkostnaðurinn ekki sérstaklega mikill, um 80 aurar á kind, eða 5—6 aurar á kg., þar sem hann kemur niður á öllum sláturfjárafurðunum. Þetta er ekki mikið, en ef neytendur færu að slátra sérstaklega, yrði það til að draga frá þeim, sem fyrir eru, og yrði óhjákvæmilega til að hækka slátrunarkostnaðinn. Aðalkostnaðurinn nú er við sjálfa söltunina á kjötinu, enda hefir ekki tekizt að koma smásöluálagningu niður í minna en 15% ennþá. En hitt gæti orðið til hagsbóta fyrir neytendur, að fá kjöttorg á vissum tímum álagningarlítið. Það myndi koma þeim betur en samþykkt þessarar brtt., sem að öllum líkindum yrði til að hækka kjötið.

**Jón Pálmason:** Landbn. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Ég vil þó skýra afstöðu mína sem nm. til málsins.

Það er öllum kunnugt, að óreiða hefir verið á innanlandsverzlun með kjöt undanfarið, og því hefir verið lagður undirbúningur að nýju skipulagi á kjötsölunni. Ég hafði nú hugsað mér þetta skipulag nokkuð öðruvísi en gert er ráð fyrir í frv. Ég hafði hugsað mér, að stofnaður væru verðlagsnefndir, sem ákvæðu verðið á hverjum stað, en að öðru leyti væri verzlunin frjáls. Nú hefir verið farin í þessu máli leið hinnar þvinguðu verzlunar, og þótt enn sé vafasamt um árangur, finnst mér samt sjálfsagt að sjá, hvernig þessi aðferð tekst, og vil því ekki setja fótinn fyrir það að reyna hina þvinguðu sölu. Ég held því, að úr því, sem komið er, verði miklar undantekningar frá reglunni til þess að spilla árangri laganna.

Um þetta er öll landbn. sammála, en þó flytjum við hv. þm. Ak. tvær brtt., sem ekki raska á neinn hátt grundvelli laganna, en við teljum

réttlætismál og til bóta. Ég verð að segja það, að mér finnst sú aðferð hv. frsm. nokkuð óvenjuleg á þingi, að ráðast gegn brtt. okkar, áður en við höfðum gert grein fyrir þeim. En nú mun ég snúa mér að sjálfum brtt.

Fyrri brtt. fer fram á það, að fulltrúum frá Búnaðarfélagi Íslands og Verzlunarráði Íslands verði bætt við í kjötverðlagsnefnd. Mörgum finnst ef til vill ekki þörf á að fjölga mönnum í n., en það er skilyrði til þess, að lögin komi að gagni, að þau njóti vinsælda og séu byggð á sem mestu réttlæti.

Það getur enginn vafi leikið á því, að það sé réttlætismál, að félagsskapur eins og Búnaðarfélagið, sem telur flesta bændur landsins innan sinna vébanda, eigi fulltrúa í n. Og hvað Verzlunarráðið snertir hafa kaupmenn til þessa verzlað mikið með kjöt, og því sýnist ósanngjarnt, að þeir hafi ekkert að segja í þessum efnum. Það er því full sanngirni í því, að þeir eigi einnig fulltrúa í n. Þar með er ekkert um það sagt, hvort heppilegra sé, að samvinnufélög eða kaupmenn hafi þessa verzlun með höndum. Úr því verða viðskiptamennirnir sjálfir að skera.

Í síðari brtt. er farið fram á nokkra rýmkun á veitingu slátrunarleyfis. Okkur virðist, að eftir frv. sé ekki leyfilegt að veita nýjum samvinnufélögum slátrunarleyfi, því að gert er ráð fyrir, að þau hafi orðið að verzla með kjöt um langan tíma til þess að fá leyfið. Við skiljum ekki, hvað getur verið á móti því að veita öllum samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða, slíkt leyfi, því að það virðist ekki geta skipt máli, hvort þau eru fleiri eða færri. Annars er það mín skoðun, að þessi verzlun eigi að vera rekin af félögum, sem hafa engan annan verzlunarrekstur með höndum, eins og t. d. Sláturfélag Suðurlands. Þetta hefir verið gert víða um land, en þau viðskipti hafa, því miður, farið minnkandi.

Í frv. er gert á þann hátt upp á milli verzlana og samvinnufélaga, sem rekið hafa kjötverzlun undanfarið, að skylt er að veita samvinnufélögum slátrunarleyfi, en aðeins heimilt að veita kaupmönnum það. Við viljum breyta þessu svo, að einnig sé skylt að veita verzlunum þvílíkt leyfi, því að það á ekki að vera tilgangur laganna að taka ráðin af framleiðendum um það, hvar þeir vilja verzla. Þetta er að vísu aukaatriði, en stefnir þó í þá átt að gera framkvæmd laganna sanngjarnari en ella, og vona ég, að hv. deild viðurkenni það með atkvgr. sinni um brtt. okkar.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég vil vekja athygli á till. á þskj. 269, frá hv. 9. landsk., af því að mér fannst bæði hæstv. forsrh. og hv. frsm. taka á henni of miklum vettlingatökum. Ég sé ekki betur en þessari till. sé stefnt beint á félagsskap bænda hér í Rvík, Sláturfélag Suðurlands, því að ef skylt er að láta neytendafélög fá slík leyfi, þá opnast leið fyrir fjölda manna til þess að fá kjöt sitt og sláturafurðir utan við Sláturfélagið. Eftir brtt. þarf ekki annað en að 2—3 menn slái sér saman, til þess að skylt sé að veita slíkt leyfi. Kjötsölunefnd væri bundin af lögum um þetta og gæti ekki neitað um leyfi. Ég vil benda á, að ein af ástæðunum til þess að setja varð kjötsölulögin, var einmitt sú, að þátttaka bænda í Sláturfélagi Suðurlands var ekki nógu ákveðin. Að vísu hefði kjötsölumálið ekki verið leyst fyrir því, því að Sláturfélagið hefði ekki getað takmarkað framboðið á hverjum tíma af eigin rammleik. Þessa till. hv. 9. landsk. tel ég varhugaverðan fleyg, sem hv. þdm. þurfa vandlega að athuga áður en þeir samþ. brtt. 269.

Ég vil skjóta því til hv. frsm. landbn. í sambandi við þá viðbót hv. Ed. við 3. gr., þar sem bannað er að kaupa fé á fæti til slátrunar án leyfis kjötverðlagsnefndar, sem ég get út af fyrir sig fallizt á að sé nauðsynlegt, þá óska ég, að sú skýring komi fram frá frsm. landbn., að þetta þýði ekki það, að kjötverðlagsnefnd eigi að amast við því, að þeir, sem hafa slátrunarleyfi, kaupi fé til slátrunar á fæti. Slík verzlun á sér víða stað, t. d. í Borgarfirði, og er aðeins fyrirkomulagsatriði í viðskiptum milli seljanda og kaupanda. Ég vænti, að það sé meining frv. að leyfa þetta, og hygg, að það sé nóg, ef sú skýring kemur fram frá hv. frsm., að kjötverðlagsnefnd eigi ekki að blanda sér inn í slíka verzlun. Hitt tel ég nauðsynlegt, að banna að nokkrir kaupi sláturfé á fæti til þess að selja það aftur á fæti til slátrunar.

Ég hreyfði því við 1. umr., að ég væri ekki allskostar ánægður með þá viðbót, sem sett var við verðjöfnunarskattinn í hv. Ed., miðað við aðstöðu ýmsra kjötframleiðenda hér í grennd við Rvík, sem byggju við dýrari og erfiðari framleiðsluskilyrði en aðrir framleiðendur. Ég mun athuga það fyrir 3. umr., hvort ekki er ástæða til að koma fram með brtt. í þá átt að lækka verðjöfnunargjaldið. Ég mundi þó geta sætt mig við það eins og það upphaflega var í frv.

**Bjarni Bjarnason**: Hæstv. forsrh. hefir andmælt hv. 9. landsk. og brtt. hans á þskj. 269. Það hefir hv. þm. Borgf. ennfremur gert. Ég hefi því litlu við að bæta út af þeirri brtt. Þó vil ég taka það fram, að það er algerlega ljóst, að till. gengur í þá átt að reyna að sprengja samtök bænda um sláturhúsin og afurðasöluna, vegna þess, að ekki er útlit fyrir, að það sé nokkrum til hagnaðar að fara að byggja sláturhús annarsstaðar en þar, sem kjötverðlagsnefnd telur, að sláturhús vanti. Ég get því ekki betur séð en að þessi brtt. sé hreinasta firra. Ef t. d. neytendur hér í Rvík færu að byggja sér sláturhús, þá yrði það bæði þeim og eins eigendum þess sláturhúss, sem fyrir er, aðeins til tjóns. Slík fyrirtæki eru æfinlega ódýrari og kostnaðarminni í rekstri því stærri sem þau eru, og því meira, sem þau hafa að starfa. Ég skil því ekki, hvern hagnað neytendafélög geta haft af því að fara að slátra sjálf, enda gengið út frá, að sláturhús sé fyrir á staðnum. Ég vil því vænta þess, að hv. d. felli þessa brtt. Sú undantekning virðist nægja, sem gefin er í brtt. 205, frá hv. landbn. Ed. við 3. gr. b lið, sem ég vil leyfa mér að lesa með leyfi hæstv. forseta: „Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar“. Þetta er sú eina undanþága, sem þörf

getur verið á að veita, og er rétt að taka slíka ástæðu til greina. En það, sem lagt er til á þskj. 269, hlýtur að vera miðað við einhverjar alveg sérstakar ástæður, sem hv. flm. kann að þekkja og ekki er rétt að leggja til grundvallar sem almenna reglu.

Hvað verðjöfnunargjaldið snertir, þá get ég ekki séð, að það sé nokkuð á móti því að hafa hámark þess nokkuð hátt. Kjötverðlagsnefnd hefir alltaf opna leið til þess að ákveða það neðan við hámark, eftir því sem við á á hverjum tíma. Það má benda á það t. d. núna, að þó verðjöfnunargjaldið sé ákveðið í bráðabirgðalögunum 8 aurar, þá hefir n. ekki ákveðið það svo hátt. Hinsvegar sýnist rétt, þegar sala gengur illa á erlendum markaði, að gjaldið sé nokkuð hátt, ef innanlandsmarkaðurinn er sæmilegur, svo að hægt sé að miðla að nokkru leyti verðinu milli þeirra, sem nota hvorn markaðinn fyrir sig.

Þá vil ég taka fram út af brtt. hv. þm. Ak. og hv. þm. A.-Húnv. um skipun kjötverðlagsnefndar, að ég sé ekki neina ástæðu til þess að vera að fjölga mönnum í n. Ég tel, að hagsmunir framleiðenda séu vel tryggðir með ákvæðum bráðabirgðalaganna.

**Guðbrandur Ísberg:** Hv. þm. A.-Húnv. hefir lýst afstöðu minni hl. landbn. til þessa frv., og að því er snertir brtt. okkar á þskj. 288, sé ég ekki ástæðu til að tala um þær nánar en hann hefir gert.

Þó ég sé samþykkur frv. í aðalatriðum, þá vil ég samt taka það fram, að ég ætlast til þess, að í framkvæmdinni verði gætt hófs með álagningu á kjöt það, sem selt verður á innlendum markaði; ég tel, að þann veg muni hagsmunum bæði framleiðenda og neytenda bezt borgið. Það getur vel svo farið, að mikið af kjöti okkar verði óseljanlegt. Það var bent á það af hv. frsm. meiri h. landbn., að markaðurinn í Noregi væri ákaflega þröngur, og hann getur þrengzt enn meir, svo að lítið verði á hann að treysta. Kjötframleiðsla okkar fer ekki minnkandi, og þó neyzla kjöts í landinu fari nokkuð vaxandi, þá er raunar hæpin von um það, að innlendi markaðurinn taki ennþá við öllu því kjöti, sem ekki er hægt að selja til Englands. En ef svo bættist ofan á, að verð á kjöti yrði sett svo hátt, að það drægi úr neyzlunni í landinu, þannig, að kaupstaðarbúar minnkuðu sín kjötkaup, þá yrði tvísýnn hagur að hinu háa verði. Slíkt gæti ennfremur leitt til þess, að ýmsir menn í kaupstöðum og kauptúnum, sem hentugleika hefðu til þess, færu að rækta sauðfé og á þann hátt framleiða kjöt fyrir sig og sína, en slík sauðfjárrækt við erfið skilyrði er ekki eftirsóknarverð eða hagkvæm fyrir heildina. Hvernig sem á þetta mál er litið, er það áreiðanlega hagsmunamál beggja aðila, bæði framleiðenda og neytenda, að kjötverðinu sé stillt í hóf. Ég vil því undirstrika það, að ég greiði frv. atkv. í því trausti, að fyllsta hófs verði gætt í þessu efni, en ég verð að efast um, að þessa hafi verið gætt á þessu hausti, þó ekki liggi enn fyrir gögn, er skeri úr um þetta. Hitt veit ég, að verðlagsákvæði kjötverðlagsnefndar hafa orðið til þess að draga úr kjötsölunni í öðrum stærsta kaupstað landsins, Akureyri, vafalaust að mestu eða öllu leyti vegna of mikils álags á kjötið, miðað við sölu á erlendum markaði.

**Varaforseti (StJSt):** Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. landsk. á þessa leið. [Sjá þskj. 335].

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. leyfð og samþ. með 16:1 atkv.

**Sigurður Einarsson:** Ég sá það fljótlega, að ekki muni blása byrlega fyrir þessari brtt. minni á þskj. 269, þar sem bæði hæstv. landbrh., hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Árn. hafa þegar talað á móti henni. En í sambandi við ræður þeirra allra verð ég að segja það, að þeir virðast sjá miklu stórfelldari og alvarlegri afleiðingar af þessari brtt. heldur en mér hefir dottið í hug, að gætu orðið, þó hún yrði samþ. Ég vil algerlega neita því, sem kom fram hjá hv. þm. Borgf., að þessari till. væri stefnt gegn vissum félagsskap bænda, svo sem eins og Sláturfélagi Suðurlands. Ég verð að líta svo á, að ekki geti komið til mála, að till. mín hafi neitt nærri því eins víðtæk áhrif eins og hv. þm. virðast álíta, heldur á hún aðeins að koma til greina í mjög smáum stíl. Það kom berlega fram í ræðu minni áðan, að ég vildi síður en svo ráðast á tilgang frv. Ég er ekki í neinum vafa um það, að frv. er fram komið fyrir mikla nauðsyn, og áður en það kom fram eða bráðabirgðalögin, lét ég það í ljós bæði í ræðu og riti, að það þyrfti að setja lög um kjötsöluna. Þaðan af síður gæti mér dottið í hug að bregða á nokkurn hátt fæti fyrir samvinnufélögin.

Ég held, að það sé alveg óþarft að vera að gera ráð fyrir því, að neytendur færu að byggja stór sláturhús, þegar maður athugar þá miklu viðskiptaleti, sem hér á sér stað og lýsir sér í því, að allir reyna fyrst og fremst að kaupa það, sem þeim er hendi næst. Ég gæti til samkomulags sætt mig við, að brtt. minni væri breytt úr skyldu í heimild, þó það sé að vísu æðimiklu verra. Því þó aldrei neina fyrir mér vektu einhver alveg sérstök tilfelli, eins og hv. 2. þm. Árn. var að geta sér til, þá væri gerandi ráð fyrir því í lögunum, að möguleiki væri fyrir hendi til þess að taka tillit til slíkra þarfa, og í sambandi við það get ég eftir atvikum fallizt á heimild til þessarar undanþágu. Ég vil alvarlega mótmæla því, að ég hafi með þessari brtt. viljað spilla fyrir frv. með því að fleyga það. Ég er fullviss um, að ef mál þetta nær fram að ganga, þá skapar það betra og hollara skipulag í þessum málum en ríkt hefir. En skipulagið verður því aðeins voldugt og vinsælt, að það sé sett fyllilega með hagsmuni bæði framleiðenda og neytenda fyrir augum og gangi ekki á rétt neinna, þó að fáir séu og afskekktir.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það verður því ljósara, sem brtt. hv. 9. landsk. er betur athuguð, að hún getur aldrei leitt til annars en óþæginda og aukins kostnaðar bæði fyrir seljendur og neytendur. Það hefir verið bent á, að sá kostnaður, sem lendir á kjötið í sláturhúsunum, er eingöngu vinnukostnaður við slátrunina.

Um álagningu á kjötið til neytenda er ekki að ræða hjá sláturhúsunum aðra en slátrunarkostnaðinn, sem er 80 aurar á kind, og þann kostnað er ekki hægt að hafa minni, nema með því að þeir, sem að slátruninni vinna, vinni fyrir minna gjald, en ég býst ekki við, að hv. flm. ætlist til þess. Ávinningur af því að stofna sláturhús neytenda gæti því enginn orðið, nema undir þeim kringumstæðum, að einhverjir gæfu sína vinnu við sláturhúsin. Hinsvegar gæti það orðið báðum aðilum til tjóns, að leyfa neytendum að reisa sláturhús, því að öðrum kosti geta þeir vitanlega ekki fengið slátrunarleyfi, því það er ekki ætlazt til þess, að fé sé slátrað í kaupstöðunum nema í góðum sláturhúsum. Nú hagar svo til, að þar eru alstaðar næg sláturhús fyrir hendi, þannig að ef farið væri að taka af þeim einhvern hluta sláturfjársins, þá yrði það til þess eins að gera rekstur þeirra dýrari; kostnaður við slátrunina yrði hærri á hverja kind. Bygging nýrra sláturhúsa þar, sem nóg slík hús eru fyrir, mundi því aðeins hafa aukinn kostnað í för með sér. Það, sem neytendur gætu grætt í þessu efni, væri það, ef þeir gætu lækkað dreifingarkostnaðinn. Sá kostnaður gæti orðið minni en hann er, og hann geta þeir minnkað með því að stofna sölufélög. Þess vegna er þessi till. hv. 9. landsk. og annað, sem færi í svipaða átt, til þess eins fallið að spilla þessu máli, og á því að fella hana. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Borgf. benti á, að tillagan gæti orðið til þess að stórskemma aðstöðu Sláturfélags Suðurlands, því hún gæti orðið til þess, að neytendur, hér ekkert síður en annarsstaðar, færu að byggja sláturhús og draga frá Sláturfélaginu, en reynslan mundi sýna, að við það yrði slátrunin aðeins dýrari, auk þess sem miklir peningar yrðu bundnir í því fyrirtæki og alveg að óþörfu. Það eina gagn, sem neytendur gætu unnið þessu máli, er að stofna félög til þess að lækka dreifingarkostnaðinn. Ég get því vel tekið undir það með hv. þm. Borgf., að till. mundi verða til stórtjóns fyrir alla aðilja, ef hún yrði samþ.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson)**: Ég get verið sammála hv. þm. Ak. um það, að vitanlega á að gæta hófs um verðlagningu á kjötinu, og það hefir líka verið gert. Það liggja fyrir Hagtíðindi fyrir árið 1934, sem útbýtt hefir verið meðal þingmanna. Í þeim sést, að kjötverðið í Rvík, miðað við verðlag 1914, hefir í sept. 1933 haft vísitöluna 224, en í sept. 1934 er vísitalan 221. Þetta kemur til af því, að smásöluálagningin var í fyrra 30 til 35%, en nú er hún ekki nema 15%. Þrátt fyrir það, þó verðið sé lægra nú í smásölu, þá fá bændur hærra verð fyrir kjötið en í fyrra. Hv. þm. er því alveg óhætt að vera með frv. þess vegna, því það er allt til þess gert að hafa verðið til neytenda sem allra lægst. En sá góði árangur, sem náðst hefir í þessu efni, hefir fengizt fyrir það, að kjötverðlagsnefnd er skipuð fulltrúum frá báðum aðilum, bæði seljendum og neytendum. Brtt. hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. landsk., um að skipa kjötverðlagsnefnd eingöngu úr hópi framleiðenda, getur því alls ekki komið til greina, því hún mundi verða til þess eins að eyðileggja jafnvægi nefndarinnar, því það er ákaflega hætt við, að svo einlit n. mundi ekki gæta hófs í álagningu. Það er alveg sama að segja um brtt. hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Ak., um að fjölga nm. í 7 og bæta við 2 fulltrúum frá seljendum. Það er ákaflega hætt við því, að slík viðbót raski hlutfallinu um of. Þessir hv. þm. leggja til, að Verzlunarráð Íslands leggi til fulltrúa í n., til þess að vera fyrir þá kaupmenn, sem slátra fé til sölu innan lands, eins og Samband ísl. samvinnufélaga leggur til mann í n. En þetta er ekkert sambærilegt, eins og ég skal nú sýna fram á. Árið 1933 var slátrað 406000 fjár á öllu landinu. Af því var slátrað hjá kaupmönnum milli 80 og 90 þús. fjár, og þegar frá því er dregin slátrun hjá þremur kaupmönnum hér í Rvík og kaupmönnum í Borgarnesi, þá er ekki eftir í hlut annara kaupmanna nema um 40000 fjár.

Ég álít, eins og hv. þm. Borgf., að það sé ekki nein hindrun á því, að þeir, sem fá slátrunarleyfi, geti keypt fé á fæti. En hitt er annað mál, að það er oft illa farið með þessi fjárkaup.

Hv. þm. Borgf. þótti verðjöfnunargjaldið nokkuð hátt og bjóst við að koma með brtt. um það við 3. umr. En ég held, ef það er athugað, hve mikill munur er á saltkjötssölu erlendis, sem nú í haust virðist ætla að verða svipuð og í fyrra, 60 aur. kg., og því verði, sem nýtt kjöt selst fyrir í landinu, þá sjái allir, að það sé ekki mikið, þó verðjöfnunargjaldið yrði 10 aur. Og viðvíkjandi því, hvort ekki geti farið svo, að verðmismunur á kjöti, sem flutt er út úr landinu, og því, sem selt er í landinu, geti orðið svo mikill, að erfitt sé við það að eiga, má ekki gleyma því, að því meiri munur, sem er á kjötsölunni innanlands og því, sem selt er út úr landinu, því nauðsynlegra er það, að möguleikar séu til þess að hafa verðjöfnunargjaldið hátt, ef á þarf að halda.

Ég vona, að menn samþ. frv. eins og það liggur fyrir, en felli brtt. þær, sem fram hafa komið. Ég skal að vísu viðurkenna, að 2. brtt. hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Ak. gerir frá mínu sjónarmiði ekkert til. En þó er hugsanlegt, að svo gæti farið, ef mörg smásláturfélög mynduðust á svæði, þar sem sláturfélag var fyrir, að þeim, sem utan um gamla félagið standa, geti orðið það of erfitt. Ég er því ekki viss um, að till. sé til bóta.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Þessi brtt. mín hefir ekki fengið sérstaklega ástúðlegar viðtökur hjá hv. frsm. landbn., og þess var heldur ekki að vænta. Í þessari brtt. felst sú meginstefna, sem við Bændafl.menn höfum í þessu máli, að afurðasölumálin séu í höndum bændanna sjálfra og að þeir hafi þar allt framkvæmdar- og ákvörðunarvald. Hér er nákvæmlega gengið inn á sömu braut, sem farin hefir verið í Noregi með samtökum bænda þar, en norskir bændur hafa barizt fyrir sínum málum með meiri dug og skjótari árangri en litur út fyrir, að verða ætli hjá okkur.

Í þessari till. minni er gengið út frá því, eins og hv. þdm. hafa heyrt, að Samband ísl. samvinnufélaga leggi til einn mann í kjötverðlagsnefndina sem fulltrúa margra félaga úti um land; Sláturfélag Suðurlands annan, sem hefir mjög mikilla hagsmuna að gæta á Rvíkurmarkaðinum, fyrir Suðurlandsyfirlendið, og svo Kaup-

félag Borgfirðinga þann þriðja. Þessi tvö héruð hafa beztu aðstöðuna til þess að njóta Rvíkurmarkaðsins. Hinn fjórði aðili, Búnaðarfélag Íslands, verður að teljast fulltrúi hinna fjarlægari héraða, vegna þess að þau hafa meiri hl. á búnaðarþingi og geta því ráðið því, hver valinn verður í þessa n. Þá yrði jafnræði milli þessara héraða, sem mestra hagsmuna hafa að gæta á Rvíkurmarkaðinum, og svo hinna, sem hafa hagsmuna að gæta í því efni, að l. séu rekin á þann hátt, sem þeim megi að gagni koma. Þannig á að haldast jafnvægi milli hagsmuna þeirra manna, sem hafa beztu aðstöðuna til þess að njóta innlenda markaðsins, og svo hinna, sem annaðhvort hafa verri eða lítt mögulega aðstöðu til þess að njóta hans. Ég geri svo ráð fyrir, að landb.ráðh. skipi úr hópi þessara aðilja formann n. Ég ætlast ekki til þess, að sjálfsagt sé að skipa hann úr hópi neytenda, eins og mér heyrðist hv. frsm. telja sjálfsagt. Ég tel sjálfsagt, að landb.ráðh. sé fulltrúi bændanna.

Ég býst ekki við að þurfa að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. A. m. k. frá sjónarmiði þeirra, sem vel halda á málstað bændanna, er þetta svo sjálfsagður hlutur, að ekki þarf um það að deila.

Ég vil þá víkja að brtt. hv. 9. landsk., sem þegar er búið að andmæla. Hv. þm. þykir það ekki nóg að taka af bændum ákvörðunarrétt, því það er sjáanlegt, að með þessum till. hans er bæjarmönnum fengið það vald í hendur að geta ógnað framleiðsufélögum bænda um það, að lækka verðið, og ef þeir ekki gera það, þá sýna þeim í tvo heimana með því að taka bæjarverzlunina frá þeim með samtökum sín á milli. Þetta er allt á sömu bókina lært hjá þessum hv. þm., sem er eins og útspýtt hundskinn, þegar um það er að ræða að vernda eins og hægt er hagsmuni bænda. Ég hefi það t. d. fyrir satt, að hann hafi farið til kjötverðlagsnefndar og heimtað með rosta miklum, að hún lækkaði kjötverðið, en formaður kjötverðlagsnefndar mun ekki hafa verið eins eftirlátssamur og formaður mjólkursöluverðlagsnefndar.

**Jón Sigurðsson:** Ég hefi nú ekkert lagt til mála í þeim umr., sem hér hafa farið fram. Ég skal taka það fram, að ég lít á þetta mál sem eitt af mestu nauðsynjamálum bænda, sem beri að leggja sérstaka alúð við á þessu þingi. Þetta mál er heldur ekki allskostar nýtt; það var undirbúið á síðasta þingi og rætt að nokkru og hefir síðan fengið undirbúning milli þinga. Það mætti því ætla, að málið væri nokkuð hugsað og rætt, enda er það svo, að menn greinir raunverulega ekki á um höfuðatriðin, heldur frekar um smærri fyrirkomulagsatriði, sem ekki er nema eðlilegt í sjálfu sér, vegna margskonar viðhorfs. En þó eru það viss skilyrði, sem verður að gera til slíkrar löggjafar, t. d. það, að þetta skipulag, sem á að gilda fyrir allt landið, setji ekki framleiðendum og öðum svo þröngan stakk, að það leyfi ekki eðlilega framþróun. Nú er það svo, að sum atriðin, sérstaklega það, sem um ræðir í 3. gr., eru þannig, að mér virðist næsta hæpið, að þau geti staðizt til lengdar. Það er komið inn á þetta í till. tveggja landbnm. og gerðar breyt. á því. Ég varð satt að segja dálítið hissa á því, hvað þessi till. fékk óblíðar undirtektir. Það stendur svo hér í 3. gr.: „Leyfi skal veitt lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annara félaga".

Hér er félagsskap bænda sniðinn sá stakkur, að aðeins geti þau félög komið til greina, sem starfandi eru, þegar þessi löggjöf er sett, eða þá í öðru lagi félög, sem rísa upp að einhverju leyti á rústum annara félaga. En vel má hugsa sér og viðbúið, að samvinnufélög bænda rísi upp án þess að þetta eigi sér stað. Við getum hugsað okkur, að verzlun leggist niður á einum stað og að þeir menn, sem skipt hafa við þá verzlun, óski að mynda með sér samvinnufélag, kaupi hús verzlunarinnar og þar með þá aðstöðu til slátrunar, sem hún hafði. En þessi félagsskapur mundi samkv. frv. vera útilokaður. Þetta veit ég reyndar, að ekki er meiningin, a. m. k. hefir frsm. í viðtali skýrt mér frá, að ekki ætti að útiloka þessi félög og að n. mundi veita undanþágur. En úr því það er ekki meiningin, að sníða stakkinn svona þröngan, því þá ekki að breyta löggjöfinni í það horf, að sú n., sem á að framkvæma hana, þurfi ekki alltaf öðruhverju að vera að brjóta hana. Þetta er í raun og veru ekki nema sjálfsagður hlutur, sem ætti að ná fram að ganga. Það er líka meira en hugsanlegt, að stór hópur bænda, sem á erfiða aðstöðu til að sækja á þann verzlunarstað, sem þeir hafa sótt, vilji gjarnan koma upp slátrunarhúsi fyrir sig, en þeir hafa ekki rétt til þess, samkv. þessum l. Ég skal að vísu játa, að það er alls ekki æskilegt, að örfáir menn fari að hlaupa til og gera slíkt, enda mætti slá varnagla við því, en ég tel, að ef fjölmennur hópur bænda teldi hagsmunamál að koma sér upp skýli til slátrunar, þá væri meiningarleysa að l. settu alveg stein í götu þess, og þá álít ég, þar sem mér hefir skilizt á hv. frsm. það heldur ekki vera meiningin, að léttara sé að taka afleiðingum af því og breyta þessari gr. í það horf, að þessi félagsskapur sé ekki útilokaður.

Ég ætla svo ekki að blanda mér inn í þessar umr. frekar, eða gera nánari grein fyrir atkv. mínu. Aðeins vil ég taka undir það, að ef brtt. á þskj. 269 verður samþ., getur farið svo, að kippt verði fótunum undan árangrinum af þessu starfi, sem hér er verið að vinna.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég vil lýsa því yfir strax, að ég mun við 3. umr. bera fram brtt. við 3. gr. frv. eins og það nú liggur fyrir. Ástæðurnar fyrir því hefi ég fært fram við 1. umr., og hirði ég því ekki um að endurtaka þær, en brtt. verður í þá átt, að leyfð verði bein sala frá framleiðendum til neytenda. Ég skal svo ekki dvelja meir við það.

Ég vildi mega taka undir mál þeirra hv. þm., sem mælt hafa með brtt. á þskj. 288, því það er bersýnilegt, að andstaðan gegn því, að félög megi rísa upp og taka fé til slátrunar og verzla með sláturfjárafurðir, gengur alls ekki í þá átt, sem er tilgangur þessa máls: að reyna að tryggja

örari og betri sölu á sláturfjárafurðum og tryggja framleiðendum sæmilegt verð, heldur í þá átt að hefta söluna og leggja hann á menn, og er mjög fjarri því að geta nokkurntíma leitt til þess að gera markaðinn meiri eða betri.

Út af till. hv. 9. landsk. vil ég segja það, að ég tel hana til mjög mikilla bóta. Það er ekki svo oft sem dúfa kemur úr hrafnseggi, að það er óviðeigandi að gefa því engan gaum. Þessi till. hnígur í þá átt, eins og till. á þskj. 288, að greiða fyrir sölu sláturfjárafurða, og get ég því ekki skilið, að andstaðan gegn henni fremur en hinni till. geti stafað af neinu öðru en því, að það hafi vakað fyrir þeim hinum sömu að hefta söluna, leggja óþarfa bönd bæði á seljendur og neytendur. En þessi till. hv. 9. landsk. gefur neytendunum nokkurt frjálsræði. Það er nú mjög einkennilegt, þegar verið er með fúsum vilja og góðum undirtektum að leggja talsvert miklar kvaðir á neytendur og skuldbinda þá að taka við vöru með dýrara verði en þeir gætu aflað sér með frjálsri verzlun, til þess að mikilsverður atvinnurekstur geti borið sig, að þá sé reynt á allan hátt að gera þeim sem mest óþægindi. Það er eins og þessir hv. þm. séu ferhyrndir og hafi öll sín horn í síðu þeirra, sem eiga að kaupa þessa vöru. Þetta finnst mér óviðeigandi, og ég skil ekki, að umbjóðendur neytendanna í kaupstöðum geti forsvarað að ganga á móti þessari tillögu.

Ég þarf svo ekki að mæla meira með þessum brtt., því það gera þeir, sem bera þær fram, en ég vildi aðeins lýsa afstöðu minni til þeirra. En um brtt. þá, sem ég mun bera fram, hefi ég þegar talað við 1. umr. og ætla ekki að bæta neinu við það nú, en mun kannske rifja það upp, þegar till. kemur fram.

**Sigurður Einarsson:** Ég get nú ekki annað en látið það í ljós, að mér finnst hæstv. ráðh. og þeir aðrir, sem sérstaklega hafa talað á móti till. minum, gera of mikið úr þeirri hættu, sem þær kunna að fela í sér fyrir megintilgang þessarar lagasetningar og frv. í heild, og þeir gleyma því, sem þó greinilega kemur fram í till. sjálfum, að hér er aðeins um slátrunarleyfi að ræða fyrir það fé, sem ætlað er til neyzlu meðal meðlima neytendafélagsins sjálfs.

Þegar ég samdi till., virtist mér fyrir það girt, að þetta gæti orðið víðtæk starfsemi og að þessari löggjöf væri nokkur óréttmæt hætta búin með henni. Hinsvegar hefi ég svo greinilega lýst yfir fullum velvilja minum í garð þessa máls, að ég tel ástæðulaust að gera þessar till. minar að neinu kappsmáli við þessa umr. málsins. Ég get af því, sem upplýst hefir verið nú við umr., lýst því yfir, að ég get sætt mig við þá úrlausn málsins, að þessi heimild til neytendafélaganna væri miðuð við, að ekki væri sláturhús á staðnum og þannig í haginn búið, að þetta gangi eftir nokkuð öðrum reglum en í Rvík. Eins og ég lýsti yfir í fyrri ræðu minni, get ég líka sætt mig við aðra úrlausn, ef tilganginum, sem felst í þessari till., er annars fullnægt. Þess vegna áskil ég mér rétt til þess að bera fram brtt. við 3. umr. þessa máls. Ég get t. d. vel sætt mig við þá úrlausn, að það væri heimild, en ekki skylda að veita þessi leyfi, og er ég ekki frá því að athuga það nánar, hvort þá heimild skyldi þá ekki binda við það, að ekki væri sláturhús á staðnum, og svo mætti skylda þessi félög til þess að færa að því gild rök fyrir kjötverðlagsnefnd, að neytendunum væri þetta fyrirkomulag hagræði án þess að það væri framleiðendunum á neinn hátt til skaða.

Þar sem ég tek þannig í þetta mál, þykist ég vera varinn fyrir öllum kaldyrðum um vilja til þess að spilla þessu máli. Þeir, sem viðhafa slík orð hér í d., ræða ekki málið af þeirri stillingu, sem ég þykist gera. Þess vegna er það bara skoplegt, þegar hv. þm. V.-Húnv. er að hreyta til mín skömmum og stóryrðum, að ég sé eins og útspýtt hundskinn og með ofstopa í þessu máli. Ætlar hv. þm. að telja d. trú um, að dauðmeinlaus maður eins og ég sé með ofstopa í kjötverðlagsnefndinni, og jafnvel þó verri nefndir væru? Það væri að bíta höfuðið ofan af skömminni að halda slíku fram, og ekki ætlandi jafnvel hv. þm. V.-Húnv. En þótt ég hefði verið með ofstopa í þessu máli, þá var hann meinlaus, því að hann hefir þá einungis verið sýndur til þess að rétta hlut þeirra manna, sem gleymdust við setningu þessara laga. En því er svo farið um hv. þm. V.-Húnv., að meinleysi hans er hættulegra en allur hans ofstopi, eins og öll hans pólitíska saga ber með sér.

**Sigurður Kristjánsson:** Mér skildist það á hv. 9. landsk., en ég er ekki viss um, að ég hafi skilið hann rétt, að hann væri að hugsa um að láta niður falla þessar brtt. sínar, þar til við 3. umr. málsins, og að hann væri þá jafnvel líka að hugsa um að slá allmikið af þeim, þannig, að færa þessa kröfu um leyfi fyrir félög neytenda niður í heimild til þess að hafa slík félög, og eins að binda þetta leyfi við þá staði, þar sem ekki eru til sláturhús. M. ö. o., mér skilst, að hann ætli nú að gera þetta afkvæmi sitt að kaleggi strax í hreiðrinu, og þykir mér illt, að hæstv. forsrh. skuli vera búinn að reka hann svona oft og títt af hreiðrinu, að það skuli þurfa að koma fyrir, að það andlega afkvæmi, sem bezt var til stofnað, eigi að verða að kaleggi. Ég vil taka það fram, ef hann snýst að þessu ráði, að fyrirkoma þannig sínu afkvæmi, þá held ég, að ég verði að koma honum til hjálpar, eins og menn kannast við, að oft kom fyrir í gamla daga, þegar börn voru borin út, að þá komu þar að menn og tóku þessi börn til fósturs, og úr þeim gátu oft orðið efnilegustu menn. Ég mun því taka þessar brtt. hv. 9. landsk. upp sem mínar eigin till.

**Jónas Guðmundsson:** Ég hafði ekki hugsað mér að kveðja mér hljóðs í þessu máli, en út af þeirri skrifl. brtt., sem hefir komið fram frá hv. þm. V.-Húnv., þá virðist mér, að ekki megi fara svo, að henni sé ekki mótmælt af einhverjum fulltrúum Alþfl. í þessari hv. d.

Í þessari brtt. er gert ráð fyrir því að svipta algerlega neytendur eða fulltrúa þeirra öllum rétti til þess að hafa áhrif á, hvaða verðlag skuli vera á annari aðalneyzluvöru manna hér á landi. Mig furðar það stórlega, að í slíku máli sem þessu, sem bæði er mikið fjárhagsatriði fyrir

bændur að fá leyst á viðunanlegan hátt og snertir líka neytendur alstaðar í landinu, skuli nokkur þm. fást til þess að bera fram aðra eins brtt. og þessa, þar sem réttindin eru algerlega tekin af öðrum aðilanum, til þess að eiga nokkurn hlut að máli, og eingöngu fengin í hendur hinum aðilanum. Það vita allir, og líka hv. þm. V.-Húnv., að þetta mál verður ekki til lykta leitt, svo vel sé, nema með samtökum allrar þjóðarinnar, og því betur, sem gagnkvæmari skilningur er á báða bóga.

Hvað er verið að gera með þessum l., sem hér er verið að setja? Í fyrsta lagi er verið að reyna að tryggja það, að sem mest og bezt not verði af innanlandsmarkaðinum. Það er sá eini markaður, sem þjóðin getur algerlega ráðið yfir sjálf, því að erlenda markaðinum ráðum við ekki yfir, heldur verðum við að gera samninga við önnur lönd, til þess að geta notað hann. Og það fyrsta, sem á þá að gera í þessu skyni, er að fyrirbyggja, að bændur eyðileggi sjálfir markaðinn fyrir sér með undirboði. Það er það, sem reynt er að gera með þessum l., og að hinu leytinu er reynt að draga úr þeim mikla dreifingarkostnaði, sem hefir verið á þessari vöru, eins og á svo fjölmörgum öðrum vörutegundum. Þetta eru tvö aðalatriði þessa máls, a. m. k. frá mínu sjónarmiði. Það sjá allir, að til þess að ná þessu takmarki, sem sett er með l., þá varðar það mestu, að góð samvinna fáist um málið, að sú samvinna fáist, sem er nauðsynleg til þess, að þetta mál verði leyst til hagnaðar fyrir alla aðila. Þessi hv. þm. veit líka vel, að málið verður ekki leyst á þann hátt, að annar aðilinn sé kúgaður til hagsbóta fyrir hinn. Þegar Alþ. veitir stofnun svo mikið vald, eins og kjötverðlagsnefndin á að hafa, að það afhendir henni þann hluta af þeim rétti, sem það telur sig hafa til þess að ákveða heildarverðlag á annari aðalframleiðsluvöru landsmanna, þá furðar mig mjög á því, að nokkur þm. skuli vilja láta þetta vald í hendur einungis annars aðilans í málinu. Það er frekar sanngirni í till. hv. þm. Ak. og fleiri þm., þar sem þeir gera þó ekki ráð fyrir að svipta neytandann öllum rétti til íhlutunar í þessum efnum, þó að þeir gangi þar lengra en gert er í frv. sjálfu. Ég fæ ekki betur séð en að það hafi verið mjög vel í hóf stillt með till. þeim, sem stj. hefir gert í frv., þar sem ákveðið er, að bændasamtökin í landinu skuli hafa 2 menn í kjötverðlagsnefndinni, og neytendasamtökin 2 menn, en að 5. maðurinn sé svo fulltrúi landbrh., og hann hafi úrskurðarvaldið. Með þessu á ríkið að hafa þá tryggingu, sem það annars getur haft, til þess að ekki sé gengið á rétt annars þess aðila, sem þarna á hlut að máli.

Mér skilst á hv. þm. V.-Húnv., að hann gangi út frá því, að hér sé um að ræða ráðstafanir, sem gerðar séu á frjálsum grundvelli, og þá væri hans till. sanngjörn, því að ef svo væri, að bændur sjálfir, án aðstoðar þingsins eða annara aðila, ætluðu sér að ráða einir yfir kjötmarkaði landsins, þá ættu þeir að skipa n. sem þessa einir. En það er ekki eins og svo sé, því að fyrst og fremst hefir ríkissjóður sérstök útgjöld vegna þessara ráðstafana, þar sem upp í fjárl. er tekin ákveðin upphæð til þess að standa straum af kostnaði við framkvæmd kjöt- og mjólkursölulaganna, en af því leiðir, að ríkið sem heild á að hafa íhlutun um þetta mál.

Hv. þm. sagði, að með þessu frv. ætti að hábinda bændur. Ég get ekki séð, að bændum sé gert neitt rangt til með skipun þessarar n., því að við skipun hennar er aðeins reynt að hafa svo mikinn jöfnuð sem hægt er, og það er réttlátt. Hvern væri verið að hábinda, ef neytendur, sem í raun og veru borga brúsann, eiga engan tillögurétt að hafa í málinu? Hv. þm. sagði líka, að verið væri að setja snarvöl á bændur með þessu frv., en ég vil aðeins vænta þess, að hv. d. setji þá þann snarvöl á þessa brtt., sem við á, vegna þess að hún er í alla staði ósanngjörn.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég býst við því, að brtt., sem tveir hv. þm. bera fram á þskj. 335, ætti ekki að vera eins þægileg fyrir neinn þm. og mig. Þar er gert ráð fyrir, að fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands og annar frá Kaupfélagi Borgfirðinga fái sæti í kjötverðlagsnefnd. En svo stendur á, að ég er í stj. Búnaðarfélagsins og Kaupfélag Borgfirðinga er verzlunarfyrirtæki í mínu kjördæmi. En í l. eins og þau eru nú á Kaupfélag Borgfirðinga að fá fulltrúa í n. ásamt Sláturfélagi Suðurlands, og geri ég engar frekari kröfur til íhlutunar fyrir það félag en þar er ákveðið. Og sem stjórnarmeðlimur í Búnaðarfél. Íslands segi ég það, að ég óska engra afskipta þess af þessu máli. Ég vil, að Búnaðarfélagið fái að vera í friði með þau mál, sem undir það heyra, en mun ekki nota aðstöðu mína til þess að hrifsa undir það vald, sem það fengi í óþökk helmings þingsins. Það væri enginn velgerningur, hvorki við Búnaðarfélag Íslands eða þetta mál. Velgengni þessa máls hvílir á tveim stoðum. Önnur er sú, að bændum sé gefin aðstaða til þess að hafa meirihlutavald í verðlagsn., og það má telja, að þeir hafi nú. Hin er velvilji neytendanna, sem ráðstafanir l. bitna á, að þeir eyðileggi ekki þessar framkvæmdir með kjötstræku, eða öðru slíku. Ef kippt er burt úr l. því ákvæði, sem gefur neytendum kost á því að stjórna þessum málum ásamt framleiðendum, er blátt áfram verið að egna þá til andstöðu gegn þessum ráðstöfunum. Ég mun því greiða atkv. á móti þessari brtt. Ég veit ekki betur en almenn ánægja ríki með þá verðlagsn., sem nú situr, og sæti því ekki á Alþ. að vera að samþ. vantraust á hana.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Ég þakka hv. 6. landsk. fyrir þá yfirlýsingu, að ef um frjáls samtök bænda hefði verið að ræða, ætti stjórn þessara mála að vera í þeirra höndum. En hvað er löggjöfin annað en trygging gegn því, að einstakir framleiðendur innan bændastéttarinnar geti rofið samtök bænda og þar með unnið þeim tjón? En þessum mönnum vill hv. þm. hjálpa. Það yrði eitthvað annað uppi á teningnum, ef hv. þm. væri að tala um strækubrjóta í sínum eigin félagsskap. Og hann er undrandi yfir því, að ég skuli vilja tryggja samtök bænda sem bezt. En við stefnum báðir að sama marki, hvor á sínu sviði. Hann meðal verkalýðsstéttarinnar, en ég meðal bænda. Fyrir okkur báðum vakir að

mynda svo sterk samtök utan um hagsmuni þessara stétta, að órjúfandi séu. Og það er svo fjarri því, að með þessu sé verið að spilla góðri samvinnu. Vill hv. þm. halda því fram í alvöru, að verklýðsfélag ætti að bjóða vinnuveitanda inn á fund, þar sem það væri að bollaleggja, hvaða taxta það ætti að setja, og ráðgast um taxtann við þá á því stigi málsins? Nei, fyrst mundu verkamenn ræða taxtann innan síns félags, og þá fyrst ráðgast um við atvinnurekendur, ef árekstur yrði. Eins yrði það með núv. skipun kjötverðlagsn. ósanngjarnt, að fulltrúar neytenda fái að vera með í ráðum um það verð, sem bændur setja á kjöt sitt. Komi í ljós, að verðið hafi verið ákveðið of hátt, fæst vafalaust leiðrétting þess, því að sæmilegt verð er engu síður hagur framleiðenda en neytenda.

Mér skildist, að hv. þm. Mýr. væri að reyna að þvo sál sína hreina af öllum þeim óhreinindum, sem á hana kynnu að falla vegna sambandsins við sósialistana. En hann getur tæpast fengið svo sterkan lút, að þau óhreinindi muni af honum ganga, — hann má vera viss um það, að sá kisuþvottur, sem hann reyndi hér í d. áðan, þvær hann ekki hreinan fyrir bændum.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði um dúfu úr hrafnseggi, og skildist mér hann vera skotinn í henni. En þetta kemur af því, að fuglinn hefir útlit dúfunnar, en innræti hrafnsins. Það er búið að sýna fram á það með óyggjandi rökum, að þessi till. stefnir til eyðileggingar á málinu, og meira að segja hv. flm. hefir viðurkennt þessi rök. Hv. 6. þm. Reykv. talaði eitthvað um fóstureyðingar í þessu sambandi. Ég veit nú ekki eiginlega, hvar það á heima í þessu máli, nema ef vera skyldi, að þungi hv. 9. landsk. hafi verið runninn frá rótum hv. 6. þm. Reykv., og verður þá skiljanlegri áhugi þess síðarnefnda fyrir þessum vanskapnaði. Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma, en mér þykir vænt um, að hv. 9. landsk. hefir fallið frá till. sinni, og væri mér einkar kært að styðja hann á þessari braut réttlætis, sem hann þar með, ef til vill óafvitandi, er kominn inn á. Hinsvegar mun ég gera það, sem ég get, til að vinna á móti þeirri skaðræðisstefnu, sem hv. 6. þm. Reykv. hefir nú tekið að sér. Auðséð er, af hvaða toga slíkt er spunnið. Það er af engu öðru en fjandskap við samtök bænda. — Sú till., sem ég flyt um stjórn þessara mála, er í samræmi við svipuð mál hjá nágrannaþjóðum okkar, og ætti okkur ekki að vera vansi að því að ganga í sömu slóð og þeir. Það hefir verið bent á, að samtök framleiðenda væru þar betri og víðtækari en hjá okkur. En engin ástæða er til þess að snúa baki við samtökum framleiðenda, þótt þau séu ekki orðin það þroskuð, að þau geti stjórnað sínum málum án íhlutunar ríkisvaldsins. Og á slíkum tímum og þeim, sem nú standa yfir, er það skylda þjóðfélagsins að rétta þegnum sínum hjálp til sjálfshjálpar, þar sem því verður við komið. Og búskapur bændanna verður að bera sig. Nú hefir mikill þorri bænda tekið á sig skuldbindingar vegna lántaka úr Kreppulánasjóði. Og eðli bænda er þannig, að þeir geta ekki hugsað til þess að geta ekki staðið í skilum við þessa stofnun. Og hvar lendir þetta, ef búskapurinn er rekinn með halla frá ári til árs? Þá kemur að því, að bændur geta ekki með nokkru móti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Kreppulánasjóði, og ríkissjóður verður að borga brúsann. Þetta ættu hv. þm. að athuga áður en þeir fara að skera við neglur sér þann ágóða, sem bændur gætu haft af þessum ráðstöfunum. Og bændurnir vita sjálfir best, hvar skórinn kreppir, og því ættu þeir að fá að stjórna þessum málum sem allra mest.

**Sigurður Kristjánsson:** Það er ekki að undra, þó að hv. þm. V.-Húnv. sé talsvert upp með sér í kvöld, því þetta er víst í fyrsta sinn á þinginu, sem Bændafl. hér í d. kemur óklofinn fram. Það er því ekki undarlegt, þótt hv. þm. hyrji hveitibrauðsdagana með talsverðu yfirlæti. Það fer löngum svo, að munaðurinn gerir menn ofsafengna, og hefir það nú sannast á hv. þm. Hann hefir nú gleymt því, að framleiðendurnir þurfa á neytendum að halda fyrir kjöt sitt, alveg eins og hv. þm. V.-Húnv. þurfti að fá neytanda til þess að geta komið bliðu sinni á framfæri. (**MT:** Húmm!) Hann varð að fá samflokksmann sinn til sameiningar, áður en þetta virðulega afkvæmi, brtt., gæti skapazt. Hv. 6. landsk. tók það réttilega fram, hver fásinna það væri að ætla að útiloka fulltrúa neytendanna úr kjötverðlagsn., og er það hreinasti ofstopi, að framleiðendur skuli þar einir öllu ráða. — Að því marki verður að stefna, að verðlagið hefti ekki sölu kjötsins, en gefi bændum þó sæmilegan arð. Þetta næst bezt með samvinnu neytenda og framleiðenda. Af því að ég er á því, að hv. þm. V.-Húnv. sé svo viti borinn, að þetta nýja tilhugalíf hans megni ekki að ræna hann hverri glóru, þá vona ég, að hann sjái sannleikann í þessu máli. En það eimir enn eftir af erfðasyndum Framsóknar hjá þessum hv. þm.; hann er ennþá of bundinn tilhneigingunni að leika fyrir kjósendum sínum tilvonandi, og belgir sig þá út um ímyndaðar bændakröfur, sem í raun réttri eru bændum langt frá til farsældar. Það er víst, að þessi till. yrði málinu bara til bölvunar, eins og það var því til óheilla, að blöð stj. létu fylgja bráðabirgðal. kaldyrði til neytendanna.

En hvað snertir dúfuna, sem minnzt hefir verið á, þá verð ég að játa, að ekki er foreldri hennar fallegt svo sem æskilegt væri, en hún á ekki að gjalda þess, sé eitthvað nýtilegt í henni sjálfri. En það var mesti misskilningur hjá hv. þm. V.-Húnv., að ég hefði verið að tala um fóstureyðingar; ég nefndi þær ekki á nafn. Þetta er alveg öfugt. Það er hann, sem er að hugsa um fóstureyðingar, og hefir ástæðu til þess, — vegna tilhugalífs þess, sem hann nú lifir í.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Herra forseti! Það er vissulega merkilegt mál, sem hér er á ferðinni. Og skoðun mín er sú, að eftir eðli sínu sé það hættulegt mál. Aðaltilgangur þess mun vera sá, að tryggja bændum hærra verð fyrir kjöt sitt á innanlandsmarkaði en þeir hefðu fengið, hefðu engar ráðstafanir verið gerðar. En alvarlegasta spurningin, sem vaknar hjá mönnum við athugun þessa máls, er þessi: Er

hægt að ráða verði á þessari vöru, er hægt að ákveða það með löggjöf eða samtökum seljenda? Frv. gerir ráð fyrir því, að þetta sé hægt, og mér virðist sem allir hv. dm. séu á einu máli um það, að svara spurningum þessum játandi, og um það er aðeins rætt, hvert verð skuli sett á kjötið. Og allir eru sammála um það, að eigi l. að gera sitt gagn, þurfi verðákvörðunin að vera sem réttust. Og þetta er vafalaust aðalatriðið, en ekki hitt, hverjar tilfinningar neytendur bera í brjósti til framleiðenda og því um líkt. — Það á að vera hægt að reikna það nákvæmlega út, hvert verð þarf að vera á kjöti í landinu, þegar gefin eru upp viss undirstöðuatriði. — Mér skilst það á hv. frsm. meiri hl. n., að nú væru framleidd hér á landi um 5000 tonn af kjöti, og þar af sé hægt að selja rúm 2000 tonn til útlanda. Þá eru eftir 3000 tonn, sem verða að seljast á innanlandsmarkaðinum. Nú er það gefið mál, að þessi 3000 tonn verður að vera búið að selja áður en framleiðsla næsta árs kemur á markaðinn. Ef því er ekki svo fyrir komið, segjum sem svo, að af þessum 3000 tonnum væru 1000 eftir óseld, þá væri verr farið en heima setið. Þetta er í fyrsta sinni, sem svona l. eru sett hérna, en það er ekki í fyrsta sinni að svona l. eru sett í veröldinni. Og alstaðar hefir kreppan verið ástæðan til þeirra. Þegar ameríska bændur fór að vanta markað fyrir hveitið, báðu þeir stj. að vernda verðið. Þannig fór með kaffið í Brasilíu, en þar fóru ráðstafanir stj. í þá átt að takmarka framleiðsluna. Sömu söguna er að segja um ullina í Ástralíu, og svona mætti lengi upp telja. — Allar hafa þessar ráðstafanir mistekizt, svo að nú er vandinn mestur að sjá einhverja færa leið út úr ógöngunum. — Hingað til höfum við ekki tekið þessa aðferð upp hér á landi. Það var okkur þó í lófa lagið, þegar fiskverðið lækkaði niður úr framleiðslukostnaði. Þá var annaðhvort að reyna að selja framleiðsluna á því verði, sem hægt var að fá fyrir hana, og halda því áfram þar til allar birgðirnar voru uppseldar, með það fyrir augum, að pláss væri fyrir nýja framleiðslu, — eða þá að bíða þess að verðið hækkaði og láta birgðirnar safnast fyrir. Við tókum þann kostinn, að selja fiskinn á því verði, sem fyrir hann fékkst, án þess að spyrja um, hvort það borgaði sig í augnablikinu, í von um það, að ef framleiðsla hvers árs fyrir sig selst, fáist verðið hækkað. Ef tvöföld ársframleiðsla af fiski hefði verið boðin fram í einu, varð framboðið sennilega allt of mikið, og verðið gat farið niður úr öllu valdi. Nú gæti einhver sagt, að þetta hefði verið rétt af því að um erlenda markaðinn væri að ræða. En ef framleitt er svo mikið af kjöti, að stór hluti þess hafi engan annan markað en innanlandsmarkaðinn, er þar um nákvæmlega það sama að ræða og um fiskinn. Því segi ég það, að það eru sameiginlegir hagsmunir framleiðenda og neytenda, að kjötið seljist. Verðið má ekki vera svo hátt, að það á nokkurn hátt hefti söluna; það gæti orðið þess valdandi, að ein 1000 tonn yrðu óseld af gamalli framleiðslu, þegar sú nýja kæmi á markaðinn, og þá gæti verðið hrapað langt niður úr því, sem þurft hefði að vera. Verzlunin verður því aðeins eðlileg og greið, að framleiðsla ársins sé uppseld áður en næsta árs framleiðsla kemur á markaðinn. Það getur borgað sig fyrir framleiðendurna að setja verðið lítið eitt lægra, til þess að óseldar leifar spilli ekki fyrir sölu nýju framleiðslunnar, þegar hún kemur á markaðinn. Setjum nú svo, að salan á framleiðslu þessa árs mistakist, svo að eftir væru t. d. óseld 1000 tonn þegar framleiðsla næsta árs kæmi á markaðinn. Hverjar yrðu afleiðingarnar af því? Ég er hræddur um, að í reyndinni yrði það svo, að ríkisvaldið hefði tekið á sig meiri ábyrgð en það væri fært um að standa við. Það er ekki ólíklegt, að fram kæmu kröfur svipaðar þeim, sem ég gat um að komið hefðu í Ameríku, að ríkissjóður hjálpaði til að hindra, að eftirstöðvar fyrra árs framleiðslu yrðu til þess að fella verðið á nýju framleiðslunni niður úr öllu valdi. Mér liggur við að halda því fram, að afleiðingin af þessu fyrirkomulagi gæti orðið sú, að Alþingi yrði talið skylt að kaupa fyrra árs leifarnar eða eyðileggja þær, til þess að þær spilltu ekki verðlagi nýju framleiðslunnar. Er stj. við því búin að taka þeim afleiðingum þessara laga?

Það er vitanlega alveg rangt, sem sagt hefir verið, að það væri aðallega undir góðvild neytendanna komið, hvort varan seldist. Viðskipti á slíkum grundvelli eru gersamlega vonlaus til frambúðar. Neytendur endast ekki lengi til að kaupa vörurnar af góðvild einni, ef þeir geta fengið aðrar vörur ódýrari í staðinn. Löggjöfin ræður ekki við svona viðskiptamál til lengdar. Það má nú að vísu segja, að neytendur hafi ekki úr háum söðli að detta í þessu efni, því að undanfarið hafa það verið umboðsmenn framleiðendanna, sem hafa ákveðið kjötverðið með hag framleiðendanna fyrir augum. Ég álít heppilegast, að framleiðendur ráði því sjálfir, hvaða verð þeir setja á kjötið, og að áhrif neytendanna komi aðeins fram í kaupvilja þeirra. Þeir verða að skera úr því sjálfir, hvað þeim þykir hentugast að kaupa. Neytendur hafa þar svo mikið vald, að þeir þurfa ekki meira. Ég er alveg sammála hv. þm. V.-Húnv., að framleiðendur eigi að bera alla ábyrgð á þessu. Úrlausn málsins kemur niður á framleiðendunum fyrst og fremst, og því eiga þeir að bera ábyrgðina. Ég lít svo á, að hér sé allmikil hætta á ferðum fyrir bændurna í landinu, því að það er orðið svo nú á dögum bæði í innlendum og erlendum viðskiptum, að það er kaupandinn, sem valdið hefir á markaðinum, vegna þess að framboðið er orðið of mikið, en eftirspurnin of lítil. Svo er annað, sem líta verður á. Þó að viðurkennt væri, að þessar ráðstafanir væru góðar og réttlátar, ef rétt væri farið með þær, er þó eitt mikilsvert atriði, sem gæti valdið vandræðum, en það er skipting verðsins milli framleiðenda eða úthlutun verðjöfnunargjaldsins. Þetta gæti valdið deilum, og ég tel hæpið, að ríkisvaldið taki slíkt að sér. En til þess er ætlazt samkv. frv. Hitt held ég og vona, að ekki geti orðið til tjóns fyrir þjóðarheildina, þó að það hafi sumstaðar valdið illdeilum, þegar selt er háu verði á innlenda markaðinum til þess að geta selt útlendingum með lægra verði, en ríkið tekur síðan að sér að greiða mismuninn. Það er þetta, sem á ensku er kallað „dumping“ og hefir valdið alvarlegum

deilum milli þjóða. Þetta veldur kannske ekki vandræðum á þeim mörkuðum, sem við höfum. En hitt þykir mér ekki ólíklegt, að það reynist eins örðugt að framkvæma réttláta skiptingu á verðjöfnunargjaldinu eins og nú er að koma í ljós, hve örðugt er að komast hjá ranglæti í framkvæmd mjólkurlaganna. En þar horfir nú svo við, að allstór hópur manna, sem ætti að eiga forréttindi á mjólkurmarkaðinum hér í bænum, hlýtur að verða gjaldþrota vegna mjólkurlaganna. Ég vil leyfa mér að spyrja, hvort ríkið hafi í raun og veru rétt til að kippa þannig grundvellinum undan atvinnurekstri þessara manna, sem eiga sér einskis ills von. Ég held nú að vísu, að málið sé að ýmsu leyti gott, en það er eftir að gera ráðstafanir til að gera þá ánægða, sem verða fyrir alvarlegum skakkaföllum af völdum þessara laga, og ég tel það siðferðislega skyldu ríkisins að bæta þessum mönnum á einhvern hátt tjón það, sem þeir verða fyrir við það, að geta ekki stundað atvinnurekstur sinn. Ég mun fylgjast með í því, hvernig framkvæmd þessara laga verður háttað, því að það skiptir miklu máli.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það hafa nokkur atriði komið fram í þessum umr., sem ég get ekki látið ómótmælt. Skal ég þá fyrst snúa mér að því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði í sambandi við þá skrifl. brtt., sem hann hefir borið fram. Hann sagði, að tilætlunin væri sú, að tryggja bændunum meiri yfirráð yfir verðlagningu afurðanna. Það hefir nú verið bent á, að þessu er nú þegar þannig fyrir komið, að bændur hafa meiri hl. í þeirri nefnd, sem ræður verðlaginu, en hinsvegar er neytendum sýnd sú sanngirni, að þeir fá að leggja til tvo menn í nefndina til þess að fylgjast með, þegar verðlagið er ákveðið, og til þess að gefa meiri hl. leiðbeiningar um það, hvernig verðlaginu verði svo í hóf stillt, að báðir aðilar megi við una. Það hefir verið minnzt á, að erlendis væru það framleiðendur einir, sem réðu verðlaginu. Það er rétt, að í Noregi ráða þeir því að mestu leyti. En það er einmitt í Noregi, sem mest er um þessi mál deilt, og þar rak það svo langt, að gerð var mjólkur„stræka" og varð að hella mjólkinni niður um tíma áður en framleiðendur sigruðu. Ég veit ekki, hvort framleiðendur hér eru svo sterkir eða hvort þeir sjá sér hag í að leggja út í slíka baráttu. Í Svíþjóð og Englandi er þessu öðruvísi skipað, því að þar ræður stj. mestu, og má því eins telja Noreg undantekningu frá reglunni, enda var þar bændaflokksstjórn, sem setti reglurnar án samkomulags við neytendur. Í Svíþjóð og Englandi hefir þetta gengið öllu betur. Ég álít, að svona málum verði að skipa með fullkominni sanngirni í garð neytenda, án þess þó að gengið sé á rétt framleiðenda. Hér virðist rétt að hafa sömu aðferð og nú tíðkast þegar samið er um kaupgjald, þegar nefnd vinnuveitenda og vinnuþiggjenda reynir að ná samkomulagi um kaup, sem líklegt þykir, að báðir aðilar sætti sig við, og þannig reynt að komast hjá verkfalli og vandræðum. Aðalatriðið er að fá það verðlag, sem líkur eru til, að friður verði um frá beggja hálfu, og þá virðist liggja beint við að leita einnig álits neytenda. Og hvað er þá á móti því, að þeir eigi fulltrúa í nefndinni? Ég er viss um, að þetta fyrirkomulag hv. þm. V.-Húnv. yrði framleiðendum til hins mesta ógagns, þó að látið sé í veðri vaka, að það sé borið fram með hag þeirra fyrir brjósti. Það yrði aðeins til þess að skapa ófrið um málið, því að neytendum væri sýnd með því ósanngirni alveg að ástæðulausu. Það er algerlega kostnaðarlaust fyrir framleiðendur að hafa neytendur með í ráðum. Ég vil eindregið mæla með því, að þessi brtt. verði felld, því að hún yrði eingöngu til þess að spilla málinu og gera framkvæmd þess örðugri.

Þá vil ég ekki láta ómótmælt ræðu hv. 5. þm. Reykv., þó að ég sjái ekki ástæðu til að svara honum nema að litlu leyti. Það var algerlega misskilningur hjá honum, þegar hann var að tala um, að íslenzkt kjöt væri selt með „dumping" verði. Það er selt á frjálsum markaði, en ekki eins og þetta orð er skilið, þ. e. með undirboði, miðað við svipaða vöru á markaðinum. Íslenzkt kjöt er aldrei selt með „dumping"-verði, heldur því verði, sem erlendi markaðurinn skapar.

Þá vil ég mótmæla því, sem hv. þm. sagði, að þeir mjólkurframleiðendur, sem byggju í nágrenni Rvíkur, hlytu að verða gjaldþrota vegna mjólkurlaganna. Það er vitanlegt, að framleiðslukostnaður mjólkur við Rvík er meiri heldur en hjá þeim, sem búa fjær, t. d. uppi í Mosfellssveit eða fyrir austan fjall. En það er líka víst, að ef flutt hefði verið hingað mjólk að austan undanfarin ár, sem bændur telja sig ekki þurfa að fá nema 20 aura fyrir lítrann, og hún sett hér á markaðinn, þá hefðu framleiðendur hér, sem telja sig þurfa 30 aura fyrir lítrann, orðið undir í þeirri samkeppni. Það er rétt, að bændur hér í nágrenninu hafa að ýmsu leyti slæma aðstöðu og framleiðslan verður þeim dýr. Þeir þurfa að hafa ræktað land til beitar og þeir verða að greiða ýms gjöld, sem þeir, er fjær búa, eru lausir við. En þó að tekizt hafi að halda framleiðendum austan fjalls frá markaðinum hér, mundi það ekki hafa gengið til lengdar, og ef slíkt mjólkurstríð skylli á, yrði sá vitanlega undir, sem meiru verður að kosta til framleiðslunnar. Því fer fjarri, að mjólkurlögin séu frekar gerð fyrir þá, sem búa austan fjalls, heldur en vegna þeirra, sem búa í nágrenninu. En allt veltur á því, að framleiðendur geti komið sér saman um markaðinn. Eyða í hdr.]. .... og það ýmsir af stærstu framleiðendunum, og mér er óhætt að segja a. m. k. ekki óhyggnustu framleiðendurnir hér í nágrenninu. **(PHalld:** Hvers vegna gengu þeir ekki í Mjólkurfélag Reykjavíkur?). Þó þessi spurning hv. þm. sé óviðkunnanleg og mér sé það vitanlega ekki fullkunnugt, skal ég samt svara hv. þm. því, að ég býst við, að mörgum þeirra hafi ekki líkað starfsemi félagsins, en verið fúsir að ganga í félagsskap og bindast samtökum, sem hefðu vald á mjólkursölunni og hefðu því verulega þýðingu. En Mjólkurfélag Reykjavíkur ræður alls ekki yfir mjólkurmarkaðnum, ef um óhindraða samkeppni væri að ræða. Ég verð að segja, að mér finnst hreint og beint ósæmilegt að

vera að slá fram annari eins fjarstæðu og þeirri, að mjólkurframleiðendur í Reykjavík muni allir verða *gjaldþrota*, ef *mjólkurl.* verði samþykkt. Hitt mun sanni nær, að yfir þeim vofi gjaldþrot, ef l. verða ekki samþ.

**Jón Pálmason:** Það hefir að vísu verið vægilega mælt gegn brtt. mínum og hv. þm. Ak. á á þskj. 288, enda eru þær svo *sanngjarnar*, að erfitt er að mæla á móti þeim með rökum. Þó hefir hv. form. landbn. lagt gegn því að þær yrðu samþ., en eftir því, sem mér skildist, meir vegna þess, að hann taldi þær óþarfar, en hins, að þær væru ósanngjarnar. Um það atriði, að skylt sé að veita þeim verzlunum söluleyfi, sem höfðu starfandi sláturhús árið 1933, og einnig þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða, fór hv. 8. landsk. þeim orðum, og færði svo góð rök fyrir, hve sjálfsagt það er, að ég sé ekki ástæðu til að ganga lengra á það. En frekar er ástæða að ræða nokkru nánar um þá brtt., sem gerir ráð fyrir að fjölga í verðlagsnefnd um 2. Ég skal taka undir það, að ekki muni heppilegt að skipta um menn í n. Hætt við, að slíkt valdi ágreiningi. Hitt horfir öðruvísi við, að bæta við í n., og gengur till. okkar hv. þm. Ak. í þá átt, og að nokkru á móti till. hv. þm. V.-Húnv. Við hina, er hv. form. landbn. lagðist á móti, að Verzlunarráðið fengi fulltrúa í n., má fyrst og fremst svara því, að undirstaða þess, að lögin komi að gagni, er sú, að allir, sem við þau eiga að búa, séu ánægðir með þau. Margar verzlanir hafa haft kjöt og aðrar landbúnaðarvörur til sölumeðferðar á undanförnum árum, og því rétt, að þær eigi hlutdeild í málinu.

Skal ég þá víkja að öðrum brtt. og ganga nokkru nánar inn á málið. Hv. þm. V.-Húnv. virtist vera til með, að bændur gengju inn á þá braut verklýðsfélaganna, að knýja mál sín fram með valdi samtakanna. Það er vitanlegt mál, að á síðustu árum höfum við bændur selt kjöt undir framleiðsluverði, og stafa hin miklu fjárhagsvandræði af því, að ekki hefir fengizt það verð fyrir afurðirnar, sem endurgreiddi meðalframleiðslukostnað. Hann er að vísu talsvert misjafn frá ári til árs, eftir árferði og dýrtíð. Svo ég víki aftur að fyrirmynd verklýðsfélaganna og þeirra kaupstreitustarfi, þá er það frá minu sjónarmiði til varnaðar, en ekki að það sé eftirsóknarvert að ganga þá götu, og býst ég við, að svo sé frá sjónarmiði allra, sem á það líta frá alþjóðafjárhagslegu sjónarmiði. Það er nauðsynlegt að hafa þá með í ráðum um þessi mál, sem mesta hafa verzlunarþekkingu og reynslu á því sviði. Það þarf að reikna nákvæmlega út, með hvaða verði er sanngjarnt og hæfilegt að selja á hverjum tíma, til þess að sem mest seljist, hve mikið markaðurinn þolir o. s. frv. Vitanlega eru takmörk fyrir því, hve mikið og lengi er hægt að selja undir framleiðsluverði. Og sé ekki hægt að ná því, verður að breyta til og framleiða annað, en því verður ekki breytt í einum svip. Það er athugavert í þessu sambandi, að því hærra, sem kaupið er spennt, svo atvinnuvegirnir bera sig ekki, því meira verður atvinnuleysið. Sama má segja um markaðinn: því hærra verð, því minni sala. Það er því mikið undir komið að rata hér rétta leið, svo hagur framleiðenda sé sem bezt tryggður. Ég fullyrði því, að hyggilegast sé að hafa í n. fulltrúa frá sem flestum stéttum og reyna að ná samhug allra til þess að fá frið um lögin. Er því sjálfsagt að nota alla þekkingu í þessu efni, hvaðan sem hana er að fá. — Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þessar till. okkar hv. þm. Ak., en vona, að hv. þdm. sjái, hvað fyrir okkur vakir.

Að endingu vil ég taka það fram, að frá minu sjónarmiði eru frjáls samtök bænda sú eina rétta leið í þessu máli, og því sú langæskilegasta. Enda hefðu þeir átt að geta haft vald á markaðinum. En úr því að þetta hefir ekki tekizt, en gengið hefir verið inn á að skipa þessa n. með þeim hætti, sem gert hefir verið og ég tel ekki allskostar réttan, *er sjálfsagt að reyna að bæta úr misfellunum*, eftir því sem bezt má verða. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að sinni.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Hv. 5. þm. Reykv. er eiginlega sá eini, sem mér virtist vera á móti þessum l., og þó er ég ekki viss um það. Það, sem hann virtist sérstaklega hræddur við, var, að verðlagið væri spennt svo hátt, að ársframleiðslan muni ekki seljast, en meira eða minna af henni safnast fyrir, og horfa því til vandræða fyrir framleiðendur. Því er ekki að neita, að slíkt getur komið fyrir, og það engu síður, þó lögin væru ekki til. Þegar sláturtíð byrjaði í haust, var óselt bæði freðkjöt, spaðkjöt og stórhöggið kjöt.

Hvernig var ekki með fiskinn í haust? Í fyrra voru birgðir 11000 smálestir, en í haust 19000, eða 8 þús. smálestum meira. Þó er aflinn í landinu minni nú. Það er nú svo, að við erum í vandræðum með að selja okkar vörur, og ekki líklegt, að úr erlenda markaðinum rætist, meðan við erum þar háðir innflutningstakmörkunum og öðrum hindrunum. Við verðum því að taka höndum saman um að auka sem allra mest markaðinn innanlands og nota, að svo miklu leyti sem mögulegt er, okkar eigin vörur. Það er vitanlega rétt, að það er hægt að spenna bogann svo hátt með verðlaginu, að salan minnki. En það virðist ekki hafa verið gert á kjötinu í haust. Skýrslur hér úr Rvík sýna, að salan hefir ekki minnkað. Aftur á móti eru líkur til, að salan á Akureyri hafi orðið minni en venjulega. En þar eru fleiri ástæður að verki en hækkandi verð á kjötinu. Þar hefir atvinna í sumar verið miklu minni en undanfarin ár, og kaupgeta manna því minni.

Hv. 5. þm. Reykv. var mikið að tala um, hvað kjötið austan fjalls væri rýrt. Það er nú svona og svona. Það er rétt, að það eru mikil áraskipti að því, hve vænt fé er. T. d. var slátrað í fyrra hjá Sláturfélagi Suðurlands 52 þús. fjár, en í haust 46 þús. En kg.tala var meiri í haust en í fyrra. Og af þessum 46 þús. fjár fór ekkert í III. fl. (**PO:** Fór ekkert í III. fl.?). Nálega ekkert. Eg tek þetta fram vegna þess, að því var haldið fram í Ed., að mestur hluti af kjötinu austan yfir fjall færi í III. fl. og því í miklu lægra verð en kjöt í öðrum landshlutum, sem

færi aðallega í I. fl. Þetta tvennt var borið saman, en vitanlega er III. og I. fl. kjöt ekki sambærilegt. Eg hefi það eftir Helga Bergs forstjóra, að mjög lítill hluti færi í III. flokk nú í haust.

Mörgum finnst óeðlilegt að selja kjötið hærra í landinu en það selst út úr því. En þetta er ekkert sérstakt hér. Það er algengt, að vörur eru seldar hærra verði í landinu sjálfu, þar sem þær eru framleiddar, en hægt er að halda þeim í frjálsri sölu á erlendum markaði. Hvað er t. d. að segja um fiskinn? Er hann ekki seldur hærra verði hér innanlands en fæst fyrir hann með því að flytja hann út? Ég held það muni miklu. Og frá mínu sjónarmiði er ekkert við þetta að athuga. Þannig er það með flestar eða allar framleiðsluvörur í Noregi. Ef t. d. smjör safnast fyrir, eru birgðirnar heldur seldar fyrir hálfvirði út úr landinu en að lækka verðið innanlands.

Hv. þm. V.-Húnv. var að tala um að fjölga um 2 menn í kjötsölun., svo þeir yrðu 7. Átti annar að vera frá Búnaðarfélagi Íslands en hinn frá Verzlunarráði Ísl. Ég vil í þessu sambandi benda á, að um 90% af þeim mönnum, sem eru í Búnaðarfélaginu, eru einnig í öðrum þeim félögum, sem nefna menn í nefndina, og eiga þar því fulltrúa. Þessi félög eru Sláturfélag Suðurlands, Kaupfélag Borgfirðinga og S. Í. S. Það virðist því ekki réttmætt að láta þá menn fá þannig tvöfalt atkv. gegnum annað félag. Ég sé heldur eigi ástæðu til að fara að taka mann frá Verzlunarráði Ísl. Þeirra verzlun með þessar vörur hefir verið svo hverfandi lítil. Það mundi bara leiða til þess, að raska því jafnvægi, sem nú er milli framleiðenda og neytenda, sem eiga sína 2 menn hvorir, með hlutlausan oddamann, eins og vera ber. Legg ég því eindregið til, að brtt. á þskj. 288 verði felld.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. sagði, að af því bændastj. hefði verið í Noregi þegar mjólkurlögin voru þar til meðferðar, hefði farið sem fór, að þau voru samþ. Þetta er einmitt alveg rétt. Af því þar var bændastj., unnu bændurnir í deilunni og fengu verðið hækkað. Það ætti þó að vera léttara fyrir okkur hér að halda uppi verði bæði á kjöti og mjólk. Því það sýnist engin ástæða til að rísa á móti því, þegar flestar aðrar vörur hækka, bæði fóðurvörur og annað. Ég er líka viss um, að ef hér hefði verið bændastj., sem skildi réttlátar kröfur bænda, hefði í mjólkurmálinu farið betur en fór. Og í kjötsölunni — svo ég tali um það málið, sem er á dagskrá — vil ég benda á, að samkv. skýrslum hagstofunnar hefir útsöluverð í sept. verið lægra en í fyrra. Þó fengu bændur, sem notuðu innanlandsmarkaðinn í fyrra, lægra verð en þeir, sem fluttu út. Það virðist því ástæðulaust að hafa verðið lægra nú. Ef eitthvað hefði sparazt við minni kostnað, átti það að renna til bændanna. Enda hefði það tekizt, ef við hefðum haft heilsteypta og velviljaða bændastjórn.

Hæstv. forsrh. tók fram, að verklýðsfélögin erlendu skipuðu n. áður en taxtar væru ráðnir. En það er eftirtektarvert að nota þá aðferð, sem hér hefir verið gert gagnvart bændum. Það er ekki verið að skipa n. bænda til að ákveða verðtaxtann, heldur þarf að fá sócialista til að segja bændunum, hvað þeir eiga eða megi fá. Hvers vegna þurfti að byrja á að draga af bændunum? En sócialistarnir fá allar sínar kröfur og ganga óbeizlaðir. Hvernig stendur á þessu? Jú, þetta er skiljanlegt, þar sem stj. styðst við sócialista og hefir sócialista í stj., enda ráða þeir öllu. En þeir hafa ekki á móti að níðast á bændum, sem engar kröfur hafa gert og engin samtök hafa til að halda uppi því verði, sem þeir þurfa.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að það þyrfti að afsetja hvers árs framleiðslu með því verði, sem trygging væri fyrir, að hægt væri að selja fyrir. Og skildist mér helzt, að það ætti að gera án nokkurs tillits til þess, hvort bændur fengu það verð, sem þeir þurfa eða ekki. (**PHalld**: Já, já). En hvaða þýðingu hefir að afsetja vöruna, ef framleiðslan ber sig ekki? Ekki getur það gengið til lengdar. — Þá minntist hv. þm. á mismuninn á skilyrðum til sauðfjárræktar og hélt því fram, að þeir ættu að fá hærra verð, sem dýrari hefðu framleiðslu. Er í samræmi við það, að þeir ættu að fá meira fyrir mjólkina, sem t. d. beita ræktað land eða gefa mikinn fóðurbæti og hafa því dýrari framleiðslu. Annars virðist allt benda til þess, að bændur verði að ganga inn á að skipuleggja framleiðsluna eftir skilyrðum og staðháttum og framleiða á hverjum stað það, sem bezt skilyrði eru fyrir. Einnig mundi þurfa að takmarka magn hverrar vöru eftir sölumöguleikum.

Að lokum vil ég taka fram, að ég skal gjarnan fallast á, og tel enda rétt og sjálfsagt, að bændur beri sjálfir ábyrgð á því, sem gert er í þessu máli. Þetta er gert með brtt. minni um skipun nefndarinnar og því sjálfsagt að samþ. hana. — Ég sé, að hæstv. forseti er orðinn órólegur, og skal ég því láta frekari umr. bíða til morguns.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. mótmælti því, sem ég hafði sagt, sem sé, að selt hefði verið með „dumping"-verði á enskum markaði. Ég benti á, að þessi hætta vofði yfir, á meðan svo væri ástatt, að verðið innanlands væri mjög hátt, til þess að geta selt með lægra verði á erlendum markaði. Ég veit ekki, hvort eins hefir verið ástatt í Noregi. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði og þess vert, að leidd sé athygli að því, einnig í sambandi við þessi lög.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til þess að tala mikið um mjólkurlögin í þessu sambandi. En mér þykir leiðinlegt að láta framhjá mér fara fullyrðingar hæstv. forsrh. um það, að það sé verið að verja bændur kringum Reykjavík með mjólkurlögunum. Þetta er að hafa endaskipti á sannleikanum. Það er ekki gott að segja, hvor aðilinn mundi lifa hinn, ef til mjólkurstríðs kæmi, eins og hæstv. forsrh. hafði í hótunum, að gæti komið til mála. Fyrst hæstv. forsrh. hefir ekki gefið þessi mjólkurlög nógu snemma, til þess að útiloka möguleikann fyrir mjólkurstríði, má hann ekki beita slíkri röksemdaleiðslu gegn mjólkurframleiðendum við Rvík. Það er öðruvísi hljóðið í hæstv. ráðh. núna heldur en þegar hann var bæjarfulltrúi í bæjarstj. Rvíkur. Þá rak hann á eftir bæjarstj. með

það, að hún gerði eins og unnt væri til þess að stuðla að aukinni ræktun kringum bæinn og hvetja menn yfirleitt til þess að rækta bæjarlandið. Þetta sama sögðu sósialistar einnig þá. (**Forsrh.**: Það er einmitt það, sem verið er að gera með mjólkurlögunum). Nú kemur annað hljóð í strokkinn. Nú er alveg snúið við blaðinu. Það er komið aftan að þessum mönnum, og grundvellinum kippt undan framleiðslu þeirra. Slíkar ráðstafanir hefir ríkið ekki leyfi til þess að framkvæma, án þess að láta einhverjar bætur koma í staðinn, t. d. með því móti, að þessum framleiðendum verði ákveðið hærra verð. Ég vil taka það fram í sambandi við mjólkurlögin, að það er mjög mikil hætta á því, að sett verði pólitískt verðlag á vöruna. En það er dauðadómur á þessar ráðstafanir. Þetta er búið að gera með mjólkurlögin. Ég vil ekki segja, að það sama hafi verið gert hvað kjötsölulögin snertir.

Mér finnst kynlegt að heyra hæstv. forsrh. bera það fyrir sig í þessu markaðsmáli, að stærri framleiðendur umhverfis Rvík æski þess, að þessi lög nái fram að ganga. Það er undarlegt, sökum þess, að ef þeirra hagsmunir krefjast samkomulags við stærri framleiðendur, sem búa lengra í burtu, þá er þeim áreiðanlega opin leið með afhendingu mjólkur til meðferðar í Mjólkurfélagi Reykjavíkur. Það er veigamikið atriði í þessu máli, að smærri framleiðendur í nánd við Rvík, sem hafa undanfarið notið mjólkurverðsins í Rvík, séu ekki sviptir þeim fríðindum. Það yrði rothögg á þá. Það má ríkisvaldið ekki gera án þess að hæfilegar bætur komi í staðinn.

Mig langar til þess að biðja hæstv. forsrh. að svara þeirri spurningu, hvort hæstv. búnaðarmálarh. hafi í hyggju að leggja það til við hv. Alþ. í haust, ef til þess er löglega ákveðin nauðsyn, að veitt verði fé til þess að kaupa eftirstöðvar af kjötbirgðum, í þeim tilgangi að taka þær út af markaðinum. Ætlar hæstv. búnaðarmálarh. að taka afleiðingunum af þessum ráðstöfunum? Ætlar hann að bera ábyrgð á því, að ríkisvaldið standi við skuldbindingar sínar og heit, sem það gefur með þessum lögum, með því að taka fjárhagslegum afleiðingum af þessum ráðstöfunum? Ég spyr að þessu vegna þess, að það hefir komið í ljós hjá hv. frsm. landbn., að hans skoðun á þessu atriði er sú, að það sé ekki tilgangur þessara ráðstafana að haga ákvörðunum svo, að allar kjötbirgðir seljist á framleiðslutímabilinu. Hann lét það í ljós, að nú væri svo komið, að nokkrar birgðir væru til í landinu, þegar ný framleiðsla kæmi á markaðinn. Hann sagði einnig, að líkindi væru til þess, að því héldi áfram og að birgðir myndu aukast. (**PZ**: Gæti komið fyrir, sagði ég). Nú er það nauðsynlegt, að n. komi í veg fyrir slíkt með starfsemi sinni. Það þarf enginn að halda því fram, að ekki sé unnt að selja allar birgðirnar. Það er aðeins verðið, sem verður spurningin. Það getur farið svo, að ef verðið er of hátt framan af sölutímabilinu, þá þurfi að lækka það svo mikið, að það komi seinni hluta sölutímabilsins að sök. Þannig getur því fengizt minna verð fyrir alla framleiðsluna heldur en ef verðinu hefði verið haldið hæfilegu allt tímabilið. Þetta hlýtur hv. form. kjötverðlagsn. að vera ljóst. Samt segir hann, að líklegt sé, að birgðirnar aukist í landinu. Þess vegna spyr ég, hvort hv. Alþ. ætli sér að sjá til þess, að ríkisvaldið komi í veg fyrir það, að þessar birgðir felli niður verðið á nýrri framleiðslu. — Þessu vildi ég fá svarað.

Ég vil ekki fara út í deilur um aukaatriði, en mig langar til þess að fara fáeinum orðum um þá fullyrðingu hv. frsm. landbn., að vörur seljist alltaf dýrara verði innan lands en utan. (**PZ**: Ég sagði algengt, en ekki alltaf). Hv. þm. kann þá ekki að lifa nema á krepputímum, því að það er augljóst mál, að þær krónur, sem fást fyrir sölu á vöru erlendis, hljóta að vera fyrst og fremst framleiðslukostnaður að viðbættum flutningskostnaði. Ef þetta kemur ekki hvorttveggja í því verði, sem fæst af erlenda markaðinum, þá er varan seld undir verði, sem er mjög óvenjulegt, og kemur aðeins fyrir á þeim tímum, þegar kaupendur hafa valdið, en ekki seljendur.

Hv. þm. V.-Húnv. spurði mig, hvort ég ætlaðist til, að allar birgðir seldust upp, þrátt fyrir það, þótt yrði að selja þær með verði, sem ekki samsvaraði framleiðslukostnaði. Ég svara þessu játandi, og það skilyrðislaust, af því að það er miklu betra fyrir framleiðendur að selja vöruna fyrir það verð, sem er hæst á markaðinum í það og það sinnið, heldur en að birgðirnar safnist fyrir og verðið hrapi svo á nýju framleiðslunni af þeim orsökum. Með því að beita fyrra ráðinu verða eldri birgðirnar horfnar, þegar nýja framleiðslan kemur á markaðinn, og þá er von um, að hæfilegt verð fáist. Skilyrðið fyrir því, að þessu verði komið í eðlilegt horf, er, að ekki safnist of mikið fyrir af gömlum birgðum. Þess vegna er það hagsmunamál fyrir þá framleiðendur, sem ekki fá kostnaðarverð. Annars má deila um kostnaðarverð. Hvert er kostnaðarverð manns, sem rær á 100 kr. báti? Hvert er framleiðsluverð þess manns? Það má deila óendanlega um það. Framleiðsluverð slíks manns er í sjálfu sér það, sem þarf til þess að halda saman líkama og sál og geta haldið áfram að fiska.

Hv. þm. V.-Húnv. misskildi mig, er hann talaði um, að ég hefði viljað láta borga þeim hærra verð, sem verri hafa aðstöðu. Þetta vil ég vitanlega ekki, þegar markaðurinn ræður verðinu og allt er frjálst, svo að hver og einn getur bjargað sér og boðið þau gæði fyrir það verð, sem kaupandi vill borga. En þegar þessi lögmál eru sett út úr „funktion“, og ríkisvaldið hefir tekið ábyrgðina í sínar hendur og ákveðið verðlagið á vörunni, þá horfir málið allt öðruvísi við. Þá er ríkisvaldið skyldugt til þess að líta á þetta líka, því að þá er ábyrgðin komin á ríkisvaldið frá framleiðendum, sem ábyrgðin hvíldi áður á. Þess vegna segi ég, að ríkisvaldið hafi tekið að sér að útdeila milli framleiðendanna því verði, sem fæst fyrir vöruna á þeim markaði, sem ríkið sjálft skipuleggur, svo að ég viðhafi þetta leiðinlega orð. Um leið og ríkið tekur þetta vald í sínar hendur, vaxa nýjar skyldur þess; það verður þá að sjá til þess, að ekki verði neinn beittur rangindum á hinum skipulagða markaði. Það er hættulegt fyrir ríkis-

valdið að taka slikt vald í sínar hendur, því að það má segja fyrirfram, að í kjölfar löggjafar þessarar hljóti óhjákvæmilega að sigla örðugleikar, sem geta orðið það vandamál, sem hvorki hv. þing né hv. stj. sér, hvernig leysa skuli.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég tek aðeins til máls til þess að svara fyrirspurn, sem hefir verið beint til mín. Ég vil í þessu sambandi benda á það, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði. Hann sagði, að ég hótaði mjólkurstríði, ef lögin yrðu ekki samþ. Þetta er eintómur misskilningur. Ég sagði ekkert í þá átt, heldur sagði ég, að ef til mjólkurstríðs kæmi, þá yrðu þeir undir, sem búa í nágrenni Rvíkur. Ég vil benda hv. þm. á það, að í þessu sambandi beitti hann þeim rökum, sem styðja mitt mál. Hann sagði, að það væri bein leið til gjaldþrots, ef þeir, sem búa í nágrenni Rvíkur, fengju ekki verðlag, sem hrykki fyrir framleiðslukostnaði. —— Það var sérstaklega hv. þm. V.-Húnv., sem gagnrýndi þetta —, þeir þyrftu að fá hærra verð úr mjólkursamlaginu en hinir. Hann sagði, að þeir viðurkenni, að þeir þurfi að fá hærra verð úr félagsbúinu heldur en hinir, eins og hv. þdm. heyrðu. **(PHalld:** Þetta er rangt). Þetta stafar af því, að framleiðslukostnaðurinn er meiri hér en annarsstaðar.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um, hvað ætti til bragðs að taka, ef eitthvað yrði eftir óselt af framleiðslunni. Um þetta er það að segja, að þegar svo stendur á, að framleiðslan selst ekki öll, þá er ýmsum aðferðum beitt, t. d. eins og í Danmörku og Írlandi, þar sem svipað ástand ríkti hvað þetta atriði snertir. Að svo stöddu get ég ekki sagt, hvaða aðferð verður sérstaklega beitt, ef til þess kæmi. Það má benda á ýmsar aðferðir.

Ég vil benda hv. þingi á það, að hv. 5. þm. Reykv. kom fram með þessar hugleiðingar vegna þess, að það upplýstist hjá frsm. meiri hl. í þessu máli, hv. 2. þm. N.-M., að eitthvað væri eftir af birgðum frá því í fyrra. Það þarf grófa meðferð á rökum til þess að staðhæfa, að ef allir markaðir væru frjálsir, þá væru engar leifar eftir á markaðinum; það seldist allt upp, því að verðlagið skapaði sig sjálft, þannig að allt seldist upp. Á markaðinum í fyrra voru nokkrar leifar — að vísu ekki miklar —, og sá markaður var einmitt alveg frjáls. Þeir, sem seldu kjöt á innlendum markaði, fengu sumstaðar lægra verð en þeir, sem seldu á erlendum markaði. Þessi staðhæfing hv. þm. er því alveg út í bláinn. **(PHalld:** Þetta er misskilningur). Þó svo færi, að eitthvað yrði eftir af birgðum á markaðinum núna, þá sannar það ekkert. Það hefði getað orðið þrátt fyrir það, þó markaðurinn hefði verið frjáls.

**Sigurður Einarsson:** Ég ætla einungis að gera stutta aths. Það var rétt skilið hjá hv. 6. þm. Reykv., að ég hefi í hyggju að taka till. mína aftur til 3. umr. Ég get ekki stillt mig um að láta í ljós ánægju mína yfir því, að skilningsljós hv. 6. þm. Reykv. skuli loga svo skært í dag. Það er meira en hægt var að segja um það stundum undanfarna daga. — Um þetta vil ég annars segja, að það, að hann hefir talið sig mundu taka upp mína till., læt ég mér í léttu rúmi liggja; við því er ekkert að segja. En ég vil benda hv. þm. á það, að þá tekur hann á sig ásakanir þær, sem fólust í orðum hv. 7. landsk., hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Borgf., að mín till. væri meinsemd í frv. Hv. þm. ræður vitanlega, hvort hann vill taka ummæli þessara hv. þm. til greina, en ég tel mér skylt að taka það til greina, sem hefir verið upplýst í málinu. Ég mun því bera fram till. við 3. umr. málsins. Hvað efni og orðalag þeirrar till. snertir, þá hefi ég borið mig saman við hv. 2. þm. N.-M., og hann hefir ekkert við þetta að athuga. Ég hefi þannig fundið leið í þessu máli, sem fullnægir mínum tilgangi án þess að vera þyrnir í augum þeirra bænda, sem sæti eiga á þingi, og annara þeirra, sem styðja þetta mál.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég mótmæli því ákveðið, sem hæstv. forsrh. hélt fram, að ég hefði sagt, að ég ætlaðist til þess, að þeim verði borgað hærra verð, sem framleiða í nágrenni Rvíkur, þegar þeir væru neyddir til þess að fara í Mjólkurfélagið vegna þess að þeirra framleiðslukostnaður væri hærri. Ég neita því eindregið að hafa sagt þetta. Ég sagði, að það ætti að taka af þeim þá góðu aðstöðu, sem þeir hafa haft. Þeir hafa fengið hærra verð, en þeir áttu fullkominn rétt á því.

Framleiðslukostnaður þeirra kemur þessu ekkert við. Þeir eiga rétt á hærra verði, vegna þess að af þeim hafa verið tekin fríðindi með valdi, fríðindi, sem stjskr. tryggir þeim, að ekki megi taka af þeim, nema með því móti að einhverjar bætur komi í staðinn. Þess vegna neita ég því harðlega að hafa sagt, að þeir gætu gert tilkall til hærra verðs vegna hærri framleiðslukostnar, heldur af því, að af þessum mönnum hefir verið tekin góð aðstaða, sem þeim bar með réttu að hafa.

Annað þýðingarmikið atriði er í þessu efni, sem hæstv. forsrh. svaraði ekki. Það var það, hvað hæstv. ráðh. og stj. ætluðu að gera, ef þúsund tunnur seldust ekki í byrjun næsta framleiðslutímabils. Hann sagði, að aðferðin, sem ætti að nota, væri ekki ákveðin enn. Ég vil segja við hv. ríkisstj., að í upphafi skuli endirinn skoða. Þessi rök eru óviturlega undirbúin, ef þessi endir er ekki skoðaður í upphafi. Þetta er svo stórvægilegt atriði í málinu, að það má ekki ganga fram hjá því.

Í Danmörku og Írlandi er ýmsum aðferðum beitt, eins og hæstv. forsrh. gat um. Mér er spurn, hvernig er þessu farið í Danmörku? Þar er svo ástatt, að ríkisvaldið þorir ekki að taka þetta að sér, en gerir það eitt að banna mönnum að framleiða. Það vill ekki eiga það á hættu að fram komi krafa um, að það standi við lög sín og loforð og borgi skaðann. Þar eru sett lög um takmörkun framleiðslunnar. Þetta er aðferðin, sem beitt er til þess að komast undan ábyrgð slíkrar löggjafar, sem hér um ræðir.

Hér er ekkert gert í þessu efni. Ríkisvaldið ætlar ekki að tryggja þessa ábyrgð. Það liggur þó beint við að gera það, ef ríkisvaldið treystist ekki til þess að standa við fyrirskipanir sínar, með því að taka fjárhagslegum afleiðingum af

þeim. Endirinn er nefnilega ekki skoðaður í upphafi. Það er ekki rétt af þessu þingi að setja lög án þess að reynt sé að gera grein fyrir mögulegum afleiðingum þeirra. Framleiðendur hafa haft valdið í þessu máli hingað til, en ríkið hefir enga ábyrgð borið á því fyrr en nú. Ég vildi óska, að það tækist vel nú, þegar ríkisvaldið hefir lagt sína hönd á málið.

Það er ekki rétt, að verðið hafi verið frjálst. Það var frjálst af ríkisvaldsins hálfu, en ekki að öðru leyti, því að það var ákveðið af svokölluðum umboðsmönnum framleiðenda. Þeir ákváðu verðið, og ég hygg, að þeim hafi tekizt það sæmilega. En nú er þetta á ábyrgð ríkisvaldsins, og um slíka löggjöf, sem grípur svo stórkostlega inn í þjóðina, er það brýn nauðsyn, að endirinn sé skoðaður í upphafi.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Hv. 5. þm. Reykv. þótti það hin mesta goðgá, að ég skyldi segja, að það væri algengt, að vörur væru seldar hærra verði innanlands en utanlands. Ég vil þá spyrja hann að því, hvenær íslenzkur fiskur sé seldur hærra verði utanlands en í Reykjavík. **(PHalld:** Það er aðnarskonar vara). Það er líka annarskonar vara nýtt kjöt á innanlandsmarkaðinum hér á haustin en saltkjöt upp úr tunnum úti í Noregi, þegar komið er fram á vetur eða vor. Það er algengt til þess að halda uppi verði í landinu. Þannig var það t. d. með smjörið í Noregi í sumar.

En þegar hann er að tala um það, að vörur safnist fyrir í landinu, þá vil ég spyrja hann: Hvernig er það með fiskinn? Afli í ár var fyrir neðan meðallag. Þó eru nú meiri birgðir óseldar í landinu en í fyrra, og ekki er annað að sjá en þær vaxi enn. Það verður því að reyna að afla sér nýs markaðar innanlands og utan og nota sem allra bezt þann markað, sem við höfum nú. Og til þess að nota innanlandsmarkaðinn sem bezt eru þessi l. sett, og þessu marki munu þau líka ná.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Nd., 6. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Brtt. 288,1 felld með 17:13 atkv.
— 335 felld með 18:9 atkv.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 288,2 felld með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JS, MT, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP.
**nei:** JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.
Brtt. 269 felld með 23:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** SK, StJSt, FJ, GÞ, GÍ.
**nei:** TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GG, GTh, HannJ, JÓl, JónP, JS, JG, MT, ÓTh, PZ, PÞ, PHalld, PO, SigfJ, JörB.
GSv, HV[1]), JakM, JJós, SE[2]) greiddu ekki atkv.

1) **HV:** Þar sem till. hefir verið tekin aftur af hinum reglulega flm. hennar, greiði ég ekki atkv. um hana.

2) **SE:** Þar sem ég hefi lýst því yfir, að ég muni bera fram brtt. við 3. umr. málsins, er m. a. rúmi það efni, sem þessi till. hefir, þá greiði ég ekki atkv.

3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
5.—15. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:1 atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 220, 344, 347, 355, 356, 358, 362).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 347, 355, 356, 358 og 362. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Bjarni Bjarnason:** Þau fáu orð, sem ég ætla að segja í þessu máli, verða um brtt. þær, sem fram hafa verið bornar. Ég bjóst ekki við, að sumar af þessum brtt. myndu koma fram. Flestar þeirra eru þýðingarlausar, og engin hefir verulega þýðingu. Þykir mér undarlegt, hversu mikið kapp menn leggja á að breyta verðjöfnunargjaldi úr 10 aurum, eins og ákveðið er af Ed., niður í 8 aura.

Ég lít á málið frá almennu sjónarmiði, frá sjónarmiði bænda yfirleitt. Þó að ég sé svo settur, að ég er þm. kjördæmis, sem nýtur að mestu innlends markaðs og hefir því hag af sem lægstu verðjöfnunargjaldi, þá ætla ég samt ekki í þessu að flytja mál minna kjósenda þannig, að þröngsýni gæti. Hins vegar mætti líta svo á, að þeim kæmi vel að verðjöfnunargjaldið væri lágt, þar sem þeir selja kjöt sitt í Rvík. Við erum alltaf í óvissu um það, hvernig kjötið selst í útlöndum, bæði fryst og saltað, og vil ég líta svo til með þeim bændum, er þurfa að nota erlenda markaðinn, að taka fullt tillit til þeirra. Ef útlit er fyrir, að kjöt seljist laklega á erlenda markaðinum, lít ég svo á, að full sanngirni mæli með því, að tekið sé viflegt verðjöfnunargjald af því kjöti, sem á innlenda markaðinum er selt. Ég vil ekki leita mér kjörfylgis í sambandi við þetta mál á öðrum grundvelli. Og þó að ég vilji ekki drótta því að hv. þm., að þeir vilji nota málið sér til framdráttar í kjördæmum, verð ég þó að segja, að afstaða sumra stappar nærri þröngsýni. Ég bjóst t. d. ekki við því af hv. þm. Borgf., að hann myndi bera fram þessa till. á þskj. 356. Get ég fremur skilið það um hv. meðflm. hans, hv. 11. landsk., að hann líti svo á, að hann dragi þarna sérstaklega taum síns kjördæmis. Að ég geri þannig upp á milli þessara tveggja hv. þm., stafar af því, að mér hefir fundizt á hv. þm. Borgf., að honum þætti sanngjarnt að verðjöfnunargjaldið væri nokkuð hátt.

Á þskj. 355 er farið fram á alveg sömu lækkun verðjöfnunargjaldsins. Hefðu menn getað látið sér nægja eina till. um þetta. En að sama kemur þarna fram á tveim þskj., sýnir kapp það, sem lagt er á að lækka verðjöfnunargjaldið sem mest.

Ég vil ekki sýna fjarstöddum bændum né ýmsum hv. þm. þá ósanngirni að fallast á þessar till. Menn reka ekki á réttan hátt erindi síns kjördæmis með því að sýna öðrum kjördæmum níg. Vænti ég þess, að hv. d. gangi eins frá málinu og hv. Ed.

Um hinar till. er ekki ástæða til að fara mörgum orðum. Þó vil ég minnast á brtt. á þskj. 355.

Þar er talað um að selja sláturfjárafurðir beint til neytenda. Þetta hefir verið kappsmál ýmsra hv. þm. í báðum d. En ég vil benda á, að í 3. gr. er nægilega víðtæk heimild um þetta.

Þá segir og í brtt. þessari: „Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur og flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar".

Engin ástæða er til að gefa öðrum þessa heimild en þeim, sem örðugt eiga um að koma fé sínu til sláturhúsa. Þessi till. er aðeins til að ala á bændum, sem eru ófélagslyndir og vilja ekki taka þátt í samtökum yfirleitt. Þetta má hver, sem vill, hafa eftir mér. — Ég sé því ekki ástæðu til að samþ. neitt af þessum brtt.

Þá er brtt. á þskj. 347, að heimilt sé „að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðlima sinna". Þessi brtt. segir ekki mikið og er aðeins heimild. Sé ég ekkert á móti því, að þessi heimild verði samþ. En síðari liður brtt. er óþarfur, því að kjötverðlagsn. myndi að sjálfsögðu fela trúnaðarmanni sínum að sjá um þetta og taka verðjöfnunargjaldið.

Brtt. á þskj. 344, frá hv. 5. þm. Reykv., segir, að kjötverðlagsn. skuli leitast við að haga svo verðlagi á kjöti, að kjötbirgðir í landinu aukist ekki frá ári til árs. Allir eru sammála um, að sjá verður til þessa, en ákvæðið er samt gersamlega óþarft. Er það sama og að segja við kaupmann, að hann skuli selja sem allra mest af vörum þeim, er hann verzlar með.

Ég vænti þess, að málið verði hér afgr. eins og það kom frá Ed. Þó sakar ekki, þótt brtt. frá hv. 9. landsk. við 3. gr. frv. verði samþ.

**Thor Thors:** Við hv. 6. þm. Reykv. berum fram nokkrar brtt. á þskj. 355. Ein brtt. er þess efnis, að leyfð skuli sala á sauðfé til útflutnings. Það kemur að vísu ekki mikið fyrir nú á dögum, en gera má ráð fyrir, að það geti farið í vöxt, og er ekki ástæða til að sporna á móti slíku leyfi.

2. brtt. er veigameiri. Hún fer fram á að leyfa milliliðalausa verzlun, að heimila sauðfjáreigendum að selja sláturfjárafurðir beint til neytenda. Hv. þm. vita, að mjög víða hagar svo til, að bændur hafa haft sérstök sambönd ár eftir ár fyrir þessar afurðir. Sé ég ekki, að það þurfi að skemma nytsemi þessa skipulags, sem frv. ákveður, þó að þessi sambönd fái að haldast. Þegar búið er að ákveða lágmarksverð á kjöti, er engin hætta á, að slík verzlun lækki verðlagið. Bændur færu ekki að selja án milliliða fyrir lægra verð en þeir geta fengið hjá hvaða millilið í landinu, sem er. Þetta ákvæði miðar aðeins að því að auka kjötsöluna í landinu, miðar að því, að hver hola sé fyllt í markaði þessarar vöru. Ég skil ekki þá andúð gegn þessari nauðsynlegu heimild, sem fram hefir komið í Ed. og blöðum stjórnarflokksins. Það er öllum vitanlegt, að mikill fjöldi bænda í landinu hefir sérstök einkasambönd bæði í Reykjavík og öðrum bæjum og kauptúnum. Væri það aðeins til að draga úr neyzlu og sölu sláturfjárafurða, ef slík sambönd væri bönnuð.

3. brtt. okkar er nánast orðalagsbreyting. Hún felur í sér, að öllum aðilum skuli leyft að verzla með sitt kjöt, að allir skuli settir í sama bekk. Nú er svo ákveðið í l., að samvinnufélögum skuli veitt þetta leyfi, en að öðrum megi þó veita það líka. En ég tel sjálfsagt, að sömu reglur séu látnar gilda fyrir alla.

4. brtt. er á þá leið, að verðjöfnunargjaldið skuli lækkað úr 10 aurum niður í 8 aura. Held ég, að nóg sé að binda þetta gjald við 8 aura, eins og upphaflega var til ætlazt.

Hv. 2. þm. Árn. andmælti brtt. okkar, áður en við höfðum fengið tækifæri til að tala fyrir þeim. Er þetta óþingleg framkoma. Annars sagði hann ekkert mikilsvert í ræðu sinni. Skil ég ekki andúð hans gegn þessum till. okkar, sem hann sagði að væru alveg þýðingarlausar. Ef þær eru gersamlega þýðingarlausar, ætti hann og aðrir hv. þm. að geta greitt þeim atkv., þar sem þeir vita, að meiri hl. bænda óskar eftir þessu skipulagi.

**Pétur Halldórsson** (óyfirl.): Herra forseti! — Ég veitti því ekki athygli, hvort hv. frsm. n. mælti með till. minni eða ekki. En ég ætla að fara fáum orðum um þessa brtt. mína á þskj. 344.

Ég held, að segja megi, að þetta frv. fái þá fyrst ákveðinn tilgang, ef brtt. verður samþ. Ég fæ ekki séð, að í frv. séu nokkur ákvæði þessu lík, svo að n. sú, sem vald hefir til að stjórna kjötsölunni í landinu, hefir ekkert til að styðjast við. Skil ég ekki, hvernig löggjöfin getur komizt hjá að taka fram í l. það, sem er aðalatriðið, sem sé það, til hvers þau eru fyrst og fremst ætluð.

Ástæðan til þessa ákvæðis míns er sú, að skyndilega er orðin offramleiðsla á kjöti í landinu, þar sem markaðurinn er takmarkaður í öðrum löndum. Tilgangur frv. hlýtur að vera fyrst og fremst sá, að reyna að koma því til leiðar, að hægt sé að forðast afleiðingar þessarar offramleiðslu. Þessar afleiðingar koma fram í verðhruni kjötsins, eða þá, ef verðfall yrði ekki mjög mikið, í því, að birgðir aukast mjög og verða fyrir nýrri framleiðslu. Vara þessi er aðallega framleidd á vissum tíma ársins og er því ekki auðvelt að sjá svo um, að framboð mæti alltaf eftirspurn.

Það er hvergi tekið fram í frv., hvað kjötverðlagsn. eigi að hafa fyrir augum, þó að fram komi um það sinn skilningurinn úr hverri áttinni. Ég heyrði einn hv. þm. segja við 1. umr., að hún ætti að tryggja bændum framleiðsluverð fyrir vöru sína. Ef framleiðsluverð er það, sem hver einstakur bóndi á að fá fyrir vöru sína, þá má segja, að þetta framleiðsluverð sé eins margskonar og bændur eru margir í landinu, eða því sem næst. Mætti því hugsa sér, að átt væri við einskonar meðalframleiðsluverð. En sá væri gallinn á því, að þá væri sumum bændum ekki fullnægt, en aðrir hlytu meira en góðu hófi gengdi, eða a. m. k. svo mikið, að þeir stæðu betur að vígi en hinir. En hvað sem um þetta er, þá væri samt engin trygging fyrir því, að kjötið seldist. Vantar því í frv. það, sem er aðalatriðið, hver tilgangurinn er fyrst og fremst og hvernig n. eigi að fá honum fullnægt. Og úr

því leysir brtt. á þskj. 344. Hún leggur n. þá lífsreglu að haga svo verðlagi á kjötinu, að kjötbirgðir í landinu aukist ekki frá ári til árs. — Ég hefi orðið þess var, að ýmsir líta svo á, sem þetta felist í frv., en það er ekki rétt.

Þar sem svona margar skoðanir eru nú á þessu máli, m. a. sú, að allir bændur landsins eigi að fá framleiðsluverð fyrir vöruna, er ekki ónauðsynlegt að kveða skýrt á um þetta. Þessi till. mín tekur jafnt tillit til beggja aðilja, framleiðenda og neytenda, og er því rétt, að löggjafarvaldið og ríkisvaldið hjálpist að til að koma þessu til vegar. Það er augljóst, að ef ekki eru gerðar slíkar ráðstafanir og verð á kjötinu fellur niður fyrir það, sem bændur geta framleitt það fyrir, þá hlýtur framleiðslan sjálf að minnka niður í magn, er samsvarar því verði, sem bændur geta framleitt kjötið fyrir. Þessum voða verður að afstýra. Til þess er slík löggjöf nauðsynleg. Með því yrði þeim höfuðtilgangi náð, að koma í veg fyrir, að verðlag væri spennt svo hátt, að salan minnkaði, en birgðir söfnuðust, sem ekki væri hægt að losna við, nema selja þær langt undir framleiðsluverði. Mér virðist, að n. sú, sem falið er að ákveða verðlag á kjöti, hafi engar forsendur til að fara eftir, ef ekkert er sett um það í lögin. Öll hennar ákvæði verða þá reist í lausu lofti og af handahófi, sem getur verið háð persónulegum hagsmunum nm. sjálfra, sem þeir bera enga persónulega ábyrgð á samkv. l., og engin víti liggja við, þó þeir verði umbjóðendum sínum til tjóns. Ef hún hefir þær reglur, sem hér er bent á, að fara eftir, hefir hún betri aðstöðu, meðan hún brýtur ekki í bága við þær. N. verður að hafa einhvern bakhjarl, einhverja stefnu, einhvern vilja til að fara eftir. Hér er farinn millivegur, sem má telja sanngjarnt, milli seljanda og kaupanda. Á þann hátt einan verður málið leyst með hag alþjóðar fyrir augum.

**Bjarni Bjarnason:** Hv. þm. Snæf. vildi síða mig og sagði, að ég hefði hagað mér óþinglega, og má vel vera, að ég hafi gert það. En ég býst við, ef hv. þdm. ætla að fara að síða, þá gæti orðið vafamál, til hvers ætti að tala fyrst. — Ég vildi segja örlítið um brtt. Vitanlega geta allir þm. verið sammála um það, að verðjöfnunargjaldið sé nógu hátt fyrir þá, sem greiða það, þó það sé ekki nema 6 aur. pr. kg. Þó mun ég ekki óska vegna minna kjósenda, að það verði fært niður úr því, sem það er nú í frv., eða 10 aur. pr. kg. Er algerlega óséð enn, hvort það nægir til að gera þá bændur, sem þurfa að selja kjöt sitt á erlendum markaði, sæmilega ánægða. Þetta er alvörumál, sem þarf að leysa með hag allra bænda fyrir augum. Ég vildi óska, að útflutningskjötið seldist svo vel, að 6 aur. nægðu til að gera seljendur ánægða. En sýni hitt sig, að sjóðurinn með 6 aur. tillagi verði ekki nógur til að gera bændur sæmilega ánægða, hvort viljum við þá heldur vera dálítið örlátir að leggja í verðjöfnunarsjóð, og hafa bændur, er flytja út, ánægða, eða halda fast í að hafa verðjöfnunargjaldið sem lægst, eða ekki neitt, en fá þá, eða hafa svo sem verið hefir, samkeppni um innanlandsmarkaðinn? Ég geri ráð fyrir, að okkur hv. þm. Snæf. greini ekki á í þessu efni, að jafna beri þetta svo, að sem flestir séu ánægðir, og komast sem næst því að fullnægja öllum. Ég vil endurtaka það, að það muni ekki vera „praktiskt" fyrir mig gagnvart mínum kjósendum að tala fyrir hækkun verðjöfnunarskattsins, en ég lít á málið með hag allra bænda landsins fyrir augum.

Hv. 5. þm. Reykv. taldi, að lögin væru óskýr að því, er snerti starfssvið kjötverðlagsnefndar. Ég geri ráð fyrir, að reglugerð bæti úr því, svo sem venja er. Ennfremur sagði hann, að ákveða yrði sannvirði kjötsins. Hið raunverulega sanna og rétta framleiðsluverð hefir enn þá reynzt ofurefli að finna. Eða hver vill gefa ákveðið svar um það? Það er vitanlega mjög breytilegt eftir héruðum, staðháttum og kröfum til lífsþæginda. Ég held, að við verðum að viðurkenna í allri hreinskilni, að það sé viðtekin regla, að hver skari eld að sinni köku, eftir því sem hægt er. Seljandinn haldi vörunni í svo háu verði sem hægt er, en kaupandinn gefi það minnsta, sem hann kemst af með. — Þetta er regla hinnar frjálsu samkeppni. Ef um samtök og skipulag er að ræða, verður að taka báðar þessar kröfur til greina og reyna að finna leið, sem báðir aðilar geta sætt sig við. Það, sem einnig verður að gera í þessu máli, er að fara sem næst hagsmunum beggja aðila. Það getur verið, að frjáls samkeppni geri þetta að nokkru leyti líka, en er þó hæpið. Því hver einstaklingur berst þó fyrst og fremst fyrir sínum persónulegu hagsmunum án frekari viðsýni. Ég vil ekki segja neitt um eða láta hafa eftir mér, hvað sé hæfilegt framleiðsluverð — sannvirði — samanborið við lífskröfur og framleiðslukostnað. **(PHalld:** Er ekki gott að vitna í nefndina?). Getur verið, og ef aðrir vita betur, þá sýni þeir og sanni, hvað er sannvirði kjöts á Íslandi á hverjum tíma.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Mér þykir heldur fyrir því að þurfa að tala meðan ekki eru komnar allar brtt., sem von er á. Ég veit um brtt., sem eru á leiðinni, en ekki komnar úr prentun. N. hefir ekki tekið afstöðu til þeirra brtt., sem hér liggja fyrir, eru þær flestar að koma nú fram og n. því ekki haft tækifæri til að athuga þær. Ég tala því aðeins fyrir eigin persónu.

Brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. er meinlaus. Þó getur verið, að frá sjónarmiði sumra sé hún heldur til bóta. En ég vil benda á, að samkv. 3. gr. reglugerðar, sem gefin hefir verið út, á við ákvörðun verðsins að taka tillit til framleiðslukostnaðar og markaðsmöguleika. Meiningin því hin sama og í brtt., og því sama, hvort hún verður samþ. eða ekki.

Þá er brtt. á þskj. 347, frá hv. 9. landsk. Eins og sú till. er orðuð, sé ég ekki, að hún skemmi. Ég veit um a. m. k. 2 staði vestanlands, sem ekki hafa sláturhús, sem fullnægja ákvæðum laga, og getur því verið erfitt um slátrun. Getur vel verið, að þessi till. bæti eitthvað úr því meðan ástandið breytist ekki. En vitanlega getur það ekki gengið lengi, að ekki séu til löggilt sláturhús alstaðar þar, sem þarf að slátra fé. Held ég að það skipti því ekki máli, þó þessi brtt. verði samþ.

Þá er hér næst brtt. á þskj. 355, frá hv. þm. Snæf. og hv. 6. þm. Reykv., og að mestu samhlj.

till. á þskj. 357 og 358, og að sumu leyti brtt. á þskj. 362; þó er hún dálitið frábrugðin.

Með 1. brtt. á þskj. 355 ætlast flm. til, að hægt sé án leyfis verðlagsn. að selja og flytja lifandi fé úr landi. Þetta er e. t. v. til bóta, ef sá markaður opnaðist. Má vel vera, að þetta út af fyrir sig sé til bóta, en vitanlega sitja aldrei þeir menn í kjötverðlagsn., sem mundu neita um slíkt leyfi, ef farið væri fram á það.

Þá er 2. liður brtt., að leyfa sölu beint til neytenda. Hann tel ég ekki til bóta. Það er gefinn hlutur, að því fleira fé, sem slátrað er á sama sláturhúsi, því minni verður kostnaður að tiltölu við fjárfjölda. En því minni kostnaður, sem kemur á hverja kind, því hærra verð fyrir afurðirnar. Því er ekki rétt að stefna að því að fjölga sláturstöðum. Ég veit ekki, hvernig menn hugsa sér t. d., að allir neytendur í Rvík fari að slátra hver fyrir sig.

Ég skil ekki, að hv. flm. langi til að ganga í því gorsulli. Að heimila slíka slátrun nær ekki neinni átt. Það, sem þarf að stefna að, er að hafa sláturhúsin stór og slátra sem mestu á sama stað, og leggja áherzlu á, að gætt sé fyllsta hreinlætis. En það þýðir ekki að vera að byggja vönduð og dýr sláturhús til þess að láta þau standa tóm.

Þá er 3. liður brtt. á þskj. 355. Er hann nokkuð sama efnis og brtt. á þskj. 358 og 362. Af þeim finnst mér þó brtt. á þskj. 362 langbezt. Er hún að nokkru leyti viðbót við lögin, og eins og nú er, mun hún heldur bæta en spilla. Eins og l. eru nú, er ekki ætlazt til, að ný samvinnufélög myndist á þeim svæðum, sem stór félög eru fyrir. Er það gert til þess, að félögin klofni síður — og sláturstöðum fjölgi ekki. Þó eru nú til á landinu 2 slík svæði, sem segja mætti um, að eðlilegt væri, að mynduðust á ný samvinnufélög. Því á þessi brtt. hv. 7. landsk. rétt á sér og mun ég verða með henni, því hún gefur heimild til að veita þetta leyfi, en gerir það ekki að skyldu. Hún fer því milliveg milli brtt. hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Ak. á þskj. 357 og brtt. hv. þm. Snæf. á þskj. 355 og frv. Ég greiði því atkv. með þessari brtt. á þskj. 362, en á móti hinum.

Þá er hér enn ein brtt. á þskj. 355, um að lækka aftur verðjöfnunargjaldið úr 10 aur. í 8. Þessari till. verð ég á móti, af því kjötmarkaður erlendis er svo óviss, að ómögulegt er að segja, eða a. m. k. ekki fullyrða, að 8 aur. gjald af kjöti, sem selt er í landinu, nægi til þess að koma verðinu á útflutningskjötinu það upp, að viðunandi sé. —

Ef gera má ráð fyrir, að út verði flutt 2200—2300 tn., sem allt þarf að bæta upp með verðjöfnunargjaldi, er hætt við, að 6—8 aur. pr. kg. verði of lítið til þess, að bændurnir fái það verð, sem sanngjarnt er, miðað við innlendu söluna. Er því sjálfsagt að gefa heimild til að fara með verðjöfnunargjaldið í 10 aur., en nota hana ekki nema verð sé lágt á erlendum markaði og kaupgeta innanlands góð.

Það er ekki enn búið að mæla fyrir öllum till., en ég hefi nú sagt mitt álit um þær allar, en hefi látið brtt. á þskj. 344 og 347 liggja milli hluta.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Það er a. m. k. eitt þýðingarmikið atriði í þessum brtt., þar sem farið er fram á að lækka verðjöfnunargjaldið úr 10 aur. í 8. Þegar um þetta er að ræða, verða hv. þdm. að gera sér ljóst, að þessi lög eru ekki sett fyrir 1—2 eða 3 héruð næst Rvík, heldur fyrir alla bændur landsins, sem ætlazt er til, að njóti góðs af þeim.

Reykjavíkurmarkaðurinn er heldur engin einkaeign þeirra, sem búa í nágrenninu. Það hafa allir notað hann eftir getu, og með bættum samgöngum hefði vitanlega, ef l. hefðu ekki verið sett, þrengzt á þeim markaði, til tjóns fyrir alla, sem hann nota. Ef samvinna á að fást um, hvernig markaðurinn er notaður, má ekki gera verðjöfnunargjaldið að ásteytingarsteini, heldur þarf um það samvinnu allra héraða.

Mér þótti vænt um að heyra, að hv. 2. þm. Árn. horfir ekki í að setja verðjöfnunargjaldið 10 aur. Það verður bændum áreiðanlega ekki til tjóns, því hér er aðeins verið að tryggja, að ekki verði dembt á innlenda markaðinn svo miklu, að verðið hrapi niður úr öllu valdi. Þetta er nokkurskonar liftrygging, sem þeir borga.

Til þess að hv. þdm. sé þetta ljóst, vil ég benda á það, að með þessu lága verðjöfnunargjaldi, sem nú er 6 aurar, þar sem ekki hefir verið notuð 8 aura heimild laganna, verður niðurstaðan sú, að þeir, sem fá leyfi til þess að nota Rvíkur-markaðinn, fá, samkv. upplýsingum frá mönnum, sem ekki er ástæða til þess að rengja, 23 aur. hærra fyrir hvert kg. í ár heldur en í fyrra. En þeir, sem ekki fá að nota innlenda markaðinn, fá minna en í fyrra. Það verður ófrelsi, þegar mönnum er bannað að nota markað, sem gefur betri útkomu en útlendi markaðurinn.

Mér þykir vænt um, að búið er að koma þessu máli í þetta horf hér á hv. Alþ., af því að ég var því fylgjandi, líklega sá eini í mþn., að verðjöfnunargjaldið yrði sett í 10 aur. Í þessu efni er ég sammála þeim mönnum, sem höfðu málið til meðferðar f. h. kaupfélaga landsins á kaupfélagafundi í vetur, og þeim, sem vit hafa á, hvað er bezt í þessu efni. Ég legg eindregið á móti því, að samþ. verði að lækka verðjöfnunargjaldið, og vil ég líka nota tækifærið til þess að skora á þá hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hagnýta sér heimildina að öllu leyti, vil ég og ásaka hana fyrir það, að hún hefir ekki notað sér þá heimild, sem felst í l. um 8 aur. verðjöfnunargjald, því að það er þörf á að gera það til hins ýtrasta.

Hvað brtt. hv. 7. landsk. snertir, álít ég algerlega hættulaust að samþ. hana, því að ég tel hana frekar til bóta. Mætti segja, að hún gangi fullskammt, því að hún fer aðeins fram á heimild handa stj. þessa skipulags til þess að ákveða sláturleyfi. Það mætti deila um, hvort það sé ekki skylda hennar að veita slík sláturleyfi. En það er víst prentvilla í till., því að þetta er sett við 5. málsl., en ekki við 4. lið.

Þá er brtt. á þskj. 347. Ég tel vafasamt, ef þessi sláturleyfi eru veitt á annað borð, hvort ekki væri heppilegra að heimila sláturleyfi handa neytendum sjálfum, án þess að stofna til félagsskapar í því skyni.

Hvað snertir brtt. á þskj. 344, finnst mér vafasamt, hvort rétt sé að tala um, að verðlagningu kjötsins eigi að vera þannig háttað, að kjöt-

birgðirnar í landinu aukist ekki. Mér skilst, að samkv. þessu megi ekki auka kjötneyzluna í landinu, þó þess væri full þörf. Það er slátrað aðallega einu sinni á ári, og þá skapast ákveðið kjötmagn, sem verður að geymast fram á sumar, og ef birgðirnar mega ekki vaxa, þá má heldur ekki auka slátrun eða kjötneyzlu innanlands. Þetta gæti orðið gott fyrir framleiðendur, því að af þessu leiddi verðhækkun kjötsins, en það er einmitt það, sem framleiðendur vantar; þeir þurfa að fá fyrir framleiðslukostnaði. Og ef það fæst ekki á annan hátt en þann, verður að takmarka framleiðsluna og láta eftirspurnina knýja verðið upp. Ef þessi till. á hinsvegar — sem ég býst við — að stefna í þá átt, að fyrirbyggja, að verðið sé sett of hátt, svo að hætta verði á, að kjötið seljist ekki áður en nýja framleiðslan kemur á markaðinn, þá getur það leitt til þess, að verðið verði allt of hátt, og ég tel, eftir því sem þessum málum er skipað af Alþ. og stj., að þá eigi bændur heimtingu á að fá það verð fyrir vöruna, sem framleiðslan krefur, því að stjórn þessara mála er tekin úr höndum framleiðenda sjálfra. Þess vegna hafa bændur fulla heimild til þess að krefjast þess, að ríkisvaldið sjái þeim fyrir hæfilegu verði fyrir vöruna. Ef bændur sjálfir hefðu stjórn þessara mála í sínum höndum, þá gæti ef til vill verið eðlilegt, að fyrirbyggt væri, að það gæti komið fyrir, að ríkisvaldið yrði að bera ábyrgð á fjárframlögum til þeirra fyrir meðferð þessara mála. Þá væri tækifæri fyrir þennan hv. þm. og aðra hv. þm. að taka afstöðu til — eða réttara sagt, hefði verið, því að það er búið að gera það — brtt. okkar hv. 2. landsk. Og þá sé ég ekki betur en að bændur eigi fullan kröfurétt á þessu verði, fyrst málin voru tekin úr þeirra höndum, sem framleiðslukostnaður krefur fyrir þessa vöru; og þá má ekki miða útsöluverð við það eitt, hvort hægt sé að umsetja vöruna á innlendum markaði.

Ég tel þetta veigamesta atriðið í þeim till., sem hér liggja fyrir. Ég vildi láta mína skoðun í ljós, af því að ég hefi tekið þátt í meðferð þessara mála áður en hv. stj. setti lögin um þetta, og ég er viss um, að miðað við það horf, sem verðjöfnunarskatturinn hefir færzt í, eigi það brátt eftir að sýna sig, að þingið verði að fá bændunum sjálfum stjórn þessara mála í þeirra eigin hendur.

**Jón Pálmason:** Við hv. þm. Ak. höfum flutt brtt. á þskj. 358. Við 2. umr. málsins var felld brtt. frá okkur, sem hneig að nokkru leyti í svipaða átt. Mér þótti undarlegt, að hún skyldi vera felld af öllu stjórnarliðinu, eins og það lagði sig, því að ég get ekki enn fundið skynsamlega ástæðu fyrir því.

Nú vildum við einskorða þessa till. við það eitt, hvort það sé ætlun þessarar hv. d. að banna með þessum l., að ný samvinnufélög, sem ekki hafa áður starfað, gætu fengið leyfi til slátrunar, ef svo ber undir. Þess vegna einskorðum við þessa till. við þetta atriði. Við lítum svo á, að heppilegast sé, að þessi samvinnufél. séu sem fæst og hafi sem mest á boðstólum; hinsvegar er það óeðlilegt og óréttmætt í okkar augum, að leggja undir kjötsölun. að einskorða, hve mörg samvinnufélög bændur stofna til þess að fara með þessi mál. Þetta vald á að vera hjá bændunum, en það á ekki að einskorða með þessum l., að kjötsölun. sé falið þetta vald.

Í þessu sambandi vil ég minnast á mótsögn, sem mér virtist koma fram í ræðu hv. frsm. landbn. Hún fólst í því, að hann viðurkenndi það, sem auðvitað var alveg rétt, að til væri svæði á Vesturlandi, sem eðlilegt væri að stofna ný samvinnufélög á, til þess að fara með þessi mál. Hann vill ganga inn á það, að neytendum sé heimilað að stofna félög og fá sláturleyfi, en jafnframt er hann því mótfallinn, að framleiðendur, bændurnir, hafi heimild til þess að fá sláturleyfi, ef þeir stofna ný samvinnufélög á því svæði, sem hér um ræðir. Þetta er svo alvarleg mótsögn, að ég furða mig á því, að nokkur þm. skuli hafa gengið inn á þessa braut. Ég vona að þessi till. sé hv. þdm. það ljós, að ekki sé þörf að fara um hana fleiri orðum.

Ég skal ekki fjölyrða um önnur atriði, sem fram hafa komið í öðrum brtt. Ég vil aðeins geta þess í sambandi við það deilumál, sem hér er rætt um, verðjöfnunargjaldið, að ég er sammála þeim mönnum, sem hafa sýnt fram á, að mikil líkindi séu til þess, að þótt verðjöfnunargjaldið verði jafnvel í hámarki, þá hrökkvi það hvergi nærri til þess að jafna þann verðmun, sem mun verða á kjötinu, sem selt er á innlendum markaði annarsvegar, og því, sem selt er á erlendum markaði hinsvegar, eins og nú horfir við. Ég held mér sé óhætt að segja, að öll hv. landbn. sé því mótfallin, að verðjöfnunargjaldinu sé breytt frá því, sem það er í frv.

Önnur atriði, sem snerta þetta mál, skal ég ekki fara út í, því að það hafa aðrir gert.

**Jón Sigurðsson:** Ég á brtt. á þskj. 362. Ég get í raun og veru að mestu leyti sleppt að mæla fyrir henni, því að ég gerði þetta atriði að umræðuefni við 2. umr., og þá benti ég á, hvílíkt óréttlæti fælist í þeim ákvæðum að útiloka samvinnufélög, sem kynnu að verða stofnuð eftir að lögin gengju í gildi. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þetta frekar nú, því að þeir, sem vilja hlusta á rök í þessu máli, höfðu tækifæri til þess þá, og ég sé ekki heldur ástæðu til þess að lengja umr. um þetta. Þess þarf líka síður, þar sem hv. frsm. landbn. hefir gert grein fyrir því, hvað í þessari till. felst, því að ég bar mig saman um þetta atriði við frsm. n., og þessi till. er samin í samráði við hana. Er tillagan tilraun til þess að miðla milli andstæðra skoðana í þessu efni.

Ég fyrir mitt leyti álít það bæði sanngjarnt og rétt, að þau samvinnufélög, sem rísa upp hér eftir, hafi jafnan rétt til þess að slátra fé og selja sláturafurðir samkv. l. eins og félög, sem stofnuð hafa verið áður en þessi l. öðlast gildi. Þar sem þetta hefir þegar verið fellt í hv. d. og mikil andstaða er gegn því, þá kýs ég heldur það minna, ef ekki er hægt að fá það meira. Hér er um heimild að ræða fyrir hv. n., en áður var það skilyrðislaust bann. Þetta er í sjálfu sér ekki stórt atriði, en það er þó réttlætismál, og það er á valdi n. í hvert skipti,

hvort hún vill sýna þessum félögum þá sanngirni og réttlæti, sem þau eiga kröfu á.

Ég ætla nú ekki að fjölyrða frekar um þetta, en ég vænti þess, að till. fái svo góðar undirtektir hjá hv. d., að hún verði samþ. Ég geri ekki aðrar till. að umræðuefni, en læt mér nægja að láta afstöðu mína til þeirra í ljós við atkvgr.

Það hafa slæðzt 2 villur inn í brtt. af vangá. Í stað 4. málsl. á að koma 5. málsl., og í stað 3. málsl. komi 4. málsl. Vil ég biðja hæstv. forseta að taka þetta til athugunar. Ég hafði fyrir mér frv. eins og það var í Ed., en ekki eins og það var eftir það. Við þetta hefir málsliðatalan raskazt.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég skal fara nokkrum orðum um þessar brtt., sem hér liggja fyrir. Ég vil fyrst og fremst minna á brtt. á þskj. 344, frá hv. 5. þm. Reykv. Við þá till. er það sérstaklega athugavert, að þar er lagt til, að verðlagsnefnd sjái um það, að verðlaginu verði þannig hagað, að kjötneyzlan aukist ekki ár frá ári. Ef leggja á þann skilning í þessa till., að hún verði tekin til greina af nefndinni, þá er það ekki hægt öðruvísi en að n. eigi að haga verðlagningunni þannig, að hún verði það lág, að hún sé viss um, að kjötið gangi út. Í raun og veru er ekki annað sjónarmið fyrir n. til þess að fara eftir en þetta. Till. hnígur því í þá átt, að það eigi, þrátt fyrir það, þótt tæplega sé markaður innanlands fyrir kjöt, sem er framleitt í landinu sjálfu, samt að haga sölunni þannig, að varan gangi út, m. ö. o., að verðlagið sé sett svo lágt, að trygging fáist fyrir þessu. Þetta er vitanlega þvert ofan í tilgang laganna, og einnig brýtur þetta í bág við þá reglugerð, sem sett hefir verið til þess að ákveða eftir hvaða mælikvarða n. á að verðleggja kjötið. Í þessari reglugerð, í 3. gr., er ákvæði um það, að kjötsölunefndin ákveði verðlag á sauðakjöti o. s. frv. með tilliti til framleiðslukostnaðar og markaðsmöguleika. Það er þetta tvennt, sem verður að reyna að taka tillit til. Þetta er sá grundvöllur, sem n. álítur, að þetta mál eigi að byggjast á, og sem hefir verið notaður á þessu hausti. Þessi till. brýtur því beinlínis í bága við tilgang þann, sem felst í lögunum, sem n. hefir lagt línur að. Ég legg til, að þessi till. verði felld.

Næst er till. á þskj. 347, frá 9. landsk. Eins og þessi till. liggur fyrir, fæ ég ekki betur séð en að hún sé meinlaus fyrir framkvæmd kjötlaganna. En það er ekki hægt að neita því, að á einstaka stað getur það komið fyrir, og hefir komið fyrir, að nokkuð margir eru saman komnir, og þá er óþægilegt að þurfa að sækja kjöt og víða að sér sláturafurðum í næsta sláturhús, því að það getur verið hætta á, að varan skemmist á slíkum flutningum. Þessi till. hefir við sanngirni að styðjast, og vil ég mælast til þess, að hún verði samþ. eins og hún liggur fyrir.

Nú hefir það komið hér fram í þessari hv. d., sem við aðrir erum mótfallnir, sem sé stofnun samvinnufélaga bænda til viðbótar, og að það sé fullkomin rangsleitni gagnvart samvinnufél. bænda að neita þeim um að stofna samvinnufélög, til þess að slátra og selja slátrið með sínu verði. Þessi röksemdaleiðsla er röng, vegna þess að sláturhús eða kaupfélag, sem hefir sláturleyfi, getur sett upp víðar á sínu svæði sláturhús samkv. fengnu leyfi, því að það er ekki bundið við, að ekki megi fjölga sláturhúsum, heldur er það bundið við það, að ekki megi fjölga samvinnufél. á því svæði, sem samvinnufélög eru fyrir á. Þess vegna er það ekki rétt röksemdafærsla, sem kom fram hjá hv. þm. A.-Húnv., að hér væri líku saman að jafna. Það þarf alls ekki að valda neinum óþægindum fyrir framleiðendur, þó þeir reki fé sitt í sláturhús þar, sem sláturhús er fyrir hendi, þó að það sé hinsvegar óþægilegt fyrir neytendur að þurfa að sækja sláturafurðir þangað. Þess vegna er þessi till., sem fer fram á það, að það sé skylda að veita samvinnufélögum sláturleyfi, engin mótsögn, hvort sem hún verður felld eða samþ. M. ö. o., í landinu hafa skapazt samvinnufélög, sem nægja til þess að taka við sláturafurðum og annast sölu þeirra; og það var þeim mönnum, sem sömdu þessi lög, vel kunnugt um. Þessi félög eru stofnuð af bændum sjálfum, og þeim hefir verið raðað niður, eftir því sem bezt hefir verið fyrir þá að reka fé til slátrunar.

Þegar talað er um það ófrelsi, sem á að vera fólgið í því að ekki megi stofna fleiri samvinnufélög bænda, þá er það ekki mælt af heilum hug, vegna þess að reynslan hefir alltaf verið sú, að þar, sem slíkt hefir komið fyrir, að mörg samvinnufélög hafa verið á sama stað, hefir það alltaf leitt til hins verra fyrir samvinnufél. sjálf og bændur. Það hefir kostað samkeppni milli þeirra, sem ekki hefir alltaf verið sem bezt, vegna þess að félögin hafa stundum verið stofnuð til höfuðs öðrum af pólitiskum andstæðingum, og þannig myndast oft slæm aðstaða, sem hægt væri að nefna dæmi um. Þess vegna er þessi till. ekki borin fram af heilum hug. Þeir, sem hafa því samþ. að setja þetta í l., vita mæta vel, að samvinnufél. sjá um slátrun fyrir bændur, og fyrirkomulagið, eins og það nú er í heild sinni, er betra, enda hefir reynslan sýnt það á undanförnum árum.

Till. hv. 7. landsk. fer meðalveg. Hún gengur í þá átt, að kjötsölunefndin geti, undir einstöku kringumstæðum, leyft stofnun nýrra félaga á sama svæði, ef um leyfi hefir verið sótt til þess. (JS: Það er ekki leyfi til þess að stofna samvinnufélög). Það þarf leyfi n. til þess að stofna slík samvinnufélög. Það mætti því segja, að n. réði því, hvort 2 eða fleiri félög koma á sama stað, sem gæti orðið hvort öðru til baga. Að svo komnu vil ég ekki láta í ljós afstöðu mína til þessarar till.

Ég hefi hugsað mér, vegna þess að því hefir verið lýst yfir hér, að till. sé borin fram í samráði við formann kjötverðlagsnefndarinnar (JS: Form. landbn.), já, en hann er varaformaður kjötverðlagsnefndar, og ég mun því leita til n. og athuga, hvað hún álítur mikla þörf á þessu.

Viðvíkjandi því að lækka 10 aura gjaldið niður í 8 aura, þá hefir hv. þm. V.-Húnv. fært svo góð rök gegn því, að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þau. Þetta hefir sömuleiðis verið tekið mjög rækilega fram í Ed. og bent á það, að þetta 10 au. tillag er fyrst og fremst til hags-

bóta fyrir þá, sem selja á Rvíkurmarkaðinum, til þess að koma í veg fyrir, að kjöt utan af landi komi og eyðileggi markaðinn fyrir þeim, sem hér selja. Það sýnist rangsleitni að halda þeim frá markaðinum, er búa fjær Rvík, en geta þó komið kjöti sínu á markaðinn, og láta þá þannig búa við verðlag, sem er 20—30 au. lægra á hvert kg. Með slíku móti er ekki hægt að halda skipulaginu uppi.

Þetta 10 au. tillag er fyrst og fremst gert fyrir nágrenni Rvíkur. Það virðist því vera nokkur misskilningur hjá hv. þm., að beita sér gegn þessu, þvert ofan í hagsmuni þeirra manna, sem þeir hafa þegið umboð sitt af. Ég vil fastlega leggja til, að þetta 10 au. gjald haldist, því að það stefnir að því að halda uppi skipulaginu.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 355 er það að segja, að það hefir verið ákaflega mikið „agiterað" með henni bæði á fundum og í blöðum andstæðinga okkar, og því bein ástæða til þess að minnast á hana. Ég mun þó eigi verða langorður um hana, vegna þess hve framorðið er.

Menn tala um hagsbætur af beinu sölunni, og hvað mikill hagnaður hún sé neytendum. En hvað græðist á henni? Allur kostnaðurinn, sem nú leggst á kjötið við slátrunina, 5—6 au. á kg., helzt þrátt fyrir beina sölu. Hjá honum verður ekki komizt. Mér hefir verið bent á það, að í einum kaupstað hér á landi hafi verið stofnað neytendafélag, en reynslan hafi orðið sú, að kjötið hafi orðið 20% dýrara en í sláturhúsinu á sama stað. Þegar talað er um beina sölu, má það ekki gleymast, að neytendur geta farið í sláturhúsin og keypt þar kjöt án álagningar. Neytendur geta því sparað sér þá 15 au., sem það kostar að deila kjötinu út gegnum búðirnar í Reykjavík. En það er annað, sem er varhugavert við beinu söluna, og það er það, sem bent var á í Ed., að það er hætt við, að hún verði misnotuð, til þess að selja kjötið öðru verði en það er selt gegnum félögin.

Þar sem markaðurinn er „blandaður", eins og kallað er, t. d. á Akureyri, er helmingur kjötsins seldur til útlanda, en helmingurinn á innlendum markaði. Segjum, að verðið á erlendum markaði sé 60—70 aur. á kg. en innanlands 1.10 kr. kg. Meðalverð verður þá um 90 au. á kg. Afleiðingin er sú, að það borgar sig fyrir bændur, sem hafa ekki von um að koma kjötinu út á innlendum markaði, að selja kjöt sitt fyrir 1.00 kr. kg., þ. e. 10 au. hærra heldur en meðalverð á erlendum og innlendum markaði.

Viðvíkjandi öðrum brtt., er hér liggja fyrir, sé ég ekki, að nein þeirra sé til bóta nema brtt. hv. 9. landsk. Ég legg því til, að þær verði allar felldar nema brtt. hv. 9. landsk. Um brtt. hv. 7. landsk. mun ég tala og taka afstöðu til hennar, er ég hefi talað við kjötverðlagsnefndina um það, hvort þörf sé að hafa heimild til þess að veita undanþágur fyrir sérstök samvinnufélög, sem kunna að verða stofnuð hér eftir.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Það er nú hvorttveggja, að fátt er um manninn hér í deildinni og ég þarf ekki að segja mikið.

Ég vil taka það fram, að tvær samkynja brtt. hafa verið bornar hér fram, og leiðir af því, að hæstv. forseti ber fram aðeins aðra þeirra, hver sem örlög þeirra verða annars við atkvgr. Annars þarf ég ekki miklu að bæta við það, sem hv. þm. Snæf. hefir sagt um þetta efni, því síður, þar sem þegar hefir verið rætt mikið um verðjöfnunarskattinn, bæði hér og í hv. Ed.

Ég vil aðeins taka það fram út af ummælum hæstv. forsrh. og fleiri hv. þm. hér í d., að þó að verðjöfnunarskattur sé að vísu nauðsynlegur til þess að jafna kjötverðið milli þeirra, sem selja kjöt sitt á inniendum markaði, þá er samt ekki hægt að gera kröfu til hans nema að vissu marki. Hlutverk skattsins á að vera það eitt að hindra, að of mikið berist af kjöti í einu á markaðinn í Reykjavík.

Ég vil líka taka það fram, að n. sú, er hafði þetta mál til meðferðar, komst að þeirri niðurstöðu, að hið hæsta, sem mætti fara í þessu efni, væri 8 aurar á kg. Þetta mál var gaumgæfilega rannsakað í n., og þar sem ég býst ekki við, að hv. þdm. hafi á rækilegri athugasemdum að byggja en þessi n., þá vona ég, að þeir taki þetta til greina við atkvgr.

Hvað einstaka kjötframleiðendur snertir verður þetta ljóst af 6. gr. frv., sem gerir ráð fyrir því, hvernig skipta eigi verðjöfnunargjaldinu milli framleiðenda, þar sem svo er ákveðið, að þeir, sem njóti gjaldsins, megi aldrei fá eins hátt verð fyrir sína vöru og hinir, sem selja á innlendum markaði. Mér finnst þetta benda skýrt til þess, að réttur þeirra, sem bezta aðstöðu hafa til þess að nota innlendan markað, sé settur nokkru hærra en réttur annara. Enda er þetta í sjálfu sér eðlilegt. Það er vitað um þá menn, sem fyrst og fremst njóta verðjöfnunarskattsins, að það eru ekki aðrir en þeir, sem ekki hafa aðstöðu til að njóta Reykjavíkurmarkaðsins, þeir, sem búa víðsvegar úti um landið, við þau skilyrði, að þeir verða að salta sitt kjöt og geta hvorki flutt það nýtt eða fryst til Rvíkur eða til útlanda. Það virðist sem sami skilningur gildi í mjólkursölulögunum, þar sem í 1. gr. er talað um, að nefndinni, sem ákveður verðjöfnunarsvæðin, sé óheimilt að skipta þeim þannig, að mjólkurframleiðendur séu sviptir markaði í þeim kaupstöðum, þar sem þeir hafa áður selt. Með þessu er viðurkennt, að þeir, sem innlenda markaðsins njóta nú, hafi meiri rétt til hans en aðrir landsmenn, sem ekki hafa haft aðstöðu til að selja sínar afurðir í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Ég held þess vegna, að því verði ekki móti mælt, að í l. felist fullkomin viðurkenning fyrir því, að þeir, sem hafa búið að þessum viðskiptum, hafi rétt fram yfir aðra til þess að njóta þeirra áfram, og þær ráðstafanir, sem með l. eru gerðar, eigi að tryggja þennan rétt þessara manna, en ekki skerða, enda er þeim þar í móti ætlað að borga nokkurn verðjöfnunarskatt. Ég vil benda á það, að þessi verðjöfnunarskattur er ekkert smáræði, því að ef hann yrði 10 au. pr. kg., eins og ákveðið er í frv., þá nemur hann um 60000 kr. á þá menn, sem eru í Sláturfélagi Suðurlands, miðað við slátrun á síðasta ári og þá slátrun, sem útlit er fyrir, að verði á þessu ári.

Ég skal ekki fara langt út í það, sem hv. 2. þm. Árn. sagði um till. um að lækka verðjöfn-

unarskattinn. Hann var að tala um, að ef til vill mætti lesa út úr þeirri till., að þeir, sem flytja hana, væru að afla sér með henni kjósendafylgis. Það má segja svo um þessa till. eins og allt annað, sem getur orðið að liði fyrir sérstök kjördæmi, að það séu tilraunir einstakra þm. til að styrkja sína aðstöðu í kjördæmunum, en ég get fullvissað hv. 2. þm. Árn. um það, að að því leyti, sem ég á þátt í flutningi þessarar till., þá er hún ekki byggð á slíkum ástæðum, heldur styð ég till. af því, að mér finnst athugavert að leysa þetta mál á annan hátt en eftir rannsókn þeirrar n., sem um málið hefir fjallað, og líka með tilliti til þess, hver skilyrði eru fyrir sauðfjárrækt hér í nágrenni Rvíkur.

Ég hefi svo ekki ástæðu til að segja meira um þessa till. Það fer sem verða vill um afdrif hennar, og er ekki um annað að gera en taka þeim, hver sem þau verða.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að till. hv. 9. landsk. um aðstöðu neytendafélaga. Tel ég rétt, að þau hefðu fengið rétt til þess að gerast aðilar í málinu. Þessi till. er gerbreytt frá því, sem hún var í upphafi, því nú er ekki gert ráð fyrir, að hún komi annarsstaðar til greina en í þeim stöðum, þar sem enginn hefir leyfi til að verzla með sláturfjárafurðir. Mér virðist helzt, að þessarar till., svo breytt sem hún er, sé helzt ekki þörf. Ég býst við, að þessi vandi sé leystur með þeirri breytingu, sem hv. Ed. gerði á 3. gr., þar sem heimilað er að veita einstaklingum slátrunarleyfi, sem eiga svo örðugt með að ná til sláturhúsa, að illfært sé að dómi kjötverðlagsnefndar. Mér finnst, að þetta geti rúmað heimild þá, sem á að veita með till. hv. 9. landsk. um að seljendur og neytendur megi verzla án milliliða á slíkum stöðum. Till. hv. 9. landsk. er því óþörf að minu áliti eins og hún er nú orðin. Hinu skal ég ekki mótmæla, sem hæstv. forsrh. hélt fram, að eins og till. var upphaflega stefndi hún að því að kippa fótum undan fyrirkomulagi kjötsölunnar, en nú er till. ekki lengur til tjóns.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hæstv. forsrh. við brtt. á þskj. 362, svo hljóðandi [sjá þskj. 371].

Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvennskonar afbrigða, til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Sigurður Kristjánsson:** Út af þeirri brtt., sem við hv. þm. Snæf. flytjum, hefi ég lítið að segja, þar sem hann hefir tekið það allt fram, sem máli skiptir. En út af andmælum viðvíkjandi beinni sölu vil ég segja það, að alveg er bersýnilegt, að þau stafa af ókunnugleika, þegar því er haldið fram, að bein sala muni kippa fótum undan þessari löggjöf. Ég held, að þeir menn, sem halda slíku fram, séu alveg ókunnugir staðháttum. Ég veit ekki betur en að hingað til Rvíkur hafi talsvert af kjöti verið selt beint til neytenda, og ég veit ekki betur en að Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga hafi þrifizt prýðilega þrátt fyrir það. Margir af þeim bændum, sem þannig hafa selt beint, hafa haft fasta viðskiptamenn, sömu menn í áratugi, og er ekki hægt að sjá, að þessi viðskipti hafi orðið neinum til meins. Nei, þetta stafar ekki af öðru en hinum mikla einokunar- og bannanda, sem hér ríkir hjá stjórnarliðinu, sem álítur það aðeins til tjóns og niðurdreps fyrir þjóðina, að nokkur maður fái að vera frjáls gerða sinna í smáu eða stóru. Ég vil benda á það, að frjáls sala er ákaflega mikils virði fyrir bændur í því héraði, sem ég þekki bezt til. Þar selja bændur þannig a. m. k. helming af kjötframleiðslu sinni. Fjöldi bænda þar ýmist saltar eða reykir kjöt sitt heima og selur það síðan þannig. Ég veit ekki til, að sú sala hafi gert nokkrum ógagn, en þessum mönnum er mikið tjón gert með því að banna þeim að verzla þannig með sína vöru. Þar er víða afarerfitt með samgöngur á landi, og flutningar á sjó eru miklu óþægilegri með lifandi fé heldur en með sláturfjárafurðir. Enda get ég bent á það, að Ísafjarðarkaupstaður, sem kaupir mikið af kjöti, bæði handa sjúkrahúsi og gamalmennahæli, hefir keypt það mest hjá einum manni, sem fengið hefir orð fyrir að verka allra manna bezt kjöt þar um slóðir. Nú er lagt mest kapp á að banna þessa beinu sölu; það kapp getur ekki stafað af öðru en ástæðulausri tortryggni og ótta fyrir þeim málstað, sem barizt er fyrir. Það er eins og hv. stjórnarflokkum sé það mestur þyrnir í augum, að nokkur maður sé frjáls að nokkrum sköpuðum hlut, að því er virðist. Maður getur látið sér detta í hug, að tilgangurinn með því að banna þessa beinu sölu sé ef til vill sá, að sporna við því, að bændur geti fengið staðgreiðslu fyrir afurðir sínar, svo að þeir geti ekki gert innkaup á vörum til heimila sinna gegn staðgreiðslu þar sem þeir fá bezt kjör. Ég veit, að ákaflega mikill fjöldi bænda býður þess með eftirvæntingu að vita, hvort þessi hv. samkoma ætlar að heimila frjáls viðskipti á þessu sviði eða ekki. Það er enginn vafi á því, ef þau verða heft, að það verður skilið svo, að það sé gert af tómri meinsemi, en ekki af nemni nauðsyn, því það er gefið, að ef takmarkið hefði verið það eitt, að gera verzlunina sem hagkvæmasta fyrir alla, þá hefðu þessir menn ekki farið að hengja hatt sinn á þessi aukaatriði. En ég er sannfærður um, að það er annað, sem vakir fyrir forsprökkunum.

Hér er ekki hv. þm. A.-Húnv. viðstaddur, en mér þótti einkennilegt, þegar hæstv. landbrh. vék því að honum, að það gæti ekki verið af heilum hug til samvinnufélagsskaparins, að hann legði það til, að samvinnufélög, sem hér eftir yrðu stofnuð, fengju slátrunarleyfi og söluleyfi. Ég veit ekki, hvaðan hæstv. ráðh. kemur heimild til þess að drótta því að hv. þm. A.-Húnv., að hann beri óheilan hug til félagsskapar bænda, manns, sem verið hefir í kaupfélagi um áratugi og deildarstjóri þar einnig um áratugi. Mér þykir líklegt, ef slíkt er ekki sagt af gáleysi, að bak við sé ekki sem heilastur hugur, því hvaða ástæða getur verið til þess að banna þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða, að verzla með afurðir sínna eigin félaga? Ég fæ ekki séð, að það sé gert bændum til hjálpar. Ég

mótmæli því harðlega þessum fjarstæðu sakargiftum hæstv. ráðh. á hendur hv. þm. A.-Húnv., sem við engin rök hafa að styðjast.

Viðvíkjandi brtt. hv. 9. landsk. á þskj. 347 skal ég taka það fram, að hún er nú orðin aumasti kripplingur fyrir það, að hæstv. landbrh. misþyrmdi henni í fæðingunni, og er hún því minna virði en hún var áður, en ég skal lýsa því yfir, að ég hefi ekki geð á því að níðast á öðrum eins vesalings aumingja og mun því ljá henni atkv., þó mér dyljist ekki, að hún er nú lítils virði miðað við það, sem hún áður var, meðan hún fól í sér ákvæði um frjáls viðskipti milli seljenda og kaupenda. Það var ekki annað en það, sem hefir átt sér stað bæði hér og annarsstaðar, og hafa félög bænda þrifizt prýðilega við hliðina á þeirri verzlun. Það getur því ekki verið önnur ástæða en sú til að banna þessi frjálsu viðskipti, að hefta eigi sem mest umráð manna yfir eigin eign. En sú stefna er af illum toga spunnin og leiðir til ills eins.

**Thor Thors:** Ég get raunar verið stuttorður, því hv. þm. Borgf. og hv. 6. þm. Reykv. hafa tekið af mér ómakið að mestu leyti. Hv. 2. þm. Árn. tók því illa, að ég fann að því við hann, að hann vildi ekki gefa okkur flm. brtt. færi á að mæla fyrir þeim áður en hann talaði á móti brtt. Ég hafði vanizt því, að svo væri gert, og þótti því leitt, að jafnprúður maður og þessi hv. þm. er skyldi beita slíku ofurkappi sem hann gerði. Um þau tvö atriði í brtt. okkar, lækkun verðjöfnunargjaldsins og beina sölu, skal ég til viðbótar við það, sem hv. þm. Borgf. hefir sagt, vísa til orða hv. 2. þm. Árn. um, að við eigum sameiginlega að vinna að því að gera sem flesta bændur ánægða með lögin. Nú er það svo, að ⅝ af kjötframleiðslu okkar er selt á innlendum markaði. Ef verðjöfnunargjaldið verður lækkað og gert eins og það var ákveðið í upphafi af afurðasölunefndinni og menn voru búnir að sætta sig við, þá má búast við því, að meiri hluti bænda verði ánægðari en ella. Ég held því, að ekki hafi verið ástæða til að hækka verðjöfnunargjaldið. Ég get ekki betur séð en að hv. 2. þm. Árn., sem er fulltrúi þeirra bænda, sem erfitt eiga með að nota útlendan markað fyrir sitt kjöt, hljóti að geta fallizt á það, að lækkunarstefnan hljóti að vera vinsælli hjá meiri hluta bænda.

Það er mjög einkennilegur ótti hér í hv. d. við beina sölu milli framleiðenda og neytenda. Hún er þó vitanlega til hagræðis fyrir báða aðila. Þeir, sem þannig hafa selt, hafa vissan markað fyrir sína vöru, markað, sem þeir hafa margir notað lengi og þekkja ekki annan eins góðan. Ég get ekki séð, hvaða hætta af því stafar, að þau viðskipti haldi áfram. Ég hygg, að engir bændur séu svo aumir að fara að selja neytendum vöruna fyrir lægra verð heldur en þeir geta fengið fyrir hana í sláturhúsunum. Þegar búið er að ákveða lágmarksverð, getur ekki verið ástæða til að óttast, að kjötið verði selt undir því verði.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Það er tiltölulega fá orð, sem ég hefi að segja að þessu sinni; þó vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. Borgf. út af svari hans til mín um það, að kjötframleiðendur í nágrenni Rvíkur hefðu meiri rétt til markaðarins hér heldur en aðrir. Ég hélt því fram, að svo væri ekki, og ég stend við það. Hv. þm. vildi halda því fram, að það hefði verið skoðun mþn., að þeir, sem fjær byggju innlenda markaðinum, hefðu ekki eins mikinn rétt til hans og hinir, sem byggju í grennd við hann, af því að þeir, sem fjær byggju, ættu ekki að fá eins hátt verð, og það væri svo sönnun fyrir því, að þeir hefðu minni rétt. En þetta er alveg rangt ályktað hjá hv. þm. Verðmunurinn stafar af því, að þeir, sem fjarri búa, hljóta að kosta dýrari flutning á vörunni á markaðinn. Þegar verið er því að reikna út verðuppbótina, á að miða verðið við vöruna á þeirri höfn, sem hún er stödd á, þannig að það verður þeim mun lægra, sem það mundi kosta að flytja hana þaðan á markaðinn hér í Rvík. Í þessu liggur það, að þeir, sem fjær búa, eiga að fá lægra verð, en ekki í hinu, að þeir hafi minni rétt en aðrir. Það hlýtur að vera auðvelt að reikna það út, hver sá verðmunur á að vera. Þó vil ég taka það fram strax, að það er ekki réttur mælikvarði á verði á því kjöti, sem flutt er í september til Rvíkur á bílum lengra að, því með þeim flutningi hefir náðst annað, miklu hærra verð hér í Rvík heldur en það, sem gildir er líður á haustið. Það er ekki rétt að hafa verðmismuninn sem nemur flutningskostnaðinum á kjötinu. En vitanlega er það ekki nema nokkur hluti af því kjöti, sem þessi félög mundu flytja á markaðinn, ef hann væri opinn.

Hv. þm. hélt því fram, að þeir, sem fjarri byggju, hefðu ekki möguleika til þess að koma kjötinu á markaðinn. Það er ekki rétt. Þeir hafa margir hverjir frystihús og geta flutt það hingað suður jafnóðum og þörf krefur (**PO:** Ég átti við þá, sem söltuðu). Það er mikið notað af saltkjöti hér í Reykjavík. En jafnvel þó að enn séu nokkur félög, sem ekki hafa aðstöðu til þess að koma kjötinu frystu á markaðinn, þá hafa þau möguleika til þess að koma upp frystihúsum, ef þau vilja nota innlenda eða útlenda markaðinn fyrir frosið kjöt.

Hv. þm. sannaði einmitt, hvað þessi innlendi markaður er mikil almenningseign, að þeir, sem næstir búa og njóta markaðsins, eiga að borga fyrir það, að aðrir komi ekki með sína vöru og eyðileggja markaðinn fyrir þeim. Hefðu þeir ekki þurft að borga, þá ættu þeir rétt til markaðsins, en einmitt það, að þeir þurfa að kaupa hann, sannar, að þeir hafa ekki haft einir rétt til að nota þennan markað, enda er það svo í frjálsum viðskiptum, að það er opin leið fyrir hverja verzlun, hvar sem er, að bjóða sína vöru, alveg eins og Akurnesingar og Reykvíkingar koma norður fyrir land og fiska síld þar.

Þá sagði hv. 6. þm. Reykv., þegar hann talaði fyrir sinni till., að það væru svo margir menn, sem hefðu slátrað heima sínu fé og selt sjálfir neytendunum, og að þeir mundu verða hart úti af völdum þessara laga, ef þeir fengu ekki að gera það áfram. Nú er komið ákvæði um

þetta inn í 3. gr. frv. við meðferð þess í Ed., eins og hv. þm. Borgf. gat um, og ég sé ekki annað en kjötverðlagsnefndin hafi heimild til þess að nota það ákvæði gagnvart þeim mönnum, sem erfiðasta aðstöðu hafa til þess að koma sinni vöru á markaðinn á annan hátt, og jafnvel þó að þeir hafi möguleika til þess og sæmilega aðstöðu, þá hefir n. vald til þess að veita þeim þetta leyfi áfram, og ég hygg, að n. hafi framkvæmt það svo á síðastl. hausti. Ég held, að formaður þeirrar n. hafi gert allt, sem hann gat, til þess að greiða úr þessu og láta sem minnstan árekstur verða út af þessu. En hitt játa ég, að geti verið, að n. hafi ekki gengið eins langt í þessu eins og einstaka manni hefði fundizt þörf á.

Hv. þm. hélt því fram, að það væri þyrnir í augum þm., að menn væru ekki frjálsir með viðskipti, en þetta er alls ekki rétt, í það minnsta í því máli, sem hér er um að ræða, því að hér er um knýjandi nauðsyn að ræða, sem menn verða að ganga inn á, hversu mjög sem þeim er óljúft að ganga inn á truflun í viðskiptalífi manna. Hér er aðeins verið að gera ráðstafanir til þess að bjarga framleiðslu bændanna, og ég vil segja í sambandi við orð, sem hér hafa fallið á milli manna, að hér væri um vissa „agitation" að ræða á bak við eina till. í þessu máli, að það á að leggja til hliðar alla pólitíska flokkadrætti, þegar um svona mikið nauðsynjamál bændanna er að ræða. Það er ekki leyfilegt að berjast fyrir hagsmunamálum eins héraðs á kostnað annars, þegar á að hjálpa bændum í heild. Það getur aldrei orðið til annars en ófarnaðar fyrir bændur, því að það kemur til leiðar óánægju með lögin, ef sumir fara betur út úr þessu á kostnað annara. Þess vegna verður að sneiða hjá allri slíkri hagsmunastreitu vissra héraða. Það verður að hugsa um allt landið í heild, og það er ekki hægt á annan hátt betur en að leggja rækilega niður fyrir sér t. d. um verðjöfnunargjaldið, hvað það þarf að vera hátt, til þess að halda skipulaginu uppi, án þess að hægt sé að sanna með fullum rökum, að misræmi sé á milli einstakra héraða. Það þýðir ekki að færa fram þær ástæður, að eitt hérað hafi rýrara fé en annað. Það verður að bíða eftir þeim tíma og tækifærum, þegar farið verður að skipuleggja framleiðsluna í landinu. Ef slíku heldur áfram sem nú er, þá er óhjákvæmilegt að gera eitthvað í þá átt. Þá þarf að taka sauðfjárræktina þeim tökum, að hún sé stunduð í þeim héruðum, sem bezt skilyrðin hafa til þess atvinnuvegar, og aftur á móti kúabú aukin þar, sem skilyrði til þess eru fyrir hendi.

Því hefir verið slegið hér fram, að það hefði verið álit mþn., að verðjöfnunargjaldið mætti ekki vera hærra en 8 aurar. Ég hefi skýrt frá því hér áður, að því hefði verið haldið fram í n., að verðjöfnunargjaldið mætti ekki vera minna en 10 aurar. Að það varð undir í umr. og afgreiðslu málsins í n., kom til af því, að óheppilega mikið tillit var tekið til þröngsýnna manna í nærliggjandi sveitum, sem þótti það of þungur skattur á sér, og að sumu leyti af því, að of mikið tillit var tekið til þeirrar „agitationar", að verðjöfnunargjaldið kæmi sem aukinn neyzluskattur á neytendur í Reykjavík. Ég vildi ekki taka tillit til neins þessa, heldur aðeins, að lögin næðu tilgangi sínum.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** (óyfirl.): Þessar umr. snúast að mestu um sömu atriðin aftur og aftur. Ég skal ekki endurtaka mikið af því, sem ég hefi áður um þetta sagt, en verð þó að endurtaka nokkuð. Ég skal taka fram nokkur atriði viðvíkjandi verðjöfnunargjaldinu, og í því sambandi færa fram frekari rök fyrir því, að nauðsynlegt sé að hækka verðjöfnunargjaldið úr 8 aurum á kg. upp í 10 aura, heldur en ég hefi þegar gert.

Ég gat um það áðan, að hækkun á verðjöfnunargjaldinu væri nauðsynleg fyrir þá sök, að þeir, sem hafa orðið að nota útlenda markaðinn og bolað er burt af innlenda markaðinum, fá svo miklu lægra verð fyrir sitt kjöt en þeir, sem selja það á innlendum markaði. Það hefir nú verið tekið til rannsóknar síðustu dagana, hvernig hægt er að jafna það ósamræmi, sem er á milli kjötverðs á útlendum og innlendum markaði. Það er svo fjarri því, að hægt sé að halda uppi þessu skipulagi nema að hafa verðjöfnunargjaldið svona hátt, og það er ekki hægt að varna því, að of mikið kjöt komi á innlenda markaðinn, nema með því, að verðjöfnunargjaldið sé svo hátt, að nokkurt samræmi verði á verðlaginu á útlendum og innlendum markaði. Þess vegna færi ég þau rök fram, að þessi hækkun sé ekki síður gerð fyrir þá, sem nota innlenda markaðinn, heldur en fyrir hina. Þetta er gert til þess, að hægt sé að halda skipulaginu uppi fyrir þá, sem nota innlenda markaðinn og eru í nágrenni kaupstaðanna. Frekari rök tel ég mig ekki þurfa að færa fram fyrir þessu atriði.

Þá er hitt atriðið, sem nokkuð hefir verið minnzt á, og það er sú tilhneiging, sem ég og meiri hl. á þingi hafi til þess að banna fjölgun samvinnufélaga í þeim sveitum, þar sem þau eru fyrir. Ég sýndi fram á, að þar, sem samvinnufélög eru fyrir, er hafa lagað rekstur sinn eftir þeim þörfum, sem fyrir eru á því svæði, sem þau starfa á, þá hefir það ávallt verið frekar til hins verra, bæði fyrir félögin, sem fyrir eru, og neytendurna líka, að ný félög hafi verið stofnuð, því að það hefir einungis valdið því, að slátrunin hefir dreifzt og kostnaðurinn orðið meiri, bæði fyrir neytendur og framleiðendur. Sláturfélag Suðurlands er alveg miðað við það, sem tekið er á móti af kjöti hér í Reykjavík; en hugsum okkur t. d., að annað félag væri stofnað við hliðina á því. Afleiðingin af því yrði vitanlega sú, að minna yrði slátrað hjá Sláturfélagi Suðurlands og rekstur*inn því hlutfallslega dýrari, og þetta nýja félag* yrði því aðeins til þess að auka kostnaðinn, bæði fyrir framleiðendum og neytendum. Hinsvegar hefi ég gengið inn á það, að þar, sem samvinnufélag er ekki fyrir í tilteknu héraði, sé leyfilegt að stofna samvinnufélag til þess að annast um slátrun og dreifingu kjötsins. Þess vegna hefi ég gert brtt. við brtt. hv. 7. landsk., sem hv. 6. þm. Reykv. minntist á og taldi

skemmd á þessari till. En skemmdin gengur í þá átt, að ég vil ekki láta stofna samvinnufélag þar, sem samvinnufélag er fyrir og þess er ekki þörf, en yrði aðeins til hins verra. En þar, sem samvinnufél. eru ekki fyrir, geng ég inn á þann milliveg, að leyft sé að stofna samvinnufélag. En það er rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. gat um, að þessi brtt. eins og hún er nú orðuð lítur heldur leiðinlega út. Það eru í henni nokkuð margar millisetningar, og þar sem kemur ein til viðbótar, gerir það að verkum, að till. verður á óþjálu máli.

Þá er þriðja atriðið, sem minnzt hefir verið á í þessu sambandi, og það er beina salan. Það hefir verið minnzt á og því haldið fram, að sá andi ríki hér í þessari hv. d., og þá sérstaklega hjá meiri hl., að leyfa ekki beina sölu, sem sé til hagsbóta bæði fyrir neytendur og framleiðendur. Ég vil taka fram í þessu sambandi, að vöruskipti hafa verið leyfð á þessu hausti og verða vitanlega leyfð framvegis. Þau hafa m. a. tíðkazt mikið í því héraði, sem hv. 6. þm. Reykv. minntist á, Norður-Ísafjarðarsýslu. Í öðru lagi hefir verið leyft á þessu hausti — og nú tekinn af allur vafi með nýju ákvæði í frv. — að selja reykt kjöt beint, og var það sérstaklega gert eftir ósk þeirra manna, sem höfðu framleitt góða vöru; einkum voru það bændur, sem áttu sauði og höfðu orðið þekkta vöru.

Þá vil ég í þriðja lagi taka fram, að í lögunum er heimilað að selja fé á fæti. Þetta er miðað við það, að ef einstakir menn vilja kaupa lifandi kindur og slátra sjálfir, þá geti þeir það samkv. lögunum. Hér er því orðið nokkuð mikið um beina sölu að ræða, en þó að þessu sé þannig fyrir komið, þá er hagnaðurinn af þessari beinu sölu fyrir framleiðendur og neytendur alls ekki mikill peningalega séð, því að, eins og ég hefi bent á, fellur ekki annar kostnaður á í sláturhúsunum en um 5 til 6 aurar á kg., en þaðan geta neytendur fengið kjötið beina leið, og á þann hátt fellur því enginn kostnaður á kjötið til neytendanna, nema smásölukostnaðurinn, sem þeir verða að greiða hvort sem er.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að búðagjaldið var 30%, en hefir nú fyrir tilstilli kjötverðlagsnefndarinnar verið lækkað niður í 15%, og þess vegna er það, að ef maður lítur á verðvísitöluna og athugar verð kjötsins í smásölu, þá sést, að breytingin er engin frá því í fyrra. Nú hefir hv. 6. þm. Reykv. ekki, svo ég viti til, fundið ástæðu til þess að finna að því, þó að þetta fyrirkomulag hafi ríkt, en þetta hefir kjötverðlagsnefndin lagfært, og þó væri sjálfsagt hægt að lagfæra það enn betur, ef búðunum væri fækkað meira. Til þess er vafasöm heimild í frv. eins og það nú liggur fyrir, og fékkst ekki í Ed., að gengið yrði lengra í þá átt en þegar er orðið. Svo það er ekki það, að við viljum halda uppi milliliðaverzlun, heldur að bændur viðurkenni sín félög sem milliliði, þar sem það er nauðsynlegt til þess að geta haldið uppi skipulaginu. Ef bændur hefðu ekki sölufélög, væri ómögulegt að halda skipulaginu uppi.

Í þessu sambandi skal ég benda á, að ef um beina sölu er að ræða fram yfir það, sem þegar er leyft, verða menn vel að athuga það, að allt öðruvísi stendur nú á með beina sölu heldur en var fyrir nokkrum árum. Ef við lítum á verðlag kjötsins fyrir nokkrum árum, þá sjáum við, að það var stöðugt í 5 ár. En fyrir 3 árum, þegar útlendi markaðurinn lokaðist, þá jókst framboðið á innlenda markaðinum, svo verðið á kjötinu hrapaði niður. Vegna þrengsla á erlenda markaðinum og vegna þess, að verðið er hærra á innlenda markaðinum, þá er með meiri frjálsri sölu en þegar hefir verið leyfð hætt við, að of mikið framboð verði á kjötinu og að þeir, sem kjötið selja, neyðist til þess að selja það undir verði. Það er af þessum ástæðum, að ég vil ekki ganga inn á að leyfa meiri beina sölu, vegna þess að það gæti eyðilagt skipulagið.

Það hefir verið bent á, að bændur mundu ekki hafa tilhneigingu til þess að selja kjötið undir því verði, sem kjötverðslagsnefndin setur á það. Í þessu sambandi er alltaf talað um markaðinn eins og hann er hér í Rvík, en því er alveg gleymt, sem ég tók fram áðan, að t. d. úti um land, þar sem sölufélög bænda selja nokkuð af sínu kjöti á erlendum markaði fyrir 60 til 70 aura kg., en hinn hlutann á innlendum markaði fyrir 1 kr. til 1,10 kr. kg., þá vita bændur ekkert, hvað mikið af þeirra kjöti selst á erlendum markaði og hvað mikið á innlendum markaði, og þar af leiðandi vita þeir ekkert, hvað meðalverðið kann að verða, og hugsa sem svo, að það geti borgað sig að selja það fyrir lægra verð á innlenda markaðinum en skráð er, og það verði þó hærra heldur en meðalverðið. Þess vegna mega menn alls ekki tala út frá markaðinum í Rvík, því að úti um land er verðlagið alls ekki fast, og meðalverðið vita menn ekkert um og geta því selt langt undir því verði, sem selst fyrir á innlendum markaði. Þetta stafar allt af því, að menn hugsa þetta einungis út frá markaðinum í Reykjavík.

Ég held, að ég hafi nú svarað því, sem fram hefir komið við þessa umr. Það er um þetta mál eins og flest önnur nokkur ágreiningur, en þó í flestum atriðum ekki mjög stórvægilegur, og skal ég ekki þreyta menn með því að endurtaka það, sem ég hefi áður um þetta sagt, enda tel ég nægileg rök hafa verið færð fyrir því, að brtt. eigi að fella, vegna þess að þær eru til skemmda á frv., nema brtt. frá hv. 9. landsk. Eins og ég tók fram og hv. þm. Borgf. minntist einnig á getur hún kannske orðið til þæginda, en ekki til skemmda, þó að hún sé í sjálfu sér óþörf.

Brtt. frá hv. 7. landsk. hefi ég ekki á móti, ef samþ. verður brtt. við hana, sem ég var að ræða um viðvíkjandi samvinnufélögunum; annars álít ég, að eigi að fella hana, verði mín brtt. ekki samþ.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég held, að það sé misskilningur hjá hæstv. forsrh., að það sé í frv. eins og það nú er leyfð sala á lifandi fé. Það stendur hér í 3. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi

þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt með rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar".

Ég held, að það komist ekki undir þetta ákvæði að menn megi selja einstökum mönnum í kaupstöðum kindur til slátrunar handa sér. (**Forsrh.**: Með leyfi nefndarinnar; það er í upphafi 3. gr.).

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Nd., 9. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 344 felld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PÞ, PHalld, SK, GÞ, GSv, JakM, JJós.

nei: PO, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EystJ, FJ, GG, HannJ, JÓl, JS, JG, MT, JörB.

PZ, ÁÁ, EmJ, GÍ, GTh, HV, JónP greiddu ekki atkv.

Brtt. 355,1 felld með 21:6 atkv.

— 347,1 samþ. með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: GTh, HV, JJós, JÓl, JónP, JS, JG, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, SK, StJSt, ÁÁ, BB, EmJ, FJ, GÞ, GÍ, JörB.

nei: HannJ, MT, PO, BÁ, GG.

JakM, ÓTh,[1]) PZ, ÞorbÞ, BJ,[2]) EystJ, GSv greiddu ekki atkv.

Einn þm. (TT) fjarstaddur.

Brtt. 358 felld með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JÓl, JónP, ÓTh, PHalld, SK.

nei: ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.

JJós, JS, PO greiddu ekki atkv.

Einn þm. (TT) fjarstaddur.

Brtt. 371 samþ. með 17:9 atkv.

— 362 samþ. með 18:11 atkv.

— 355,2 felld með 18:9 atkv.

— 347,2 samþ. án atkvgr.

— 356 fallin (eftir atkvgr. um brtt. 355,2).

— 355,3 fallin (eftir atkvgr. um brtt. 355,1).

Frv., svo breytt, samþ. með 26:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JÓl, JónP, JS, JG, MT, ÓTh,[3]) PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, GTh, HannJ, JörB.

nei: JakM, PHalld.

JJós, SK,[4]) GÞ, GSv, GÍ greiddu ekki atkv.

Frv. endursent Ed.

Á 35. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 373).

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Páll Hermannsson)**: Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að hér liggur fyrir brtt. við frv., sem er mjög þýðingarmikil. Landbn. hefir ekki haft tækifæri til þess að koma saman og athuga till. þessa, sem ég verð þó að telja mjög æskilegt. Ég vil því leyfa mér að óska þess, að forseti taki málið út af dagskrá nú, og ég býst við, að n. geti athugað till. þessa í dag, svo málið geti komið á dagskrá aftur á morgun og þurfi því ekki að tefjast mikið vegna þessara hluta.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv. var frv. aftur tekið *til einnar umr.* (A. 373, 388).

**Þorsteinn Briem** [óyfirl.]: Ég á brtt. við þetta frv. á þskj. 388. Vil ég telja, að sú brtt. sé í fyllsta samræmi við tilgang frv., að bæta og jafna verðlag á kjöti, sem verzlað er með á innlendum og erlendum markaði, með þeim hætti að koma á nokkurri verðhækkun á innlenda markaðinum og að leggja verðjöfnunarskatt á þann hluta kjötsins, sem seldur er innanlands, til uppbótar því, sem selt er á erlendum markaði. En þetta verðjöfnunargjald er hugsað sem endurbætur til þeirra, sem búa í fjarlægum héruðum og hafa afsalað sér hlutdeild í bezta markaðinum innanlands. Í bráðabirgðalögunum var hámark þessa verðjöfnunargjalds ákveðið 8 aurar á kg., en það hefir komið í ljós við meðferð málsins hér, að þetta hámark væri of lágt, og fékkst því samþ. að hækka það upp í 10 aura á kg. En í framkvæmd laganna á þessu hausti hefir nefndin verið of bjartsýn á verðlag kjötsins á erlendum markaði og ákveðið verðjöfnunargjaldið aðeins 6 aura. Nú er komið í ljós, þó að ekki sé liðinn langur tími síðan kjötsölunefndin ákvað verðjöfnunargjaldið, að á þeim stutta tíma hafa horfurnar um sölu kjöts á erlendum markaði breytzt mjög, sérstaklega um freðkjötið. Eru nú líkur til, að það verði 10 aurum lægra hvert kg. en í fyrra. Er augljóst, að þetta verða allmikil vonbrigði þeim bændum, sem selja freðkjöt til útlanda, þar sem þeir búast við hærra verði en í fyrra, en fá í þess stað 10 aura lækkun. Er þetta mjög tilfinnanlegur munur, þegar litið er á það, að þeir bændur, sem njóta innlenda markaðsins, fá mjög verulega hækkun á sínu kjöti, allt að 23 aurum á kg. Er augljóst misræmi í því, að þeir fái 23 aura hækkun, en hinir, sem bezta aðstöðu hafa á erlendum markaði, fá 10 aura lækkun eftir því, sem nú horfir við. Ég hefi áður látið í ljós ugg um það, að menn gætu orðið fyrir vonbrigðum að þessu leyti um framkvæmd þessara laga. Sá uggur hefir því miður ekki reynzt ástæðulaus. Það er sýnilegt, að með því verðjöfnunargjaldi, sem nú er, verður aðeins hægt að veita nokkra uppbót á saltkjöt, en enga á freðkjöt. Vegna þeirrar óvissu, sem

---

1) **ÓTh**: Með því að mér er ekki ljóst, hvaða áhrif þetta hefir á Barðastrandasýslu, greiði ég ekki atkv.

2) **BJ**: Af sömu ástæðum og hv. þm. G.-K. greiði ég ekki atkv.

3) **ÓTh**: Í trausti þess, að framkvæmd þessara l. fari sæmilega úr hendi, segi ég já.

4) **SK**: Sökum þess, að ég álít, að l. standi til bóta, þar sem reynslan hefir sýnt, að hér eru miklir gallar á, greiði ég ekki atkv. á móti frv., en af því að mér er líka kunnugt um, að það getur orðið gereyðileggjandi fyrir fjölda bænda, vil ég ekki heldur samþ. það, og greiði ég því ekki atkv.

nú ríkir um erlenda markaðinn, hefi ég borið fram till. þess efnis, að þegar verðlagið á útlenda markaðinum reynist óhæfilega lágt, svo að verðjöfnunargjaldið hrekkur ekki til að jafna þann mun, þá sé ríkisstj. heimilt að greiða uppbót úr ríkissjóði til að auka verðuppbótina. Upphæðin er ekki ákveðin í till., en skal miðuð við það, sem aðrar tekjur sjóðsins nema á því söluári. Það er augljóst, að það, sem komið hefir fyrir, getur enn hent. Ég skal játa, að hækkun verðjöfnunargjaldsins upp í 10 aura á kg. gerir nokkurn mismun, en það má búast við, að hér geti orðið enn meiri breyt. en þær, sem orðið hafa svona óvænt á stuttum tíma. Það stendur nú svo á, að þetta verðfall núna kemur einmitt niður á þeim, sem mestan hnekki biðu af votviðrunum í sumar. En hækkunin á innlenda markaðinum fellur að mestu í hlut þeirra, sem í góðviðrasveitunum búa. Ég get ekki látið mér í hug koma, að nokkur telji ósanngjarnt, að þeir menn, sem orðið hafa fyrir þessu óvænta verðfalli ofan á örðugleika sumarsins, fái uppbót á sitt kjöt til jafns við hina, sem betur eru settir. Því síður get ég hugsað mér, að á móti þessari till. verði mælt, þar sem þessi hv. d. hefir gengið frá lögum um verulega uppbót til síldveiðimanna og ætlast til, að hún komi einkum í þeirra hlut, sem mest hafa borið úr býtum við síldveiðina. Þörfin á þessum stuðningi er augljós. En slík verðbreyting, sem nú hefir orðið, getur alltaf komið, og því er nauðsynlegt að hafa þessa heimild í lögunum, svo að hægt sé að grípa til hennar þegar með þarf. Maður vonar, að þetta hendi ekki mjög oft og að þetta verði ekki tilfinnanlegur útgjaldaliður, en það getur staðið svo á sem nú, að þessi heimild sé nauðsynleg. Ég hefi því ekki hikað við að flytja þessa till., þó að ég vilji taka tillit til fjárhags ríkissjóðs, og ég vænti, eftir þeim undirtektum, sem hlutaruppbótin til sjómannanna fékk, að þessari till. verði einnig vel tekið.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég skal geta þess, að þegar mál þetta var til umr. í Nd. í síðustu viku, lét ég þess getið, að ég hefði þegar látið sérfróða menn athuga markaðshorfurnar á ísl. kjöti á erlendum markaði og beðið þá að gera tillögur um, hvernig bezt yrði ráðið fram úr þeim verðmismun, sem vænta mætti. Við ræddum síðan málið, og varð sú niðurstaðan, að eðlilegast væri að láta frekari aðgerðir bíða þingsins í vetur, því að þá sést betur, hvernig sölunni reiðir af. Ég lít svo á, að heimildir af þessu tægi, sem till. fer fram á, séu gagnslitlar. Það þarf þá a. m. k. að sjá jafnframt fyrir peningum til að greiða þau útgjöld, sem samþykkt slíkra tillagna hefir í för með sér. Þessar heimildir hafa tíðkazt nokkuð undanfarið, en reynzt gagnslitlar. Ég get bent á, að lítið gagn mun hafa orðið af heimild um styrk til mjólkurbúa og til verðuppbótar á kjöti í gildandi lögum. Fyrrv. stj. mun ekki hafa greitt þá styrki, og skyldi hún þó við ríkiskassann tóman. Stj. lítur svo á, að þegar slíkar heimildir eru gefnar án þess að ætla fyrir þeim útgjöldum í fjárl., þá sé ekki hægt að greiða slíka styrki nema afgangur sé í ríkiskassanum. Þessi till. er því ekki nógu vel undirbúin til þess að hægt sé að setja hana í lög. Ég mun því leggja til, eins og ég hefi áður sagt, að þetta verði tekið til athugunar á næsta þingi, og þá séð fyrir tekjulið til að standast þau útgjöld, sem af þessu leiðir. Ég þarf að fara af fundi rétt strax og mun því ekki orðlengja þetta, en legg til, í samræmi við það, sem ég hefi þegar sagt, að brtt. verði felld. Ég hygg, að máli þessu verði betur borgið með því að fresta þessum ráðstöfunum til næsta þings og ganga þá frá málinu á tryggilegan hátt.

**Magnús Jónsson:** Ég vildi aðeins gera eina fyrirspurn til hæstv. ráðh. áður en hann fer af fundi. Frsm. meiri hl. sagði í ræðu hér í gær, að Rangárvallasýsla hefði hagnazt um 60 þús. kr. og Árnessýsla um 90 þús. kr. á kjötsölulögunum að þessu sinni. (**PHerm:** Ekki rétt, — Rangárvallasýsla 40 þús. og Árnessýsla 60 þús.). Ég tek fúslega þessari leiðréttingu. En ef þetta er rétt, vildi ég fá það staðfest hjá hæstv. ráðh., en ef það er rangt, vildi ég fá því slegið föstu, að formaður flokks hans hafi farið hér með fleipur.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Mér virðist þetta fremur einkennileg fyrirspurn, því að hv. þm. getur víst mjög hæglega farið til Sláturfélags Suðurlands og fengið vitneskju um þetta þar. Annars hygg ég rétt farið með þessar tölur og að gróðinn hafi verið svipaður því, sem þær segja, eða um 40 þús. kr. í Rangárvallasýslu og 60 þús. kr. í Árnessýslu. En ég skal taka það fram, að ég hefi ekki sérstaklega beðið um neina útreikninga um þetta. Það getur hv. 1. þm. Reykv. sjálfur gert, ef hann vill.

**Þorsteinn Briem** [óyfirl.]: Ég verð að segja, að ég varð fyrir vonbrigðum, þegar hæstv. forsrh. andmælti till. minni og taldi hana ófyrirsynju fram komna. Ég átti ekki von á slíkri kveðju frá landbúnaðarráðh. til bændanna, sem hafa búið við nær því eindæma óhagstætt tíðarfar í sumar. Ég hélt, að það mundi anda hlýlegar frá honum í garð þessara manna, þegar reynt var að bæta að nokkru þau skakkaföll, sem þeir hafa orðið fyrir á sölu afurðanna. Ég bjóst ekki við, að þannig yrði tekið á málinu. Ég hélt, að þeir menn, sem voru svo fúsir á að sýna síldveiðimönnunum sanngirni, mundu ekki síður líta á hag bændanna, sem hafa þrælað sjálfir allt sumarið og keypt dýran vinnukraft, en ekki borið úr býtum annað en lítil og léleg hey eftir allt erfiðið. Svo bætist ofan á geysileg verðlækkun á afurðum þeirra í stað verðhækkunar, sem þeir höfðu vænt sér sem árangurs af kjötsölulögunum. Það kom mér á óvart að heyra slíkar undirtektir hjá hæstv. ráðh. Hitt er aðeins undanfærsla, að ekki sé veitt fé til þessa í fjárl. Slík útgjöld yrðu vitanlega tekin í fjárl. eftir á.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að heimildin um styrk til mjólkurbúa hefði reynzt gagnslítil. Mér kemur þetta ókunnuglega fyrir, því að ég veit ekki annað en að fyrrv. stj. hafi veitt

þennan styrk, þó að upphæðin sé ekki tiltekin og ekki komin í reikningsuppgerð fjárl. Hann minntist líka á kjötuppbótina samkv. gildandi lögum. Það var kallað eftir skýrslum um söluna, til þess að hægt væri að reikna út, hvað þyrfti að greiða, en þær skýrslur voru ekki komnar þegar ég fór úr stj. En þær skýrslur, sem komið hafa síðan, sýna, að upphæðin er ekki mjög stór, og minni en framlagið til sundhallarinnar, sem stj. var mjög fljót til að lofa að greiða, og nær helmingi lægri en hlutaruppbótin til sjómanna, sem stj. sótti af miklu kappi, að greidd yrði. Mér þykja því mjög furðulegar þessar undirtektir hæstv. ráðh. og mér virðist þær bera vott um skilningsleysi hans á hag þeirra landshluta, sem hér er um að ræða.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. hefir farið til Nd. og er komið þaðan aftur. Þar urðu mikil átök um það, eins og í þessari hv. d.

Breyt. á frv. eru litlar; ekki aðrar en þær, að í 3. gr. frv. var settur viðauki um það, að leyfa megi félögum neytenda að slátra þar, sem sérstaklega stendur á, þ. e. ef ekki er sláturhús á staðnum, og einnig voru rýmkuð fyrirmælin, sem leyfa nýjum samvinnufél. slátrun. Aðrar breyt. hafa ekki orðið á frv. í Nd., og ég lít svo á, að þær séu báðar meinlausar og heldur til bóta fyrir málið. Auk þessarar breyt. liggur fyrir breytingartillaga á þskj. 388, frá hv. 10. landsk.

Ég þykist muna, að ég hafi við 2. umr. þessa máls getið þess, að ef kjöt, sem fer til útlanda, félli í verði, væri varla hægt að búast við því, að innanlandssalan gæti lagt svo mikið af mörkum til uppbótarinnar, að það nægði, þegar útlenda verðið væri mjög lágt. Ég dró þetta út af þeirri staðreynd, að það er ekki nema röskur helmingur af kjötinu, sem selst innanlands. En þegar verðmismunurinn er 30 til 40 aur. á hvert kg., eða um helmingur, þá virðist mér eðlilegt, að þegar illa gengur með söluna erlendis, sé ekki hægt að ætlast til þess, að innanlandssalan ein geti borið erlenda verðið uppi.

Þessa gat ég strax við 2. umr. málsins hér í hv. d. Þegar svo fer, koma menn ekki auga á annað úrræði en að ríkissjóður hlaupi þá undir bagga. Ég er því, efni brtt. á þskj. 388 sammála og því, að þegar þörf krefur, sé nauðsynlegt, að uppbót á útfluttu kjöti komi úr annari átt en frá verðjöfnunargjaldinu.

Verðjöfnunargjaldið getur að mínu viti ekki orðið svo hátt, að vissa sé fyrir því, að það nægi, hvernig sem fer, til þess að bæta upp verð útflutts kjöts. Annað mál er það, hvort rétt sé og nauðsynlegt að setja þetta ákvæði inn í þessi kjötsölulög. Það verður að verða aðalreglan, að framleiðendur kjöts fái fyrir það sæmilegt verð án þess að uppbætur komi úr ríkissjóði, og ég er alveg sammála hæstv. landbmrh. um það, að þessi heimild er gagnslaus, ef ríkissjóður er tómur. Mér virðist þessi heimild líka vera dálítið óákveðin. Ég ætla að lesa till. upp, með leyfi hæstv. forseta:

„... Nú verður verð útflutts kjöts tilfinnanlega lágt, svo að verðjöfnunarsjóður hrekkur ekki nærri til þess að bæta upp verð útflutts kjöts til nokkurs samræmis við kjöt á innlendum markaði". Þetta er allt óákveðið. „Tilfinnanlega lágt", „hvergi nærri", og „til nokkurs samræmis". En þegar illa fer, á ríkisstj. að hafa heimild til þess að greiða ákveðna upphæð, að ákveðnu hámarki, úr ríkissjóði til uppbótar á útfluttu kjöti.

Það fer þá eftir tvennu í framtíðinni, hver not verða af þessari brtt., ef hún verður samþ., eftir því, hverskonar mat ríkisstj. á hverjum tíma leggur á þau mörgu skilyrði, sem í till. eru sett fyrir því, að uppbót skuli greiða, og hinu, hversu vel ríkissjóðurinn býr. Ef hann er tómur, er heimildin algerlega gagnslaus.

Ég skal því játa, að eftir þeim sérstöku ástæðum, sem eru nú fyrir hendi, væri æskilegt, að blátt áfram í fjárl. verði höfð upphæð, sem notuð verði til þess að bæta upp verð á útfluttu kjöti. Flm. till. er ég sammála um það, að þeir, sem yfirleitt flytja út kjöt, séu einmitt sömu mennirnir og þeir, sem harðast hafa orðið úti vegna tíðarfarsins í ár. Mér skildist t. d., að hæstv. landbmrh. kæmi auga á þetta og hann vildi taka vel í málið. Mér finnst gæta talsverðrar ósanngirni hjá hv. till.manni, þegar hann lýsir yfir því, að hann telji hæstv. ráðh. hafa tekið illa í málið. Hæstv. ráðh. tók vel í þetta. Hann vill aðeins nota aðra leið og annan tíma, sem ég er ekki viss um, að sé óheppilegri.

Það er liður í fjárl., sem ætlaður er til þess að grípa til í þessu augnamiði. Enn liggja ekki fyrir upplýsingar um það, hvað þessi liður ætti að vera hár í næstu fjárl. Það mætti fara nálægt því, vegna þess að kjötið hefir fallið á erlendum markaði.

Ég verð að segja, að ég álít það vera vonbrigði fyrir þá, sem flytja út kjöt, ef það kemur út úr þessum ráðstöfunum gagnvart kjötinu, að verðið lækki frá því, sem það var í fyrra. Það væri óviðunandi, og því er eðlilegt, að þessir menn teldu sig verða fyrir vonbrigðum.

Ég vil leggja því lið mit, að séð verði fyrir þessu annaðhvort við afgreiðslu þessara fjárl. eða þeirra næstu.

Jafnvel þótt ég sé sammála hv. till.manni um það, að þessa leið eigi að fara, að bæta upp verð á útfluttu kjöti með fjárframlagi úr ríkissjóði, þegar verðjöfnunargjaldið nægir ekki, þá get ég fallizt á að fresta þessu, og sætti ég mig þá við það, að till. verði ekki samþ. hér núna. Ég vil ennfremur geta þess, að frv. er nú búið að ganga í gegnum báðar deildir, sinar 3 venjulegu umr. í hvorri, og kemur svo hér fram við eina umr. Það er ekki alveg víst, að hv. Nd. fallist á þessa till., þótt hún yrði samþ. hér, og þá færi frv. í Sþ., sem ekki er víst, að sé því til góðs.

**Magnús Guðmundsson:** Ég ætla einungis að gera stutta aths. viðvíkjandi gróðanum á kjötinu austan fjalls í haust. Á fundi, sem ég var á í Árnessýslu nú um þingtímann, lýsti bóndi úr héraðinu yfir því, að verðhækkun sú, sem þar varð á kjötinu í haust, gerði ekki betur en að vega á móti þeirri kauphækkun, sem gerð var af völdum þess opinbera í sumar. Ég skal geta

þess, að síðar á fundinum komu fram andmæli gegn því, að kauphækkunin hefði vegið fullkomlega móti kjötverðhækkuninni, en enginn virtist mér halda fram, að á þessum tveimur hækkunum væri mikill munur.

**Þorsteinn Briem** [óyfirl.]: Ég verð að játa, að ég varð fyrir vonbrigðum af hendi hv. 1. þm. N.-M. Hann breiddi faðminn svo ástúðlega út á móti mér í fyrstu, að ég hélt, að hann myndi samþ. till. mína af öllu sínu hjarta. Hann var mér algerlega sammála um það, að ástandið væri óviðunanlegt. Svo segir hann, að heimildin sé gagnslaus. Ekki var hún gagnslaus í Sundhallarmálinu. Þá stóð ekki á peningum. Hann talaði einnig um, að ekki væri fé til í ríkissjóði. Á alltaf að gera ráð fyrir tómum ríkiskassa, þegar um slíka heimild er að ræða? Það hefir verið bent á það af öðrum hv. þm., að það væri góð regla að hafa sérstaka heimild í lögum, sem hægt væri að taka tillit til við samningu fjárlaga. En ef hafa á eintóma fjárlagaheimild, þá eru það stopul ákvæði; og það er betra að breyta því en að breyta lögunum.

Hvers vegna voru sett sérstök lög um hlutaruppbót til þeirra, sem mest báru úr býtum síðasta sildveiðitíma? Hvers vegna nægði þá ekki fjárlagaheimildin?

Hv. þm. talaði um, að orðalag till. væri óákveðið. Það er nógu ákveðið, ef hv. stj. er nógu dómbær til þess að skilja, að heimildina skuli taka samkv. orðalagi brtt.

Hv. þm. sagði ennfremur, að brtt. kæmi seint fram. Það stafar af því, að menn vonuðu í lengstu lög, að úr kjötsöluhorfunum á enska markaðinum mundi rætast.

Að frv. þyrfti að fara aftur til Nd. og jafnvel til Sþ., tel ég ekki hættulegt fyrir lögin sjálf.

Hv. þm. eru ekki alltaf sparir á tímann, og ekki heldur stj.fl., svo að það er ekki nein ósköp, þótt skjóta þyrfti á stuttum fundi í Sþ. Þá stæði ekki á að samþ. lögin sem heild.

**Frsm. (Páll Hermannsson)**: Þessir fyrrv. ráðh. vita sjálfsagt mætavel, hvernig hagur ríkissjóðsins er. Þeir eru báðir að tala um, að það sé ekki annað en að búa til heimildir. Hvernig var þetta í þeirra ráðherratíð? Hvernig var ástatt fyrir ríkissjóði þá? Ég hygg, að það hafi verið svipað þá eins og nú.

Hv. 10. landsk. var að tala um, að ég hefði komið með útbreiddan faðminn á móti sér og svikið sig svo. (ÞBr: Það sagði ég ekki). Já, það er siður sumra manna að breiða út faðminn. Hv. þm. breiddi út faðminn á móti þessu máli, en mér finnst till. hans gagnvart málefninu ekki eins vinsamlegar allar. Ég álít till. hans um framkvæmd þessara kjötlaga til ills fyrir málið, hefði þeim verið sinnt. Það er rétt, sem einhver þm. sagði, að hefði verið farið eftir till. hv. 10. landsk., þá hefði málið strandað.

Ég vil nú ekki eyða fleiri orðum í þetta pex. Það kemur á sínum tíma í ljós, hverjir bezt duga þessu máli. Það hefir mesta þýðingu fyrir málið.

ATKVGR.

Brtt. á þskj. 388 felld með 9:4 atkv.

Frv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 459).

## 16. Einkasala á eldspýtum og vindlingapappír.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír** (stjfrv. A. 16).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Aðalefni þessa frv. er að fara fram á, að ríkisstj. fái einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír. Gert er ráð fyrir, að tóbakseinkasalan annist um sölu og kaup þessara vara.

Ég vil minnast á það, að í frv. er tekið fram, að heppilegt sé, að einkasala á tóbaki og eldspýtum fari saman. Það þótti vel við eiga, að verzlað sé saman með þessar vörutegundir, þar sem eldspýtur sigla jafnan í kjölfar vindlinga og vindla. Eldspýtur eru vara, sem hagnast má á. Þess vegna er hægt að hækka verðið á þeim frá því, sem nú er. Fer því vel á því, að verzlun með tóbak og eldspýtur sé höfð í einu lagi, en það er sama og farið er fram á í þessu frv.

Að lokum vil ég leyfa mér að mælast til þess, að frv. verði látið ganga til fjhn. að umr. loknum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 98 og 127).

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)**: Meiri hl. n. leggur til, að frv. þetta verði samþ. Það er ákaflega einfalt tekjuöflunarfrv. Það er ekki óalgengt, að eldspýtur séu þannig notaðar til þess að afla ríkistekna, og hefi ég ekki annað um það að segja heldur en það, sem allir vita, að hagur ríkissjóðs er þannig nú, að ekki veitir af að finna einhverjar nýjar tekjugreinar.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.] Það virðist vera tilgangslítið að vera að ræða þessi mál. Það er auðsætt, að hv. þingmeirihluti ætlar sér alls ekki að ræða þau. Hann hefir sýnilega tekið þá afstöðu til þessara frv. um einkasölufargan og ríkisrekstur allskonar, sem hv. meiri hl. fjhn. hefir sérstaklega tekið að sér að bera fram, að þau skuli fram, hvað sem öllum rökum líður. Ég verð að segja, að það er furðuleg framkoma hv. meiri hl. í því máli, sem verið var að afgr. til 3. umr. hér áðan (frv. um

breyt. á l. um einkasölu á áfengi). Þegar fram komu rökstudd mótmæli atvinnurekenda í landinu gegn því, að gengið væri þannig á þeirra rétt sem frv. gerir ráð fyrir, þá situr hv. meiri hl. steinþegjandi og mælir ekki eitt einasta orð gegn þeim rökum.

Um það frv., sem nú liggur fyrir, er svipað að segja. Hæstv. stj. gerir ekki minnstu grein fyrir, hvaða tekjuvonir sé af því að hafa. Það er sagt, að frv. sé borið fram til þess að afla tekna, en ekki gerð nein tilraun til að færa líkur að því, að tekjur verði einhverjar af því, og því síður hvað miklar. Það liggur nú raunar í hlutarins eðli, að af einokun er alltaf hægt að hafa einhverjar tekjur. En þó er það svo, að fyrir því eru takmörk, hvað mikið fé er hægt að knýja út á þann hátt. Frá því að vera lögleg getur verzlunin breytzt og orðið meira og minna ólögleg. Það er ekki vafi á því, að ef á að fara að selja þá vöru, sem hér er um að ræða, afarháu verði, þá færist verzlunin á ólöglegan grundvöll. Það er hægt að smygla feiknum af vindlingapappír inn í landið, eins og eftirlitinu er háttað hér, og það getur hver sagt sér sjálfur, ef á að fara að selja þá vöru mjög háu verði, hvort verzlunin með hana muni ekki færast yfir á ólöglegan grundvöll.

Ég veit, að það þýðir ekki að ræða þetta mál á þeim grundvelli, að með því sé verið að spilla fyrir einstaklingsrekstri í landinu. Það liggur í augum uppi, að þegar taka á verzlunina með vöru, sem meira og minna er notuð sem luksusvara, úr höndum einstaklinganna, þá er þar með atvinnurekstri þeirra stórkostlega spillt. En það gerir meira að verkum. Það stuðlar að því, að verðlag á nauðsynjavörum, sem þessum einstaklingum er áfram leyft að verzla með, hlýtur að hækka, því að tekjurnar, sem einstaklingsreksturinn hafði af þessum ónauðsynlegu vörum, verður hann að fá á einhvern annan hátt. Rekstrarkostnaður verzlananna minnkar hverfandi lítið, þó þær hætti að hafa þessar vörur á boðstólum. Sá hluti rekstrarkostnaðarins, sem þær báru uppi, hlýtur því að lenda á þeim vörum, sem eftir eru, nauðsynlegu vörunum, og þær verða dýrari. Þannig er með þessum ráðstöfunum beinlínis unnið að því að auka dýrtíðina í landinu og erfiðleika almennings. Þess vegna er þessi stefna, sem hv. þingmeirihluti hefir tekið upp, ekki aðeins stórskaðleg fyrir kaupmannastéttina og aðra atvinnurekendur, heldur engu síður allan almenning í landinu.

Ég þykist svo vita, að það þyki skipta litlu máli, hvort ég held hér lengri eða skemmri ræðu, þar sem ekki er tekið tillit til neinna raka hvort sem er, og læt ég því staðar numið.

**Sigurður Kristjánsson:** Það er ekki líkt því, að maður sé hér að tala við menn, sem hafa einhverja hugmynd um þau mál, sem hér á að ráða til lykta. Mér alveg blöskraði það áðan, að þegar sýnt hafði verið fram á, að rök þau, sem stjórnarsinnar færa fyrir frv. um allstórvægilegt mál, eru ekki annað en villa, byggð á vanþekkingu, sem hverjum venjulegum manni utan þings mundi þykja smán að því að vera fundinn sekur um, þá hafa þeir ekki meiri sóma að gæta en það, að enginn þeirra stendur upp til að afsaka þetta sem misskilning, hvað þá til þess að reyna að sýna fram á, að ásökunin sé röng. Ég veit, að það er mjög leiðinlegt að tala yfir þannig að því er virðist gersamlega meðvitundarlausum mönnum um það, hvað sé rétt og hvað rangt. En af því að ég og aðrir stjórnarandstæðingar höfum skyldur gagnvart okkar kjósendum, þó stend ég hér upp, til þess að láta standa eftir mótmæli af minni hendi gegn þeim firrum, sem hér er verið að fara með viðvíkjandi atvinnurekstri í landinu.

Það er ekki stórvægilegt frv., sem liggur hér fyrir nú, og það er rétt hjá hv. frsm. meiri hl. og stjórnarstyðjanda, að það er í rauninni ósköp einfalt mál. Þó virðist það ekki sérstaklega einfalt í augum hv. stjórnarsinna, því eins og hv. 3. þm. Reykv. tók fram, hafa þeir ekki treyst sér til að gera svo mikið sem áætlun um, hvað miklar tekjur frv. mundi gefa handa ríkissjóði. Það má því vist vera mjög einfalt mál til þess að þessir hv. þm. geti greitt úr því á þann hátt, að þeir sýni fram á, hvað vinnst með því, til þess það geti vegið salt móti því, sem sýnt er fram á, að tapast við það.

Ég get ekki látið hjá líða að draga menn hér dálítið í dilka. Það er vitanlegt, að sú deild sósíalista hér, sem kallar sig Alþfl., er hinn eiginlegi húsbóndi á rauða stjórnarheimilinu. Ég get ekki verið mjög harðorður í garð þeirra, sem kalla sig framsóknarmenn, því þeir virðast nú vera allánauðugir hvað afstöðu til mála snertir. En hafa þessir hv. þm., sem húsbóndavaldið virðast hafa, gert sér grein fyrir því, hvernig framkoma þeirra er gagnvart því fólki, sem veitt hefir þeim brautargengi inn í þennan sal? Það eru flest tekjulitlir menn við sjávarsíðuna, sem til þess hafa verið flekaðir. En öll sú viðleitni, sem fram hefir komið hjá þessum húsbændum á rauða heimilinu, hefir gengið í þá átt að gera þessu fólki erfiðara að lifa en ella mundi, bæði með því að draga undan almenningi atvinnurekstur og rýra atvinnuvonir hans, og þó sérstaklega með því að stofna til hækkandi verðlags á nauðsynjavörum. Það getur verið, að mönnum með miklar tekjur geri ekki mikið til, hvort eldspýtur eru 5 eða 10 aurum dýrari, en það gerir þeim til, sem svo eru staddir, að þeir geta ekki keypt nema einn stokk í einu. Ég efast ekki um, að þeim, sem græða tugi þús. árlega á olíuverzlun, eða sem hafa há föst laun við ríkisstofnanir, eða sem jafnvel hafa sjálfir fengið einkasölu á einhverju, sem áður var frjást, sé sama, hvort þeir kaupa nauðsynjavörur 10% dýrari eða ódýrari. Þeim þykir e. t. v. gaman að því að kaupa dýrt, af því þeir geta ekki sýnt á sér höfðingsbrag með öðru heldur en að slá um sig með óhófseyðslu. En ég get fullyrt, að kjósendum þeirra þykir það ekkert gaman. Þeim þykir áreiðanlega ekkert gaman að ganga heim með hálfan málsverð handa fjölskyldu sinni vegna uppsprengds verðlags.

Það má halda í þá átt að sýna fram á, hvað þessir húsbændur á rauða heimilinu eru trúverðugir við þá, sem hafa fengið þeim umboð sitt. Ég veit ekki betur en tekjur bæjarfélaganna

byggist mest á tekjum af atvinnurekstri. Og nú er það svo, að ríkisstofnanir, samvinnufélög og fleiri slík fyrirtæki, sem náðar njóta fyrir augum þessara húsbænda á rauða heimilinu, þau eru að meira og minna leyti undanþegin gjöldum til sveitar og bæjarsjóða. Svo er sífellt verið að krefjast framlags af sveitarfélögunum til þess að halda lífi í fátæka fólkinu, sem ekki hefir þá sterku aðstöðu að geta grætt á ríkiseinkasölum. Ég veit ekki, hvernig þessir herrar ætla að forsvara það að draga atvinnurekstur inn meir og meir frá einstaklingunum og rýra þar með tekjur bæjar- og sveitarsjóða og getu þeirra til þess að rétta bágstadda fólkinu hjálparhönd, sem ég ætla, að flest sé af þeim hluta þjóðarinnar, sem glæpzt hefir til að kjósa þessa menn. (**Forseti**: Ég vil benda hv. þm. á, að þetta er 2. umr. og því æskilegt, að menn haldi sér við málið sjálft). Þetta eru líka almennar umr. um frv. sem einkasölumál, og ég hefi ekkert farið út í einstök atriði. (**Forseti**: Það er einmitt það, sem á að gera við 2. umr., að halda sér við einstakar greinar frv.). Ég veit ekki annað en mönnum sé frjálst að tala um málin í heild, hvaða umr., sem er, nema þá um brtt. sé að ræða. En ef forseti álítur eitthvað í þessu máli undanskilið þessum umr., þá vil ég fá að heyra það. Ég veit ekki til, að svo sé. Annars var ég nú búinn að segja það, sem ég þurfti, og er líklega réttast að vera ekki að ergja hæstv. forseta með því að fara lengra út í þetta mál. Ég veit að hann hefir ekki sérstakar skyldur við kaupstaðarkjördæmin eða fátæka fólkið þar, en ég vildi beina þessum orðum sérstaklega til þeirra, sem þykjast berjast fyrir því að opna lífsmöguleika alþýðu manna, en virðast aðallega stunda það hér á Alþingi að gera fólki erfiðara fyrir að lifa heldur en ella mundi.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Það hefir verið kvartað hér um, að ekki fáist umr. um mál eins og þetta. Ég er að sjálfsögðu fús að ræða við þá, sem mæla á móti frv., og hafði ekki gefið tilefni til að ætla annað.

Ég vil gefa þær upplýsingar að gefnu tilefni, að ríkisstj. gerir ráð fyrir, að hafa megi af þessari einkasölu um 40 þús. kr. tekjur árlega, án þess að hækka þurfi útsöluverð á eldspýtum. Er það vitanlega með því móti, að heildsöluálagningin verði eitthvað meiri heldur en verið hefir, en dregið sé úr smásöluálagningunni, sem á þessari vöru mun oft vera upp undir 100% eins og nú standa sakir.

Þessi aðferð til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð að hafa ríkiseinkasölur, veldur auðvitað því, að þá sparast aðrir skattar fyrir skattþegnana, sem ella hefði orðið að leggja á. Því ef þessar 40 þús., sem stj. hyggst að fá með þessari einkasölu, fást ekki þannig, þá þarf vitanlega að jafna halla fjárl. með einhverjum öðrum tekjum. Það er öllum kunnugt, að það vantar fé til þess að jafna með halla fjárl., og það mun enginn flokkur fær um að gera till. um svo miklar niðurfærslur ríkisútgjaldanna, að ekki þurfi samt töluverða tekjuöflun á þessu þingi.

Þessi tekjuöflunaraðferð, að taka einkasölu á vörutegundum, sem vel þykja til þess fallnar, er alls ekkert einkennandi fyrir stefnu sósíalista. Í þeim löndum, sem nú hafa einkasölu á eldspýtum, og þau eru mörg, hefir henni verið komið á af „konservativum“ flokkum í fleiri tilfellum heldur en af jafnaðarmönnum. Svo þetta frv. er ekkert tilefni til þess að kalla alla stuðningsmenn stj. sósíalista, án þess ég vilji gefa í skyn, að menn þurfi að kveinka sér sérstaklega undan slíku.

Það stendur svo á, að ríkið rekur fyrirtæki, tóbakseinkasöluna, sem getur tekið að sér eldspýtnaeinkasöluna án verulegs aukakostnaðar, svo að þessar tekjur mundu nást inn með minni innheimtukostnaði heldur en flestir aðrir skattar, sem hugsanlegt væri að grípa til.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta. Almennra hugleiðinga um ríkiseinkasölur og frjálsa verzlun finnst mér ekki að svona smáfrv. gefi tilefni til.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég skal ekki fara mikið út í efnisatriði þessa máls; það hefir svo oft verið gert í sambandi við þau einkasölufrv., sem fyrir þinginu liggja. En þó langar mig til að segja það út af síðustu orðum hv. frsm. meiri hl. fjhn., þegar hann var að tala um, að ekki væri ástæða til fyrir þá, sem yfirleitt eru á móti einkasölum, að vera að fjandskapast við þetta litla frv., og að ekki væri ástæða til að kalla þá sósíalista, sem myndu vilja styðja það, að mér finnst ekki rétt að viðhafa slíkt orðalag, þegar tekið er tillit til þess, að þið rignir nú yfir þingið frv. um einkasölur. Ef aðeins væri um þetta eina litla frv. að ræða, gæti komið til þeirra, sem yfirleitt eru á móti því að taka upp einkasölur, að vera stilltari og viðráðanlegri í umr. heldur en þeir virðast nú vera. En það er rangt að tala um þetta frv. sem það eina, sem beinlínis er hættulegt í stefnu hv. meirihl.-flokka á Alþingi.

Það, sem mig aðallega langaði til að segja, er það, að svona litlu frv. finnst mér að hefði mátt a. m. k. sýna þá alúð að orða það betur en gert er. Ég er alveg undrandi yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli skila svona litlu frv. eins illa orðuðu og þetta er. Og n., sem farið hefir með málið, virðist ekki hafa tekið eftir þessu heldur. Bendir þetta allt á það, að ekki hafi mikið verið um málið hugsað. Ég vil t. d. benda á niðurlag 3. gr. Þar stendur, að stj. ákveði með reglugerð meðferð birgða af eldspýtum og vindlingapappír, sem fyrir hendi kunni að vera í janúar 1935. „Fyrir hendi kunna að vera“! Hvaða mál er þetta? Og í 4. gr. frv. segir: „Á vindlingapappír skal tóbakseinkasölunni heimilt að leggja jafnmikið sem hún telur heppilegt“. — „Jafnmikið sem“, hvað þýðir það? Ekki er það íslenzka, svo mikið er víst. Í 7. gr. stendur, að kostnað af vörusendingum innanlands eigi viðskiptamenn að greiða, en áður er búið að segja, að álagningu einkasölunnar skuli miða við verð vörunnar, kominnar í hús hér á landi. Þetta er mjög grautarlegt orðalag, og tilgangur þessara ákvæða skilst ekki af þessu orðalagi.

Ég vil beina eindreginni ósk til meiri hl. hv. fjhn., að hún lagi orðalag frv. fyrir 3. umr.

Þótt frv. sé lítið, er engin ástæða til að búa það svo út, að meira að segja orðalagið gangi á „nervana".

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég skal verða við ósk hv. þm. um að gera till. til orðabreyt. á frv. fyrir 3. umr., enda þótt ég líti svo á, að um efnið sé meira vert en formið, ef frv. eru yfirleitt á sæmilegu máli.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Það er mesti misskilningur hjá hæstv. forseta, að þeir þm., sem leggja til, að frv. verði felllt, megi ekki ræða málið almennt við 2. umr. þess. Hjá því verður nefnilega ekki komizt, og því hefi ég nú talað almennt um mál þetta við þessa umr. Hæstv. forseti fann heldur ekkert að því við mig; það var ekki fyrr en hv. 6. þm. Reykv. fór að tala, að hæstv. forseti fann sig knúðan til þess að grípa fram í gang umr. og biðja þm. að tala um einstakar gr. frv. (**Forseti:** Ég vil benda hv. 3. þm. Reykv. á það, að þótt ég umberi þetta hjá einum þm., og víki þar með frá settum reglum, geri ég það auðvitað ekki, þegar fleiri þm. ætla að fara að ganga á lagið og ræða málin almennt við 2. umr. — 23. gr. þingskapa mælir svo fyrir, að við 2. umr. skuli ræða efni hinna einstöku gr. Hér er því ekki um neinn misskilning frá *minni hendi að ræða, eins og hv.* 3. þm. Reykv. hélt fram). — Jú, þetta var tómur misskilningur hjá hæstv. forseta. Hæstv. forseti veit, að það er föst þingvenja, ef um er að ræða ágreining um mál, sem líklegt er að gangi fram, að sú meðferð sé höfð, sem við hv. 6. þm. Reykv. höfum haft.

Viðvíkjandi orðalagi frv. vil ég benda á það, sem segir í 1. gr., að „ákvæði l. þessara um eldspýtur taka eigi til skipa" o. s. frv. Það er auðvitað ekki meining höfunda frv., að skip séu búin til úr eldspýtum. Meiningin er auðvitað, að ákvæðin taki ekki til eldspýtnabirgða í skipum. En orðalagið er óheppilegt.

Af ástæðum, sem ég hefi þegar tilgreint, hefi *ég ekki ástæðu til að gagnrýna frv.* frekar í einstökum atriðum, þar sem ég hefi lagt til, að það yrði felllt. Hitt er annað mál, að ýms atriði eru þannig, að ég hefði kosið að fá þeim breytt, ef frv. skyldi samt sem áður ná samþykki. Mun ég því við 3. umr. neyðast til að brjóta í bág við skoðanir hæstv. forseta og taka frv. til meðferðar í einstökum atriðum. Verður þá úr því skorið, hvort frv. verður samþ. eða ekki, og kemur þá til kasta andstæðinga þess að koma að lagfæringum sínum, ef samþ. verður. — Ég tek þetta fram til þess, að hæstv. forseti hafi tíma til að athuga það vandamál, hvernig fara á með okkur, sem þá verðum til þess að brjóta þingskapareglur.

Það var gott að fá upplýsingar um það frá hv. frsm. meiri hl. n., hverjar þær tekjur væru, sem vonast væri eftir af sölu vindlingapappírs og eldspýtna. Hann kvað þessa tekjuvon nema 40 þús. kr. Tók hann það fram, að þessar 40 þús. kr. myndu þó ekki nást nema heildsöluálagning hækkaði til muna. Væri reyndar ekki skaði að því, þar sem smásöluálagning er svo há, allt upp í 100%, að hún mætti vel skerðast. Kann það vel að vera, að hægt sé að skerða smásöluálagningu á þessar vörur. En á það verður þá jafnframt að benda, að þetta hlyti að leiða til þess, að álagning á aðrar vörur, sem verzlunarfyrirtækin selja ásamt þessum, myndi hækka. Fyrirtækin verða sem sé að hafa vissar tekjur til þess að geta staðið straum af rekstri sínum, og þær tekjur, sem af þeim yrðu teknar með lækkaðri álagningu á þessar vörur, yrðu þau að fá aftur með aukinni álagningu annarsstaðar. Með þessari álagningu á óþarfavörur er beinlínis stefnt að verðhækkun nauðsynjavaranna. Hinsvegar gerir frv. ráð fyrir álagningu, sem nemi allt frá 25% upp í 100%. Væri gaman að vita, hvar á milli 25 og 100% sú álagning á að liggja, sem ætlazt er til, að gefi 40 þús. kr. tekjur. Og ef fara á að leggja allt að 100% á þessar tegundir í heildsölu, þá fer að verða vafasamur sá ávinningur, sem hv. frsm. meiri hl. talaði um og fólginn átti að vera í því, að með samþykkt þessa frv. yrði létt af mönnum öðrum sköttum.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þessar einkasölur væru ekkert séreinkenni á jafnaðarmönnum. Nei, það er nú svo, að hver dregur dám af sínum sessunaut. Þessi stefna jafnaðarmanna hefir eitrað svo gróflega út frá sér, að nú ganga um öll lönd þessir andlegu rauðu hundar, sem *eru ekki annað en afleiðing af kenningum jafn*aðarmanna. Hefir þessi faraldur sýkt ýmsa mæta menn, eins og t. d. hv. þm. V.-Ísf., og er ástæða til að harma það, þegar slíkir menn verða öðrum eins faraldri að bráð. Jafnaðarmenn hafa nú einu sinni tekið sér þetta að stefnumáli, þó að það sé ekki upphaflega frá þeim komið og aðrir hafi áður verið uppi með slíkar kenningar. Yfirleitt er sósíalisminn hvergi nærri eins frumlegur og þeir vilja vera láta. Eru það að mestu fornar kenningar, færðar í nýjan búning. En hitt er vitað, að allt það böl, er nú gengur yfir heiminn, er að meira eða minna leyti afleiðing af þeim faraldri, sem þessir rauðu flokkar, meira eða minna kommúnistiskir í kenningum sínum, hafa útbreitt.

**Forseti (JörB):** Fyrir afgreiðslu þessa máls *skiptir raunar ekki miklu ágreiningur okkar* hv. 3. þm. Reykv. um þingsköp. En hugulsemi var það af hv. þm., sem skylt er að virða við hann, þegar hann lýsir yfir því, að hann ætli við 3. umr. að ræða málið almennt, en það er þingsköpum samkvæmt. (**JakM:** Ég sagðist mundu ræða málið í einstökum atriðum!). Ef svo er, þá er það alveg öfugt við þingsköp. Skilst mér enga nauðsyn bera til þess upp á afgreiðslu málsins að haga umr. þannig. Skoða ég þetta fremur sem gleymsku hjá hv. þm. en svo, að hann vilji brjóta í bág við þau lög, sem Alþingi hefir sett sér.

Í 21. gr. þingskapa segir, að mál skuli ræða almennt við 1. umr., 22. gr. segir, að við 2. umr. skuli ræða frv. í einstökum gr., en í 23. gr. er sagt, að við 3. umr. skuli ræða efni frv. og í heild. Vona ég, að hv. þm. kynni sér nánar þessi ákvæði þingskapa.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller):** Ég held, að ég kunni þessi ákvæði þingskapanna hér um bil eins vel og hæstv. forseti, en ég veit auðsjáanlega betur en hann, hvernig þeim er framfylgt. Vil ég því taka hann í stutta kennslustund þessu viðvíkjandi.

Ákvæðin eru miðuð við normal meðferð mála, þ. e., að málið gangi fram og að ekki verði um það ágreiningur. En þetta hlýtur að snúast við, og er föst þingvenja, að það snýst við, þegar ágreiningur verður um mál. Eru þá frv. rædd almennt við 2. umr., en af því leiðir að sjálfsögðu hitt, að við 3. umr. koma andstæðingar frv. með aths. og brtt. við einstök atriði. Því er það, að ég lýsi yfir því, að ég muni við 3. umr. þessa máls ræða það í einstökum atriðum. Þetta veit hæstv. forseti vel, að er föst þingvenja.

**Forseti (JörB):** Það er leitt að þurfa að hafa mörg orð um þessa hluti. En af hv. þm. þarfnast ég engra leiðbeininga í því, hvað er þingvenja og hvað ekki. Ég hefi setið á þingi allt eins lengi og hann.

En ef það er sem hann segir, að ákvæði þingskapa séu miðuð við normala meðferð mála, þá mun hitt ekki síður sönnu nær, að þau séu miðuð við normala menn.

**Pétur Halldórsson:** Hv. frsm. meiri hl. taldi ekki þörf að lagfæra orðalag frv. nema að litlu leyti og taldi það kenjar úr mér, sem ég sagði. En ég tel ekki rétt að láta frv. fara leiðar sinnar óbreytt, því að það er sannkallaður óburður eins og það er.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég ætlaði aðallega að segja nokkur orð út af þingsköpum, þótt hv. 3. þm. Reykv. hafi að mestu tekið af mér ómakið.

Ég firtist ekki við það, að hæstv. forseti gerði aths., við ræðu mína. Það var rétt, sem hann sagði. Ég hafði sem sé litið svo á, sem þetta væri 1. umr., en hún fór fram umræðulaust að mér fjarverandi. En ég hefði samt hagað orðum alveg eins, þó að ég hefði athugað, að þetta væri 2. umr. Ég var á móti frv. í heild, stefnu þess, og var því eðlilegt, að ég ræddi um það almennt, en ekki í einstökum atriðum.

Mín skoðun er sú, að 22. gr. þingskapa banni ekki, að frv. séu rædd almennt við 2. umr. Þar er aðeins sagt, að frv. skuli rædd í einstökum gr., en ekkert bann er við því lagt, að þau séu einnig rædd almennt, enda er, eins og vitanlegt er, ekki hægt að komast hjá því.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að einokunarmál væru ekki einkenni á sósíalistum sérstaklega. Það er nú vitanlega erfitt að koma með hreint eyrnamark á þeim, svo margt sem einkennir þá flekkóttu hjörð. En oftast er fjárbragðið það sama. Kemur það bezt fram í þessum einokunartilhneigingum, sem vilja binda hendur borgaranna, banna þeim að sitja og standa eins og eðli þeirra vísar þeim til og hefta þá í því að lifa lífi sínu eins og frjálsbornir menn.

Einokun á vörum hefir verið komið á fyrir tilstilli fleiri en sósíalista. Verður oftast að grípa til slíkra hluta, þegar komið er út í mikil vandræði. Ég hefi t. d. heyrt og lesið, að í sumum löndum hafi verið lögleidd einokun með eldspýtur, af því að það hafi verið leið til að útvega þessum löndum lán. Þetta var, þegar Kreuger var upp á sitt bezta, sá, sem íslenzka stj. hafði miklar mætur á. Þá gat það tekizt, með því að veita þessari leiðarstjörnu ísl. stjórnmálamanna einokun á eldspýtum, að herja út lán af hans vel fengna fé. En eldspýtnanotkun var þá ekki svo mikil hér á landi, að þessi mikilláti maður gæti látið mikið fé fyrir íslenzka einkasölu. Sést af þessu, að það þarf ekki að vera, að menn hafi einokun á stefnuskrá sinni, þótt þeir fari inn á þvílíkar brautir. Ég segi ekkert um það, hverjir hafi yfirleitt komið á einokun í öðrum löndum, en svo mikið er víst, að neyðin getur oft rekið menn út á brautir, sem þeim eru ekki geðfelldar, eins í þessum efnum sem öðrum.

Það er ekkert undarlegt, þótt hægt sé að afla tekna af vörum, sem ekki er hægt að neita sér um, ef ekki hafa aðrir þessar vörur til sölu en ríkissjóður. En hv. frsm. meiri hl. sagði, að þessar tekjur myndu nema 40 þús. kr. Þykir mér það mikið af ekki stærra vöruflokki en þetta er. Sýnir þetta, að ekki er verið að hlífa notendum, og gerir það ekki frv. aðgengilegra í mínum augum.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. 5. þm. Reykv. er sár út af því, að ég hafi ekki tekið vel málhreinsunartill. hans. Ég skal fúslega verða við öllum hans réttlátu óskum um málhreinsun.

Það mun rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að mörg lönd, sem komið hefðu á hjá sér eldspýtnaeinokun, hefðu gert það til þess að afla sér lána. Það er sama og hér er verið að gera. Frv. er borið fram til þess að afla fjár. Öll þessi ríki hafa látið undan nauðsyn þess að afla fjár, er þau tóku upp eldspýtnaeinokun.

Ég gat þess, að hæstv. stj. myndi gera ráð fyrir, að tekjur af einkasölunni yrðu ekki minni en 40 þús. kr., jafnvel þó ekki sé beitt að fullu því ákvæði um álagningu, sem heimilað er í frv. Ég get ekki gefið upplýsingar um, hve mikill hagnaður muni verða af sölu á vindlingapappír, en ég geri fastlega ráð fyrir því, að þar verði beitt að fullu heimildinni um 100% álagningu. Að öðru leyti má gera ráð fyrir, að af álagningu verði jafn ágóði og nemur innkaupsverði, og er það allgóður búbætir fyrir ríkissjóð.

Hv. 3. þm. Reykv. heldur því ákveðið fram, að ágóðinn af þessum tveimur vörutegundum hljóti að lækka, því kaupmenn fái minni tekjur af eldspýtnasölunni. Ég vil benda á þann möguleika, ef margar vörur ganga undan kaupmönnum, að þá er líka til sá möguleiki, að kaupmönnunum sjálfum fækki, og ég verð að segja, að það álít ég skaðlítið fyrir kaupmennina sjálfa og þjóðfélagið.

Það hefir orðið svo, að í þeim miklu verðlagsbreytingum, sem orðið hafa eftir stríðið, hefir smásöluverðið ekki lækkað tiltölulega við þá lækkun, sem orðið hefir á vörum í heild-

sölu. Ég hygg, að þessir verzlunarhættir hafi ekki orðið kaupmannastéttinni að sérlega miklu liði, vegna þess að með þessu móti, að hækka smásöluálagninguna og auka á þann hátt gróðann, hafa skapazt möguleikar fyrir fleiri menn að gera kaupmennsku að starfi sínu, svo þó að álagningarhækkun hafi orðið, hafa kaupmenn ekki haft meiri ágóða af starfi sínu, því fjöldi fólks hefir hlaðizt utan um þessa atvinnugrein. Ég get því ekki, þó svo færi, að nokkrir menn hættu smásölustarfi sínu, talið það skaða kaupmannastéttina sjálfa né heldur þjóðfélagið. Ég tel ákaflega hættulítið fyrir þjóðfélagið, þó kaupmannastéttin yrði takmarkaðri en nú er, innan vissra takmarka.

Bæði hv. 6. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv. hafa lagt mikla áherzlu á að útmála spillingu nútímans, og þá sérstaklega þá sjúkdóma, sem jafnaðarstefnan hefði í för með sér og ýmsir væru smitaðir af, og þar á meðal væri ég einn. Ég skal játa það, að ég er smitaður af því, sem kalla má rauða hunda þessara tíma, og ég tel mér það til gildis sem manni og þm. að vera það. Ég kýs heldur að vera það, sem þessir hv. þm. kalla smitaður, heldur en fylgjast ekki með þróun tímans, og ég kalla það frekar sjúkdómsmerki að liggja aftur í tíma Laissez-faire stefnu 19. aldarinnar, og það vil ég segja, að er svo hættulegur sjúkdómur, að liggja aftur í feni miðaldanna, að það getur dregið þjóðfélagið til dauða.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Ég vil aðeins skjóta því til hv. þm. V.-Ísf., hvort hann gæti ekki fallizt á, að það væri misskilningur hjá honum, að eftir því sem vöruverð í heildsölu hefði lækkað, hefði smásöluverðið ekki lækkað að sama skapi, en að mismunurinn hefði ekki runnið í vasa kaupmanna, vegna þess að fjölgað hefði í stéttinni. Ég held, ef hann athugar þetta nánar, að þá muni hann geta fundið aðrar ástæður, sem sé þær, að þó vöruverð lækki, lækkar ekki að sama skapi annar kostnaður, m. a. vegna þess, að kaupgjald hefir ekki lækkað tilsvarandi við vöruverð, heldur jafnvel hækkað, og mikill hluti rekstrarkostnaðarins liggur í kaupgjaldsgreiðslu. Ég er hræddur um, að það sé skakkt hjá honum, og sízt meira réttlæti í þeirri skoðun hv. þm., að af þessum ástæðum, sem hann taldi, hafi fjölgað í kaupmannastéttinni. Ég veit nú ekki, hvort það er rétt hjá honum, að það séu mikil brögð að því. En ég tel, að hér í bænum a. m. k. liggi til þessa aðrar og eðlilegar ástæður, sem sé að það stafi af því, hve fólkinu fjölgar hér hröðum fetum. Ég álít því, að hv. frsm. hafi í engu hróflað því, sem ég sagði, að með því að taka vörurnar af kaupmönnunum hækki verðið á öðrum vörum. Hitt má vel vera, að stjórnarflokkunum heppnist að ganga svo frá þessum málum með tíð og tíma, að einstaklingsframtakið komi ekki til greina í verzlunarmálum. Eða ég geri ráð fyrir því, að þeir geri þetta vitandi vits, a. m. k. sá flokkurinn, sem veit hvað hann vill og gengur vitandi vits að sínu starfi, að koma öllu undir ríkið.

Ég verð að segja, að mér finnst hálfleiðinlegt fyrir þá stjórnmálamenn, sem láta berast af straumnum, að þeir skuli ganga blindandi út í hann og vita ekki, hvað þeir eru að gera, gera sér ekki grein fyrir, hvert stefnir. Annars er þetta um straum tímans tilefni í langar hugleiðingar, sem ég geri ráð fyrir, að hæstv. forseti, þó hann hafi sýnt einstakt umburðarlyndi hér í d., geti látið sér leiðast. Ég held, að það sé vitleysa hjá hv. þm., að straumur tímans gangi með sósialistum, heldur mun hann þvert á móti ganga móti þeim. Enda held ég, að það sé orðið svo erlendis, að sósialistar fjarlægist nú sem óðast sína stefnu, og í því sambandi koma mér í hug orð forsrh. Dana, Staunings, að hann vildi ekki á nokkurn hátt skerða einstaklingsfrelsið. Það er ekki svo, að straumur tímans sé með hreinræktuðum kenningum þeirra rauðu, heldur er hann á móti þeim.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Það, sem ég sagði um hækkun verðlagsins í smásölu á síðustu árum, hafði ég eftir verðlagsskýrslum, sem Þjóðabandalagið hefir gefið út. Ég spurðist fyrir hjá kaupmanni hér, hvort eins væri ástatt hvað Ísland snerti, og var hann ekki í neinum vafa um, að það væri hér eins og annarsstaðar, enda liggja til þess sömu rök. Ég sé ekki, að einkasala á eldspýtum komi sérstaklega þungt niður á smásölunum. Þeirra álagning mun verða lík og er, en náttúrlega kemur hún niður á heildsölunum.

Hv. þm. var að tala um, að við létum berast blindandi með straumnum. Ég hygg, að það þurfi fulla sjón og gagnrýni til að geta fylgzt með, þurfi að vera sjáandi til að vita, hvað er að gerast. Hitt er blinda, að loka augunum fyrir því, sem er að gerast, streitast á móti, reyna að standa kyrr og vilja ekkert sjá. Ef það er satt, sem hv. þm. sagði, að sósialistar séu að fjarlægjast stefnu sína, þá mun bráðum draga úr því drasli, sem þeim fylgir!! En ég hygg, að þetta sé ekki rétt hjá hv. þm., því einmitt nú leggja sósialistar, og raunar allir vinstri flokkar, sterka áherzlu á að auka afskipti ríkisins af verzlunarmálum, ekki til að draga úr einstaklingsframtakinu, heldur til að skapa því þau skilyrði, að það fái notið sín sem bezt.

Ég hygg það sé auðséð, hvert straumur tímans stefnir, þegar Bandaríki N.-Ameríku, þetta volduga heimsveldi og höfuðvígi einstaklingsframtaksins, eru nú farin að hafa svo rík afskipti af atvinnu- og verzlunarháttum, að lögboðið er, hvaða kaup skuli greiða og hve mikið það skuli lækka, hvað langur vinnutíminn skuli vera o. s. frv. Og þetta er gert með þeim árangri, að meiri hl. þjóðarinnar snýst með forsetanum. (**PHalld**: Já, og **snýst** með honum). Já, hefir snúizt með honum, vegna þess að það sá, hvert straumur tímans stefndi. Og þegar brezki ihaldsflokkurinn setur lög um einkasölu á mjólk, er þá ekki auðséð, hvert straumur tímans liggur, nefnil. í þá átt, að það færast allir flokkar nær sósialismanum, líka sósialistaflokkarnir sjálfir.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Ég er alveg undrandi yfir hv. þm. V.-Ísf. Hann talar um straum tímans eins og maður, sem enga hugmynd hefir um það, hvað straumur er. Hann segir, að maður þurfi að vera sjáandi til að láta berast með straumnum. Þetta minnir á þau frægu orð þm. um vindinn, sem enginn vissi hvaðan kæmi eða hvert færi. Ég hygg, að það verði eins hjá hv. þm. er hann gerði grein fyrir því, sem hann hafði séð í einhverju riti, útgefnu af Þjóðabandalaginu, eins muni verða með orðin frægu, að hann hafi þau úr einhverju góðu riti. Það þarf sannarlega ekki sjón til að láta berast með straumi tímans, enda lætur þm. sig berast blindur á báðum augum. Hann heldur, að það sé straumur tímans, að ýmsar þjóðir hafa orðið að grípa til neyðarúrræða, t. d. tekið upp haftastefnu. Af því gripið hefir verið til óyndisúrræða í mörgum löndum til að reyna eitthvað, og menn vita ekki, hvað gera skal, heldur þessi hv. þm. að þetta stafi af því, að menn séu að gerast sósialistar. En það er alveg áreiðanlegt, að allur heimurinn þráir að komast út úr þessu stríði, þráir að geta fellt niður þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í ýmsum löndum á þessum vandræðatímum, og þetta er áreiðanlega straumur tímans, að allir leita eftir því, hvað sé bezt til að losna við það þvingunarástand, sem ríkir í heiminum, og fá aftur sitt fulla frelsi. En þessar ráðstafanir eru gerðar af því menn halda, að svona verði þetta í rauninni að vera á þessum tímum. — Ég vil að lokum spyrja hv. þm., hvernig hann skilur orð Staunings um að hann vilji ekki skerða einstaklingsframtakið, heldur efla það.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja umr. mikið. Ég hefi notað líkinguna um strauminn vegna þess, að ég á við hreyfingu og breytingu, og ég álít, að það þurfi sjón til að hreyfast, eða a. m. k. meiri sjón en til þess að standa kyrr. Líking þessi var nú útfærð af hv. 3. m. Reykv. eftir orðinu, og það er náttúrlega hættulegt fyrir mig að nota þetta orð. Það er rangt hjá hv. þm., að það hafi verið ég, sem fyrst sagði orðið um vindinn; það var miklu meiri maður okkur báðum, sem sagði þau fyrst. Hv. þm. gaf hér átakanlega lýsingu af ástandinu í heiminum. Hann lýsti því, að allir væru að brölta við að gera allt annað en þeir vildu gera eða teldu rétt að gera. Sannleikurinn er sá, að þær viðskiptareglur, sem gilt hafa undanfarnar aldir, eru hættar að „fungera", gallar samkeppnisskipulagsins eru vaxnir kostunum yfir höfuð, og þá verða menn að reyna að finna eitthvað annað betra. Hv. þm. þarf ekki að segja mér það, að stórþjóðirnar geri þær ráðstafanir, sem þær gera, vegna annars en þess, að þær eru sannfærðar um, að það er betra en ástandið, sem ríkir. Það er eins og Roosevelt forseti sagði: Ef sú aðferð, sem er reynd, heppnast ekki, þá er ekki annað en reyna annað betra. Og það er einmitt þetta, sem er gert. Þá átti straumur tímans að stranda á einu heljarmiklu skeri, sem heitir Stauning, og það er náttúrlega erfitt að komast framhjá þeim mikla manni. En ég skil orð Staunings á þann hátt, að hann noti orðið einstaklingsframtak ekki á sama hátt og hér er gert í pólitíkinni, sem slagorð af vissum flokki. En ef við athugum nú, hvað Stauning hefir gert, þá hefir hann sett sterkari gjaldeyris og innflutningshömlur en þekkjast annarsstaðar. Hefir hann ekki sett skipulag á sölu landbúnaðarafurða innanlands og utan, sem ýmsir segja, að skerði einstaklingsfrelsið? En ég og Stauning segjum, að þetta geri það ekki, heldur sé þetta gert til þess, að einstaklingurinn fái að njóta sín. Sannleikurinn er sá, að þegar skipulagið eldist, verða gallarnir of áberandi, og þá þarf að gera nýjar stórfelldar ráðstafanir. Það er straumur tímans.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég tek til máls bara af því, að hv. þm. V.-Ísf. var að spá illa fyrir mér og hv. 3. þm. Reykv. Hann hélt, að svo gæti farið fyrir okkur, að fastheldni okkar gæti leitt okkur til dauða. Ég veit, að þetta er rétt, fastheldni við skoðanir getur leitt til pólitísks dauða. En það getur líka verið hættulegt að fela sig straum tímans og of mikið í sölur lagt til þess að fljóta. Það eru til hringiður í straum tímans, sem fært geta í kaf jafnvel þá, sem mestu fórna til þess að geta flotið ofan á. —

En þótt menn biði pólitíska bana af því, að þeir eru fastheldnir við skoðanir, er það engin sönnun fyrir því, að þeir hafi haft rangt fyrir sér. Hvort þetta leiði mig til dauða, skal ég ekkert um segja. Ég sé ekkert við það að athuga að deyja heiðarlegum dauða, ef lifað er með sæmd og dauðanum tekið með karlmennsku. En hitt er verra, að lifa með lítilli sæmd, eins og sumra virðist háttur, og vilja allt til vinna að lifa pólitískt.

Ég vil segja það, að þó breyttir tímar og erfiðir geri það að verkum, að eitthvað þurfi að gera í þá átt að hefta einstaklingsframtakið, kollvarpar það ekki því lögmáli, sem allt félagslíf byggist á, og þó einstaklingsframtakið hafi í höndum ósvífinna manna gengið í einstaka tilfellum lengra en almennt velsæmi leyfir, þá raskar það ekki grundvallarlögmáli allrar heilbrigði í verzlun og viðskiptum. Skoðun mín er sú, að hvorki hér á landi né annarsstaðar muni neitt annað leiða til meiri farsældar fyrir heildina. Það er því óhætt fyrir mig og aðra, sem trúa á einstaklingsframtakið, að halda fast við þá trú, og bíða dauða síns með karlmennsku. En ég skildi dauðaspá hv. þm. í sambandi við það, að hann lýsti því yfir, að hann hefði smitazt af rauðum hundum, sem hann nefndi svo, og skyldi þá hans hlutskipti vera betra en okkar? En það eru til margar straumlínur, og sá, sem hugsar mest um að lenda í þeirri straumlínu, sem ber hann helzt að þessa heims gæðum, hann getur lent í hringiðu og orðið utan strauma, þ. e. a. s. utan flokka.

Menn verða því að reyna að sjá svo um, að þeir lendi ekki í hringiðu og sogist niður af þeim straumi, sem menn hafa helzt kosið sér að berast með.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Það var aðeins til að slá því föstu, að þessar neyðarráðstafanir, sem ég var að segja, að ýmsar þjóðir gripu nú til, svo sem Danir og Þjóðverjar, þær mörkuðu ekki straum tímans. Það er því algerður misskilningur hjá hv. þm. V.-Ísf., að slíkt sýni, hvert straumur tímans stefnir, heldur grípa menn til slíkra ráðstafana út úr neyð, af því að þeir halda í svipinn, að það sé betra, en enginn heldur, að það sé heppilegast í framtíðinni. En þessi frv., sem hér liggja fyrir, eiga ekki að vera neyðarráðstöfun vegna yfirstandandi viðskiptaörðugleika, heldur framtíðarráðstöfun þeirra flokka, sem að þeim standa, og þá er að gera sér grein fyrir, hvort straumur tímans réttlætir þá stefnu, sem kemur fram í þeim frv., en þar að lúta þau ummæli Staunings, sem ég tók upp. En þrátt fyrir þær neyðarráðstafanir, sem hafa verið gerðar í Danmörku, þá veit ég ekki til, að þar hafi komið fram lagafrv. svipuð þessum hér, sem eiga þó ásamt öðrum einokunarfrv. að vera stefnumál framvegis hjá stjórnarflokkunum.

Það er því tvímælalaust rétt, sem ég sagði, að straumur tímans rennur á móti stefnu þessara sósialista, þó að þeir vilji nú nota sína valdaaðstöðu til að knýja þessi frv. fram. Þeir halda, að sú stefna falli saman við straum tímans, en ég held, að hún fari í gagnstæða átt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:11 atkv.
2. gr. samþ. með 17:6 atkv.
Brtt. 98,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17:3 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 17:3 atkv.
Brtt. 98,2 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:10 atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 23. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 159, 167).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 167,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 167,2 samþ. með 16:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, JörB.

**nei:** SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, ÓTh, PHalld, PO.

JS greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd., (A. 190).

Á 22. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Magnús Guðmundsson:** Ég ætla einungis að spyrja hæstv. stj. að því, hvað hún búist við að fá miklar tekjur af þeirri einkasölu, sem hér er um að ræða. Að því er snertir eldspýturnar ætti að vera hægt að reikna það nokkuð nákvæmlega út. Af vindlingapappírnum geri ég ekki ráð fyrir neinum tekjum, og held ég, að það hefði verið betra fyrir hæstv. stj. að taka einkasölu á einhverjum öðrum pappír, sem meira er notaður.

Það er mjög undarlegt, þegar svona frv. eru lögð fyrir þingið, að ekki skuli vera gerð nein grein fyrir, hvað mikilla tekna megi vænta af þeim, og er illt fyrir fjhn. að fá ekki upplýsingar um slíkt. Vona ég, að hæstv. stj. geti gefið einhverjar upplýsingar.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. þm. spyrst fyrir um, hvað mikilla tekna megi vænta af þessari einkasölu. Um það er ekki hægt að segja með vissu, en það er búizt við, að hún muni gefa um 40 þús. kr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7:4 atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 190, n. 349 og 363).

**Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson)** [óyfirl.]: Þegar frv. til l. um einkasölu á tóbaki var borið fram í seinna skiptið, þá var líka gert ráð fyrir að taka einkasölu á eldspýtum. Það er ákaflega þægileg vara að verzla með og getur gefið nokkrar tekjur í ríkissjóðinn. Það náði ekki fram að ganga þá og var fellt úr frv., en nú er það komið hér sem sérstakt frv. og hefir gengið í gegnum hv. Nd. Fjhn. hefir nú athugað málið og hefir klofnað um það, eins og sést á þeim þskj., sem fyrir liggja. Leggur meiri hl. n. til, að það verði samþ., að vísu með dálitilli breytingu.

Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir því, að tekin sé einkasala á vindlingapappír, og er það nokkuð eðlilegt, því að ríkið flytur inn alla vindlinga, sem fluttir eru til landsins, eða á að gera það, enda ætla ég, að það sé alstaðar gert þar, sem einkasala er á tóbaki, að hafa vindlingapappír með. Ef það væri frjálst að flytja inn vindlingapappír, þá mundi hann talsvert mikið verða notaður og minnka sölu á sígarettum hjá einkasölunni. En hinsvegar er þetta vörutegund, sem álitið er, að ríkið geti tekið nokkurn skatt af. Meiri hl. n. hefir fallizt á þá till., sem fram hefir komið, að bæta við og taka inn í frv. heimild um einkasölu á vindlingapappír og vindlingakveikjurum, og nær það vitanlega yfir hverskonar tegundir þeirra.

Ég hefi í rauninni ekki miklu meira um þetta að segja. Það var eitthvað rætt við 1. umr., og get ég því beðið átekta, ef fram kemur eitthvað í umr., sem meiri hl. n. þykir ástæða til að tala á móti eða gera aths. við.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Það var aðeins af því, að ég gat ekki orðið sammála hv. meðnm. mínum, að ég gaf út sérstakt

nál., og þá þykir mér viðkunnanlegra að standa upp til þess að fylgja fram þeim málstað. En ég stend ekki upp af því, að mér finnist ástæða til að vekja miklar umr. um málið. Mér finnst það fremur ómerkilegt. Þetta er lítil vörutegund, sem farið er fram á að taka einkasölu á, og varla nokkur maður á landinu, sem brúkar svo mikið af þessari vöru, að það geri til, þó að verzlunin með hana sé óhagstæð. Þess vegna þarf ekki að fara út í stórar deilur um ríkisverzlun í sambandi við þetta. En hitt er annað mál, að eins og frv. var upphaflega, þá var stefnt út í það, að eldspýtur flyttust ekki, ef verzlunin yrði óhentug með þær. Menn mundu þá heldur hafa notað eitthvað annað, ýmiskonar kveikjara og eilífðareldspýtur, eða hvað það nú heitir allt saman. En hv. meiri hl. n. hefir nú reynt að setja undir þennan leka, með því að heimila einkasölu á öllu slíku. Það getur því farið út í það, að menn taki upp þá gömlu aðferð að sækja köggul í hlóðin þegar þeir þurfa á eldi að halda. Ég veit ekki, hvort hv. meiri hl. n. treystir sér til að setja heimild í lögin til þess að varna því, að menn geri það.

Þá hefi ég reynt að leita að vindlingapappírnum á innflutningsskýrslum, en hvergi getað fundið hans getið. Ekki hefir hann komizt á verzlunarskýrslur, og er hans hvergi getið þar, sem um innheimtu tolla er að ræða. Ég hygg því, að það sé hverfandi lítið, sem inn flyzt af þessari vörutegund, enda getur einn maður smyglað í vestisvasa sínum því, sem af þessari vöru er notað í landinu á einu ári. En þetta horfir öðruvísi við annarsstaðar, þar sem mikil framleiðsla er af vindlingum og pappírinn er fluttur inn, en sú framleiðsla er nú ekki fyrir hendi hér. En reynslan er alstaðar sú, að erfitt er að varna því, að þessari vöru sé smyglað. Það er hægt að ímynda sér, hvað auðvelt er að smygla vindlingapappír, þegar hægt er að fela mörg þúsund í lófa sínum. En það mundi hinsvegar ekki gera svo mikið til, þó að einkasalan missti þessa litlu verzlun með vindlingapappír; það munu aldrei verða svo miklar tekjur af því, að það muni.

Ég sé, að í 8. gr. frv. er það tekið fram, að ríkisstj. ákveði hámarksverð á eldspýtum og vindlingapappír í smásölu. Ég sé enga ástæðu til þessa. Einkasalan ákveður sitt verð á þessari vöru, og ég sé ekki, hvers vegna þarf að binda smásöluna nokkrum böndum út af fyrir sig. Hvers vegna mega smásalarnir ekki keppa hver við annan eins og þeim sýnist, alveg eins og þegar verzlunin er frjáls?

Ég skil ekki, hver er tilgangurinn með 9. gr. frv., sem svo segir, með leyfi hæstv. forseta,: „Á umbúðir allra tegunda af eldspýtum og vindlingapappír, sem einkasalan flytur inn, skal letrað „Tóbakseinkasala ríkisins“.“

Ég býst við, að það sé meiningin, að þetta verði nokkurskonar tryggingarráðstöfun, líkt eins og nú, að tóbakseinkasalan límir miða á hvern kassa, til þess að það verði meira áberandi, ef menn eru með smyglaða vöru. En ég sé ekki, hvernig á að koma þessu fyrir, svo öruggt sé, nema líma eigi miða á hvern eldspýtnastokk! Slík áprentun mundi kosta meira en sem nema mundi ágóðanum af einkasölunni með vöruna. Það er annað mál að prenta merki á miða, sem límdir eru á stóra pakka. Ég skil ekki, hvað það á að þýða að baka verzluninni kostnað með þessari sérvizku.

Annars á það ekki við, að ég sé að fetta fingur út í einstök atriði frv., því að ég legg til, að það verði felt. Ég álít, að þó að það verði samþ., gefi það ríkissjóði svo sem engar tekjur.

En ef hinsvegar tekin er í einkasölu verzlunin með kveikjara, þá kemur þar vara, sem talsvert vandasamt er að verzla með. Ef á að taka kveikjara í einkasölu, því þá ekki að fara eins með allar vörur, sem eitthvað koma tóbaksnautn við? Kveikjarar eru með margvíslegu móti. Þeir eru stundum úr dýrum málmum og notaðir til gjafa, og ef á að fullnægja eftirspurn eftir þeim, þá þarf að hafa þá á boðstólum í fjölbreyttu úrvali, og gæti þá nokkurt fé legið í því, þó ekki þyrfti það að vera mjög mikið. Verzlun með kveikjara er því annars eðlis heldur en verzlun með eldspýtur, sem er miklu einfaldari.

Ég held, að til þess að ráða bót á þeim annmörkum, sem fylgja mundu verzluninni með vörur frv. í einkasölu, væri langheppilegast að fella frv., því að sýnilega græðir ríkissjóður ekkert á þessu brölti.

**Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson)** [óyfirl.]: Þó að ákveðið sé hámarksverð á eldspýtum eins og gert er ráð fyrir í 8. gr. frv., þá þarf það ekki að vera útilokað, að menn geti keppt um söluna með verði á þeim. Ég býst við, að ákveðin verði ómakslaun til smásalanna, og munu þeir af þeim, sem duglegir eru að selja, treysta sér til að hafa verðið eitthvað fyrir neðan það mark, sem það ákvæði setti. (**MJ**: Hver er tilgangurinn með hámarksákvæðinu?). Tilgangurinn er auðsær, að ekki geti átt sér stað óhæfileg álagning hjá smásölum þannig, að samtök smásala kæmu sér saman um að selja þetta háu verði. Yfirleitt þarf að hafa hönd í bagga með sölu á þeim vörum, sem þannig eru innfluttar.

Hv. frsm. minni hl. hélt, að vandræði gætu orðið úr því að letra á alla eldspýtustokka samkv. 9. gr. frv. En þetta er ákaflega einfalt mál og auðvelt að koma þessu fyrir. Það var talað um það hér á Alþ. 1928, þegar kom til tals einkasala á eldspýtum, að komið gæti til greina sem einkatekjugrein fyrir ríkissjóð að selja auglýsingar, sem á þeim stæðu. Það væri mjög auðvelt að koma því fyrir að setja slíkar auglýsingar á stokkana, með því að semja um það við verksmiðjurnar. Á sama hátt er mjög auðvelt og þarf ekki að kosta neitt verulegt að fá verksmiðjurnar til að letra á eldspýtustokkana, að þeir séu frá tóbakseinkasölunni. Hér eru t. d. heildsalar, sem selja eldspýtur, sem þeir hafa látið letra á á íslenzku.

Í sambandi við þessa áletrun má það segja um vindlingapappirinn, að það kemur kannske ekki til greina að áletra nema umbúðirnar utan um hann, og ekki hvert einstakt blað. Þó veit ég ekki nema letra megi á hvert blað, því að ég vil ekki segja, að mikið þurfi að standa á hverjum

miða. Það verða engin vandkvæði með framkvæmd á þessu.

Hið þriðja, sem hv. 1. þm. Reykv. hafði við frv. að athuga, var þetta um kveikjarana. Hann sagði, að af þeim væru fluttar margar breytilegar tegundir. Ég býst við, að það sé rétt hjá honum. En ég vil taka það fram, að það er ekki meiningin, að með þessu eigi að setja upp skrautgripaverzlun með kveikjara búna gulli og dýrum steinum. En það getur vel verið, ef efni leyfa og nægur erlendur gjaldeyrir verður fyrir hendi, að það yrði kannske gert, að panta þessa hluti fyrir einstaka menn gegnum einkasöluna, úr gilli eða silfri og setta dýrum steinum, ef vinir einhvers reykingamanns vildu sæma hann við hátíðleg tækifæri. Að öðru leyti álít ég, að á lager ætti tóbakseinkasalan að hafa eingöngu fremur einfaldar gerðir af kveikjurum. — Fleiri aths. voru víst ekki gerðar við frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10:5 atkv.
Brtt. 349,1 (ný 10. gr.) samþ. með 10:3 atkv.
10.—12. gr. (verða 11.—13. gr.) samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

---

Á 37. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 394).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:3 atkv. og endursent Nd.

---

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 394).
Á 37. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. aftur tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:11 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 487).

## 17. Útflutningur á síldarmjöli.

Á 22. fundi í Ed., 26. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um bann gegn útflutningi á síldarmjöli** (stjfrv., A. 219).

Á 24. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Það þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, því hv. deild er kunnugur tilgangur þessara laga. En hann var sá, að fyrirbyggja, að fóðurbætisskortur gæti orðið í landinu, og var því bannað að flytja út síldarmjöl nema með leyfi landbúnaðarráðh. — Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 219, n. 262).

**Frsm. (Páll Hermannsson)**: Þetta frumvarp felur í sér samþykkt á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 26. september síðastliðinn, þar sem bann var lagt við því, að flytja úr landi síldarmjöl án leyfis stj. Árangurinn af þeim lögum hefir orðið sá, að allt, sem þá var til í landinu af síldarmjöli, eða um 1000 smálestir, hefir verið kyrrsett, að undanteknum h. u. b. 100 smálestum af saltsíldarmjöli.

Orsökin til þessarar ráðstöfunar er kunnari en svo, að um þurfi að ræða. Hún er hinn mikli heybrestur um meira en hálft landið. Með því, að kyrrsetja í landinu þetta mikla, góða, innlenda fóður, er sú ráðstöfun gerð, sem flotið verður á, ef á annað borð verður flotið eftir vandræðin í sumar og í þeim harðindum, sem helzt sýnist vera að vænta í vetur.

Tveir nm. voru fjarverandi sökum lasleika, er frv. var tekið fyrir, en meiri hl. mælir með því, og þykist ég mega fullyrða, að þeir tveir, sem voru fjarverandi, séu því einnig samþykkir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 219).
Á 30. og 31. fundi í Nd., 7. og 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16:2 atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 219, n. 391, 417).

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Eins og sést á frumvarpinu, er það borið fram í tilefni af bráðabirgðalögunum frá 26. september síðastl. um bann gegn útflutningi á síldarmjöli án leyfis ráðh. Sjútvn. hefir athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þeirri breyt., að útflutningur á síldarmjöli sé bannaður, ef nauðsynlegt sé vegna fóðurskorts; ennfremur með breyt. á fyrirsögn frv. Hv. þm. V.-Húnv. hefir borið fram brtt. við frv., og sé ég ekki ástæðu til að fella þá brtt. Þó hefi ég ekki borið það undir sjútvn., en geri ekki ráð fyrir, að hún hafi neitt við brtt. að athuga.

**Thor Thors:** Ég verð að telja það varhugavert, að setja slíkt ákvæði sem þetta í almenn l., að hæstv. ráðh. geti hvenær sem honum sýnist bannað útflutning á þessari vöru. Slíkt bann í l. gerir verzlun með þessa vöru óvissari en ella. Ég get ekki betur séð en að hægt sé hvenær sem er að banna útflutning á síldarmjöli með bráðabirgðalögum, ef brýn nauðsyn ber til. Það er mjög óþægilegt fyrir þá, sem framleiða og verzla með þessa vöru, að hafa slíkt bann stöðugt yfir höfði sér. Að það er í almennum lögum, getur orðið til þess, að banninu verði frekar beitt en ella og frekar en ástæða væri til. Ég tel því, að nægja muni sú almenna heimild, sem felst í stjskr. fyrir ráðh. að gefa út bráðabirgðalög, ef honum sýnist ástæða fyrir hendi.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég get verið alveg sammála hv. þm. Snæf. um það, að ekki sé brýn nauðsyn til þess að binda ákvæði um þetta bann í almennum l., en hinsvegar tel ég það miklu viðkunnanlegra að heimila þetta bann með l. heldur en ráðh. þurfi að grípa til bráðabirgðal. í hvert skipti, ef nauðsyn þykir fyrir hendi vegna fóðurskorts, að banna þennan útflutning. Í ræðu hv. þm. kom fram almennt vantraust á þann ráðh., sem þetta vald á að fá, en ég trúi því varla, að nokkur ráðh. mundi leika sér að því að ástæðulausu að banna útlendan gjaldeyri inn í landið. Það kemur ekki til mála, að nokkur ráðh. sé svo ábyrgðarlaus að banna slíkt, ef ekki væri full þörf fyrir hendi. Auk þess verð ég að segja, að þessi afstaða hv. þm. Snæf. kemur nokkuð í bága við kvartanir hv. flokksmanna hans yfir því, að núv. stj. hafi verið helzt til viljug í því að gefa út bráðabirgðalög. Það er ekki stórt atriði, hvor leiðin er farin, en ég tel eðlilegra, að ekki þurfi að setja bráðabirgðalög í hvert skipti, sem nauðsyn krefur að banna útflutning á síldarmjöli.

**Thor Thors:** Ég vil benda hv. þm. Barð. á það, að ekki hefir komið nein kvörtun frá sjálfstæðismönnum yfir því, að bráðabirgðal. um bönn við útflutningi á síldarmjöli voru gefin út, enda þótt þetta bann hafi valdið talsverðu tjóni í einstöku tilfellum. Ég get ekki betur séð en það sé í betra samræmi við eðli málsins að banna þetta með bráðabirgðalögum heldur en almennum lögum, þegar brýn nauðsyn er fyrir hendi.

Það mætti spyrja hv. þm. Barð., hvort honum þætti ekki eðlilegast að setja í eitt skipti fyrir öll l. um það, að ráðh. mætti banna hvað sem vera vill hér á landi án þess að setja um það bráðabirgðalög. Ef þessi almenna heimild væri gerð að l., væru framleiðendur í raun og veru aldrei frjálsir að því að verzla með sína vöru. Ég tel sjálfsagt, að Alþingi gefi ráðh. aldrei svo víðtæka heimild sem þessa, heldur eigi ákvæði stjskr. að vera hér þær eðlilegu skorður í málinu, enda veit ég, að hv. þm. Barð. skilur það með sjálfum sér, að heimild stjskr. um setningu bráðabirgðalaga nægir hér, og vildi ég því mælast til þess að hv. þd. fari ekki að samþ. hér neitt óþarft bann, sem yrði til þess eins að draga úr öryggi í viðskiptalífinu.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég skil ekki, að hv. þm. Snæf. þurfi að misskilja þetta frumvarp. Hér er ekki verið að tala um neitt almennt bann, heldur heimild fyrir ráðherra til að nota, ef nauðsyn krefur vegna fóðurskorts. Það er í raun og veru sama skilyrði og stjskr. setur fyrir setningu bráðabirgðalaga. Í 23. gr. stjskr. segir, að ráðh. sé heimilt að setja bráðabirgðalög, þegar brýn nauðsyn sé fyrir hendi. Enginn annar en viðkomandi ráðh. á að dæma um það, hvort þörfin sé nógu brýn. Þess vegna er aldrei hægt að hindra ráðh. í því að setja bráðabirgðalög. Ráðh. á sjálfur að dæma í báðum tilfellunum; hér er aðeins um að ræða mismunandi aðferðir. Ég veit, að hv. þm. hlýtur að skilja þetta. Þessi lög eiga aðeins að koma í veg fyrir það, að ráðh. þurfi að vera að burðast með bráðabirgðalög í hvert skipti. Ég veit, að hv. þm. skilur það líka, að það þarf alls ekki að búast við því, að nokkur landbrh. fari að banna útflutning á verðmætum vörum, ef ekki er alveg sérstök brýn þörf fyrir hendi.

Ég hefi ekki heyrt hv. þm. Snæf. kvarta um það, að ekki hafi verið þörf á því að setja bráðabirgðalög um bann við útflutningi á síldarmjöli í haust. En ég hefi bent á það áður, að sjálfstæðismenn hafa í blöðum sínum, og stundum hér á þingi líka, a. m. k. skopast að því, hvað stj. setti mikið af bráðabirgðalögum. Þeir hafa talað um, að hún notaði þessa heimild stjskr. alltof mikið, þó þeir hafi ekki sérstaklega kvartað undan þeim bráðabirgðalögum, sem hér er um að ræða. En úr því að hv. þm. Snæf. hefir ekkert á móti setningu bráðabirgðalaganna, þá getur hann ekki út frá réttum hugsanagangi verið óánægður með það, að veitt sé heimild til að setja samskonar ákvæði, þegar nauðsyn ber til. Annars er það ákaflega lítið atriði, sem við deilum um, aðeins hvort kosta skuli meiri eða minni skriffinnsku að gera ráðstafanir, sem við erum sammála um, að gera verði undir sérstökum kringumstæðum.

**Thor Thors:** Mér þykir leitt, hve erfiðlega hv. þm. Barð gengur að viðurkenna muninn, sem er á bráðabirgðalögum og almennum l. Ég veit, að hann skilur vel þennan mun. Hann veit, að bráðabirgðalög á aðeins að setja, þegar mjög brýna nauðsyn ber til. Hv. þm. er það mikill

lögfræðingur, að hann veit, að löggjafarvaldið er hjá Alþingi. (**BJ**: Það mætti bara setja inn í frv. gr. „brýn nauðsyn"). — Það fullnægir ekki, þó orðið „brýn", sé bætt inn í á undan „nauðsyn", því bráðabirgðalög eru sérstök tegund löggjafarinnar, sem þarfnast miklu sterkari skilyrða heldur en orð stjskr. beinlínis segja til um. En þessi l. eru almenn löggjöf, sem ráðh. getur gripið til hvenær sem honum finnst þurfa. Og bannið er algerlega almennt, svo ég sé ekki annað en ráðh. sé þar með veitt heimild til að banna einstökum mönnum útflutning, þó hann sé ekki bannaður öðrum. Það er bara sagt, að ráðh. megi banna útflutning á síldarmjöli. Það mætti hugsa sér það tilfelli, sem vel gæti fallið undir orðalag frv., að ráðh. segði við vissa framleiðendur: Þið megið ekki selja til útlanda ykkar síldarmjöl, það á að vera kyrrt í landinu til fóðurbætis. Það er engin ástæða til að setja þannig almenn þvingunarlög. Stjskr. sér fyrir þeirri nauðsyn, sem stafað getur af óvenjulegum kringumstæðum, og það er þá gert með sérstakri löggjöf, sem gildir aðeins eitt ár í senn samkv. eðli bráðabirgðalaga. Ég vænti því, að frv. verði fellt.

**Páll Zóphóníasson**: Eins og þessi bráðabirgða-l. liggja fyrir, getur ekki verið meiningin að samþ. þau nema með einhverjum breyt. Hv. þm. Snæf. er óánægður með þá breyt., sem n. hefir lagt til. Ekki er hann líklega ánægðari með 1. gr. frv. eins og hún liggur fyrir. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Útflutningur á síldarmjöli úr landinu er bannaður, nema leyfi landbúnaðarráðherra komi til".

Þetta eru l., sem ekki eru bundin neinu tímatakmarki, og hv. þm. hefir enga till. gert um að fella þau úr gildi. Svo þegar n. leggur til að milda þetta þannig, að ekki skuli alltaf vera bannað að flytja út síldarmjöl nema með leyfi ráðh., heldur sé ráðh. aðeins heimilt að banna útflutning þegar sérstök nauðsyn krefur, þá finnst hv. þm. það ómögulegt till.

Nú verðum við að gæta að því, að hér á þingi er búið að samþ. frv., sem orðið er þegar að lögum, um breyt. á forðagæzlulögunum. Með þeirri breyt. er ráðh. gert mögulegt að fylgjast miklu betur með ástandinu að því er fóðurbirgðir í landinu snertir heldur en áður var. Þess vegna er nú engin hætta á, að nokkur ráðh. geri ráðstafanir til að banna útflutning síldarmjöls að óþörfu, þegar hann getur fengið skýrslur frá forðagæzlumönnum hvenær sem hann óskar um fóðurbirgðirnar í landinu. Þessi lög gera því engum tjón venjulega, en tryggja á hinn bóginn, að ráðh. geti, án þess að gefa út bráðabirgðalög — en við bráðabirgðalög er nú sumum hv. þm. ekki vel — tryggt nægilegan fóðurbæti í landinu þegar nauðsyn krefur.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Ég á hér litla breytingartillögu við breytingartillögu á þskj. 391. Þar er gert ráð fyrir, að heimild sé veitt til þess að banna útflutning á síldarmjöli. Nú finnst mér, að það sé ennþá e. t. v. nokkuð hart að orði kveðið, því samkv. brtt. er stj. veittur réttur til að banna útflutning, en ekki takmarka hann. Gæti þó í ýmsum tilfellum verið ástæða til að byrja á því að takmarka útflutninginn án þess að banna hann alveg, m. a. til þess að tryggja það, að útflytjendur væru ekki kyrrsettir með mjög mismunandi birgðir. Ef ástæða þætti til að takmarka útflutninginn, yrðu þau ákvæði sett gagnvart öllum útflytjendum síldarmjöls. Ætti niðurstaðan þannig að verða sanngjarnari, og stj. væri auðvelt að halda eftir í landinu svo miklum fóðurbæti, sem nauðsyn þætti til. Annars gætu sumir verið búnir að flytja út allar sínar birgðir, þegar bannið væri sett á, en aðrir sætu uppi með meiri hlutann af sínum birgðum.

Annars vil ég nú halda, að yfirleitt þurfi ekki til þess að taka að banna útflutning á síldarmjöli, vegna þess að mönnum á að vera í lófa lagið að útvega sér nægilegt síldarmjöl í gegnum ríkisverksmiðjurnar, ekki sízt eftir þeim reglum, sem teknar voru upp á síðastl. sumri, þar sem lengdur var fresturinn, sem menn hafa til að gera pantanir til verksmiðjanna, ef sú breyting væri gerð mönnum nægilega kunn. Menn eru yfirleitt búnir að sjá það, þegar kemur fram í september, hvað menn þurfa af fóðurbæti. A. m. k. var það sjáanlegt strax í septemberbyrjun í sumar, að mikinn fóðurbæti vantaði, og þegar menn eru búnir að reka sig einu sinni á eins og í sumar, þá hygg ég, að menn verði vel á verði um þetta framvegis. Ég tel varhugavert að setja miklar hömlur á útflutning síldarmjöls; m. a. getur það valdið verksmiðjunum erfiðleikum vegna plássleysis, og með tilliti til markaðsins getur einnig verið óheppilegt að draga útflutninginn. Verður að ganga út frá, að allar stj. fari varlega í að banna útflutning síldarmjöls, þó frv. verði samþ. Þótt sjálfsagt sé að hugsa um hagsmuni bænda í þessum efnum, þá verður einnig að gæta þess, að gera ekki verksmiðjunum of erfitt fyrir um afsetningu á sínum vörum.

**Frsm. (Bergur Jónsson)**: Mér dettur ekki í að halda áfram þessum lögfræðideilum við hv. þm. Snæf., við getum hvort sem er ekki orðið sammála. Mér er vel ljóst, að heimild þessa frv. ráðh. til handa er ekkert hættulegri en hin almenna heimild stjskr.

En hv. þm. var að tala um, að þessari heimild gæti orðið beitt af hlutdrægni, þannig að einstökum framleiðendum væri bannað að flytja út síldarmjöl en öðrum ekki. Ef slíkur ráðh. sæti einhverntíma að völdum hér á Íslandi, að hann færi að misnuna framleiðendum síldarmjöls á þennan hátt og e. t. v. neyða þannig einstakan framleiðanda til að selja sína vöru fyrir lægra verð innnlands heldur en hann gæti fengið utanlands, þá má segja, að hann gæti eins gert það með bráðabirgðalögum, og jafnvel frekar, því að baki svona lagasetningu er greinilegri þingvilji, sem hlýtur að stefna í þá átt, að lögunum skuli beitt réttlátlega gagnvart öllum jafnt. Aftur er stjskr.heimildin, eins og hv. þm. vita, mjög liðug í meðförum, og er því ekki síður hægt að nota hana til að beita hlutdrægni. Annars skulum við ekki gera ráð fyrir,

að slík hlutdrægni geti komið til greina. Ég skil ekki, að nokkur ráðh. gæti leyft sér slíkar aðfarir. Þetta er bara einhver sérstök viðkvæmni hjá hv. þm., vegna afstöðu hans til viss firma í landinu. En ég get fullvissað hann um, að hann þarf ekkert að óttast í þessum efnum meðan þingræðisstjórn er í landinu.

**Thor Thors:** Mér þykir það einkennileg staðhæfing hjá hv. þm. Barð., að það geti talizt einhver sérstök viðkvæmni, þegar ég stend hér upp til að andmæla algerðum bannlögum á vissu sviði viðskiptalífsins. Hv. þm. Barð. er ekki hlynntur öllum bannlögum, þó hann sé með þessum, og þar sem hann er mjög viðkvæmur fyrir hömlum á einstaklingsfrelsinu á vissu sviði, þá vona ég, að hann skilji, að ég vil ekki leggja óþarfar hömlur á einstaklingsframtakið á því sviði, sem hér er um að ræða.

Út af ræðu hv. 2. þm. N.-M. vil ég gera þessa aths. Þau bráðabirgðalög, sem hér liggja fyrir, voru gefin út vegna sérstaks ástands, sem skapaðist á síðasta hausti, og eru þau lögð fyrir þingið til þess að fullnægja ákvæðum stjskr. og að sjálfsögðu ætlazt til, að þau séu annaðhvort felld eða látin daga uppi, því slíkt er venja um þau bráðabirgðalög, sem aðeins eru miðuð við sérstakt ástand, sem ekki er lengur fyrir hendi. Ríkisstj. er nú búin að eignast allt það síldarmjöl, sem eftir er í landinu, svo að því leyti er tilgangi bráðabirgðalaganna náð. Ég hefi gert ráð fyrir, að þar með væri þetta mál úr sögunni, en ekki yrði farið að setja til frambúðar hömlur á þessu sviði viðskiptalífsins. Þetta vona ég, að hv. 2. þm. N.-M. skilji.

ATKVGR.
Till. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 15:9 atkv.
Brtt. 417 samþ. með 16:4 atkv.
— 391 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 25:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Brtt. 391,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:3 atkv., með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um útflutning á síldarmjöli.**

---

Á 38. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 449).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:3 atkv. og endursent Ed.

---

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 449).
Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 512).

---

## 18. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús** (stjfrv., A. 17).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í frv. því, er hér liggur fyrir til umr., er farið fram á, að framlengdar séu álögur á skemmtanaskatti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta mál. Vænti ég þess, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 106).

**Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og nál. á þskj. 106 ber með sér, er fjhn. sammála um að leggja þetta frv. fyrir hv. d. óbreytt frá 1. umr. Eins og tekið er fram í grg. frv. felur það í sér ákvæði um að innheimta skemmtanaskatt til ársloka 1935 með sama álagi, 8%, og gilt hefir frá því á árinu 1933. Frv. þetta er því framlenging á gildandi lögum í þessu efni, og er það eitt af þeim tekjuaukafrv., sem hæstv. stjórn ber fram til þess að geta staðizt nauðsynleg útgjöld ríkissjóðs bæði til verklegra framkvæmda og fleira. Ég vil því í nafni n. óska þess, að frv. verði samþ. og vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. frv. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 17, 161).

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Aðalefni brtt. minnar við þetta frv. er, að orðin: „innlendra manna“ falli burt úr frv. Ástæðan fyrir því, að ég ber þessa brtt. fram, er sú, að síðan lög þessu voru sett, hafa komið hingað erlendir hljómlistarmenn, sem okkur er mjög mikilsvert að fá hingað til lands. Hlutur þeirra manna, sem haldið hafa hér hljómleika, hefir stundum verið svo rýr, að það hefir valdið mikilli óánægju þeirra á meðal. Það er talið, að um 18% af brúttótekjum þeirra renni í ríkissjóð. Þeir segja, að hvergi sé eins mikill skattur tekinn af þeim eins og hér. 10% skattur er jafnvel óvenjulegur. Ferðir hingað eru dýrar og erfiðar. Þess vegna er hagnaðurinn af þeim

enginn eða a. m. k. mjög lítill. Aftur á móti er mjög mikilsvert, að hingað komi miklir og vel metnir hljómlistarmenn, og að þeir geti verið ánægðir með komuna hingað. Þess vegna má ríkið ekki taka mestan hluta af bróttóhagnaði þeirra. Ríkissjóð munar ekki mikið um þetta. Ég hefi ekki spurzt fyrir um það hjá tollstjóra, hve mikið þetta er. Það mun varla nema meiru en nokkrum hundruðum, í hæsta lagi nokkrum þúsundum króna árlega. Ég álít sjálfsagt að þannig sé komið fram við þessa menn, að það geti orðið landinu til sóma erlendis, en ekki til vansæmdar. Mat útlendinga á okkur Íslendingum hefir mikið að segja.

Ég vona að lokum, að hv. allshn. hafi ekkert við þessa brtt. að athuga og að hún nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 161 felld með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JG, ÓTh, PHalld, StJSt, ÁÁ, BJ, EmJ, GÞ, GSv, GTh, HV, JakM, JJós, JÓl.

**nei:** PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, TT, ÞorbÞ, BÁ, BB, EystJ, FJ, GG, GÍ, HannJ, JónP, JS, JörB.

Tveir þm. (MT, SK) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 17).

Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:1 atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 485 og 486).

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Eins og sést á þskj. 485 og 486, hefir n. ekki orðið sammála um frv. Meiri hl. telur, að ríkissjóður megi ekki missa tekjur sínar af skemmtanaskatti og því 80% álagi á hann, er gilt hefir um skeið, og leggur því til, að frv. verði samþ.

Það má ef til vill segja, að þetta frv. sé nokkuð snemma á ferðinni, því að það byggist á frv. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, og er gagnslaust fyrir ríkissjóð nema það frv. verði samþ., því að þar er ákveðið, að skemmtanaskatturinn skuli renna í ríkissjóð. Samt er ekkert á móti því, að málið gangi til 3. umr. nú, ef deildin tekur næst fyrir afgreiðslu hins frv., þótt það hefði fremur átt að koma fyrir áður.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Þótt ég hafi ekki viljað mæla með frv., vil ég taka það fram, að ég legg ekki mikla áherzlu á þetta. Þetta er svo sem eins eðlilegt og hvað annað í því skattamoldviðri, sem nú gengur yfir. En ég var á móti þessum lögum í upphafi og sé ekki ástæðu til að vera með framlengingunni.

Þessi skattur lendir fyrst og fremst á kvikmyndahúsunum. Mér finnst, að þegar herðir að mönnum, þá veiti eiginlega ekki af því að halda uppi einhverjum góðum og ekki óhollum, en ódýrum skemmtunum, sem almenningur getur helzt veitt sér, og ætti ekki fyrr en í síðustu lög að veitast að þessum tekjustofni.

Ég vil segja í sambandi við það mál, sem var afgr. hér rétt á undan, um lækkun á kaffi- og sykurtolli, að mér finnst það alveg eins hægt að hlaða tollum á þá almennu skemmtun, sem er af því að neyta kaffis, eins og að hækka tolla og skatta á þessari ódýru skemmtun almennings.

Ég skal ekki fara neitt út í að rifja upp þau rök, sem ég hefi fært fram gegn hækkun skemmtanaskatts. Aðalatriðið var, að það ætti að halda þessari skemmtun heldur ódýrri, því að ekki er víst, að fólk breyti um til hins betra, þó að því með of háu gjaldi verði varnað að sækja kvikmyndahús, sem þessi skattur lendir aðallega á. Ég var því á móti því, að þessi skatthækkun var lögleidd, og mæli einnig á móti því nú, að þessi skattur verði framlengdur.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefi jafnan verið á móti þessum skatti eins og honum er fyrir komið nú, að hann rennur til þjóðleikhússins. Eins og menn muna, var leyfi til fyrir bæjarfélög að setja á skemmtanaskatt hjá sér, og víðast mun þessi heimild hafa verið notuð, og einmitt í þeim tilgangi að halda við og stofna ýmisskonar mannúðarfyrirtæki. Þannig mun það hafa verið hér í Reykjavík, að tekjurnar hafa gengið til fyrirhugaðrar stofnunar barnaheimilis, og á Ísafirði áttu þær að ganga til rekstrar elliheimilis. Þessi tekjustofn var svo tekinn af bæjarfélögunum, og því miður hefir það gengið svo, að það hefir verið höggið stórlega á tekjustofna bæjarfélaganna, og verður ennþá meira með þeim frv., sem hér liggja fyrir um ýmsar tekjur til handa ríkissjóði. En hér er farið ennþá lengra inn á þá leið að höggva skörð í tekjuöflunarmöguleika bæjarsjóða, því að þar, sem stendur svo á, að bæjarfélögin hafa sjálf bíórekstur, eins og t. d. á Ísafirði, þá er það stórkostleg skerðing á tekjum bæjarfélaganna, því að þegar 80% álagning kemur ofan á þann skatt, sem fyrir er, þá er hann orðinn 35% af inngangseyri í bíóin, og auðsætt er, að þau munu ekki verða eins sótt eins og ella mundi verða. Auk þess er það varhugaverð braut að ganga inn á, að gera slíkar almennar skemmtanir óaðgengilegri og dýrari fyrir allan almenning. Því að vissulega eyða menn fristundum sínum oft og tíðum til þess, sem síður skyldi heldur en að horfa á bíómyndir, sem oft eru fræðandi og skemmtandi. Ég held, að það ætti ekki að leggja stein í götu þess, að almennum ódýrum skemmtunum væri haldið uppi fyrir almenning, meðfram með það fyrir augum, að það mundi leiða til annars, sem er óhollara almenningi heldur en að sækja slíkar skemmtanir. T. d. hefir það verið eitt af þeim ráðum, sem Englendingar

telja að beztan árangur hafi borið gagnvart ofnautn áfengis, að halda uppi ódýrum skemmtunum fyrir almenning.

Ég get því ekki, vegna þeirra ástæðna, sem ég hefi talið fram, verið með að samþ. þetta frv., heldur mun ég greiða atkv. á móti því.

Það þýðir auðvitað ekki hér að deila um þjóðleikhúsið; það er mál, sem er orðið afgr. En á sínum tíma var ég einn þeirra manna, sem vöruðu við því að samþ. þau lög um þjóðleikhús, sem nú gilda. Sem betur fer er ekki til þess komið ennþá að starfrækja það hús, en ég hygg, að margir þeirra, sem greiddu atkv. með þeim lögum, sjái nú eftir því, þegar búið er að eyða ½ millj. króna í það. Og vitanlega kostar það ríkissjóðinn árlega tugi eða hundruð þúsunda, þegar farið verður að starfrækja það.

Ég tel fyrir mitt leyti skynsamlegra að halda uppi ódýrum skemmtunum fyrir almenning heldur en að vera að burðast með fyrirtæki eins og þjóðleikhúsið. Þó að þessar tekjur eigi nú sem stendur að renna í ríkissjóðinn, þá verð ég að segja það, að þeirra er mjög illa aflað, því að það er oft svo, að það er fátækara fólkið, sem helzt á kost á að sækja þessar ódýru skemmtanir, en með þessu er verið að þyngja fyrir því, en ekki létta.

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að segja. Ég get ekki tekið undir þau orð hv. 1. þm. Reykv., að bíóskemmtanir séu eins nauðsynlegar fyrir allan almenning eins og kaffi og sykur, og skal ég þó játa með honum, að almenningur gæti sér að skaðlausu sparað kaffi og sykur meira en nú er gert. Það var helzt á hv. 1. þm. Reykv. að skilja, að þessi ódýra skemmtun, sem almenningur hefir, bíóin, og hv. þm. N.-Ísf. tók í sama streng, að þau væru ákaflega mikil menningartæki fyrir fólkið. Það er hægt að játa það, að það eru til bíómyndir, sem eru fróðlegar og gagnlegar fyrir fólkið að horfa á, en oftar eru myndirnar þó lítilfjörlegar, og jafnvel skaðlegar, og það hafa komið fram kvartanir, sem sjálfsagt eru á rökum byggðar, um að bíóin hefðu ekki sem bezt áhrif á æskulýðinn, og jafnvel er talið, að óknyttir, sem stöðugt fara í vöxt hjá börnum og unglingum, eigi stundum rót sína að rekja til bíómynda.

Að það sé einkum fátækara fólkið, sem sækir bíóin, eins og hv. þm. N.-Ísf. hélt fram, efast ég um. Ég held miklu frekar, að það sé fólk, sem hefir betri efnalega afkomu, sem sækir bíómyndir.

Þó að ég játi það með hv. 1. þm. Reykv., að kaffi- og sykurtollurinn sé sæmilegur gjaldstofn, og ekki ósanngjarnt að leggja töluverðan toll á þær vörur, eins og reyndar er gert, þrátt fyrir það, þó að þetta frv., sem var verið að samþ., verði að lögum, þá verð ég að segja það, að mér finnst, að bíómyndir séu alveg eins skatthæfar og engu síður.

Allt öðru máli gegnir um það, sem hv. þm. N.-Ísf. minntist á, til hvers ætti að verja skemmtanaskattinum. Það getur vitaskuld mikið verið til í því, að það hafi ekki verið allskostar sanngjarnt að svipta bæjarfélögin þeim tekjum, sem þau gátu af þessu haft, en þetta er nú einu sinni búið að gera, og eins og nú horfir með fjárhagsafkomu ríkissjóðs, þá er óhugsandi, úr því að búið er að ákveða þennan skatt til ríkissjóðs, að hann færi nú eins og ástatt er að fleygja frá sér þessum tekjum. (**MJ:** Hvað gerði hann ekki við gengisviðaukann?). Ég greiddi ekki atkv. á móti till. hv. þm.

Ég get tekið undir þau orð hv. þm. N.-Ísf., að ég harma það ekki í sjálfu sér, þótt ekki sé komið lengra með þjóðleikhúsið heldur en er. Ég held, að það hefði verið heppilegra að skattleggja bíóin annaðhvort til þarfa bæjar- og sveitarfélaga eða til ríkissjóðs, heldur en að byggja þjóðleikhús fyrir þær tekjur. En menn líta nú misjöfnum augum á það.

Að öðru leyti þarf ég engu að svara, enda komu lítil andmæli til mín fram hjá þessum hv. þm., sem töluðu hér á undan.

**Jón Auðunn Jónsson:** Út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði um bíóin sem menningartæki, vil ég minna á, að það er að sjálfsögðu eitt, sem getur bætt úr því, sem ábótavant kann að vera í því efni, og það er, að valdar séu þær myndir, sem hafa menningarlegt gildi og séu jafnframt fræðandi og skemmtandi, og svo í öðru lagi að greina á milli þeirra mynda, sem á að sýna fullorðnu fólki og unglingum.

Hv. 1. þm. Eyf. minntist á, að sumar myndir væru þannig, að unglingar hefðu illt eitt af því að sjá þær. Þetta get ég vel gengið inn á. En við þessu er auðvelt ráð. Það á að greina myndirnar í sundur, og leyfa ekki unglingum að sjá þær myndir, sem að einhverju leyti gætu spillt hugsunarhætti þeirra. En hitt er vitað, að þessi skattur er aukinn skattur á bæjarfélögin bæði beint og óbeint. Beint, þar sem svo stendur á sem ég gat um í einu tilfelli, að bæjarfélög hafa tekjur af rekstri kvikmyndahúsa, en að hinu leyti óbeint, með því að taka þennan skatt af inngangseyri í kvikmyndahús til ríkissjóðs og þar með að draga úr greiðslugetu borgaranna til þarfa bæjarfélaganna. Ég tel þess vegna, af öllum þessum ástæðum, sem ég hefi nefnt, varhugavert að samþ. þetta frv. og vil eindregið mælast til, að það verði fellt.

**Magnús Guðmundsson:** Ég skal taka það fram strax, að ég tel ekki hægt að komast hjá því að samþ. þetta frv. Það gefur talsverðar tekjur í ríkissjóð, og það árar ekki svo nú, að hægt sé að fella niður þá tekjustofna, sem ríkissjóður hefir áður haft. Þess vegna er ég samþ. hv. meiri hl. n. um það, að ekki sé hægt að komast hjá þessu, og það því fremur, sem felldur hefir verið niður talsverður tekjustofn, sem ég held, að hefði verið hægt að nota a. m. k. eitt ár ennþá.

Það vakti eftirtekt í fyrra, þegar gerðir voru samningar milli jafnaðarmannaflokksins í Danmörku og bændaflokksins um skattamálin, þá komu þeir sér saman um að hækka kaffi- og sykurtollinn, og var hann þó alls ekki lægri heldur en hér. En ég skal ekki fara út í það mál, úr því að ég tók ekki til máls um næsta

mál á undan á dagskránni (frv. um gengisviðauka).

En ég vil aðeins láta það í ljós sem mína skoðun, að ég get alls ekki talið rétt undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, að draga úr tekjum ríkissjóðs; það þarf þvert á móti að bæta við þær, og ég get ekki séð annan skatt betri heldur en skatt, sem er lagður á skemmtanir manna, sem þeir geta yfirleitt verið án. En hitt er náttúrlega álitamál, hvort hann á frekar að renna í sveitar- eða bæjarsjóði eða í ríkissjóð. En eins og nú stendur er ekki hægt að komast hjá því að láta ríkissjóð halda öllum þeim tekjustofnum, sem hann hefir haft.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

---

Á 44. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 549).

---

## 19. Verkamannabústaðir.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um verkamannabústaði** (stjfrv., A. 22).

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Þótt frv. þetta sé nokkuð að fyrirferð, þá er breyt. á l. um verkamannabústaði ekki að sama skapi mikil. Aðalbreyt. er sú, að í stað þess, að nú er eftir l. ákveðið að byggingarsjóðir séu sjálfstæðir miðað við kaupstað eða kauptún, sem l. ná til, þá er í frv. gert ráð fyrir, að byggingarsjóður skuli einn fyrir allt landið, en skiptist í deildir eftir kaupstöðum og kauptúnum. Ástæðan til þessarar breyt. er í fyrsta lagi sú, að það hefir sýnt sig torvelt fyrir hin smærri kauptún að fá lán til bygginganna, og hinn eini sjóður, sem hefir fengið nokkuð verulegt og hafzt nokkuð að, er sjóðurinn í Rvík. Í öðru lagi er með breyt. viðurkennd sú staðreynd, að óheppilegt er, að ríkisábyrgðin sé bundin við mörg lán og smá, þannig að margir séu að bjóða út ríkisábyrgð fyrir smáum upphæðum. Ef breyt. verður samþ., verður lántakandinn aðeins einn, og lánskjör allra félaganna hin sömu, hvar sem þau eru á landinu, og ábyrgðin veitt fyrir hinu sameiginlega láni. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að kaupstaðirnir eða kauptúnin standi ábyrg gagnvart sjóðnum.

Hinar aðrar breyt. eru smávægilegar og leiða af hinum, eins og t. d. stjórn sjóðsins og það, að kaupstaðir eða kauptún geta sett sína trúnaðarmenn til eftirlits með fjárveitingum. En samkv. 4. gr. er ekki gert ráð fyrir, að lán sé veitt nema einu byggingarfélagi í hverjum kaupstað eða kauptúni. Þetta byggist á því, að það er talið sjálfsagt, að einungis sé um eitt félag að ræða á hverjum stað, og uppfylli það skilyrði laganna.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til allshn.

**Thor Thors:** Það eru aðeins fáein orð um málið í heild. Ég býst við, að mér gefist síðar tækifæri til að ræða einstök atriði þess. Frv. er að miklu leyti endurprentun á l. um verkamannabústaði frá 1931. Ég tel ekki ástæðu til að víkja að þeirri löggjöf, sem ég fyrir mitt leyti tel mjög þarfa og réttláta, en þær aðalbreyt., sem hér eru á gerðar, eru í raun og veru þrjár. Í fyrsta lagi eru allir byggingarsjóðir hinna einstöku kaupstaða og kauptúna sameinaðir í einn byggingarsjóð. Þessa breyt. tel ég tvímælalaust til bóta og get fallizt á þær röksemdir, sem koma fram í grg. frv. og ræðu hæstv. ráðh. Í öðru lagi er sú breyt., sem gerð er í 4. gr. frv. og fer fram á, að ekki sé heimilt að hafa nema eitt byggingarfélag í hverju kauptúni eða kaupstað. Ég verð að telja þetta galla frá því, sem nú er í l. um verkamannabústaði, af því að með þessu er beinlínis unnið að því að gera færri menn aðnjótandi vildarkjara laganna. Ég sé ekki annað en að þeir menn, sem sérstaklega hafa barizt fyrir málinu, ættu að bera þá ósk í brjósti, að l. væru það víðtæk, að sem flestir fengju notið þeirra, en það er tvímælalaust, að ef fleiri félög eru innan sama kaupstaðar myndu fleiri menn notfæra sér l. en ef aðeins eitt félag hefði til þess skilyrði.

Þriðja breyt., sem gerð er á gildandi l., leiðir að nokkru leyti af aðalbreyt. um einn allsherjar byggingarsjóð, en hún er um sjóðstjórnina. Samkv. gildandi l. eiga bæjarstj. að velja 2 menn með hlutfallskosningu í sjóðsstj. Þetta tryggði tveim aðalstjórnmálafl. a. m. k. þátttöku í stjórn sjóðanna. Í frv. eru ákvæði um, að atvmrh. skipi alla 3 mennina í stj. byggingarsjóðs. Þetta tryggir engan veginn, að allir stjórnmálafl. innan kaupstaða og kauptúna landsins eigi fulltrúa í þessari allsherjar sjóðsstjórn. Ég teldi því réttara, að stj. væri kosin hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi. Það myndi tryggja helztu stjórnmálafl. þátttöku. Fer ég svo ekki frekar út í þetta að sinni, því að ég býst við, að málinu verði vísað til allshn., og þar sem ég á sæti í þeirri n., gefst væntanlega tækifæri til að athuga það nánar.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég sé ekki ástæðu til að víkja nema að tveimur atriðum í ræðu hv. þm. Snæf. Hann var sammála mér um höfuðatriðið, að rétt væri að hafa sjóðstj. eina og deildarskiptingu. Hinsvegar telhann sig mótfallinn þeirri breyt., að einungis

eitt félag sé aðili fyrir hvert kauptún eða hvern kaupstað og taldi það skapa færri mönnum möguleika til hagnýtingar friðinda þeirra, er l. veita, skildist mér. Ég held þetta sé misskilningur hjá hv. þm. Engin líkindi eru til þess, þótt félögin séu fleiri, að fjármagn sjóðsins aukist við það, en það er hin fjárhagslega geta sjóðsins, sem ræður því, hve mikið er hægt að lána. Að því er snertir sjóðstj. get ég tekið það fram strax, að mér finnst vel til fallið, að hv. allshn. athugi það atriði. Það er ekkert kappsmál, að ríkisstj. skipi sjóðsstj., en það leiddi af því að sjóðurinn var gerður aðeins einn, að hin eldri ákvæði fengu eigi staðizt. Ég hefi ekki á móti því, að tekið verði tillit til flokkanna og vil gjarnan, að það verði tekið til athugunar.

**Thor Thors:** Það er aðeins aths. Mér er það að sjálfsögðu ljóst, að fjármagn byggingarsjóðs eykst ekki, þótt fleiri félög en eitt hafi leyfi til bygginga innan sama svæðis. En fleiri menn verða þess þá fýsandi að notfæra sér lögin, og geta legið til þess ýmsar ástæður, sem ég hirði ekki að greina hér.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil benda hv. þm. á það í þessu sambandi, að hingað til hefir það verið svo, og ég geri ráð fyrir, að því verði ekki breytt nú, að færri hafa komizt að en óskað hafa eftir að notfæra sér hlunnindi laganna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 12. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 78, 82).

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Allshn. hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga. Þó er hér ein brtt. við frv. frá sjálfstæðismönnunum í nefndinni, sem þeir að sjálfsögðu munu gera grein fyrir. Ég mun aðeins í stuttu máli skýra frá því, í hverju þær breyt. eru fólgnar, sem n. ber fram á þskj. 78, sem eru fæstar miklar að efni til. Brtt. við 2. gr. er aðeins orðabreyt. og sömuleiðis breyt. á 4. tölul. 3. gr. Hún á aðeins að kveða skýrar á um það, að hinar einstöku deildir byggingarsjóðanna séu ekki í samábyrgð hver fyrir aðra. Aðalefni frv. er það, að sameina alla byggingasjóði undir eina stjórn, til þess að gera byggingarsjóðunum og félögunum hægara um lántökur heldur en ef sjóðunum er komið fyrir í deildum úti um landið, eins og nú er. Sjóðirnir og félögin eiga mörg erfitt um lántökur, en með þessu mundi aðstaða þeirra bætt, þar sem þau þyrftu aðeins að leita til hins sameiginlega sjóðs. En á því ríður vitanlega mikið, að næg lán og með sem beztum kjörum fáist til byggingganna, eins og t. d. hafa fengizt til verkamannabústaðanna hér í Rvík síðast, þar sem til þeirra fékkst lán með 4% vöxtum. Þriðja brtt., sem er við 4. gr. frv., er og að mestu leyti orðabreyt. Þar er aðeins kveðið skýrar á um það, að byggingarsjóði sé heimilt að veita aðeins eitt lán, allt að 85% af kostnaðarverði eignarinnar, með fyrsta veðrétti. Í frv. er svo tiltekið, að lána megi þetta í tvennu lagi, 60% af virðingarverði eignarinnar út á fyrsta veðrétt, og svo einnig út á 2. veðrétt, en þó ekki meira en það, að samanlagður fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 85% af kostnaðarverði eignarinnar.

Þá er brtt. við 6. gr. Hún kveður nákvæmar á um það en gert er í frv., að komi það fyrir, að kaupstaður, sveitarfélag eða ríkið eigi ekki nægilega hentugar byggingarlóðir í þessu skyni, þá megi taka þær eignarnámi hjá einstaklingum, ef þörf krefur.

Þá ber n. fram þá brtt. við 8. gr. frv., að í stað inn fyrir að atvmrh. skipi 3 menn í stjórn byggingarsjóðs, skuli stjórn hans skipuð 5 mönnum, og kjósi sameinað Alþingi 4 þeirra með hlutfallskosningu, en atvmrh. skipi einn þeirra, sem skuli vera form. sjóðsstjórnarinnar. Er þetta gert til samkomulags, svo stjórnmálaflokkarnir geti haft þar sína fulltrúa. Síðasta brtt. er um það, að stj. byggingarsjóðs og endurskoðendur skulu í fyrsta sinn kosnir á Alþingi 1934. — Að öðru leyti þykir mér ekki ástæða til að gera grein fyrir þessum brtt. allshn., en mælist til þess, að þær verði samþ. og að frv. nái fram að ganga með þeim.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég skal þegar geta þess að hv. þm. Snæf. hafði sérstaklega gert ráð fyrir að hafa orð fyrir brtt. minni hl. allshn., en þar sem hann er ekki viðstaddur, mun ég í stuttu máli gera grein fyrir þeim. Eins og kunnugt er, þá er í lögum um verkamannabústaði ákvæði um það, á hvern hátt afla skuli fjár til þessara byggingarsjóða, og hefir í Rvík einni myndazt sjóðir yfir 100 þús. kr. á ári. Eins og kunnugt er, þá hefir Byggingarfélag verkamanna hér í bænum hafizt handa um byggingar og byggt nokkra verkamannabústaði. En það hefir orðið nokkur óánægja um þessar byggingar, og hafa ýmsir verkamenn, sem hús hafa viljað fá, ekki getað fellt sig við þann byggingarmáta, sem byggt hefir verið eftir, og því stofnað annað byggingarfélag, sem nefnt hefir verið Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna. Það hefir að vísu ekki tekið til starfa ennþá, en kosið sér stjórn og sett sér lög, og ég hefi hvergi séð því haldið fram, að ekki hafi verið frjálst að stofna þetta félag og að það eigi fullan rétt á sér. En nú ber svo til, að í 4. gr. frv. þessa er svo kveðið á, að byggingarsjóður veiti aðeins lán til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni. Með þessu virðist eiga að útiloka þetta nýstofnaða byggingarfélag frá því að fá lán úr byggingarsjóðnum, en minni hl. allshn. lítur svo á, að slíkt sé alveg óviðeigandi. Hann telur þvert á móti sjálfsagt, að framlagi Rvíkurbæjar til byggingarsjóðs sé varið til styrktar jafnfjölmennum hóp manna og skipa Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna. Hann getur því ekki sætt sig við, að lánsheimild byggingarsjóðanna sé takmörkuð við eitt byggingarfélag í hverjum

kaupstað eða kauptúni, og fyrir því höfum við minni hl. allshn. borið fram brtt. á þskj. 82, þess efnis, að byggingarsjóður veiti lán til byggingarfélaga, sem reist eru á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægi skilyrðum 6. gr. frv. Ég fyrir mitt leyti fæ ekki séð neina ástæðu fyrir því, hvers vegna meiri hl. allshn. hefir sett sig á móti þessari brtt. og hvers vegna stj. hefir sett þetta útilokunarákvæði inn í frv., aðra en þá, að hér sé um að ræða pólitískt mál frá þeirra hlið. Þeir vilji útiloka þessa menn frá þessum nauðsynlegu hlunnindum sakir þess, að þeir búist við, að þeir muni ekki verða þeim eins fylgispakir í pólitík eins og þeir óska. En að fara að blanda pólitík inn í jafnmikið hagsmunamál hinna efnaminni borgara og hér er um að ræða, er vitanlega stórhættulegt og óviðeigandi.

Þar sem hv. þm. Snæf. er nú mættur á fundinum, mun hann gera fyllri grein fyrir brtt. okkar. Ég skal því aðeins taka það fram að síðustu, að ég tel það vel farið, að með brtt. allshn. er því slegið föstu, að ekki megi taka fé frá einni deild sjóðsins og lána annari, nema þá aðeins til bráðabirgða.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Meiri hl. allshn. er á móti brtt. á þskj. 82, sem sjálfstæðismennirnir í n. bera fram. Þegar Byggingarfél. verkamanna var fyrst stofnað, gengu allir út frá því, að aðeins yrði um eitt félag að ræða á hverjum stað, enda ekki þörf á þeim fleirum, þar sem allir hafa sama rétt til þess að ganga í félagið, sem að öðru leyti uppfylla þau skilyrði, sem lögin setja um hámark tekna og eigna. Um pólitiskar skoðanir er aldrei spurt. Hitt mun aftur vist, að félag hinna „sjálfstæðu verkamanna" er beinlínis stofnað í pólitiskum tilgangi.

Að menn hafi ekki getað fellt sig við þann byggingarmáta, sem byggt var eftir, er bara sagt út í loftið. Það er ekkert fyrirskipað í lögum félagsins hvernig skuli byggja, öðruvísi en að það skuli gert í samræmi við lögin um verkamannabústaði. Það hafa verið gerðar teikningar og áætlanir um húsin, sem þeir, er íbúðirnar keyptu, hafa valið sjálfir um, og þeir hafa því valið þann byggingarmáta, sem þeir felldu sig bezt við, töldu sér ódýrastan og hagkvæmastan. Óski meðlimir byggingarfélagsins eftir að byggja öðruvísi, er hægt að verða við óskum þeirra, ef að öðru leyti er í samræmi við lögin um verkamannabústaði. Aftur er það ofurvel skiljanlegt, að það yrði á engan hátt hagkvæmara, þó að byggingarfélögin væru fleiri en eitt, þar sem fyrst og fremst það fé er takmarkað, sem byggt er fyrir, og í öðru lagi myndu öll innkaup á efni verða mun dýrari að gera þau í mörgu lagi heldur en einu. En ef þessu á að breyta þannig, að minnka veltu byggingarfélagsins um helming, eða kannske að skipta því milli fjögra eða fimm félaga að byggja fyrir sama fólkið, þá er áreiðanlega bætt aðstaða þeirra, sem selja efni til byggingarinnar, um leið og afstaða þeirra, sem láta byggja, gagnvart þeim, er efnið selja, breytist stórum til hins lakara. Ég vil algerlega mótmæla því, að það sé af pólitiskum ástæðum, að meiri hl. allshn. vill ekki hafa nema eitt byggingarfélag í hverjum kaupstað, heldur er það af þeim ástæðum, sem ég hefi nú gert grein fyrir.

**Thor Thors:** Eins og hv. frsm. allshn. hefir lýst yfir, er n. sammála um þær brtt., er hún flytur, að því fráskildu, að ágreiningur er um 4. gr. frv., og höfum við hv. 8. landsk. flutt brtt. við hana á þá leið, að í staðinn fyrir, að frv. gerir ráð fyrir, að byggingarsjóður veiti lán aðeins til eins félags í hverjum kaupstað, þá leggjum við til, að sjóðurinn veiti lán til fleiri félaga, ef þau fullnægja ákvæðum 6. gr. frv. Það er sem sé ekki takmark laganna nr. 71 frá 1931 að veita lán aðeins einu félagi á hverjum stað, hvorki í kaupstöðum eða kauptúnum, heldur er þvert á móti gert ráð fyrir því, að byggingarsjóður veiti lán til fleiri félaga. Það er því ekki rétt, að lögin banni það, að byggingarsjóðir kaupstaða veiti lán til fleiri en eins félags á hverjum stað, heldur gera þau þvert á móti ráð fyrir því, að svo sé gert. Það er því fyllilega í samræmi við lögin, að í Rvík eru stofnuð tvö byggingarfélög. (HV: Hvar er það í lögunum?). Það kemur fram í fyrstu málsgr. 3. gr. Þar er sagt, að byggingarsjóður skuli lána til „byggingarfélaga". Enda eru ýmsar eðlilegar ástæður fyrir því, að félögin verði fleiri en eitt á hverjum stað. Í fyrsta lagi sú ástæða, að sumum þykir æskilegast, að byggðar séu stórar sambyggingar, þar sem er fjöldi sameiginlegra íbúða, en aðrir óska frekar, að byggð séu smáíbúðarhús fyrir eina fjölskyldu hvert, með lóðum í kring. Hvorttveggja þetta fyrirkomulag er heimilað í lögunum um verkamannabústaði. En það, sem byggingarfélag verkamanna hefir byggt hér í Rvík, er aðeins stórar sambyggingar, því forráðamenn félagsins, eins og hv. 2. þm. Reykv., hafa þá skoðun, að svo eigi að byggja, og sú skoðun hefir ráðið. Félagar í byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna vilja heldur hina aðferðina. Þeir telja smáhúsin nauðalítið dýrari, en á margan hátt heppilegri. Þess vegna hefir það félag verið myndað. Og nú telur það félag um 350 meðlimi, en hinsvegar eru ekki nema á annað hundrað meðlimir í því félagi, sem hingað til hefir starfað.

Þá eru þeir, sem myndað hafa byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna, ekki ánægðir yfir því að hrúga íbúðunum á einn stað í bænum, eins og hitt félagið hefir gert með byggingu bæjarhverfis í Vesturbænum, þrátt fyrir það, þó að félaginu hefði verið boðið ágætt land í Austurbænum. Það er eðlilegt, að þeir, sem eiga að nota íbúðirnar, kjósi ekki allir að vera á sama stað í bænum.

Þá er það eitt atriði, sem skilur á milli þessara tveggja félaga, og það er það, að í eldra byggingarfélaginu hvílir ótakmörkuð ábyrgð á öllum félögum, þar sem einn ábyrgist fyrir alla og allir fyrir einn. Þessi sameiginlega ábyrgð gildir fyrir einstaklinginn, hvort sem hann hefir fengið nokkurt hús eða ekki. Slík samábyrgð er ekki nauðsynleg, enda er það beint heimilað í samvinnulögunum frá 1921, að henni megi

sleppa. Í byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna er þessi ábyrgð takmörkuð, þannig, að aðeins þeir, sem hafa fengið hús, bera ábyrgðina, og aðeins fyrir þeirri upphæð, sem þeir hafa fengið til þess húss, er þeir fá, enda mega þeir ekki veðsetja húsið öðrum en félaginu. Þeir leggja því einungis það fé í hættu, sem þeir hafa fengið frá félaginu. Af þessum ástæðum má sjá, að það var mjög eðlilegt, að verkamenn stofnuðu byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna, enda eru nú komnir í það 350 félagar. Þeir hafa allir greitt í félagssjóð 10 kr. stofngjald, og auk þess greiða þeir árgjald til félagsins 5 kr. Ef nú á með harðvítugri löggjöf að fara að eyðileggja þetta félag, sem löggjafinn sjálfur hefir gefið tilefni til að var stofnað, og láta allan þann kostnað, sem hjá byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna hefir óhjákvæmilega farið í undirbúning, verða að engu, þá er þeim mönnum, sem að félaginu standa, bakað verulegt tjón að ástæðulausu og af einskærri illgirni.

Ég hefi nú bent á það, að félagið var stofnað samkv. gildandi lögum og starfrækt í þeim tilgangi að gefa sem flestum kost á að njóta þeirra hlunninda, sem löggjöfin hefir fram að bjóða. Ég get eigi séð ástæðu fyrir löggjafann til þess að fara nú að banna öðru félaginu að starfa, en leyfa hinu að halda áfram. Ég sé ekki betur en það sé illa viðeigandi vegna þeirra hlunninda, sem löggjöfin veitir í þessu efni, að gera mun á félögunum af pólitískum ástæðum, og láta skoðanir ráða því, hverjir verði aðnjótandi hlunnindanna eftir lögunum um verkamannabústaði frá 1931.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að meiri hl. allshn. gæti ekki fallizt á brtt. okkar sjálfstæðismanna í n., en ég hygg, að hv. þm. Barð. láti sig þennan ágreining í n. ekki miklu skipta. Mér hefir heyrzt, að honum sé það ekkert kappsmál að eyðileggja byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna. Ég vona, að hv. 2. þm. Reykv. og aðrir, sem honum fylgja, fái að þreifa á því, að menn úr öllum flokkum geti ekki verið með því að beita þennan félagsskap verkamanna í bænum neinum fantatökum. Treysti ég svo á sanngirni hv. þm., að þeir sjái sér fært að samþ. brtt. okkar hv. 8. landsk. á þskj. 82.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson)**: Hv. þm. Snæf. gat ekki mótmælt neinni af þeim ástæðum, sem ég færði fram gegn því, að hér í bænum störfuðu tvö eða fleiri byggingarfélög, svo ég sé ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka þær. Hann var að vitna í 3. gr. laganna um það, að fleiri en eitt byggingarfélag mættu starfa á sama stað, en þetta er eingöngu blekking hjá hv. þm., og geta hv. þingdm. lesið það sjálfir og sannfært sig um, að svo er ekki. Þar stendur aðeins, að Byggingarsjóður veiti byggingarfélögum lán, ef þau starfa á samvinnugrundvelli, til þess að byggja íbúðarhús handa félögunum. Hér er ekkert orð um þetta nánar, hvernig ætlazt er til, að lánin séu veitt. (**JakM**: Það stendur „til félaga“). Félögin eru að sjálfsögðu mörg í landinu. En sjálfstæðismenn hugsa sér nú að teygja þetta orðalag þannig, að meint sé, að byggingarsjóðir láni til fleiri félaga á hverjum stað, en það er algerlega rangt og allir vita, sem fylgdust með þegar lögin voru sett, að það var gert gegn fjandsamlegri andstöðu frá sjálfstæðismönnum, og að það var ekki fyrr en löngu eftir að lögin voru sett og tekin til framkvæmda, að þeim hugkvæmdist það ráð að stofna sprengifélög á sumum stöðunum, til þess að draga frá því félagi, sem stofnað var samkv. lögunum og sem í Reykjavík var að byggja. Það er ósatt hjá hv. þm., að stjórn byggingarfélags verkamanna hafi neitað sínum félagsmönnum um að byggja fyrir þá sérstakar íbúðir. Þeir sáu sjálfir, að þær yrðu miklu dýrari en þær, sem byggðar voru, og hv. þm. getur talað við hvern sem er af þeim, sem íbúðirnar hafa tekið, og sannfært sig um, að þeir eru ánægðastir með þær eins og þær eru. Hitt er rétt, að Byggingarfélag verkamanna hefir ekki haft þá sömu aðferð og félag sjálfstæðismanna, að smala meðlimum út um borg og bý. Það hefir ekki séð neina þörf til þess að bæta fleiri mönnum í félagið en þeim, sem hægt var að byggja fyrir á hverjum tíma, og þann áhuga höfðu fyrir málinu, að þeir komu sjálfkrafa.

Hv. þm. var að tala um, að byggingunum hefði verið hrúgað á einn stað í Vesturbænum þrátt fyrir það, þó félaginu hefðu boðizt lóðir í Austurbænum. Borgarstjórinn, Jón Þorláksson, bauð að vísu lóð í Austurbænum, sem var svo lítil og léleg, að bæði húsameistari ríkisins og byggingameistari okkar töldu hana ófæra. Við kusum því heldur lóð á ágætum stað, og verkamennirnir, sem áttu að fá húsin, kusu sér þessa lóð og aftóku að leigja lóð þá, sem borgarstjóri vildi pranga inn á félagið, en enginn annar vildi taka. Þeir vildu byggja saman, enda eru þeir ekkert hræddir við að búa margir saman. Alþýðan í Reykjavík er vön við að búa þannig og kann vel við það. Annars hefir byggingarfélag verkamanna gert margvíslegar tilraunir til að fá lóðir á fleiri stöðum og farið fram á það við íhaldsstjórnina hér í bænum, en ekki fengið svar, þrátt fyrir það, þó hún sé skyld til að svara slíkum beiðnum eftir lögunum. Aftur er víst, að íhaldið hefir lofað hinu félaginu lóðum hér og þar í bænum, áður en vitað var, hvort nokkrir vildu ganga í það, eða hvort félagið mundi starfa innan ramma þeirra laga, sem því var skylt að starfa eftir. Auk þess mun íhaldsstjórn bæjarins hafa látið byggingameistara í þjónustu bæjarins vinna mikið verk kauplaust fyrir sjálfstæðisfélagið. En þetta eru auðvitað ekki nema venjuleg dæmi um rangsleitni íhaldsins, að vilja gefa sínum mönnum betri aðstöðu en öðrum.

Þá talaði hv. þm. um, að girnilegra væri að byggja smærri hús. Ég hefi fært fram ástæður fyrir því, að engir þeirra, sem byggt var fyrir, vildu velja þá leið. Hinsvegar hefir okkar byggingarfélag gefið sínum mönnum kost á því að byggja smáhús, ef þeir teldu það heppilegra, en þeir hafa ekki óskað þess, að undangenginni rannsókn. Þeir hafa talið það á margan hátt heppilegra að búa í sömu byggingu heldur en í sjálfstæðum húsum.

Þá hélt hv. þm. því fram, að samábyrgðin, sem er skilyrði í þessu félagi, væri leiðinleg fyrir þá, sem aldrei væri byggt fyrir. En það hefir ekki borið á því, að félagsmenn hafi kveinkað sér undan þeirri ábyrgð. Það hefir engin rödd heyrzt í þá átt, að samábyrgðin væri hættuleg. Ef félagar væru þeirrar skoðunar, gætu þeir hæglega breytt lögunum, t. d. í deilda-samábyrgð, en enginn hefir farið fram á það. Og væntanlega verður félaginu stjórnað svo vel, að til þess þurfi ekki að koma að neyta samábyrgðarinnar.

Ég þarf svo ekki að segja meira að sinni. Sjálfstæðismennirnir í n. vita vel, hver afstaða meiri hl. n. er gagnvart þeirra brtt., og ég vænti þess, að atkvgr. í d. sýni þeim það, að flokkur þeirra hér í bænum fær ekki með ofbeldi sínu og einræði að eyðileggja byggingarmál verkamanna.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Það kom í ljós á tiltölulega skömmum tíma, hver niðurstaðan mundi verða í þessum byggingarfélagsmálum verkamanna. Það kom í ljós, að félagsskapnum var lokað fyrir þeim, af stjórn félagsins, sem höfðu aðrar pólitískar skoðanir en forsprakkarnir sjálfir. Ég hélt því fram þegar í fyrstu, að þessi lög væru sett í því skyni að stofna félag utan um pólitíska foringja, þar sem foringjarnir gætu veitt sínum mönnum alveg sérstök hlunnindi á kostnað hins opinbera, með þeim ávinningi fyrir sjálfa sig að geta svo haft þessa menn undir sínum handarjaðri og vera vissir um þeirra liðveizlu í pólitík. Það sást undir eins vel, þegar veðdeild Landsbankans var útilokuð frá því að lána til þessara bygginga með sínum 6% vöxtum, að það var gert til pólitísks framdráttar fyrir vissa menn. Þetta var gert í því eina skyni, í stað þess að ég vildi nota framlag ríkissjóðs og það, sem bæjarsjóðir voru skyldaðir að leggja til, til þess að stofna varasjóð, er lánaði út á 2. veðrétt í húsunum á eftir veðdeildinni. Það ráð var ekki tekið, heldur hitt, að fá þetta fé í hendur pólitiskum foringjum, sem vildu njóta pólitískra friðinda af því að útbýta því til manna, er þeir gætu safnað um sig og notað í sína þjónustu. Fyrst voru það foringjar jafnaðarmanna, sem stofnuðu byggingarfélag verkamanna utan um sig, síðan var stofnað byggingarfélag samvinnumanna handa þeim framsóknarmönnum, sem hingað hafa flutzt nú í seinni tíð, eftir að búið var að telja þeim trú um, að Rvík væri slík blóðsuga á þjóðinni, að hvergi væri nú orðið lífvænt nema hér, og svo hafa þeir flutt fjölda margir til þess að lifa hér betra lífi og sjúga blóðið eins og aðrir. Þeir hafa svo sett hér upp byggingarfélag með samvinnusniði, sem nýtur alveg merkilegra hlunninda hjá ríkissjóði og bæjarfélagi, með lánskjörum úr byggingarsjóði, sem eru þannig, að þeir fá akkurat gefins andvirði húsanna, þar sem þeir þurfa ekki að greiða nema 5% af lánunum í vexti og afborgun. Ég verð að segja, að það séu hagkvæm kjör, eftir því sem gerist hér á voru landi. Þeir, sem fá íbúðirnar, þurfa aldrei að borga þær, þeir þurfa aðeins að borga af láninu — 5% í vexti í 40 ár. Það er allt, sem þeir þurfa að borga; kostnaður við sjóðsstjórnina er greiddur annarsstaðar frá. M. ö. o., sjóðurinn gefur þessum mönnum allt það fé, sem þeir fá að láni, miðað við þau lánskjör, sem almenningur hefir við að búa á þessu landi. Það er því engin furða, þó að sósialistar sjái þarna leik á borði að ná yfirráðum yfir þessu fé, til þess að geta notað þessi fríðindi handa þeim mönnum, sem þeir með því geta unnið til fylgis við sig. Það er bein afleiðing af því, hvernig þetta mál var tekið upp á sínum tíma. Þó hefir fyrir greind eða mannvit, sem um lög þessi fjölluðu, verið komið inn í lögin ákvæði um það, að byggingarsjóður mætti lána til fleiri félaga, en svo þegar menn, sem ekki tilheyra flokki sósíalista, vilja njóta þessara hlunninda, þá verða þeir æfir og uppvægir og vilja umsvifalaust láta svipta þau félög fríðindunum, sem þeir geta ekki notað í þágu síns flokks. Mér kemur þetta ekki á óvart. Ég sá, að þegar í upphafi var til þessa stofnað með lögunum um byggingarsjóði verkamanna. Það átti frá upphafi að nota þetta mál sósíalistaforingjunum til framdráttar.

Ég skil vel, hvað hv. 2. þm. Reykv. er að fara. Þegar sjálfstæðir verkamenn vilja fá lán úr sjóðnum, segir hann: Nei. Við, sem fundum upp á þessu, viljum láta okkar menn njóta þess, við gefum þeim, en ekki hinum, sem eru okkur andvígir. Við sleppum ekki þessum hlunnindum við aðra en þá, sem eru okkur þægir og hlýnntir, svo að við getum hóað þeim saman á einn stað og notað þá eftir okkar vilja sem árásarher, ef á þarf að halda. — Ég meina að sjálfsögðu aðeins á pólitískan hátt. Þess vegna er það ekkert undarlegt, þótt hv. frsm. sé mjög harður á því, að ekki sé orðið við þeim óskum, sem fram hafa komið úr Rvík um að sjóðurinn skyldi vera frjáls fleirum en sósíalistum og framsóknarmönnum í bænum.

Ég veit ekki, hvað rétt er í því, sem hv. þm. sagði, að mjög væri takmörkuð geta sjóðsins til lána. Hún er því minna takmörkuð, sem lánskjörin eru betri, sem sjóðstjórnin fær, því það framlag, sem lagt er úr ríkissjóði og bæjarsjóði, er það fé, sem takmarkar getu sjóðsins, og það fé nemur um 120—130 þús. kr. á ári. Það er því undir því komið, hvað mikið fé fer af þessu fé til þess að borga mismuninn af vöxtum þeim, sem verkamenn sjálfir borga, og þeim, sem sjóðurinn verður að borga. 120 þús. kr. eru mikið fé, og ég skil ekki, að möguleikar sjóðsins til lána sé þröngur með þessu fjármagni árlega til þess að nota til greiðslu á vaxtamismun. Og ef það er meiningin hjá hv. þm. að mótmæla þessari sjálfsögðu till., sem minni hl. allshn. hefir borið fram, vegna þess að fé sé ekki fyrir hendi til meiri starfsemi, þá finnst mér hann ætti að leggja fram gögn um það, hvað mikið á ári fer af þessum 120 þús. kr. til þess að borga vaxtamismun; því svo lengi, sem það fé nægir til þess að greiða vaxtamismun, ættu möguleikar að vera fyrir hendi til lána. Og svo lengi sem þessi fríðindi eru aðeins fyrir fáa menn, því meira verður

það fyrir hvern, sem nýtur þeirra, og þess vegna verður það að vera krafa, að sem mest sé að því gert að byggja eftir þessum l., til þess að þeim fjölgi, sem hagsmunanna njóta. Mér finnst það ekki geta komið til mála, að það sé tekið gott og gilt hjá hv. þm., að lánsfé sé svo takmarkað, að þeir einir fái að sitja að því, sem vilja byggja stórhýsi fyrir sósíalistiska verkamenn. Nú er það líka fánýt ástæða, sem hv. frsm. nefndi, að ekki megi vera nema eitt byggingarfélag á hverjum stað, því það er á valdi sjóðstj., hvort hún bætir við nýju félagi til þess að lána eða ekki. Sömuleiðis er það á valdi sjóðstj., hvort hún telur viturlegt eða hentugt að lána fé til samvinnubygginga eða einstakra húsa.

En mér virðist hv. þd. varla geta fallizt á þá skoðun og skilning, sem kemur fram í frv. og till. meiri hl. allshn., að þessi byggingarsjóður verkamanna, sem ríkið og bæjarfélagið leggur fé til, sé stofnaður til pólitiskra hagsmuna stjórnmálaflokka, en það er bein og rökrétt afleiðing og ályktun, sem dregin verður af því, að þessari till. minni hl. allshn. um að lána fleiri félögum, er ekki sinnt og sú till. verður felld.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru aðeins örfá orð út af því, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Reykv., að hér hefði verið komið upp samvinnubyggingum fyrir framsóknarmenn. Þetta er einkennileg staðhæfing. Það vita allir, að það voru framsóknarmenn, sem komu því til leiðar, að l. voru sett hér á Alþingi um byggingarsamvinnufélög, en ég veit ekki betur en að sjálfstæðismenn hafi verið fegnir að notfæra sér þau l. Svona er það líka oft, þegar framsóknarmenn hafa komið í framkvæmd einhverju nytjaverki, að þá eru sjálfstæðismenn jafnan fúsir til að notfæra sér hlunnindin, jafnvel þótt þeir, sem teljast fyrir í Sjálfstfl., hafi veitt málinu mótstöðu. Þetta sýnir bara það, að þetta fólk, sem af einhverjum misskilningi fyrir Sjálfstfl., ætti ekki að fylgja flokknum, því hann berst á móti því, sem fólkinu er til hagsbóta. Þegar l. um samvinnubyggingarnar komu til framkvæmda, sýndi það sig, að margt fólk, sem fylgir Sjálfstfl., fylgir honum af misskilningi og vana, af því það skilur ekki, hvar það á að skipa sér í flokka til þess að reyna að vinna að eðlilegum framdrætti þeirra, sem úr minnu hafa að spila. — Mér þykir vænt um, að ég skuli hafa fengið tækifæri til að benda á, að þó að forkólfar Sjálfstfl. hafi ekki verið því fylgjandi að koma upp samvinnubyggingum, þá hafa þeirra flokksmenn þó kunnað að notfæra sér þessi l. En þetta er ekkert einsdæmi. Svona er það um flest, sem kemur fram á þingi, enda eru kjósendur Sjálfstfl. smátt og smátt að koma auga á það, hvar þeir eiga að skipa sér í flokk.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Ef til vill er það óþarfi að fjölyrða um mál það, sem hér liggur fyrir, en það kom dálítið fram í þessum umr., sem gaf mér tilefni til að standa upp. — Ég vil þá fyrst vekja athygli á, að það er til að gleðjast yfir, að Sjálfstfl. hefir tekið sinnaskiptum í afstöðunni til þessa máls. Á þingi 1929, þegar frv. til l. um byggingu verkamannabústaða var borið fram fyrst, réðust sjálfstæðismenn á móti frv., sem þó náði fram að ganga. Það gleður mig því að heyra af vörum sumra sjálfstæðismanna, sem talað hafa hér í d. í dag, að þessi löggjöf sé þörf og hafi orðið til góðs, og vil ég þá sérstaklega tilnefna hv. 8. landsk. og hv. þm. Snæf., sem báðir hafa lýst fylgi sínu við innihald l. um verkamannabústaði. En það er aðeins eitt atriði, sem valdið hefir ágreiningi, bæði innan allshn. og hér í d., og það er, hvort leyfa eigi fleiri en eitt byggingarfélag á hverjum stað. Ástæðan, sem sjálfstæðismenn hafa flutt fyrir því, að rétt væri að leyfa tvö byggingarfélög hér, var sú, að reynslan hér í Rvík hefði sýnt, að mönnum hefði ekki líkað framferði þess félags, sem hér hefði starfað undanfarið. En ég verð að mótmæla því, að þeir menn, sem hafa gengið í þennan félagsskap, hafi kunnað illa framkvæmdum félagsins. Þetta er því bara út í bláinn sagt. En ef risið hefði upp óánægja meðal manna, sem standa utan við þennan félagsskap, en hefðu vegna þjóðfélagsafstöðu sinnar rétt til þess að ganga í hann, þá hafa þeir ekki gert það, sem þeim virðist hafa verið innan handar, að sækja um inngöngu í þennan félagsskap og beita áhrifum sínum til breytinga á framkvæmdum félagsins sem þeir væru menn til. En ég held, að kjarninn í þessu máli sé allur annar, eins og líka kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. Hann var að tala um friðindi og framdrátt foringjanna, eins og hann orðaði það, sem hefði haft áhrif í þessu máli. Ég ætla, að það hafi komið upp einskonar öfund meðal sjálfstæðismanna út af hinni myndarlegu starfsemi byggingarfélags verkamanna á undanförnum árum, og að þeir hafi viljað fara í einskonar kapphlaup við þetta félag og reyna með því að ávinna sér traust verkalýðsins í bænum. En þeir byrjuðu bara á öfugum enda. Þeir áttu að benda sínum fylgifiskum á að ganga í þennan félagsskap og reyna að hafa áhrif til breytinga á honum, en ekki að stofna nýtt félag, því ég sé ekki, að nokkur ástæða sé til að ætla, að tvö félög afreki meira með 500 sömu mönnunum en eitt félag. Ég sé engin rök, sem mæla sérstaklega með því. Nú er það vitað og hefir ekki verið mótmælt, að Byggingarfélag verkamanna í Rvík veitir öllum inntöku, sem þangað sækja. Þar er ekki spurt um pólitískar skoðanir manna, er þeir leita upptöku, enda eru í þessum félagsskap menn af öllum stjórnmálaflokkum. En þeir menn hafa að vísu verið á oddinum, sem notið hafa mest trausts þeirra manna, sem í félagsskapnum hafa verið. Ég held þess vegna, að ekki sé ástæða til að ætla, að brtt. minni hl. allshn. sé sprottin af neinni sérstakri umhyggju fyrir hugmyndinni um byggingu verkamannabústaða hér í Rvík, heldur vegna þess, að þeir vilja reyna að koma á fót félagsskap sinna trúuðu manna, til þess að njóta þeirra hlunninda, sem löggjöfin veitir mönnum þrátt fyrir megna andstöðu sjálfstæðismanna. Og ef nokkurn-

tíma hefir komizt pólitík inn í þetta mál, þá er það með stofnun byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna. Það hljómar fallega í eyrum, sjálfstæðir verkamenn og sjálfstæðir bústaðir, og það hefir hljómað vel hér á landi að tala um sjálfstæðismenn, en ég veit, að álitið á því nafni hefir þorrið á síðari árum, síðan þeir menn, sem engin sérstök afskipti hafa haft af sjálfstæðismálum þjóðarinnar hafa tyllt á sig þessari nafnbót. En þetta nafn gefur grun um, að hér sé verið að stofna félagsskap í nánu sambandi við einn stjórnmálaflokk, og sú pólitík, sem hlaupin er í þetta mál, er runnin frá Sjálfstfl., og þeir hafa viljað halda pólitíkinni við með því að reyna að koma af stað tvístringi um byggingar verkamannabústaða og reyna að gera tortryggilegan félagsskap, sem hér hefir starfað undanfarin ár. En sjálfstæðismenn hafa ekki sýnt það í byggingarmálum Rvíkur, að þeim sé sérstaklega trúandi til sigurvænlegrar forystu í þessum efnum. Talandi tákn byggingarstarfsemi Sjálfstfl. hér í Rvík eru Suðurpóll, Grímsbý og Selbúðirnar.

Ég vil því brýna fyrir hv. dm., að þeir, sem samþ. brtt. minni hl. n., vilja halda við tvískinnungnum og pólitíkinni í byggingarmálum alþýðunnar hér í Rvík og annarsstaðar, en þeir, sem ganga gegn þessari brtt., vilja halda áfram sameiningu félagsskapar manna í kaupstöðum landsins til myndarlegra átaka með byggingar verkamannabústaða, eins og hér hefir verið í Reykjavík.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég ætla ekki að fara að karpa við hv. þm. sósíalista um þetta mál. Ég veit, að hv. þm. Snæf. mun svara þeim, og kannske fleiri sjálfstæðismenn. En ég vona, að þeir þm. séu til hér í d., sem ekki séu svo flokkslega bundnir, að þeir vilji ekki athuga þetta mál með allri sanngirni, og í sambandi við það vil ég taka fram, að það hefir alltaf verið álitin sjálfsögð skylda löggjafans að byggja löggjöfina þannig upp, að hún raski ekki þeim réttindum, sem borgararnir þegar hafa öðlazt. *Lög eiga ekki — ef hægt er hjá* að komast — að gilda aftur fyrir sig, á þann veg, að þau svipti þegnana þeim rétti, er þeir áður með beinni stoð í l. hafa öðlazt. — Ef þetta væri ekki aðalreglan, myndu menn ekki — af pólitískum ástæðum — þora að haga framkvæmdum sínum í samræmi við gildandi l., af ótta við það, að pólitískir andstæðingar kynnu að nota meirihlutavald sitt til þess að útiloka viðkomandi borgara frá þeim réttindum, sem þeir áður hefðu.

Ef Alþingi ætlar nú að ganga inn á þessa hættulegu braut, þá veit enginn, hvernig áframhaldið verður. Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna hefir nú stofnað sinn félagsskap með hliðsjón af þeim l., er þá giltu. Þeir hafa hafið undirbúning undir sína starfsemi í fullu trausti þess, að l., sem giltu, vernduðu þá jafnt *og aðra borgara*. Það, sem nú á að gera, er að útiloka af pólitískum ástæðum byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna, og setja l., er gilda aftur fyrir sig og mundu gera að engu þann rétt, er þeir skv. gildandi l. hafa.

Þetta vil ég taka fram til þeirra, sem nú greiða atkv. um þetta mál, því þeir, sem greiða atkv. gegn brtt. okkar hv. þm. Snæf., ganga inn á pólitískt ofbeldismál, sem hv. 2. þm. Reykv. stendur fremstur í flokki fyrir.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Út af því sem hv. 8. landsk. sagði, vil ég aðeins geta þess, að þetta félag, sem hann er að bera fyrir brjósti, er ekki búið að koma sér meir niður en svo, að það hefir enn ekki sótt um lán til byggingarsjóðs, a. m. k. var það ekki búið að gera það núna fyrir nokkrum dögum. — Þá hefir verið talað um það, að stofnkostnaður hafi orðið verulegur við þetta félag. Ég skil ekki í því, að stofnkostnaðurinn geti verið sem nokkru nemur. Við stofnun hins félagsins var svo að segja enginn stofnkostnaður. Forgöngumenn félagsins og stjórn þess hafa aldrei fengið nein laun, enda ekki óskað þeirra. Það kann eitthvað að hafa farið í uppdrætti að húsum félagsins, en eftir l. um verkamannabústaði er ætlazt til þess, að þeir séu látnir ókeypis af hendi húsameistara ríkisins. Svo að sá hluti stofnkostnaðar mundi hafa verið óþarfur.

Annars er það svo, að ef þetta stjfrv. verður samþ., þá geta þeir menn, sem í þessu félagi hafa verið — ef þeir falla undir ramma l. —, gengið inn í byggingarfélag verkamanna og notið þeirra réttinda, sem sá félagsskapur hefir að bjóða, því það er tilhæfulaust, að í þann félagsskap fái ekki aðrir inngöngu en sósíalistiskir verkamenn, eins og hv. 5. þm. Reykv. hélt fram, enda er félagið ekki stofnað í þeim tilgangi sérstaklega að útbreiða *jafnaðarmennsku*, heldur til þess að útvega verkamönnum bættar og góðar íbúðir. En að vísu er það svo, að aðrir flokkar en Alþfl. hafa ekki haft áhuga fyrir bættu og ódýrara húsnæði fyrir alþýðu manna.

Þá hélt hv. 5. þm. Reykv. því fram, að þar sem ég hefði sagt, að lánin endurgreiddust með 5% af lánsupphæðinni, þá væru húsin gefin, *þar sem lántakendur greiddu aðeins vexti*. En hv. þm. gleymir því fyrst og fremst, að vextirnir hafa verið hærri, þeir hafa verið lækkaðir úr 6% niður í 5%, og jafnvel eftir það, að vextirnir voru lækkaðir er ekki hægt að tala um tap, vegna þess að sjóðurinn hefir auk lánsfjárins allmikið eigið fjármagn og vaxandi, sem myndast við framlag úr ríkis- og bæjarsjóði. Lántakendur hafa fyllilega borgað vexti *og afborganir af lánum sínum, og jafnvel þó* þetta væri styrkur til þessara húsabygginga, þá væri það ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, og mun ég reyna að stuðla að því, að vextir af þessum lánum verði enn þá lækkaðir síðar. Í nágrannalöndum vorum eru vextir og afborganir af þessum lánum ekki nema 3—3½%.

Þá áleit hv. þm., að það drægi ekki neitt úr lánsmöguleikum sjóðsins þó önnur félög bættust við. Ég ætla aðeins að tala um þá reynslu, sem hér er fengin. Byggingarfélag verkamanna hefir fyrir löngu sótt um meiri lán, en það hefir ekki fengizt. Og hvernig getur hv. 5. þm.

Reykv. búizt við, að lánsmöguleikar sjóðsins vaxi við það, að fleiri félög sæki um lán? riðum, sem fram komu í ræðu hv. 5. þm. Reyk-

Ég þykist þá hafa hnekkt þessum þrem atv., og sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um málið frekar að sinni.

**Thor Thors**: Hv. 2. þm. Reykv. vildi bera brigður á það, sem ég hélt fram, að l., sem nú gilda, geri ráð fyrir því, að fleiri en eitt byggingarfélag starfi á sama stað, og ætlaði hann að sanna mál sitt með því að lesa upp gr. í l., en gerði það á þann hátt — sem náttúrlega var ekki hægt að gera á annan hátt —, að hann sannaði mitt mál, því í gr. segir: „byggingarsjóður veitir lán til byggingarfélaga". Það er fleirtala, sem hér er notuð, enda þótt hér sé verið að tala um byggingarsjóð innan eins kaupstaðar.

Hv. þm. var eitthvað að tala um fjandskap, sem sjálfstæðismenn hefðu sýnt í byggingarmálum Rvíkur. Þetta er einkennileg staðhæfing, þegar þess er gætt, að Rvík er eina bæjarfélagið, sem enn hefir ráðizt í bygging verkamannabústaða. Og að hægt hefir verið að leggja fé til verkamannabústaða í Rvík, stafar einungis af því, að meiri hl. í bæjarstj. hefir verið sjálfstæðismenn. En þar, sem jafnaðarmenn hafa ráðið — skoðanabræður hv. 2. þm. Reykv. — eins og á Ísafirði og í Hafnarfirði, hefir ekkert fé safnazt í byggingarsjóði. (**HV**: Það er verið að byggja í Hafnarfirði. — **JakM**: Féð hefir étizt upp jafnóðum). Þá staðfesti hv. þm., að byggingarfélag verkamanna hefði átt völ á lóð í Austurbænum, en hefði ekki viljað nota hana. Hann gat um, að allir myndu eiga aðgang að þessu félagi hér í Rvík, sem er auðvitað rétt. En formennska hans er með þeim hætti, að fjöldi verkamanna óskar ekki að taka þátt í félaginu af þeim sökum. Annars var erfitt að skilja vissan hluta í ræðu hv. þm., því að hann sagði, að við sjálfstæðismenn værum að berjast fyrir eyðileggingu þessa máls með einræði. Það eru einmitt jafnaðarmenn, sem stefna að einræði í þessu máli með því að leyfa mönnum ekki að mynda frjálsan félagsskap, heldur vilja þvinga alla undir forráð og formennsku hv. 2. þm. Reykv. En ég skil í raun-inni ekki alla þá andstöðu, sem kemur fram gegn þessari brtt. okkar, því að ég geri ráð fyrir, að verði samþ. sú brtt., sem fram fékkst í n. um skipun á stj. sjóðsins, þannig að í hana skuli kosnir fjórir menn með hlutfallskosningu í Sþ., en að einn sé skipaður af atvmrh., þá sé það næstum því tryggt, að stjórnarflokkarnir fái meiri hl. í stj. byggingarsjóðsins og að aðallega verði það þá sósíalistar. Hafa þeir þá eftir sem áður í hendi sér að fjandskapast gegn félagi sjálfstæðra verkamanna, þar sem þeir koma til með að ráða, hvaða félögum sé lánað. Og ef sú ósk þeirra skyldi rætast, að það sýndi sig, að hús byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna yrðu í reyndinni dýrari eða óheppilegri en byggingar félags sósíalista, gætu þeir gefið fjandskap sínum lausan tauminn. En að óreyndu finnst mér, að þeir ættu að lofa félaginu að lifa áfram. En ef einhverjir hv. dm. kynnu að telja það til bóta á brtt. okkar, að við hana yrði skeytt, að ekki skyldu fleiri byggingarfélög verða starfandi en þau, sem þegar eru stofnuð, þá geri ég ráð fyrir, að við sjálfstæðismenn myndum fúsir til samkomulags um það.

Hæstv. fjmrh. ætla ég ekki að svara. Ég sé nú ekki, hvort hann er í d.; það er stundum erfitt að sjá það. Hann sagði, að mikill hluti kjósenda Sjálfstfl. fylgdi honum af misskilningi. Ég ætla ekki að deila um þetta. Ég hygg, að í þeim umr. myndi hvort éta úr sínu. En það voru ýmsir, sem sögðu, er þeir fréttu, að þessum unga manni hefði verið falið að gegna fjmrh-embættinu, að annaðhvort væri hér um fjármála„geni" að ræða eða þetta hafi verið byggt á misskilningi. Ég fyrir mitt leyti er þess fullviss, að hér hefir verið um misskilning að ræða.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Það var tvennt, sem gerðist með þessari nýju stefnu: Lokun veðdeildar Landsbankans, en upp voru tekin í staðinn pólitísk félög. Fyrst og fremst var horfið af þeirri braut, sem áður hafði verið farin mjög varlega, að veita ábyrgð ríkissjóðs á fasteignaveðum í landinu. Það var annar liðurinn í hinni nýju stefnu að breyta út af þessu og taka á ríkissjóð mjög alvarlega áhættu af lánum til bygginga í landinu. En hitt hefir verið bent á áður og allir vita, að með l. um verkamannabústaði voru þar að auki veitt margskonar hlunnindi. Og út af því vil ég gjarnan segja við hæstv. fjmrh., sem virtist undrandi yfir því, að þeir, sem ekki fylgja honum, hans flokki og sósialistum að máli, skyldu vilja njóta sjálfir þeirra hlunninda, sem þessir flokkar hafa ætlað sér einum. (**Fjmrh.**: Ég undraðist það ekkert). Jú, mjög, að yfirleitt skyldu sjálfstæðismenn taka þátt í að njóta þessara hlunninda. En því meiri sem hlunnindin eru, því ólíklegra er, að flokkar, sem hafa ætlað sér þau, geti setið einir að þeim. Ég hélt, að m. a. hefði það verið tilgangur þeirra, að fá sjálfstæðismenn einn og einn í þessi félög, til þess að koma því til vegar, að þeir hættu þeim „misskilningi", sem það er kallað, að vera sjálfstæðismenn. Það var einn tilgangurinn með þessum nýju hlunnindum að geta veitt þá, sem kynnu að vera af misskilningi sjálfstæðismenn. Og það má vel vera, að þeir menn séu til. En allt kemur þetta til af því, að aðalverkefni þessara flokka, sem nú hafa runnið saman í einn og myndað stj., er að mismuna mönnum í þjóðfélaginu. Og af því að tekst ekki beinlínis til lengdar að mismuna mönnum eftir pólitískum flokkum, mega þeir draga þá ályktun, að það sé röng pólitík. Því að þeir, sem í þessu tilfelli telja sig sjálfstæðismenn, eru margir fúsir til þess að hagnýta sér þessi hlunnindi, þótt þau hafi verið ætluð einhverjum vissum mönnum. Og þegar þetta kemur í ljós, mega sósialistarnir ekki verða undrandi og ávíta þá menn, sem hafa staðið á móti því, að hlunnindin væru veitt í upphafi, þótt þeir vilji nú njóta þeirra, úr því þau á annað borð voru látin ná fram að ganga. Þetta er bein sönnun fyrir því, og hin eðlilega og réttmæta sönnun fyrir

því, að pólitisku flokkarnir fara rangt að, þegar þeir mismuna borgurunum á þennan hátt. En það er ekki í þessu eina atriði, sem þessir flokkar vilja mismuna borgurunum. Einungis sýnir þetta atriði ljóslega, hversu ólífvænleg pólitík það er, að standa að því og hafa sem aðalmarkmið í stjórnmálabaráttunni, að mönnum sé mismunað. Ég áfellist ekki þá kaupstaði, sem ekki hafa ennþá stofnað hjá sér byggingarfélög og reynt að hagnýta sér lögin. Það er einungis vegna þess, að til þess að hægt sé að mismuna verulega flokki manna í bæjar- eða þjóðfélagi, þá þarf það að vera nokkuð stórt. Þetta er ein ástæðan til þess, að þetta hefir ekki verið tekið upp í smákaupstöðunum úti um land, því að þeir eru ekki nægilega stórir til þess, að hægt sé að taka verulega frá einum til að gefa öðrum. Þetta er hægt hér í Rvík. Við erum hér svo margir, að þetta er hægt og hefir verið gert með þessum l. En það er því erfiðara, því minni heild, sem um er að ræða. Þetta er að komast á í Hafnarfirði, að sagt er, og kemur það sjálfsagt til af því, að Hafnarfjörður er nú stærstur kaupstaður utan Rvíkur og líklega sá, sem einna mesta getuna hefir. Þar eru meiri framkvæmdir heldur en á mörgum öðrum stöðum og því eðlilegt, að Hafnarfjörður yrði næsti staðurinn. En þar, sem fólksfjöldinn er undir vissu marki, getur slíkt ekki átt sér stað. En ég vil að lokum segja það, að ég sannfærist ekki um það, sem ég hélt fram í fyrri ræðu, að geta væri til þess að lána til þessarar starfsemi, enda fékk ég enga vitneskju þessu viðvíkjandi hjá hv. 2. þm. Reykv. Hann var með óákveðið orðalag, en þetta verður ekki sett fram öðruvísi en með tölum, ef skiljanlegt á að vera. Og mér finnst, að n., sem fær þetta mál til meðferðar, sé skylt að upplýsa, hve *mikið fé úr ríkis- og bæjarsjóði fer árlega í* vaxtamismun og kostnað við sjóðstjórn og hverjir möguleikar eru á því, að þessi sjóður standi í raun og veru undir sínum verkefnum. Það er einnig verkefni til athugunar, hvort þörf sé á fleiri félögum en einu á hverjum stað, eða hvort heppilegra sé að þau séu fleiri.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson)**: Það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., að við Alþýðuflokksmenn viljum breyta til um þá aðstöðu, sem nú er í þjóðfélaginu. Við viljum jafna hana, hjálpa hinum veikari gegn hinum sterkari, og einn liðurinn í þeirri pólitík er þetta frv. um verkamannabústaði. Það er gert til þess að hjálpa þeim til að eignast húsnæði, sem ekki hefðu annars tök á því, en hinsvegar ekki ætlað þeim, sem ekki þurfa þess með. Við þetta munum við kannast hvar sem er, en hinsvegar á þessi aðstoð jafnt að ná til manna, hvaða pólitiska skoðun sem þeir hafa, ef þeir tilheyra hinum *efnaminni stéttum.* (**PHalld**: Útúrsnúningur). En viðvíkjandi því, hve mikið fari af styrknum árlega í vaxtamismun, þá hefi ég þegar svarað því. Það fer ekkert af styrknum til þeirra hluta. En það kann að vera, að ekki fáist 5% aftur inn í byggingarsjóðinn af öllu lánsfénu, vextirnir verði lítilsháttar lægri af eigin fé byggingarsjóðsins. Það stendur svo á, að það er ekkert annað fé til í sjóðnum en það, sem fer í þá verkamannabústaði, sem nú er verið að reisa, svo að til nýrra bygginga verður þá að taka ný lán. Annars er hv. þm. næst að snúa sér til Jóns Þorlákssonar borgarstjóra, sem er endurskoðandi byggingarsjóðsins og getur gefið honum þær upplýsingar, sem hann þarfnast og hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem á sæti í stjórn sjóðsins.

Hv. þm. Snæf. kom með aths. um það, að hann myndi ganga inn á þá braut að binda réttindin við þau félög, sem þegar eru stofnuð, *og sýnir það greinilega viðhorf ihaldsins í* þessu máli, þar sem úti um land, þar sem ekkert hefir enn verið byggt eftir þessum lögum, er alstaðar eitt byggingarfélag, að ég hygg. Þar hafa fleiri félög ekkert að gera. En hér í Rvík og Hafnarfirði, þar sem hafa verið og eru starfandi félög fyrir, þar vilja þeir endilega fyrirskipa tvö félög, sprengifélög.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Þetta byggingarfélag í Hafnarfirði er nýtt af nálinni. Það er upplýst, að það, sem greitt hefir verið til byggingarsjóðs í Hafnarfirði, hefir eyðzt ár eftir ár til daglegra þarfa bæjarins og ekkert orðið eftir í sjóðnum. Ég er ekki kunnugur því, hvað nú, rétt fyrir þing, kann að hafa verið gert í þessu máli, hvort einhver útvegur hefir verið hafður til þess að koma af stað einhverri hreyfingu í þessu efni, en mér er sagt, að svona hafi það gengið ár eftir ár, og svona hefði það gengið hér í Rvík líka, eins og á Ísafirði, að peningunum hefði verið eytt *jafnóðum, ef Alþfl. hefði stjórnað.* Þótt þessu fé hafi verið jafnað niður í því skyni eða undir því yfirskini, að það ætti að fara í verkamannabústaði. Um þann frámunalega dugnað jafnaðarmanna hér í Rvík í að koma upp húsunum er það að segja, að það liðu ár áður en nokkur hreyfing komst á málið. Féð safnaðist í sjóðinn og lá þar. Og þegar loks var hafizt handa, þá var fyrst byggt fyrir það fé, er saman hafði safnazt í sjóðinn, þveröfugt við tilgang löggjafarinnar. Tilgangurinn var sá, að þetta tillag gengi til að greiða vaxtamismuninn, en dugnaðurinn hjá hv. 2. þm. Reykv. — hann er sjálfsagt ánægður með, að honum sé eignuð öll forstaðan þar — var nú ekki meira en þetta. (**HV**: Hvernig er dugnaðurinn hjá þessum hv. þm. með útvegun fjárins? Hann er í sjóðstjórninni). Það eru fleiri í sjóðstj. en ég, þar á meðal hv. 1. landsk., og ég leit ekki svo á, þegar ég var í sjóðstj., að ég hefði meirihl.aðstöðu þar. Þetta er sannleikurinn um dugnaðinn. En hér við get ég bætt, að frumkvæðið að þeirri aðalbreyt., sem í frv. þessu felst, nefnilega sameiginlegum byggingarsjóði fyrir allt landið, átti maður innan Sjálfstfl. (**HV**: Uss!). Það þýðir ekki að segja „uss“ við því. Það var sjálfstæðismaður utan af landi, sem kom þessari hreyfingu á og þar með því til leiðar, að hér liggur nú fyrir frv. um breyt. á l. Hitt er skiljanlegt, að jafnaðarmenn hafi gripið tækifærið og bannað fleiri en eitt byggingarfélag í hverjum kaupstað. Það er sem sagt þetta, sem hv. 1. landsk. vék að, að þeir vildu koma í veg fyrir kapphlaup. Hann er oft heppinn í orðum, eða svo

að andstæðingunum fellur það vel, og honum tókst það núna, þegar ræðuhöld hans og félaga hans hafa snúizt um að sýna fram á, að það væri engin pólitik í þessu máli, að það skyldi skjótast upp úr honum, að þegar sjálfstæðismenn ætluðu að fara að taka þátt í þessum hlunnindum, þá væri það kapphlaup. En kapphlaup getur ekki átt sér stað nema tveir eða fleiri hlaupi, svo að einhver hefir nú verið hlaupinn á stað áður en sjálfstæðismenn byrjuðu. Hæstv. fjmrh. var heppinn á svipaðan hátt. Það var svo innileg gremja í þeim orðum hans, að sjálfstæðismenn hefðu nú orðið fegnir að njóta þessara hlunninda líka. Það var auðheyrt, að hlunnindi samvinnubyggingarfélagsins væru aðeins eign viss flokks, en svo hefði komið á daginn, að fleiri hefðu viljað njóta góðs af. Mér er það fullljóst, að þessum herrum er það mótstætt, að sjálfstæðismenn eigi þarna nokkurn þátt í. En þó er það hið eina, sem gæti réttlætt þetta, að það væri öllum jafnfrjálst. Þó er fjarlægur hugsunarhætti sjálfstæðismanna sá snikjudýrsháttur, sem liggur til grundvallar fyrir upptöku þessa máls, þ. e. a. s. að veita einum á kostnað annars. Ég kalla það svo, þótt það kunni að falla einhverjum illa í geð. Það er réttnefni hvað snertir hv. 2. þm. Reykv. og hæstv. fjmrh. og þeirra nóta. Slíkur hugsunarháttur er sjálfstæðismönnum fjarlægur. En þegar búið er að viðurkenna í 1., að það eigi að veita mönnum, sem svo og svo er ástatt um efnalega, styrk til að eignast hús, þá eiga allir jafnt að geta gert kröfu til slíks. Þetta liggur í hlutarins eðli, og það væri heimska, ef einn flokkur tæki sig út úr og segði: „Ég vil ekki vera með í þessu“. Mönnum getur gramizt, að fleiri skyldu nú vilja setjast að kjötkötlunum, en það er þó sjálfsagður hlutur. Hér er aðalumræðuefnið, hvort fleiri en eitt byggingarfélag eigi að vera á hverjum stað. Jafnaðarmenn og framsóknarmenn berjast eindregið á móti því, vegna þess að það sé óhagkvæmt. En ég er sannfærður um, að hver maður, sem vill hugsa um þetta hlutdrægnislaust, hlýtur að sannfærast um, að það er óhagkvæmt, að félagið sé ekki nema eitt. Við það, að fleiri eru félögin, eru líkindi til meiri áhuga og meiri tilbreytni. Eins og við vitum, er alltaf verið að finna ný og ný byggingarform, og því fleiri sem fást við sömu framkvæmdir, því meiri líkindi eru til, að fjölbreytnin fái notið sín. Nú er svo ástatt um þennan félagsskap, sem hafizt hefir handa hér í bænum, að hann er bundinn við sambyggingar. Þess vegna hefir hann ekki náð hylli nærri allra, sem annars hefðu kosið að taka þátt í þessu — ekki einu sinni allra þeirra, sem fylgja forsprökkunum í pólitík, af því að þeim líkar ekki byggingarlagið. — Það er nú svo með jafnaðarmenn, eins og aðra menn, að þeir hafa vissar tilhneigingar til að vera sjálfstæðir persónulega, og það er fjöldi þeirra, sem ekki vill byggja með því móti að þurfa að vera í einni kös. En nú beitir þetta byggingarfélag verkamanna sér á móti því, að byggt sé sjálfstætt. (HV: Hvernig?) Með því að hleypa þeim mönnum ekki að. (HV: Hvaða vitleysa). Ég bendi á verkin, sem sýna merkin. (HV: Það eru þeir, sem hafa byggt). Það eru til verkamenn, sem vilja byggja öðruvísi — vilja byggja sjálfstætt. Það hefðu sjálfsagt miklu fleiri komið í þetta félag hv. 2. þm. Reykv., ef sú byggingaraðferð hefði verið leyfð. Ég held, að hv. þm. þýði ekki að bera á móti þessu. Þetta er svo augljós staðreynd, að um hana þýðir ekki að deila, þótt hv. þm. slái á þann streng, þegar hann vill drepa félag sjálfstæðra verkamanna, að þeir geti fengið að byggja sérstæð hús. En þegar hann er búinn að drepa þetta félag, með aðstoð bandamanna sinna innan þings, þá heldur hann áfram eins og hann hefir byrjað. Það stendur við það, sem hann hefir sagt, að þetta er talið hagkvæmt fyrirkomulag.

Það er þessi einstrengingsháttur, sem stendur því fyrir þrifum, að ný tilraun verði gerð og menn fái að reyna annað en forsprakkarnir vilja eða þeim er viðfeldnast. Af þessari ástæðu er það augljóst, að eitt er sjálfsagt, og það er, að byggingarfélögin séu fleiri. Það er ekki annað en vitleysa, að það, hvort byggingarfélögin eru fleiri en eitt eða fleiri en tvö á hverjum stað, hafi áhrif á verðlagið, því að hvert svona lagað byggingarfélag er eitt út af fyrir sig nógu stórt til að fá beztu kjör á öllu, sem kaupa þarf. Þetta vita allir, og er því þessi viðbára einskisverð. Það er auðvitað, að tillag úr opinberum sjóðum, bæjarsjóðum og ríkissjóði, er takmarkað, en hitt, hvort hægt er að fá lán, vil ég ekki dæma um, en þykist vita, að nokkur andstaða sé gegn því, að sjóðstjórnirnar taki mjög mikil erlend lán. Innanlands eru sennilega ekki miklir möguleikar til þess að fá lán. Ég sé ekki, að það skipti miklu máli, hvort það fé, sem fáanlegt er, er veitt til þessa félags eða hins, ef bara er byggt fyrir það. Og öll skynsemi mælir með, að réttara sé, hagkvæmara og á allan hátt æskilegra, að félögin séu tvö.

Nei, það er vitanlega ekki nokkur minnsti vafi á því, að þessi breyt. á þessari löggjöf er upp tekin af pólitiskum ástæðum, og þegar hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. eru að segja, að engin pólitík komist þarna að, ja, þá verður maður undrandi, og það því fremur, þegar maður líka veit, að jafnvel innan þessa félagsskapar er svo römm pólitík, svo mögnuð innanflokkapólitík, að menn eru jafnvel eltir á röndum, eftir því hvar þeir standa innan flokksins, og reynt er til að flæma þá úr atvinnu, sem þeir hafa, af þeim ástæðum, en það veit ég, að átt hefir sér stað um einn af andstæðingum hv. 2. þm. Reykv., sem hafði lítilsháttar stöðu í sambandi við byggingarnar.

**Pétur Halldórsson** (óyfirl.): Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég hefði ekki veitt sér mikið sár með því að tala um, að þeirra aðalstefnumál væri að mismuna mönnum, því að þetta væri alveg rétt. Það má bæta því við, að það er líka aðalaðferð þeirra til að afla sér fylgis. Ég vil ekki, að mín orð séu skoðuð þannig, að ég persónulega eða flokkurinn, sem ég fylgi, geti ekki hugsað sér að mismuna mönnum á þann hátt, sem alltaf hefir verið. Það er nokkuð, sem allir geta verið sammála um. Ég ætla að taka nærliggjandi dæmi til skýringar á því, sem ég átti við í sambandi við þetta mál sérstaklega. Það getur

ekki verið verkefni þingsins og bæjarfélagsins, eins og sósialistar halda fram, að koma því til vegar, að verkamönnum þjóðfélagsins sé mismunað, þannig, að sagt sé við einn verkamanninn t. d.: þú skalt fá 50 króna spegil eða gúmmígólf til að ganga á, eða einhver önnur lífsþægindi, — en að annar fái ekki neitt. Svona ráðstafanir á ríkisvaldið ekki að gera, þar sem einum manni eru veitt skilyrði til betri lífskjara, en öðrum ekki. En það er einmitt þetta, sem er aðalatriðið fyrir þessum mönnum, að hæna menn að sínum pólitísku skoðunum með einhverjum hlunnindum. Með þessum stórkostlegu hlunnindum, sem hér um ræðir, getur ekki nema 1/20 hluti verkamanna notið góðs af, og það eru pólitískir samherjar valdamanna flokksins, sem þeirra eiga að njóta, en eins og ég áður hefi tekið fram, þá er það ekki verkefni ríkisvaldsins að mismuna mönnum á þennan hátt.

**Emil Jónsson:** Mig langar til þess að segja nokkur orð um það, sem verið hefir aðaldeiluefni í frv. og þeim brtt., sem komið hafa fram, nefnilega það, hvort lán skuli veitt einu eða fleiri byggingarfélögum á hverjum stað. Það hafa verið færð fyrir því, að því er mér hefir virzt gild rök, að það sé að sumu leyti betra að hafa aðeins eitt félag á hverjum stað, en aðrir hafa aftur á móti fært rök fyrir því, að betra sé að hafa þau tvö eða jafnvel fleiri. Það, sem mælir með því að hafa félagið eitt, er aðallega það, að menn byggi þá í nokkuð stærri stíl og með því geti framkvæmdirnar orðið ódýrari að öllu leyti. Það er fullyrt af hv. 3. þm. Reykv., að ekki muni verða ódýrara að byggja með þessu lagi, vegna þess, að ekki yrði stofnað svo lítið byggingarfélag, að það gæti ekki notið beztu kjara. Ég leyfi mér að efast um, að þetta sé rétt, a. m. k. um marga kaupstaði úti á landi, því að, ef þeim litlu möguleikum, sem þar eru fyrir hendi um byggingar er skipt og bútað í sundur í tvö eða fleiri félög, þá verður ekki mikill hlutur hvers einstaks, og vafamál að þau gætu notið beztu kjara. Ég leyfi mér að fullyrða, að þau geri það ekki. Þetta er aðalatriði málsins, og þeir þm., sem um það hafa talað og eru fulltrúar Reykjavíkur, hafa aðallega augun föst hér, og það er ekki nema eðlilegt. En þeir verða líka að vita það, að þeim, sem búa úti um landið, er engu minna áhugamál og engu minni þörf á að geta notið hlunninda þessara l. Ég skal geta þess, að byggingartilraun í Hafnarfirði var gerð með því að byggja 16 íbúðir. Ef þessu hefði verið skipt í tvennt, þá hefði ekki verið hægt að hafa fyrirkomulagið eins hagkvæmt og ella.

En þó að þessi hv. þm. hugsaði aðallega um Rvík, gat hann ekki stillt sig um að hugsa lítilsháttar um Hafnarfjörð, og beindi þar til mín nokkrum orðum, sem ég vil ekki láta ómótmælt. Hann sagði, að það, sem safnazt hefði í byggingarsjóð verkamanna í Hafnarfirði, hefði orðið eyðslueyrir fyrir bæjarsjóðinn. Þetta er rangt, því að byggingarsjóðurinn í Hafnarfirði tók ekki til starfa fyrr en byggingarfélagið var tekið til starfa. Eftir að þörf var fyrir að nota sjóðinn til byggingaframkvæmda, hefir verið gerð ráðstöfun til þess að sjóðurinn geti unnið sitt hlutverk.

Annars er ýmislegt í þessum umr., sem getur verið nógu gaman að tala um, eins og t. d. það, hverjum sé mismunað með þessum l. Ef nokkrum er mismunað, þá segja l. sjálf skýrt og greinilega til um það. Þeim er mismunað, sem hafa laun undir ákveðinni lágmarksupphæð. Þeir einir koma til greina, sem hafa laun undir 3—4 þús. kr. á ári, og ef á að tala um, að einhverjum sé mismunað, þá eru það þessir menn. Eins og allir vita, er það stefnumál okkar sósíalista, að einmitt þessum mönnum sé mismunað á þann hátt, að gera minni þann mismun, sem er milli þessarar stéttar þjóðfélagsins og annara, sem við betri kjör búa. Þetta er dálítið sérstakur máti á að mismuna fólki. Að mönnum sé mismunað eftir pólitík, kemur ekki til greina, þar sem hverjum manni er opin leið til og heimilt að ganga í þessi byggingarfélög, hér og annarsstaðar.

Úr því að mitt kjördæmi var innleitt í þessar umr., skal ég gjarnan geta um það, hver tildrögin voru til þess, að tvö byggingarfélög voru stofnuð í Hafnarfirði. Forgöngumenn Alþfl. í Hafnarfirði hófu undirbúning um stofnun byggingafélags, og þegar sá undirbúningur var kominn það langt, að búast mátti við, að bráðlega yrði hægt að byrja á framkvæmdum, hlupu til nokkrir menn úr Sjálfstfl. — eins og hér — og stofnuðu sitt félag, og í það voru eingöngu teknir sjálfstæðismenn. Fyrst vildu þeir ekki vera með um stofnun byggingarfélags, og síðan vildu þeir ekki þrátt fyrir ítrekuð tilboð, hafa neina samvinnu við það. Af hvaða ástæðu það er, veit ég ekki nema ef það skyldi vera vegna þess, að þeir treysti sér ekki til að eiga ítök í nema fáum verkamönnum, og vilji því safna þeim saman og hafa þá út af fyrir sig, til þess að geta þar komið fram sem fulltrúar þeirra.

Um það, að það sé fjarri hugsunarhætti sjálfstæðismanna að lifa eins og sníkjudýr á kostnað annara, þá getur verið, að svo sé, en það eru bæði ég og aðrir, sem efast um, að svo sé. Það eru ýmsir, sem fylla þann flokk, sem — mér liggur við að segja — hafa lifað eins og sníkjudýr á annara kostnað.

Ég skal svo ekki lengja umr. um þetta. Ég tel, að mönnum ætti nú, eftir þær umr., sem hafa verið hér um málið, að vera orðið fyllilega ljóst, hvaða afstöðu þeir geti tekið í því. Ég vil undirstrika það, að þegar menn taka afstöðu til málsins, verða þeir að hafa fleira í huganum en Rvík. Ég tel illa farið, ef byggingarfélög í kaupstöðum úti um land verða bútuð í sundur og með því gerð óhæfari til þess að koma að góðu gagni.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Ég vildi aðeins segja hv. 3. þm. Reykv. það, út af því, sem hann var að tala um, að fleiri en einn þyrfti að vera, ef um kapphlaup væri að ræða, að ég þekki kapphlaup, þar sem aðeins einn var sjáanlegur, og það var þegar þessi hv. þm., að afstöðnum kosningum í sumar, hljóp norður á land til þess

að endurskoða sparisjóði. Það var kapphlaup án þess að nokkur hlypi á móti, nema hans eigin fortíð.

**Jón Pálmason:** Það eru líkur til, eftir því sem umr. hafa fallið í þessu máli, að ég eigi hér nokkra sérstöðu. Það er ljóst af því, sem hér hefir komið fram hjá öllum, sem til máls hafa tekið, að þau friðindi, sem þessi l. veita, eru talsvert mikil, og þau hlunnindi, sem hér um ræðir, nokkuð rík til þeirra einstaklinga, sem þeirra eiga að njóta. Fyrir mér hefir það vakað, ekki aðeins nú, heldur um langan tíma, að einmitt þessi lög væru eitt með öðru merki um það, hvernig á undanförnum árum hefir verið farið að beita ríkisvaldinu í þá átt, að hafa áhrif á, hvernig straumarnir hafa stefnt í landinu.

Það er síst að undra þó að fólkið flykkist í hina stærri kaupstaði, þegar svo er komið í þessu efni, að farið er að byggja yfir nokkurn hluta þess með ríkisstyrk. Og það er einmitt gert hér í Rvík, þar sem skilyrðin eru að ýmsu leyti bezt. Jafnframt þessu hefir líka verið gripið til þeirra úrræða, að leggja fram fé úr ríkissjóði til þess að veita sumu af þessu fólki atvinnu, af því að ekki er næg atvinna fyrir það. Ég skal taka það fram, að ef hér væri svo ástatt, að ekki væri nægilegt húsnæði fyrir það fólk, sem stundar þá vinnu, sem hér er á boðstólum og gefur arð, þá er frekar ástæða til þess að veita styrk úr ríkissjóði til slíkra hluta. En þegar fleira fólk er hér en líkur eru til, að geti fengið atvinnu, nema þegar bezt lætur, og þegar svo er farið að byggja yfir það fyrir fé úr ríkissjóði, þá þykir mér of langt gengið og stefnt í ranga átt. Þess vegna tel ég ákaflega hæpið að verja fé úr ríkissjóði til bygginga á þeim stöðum, sem svo hagar til, nema jafnframt sé séð fyrir auknum atvinnuskilyrðum, svo að fólkið hafi næga vinnu, sem gefur arð. En þegar svo er upplýst, að jafnframt því, sem áður er tekið fram, á að ganga inn á þá braut, að gefa vissum félögum eða einstaklingum einkarétt á því, hverjir hljóti þau friðindi, sem hér um ræðir, þá tekur alveg út yfir. Í því sambandi vil ég taka það fram, að sé það réttlátt, sem ég tel ekki vera, að veita fé til þessara hluta, á það að sjálfsögðu ekki að vera neinn einkaréttur til vissra félaga, heldur handa hverju því félagi, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir þessum styrk. Í því, sem vikið hefir verið að afstöðu flokka til þessara mála hér í þessari hv. d. í dag, hafa mér þótt ýmsar undarlegar setningar sagðar, en þó ekkert eins og það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það sýndi sig í þessu eins og svo mörgu öðru, að þegar einn flokkur hefði komið á umbótum í einhverjum greinum, vildu sjálfstæðismenn njóta þeirra líka, og það sannaði, að fólkið væri í Sjálfstfl. af misskilningi. Það er dálítið undarlegt að heyra því slegið fram hér, að þær 22 þús. kjósenda, sem fylgdu Sjálfstfl. við síðustu kosningar, séu í honum af misskilningi, fyrir það, að þeir álíta, að friðindi séu ekki fyrir einstaka menn, en vilja, að fleiri fái að njóta þeirra en þeir, sem fylgja flokknum, sem til þeirra hefir stofnað.

Ef hægt væri með aðstoð hæstv. fjmrh. og annara, sem ráðin hafa, að byggja yfir alla þjóðina hér í Rvík og annarsstaðar, að nokkru leyti á kostnað ríkisins, þá efast ég ekki um, að mönnum fyndist það aðgengilegt, engu síður sjálfstæðismönnum en öðrum, en sú stefna, sem kemur fram í þessum l., eins og mörgum öðrum, kemur þannig út, að verið sé að hafa með ríkisvaldi áhrif á að stefna fólksstraumnum einmitt á þá staði, þar sem flestir eru fyrir.

**Jakob Möller** óyfirl.: Ég veit ekki nema ég gleymi skepnunni honum Katli, ef ég tek hann ekki strax til athugunar.

Hv. 1. landsk. var að tala um kapphlaup. Það sjá nú allir, að þessi hv. þm. er illa fallinn til kapphlaupa líkamlega, en þó er hann enn verr fallinn til andlegra kapphlaupa, og það finnst mér hann hafa sannað, þegar hann var að tala um, að ég hefði hlaupið kapphlaup til Akureyrar í sumar. Ég skal fúslega viðurkenna það, að ég er ekki sérlega vel fallinn til hlaupa. Ég er maður farinn að eldast, svo að það er varla við öðru að búast. Í því kapphlaupi var ég líka nokkuð seinfær, því að kosningarnar voru hér 24. júní, en ég fór ekki norður fyrr en 18. ágúst, en þeir, sem voru í kapphlaupinu með mér, voru þó ennþá seinfærari, þar sem þeir fóru ekki af stað fyrr en 4. september.

Hv. þm. Hafnf. er einn þeirra manna, sem manni leiðist að hlusta á verja rangan málstað. Hann fór svo skringilega að því að játa, að það hefði verið rétt, sem ég sagði. Hann sagði, að dregizt hefði að stofna félagið, en þegar það hefði verið stofnað, þá hefði verið gerðar ráðstafanir til þess, að sjóðurinn gæti staðið við sínar skyldur. Þetta er játning um það, að fé hafi ekki verið fyrir hendi, og þar sem hann segir, „að gerðar hafi verið ráðstafanir til að fá fé“, þá er augljóst, að það, sem ég sagði, var rétt.

Að því leyti, sem hann kom að því efni, sem hér er um deilt, fórst honum ekki betur, því að hann ætlaði að sanna, að óheppilegt væri að hafa tvö byggingarfélög í kaupstöðum úti á landi, með því, að Hafnarfjörður hefði ráðizt í að byggja 16 íbúðir, og menn gætu sagt sér sjálfir, að skaði hefði verið að skipta þessum 16 íbúðum í tvennt og hafa tvö byggingarfélög. Þá hefði efni orðið dýrara og kostnaður allur meiri. Þetta má til sanns vegar færa. (**EmJ:** Jæja!) Já, en hv. þm. veit, að það eru hér fleiri aðilar, sem ráða, heldur en byggingarfélögin. Það eru sjóðstjórnirnar, sem hafa það í hendi sér að ráða því, hvort félögin verði fleiri en eitt eða fleiri en tvö. Þessar sannanir hans gera ekkert til þess að sanna réttmæti þessarar breytingar á löggjöfinni.

Hv. þm. Hafnf. sagði rangt frá um stofnun byggingarfélaganna í Hafnarf. Ég vona, að það hafi ekki verið vísvitandi. Það var rangt, þegar hann sagði, að verkamenn í Hafnarf. hefðu stofnað byggingarfélag, en svo hefðu sjálfstæðismenn hlaupið til þess á eftir. Sannleikurinn er sá, að stofnað var byggingarfélag verkamanna í Hafnarf., en svo leið langur tími og félagið gerði ekki neitt. Þá var það, að sjálf-

stæðismenn sáu fram á, að félagið ætlaði ekki að gera nokkurn skapaðan hlut.

**Sigurður Einarsson:** Meðan hv. þm. A.-Húnv. flutti ræðu sína datt mér í hug orðtæki, sem haft er eftir fornrómverskum hershöfðingja: Guð varðveiti mig fyrir vinum mínum, fyrir óvinunum skal ég gæta mín sjálfur. Ef enginn sjálfstæðismaður hefir hugsað eitthvað svipað undir ræðu hv. þm. A.-Hún., þá hefir það verið þess vegna, að þeir hafa ekki munað eftir þessu orðtæki úr Rómverjasögunni. Hv. þm. byrjaði ræðu sína með almennum hugleiðingum, og var sá hluti ræðu hans einna óljósastur. Þar var hann að tala um hlunnindi, sem það opinbera veitti einstaklingnum, og fór svo út frá því að tala um það, hvernig fólkið þyrptist í kaupstaðina. Nú er það öllum mönnum ljóst, hvers vegna fólkið hópast til þessara staða. Við sjávarsíðuna hefir risið upp umsvifameiri atvinnuvegur en þekkzt hefir í sveitum, er þurft hefir á mörgu fólki að halda, og getað boðið því betri kjör. En nú er það svo, að forráðamenn þessara umsvifamiklu atvinnutækja hafa ekki verið jafnaðarmenn, heldur oft og tíðum foringjar flokks þessa hv. þm., foringjar Sjálfstfl. Ef hv. þm. vill því bera sakir á einhvern einstakan flokk vegna uppgangs kaupstaðanna, lægi næst að beina þeim að hans eigin flokki, en ekki mínum. En hv. þm. heldur áfram: Þegar þetta fólk er komið í kaupstaðinn, þá er meira að segja farið að byggja yfir það með aðstoð ríkissjóðs. En hvað er það, sem hv. þm. A.-Húnv. vill að gert sé? Er hann einn þeirra manna, sem byggja von sína um viðreisn landbúnaðarins og afturhvarf fólks í sveitirnar á vaxandi vesöld þess fjölda, sem við sjávarsíðuna býr? Slíkum lausnum þjóðfélagsvandamála neitum við Jafnaðarmenn eindregið. Hið opinbera hjálpar ekki landbúnaðinum með því að bregðast skyldum sínum við þá af þegnum sínum, sem við sjóinn búa. Hv. þm. hélt því ennfremur fram, að þetta fólk hefði lítið sem ekkert að gera. Og svo skildist mér, að hv. þm. fyndist það vera að bíta höfuðið af skömminni, að fara nú, ofan á aðrar náðargjafir, að veita þessu fólki atvinnubótavinnu, svo að því verði líft í kaupstaðnum. Með þetta fyrir augum skýrist margt í afstöðu þessa hv. þm. til málsins. Það er varla von, að hv. þm. viti, að sá hluti bæjarbúa, sem l. þessum er ætlað að vera skjólgarður fyrir, leggur mikla áherzlu á það, að byggingarfélagið verði aðeins eitt. En ég skal upplýsa hv. þm. um það, að ástæðan er sú, að þeir þekkja mæta vel vini og fjandmenn að. Saga málsins sýnir, að það er Alþfl., sem er frumkvöðull þessa máls, forráðamenn hans hafa séð um framkvæmdir þess hingað til, og það er eindreginn vilji verkamannanna, að svo verði einnig framvegis. En það er með þetta mál eins og ótal margt fleira, að loks þegar löggjöfin mætir réttmætum kröfum um endurbætur á högum fólks, rísa upp gamlir og nýir andstæðingar málsins og krefjast hlutdeildar í framkvæmd þess.

Þá vildi ég beina nokkrum orðum til hv. 5. þm. Reykv. Mér þykir engin furða, þó að Sjálfstæðismenn snúist illa við þessu frv., ef það eru fleiri en hann, sem sjá í íbúum verkamannabústaðanna árásarher á sig og flokk sinn. En þetta er mesti misskilningur. Hér er ekki um neinn árásarher að ræða, heldur er þarna alþýðufólk, sem fegins hendi hefir gripið þann möguleika, sem þessi löggjöf gefur þeim til þess að eignast skýli yfir höfuðið. Að allir þeir, sem óskað hefðu eftir að nota sér fríðindi þessara l., eru ekki enn komnir í byggingarfélagið, er ekki af því, sem hér hefir verið haldið fram, að þeir séu á móti sambyggingum. Heldur mun orsökin sú, að þrátt fyrir hámark það, sem l. tilskilja á tekjum félagsmanna, eru þeir margir, sem sitja verða hjá af því að þeir geta ekki lagt fram nægilegt fé til þátttöku. Og þetta er ástæðan til þess, að ákvæði l. um byggingarsjóði verkamanna hefðu ekki komið að notum í hinum smærri kauptúnum úti um land. Þar hafa verið stofnaðir litlir byggingarsjóðir, en ógerningur hefir reynzt að útvega nægilegt lánsfé til starfseminnar. Mér er kunnugt um það, að á ýmsum stöðum eru til dálitlir byggingarsjóðir, og fyrir liggja umsóknir frá mönnum, sem uppfylla ákvæði l., en ekki hefir verið hægt að hjálpa þeim til að byggja, því að lánsféð hefir vantað. En með þeirri breyt., sem nú er gerð á l., er gefin von um það, að þessir litlu byggingarsjóðir muni geta tekið til starfa. Að þeir hafa ekki gert það nú þegar, er af vöntun á lánsfé, en ekki því, sem hv. 3. þm. Reykv. gaf í skyn, að sjóðirnir mundu uppétnir.

Ég get nú látið hér við sitja. En það er áreiðanlega ekki að gera málinu nein skil að benda á það öfugstreymi í þjóðfélaginu, eins og hv. þm. A.-Húnv. hélt fram, að fólkið þyrpist í kaupstaðina, né það enn hættulegra öfugstreymi, að hans dómi, að hið opinbera hjálpi þessu fólki til þess að eignast þak yfir höfuðið, hvað þá slíka kórvillu sem að láta þetta fólk fá eitthvað að gera. Og með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir að verði á þessum málum, er búið svo um hnútana, að hlutdrægni kemur ekki til greina.

**Emil Jónsson:** Hv. 3. þm. Reykv. taldi, að sjóðstjórnirnar gætu sett skilyrði fyrir lánveitingum og útilokað menn frá þeim. Ég veit ekki hvar hann finnur því stað; það er a. m. k. ekki hægt í l. Sami hv. þm. sagði, að Byggingarfélag verkamanna í Hafnarfirði hefði verið svo lengi við lýði án þess að gera nokkuð, að Sjálfstæðismenn hefðu fundið ástæðu til þess að ýta við því. Ég skal gefa þessum hv. þm. þær upplýsingar, að bæði félögin voru stofnuð í einum og sama mánuði. Og þess var farið á leit við sjálfstæðismenn, að þeir frestuðu stofnun félags síns og yrðu í einu félagi með Alþýðuflokksmönnum. En við það var ekki komandi. Ég vil ennfremur afþakka allar upplýsingar frá hv. 3. þm. Reykv. um það, sem gerist í Hafnarfirði. Ég er þar fæddur og hefi verið þar alla mína tíð, og er því vafalaust kunnugra um allar aðstæður þar og viðburði en hv. 3. þm. Reykv., sem ég held að hafi komið til Hafnarfjarðar í fyrsta sinn í vor, og í erindagerðum, sem hann mun sjálfur bezt vita.

**Jón Pálmason:** Ég vildi ekki láta hjá líða að mæla nokkur orð til hv. 9. landsk. Hann byrjaði ræðu sína með því að ráðleggja mér að taka mér í munn rómverska orðtækið: „Guð forði mér frá vinum mínum, fyrir óvinum mínum skal ég gæta mín sjálfur". Mér skildist, að hv. þm. ætti við, að vinir mínir, sjálfstæðismennirnir, væru orsök í því öfugstreymi í þjóðlífinu, sem lýsir sér í flutningi fólks til kaupstaðanna. Það er ekkert nýtt að heyra þessa staðhæfingu frá flokksmönnum hv. 9. landsk., að sökum þess, að sjálfstæðismenn hafa víðast hvar verið umsvifameiri í atvinnurekstri en aðrir, séu þeir upphaf þessa öfugstreymis. Nú vita allir, sem um það vilja hugsa, að þessi atvinnurekstur hefir orðið til hinna mestu þjóðarheilla og valdið því, að fólksflutningurinn beindist ekki inn á þær brautir, að menn færu af landi burt. En þegar svo margt er komið í kaupstaðina, að atvinnuskilyrði þeirra eru tæmd, þá hleypur ríkissjóður undir bagga, hjálpar þessu fólki til að byggja sér hús og veitir stórfé til atvinnubótavinnu. Þá kalla ég, að stefnt sé í öfuga átt. Auðvitað er ég ekki á móti því, að mönnum geti liðið sem bezt. Hv. 9. landsk. hefir áreiðanlega ekki hugsað nóg fram í tímann, ef hann hefir ekki gert sér það ljóst, að í þessa stefnu er ekki hægt að fara langt. Það getur verið ástæða til þess að stofna til atvinnubóta í slæmu árferði, en að ríkissjóður fari að byggja yfir fjölda atvinnulauss fólks í kaupstöðunum, er í fyllsta máta hættuleg leið. Hv. þm. var að tala um það, að ég hefði engin ráð til að benda á í þessu vandamáli. Það er satt, að ég hefi litla trú á því, að takast megi að fá fólkið, sem komið er í kaupstaðina, til þess að flytja upp í sveitirnar aftur. En ég vil, að lífsskilyrðin í sveitunum verði svo góð, að fólkið vilji ekki fara þaðan. En stefna jafnaðarmanna er sú, að gera sem flesta efnahagslega ósjálfstæða, og því hafa þeir ekkert á móti fólksstraumnum í kaupstaðina, á mölina. — Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, aðeins segja það, að ofan á allt annað að ætla að fara að einoka þennan húsabyggingarstyrk, finnst mér í fyllsta mæli vera að bíta höfuðið af skömminni.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hv. þm. Hafnarf. telur sig vita allt, sem skeður í Hafnarfirði, og þyrfti ég því ekki að gefa sér neinar upplýsingar um það. Ég veit, að það þarf ekki að segja hv. þm. Hafnf. frá því, að tekjur byggingarsjóðs var búið að éta upp til annars, og að klórað hefir verið saman í hann aftur nýlega. Hann veit líka vafalaust um fleiri hafnfirzka sjóði, sem sömu leið hafa farið. En hv. þm. Hafnf. veit ekki allt, sem gerist í Hafnarfirði. T. d. er það *misskilningur, að ég hafi ekki* komið til Hafnarfjarðar fyrr en í vor. Ég hefi oft komið þangað áður, en það er til allt of mikils mælzt, að hv. þm. sé á þveitingi um allar götur eins og varðhundur, til þess að athuga, hverjir komi í bæinn. En þó að ég komi sem sagt nokkuð oft til Hafnarfjarðar, verð ég að játa, að ég er ekki svo kunnugur bæjarmálum þar sem skyldi. Ég verð að meðganga það, að ég hefi ekki farið allskostar rétt með um stofnun byggingarfélaganna þar. Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna var stofnað fyrst, en þá ruku jafnaðarmenn upp til handa og fóta og stofnuðu annað. Og þegar félögin voru orðin tvö, bauð félag bæjarstjórans meðlimum hins félagsins að ganga í félag jafnaðarmanna og leggja sitt félag niður, en því boði var hafnað. Það var fyrst og fremst af því, að byggingarfélag bæjarstjórans var svo seint á sér með allar framkvæmdir, að það hefir ekkert gert fyrr en ef til vill nú. Hv. þm. hélt því fram, að sjóðstjórnirnar gætu ekki sett skilyrði fyrir lánum. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Sjóðstjórnirnar geta meira að segja neitað um lán, ef þeim býður svo við að horfa. Hv. 2. þm. Reykv. upplýsti, að þetta hefði oft verið gert. Og hv. þm., ... hv. þm. Bolvíkinga skýrði frá því, að mörgum litlum félögum úti um land hefði verið neitað um lán. Það liggur í augum uppi, og þarf ekki um það að deila, að sjóðstjórnirnar geta ráðið öllu um þessar lánveitingar.

**Sigurður Einarsson:** Hv. þm. A.-Húnv. hefir kosið að setja þetta mál um verkamannabústaði í sambandi við það, sem hann nefnir ofvöxt bæjanna. En hvað vill hv. þm. A.-Húnv. gera til þess að snúa við þessum fólkstraumi í kaupstaðina? Hvers vegna dettur honum í hug að ræða þessa straumbreytingu í sambandi við verkamannabústaðina? Það verður að gera ráð fyrir þeirri alvöru hjá hv. þm., að því aðeins taki hann svo djúpt í árinni í máli þessu, að hann sjái sér hér leik á borði til að hindra strauminn í kaupstaðina. Og hann tekur sér þá aðstöðu að vera andvígur frv., sem hér liggur fyrir, og ég hef grun um, að hann telji sig fylgjandi brtt. þeim, sem hv. 8. landsk og hv. þm. Snæf. bera fram. Hann skilur brtt. þeirra um tvö byggingarfélög hér í bæ sem meðal að því marki, að fólk fýsi ekki að flytjast hingað. Öðruvísi verður framkoma hans ekki skilin. Og sannleikurinn er sá, að þessi hv. þm. talaði einlæglega í anda síns flokks, og með hliðsjón af ræðu hans verða allar þær ræður, sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa flutt hér í d. um þetta mál, mjög svo auðskildar. Meiningin slapp upp úr hv. þm. A.-Húnv. Hún er sú, að koma því til leiðar, að minna verði byggt, færri geti notið fríðinda þessara l., bærinn verði óbyggilegri, svo að fólki verði ekki lífvænt í honum, og freistist ekki til þess að yfirgefa sveitirnar. Hv. þm. A.-Húnv. sér í andstöðu við framgang málsins möguleika til þess að vinna að straumbreytingu í þá átt, að fólk langi ekki í kaupstaðina. Þá aðra hv. þm. Sjálfstfl., sem talað hafa, hefir vantað hreinskilni hv. þm. A.-Húnv. Þeir hafa *ekki þorað að viðurkenna eins og hann, að ætl*un þeirra væri sú, að gera fátækum mönnum lítt viðvært í Reykjavíkurbæ. En hver getur efast um það hér eftir?

Einhver hv. þm. var að skopast að því, að ég hefði nefnt lágar tölur, þegar ég minntist á byggingarþörf manna í litlum kauptúnum. Það eru til þorp með þetta 2—300 íbúa, og þar eru kannske þetta 5, 6, 7 eða 8 menn, sem gætu fullnægt skilyrðum þessara l., ef lán fengist. En

hinir eru fleiri, sem ekki hafa aðstöðu til þess að nota sér fríðindi l. — Og þetta er sannarlega ekki neitt til að skopast að. Ég kom síðastl. sumar í lítið þorp, sem algerlega er stjórnað af flokksmönnum hv. 3. þm. Reykv. Þar þekkti ég fátækan mann, föður sjö barna, sem fór þess á leit við hreppsnefndina, að hún hjálpaði sér til þess að hann gæti dyttað að kofanum sínum. Hann fékk afsvar, enda þótt hann hefði læknisvottorð um það, að íbúð hans væri heilsuspillandi fyrir hann sjálfan og börn hans. Það var ekki fyrr en barnaverndarn. á staðnum skarst í leikinn, að hann fékk þessa lítilfjörlegu hjálp. Menn, sem svona er ástatt fyrir, eru því miður allt of margir, og það er sannarlega engin ástæða til þess að sjá ekki svo um, að þeir fáu menn í litlu kauptúnunum úti um landið, sem geta uppfyllt skilyrði l., fái færi á því, engu síður en þeir, sem í stórum kaupstöðum búa.

**Thor Thors:** Hv. 2. þm. Reykv. gekk illa að skilja það, að við sjálfstæðismenn kynnum að ganga inn á brtt. við 3. umr., sem gengi út á það að vernda tilverurétt þeirra byggingarfélaga, sem nú þegar eru stofnuð. Þetta er samkomulagstill., og ef till. okkar hv. 8. landsk. verða felldar, teldi ég sjálfsagt að ganga að henni til þess að forða þeim félögum, sem þegar eru til, frá tjóni. Ég tel mig ekki þurfa að svara hv. síðasta ræðumanni, enda er hv. þm. A.-Húnv. fyllilega fær um að gera grein fyrir meiningu sinni og atkv. En viðvíkjandi því, sem hv. 9. landsk. sagði um það, að tilgangur frv. væri sá, að sem flestir gætu notið hlunninda þessara l., vil ég benda þessum hv. þm. á, að þessum tilgangi verður einmitt bezt náð með till. okkar hv. 8. landsk.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. frv. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 78,1 (ný 2. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
— 78,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 82 felld með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv, GÍ.
**nei:** HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.
MT greiddi ekki atkv.
Brtt. 78,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 78,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 78,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 78,6.a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 78,6.b samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 78,7 samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
10.—13. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 78,8 (ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:2 atkv.

---

Á 15. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 139, 147, 163, 164, 166).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 163, 164 og 166. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

**Thor Thors:** Hv. 8. landsk. og ég flytjum brtt. við þetta frv. á þskj. 163, og er það viðbót við 4. gr., þess efnis, að þar, sem eru fleiri en 10000 íbúar í einum kaupstað, megi vera tvö byggingarfélög.

Við fyrri umr. þessa máls hafa komið fram mótmæli gegn því að hafa viðtæka heimild um stofnun og starfrækslu byggingarfélaga, og hafa mótmælin aðallega grundvallazt á því, að framkvæmdin yrði dýrari hjá mörgum félögum heldur en einu. Nú skal því ekki neitað, að svo geti ef til vill verið í smærri kaupstöðum, en á því eru engin tvímæli, að hér í Rvík er fullkomið verkefni og starfssvið fyrir fleiri en eitt félag, og þess vegna er engin ástæða fyrir löggjafann að hafa áhyggjur af því, þó að þessi tvö félög starfi innan bæjarfélagsins. Það eru ýmsar orsakir fyrir því, eins og vikið hefir verið að áður við umr., að menn vilja heldur starfa í tveimur félögum en einu.

Minni hl. allshn. leit svo á, að það væri bæði rétt og skylt að leita umsagnar bæjarstj. Rvíkur um þetta frumvarp meðan þingið hefði það til meðferðar. Reykjavíkurbær er svo stór aðili í þessu máli, þar sem hann leggur í byggingarsjóð árlega 2 kr. á hvern íbúa, að minni hl. n. áleit, að annað kæmi ekki til mála en að Alþingi fengi að heyra álit bæjarráðs Rvíkur um þær breyt., sem gera á á lögunum um verkamannabústaði með þessu frv. Umsögn bæjarráðs Rvíkur hefir mér nú borizt í hendur fyrir nokkru. Hún fjallar aðallega um þrjú atriði í frv. Tvö atriðin ætla ég ekki að minnast á að svo stöddu. Þau fjalla ekki um það, sem brtt. okkar við 4. gr. fjallar um, en þriðji liður athugasemdanna er um þá grein, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lofa hv. þdm. að heyra álit bæjarráðs Rvíkur um þetta deiluefni. (StJSt: Já, meiri hlutans). Það er alveg rétt. Það er álit meiri hl., það er samþ. með þremur atkv. af fimm. Auðvitað ber meiri hl. á þingi, sem er 26 á móti 23, að taka mikið tillit til þess, sem meiri hl. bæjarráðs leggur til. Sá liður, sem ég ætla þá að lesa nú, er á þessa leið:

„Bæjarráðið er eindregið mótfallið ákv. í 1. mgr. 4. gr. frv. um að einungis skuli veitt lán til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni. Með þessu ákvæði er gerð mjög róttæk breyting frá því, sem ákveðið er í l. 71/1931 um verkamannabústaði, því að skv. þeim lögum er gert ráð fyrir fleiri en einu byggingarfélagi í hverju umdæmi, sbr. 3. og 5. gr. Skv. 5. gr., upphafinu, eiga meira að segja byggingarfélög, er uppfylla skilyrði laganna, rétt á að fá lán úr

sjóðnum, og er sjóðstjórn þar af leiðandi skylt að veita öllum lögfullum félögum innan umdæmisins lán. Þessi ákvæði, sem einnig voru í upphaflegu lögunum, nr. 45 1929, sbr. 3. og 5. gr. þeirra, hafa við mjög góð rök að styðjast. Hvert félag verður mun viðráðanlegra og mun hægara verður að fylgjast með fjárreiðum þess, ef það er ekki allt of stórt. Þótt ekki sé það skilyrði fyrir starfsemi slíkra félaga, að í þeim sé ótakmörkuð samábyrgð, þá mun einhver samábyrgð tíðast verða í þeim, og er auðsætt, að slík samábyrgð er því varhugaverðari sem félagið er stærra, starfsemi þess margþættari og erfiðari til yfirlits. Á hinn bóginn er fullkomlega rétt að veita mönnum sem víðast starfsvið innan takmarka þeirra, sem lögin sjálf setja, en hefta þá ekki alla í eina kró með því að skylda alla, sem hlunninda laganna vilja verða aðnjótandi, til að vera í sama félaginu. Hefir það þannig þegar komið fram í þeim tveim félögum, sem eru hér í Reykjavík, að formi félaganna og starfi má koma fyrir á ólíkan hátt. Í því eldra, Byggingarfélagi verkamanna í Reykjavík, bera t. d. allir félagsmenn fulla og ótakmarkaða sjálfskuldarábyrgð á öllum fjárreiðum félagsins, sbr. 4. gr. samþykktar félagsins frá 16. maí 1930. Í hinu, Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík, er ábyrgð félagsmanna hinsvegar takmörkuð svo, að þeir ábyrgjast einungis með húseignum þeim, sem þeir hafa keypt hjá félaginu, sameiginlega allar fjárreiður þess sem sjálfskuldarábyrgðarmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn. Húsin mega þeir svo hvorki selja né veðsetja nema með samþykki félagsstjórnar, sbr. 9. og 11. gr. samþykkta félagsins frá 4. júní 1934. Báðar þessar aðferðir eru lögum samkvæmar, sbr. 2. mgr. 3. gr., sbr. 3. tölulið 2. gr. l. nr. 36 1921, um samvinnufélög, og virðist ástæðulaust að neyða menn til að hafa einungis aðra aðferðina, ef þeir vilja fá lán úr byggingarsjóði. Þá er það og kunnugt, að annað þessara félaga leggur megináherzlu á að koma upp stórum sambyggingum, en hitt félagið að koma upp smáum sérhúsum, og er mjög eðlilegt, að menn eigi kost á að velja um, hvort byggingarfyrirkomulagið menn vilji heldur, með því að ganga í það félagið af tveimur, er þeim líkar betur við. Með því móti fæst einnig reynsla um, hvort fyrirkomulagið reynist betur, og eðlilegt kapp myndast milli félaganna.

En hvað sem þeim ástæðum líður, er liggja til grundvallar núverandi ákv., þá er það bráðnauðsynlegt, að í frv. verði sett einhver ákvæði um það, hvernig fari þar, sem fleiri en eitt byggingarfélag eru starfandi, þegar frv. öðlast lagagildi. Eðlilegast er, að þau, sem fyrir eru, fái að halda rétti sínum til lána úr byggingarsjóði, og leggur bæjarráðið til vara eindregið til, að ákv. í þá átt verði sett inn í frv., ef takmörkunin við eitt félag verður ekki alveg felld niður. Vilji menn heldur ekki verða við þessu, er þó alveg óhjákvæmilegt, að inn í frv. verði sett ákv., er tryggi með öðru móti félagsmönnum í þeim félögum, sem nú eru starfandi, fullkomna og réttláta hlutdeild í þeim hlunnindum, sem fást með lánum úr byggingarsjóði, því að ella væru beinlínis brotin lög á þeim, sem í góðri trú hafa gengið í félag, sem samkv. gildandi lögum á rétt á lánum, en yrði svipt þeim rétti með samþykkt frumvarpsins".

Þannig hljóðar nú umsögn bæjarráðs Rvíkur um deiluatriðin, og ég hygg, að í þeirri umsögn séu svo skýr rök fyrir því, að það sé bæði nauðsynlegt og réttmætt, að í Rvík séu tvö byggingarfélög, að hv. þdm. ættu alvarlega að íhuga það.

Um aðrar brtt., sem liggja fyrir við þessa umr., vildi ég segja það, að brtt. hv. þm. Vestm. á þskj. 147 er bæði réttmæt og getur varla valdið ágreiningi, en um brtt. 164, frá hv. þm. V.-Ísf. verð ég að segja það, að mér finnst hún ganga of skammt til þess að tryggja þeim mönnum, sem hafa viljað njóta hlunninda laganna, þá aðstöðu, sem þeim er æskileg, þar sem samþykktir deilda falla undir úrskurð félagsstjórnar. Hinar tvær fyrri greinar brtt. tel ég því lítið til bóta. 3. gr. í brtt. hv. þm. V.-Ísf. skilst mér vera sama efnis og brtt. hv. þm. Vestm. á öðru þskj.

Að lokum vil ég aðeins minna á það vegna andstöðu hv. jafnaðarmanna í d. gegn Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna, að eins og ég hefi áður upplýst, eru nú í því félagi 350 meðlimir, sem allir, að 8 mönnum undanteknum, falla undir ákvæði laganna og eiga rétt samkv. gildandi lögum til að njóta fullkominna hlunninda. Þessir menn hafa stofnað sér félag í góðri trú, meira að segja eftir tilboði frá hendi löggjafans. Þeir hafa lagt fram fé í sjóð félagsins, sem er nú 2700 kr. Ég verð að spyrja: Hvers eiga þessir menn að gjalda, ef félag þeirra verður lagt í rústir með lögum? Ég fæ ekki skilið, að hv. þdm. hafi ekki svo mikið tillit til verkamannastéttarinnar, að þeir beiti hana slíkum hörkutökum.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Ég á hér 3 brtt. á þskj. 164. Önnur brtt. felur í sér fyrirmæli um, að stjórn byggingarsjóðs setji hámark fyrir því, hvað hver íbúð má kosta. Ég tel rétt að hafa slíkt hámark, þó vitanlega sé ekki gengið út frá því, að byggingarsjóður veiti lán að því hámarki. Þriðja brtt. mín er sama efnis og 2. brtt. á þskj. 147, frá hv. þm. Vestm., þar sem byggingarfélaginu er heimilað að nota uppdrætti að húsum frá öðrum sérfróðum mönnum en húsameistara, og greiðist þeir uppdrættir úr ríkissjóði, eftir úrskurði ráðh. — En fyrsta till. mín er aðaltill. Ég hefi nú hlustað gaumgæfilega á þau rök, sem fram hafa verið borin gegn 4. gr. frv., um það, að eitt byggingarfélag skuli vera á hverjum stað. Mér sem þm. stendur vitanlega ekki á sama um það, ef með lögum á að fara að svipta borgarana einhverjum rétti, sem þeir hingað til hafa haft. Nú er það svo, að í gildandi l. er heimild fyrir því, að vera megi fleiri félög á hverjum stað. Þetta hefir þannig ekki verið bannað, þó gert hafi verið ráð fyrir því, að þeir, sem byggðu sér ódýrar íbúðar, gætu verið í einu byggingarfélagi. Nú er farið að brydda á þessari skiptingu manna í fleiri félög jafnvel á minni stöðum, eins og t. d. í Hafnarfirði. Þessi tviskipt-

ing er að töluverðu leyti af pólitiskum toga spunnin. Ég skal lýsa því þegar yfir, að ég er algerlega mótfallinn því að gera lögin svo úr garði, að mögulegt sé að gera byggingarnar að pólitísku deilu- eða kappsmáli milli flokka. Hér er um byggingarstarfsemi að ræða, sem á ekkert skylt við pólitík. Takmarkið fyrir öllum er hið sama, og það er að eignast húsnæði. Pólitískir flokkadrættir í sambandi við það mál valda bara truflun. Ég tel það jafnvel hættulegt, ef pólitík verður hleypt í spilið, því líklega er þó ekki meiningin að fara að byggja pólitísk hverfi, sem verði einskonar kastalar eða vígstöðvar fyrir stjórnmálaflokkana. Í slíku efni sem þessu, þar sem ríki og bæjarfélag leggja fram allmikil tillög í þeim tilgangi, að fátækir verkamenn geti byggt sér húsnæði og búið við lága rentu, er það mikilsvert, að allir starfskraftar séu notaðir á sama stað, en að þeim sé ekki dreift eða þeir jafnvel notaðir til baráttu innbyrðis. Ef byggingarfélagið yrði aðeins eitt á hverjum stað, yrðu vitanlega að gilda ákveðnar reglur um röð þá, sem byggt yrði eftir. Ég hefi nú hlýtt gaumgæfilega á þær ástæður, sem færðar hafa verið fram fyrir því, að hér í Rvík þyrftu að vera fleiri en eitt byggingarfélag, og ég hefi ekki orðið var við önnur rök en þau, að sumir vildu byggja einstæðar sérbyggingar, en aðrir vildu byggja sambyggingar. En ég vil benda á, að núgildandi löggjöf felur í sér möguleika fyrir einstaklinga til að velja um þessa kosti. Til þess nú að tryggja betur þennan rétt, þó ég telji hann raunar fullkomlega tryggðan með lögunum eins og þau eru, flyt ég þá brtt. við 4. gr. frv., að heimilt sé að stofna deildir innan byggingarfélagsins með sérsamþykktum, ef 50 menn óska þess. Þessar deildir séu sem óháður félagsskapur að öðru leyti en því, að þær heyra undir yfirstjórn félagsins og samþykktir þeirra þarf félagsstjórn að staðfesta.

Þetta er ein af þeim ástæðum, sem fluttar hafa verið fram, að sumir vilja byggja sérstæð hús. Önnur ástæðan, sem ég einnig tel rétt að taka tillit til, er sú, að sumir vilja ekki vera í annari samábyrgð heldur en sem nemur verði þeirra eigin húseignar, sem þeir eiga í félaginu. Hvorum tveggja er hægt að fullnægja með núgildandi löggjöf, og er þó ennþá tryggara, að þeim verði fullnægt, ef ákveðið er, að stofna megi deildir innan félagsins. Þá geta 50 menn einir sér ákveðið að koma upp einbýlishúsum og taka ekki á sig aðra ábyrgð heldur en sem svarar fyrir húseign hvers um sig. Ég get ekki hgusað mér neinar þær ástæður, sem gera nauðsynlegt að hafa fleiri en eitt félag á hverjum stað, ef fallizt er á þetta, að skipta megi félögunum í deildir. Það er nú svo, að menn eru mjög misjafnlega gerðir; sumir vilja búa út af fyrir sig sem mest í einbýlishúsum, aðrir vilja búa í sambýlishúsum, og e. t. v. eru einhverjir, sem vildu helzt, að félögin sjálf ættu húsin og stjórnuðu þeim, eða þá bæjarfélögin eða ríkið. Auðvitað hefði mátt skapa þann möguleika líka. Þar sem húsunum er komið upp með hjálp bæjarfélaganna og ríkisins þá er einmitt rétt að gera það í öllum þeim formum, sem einstaklingseðlið krefst. Í þá átt stefna till. minar um deildarskiptingu félaganna, og með þeim ætti að vera tryggt, að hægt sé að fullnægja öllum hinum margvíslegu þörfum og kröfum einstaklingseðlisins. Að ekki hafa enn verið byggð nein sérstæð hús, stafar ekki af því, að fyrsta byggingarfélagið, sem starfandi er hér nú, sé því á nokkurn hátt sérstaklega mótfallið, að slík hús séu byggð. Heldur stafar það af hinu, að það hefir ekki haft umráð yfir meiru fé heldur en þurft hefir til þeirra sambýlishúsa, sem félagsmenn hafa sjálfir óskað eftir að komið væri upp.

Hv. þm. Snæf. taldi brtt. minar ekki til bóta, og má það ef til vill til sanns vegar færa, en þá frá því sjónarmiði einu, að frv. sé alveg fullnægjandi eins og það liggur fyrir. Þeir einir, sem halda því fram, að frv. óbreytt fullnægi öllum réttmætum kröfum þeirra manna, sem vilja vera í byggingarfélagi, geta haldið því fram, að minar till. séu ekki til bóta. Ef frv. fullnægir ekki öllum réttmætum kröfum, þá eru mínar brtt. til bóta, því þær miða að því, að fleiri geti fengið tekið tillit til sinna sérstöku óska.

Hv. þm. spyr, hvers þeir menn eigi að gjalda, sem gengið hafa í byggingarfélagið, sem síðar var stofnað og enn er ekki tekið til starfa. Þeir eiga einskis að gjalda, og gjalda heldur ekki neins. Það er enginn réttur af þeim tekinn, annar en sá, að vera í sérstöku félagi. Allan þann rétt, sem þeir eiga að hafa, réttinn til þess að hafa sömu aðstöðu og aðrir til þess að koma sér upp íbúðum, sem þeim getur liðið vel í, fá þeir samkv. frv., sérstaklega þó ef minar brtt. eru samþ. Þeim þarf því ekki að vorkenna. Hinu er ég gersamlega mótfallinn, að hinir pólitísku flokkar, trúmálaflokkar eða hvaða flokkar sem það nú væru, tækju í sínar hendur að skipta fólkinu upp í fastaðgreinda dilka eða hverfi. Þá mundi vera til óheilla stefnt þessu þjóðfélagi. Því fylgi ég frv. í aðaldráttum eins og það liggur fyrir.

Hitt, að formaður eldra byggingarfélagsins hér hefir verið hv. 2. þm. Reykv., ætti ekki að þurfa að fæla neinn frá því, því þar er hann ekki sem stjórnmálamaður, og enginn innan félagsins hefir neinna sérhagsmuna að gæta, sem á nokkurn hátt eiga skylt við pólitík. Og það er ekkert óeðlilegt við það, að einmitt þessi maður er formaður félagsins nú, m. a. vegna þess, að hann hefir verið einn af brautryðjendum þessa máls og er þannig vel að formennskunni kominn. Hinsvegar hefir hann enga tryggingu fyrir, að hann skipi þetta sæti alla æfi. Við skulum segja, að þeir 350 menn, sem nú eru í hinu félaginu, gengju allir í þetta félag; þá geta þeir ráðið þar öllu, sem þeim sýnist, sem þó ekki yrði þeim mikils virði, þar sem hugsmunir félagsmannanna eiga að svo miklu leyti samleið, að persónur eða pólitískar ástæður þurfa ekki að koma til greina. Þar sem flokkur hv. 2. þm. Reykv. hefir einkum haft forgöngu í þessu máli, er það ekki nema eðlileg þróun, að stjórn félagsins er í byrjun skipuð eins og hún nú er. Hitt hefi ég aldrei heyrt, að stjórnmálaskoðanir hafi komið til óþæginda

í þessu félagi, og ég sé engar líkur til, að slíkt geti orðið, því öllum er fullnægt eftir því sem ástæður leyfa. Og þá þróun er manni skylt að hindra, að hér komist inn flokkapólitík á þann hátt, að farið sé að skipta fólkinu niður í hverfi í bænum, eftir því hvaða pólitískar skoðanir það hefir. Hér er um að ræða eitt af höfuðviðfangsefnum þjóðfélagsins. Það er eitt ef þeim beztu störfum, sem hægt er að vinna að í nokkru þjóðfélagi, að sjá þeim, sem litlar tekjur hafa og litlar eignir, fyrir húsnæði og heimilum við þeirra hæfi, og það á að vinna að því á þann hátt, að allir, sem hafa þessar sömu þarfir, geti staðið saman í einu félagi. Það félag, sem starfar hér í Rvík, getur aldrei orðið nema örlítið brot af hliðstæðum félögum í öðrum löndum, t. d. félögunum í Kaupmannahöfn, Oslo og Stokkhólmi, svo ekki sé lengra leitað, svo ekki er hægt að bera því við, að það geti orðið erfitt í meðförum á nokkurn hátt.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Út af brtt. hv. þm. Snæf. vil ég segja það, að óþarfi er að fara að taka upp þær deilur, sem hér hafa verið í umr., því í umsögn bæjarráðsins kemur ekkert nýtt fram. Þar er ekki um annað að ræða en það, að þeir, sem standa að baki hv. þm. Snæf., hafa falið formanni sprengifélagsins, Bjarna Benediktssyni, að semja þessa umsögn, og mátti því fyrirfram vita, hvernig hún mundi verða, enda voru tveir af bæjarráðsmönnunum á móti henni. (**JakM:** Meiri hl. á að ráða). Já, meiri hl. í þinginu á líka að ráða um löggjöfina, en ekki meiri hl. bæjarstj. Reykjavíkur. (**JakM:** Þingmeirihlutinn á ekki að ráða bæjarmálum Reykjavíkur). Þingmeirihlutinn á að ráða, hvaða ráð bæjarstj. Rvíkur og aðrar bæjarstj. eiga að hafa. Löggjöfin ákveður valdsvið bæjar- og sveitarstjórna.

Viðvíkjandi samábyrgðinni, sem tekið er fram í umsögninni, að mörgum sé illa við, er það að segja, að það er ekkert keppikefli fyrir Byggingarfélag verkamanna að halda í samábyrgðina, nema að því leyti sem nauðsyn krefur til þess að það falli undir samvinnulögin. Ég fyrir mitt leyti mundi fallast á að takmarka samábyrgðina við sérstakar deildir í hvert skipti. Að svo var ekki gert upphaflega, var ekki fyrir það, að menn væru mótfallnir að takmarka ábyrgðina, heldur af því það atvikaðist nú svo, að hitt var talið nauðsynlegt, og félagsmenn voru hinsvegar ekki hræddir við almenna samábyrgð.

Aftur er það blekking, sem haldið er fram í umsögninni, að meginákerzla sé lögð á stórar sambyggingar í Byggingarfélagi verkamanna. Allir, sem hafa viljað byggja, hafa skoðað ýmiskonar teikningar og kostnaðaráætlanir, og þeir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta væri praktiskasta byggingin fyrir sig. Lóðin, sem félagið fékk hjá bænum, gerði það líka að verkum, að byggja varð sambyggingar. Ef byggja hefði átt sérstæð hús með sérstökum blettum, hefði þurft miklu stærri lóð, og heilt gatnakerfi fyrir 100 íbúðarhús, og má geta nærri, hvernig hefði orðið um umferð til húsanna, þegar íhaldsmeirihluta bæjarstjórnar Reykjavíkur hefir ekki þóknazt enn að leggja veg nema á tvær hliðar sambygginganna, sem byggðar eru í ferhyrning, en á tvær hliðar er allt í svaði og þarf þó ekki nema lítinn hluta þeirrar gatnalengdar kringum sambyggingar, sem þyrfti meðfram sérbyggðum húsum. Yfirleitt má segja, að það sé ekki erfiðislaust að koma upp sæmilegu húsnæði fyrir alþýðu í bæ eins og Reykjavík, þar sem íhaldið stjórnar og spyrnist á móti af öllum kröftum. Það er langt frá því að félagið sé nokkuð á móti því að byggja sérstæð hús handa þeim, sem þess óska, ef þau reynast ekki ofviða hvað kostnað snertir. Svo er til millileið milli sérstæðra húsa og sambygginga, nefnilega að byggja sérstök hús sambyggð, hafa hvert hús sérbyggt en ekkert bil á milli húsanna. Fleiri möguleikar eru til og í hinu starfandi byggingarfélagi verkamanna verða þeir væntanlega allir athugaðir. Lóðirnar, sem félagið hefir fengið, eru nú fullbyggðar, og þegar byggt verður næst, verður áreiðanlega athugað vandlega, á hvern hátt heppilegast sé að byggja.

Ég verð að segja, þó það raunar skipti ekki miklu máli, að ég efast stórlega um félagatölu þessa nýja byggingarfélags, sem hefir verið talin hér 350. Eftir því, sem hv. þm. segir, er sjóður félagsins aðeins 2700 kr., en þó þessir 350 félagar væru ekki búnir að greiða nema eitt árstillag, ætti sjóðurinn að vera 5250 kr. Annaðhvort ætti því sjóðurinn að vera stærri en hv. þm. segir, eða félagsmenn hafa ekki greitt sín gjöld. Aftur er það þannig í hinu félaginu, að samkv. aðalfundarsamþykkt skal strika þá félaga út, sem ekki hafa greitt árgjald undanfarandi árs á aðalfundi. Það er lítið svo á, að það sé svo mikill ávinningur fyrir menn að vera í þessum félagsskap, að það þurfi ekki að vera að elta þá uppi til þess að ná inn félagsgjöldunum, að menn eigi að gæta þess sjálfir að vera löglegir félagsmenn. Af þessum ástæðum hefir fjöldi meðlima verið strikaður út af félagsskrá Byggingarfélags verkamanna en áhugasömustu mennirnir eru eftir, en árgjaldið, 5 kr., er það lágt, að öllum á að vera kleift að vera meðlimir.

Það er búið að ræða svo mikið um það, hvort betra sé að hafa eitt félag eða fleiri á hverjum stað, að ég ætla ekki að fara frekar út í það. En meiri hl. n. sér ekki neinn mun á þeirri brtt. hv. þm. Snæf., að hafa tvö félög í Rvík, frá því sem áður var, því það er ekkert meiri ástæða til að hafa tvö félög hér heldur en annarsstaðar, eins og glöggt kom fram í ræðu hv. þm. V.-Ísf.

Hvað snertir brtt. hv. þm. V.-Ísf., þá er meiri hl. n. þeim samþ. Samkv. þeim á að vera hægt að stofna sérstakar deildir innan félagsins, sem geta haft sérsamþykktir fyrir sig, þó að sjálfsögðu innan ramma félagslaganna. Það getur vel viljað til, að einhverjir af félagsmönnum vilji hafa eitthvað sérstaklega sameiginlegt fyrir sig öðruvísi heldur en aðrir félagsmenn, og er ekki nema sjálfsagt að leyfa það, svo framarlega, að það komi ekki í bága við hagsmuni félagsins í heild. Eins álít ég til bóta að tiltaka, hvað kostnaðurinn má vera hæstur á hverja íbúð, eins og hv. þm. V.-Ísf. leggur til.

Slíkt hámark er í l. um samvinnubyggingarfélög, en hefir vantað í þessi lög.

3. brtt. hv. þm. V.-Ísf., sem við erum líka samþykkir, er í þá átt, að hægt sé að leita til fleiri sérfróðra manna um uppdrætti heldur en nú er. Það er að mestu sama till. eins og hv. þm. Vestm. flytur, en þó fyllri og betur í samræmi við málfæri frv. Auk þess er í till. hv. þm. V.-Ísf. þetta látið koma undir úrskurð atvmrh., svo félögin geti ekki án nokkurs eftirlits látið gera uppdrætti og fá þá greidda úr ríkissjóði. Í till. hv. þm. V.-Ísf. er allt það, sem hv. þm. Vestm. vill fá inn í frv., og finnst mér því, að hann ætti að taka sína till. aftur og fylgja till. hv. þm. V.-Ísf.

Um fyrri brtt. hv. þm. Vestm. er það að segja, að hún skiptir ekki miklu máli, því ef frv. er samþ. þannig, að eitt félag sé á hverjum stað, þá er sú heimild fyrir hendi, sem brtt. fer fram á, en ef félögin væru tvö, má segja, að þessi breyt. skaðaði ekki, en ég býst við, að heimildin yrði sjaldan notuð; hún á helzt við þar, sem um sambyggingar er að ræða.

Ég skal taka það fram, að meiri hl. n. er samþ. brtt. hv. 1. landsk., sem hann hefir að vísu ekki talað enn fyrir. Hún er aðeins um að taka upp í frv. ákvæði um, hvaða byggingarfélag skuli vera gilt, ef samþ. er, að ekki skuli vera nema eitt á hverjum stað.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Á þskj. 147 eru tvær brtt., sem ég flyt við þetta frv. Mér þótti ekki vera eins augljóst og skyldi af 7. gr. frv., að heimild væri til þess fyrir byggingarfélög að hafa sameiginleg miðstöðvarhús, þvottahús og búð fyrir matvöruverzlun fyrir íbúðirnar, hvort sem þau koma upp sambyggingum eða sérstæðum húsum. Vildi ég láta taka af öll tvímæli um þetta með því, eins og stendur á þskj. 147, að í staðinn fyrir „Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum“ komi: Byggingarfélögum, sem koma upp sambyggingum eða sérstæðum húsum“.

Þá er hin brtt. við 11. gr., sem þegar hefir verið minnzt á. Ástæðan til hennar er sú, að ákvæði laganna um það, að ríkissjóður skuli sjá byggingarfélögunum fyrir teikningum og fyrirmyndaruppdráttum að húsum félagsmanna, hefir verið þannig útfært, að húsameistari hefir verið látinn gera teikningarnar og aðrar tillögur lítið komizt að til athugunar. En ekki hvað sízt við slíkar byggingar, sem hér er um að ræða, er mjög nauðsynlegt, að allar leiðir séu athugaðar, sem til greina geta komið, svo byggingarnar verði eins vel úr garði gerðar eins og unnt er. Vegna kostnaðarins hlýtur húsrúmið fyrir hverja fjölskyldu að vera mjög takmarkað, og þeim mun meira ríður þá á, að því sé sem haganlegast fyrir komið. Ég vil með brtt. minni opna leið til þess að þróun — það orð er svo oft nefnt hér í hv. d. — geti átt sér stað á þessu sviði, og verður bezt gert á þann hátt, að byggingarfróðir menn fái að spreyta sig á að gera teikningar af húsunum. Ég skal játa, að brtt. hv. þm. V.-Ísf. er fyllri, þar sem hún setur nokkra takmörkun á því, hvað til þess arna megi kosta. Það er náttúrlega allur varinn góður, þegar um greiðslur úr ríkissjóði er að ræða, og þó ekki sé beinlínis ástæða til að óttast, að byggingarfélög fari að leggja í svo mikinn kostnað við útvegun teikninga frá sérfróðum mönnum, að það nemi stórum upphæðum, þá viðurkenni ég, að réttara sé, að ráðh. úrskurði slíka reikninga. Þar sem hv. þm. V.-Ísf. virðist að öðru leyti hafa tekið upp sömu hugsun og ég og till. hans nær þeim tilgangi, sem fyrir mér vakti, þá mun ég að sjálfsögðu taka mína till. aftur og greiða hans till. atkv.

Ég ætla ekki að láta mig miklu skipta þær deilur, sem hér hafa farið fram, og ekki taka mikinn þátt í þeim. Aðallega hafa þær snúizt um það, hvort aðeins eitt byggingarfélag ætti að taka gilt í hverjum kaupstað, eða hvort þau mættu vera fleiri. Það má vafalaust segja hverju fyrirkomulaginu sem er sitthvað til framdráttar. Hinsvegar verður ekki komizt hjá að vita það — það er ekkert launungarmál —, að tilefnið til þess, að nú er efnt til þeirrar breyt. á l., að aðeins eitt byggingarfélag í hverjum kaupstað skuli geta notið þeirra fríðinda, sem hér er um að ræða, það er, að óháðir verkamenn hér í bænum hafa stofnað nýtt byggingarfélag við hliðina á því, sem fyrir er. Mér virðist, úr því að stofnun þessa félags hefir farið fram á þeim tíma, sem skýr lagabókstafur er fyrir því, að fleiri en eitt félag á sama stað hafi rétt til þessara hlunninda, þá sé skylt að lofa því að lifa og dafna. Það hefir verið stofnað með því fyrirheiti frá Alþingi og stj. í staðfestum lögum, að það fengi að njóta þeirra fríðinda, sem l. tiltaka. Þess vegna finnst mér ekki rétt að hlaupa nú til og breyta l. á þann hátt, að þessu nýja félagi sé gert ómögulegt að starfa, þar sem ekkert hefir komið fyrir, sem sýnir eða sannar, að óheppilegt sé, að félögin séu fleiri en eitt. Eins og ég sagði áðan, má vitanlega koma með ýmsar getgátur um það, að heppilegra sé að hafa eitt félag heldur en tvö, og eins um það, að heppilegra sé að hafa tvö heldur en eitt. Það leiði ég alveg hjá mér. En ég vil, að Alþingi horfist í augu við þá staðreynd, að félag sjálfstæðra verkamanna er stofnað með fullkomnu fyrirheiti löggjafarinnar um styrk, og mér finnst Alþingi ekki geta að vansalausu kippt að sér hendinni í þessu efni, eftir að félagið er farið að starfa.

**Thor Thors**: Hv. þm. V.-Ísf. byrjaði á því, þegar hann fylgdi brtt. sínum úr hlaði, að hann sæi ekki, að menn gætu haft tilhneigingu til að stofna fleiri en eitt byggingarfélag á sama stað af öðru en pólitískum ástæðum. Hann vék nú raunar frá þessu síðar í ræðu sinni. En ég vil segja hv. þm. það, að í Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna eru verkamenn úr öllum stjórnmálaflokkum. Þar eru framsóknarmenn, þar eru jafnaðarmenn og þar eru sjálfstæðismenn. Það, sem dregið hefir þessa menn saman til félagsmyndunar, er, eins og ég hefi áður getið um í ræðum mínum og hv. þm. V.-Ísf. komst ekki hjá í sinni ræðu, ágreiningurinn um það, á hvern hátt byggt er og hvernig samábyrgðinni er háttað.

Hv. þm. V.-Ísf. þykist ætla að leysa allan ágreining með því að staðhæfa, að annaðhvort

hljótum við að álíta þetta frv. fullnægjandi, eða þá að skoða till. hans sem endurbót á því. Hvorttveggja er rangt. Í till. hv. þm. stendur:

„Heimilt er að stofna deildir, sem hafi sérsamþykktir, innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins".

Þarna er stj. félagsins gefið vald til að gera þessa tilhneigingu til deildastofnunar að engu. Með allri virðingu fyrir hv. þm. V.-Ísf. verð ég að halda því fram, að hér sé um káktill. að ræða, sem ekki leysi málið.

Þá staðhæfir hv. þm., að hér sé enginn réttur af mönnum tekinn. Ég hefi þegar bent á, að þessir 350 menn, sem lagt hafa fram fé í þessum tilgangi, þykist mega ráða, undir hvaða skilyrðum og með hvaða mönnum þeir leggi fram féð. Það er réttur, sem veittur er öllum borgurum ríkisins samkv. stjórnarskránni. En nú á að svipta þessa 350 menn þeim rétti og þvinga þá til samvinnu við menn, sem þeir óska ekki samvinnu við, ef þeir eiga að geta notið þeirra hlunninda l., sem áður hafa verið veitt öllum þeim, sem uppfylla skilyrði þessara l.

Hv. þm. var að tala um, að hinir 350 menn í byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna gætu alltaf, ef þeir vildu, gengið inn í hitt félagið og gert þar stjórnarbyltingu. Þykir mér vafasamt, að það yrði málunum til framdráttar, ef fara ætti að hefja flokkadeilur innan félagsins.

Þetta, að allir eigi að vera í einu byggingarfélagi, er hliðstætt því, að hv. þm. segði sem svo: Við erum allir stjórnmálamenn sammála um það að láta gott af okkur leiða. Við skulum því ekki vera að deila og halda uppi þessum mörgu flokkum. Við skulum ganga í einn flokk og velja okkur friðan foringja og starfa saman upp frá því í bróðerni og eindrægni. Þetta myndi að vísu hljóma fallega, en ég býst þó ekki við, að lengi yrði friðsamlegt á því kærleiksheimili.

Viðvíkjandi þeim efa, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv. um þá meðlimatölu félags sjálfstæðra verkamanna, sem ég nefndi, þarf ég ekki annað að segja en það, að ég get hvenær sem er lagt fram sannanir fyrir því, að sú tala er rétt.

Hv. þm. hélt því fram, að í Rvík væri ekki meiri starfsgrundvöllur fyrir tvö félög en annarsstaðar á landinu. Ég vil í því sambandi láta mér nægja að minna á rök þau, sem hv. þm. Hafnf. færði fram. Þau rök bentu öll í þá átt, að þótt ekki væri ástæða til að hafa tvö félög í fámennum þorpum, þá væri full ástæða til þess í fjölmenni sem í Rvík.

Þessar brtt. hv. þm. V.-Ísf. gera í raun og veru enga breyt. á frv. Þær eru aðeins til þess að villa sýn. Annaðhvort eru menn með því, að tvö félög fái að starfa, hvort öðru óháð, eða menn vilja dengja öllu saman í eitt félag. Þá verða þeir virðulegu þm., sem skreyta sig með því, að þeir séu fulltrúar hinna vinnandi stétta, og vilja hið síðara, að athuga það, að þeir eru þarna að taka löglegan rétt af miklum hluta hinnar vinnandi stéttar í Rvík.

Þetta vildi ég sagt hafa, áður en ég legg till. mína á höggstokk einræðisbrölts og flokksofstækis hér á þingi.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Mér þykir nú nóg um, þegar það er kallað einræðisbrölt og flokksofstæki, þótt talað sé um, að allir, sem eignast vilja hús, séu í einu byggingarfélagi. Fyrr má nú vera ofstopinn og einræðið! Þessi ofstopi var þó talsvert lengi í gildi, sem sé áður en félögin urðu tvö, og kvartaði samt enginn um.

Hvað á það skylt við, að allir stjórnmálamenn séu í einum flokki, þótt byggingarfélag væri ekki nema eitt? Pólitískir flokkar vilja leysa mál þjóðarinnar með ýmsu móti. En hvað vilja byggingafélögin? Þau vilja hjálpa mönnum til að koma sér upp húsum. (TT: Með ýmsu móti). Já, með ýmsu móti. Ef einn óskar eftir sérstöku húsi, en annar vill hafa sambyggingu, þá á að vera svigrúm til þess, að báðir geti fengið óskum sínum fullnægt. Þetta er nú ofstækið, sem hv. þm. talar um. Sér er nú hvert ofstækið! Og einræðið, sem hv. þm. talar um, er helzt fólgið í því, að hver geti fengið það, sem hann vill í þessu tilliti.

Hér er um svo skýran og samstæðan tilgang að ræða, að þar getur engin flokkaskipting að komizt. Er það illt verk að vera að vekja óánægju þessa fólks, sem engum rétti hefir verið rænt.

Hv. þm. Snæf. lagði áherzlu á það, að hann vildi ekki vera í byggingarfélagi, þar sem Héðinn Valdimarsson væri formaður. Ég verð nú að segja, að ef til mín kæmi maður og segðist vilja vera í sjálfstæðu byggingarfélagi, af því að hann vildi ekki vera meðlimur félags, þar sem Héðinn Valdimarsson væri formaður, þá myndi ég svara, að þetta væri óraunveruleg krafa, sem ekki yrði tekið tillit til, að svo miklu leyti sem ég réði þar nokkru um.

Hv. þm. Snæf. sagði, að ástæðan fyrir því, að annað byggingarfélag var stofnað, hafi verið sú, að ágreiningur hafi risið út af þeim málum, sem hér ræðir um. Mér er ekki kunnugt um þennan ágreining. Hv. 2. þm. Reykv. hefir lýst yfir því, að hann geti fallizt á samábyrgð þá, sem hv. þm. Snæf. óskar eftir. Hann hefir líka lýst sig samþykkan því, að menn mættu reisa hús út af fyrir sig. Svona mikill er þá ágreiningurinn, að þeir eru báðir sammála. Þegar svona mikill er ágreiningurinn, undrar mig ekki, þótt hv. þm. tali um einræði og ofstopa!

Það er rétt, að samkv. till. á stj. félagsins að viðurkenna þann ágreining, sem verða kann innan félagsins, ef hann á að geta gefið tilefni til deildastofnunar, en hún á ekki heldur að hafa neinna pólitískra hagsmuna að gæta, sem hindrað gætu hana í því að taka tillit til allra félagsmanna jafnt. Þetta væri öðruvísi, ef ekki væri um það að ræða að koma sér upp heimili, heldur það, að byggja hús með samvinnusniði eða sjálfstæðissniði, trúað hús eða vantrúað.

Ég fylgi því, að félagar fái sem mest að ráða sínum málum sjálfir, að í félaginu fái að vera deildir, sem menn geti skipzt í eftir ólíkum skoðunum á skipulagi húsa. Ég vil, að allir fái að njóta sín með sínar till.

Ég hefi svarað hv. þm. svona ýtarlega, af því að ég kann því illa að vera bendlaður við að vilja taka rétt af mönnum, annan en þann, að hver megi vera í sjálfstæðu félagi, en sá réttur

er mönnum einskis virði. Hver, sem sýnir mér fram á, að mínar till. séu hættulegar óskum manna um að koma sér upp heimili sem líkustu því, er þeir kjósa að hafa það, getur komið til mín, og skal hann fá áheyrn. En þetta hefir mér ekki enn verið sannað.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Ég þarf ekki miklu að bæta við það, sem sagt hefir verið af meiri hl. n., og vil ég því ekki lengja umr. með deilum um það, hvort félögin eigi að vera 2 eða 1, sem láns eiga að njóta úr byggingarsjóði. Ég hefi gert grein fyrir minni afstöðu við 1. umr., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það.

En út af brtt. minni á þskj. 166 vil ég taka það fram, að mér fannst vanta í frv. ákvæði um það, hvernig sjóðstj. ætti að fara að, ef fleiri en eitt byggingarfélag væri í kauptúni eða kaupstað, því að þó að frv. verði afgr. eins og það er nú, er ekki þar með bannað að stofna 2 byggingarfélög á sama stað, ef menn vilja. Nú hafa verið stofnuð tvö slík félög í hvorum af tveim kaupstöðum landsins. Er því nauðsyn á reglum til að fara eftir í slíkum tilfellum. Ég sting upp á því, að það félagið hljóti lánið, sem fyrst hefir hafið byggingarstarfsemi, en ef hvorugt eða ekkert félaganna hefir byrjað slíka starfsemi, þá fái það félag lánið, sem fyrr eða fyrst var stofnað. Þetta er gert til þess að byggingasjóðir hafi eftir einhverju að fara.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég tel að flest nauðsynleg rök hafi nú þegar komið fram í þessu máli, og hefi ég því ekki miklu við að bæta. En það, sem veldur því, að ég kveð mér hljóðs, er það, að hv. þm. V.-Ísf. sagði, að hver, sem gæti með rökum sýnt sér fram á, að eitthvað væri að till. hans, skyldi fá áheyrn. Ég trúi þessu, því að ég þekki hv. þm. að þeirri sanngirni, að ég held, að hann muni meina það.

Ég vil þá leiða athygli hv. þm. að því, að ekki hafa verið færð að því skynsamleg rök, að hætta geti stafað af því að hafa tvö byggingarfélög í Rvík. Það hefir að vísu verið sýnt fram á það, að hætta geti stafað af því að hafa mörg byggingarfélög í smákaupstöðum, þar sem þau hljóti þá að verða of smá til að geta orðið aðnjótandi beztu kjara. En í Rvík er ekki um þessa hættu að ræða. Ástæðan til að hafa tvö félög er einmitt ósk þeirra, sem við l. eiga að búa. Þessir 350 menn, sem nefndir hafa verið, hafa borið fram ákveðnar óskir um þetta. Það ætti að vega nokkuð í augum hv. þm. Það er ekki hans hlutverk að rannsaka, af hverju þessar óskir eru fram komnar; hann á einungis að athuga, hvort nokkur hætta geti af því stafað að hlýða á þessar óskir.

Hv. þm. V.-Ísf. gerði það að gamni sínu að tala um trúuð hús, pólitísk hús og önnur. Við byggjum nú í rauninni pólitísk hús. Ég er t. d. í félagi, sem byggt hefir eitt slíkt hús. Og ég treysti mér til að útvega hv. þm. íbúð í því húsi. En þau málefni, sem hann ber fyrir brjósti, hafa gert það að verkum, að hann hefir ekki fram að þessu talið rétt að ganga í það byggingarfélag. — Sama er að segja um hv. 2. þm. Reykv. og hans flokk og framsóknarmenn. Þeir eru allir með sín pólitísku hús. En svo mikið leggur hv. þm. upp úr sjálfsforræðinu, að hann hefir ekki viljað vera í neinu þessara byggingafélaga, heldur kosið að vera einn.

Þetta er nú sagt meira til gamans heldur en af því, að það sé alveg hliðstætt.

En það ætti að vera frambærileg ástæða, þegtalað er við þennan hv. þm., að 350 menn óska eftir öðru byggingarfélagi. Ef hv. þm. færir ekki fram rök fyrir því, að hætta geti af þessu stafað, þá vil ég hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem hv. þm. setti fyrir því, að hann hlýddi á mig.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Hv. þm. G.-K. hefir nú reynt að fara vel að mér, til þess að fá mig inn á till. þá, sem fram er borin af minni hl. n. Mér hefði verið kært að geta orðið við ósk hans um að verða við ósk þessara 350 manna, alveg án tillits til þess hvort hún hefði við rök að styðjast eða ekki. En hér er aðeins sá agnúi á, að ef ég ætti að verða við þessari ósk, einungis af því að um ósk er að ræða, þá gæti ég eins orðið við óskum, sem fram kynnu að koma um 3, 4 eða enn fleiri byggingarfélög. Ég mundi með ánægju taka til greina, ef mér væri sýnt fram á með rökum, að einstakir menn væru afskiptir samkv. frv. En þetta hefir ekki verið gert. Og af þeirri ástæðu get ég ekki tekið tillit til þess, þó fram sé borin ósk um að vilja hafa þetta á annan veg. Ef fara ætti að hlaupa eftir öllum slíkum óskum, án þess að rök fylgdu um að annað skipulag væri fjöldanum hagkvæmara, og ef ætti að fara að taka til greina alla duttlunga manna og mismunandi smekk og skoðanir, svo sem að einn vildi byggja í vesturbænum, annar í austurbænum, sumir vildu hafa sérstæð hús, aðrir samstæð, síðan enn aðrir sjálfstæðishús, jafnaðarmanna- eða framsóknarhús, og jafnvel trúuð hús eða vantrúuð, þá óttast ég, að starfsemin mundi snúast upp í pólitískar deilur og flokkadrátt, sem aðeins yrði til að spilla góðu máli, sem við þurfum að komast hjá.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Svar hv. þm. V.-Ísf. var eins og ég átti von á. Hann viðurkenndi, að æskilegt væri að geta orðið við óskum sem flestra og fann því hvöt hjá sér til þess að taka óskir minni hl. til greina. Telur hann brtt. sínar miða í þá átt. En þær eru alveg gagnslausar, þar sem deildir þær, sem heimilt er að stofna samkv. þeim, eru aðallega háðar stjórn félagsins. Það gætti nokkurs misskilnings hjá hv. þm., þar sem hann sagði, að um leið og ég héldi því fram, að félögin þyrftu að vera tvö, til þess að geta orðið við óskum nokkurra manna, þá væri ég um leið búinn að ganga inn á, að þau mættu eins vera 3—4 eða 5 o. s. frv. Þetta er ekki rétt. Það er ekki gengið út frá, að félögin séu nema tvö, og mín rök fyrir því eru þau, að meðan fél. eru aðeins tvö, eru þau nægilega stór til þess að ná beztu kjörum með innkaup og annað, sem að byggingum lýtur, sem kostur er á. En ef félögunum fjölgar meira og þau minnkuðu, mundi sú aðstaða versna.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Fyrir mér er þyngdarpunktur þessa máls sá, að lögin hyggjast þarna að grípa inn í friðindi, sem lög þau, sem nú gilda, veita. Það virðist því geta gefið hættulegt fordæmi að fallast á lög, sem gefa mönnum ástæðu til að búast við, að ýms þau friðindi, sem lögfest eru, séu óábyggileg. Jarðræktarlögin t. d. ákveða viss friðindi frá ríkinu til þess, sem verkið framkvæmir. Nú hefir einhver ráðizt í stórfelldar framkvæmdir í trausti þess að verða aðnjótandi þeirra friðinda, sem lögin heita. En svo kemur allt í einu fram breyt. á lögunum, sem nemur þessi friðindi úr gildi. Væri þá rétt, að lögin næðu ekki til þeirra, sem hafizt hefðu handa? Við skulum taka t. d. lögin um landnámssjóð. Þau gera ráð fyrir, að þau hús, sem byggð eru á ræktuðu landi, gangi fyrir um lán þeim húsum, sem byggð eru á óræktuðu landi og teljast því til nýbýla. Tilgangur löggjafarinnar er þarna greinilega sá, að ýta undir, að fyrr séu reist hús á ræktuðu landi en óræktuðu. Nú er vel hugsanlegt, að upp kæmi svo sterk nýbýlahreyfing, að lögunum yrði breytt í það horf, að nýbýlin gengju fyrir, jafnvel að stofna ætti heila nýlendu á óræktuðu landi. Nú gæti það verið og er mjög sennilegt, að þessi hreyfing yrði mjög óvinsæl hjá þeim, sem byggja þurfa hús á ræktuðu landi. Einnig má ganga út frá, að á þeim tíma, sem slík breyt. væri gerð, hefðu ýmsir verið meira eða minna byrjaðir á framkvæmd verks, sem þeir hafa treyst á, að nyti friðinda samkv. þágildandi lögum. Það virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að láta þá njóta þeirra hlunninda, sem þeir hafa treyst á, þegar verkið var hafið. Mér finnst nú mikil sanngirni mæla með því, þegar 350 menn hafa stofnað félag á grundvelli eldri laga, að óskir þeirra séu ekki virtar að vettugi. Ef gengið er inn á af hv. Alþingi, að svipta menn þannig rétti, sem þeir hafa eftir lögunum í dag, þá mun oft verða vitnað til þess síðar. Ég verð því að telja þetta mjög óheppilegt fordæmi. Þó hv. sessunautur minn, þm. V.-Ísf., þykist geta á pappírnum bent á leið, sem þessum mönnum sé jafnhentug, nefnil. að ganga í annað félag, býst ég við, að lítið muni verða úr því. Mér er ekki vitanlegt, að ég þekki persónulega neinn af þessum 350 mönnum, sem eru í Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna, og því síður, að ég viti um hugsanir þeirra. En ég geng þess ekki dulinn, að ef beita á við þá þeirri ósanngirni og því gerræði, sem hér er á ferðinni, þá sé mikil hætta á, að margir þeirra hafi ekki skap til að láta þröngva sér í ákveðið félag, en af því leiði ýmsa óánægju og sundrung, sem hafi þær afleiðingar, að margir þeirra manna, sem nú eru í Byggingarfél. sjálfstæðra verkamanna og þannig á að svipta þeim friðindum, sem lögin nú heita og þeir hafa treyst á, verði friðindanna aldrei aðnjótandi. Þessi breyt. á lögunum mun því síður en svo verða til þess að draga úr húsnæðisleysinu. Það mun því vera bezt fyrir hv. þdm. að ganga þess ekki duldir, að með því að fella brtt. hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., þá er öxin reidd að rótum trjánna á því félagi, sem hér hefir verið rætt um og stofnað er eftir þeim lögum, sem nú gilda, og ekki ólíklegra til starfsemi en það félag, sem hér virðist eiga að vernda. Lagabreytingar, sem koma eins og skúr úr heiðskíru lofti og engan síðferðislegan grundvöll hafa, eiga engan rétt á að fá samþ. meiri hl. Alþingis, sem með því gæfi mjög varhugavert fordæmi. Og þar sem einmitt ein slík lög virðast hér í uppsiglingu, verð ég eindregið að vara hv. þdm. við að samþ. þau.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Ísf. taldi það aðalatriði í þessu máli, að sem flestir yrðu aðnjótandi þeirra hlunninda, sem lögin gefa. Nú er það alveg víst, að því atriði yrði bezt fullnægt með því, að félögin væru fleiri en eitt. Það er nú svo, að samkv. mannlegu eðli vilja menn greina sig sundur í félög og flokka, og helzt ekki lúta öðrum nauðugir. Það er því oft þannig ástatt, að þó maður vilji ekki ganga í ákveðið félag, vegna þess að honum líka ekki forystumenn þess eða einhverjir starfshættir, þá getur sá maður verið fús að ganga í annað hliðstætt félag undir annara stjórn. Hv. þm. ættu því að vera fylgjandi því, að félögin verði a. m. k. tvö, svo að sem flestir geti orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem lögin gefa. Það hefir verið gert mikið veður út af því, að ekki mætti hleypa pólitík í þennan félagsskap. Ég veit nú ekki betur en að í báðum félögunum séu menn af öllum eða ýmsum flokkum. Annars get ég ekki séð, að það væri neinn skaði skeður, þó menn greindust sundur í svona félagsskap eftir pólitískum skoðunum. Það, sem skiptir mönnum í flokka, eru mismunandi óskir, og þau félög, sem hér hafa starfað, fullnægja einmitt mismunandi óskum. Annað hefir eingöngu haft sambyggð hús, en hitt sérstæð, og er þarna komin nægileg ástæða fyrir fjölda manna að vilja ákveðið ganga í annað félagið, en ekki hitt. Hv. 2. þm. Reykv. lýsti því mjög hátíðlega yfir, að hann væri reiðubúinn að taka til athugunar byggingu sérstæðra húsa. Þetta tekur hv. þm. V.-Ísf. alveg trúanlegt, fyrst 2. þm. Reykv. segir það. En ég er nú eldri en hv. þm. V.-Ísf., enda vantreysti ég alveg sérstaklega orðum hv. 2. þm. Reykv. Ég þykist sjá mjög eðlilegar ástæður fyrir því, að hv. 2. þm. Reykv. vill heldur beita sér fyrir sambyggingum en sérstæðum húsum. Það er svo misjafnt eðli manna í þessum efnum. Sumir vilja hlynna að einstaklingseðlinu, en aðrir að múgeðlinu. Þeir, sem vilja hlynna að einstaklingseðlinu, vilja hafa sérstæð hús. En hinir, sem hlynna vilja að múgeðlinu, vilja fremur hafa sambyggingar. Þeir vilja blanda fólkinu saman, svo hægra sé að þurrka út einstaklingseinkennin. Ég er svo tortrygginn að halda, að hv. 2. þm. Reykv. hafi þetta bak við eyrað, þegar hann vill heldur hlynna að sambyggingunum. Ég vona, að hv. þm. V.-Ísf. sannfærist um af þeim rökum, sem ég hefi nú fært fram í þessu máli, að það er alveg bersýnilegt, að fleiri verða aðnjótandi laganna, ef félögin eru tvö. Ef það er aðalatriðið fyrir hv. þm. V.-Ísf., að félögin verði ekki pólitísk, hefir honum orðið á stór skyssa, því í staðinn fyrir pólitísk fé-

lög koma samkv. brtt. hans aðeins pólitískar deildir, með allt niður í 50 menn í hverri. Munurinn er því aðeins sá, að í staðinn fyrir 2 pólitísk félög kæmi eitt félag í mörgum pólitískum deildum. Ég býst því við, að allir geti orðið mér sammála um það, að það sé mörgum sinnum verra að fá þannig flokkadrátt inn í félag en að hafa þau fleiri. Allt hnígur þetta að því, að í raun og veru er hv. þm. V.-Ísf. að róa að því öllum árum að spilla því máli, sem hann segist vera að vinna fyrir, — eða trúir hv. þm. því, að það ríki friður og eindrægni í þeim félagsskap, sem hv. 2. m. Reykv. stendur fyrir? Það er vitanlegt, að nú þegar er persónulegur eltingaleikur og ýmiskonar rígur innan Byggingarfélags verkamanna, — og hvað halda menn þá að mundi verða, ef ýmsir flokkar færu að þyrpast inn í það? Ef menn vilja virkilega stuðla að friði, þá er áreiðanlega heppilegast, að félögin fái bæði að starfa við sömu aðstöðu.

Eins og hv. þm. G.-K. hefir tekið hér áður fram, hefir ekkert verið dregið fram, sem sýnir, að verra sé að hafa félögin tvö. Öll rök hafa gengið út á að telja mönnum trú um, að ekki sé ástæða til að hafa nema eitt félag. Helzt hefir verið bent á, að félagið mundi fá betri verzlunarsambönd, ef það væri eitt og þá þeim mun stærra. En það hafa þar á móti verið færð rök að því, að þó fél. séu tvö, eru þau hvert um sig nægilega stórt til þess að geta notið beztu kjara.— Þeir hafa byggt 50—60 íbúðir fyrir nokkrum árum og fengið beztu kjör, sem hægt var að fá. Eins gæti annað félag fengið beztu kjör til að byggja viðlíka margar íbúðir eða fleiri. Það er því bersýnileg vitleysa, sem hv. meirihlutamenn halda fram, enda hafa þeir gefizt upp við að berja þessi rök fram.

Hv. þm. V.-Ísf. finnur svo upp þessa mótbáru, að félögin eigi ekki að vera pólitísk. Hann hlýtur þó að vita, að ekki getur hann útilokað pólitík úr mannlegum félagsskap. En það er miklu meiri hætta á vandræðum og ógagni, sem stafa kunna af pólitiskum flokkadráttum, ef félagið er eitt, heldur en ef þau eru tvö. Þessi röksemd er líka helber vitleysa. Allt hnígur að því eina, að hið sjálfsagðasta og eðlilegasta er, að félögin séu fleiri en eitt. „Hvað mörg?“ segir hv. þm. V.-Ísf. Hér er ekki farið fram á annað en að þau séu tvö, en ekki eitt. Það er ekkert að óttast, að þeim fjölgi upp í 3 eða 6.

Ég treysti því, að hv. þdm. séu nú ekki svo blindaðir af pólitiskum flokkadráttum, sem þeir eru nú unnvörpum að fordæma í sambandi við þessi málefni. Ég treysti því, að þeir séu ekki svo blindaðir af þessum ósóma, að þeir geti ekki séð það, sem rétt er, og fylgt því fram.

**Jónas Guðmundsson**: Það er augljóst, að þróun þessa máls hér í Alþingi er sú, að fjöldi byggingarfélaganna sé takmarkaður. Fyrst er borin fram till. um ótakmarkaðan félagafjölda á þskj. 82. En nú er stefnt að því, að þeir einir bæir, sem hafa yfir 10 þús. íbúa, skuli hafa rétt til að hafa tvö félög. Þetta sýnir fyrst og fremst, að hv. þd. lítur svo á, að hér séu takmörk nauðsynleg. En aðalástæðuna fyrir því, að réttlátt er og nauðsynlegt að setja þessi takmörk, held ég að enginn hv. þdm. hafi enn bent á.

Hvar sem þessi félög eru stofnuð í kaupstöðum, þá eru það fátækir verkamenn og sjómenn, sem taka höndum saman til þess að bæta úr sínum húsnæðisvandræðum. Þeir ganga í félagið og taka á sig sameiginlega ábyrgð, leggja á sig árleg gjöld í mörg ár, án þess að til framkvæmda geti komið. Loks þegar svo tekst til, að hægt er að hefja framkvæmdir, verða þeir fyrstir, sem fyrst hafa skrifað sig í fél. Mér er kunnugt um, að svona er þetta í Rvík og öðrum félögum, sem stofnuð hafa verið úti um landið. Nú þegar slíkt félag er stofnað fyrir nokkru, getur risið upp annað félag, sem gerir kröfu til að fá styrk úr þessum byggingarsjóði. Fái það nú aðstöðu hjá stj. byggingarsjóðsins, getur það hindrað félagsmenn í eldra félaginu um ófyrirsjáanlegan tíma. Að ég nú ekki tali um, ef félögin yrðu mörg, sem fengju aðstöðu hjá sjóðsstjórninni. Þá gæti svo farið, að þeim mönnum, sem rutt hafa brautina á einhverjum stað í þessu efni og lagt á sig erfiði og ábyrgð — að svo miklu leyti sem um nokkra ábyrgð getur verið að ræða hjá bláfátækum mönnum —, verði gert ókleift nokkurn tíma að eignast eigin íbúð. Það er áreiðanlega miklu skynsamlegra fyrirkomulag, að menn gangi í eitt félag og skrifi sig fyrir íbúðum, þegar þeir vilja fara að vinna að því að eignast íbúð, og fái hana svo þegar röðin er komin að þeim. Og ef félagið er eitt, er að þessu leyti öllum kröftum þess bæjar, sem í hlut á, og ríkissjóðs að því leyti, sem hann styrkir þessi félög, beint að því, að byggingar geti orðið sem mestar og menn komizt sem fyrst að.

Ég vildi aðeins benda á þetta réttlætisatriði og hefi sýnt fram á, að vel geta þeir algerlega útilokast, sem lagt hafa á sig mest í þessu efni, ef félög eru fleiri en eitt og hafa mismunandi aðstöðu til sjóðsstjórnanna, eins og búast mætti við.

Hér hefir allmikið verið um það talað, að menn skiptust eftir pólitiskum flokkum í þessu máli. Ég ætla það væri hv. 3. þm. Reykv., sem kvað jafnaðarmenn yfirleitt fylgja þeirri stefnu að hafa sambyggingar, en Sjálfstfl. og einhverjir aðrir flokkar væru annarar skoðunar. Ég ætla þá að segja það sem mína persónulegu skoðun, að ég álít heppilegast í öllum smákaupstöðum landsins — en þar þekki ég betur til en í Rvík — að hafa íbúðir ekki fleiri en tvær saman, a. m. k. alls ekki fleiri en þrjár í sama húsi. Og það verður áreiðanlega ekki hægt að skipta mönnum eftir stjórnmálaflokkum um þetta atriði, heldur hefir hver einstaklingur sína persónulegu skoðun. Og það vill nú einmitt svo einkennilega til, að ég á sæti í slíkri húsbyggingarnefnd í mínum kaupstað ásamt íhaldsmanni, og hefir okkur oft greint á um þetta; hann vill sambyggingar, sökum þess að þær muni verða ódýrari og geti þá fleiri hagnýtt féð, sem fram er lagt, en íbúðirnar verði jafngóðar. Og þetta eru alveg rétt rök hjá honum. En þarna skiptir að-

eins máli okkar persónuleg skoðun, en ekki flokksleg aðstaða.

Ég vil lýsa yfir því, að ég felli mig vel við till. hv. þm. V.-Ísf., að heimilt sé byggingarfélögum, ef þau eru stór, að skipta sér í deildir, þar sem menn geti komið fram sínum skoðunum um það t. d., hvort þeir vilji heldur sambyggð eða sérstæð hús.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Nd., 23. okt., var fram haldið 3. umr. um frv.

**Jakob Möller** óyfirl.: Það var lítið, sem ég þurfti að segja. — Hv. 6. landsk. var að mótmæla því, sem sagt hefir verið, að jafnaðarmenn væru sérstaklega fylgjandi sambyggingum, í mótsetningu við aðra, sem væru með sérbyggingarfyrirkomulaginu, og tók sjálfan sig sem dæmi. Einstök dæmi sanna auðvitað ekkert um þetta, og raunar er það hæpið að skilja það, sem sagt var, þannig, að jafnaðarmenn séu það almennt. Hitt sagði ég, og hv. þm. reyndi ekki að hnekkja því, að hugsanlegt væri, að hv. 2. þm. Reykv. og aðrir forsprakkar jafnaðarmanna vildu efla múgveldið með því að safna fólki saman í slíkar íbúðir. En hitt er líka kunnugt, að ýmsir jafnaðarmenn hafa mikla sjálfstæðistilhneigingu, eins og hv. 6. landsk. Enda er það vitanlegt, að margir jafnaðarmenn eru í byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna, sem kjósa að búa í sérstökum húsum.

Í öðru lagi talaði hv. þm. um það, að ef byggingarfél. væru mörg, gæti það orðið til þess, að menn yrðu að bíða svo eða svo lengi eftir íbúðum. Ég get ekki séð, hvers vegna það þarf að vera.

Annars var það einkennilegt, að uppistaðan í rökum hv. þm. gegn því að hafa fleiri en eitt byggingarfélag í sama bæ, var, að ef þau væru fleiri en eitt, þá gæti tala þeirra orðið ótakmörkuð. Um þetta þarf ekki lengi að ræða hér, vegna þess að engin till. liggur lengur fyrir um það. En um það er aðeins að ræða, hvort eigi að vera fleiri en tvö byggingarfélög í bæjum, sem hafa fleiri en 10 þús. íbúa. En þrátt fyrir þetta flytja þeir ræður, sem ganga út á að rökstyðja, hve skaðlegt það geti orðið, ef byggingarfélögin séu mörg í sama bæ. Þetta sýnir, hve berskjaldaðir þeir eru um það, sem nú liggur fyrir, þegar aðeins er um það að ræða, hvort félögin megi vera tvö eða aðeins eitt.

Í gamla byggingarfélaginu eru á annað hundr. félagar. En þegar stofnað var annað félag, þá gengu í það margir, jafnvel allt að helmingi fleiri en voru í hinu. Þessir menn hefðu a. m. k. ekki komið fram strax, ef þetta síðara byggingarfélag hefði ekki verið stofnað, af eðlilegum ástæðum, sem áður hefir verið greint frá, vegna þeirra pólitísku yfirráða, sem menn finna, að ríkja í gamla félaginu, og í annan stað af því, að menn hafa fengið þá trú, að það félag ætlaði að einskorða sig við sambyggingarfyrirkomulag. Þetta hvorttveggja hefir fælt menn frá og staðið því fyrir þrifum, að eins miklar framkvæmdir gætu orðið hjá félaginu eins og að öðrum kosti. Það er því auðsætt, að hver maður, sem meinar, að það sé mest um vert í sambandi við byggingarfélagsskap, að sem mest sé framkvæmt, hlýtur að verða því fylgjandi, að félögin megi vera fleiri en eitt í stærstu kaupstöðum, því að það er áreiðanlegt, að með því yrði meira að gert. Jafnvel mundu félögin hafa yfir meiri peningum að ráða. Þar yrði ekki aðeins um aukin framlög félagsmanna að ræða — sem þó auðvitað yrðu hlutfallslega þeim mun meiri, sem fleiri yrðu félagar í þeim í heild —, heldur af því, að gera má ráð fyrir, að starfsmenn sjóðstjórna verði háðir vissu íhaldi, ekki sízt á þessum tímum, þegar menn kveinka sér við lántökum. En þegar knúið er á af tveimur aðilum, verður frekar látið undan með að veita lán heldur en ef knúið er á aðeins af einum aðila í þessu efni. Það er því ólíkt heppilegra að hafa félögin fleiri en eitt, og andstæðingar þess fyrirkomulags standa gersamlega rökþrota, hvar sem leitað er að.

**Thor Thors:** Mér skildist á ræðu hv. þm. V.-Ísf., þegar síðast var rætt um þetta mál, að hann teldi mjög æskilegt, að það yrði tryggt, svo sem frekast væri unnt, að byggingastarfsemi þessi, sem hér er um að ræða, komist í gott horf. Ég hygg, að út frá þessari ósk hv. þm. sé langeðlilegast og tryggast að ákveða að hafa byggingarfélögin tvö, sem starfa í sama kaupstað með yfir 10 þús. íbúa. Þá hefir verið vikið að því, að komið gæti fram ágreiningur um það, í hvaða röð menn skyldu öðlast réttindi þessara l. Ef leyft yrði að hafa félögin tvö, er það eðlilegast, að einstakir meðlimir þeirra öðluðust réttindi l. eftir því, hvenær þeir gengju í félögin. En ef nú á að drepa annað félagið hér í Rvík og lögbinda það, að aðeins eitt félag skuli vera hér starfandi, þá hlýtur hv. þm. að vera ljóst, að hætta er á því, að þeir menn, sem héldu, að þeir væru að öðlast réttindi l. þegar þeir gengu í félagið, sem drepið yrði, félag sjálfstæðra verkamanna — og þeir höfðu fyllstu ástæðu til að halda það —, þeir mundu glata þeim réttindum, ef félagið yrði lagt niður, nema þeir mættu teljast félagar í þessu eina lögboðna félagi og öðlast öll félagsréttindi frá þeim tíma, er þeir gengu í hitt félagið í góðri trú á því, að þeir mættu halda þeim réttindum, sem það hafði fram að bjóða. Ef menn vilja halda sér við réttlætishlið þessa máls og ekki svipta menn þeim rétti, sem hv. Alþ. hefir boðið fram í þessu efni, þá er ekki nema ein leið til í þessu sambandi, nefnil. sú, að leyfa báðum byggingarfélögunum að starfa hér Rvík.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég vil aðeins, út af því, sem hv. síðasti ræðumaður talaði um, að hann óskaði eftir, ef félagið yrði aðeins eitt, að meðlimir félags þess, sem þá yrði lagt niður, gætu öðlazt félagsréttindi í gamla félaginu frá þeim tíma, er þeir ganga í félag sjálfstæðra verkamanna, taka það fram, að ég tel það fulla sanngirni, að svo verði ákveðið. Nú í augnablikinu geri ég mér það ekki ljóst, hvort þá yrði nauðsynlegt að binda það í frv. En ef það kynni að álítast nauðsynlegt, þá mætti koma fram till. um það.

ATKVGR.
Brtt. 163 samþ. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, BÁ.
nei: BB, EmJ, EystJ, FJ, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÁÁ, BJ, JörB.
Tveir þm. (GG, ÞorbÞ) fjarstaddir.
Brtt. 164,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 166 samþ. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.
nei: GÍ, GTh, JakM, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv.
HannJ, JJós greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÞorbÞ) fjarstaddur.
Brtt. 164,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 147,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 164,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 147,2 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 21:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, SigfJ, SE, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GTh, HV,[1] JJós,[2] JÓl, JG, JörB.
nei: PO, SK, GSv, JakM, JónP, MT, ÓTh[3].
PÞ, PHalld, GÍ, HannJ, JS greiddu ekki atkv.
Frv. afgr. til Ed.

---

Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 189).

Á 22. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7:3 atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 189, n. 381, 382, 430).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)** [óyfirl.]: Ég skal, hvað mig snertir, reyna að verða við þeim tilmælum hæstv. forseta, að hafa ekki miklar málalengingar í frammi um þetta mál. Það vill líka svo vel til, að innan n. hefir enginn styrr orðið um málið. Þó að svo hafi verið áskilið, að hver nm. hefði óbundnar hendur með að bera fram brtt., þá hefir, eins og sjá má af því, sem fram er komið, orðið lítill ágreiningur. N. er í aðalatriðum samþ. frv. og gerir við það aðeins örlitla brtt. Skal ég ekki fara inn á málið sjálft, en víkja fáum orðum að þeim brtt., sem fyrir liggja.

Það er þá í fyrsta lagi brtt., sem við hv. 2. þm. S.-M. flytjum við 4. gr. frv., að 2. málsgr. falli niður. Við erum þeirrar skoðunar, að innan hvers bæjarfélags sé aðeins eitt byggingarfélag, með þeim ákvæðum, sem í frv. felst, að heimilað sé að hafa deildir innan þess félags, ef ágreiningur er milli félagsmanna, hvernig haga skuli byggingunum, og álítum við, að meiri starfsemi mundi leiða af því í heild, að hafa aðeins eitt byggingarfélag, og minni ágreiningur verða.

Þá vil ég víkja fáum orðum að brtt. á þskj. 430, frá hv. 2. þm. Rang. Hann hefir sýnt fullan skilning á þessu máli, sem sjá má af því, að þær brtt., sem hann flytur, eru tiltölulega meinlausar, og a. m. k. önnur þeirra til bóta. En ég vil þó segja það um a.-lið þessara brtt., þar sem hann leggur til að fella niður ákvæði úr fyrstu málsgr. 8. gr., sem þýðir það, að ekki sé heimilt fyrir byggingarsjóð að lána fé til bráðabirgða úr einni deild til annarar, að þetta ákvæði er hugsað þannig, að gera það ekki að gildandi reglu, heldur á þann veg, að ef svo ber til, að nauðsynlegt sé að afla skyndilega fjár, annaðhvort til að koma af stað byggingu eða halda áfram byggingu, þá megi veita slíkt bráðabirgðalán til þess að hefta ekki framkvæmdir. En þetta mundi aðeins verða í þeim tilfellum, að viðkomandi byggingarfélagi hefði brugðizt lán eða dráttur orðið á, að það væri útborgað. Ég tel miður fara, ef fyrir þetta er girt með öllu, því að oft getur komið fyrir, þó að full trygging sé fyrir láni, að það dragist úr hömlu, að það verði útborgað. Það er hugsað eingöngu undir svona kringumstæðum, að láta slík bráðabirgðalán af hendi. Ég legg því til, að till. verði ekki samþ., þó að hún sé í sjálfu sér meinlaus. — En b-liður till. tel ég að sé aðeins til þess að taka fyllra fram um eftirlit með starfsemi byggingarfélaganna, og er ég því samþ. honum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekar út í málið; það hefir verið deilt mikið um það í hv. Nd., en ég vænti, að þeirri deilu geti ekki haldið áfram hér, þar sem n. er í raun og veru nokkurnveginn sammála um, að málið eigi að ganga fram.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Ég skal fyrst minnast á brtt. mínar á þskj. 430. Hv. frsm. n. hefir nú á þær drepið, og telur hann síðari liðinn, b-liðinn, til bóta og kveðst geta verið honum samþ. Þarf ég því ekki margt að tala um hann. Það, sem fyrir mér vakir, er, að eftirlitsmennirnir athugi ekki einungis fjárreiður félagsins, heldur líka alla starfshætti. Það sýnist svo, að ekki muni síður þörf á að hafa eftirlit með verklegri starfsemi félaganna, og um það mun ekki neinn ágreiningur verða.

Um hinn liðinn er það að segja, að ég álít varhugavert að fara inn á þá braut, að taka traustataki fé einnar sjóðsdeildar til þess að lána annari. Þó að ráðgert sé að lána það aðeins til bráðabirgða og trygging sé sett fyrir láninu, þá veit maður, hvernig það fer í reyndinni, að

1) **HV:** Í trausti þess, að frv. verði lagað í Ed. af meirihl.-flokkum þingsins, eftir þær skemmdir, sem það hefir orðið fyrir hér í d., segi ég já.

2) **JJós:** Þó að frv. hafi ekki verið nóg lagfært í þessari hv. d., þá er það samt betra en eins og hv. 2. þm. Reykv. vildi hafa það, og segi ég því já.

3) **ÓTh:** Þrátt fyrir áorðnar leiðréttingar tel ég, að frv. hnigi í öfuga átt við það, sem vera skyldi, og segi ég því nei.

það fé, sem á að innheimta bráðlega, fæst ekki á tilsettum tíma, og getur það því orðið til baga fyrir þá deild, sem á féð.

Ég get ekki fyrir mitt leyti séð, að það sé nein knýjandi þörf, að gripið sé til innstæðu einnar sjóðdeildar til þess að lána annari. Það ætti ekki að gera ráð fyrir, að byggingar yrðu hafnar hjá neinni sjóðdeild fyrr en fjárhagur hennar leyfir það. Þá er þetta aðeins til þess að leggja óþarfar freistingar fyrir þá, sem sjóðnum eiga að stjórna, til þess að grípa til innstæðna annara deilda. Ég held því, að af praktiskum ástæðum sé heppilegast að fella þetta í burt, og þurfi ekki að gera ráð fyrir, að þetta verði neitt verulega notað, þá þarf heldur ekki að taka fram um það í lögunum.

Þá hafa hv. samnm. mínir borið fram brtt. við 4. gr. frv., þess efnis að fella niður 2. málsgr. hennar, þar sem getið er um, að tvö byggingarfélög í kaupstað, sem hefir yfir 10000 íbúa, geti notið hlunninda þessara laga. Hv. fyrri flm. þessarar brtt. gerði þá grein fyrir henni, að það sé nægilegt að hafa eitt byggingarfélag í hverjum kaupstað, og sagði, að af því mundi leiða meiri starfsemi og minni ágreining. Ég held, að þessi röksemdafærsla sé hæpin. Ég get ekki séð, í hverju það ætti að liggja, að meiri starfsemi yrði innt af hendi, þó að byggingarfélagið væri aðeins eitt, heldur en þó þau væru tvö, þar sem aðstaðan til lántöku er sú sama, og áhuginn ætti sízt að vera minni, þó að tvö félög séu starfandi, sem þá kannske kepptu hvort við annað um að koma upp sem hentugustum og ódýrustum byggingum. Ég get ekki betur séð en að líkur séu einmitt fyrir því, að byggingarstarfsemin yrði betur leyst af hendi með því að hafa tvö félög starfandi heldur en eitt.

Að ágreiningur verði minni, ef félagið er aðeins eitt, held ég, að sé á engum rökum byggt. Ég held, að meiri líkur séu til, að ágreiningur verði innan félags, ef allir, sem þátt vilja taka í slíkum félagsskap, eru neyddir til að vera í einu félagi. Vitanlega geta verið ýms atriði, sem menn greinir á um, einn vill þetta og annar hitt, og þá virðist betra, að það séu tvö félög heldur en eitt, því að til ófriðar stefnir, ef tvær ólíkar stefnur ætla að gera sig gildandi í sama félaginu.

Ég ætla líka, að raunveruleg ástæða til þess, að hv. meðnm. mínir hafa borið fram þessa till., sé ekki sú, að þeir búist við meiri starfsemi eða minni ágreiningi, heldur sé um að ræða viðleitni til þess að koma fyrir kattarnef félagi, sem stofnað hefir verið hér í Reykjavík og hefir ekki fengið náð fyrir augum stjórnarflokkanna. Því hefir verið haldið fram, að þetta frv. sé komið fram til þess að kveða niður þennan félagsskap, sem heitir „Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna“. Um þetta hefir staðið mikil deila í hv. Nd., eins og hv. frsm. drap á.

Ég er sannfærður um, að það er óskynsamlegt af jafnaðarmönnum að vera með löggjöf að reyna að eyðileggja þennan félagsskap. Það bendir til þess, að þeir ætli sér að nota þennan félagsskap til pólitísks framdráttar fyrir sjálfa sig, en það mættu þeir þó sjá, að ekki er heppilegt fyrir starfsemi slíks félags. Það er vafalaust miklu æskilegra, ef menn gera ráð fyrir, að slíkur félagsskapur sem þessi eigi nokkra framtíð fyrir höndum — að hann geti haft einhver áhrif í þá átt að bæta úr húsnæði í kaupstöðunum —, að hafa þá frið um hann og vera ekki að vekja óþarfa flokkadrátt og sundrung út af því.

Ég ætla, að ástæðan til þess, að „Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna“ var stofnað hér í Rvík, hafi verið sú, að ýmsir menn, sem taka vildu þátt í slíkum félagsskap, gátu ekki sætt sig við það byggingarfyrirkomulag, sem ákveðið var í því félagi, er búið var að stofna hér, þar sem byggð hefir verið sambygging, en þessir menn óskuðu heldur að byggja sérstök hús.

Ég hygg, að erfitt muni vera að færa fram frambærileg rök fyrir því, að það geti á nokkurn hátt orðið til skemmda fyrir það málefni, sem hér um ræðir, þó að slíkur félagsskapur fengi að leyfast og koma í framkvæmd einmitt þesskonar byggingum, sem ráðgert hefir verið af honum. Ég hygg, að stjórnarflokkarnir ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir samþ. þessa till. samnm. minna. Með því að eyðileggja framtíðarmöguleika þessa félagsskapar er stofnað til mikillar sundrungar og óánægju um þetta mál. Annars vil ég benda á það, að ef á að samþ. og fylgja þessum 2. lið 4. gr., þá er nálega óhjákvæmilegt að setja eitthvað í staðinn, eitthvað um það, hver örlög skuli verða þeirra félaga, sem nú eru til og rétt hafa samkv. gildandi l. Ég hefi ekki lagt heilann í bleyti til að að athuga um það, hvaða úrlausn á þessu máli muni vera heppilegust. Hugsanlegt er, að þau félög gætu komið sem sérstakar deildir í byggingarfélaginu. En þá ætti í öllu falli að standa eitthvað í l. um þetta. Þetta sjá allir, að er ósanngjarnt, að þau félög, sem samkv. l. njóta nú sérstakra hlunninda, missi þau að ástæðulausu og verði svipt öllum slíkum rétti með lagaboði.

Ég ætla ekki að fara að deila um þetta nú. Ég held, að sumar brtt. séu til bóta. Ég álít heppilegt, að byggingarsjóðirnir séu settir undir sameiginlega stjórn.

Auðvitað er ein aðalbreyt., sem gera á með frv. þessu. Inn í þetta mál hefir blandazt óskylt efni, vegna flokksstreitu, eins og getið hefir verið í umr., sem er að reyna að ráða niðurlögum einstaks byggingarfélags hér í Rvík. Þetta er aðaltilgangur frv.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)** [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Rang. tók yfirleitt vinsamlega í þetta mál. En það er lítilsháttar ágreiningur á milli okkar út af því, hvort ákveða skuli, að ein sjóðdeild megi lána annari. Ég held, að af því mundi ekki stafa hætta fyrir sjóðinn, þegar þetta er aðeins gert, þegar næg trygging er fyrir hendi. Í þeim kringumstæðum ætti varla að geta komið fyrir, að þetta fé tapaðist, þó að það gæti vitanlega festst um stuttan tíma, á meðan verið væri að koma fyrir nýjum lánum, og svo alls ekki meira.

Það eru auðvitað skiptar skoðanir um það, hvort byggingarfélögin skuli vera fleiri en eitt í sama kaupstað. Þau rök, sem færð hafa verið

gegn því að fella niður 2 mgr. 4. gr., get ég ekki séð, að séu á réttlæti byggð. Hv. þm. minntist á það m. a., að óánægja hefði komið fram um húsagerðina, þ. e. sambyggingafyrirkomulagið. Auðvitað eru til margir verkamenn, sem ekki vilja aðhyllast það, og þessi ástæða hefir líklega orðið til þess, að menn stofnuðu félagsskap um sérbyggingar. Þetta frv. girðir fyrir það, að þessar mismunandi stefnur í byggingamálum geti valdið ágreiningi. Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ef samþ. sé innan deildar í byggingarfélagi og það staðfest af stj. félagsins, þá megi byggja á hvaða hátt sem er. Það er réttmætt, að menn séu ekki svo ofurliði bornir í félagsskap, að þeir geti ekki ráðið nokkru um, hvernig húsagerð þeir hafa. (MJ: En hvaða pólitískar skoðanir mega menn hafa í fél.?). Ég veit ekki til, að í þeim félögum séu neinar reglur um það, hvaða pólitíska trúarjátningu menn skuli hafa. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hræðist það kannske, að flaggað sé með einhverju sérstöku merki á verkamannabústöðunum. (MJ: Var það ekki flokksfáni?). Margir flokksmenn hv. 1. þm. Reykv. koma inn í Varðarhúsið, þó að þar sé merki, sem Sjálfstfl. hefir sett upp. (GL: Annað mál, þegar fánarnir eru 30).

Viðvíkjandi því, hvort tilgangurinn með þessu frv. sé að koma vissu byggingarfélagi fyrir kattarnef, þá vil ég segja það, að þeirrar hugsunar hefi ég ekki orðið var utan þings né innan. Enda á ekki, eins og ég hefi tekið fram, að neinu leyti að ganga á rétt þeirra manna, sem fylgja sérbyggingafyrirkomulagi.

Framkoma sjálfstæðismanna gagnvart þessu máli nú er ekkert nýtt fyrirbrigði. Ég man, þegar frv. til þessara l. var fyrst til umr. hér á Alþ. Þá fékk það ekki sérlega hlýjar undirtektir hjá þessum mönnum. Þeir töldu þá óþarfa, heimsku og bábilju, að slík lög þyrfti að samþ. En reynslan hefir hinsvegar sýnt, að þessi l. eru nauðsynleg. Verkamenn hafa ekki skilyrði til þess að byggja yfir sig góð hús, nema hið opinbera hjálpi þeim til þess með hagkvæmum lánakjörum og með því að leiðbeina þeim um húsagerðina og sjá um, að réttum reglum sé fylgt í því efni, bæði um heilnæmi húsa og annað.

Hv. 2. þm. Rang. benti á, að höfuðkostur frv. væri, að það gerði till. um að sameina sjóðina að því leyti að láta þá vera undir sameiginlegri stjórn fyrir landið allt. Þar með yrði hér um nokkurskonar byggingarbanka að ræða, fullkomna samhjálp til þess að styrkja menn og bæjarfélög til að geta fengið aðgang að hentugum lánum.

Ég býst við, að hv. 1. þm. Reykv. geti fallizt á, að þó að menn gangi í eitthvert byggingarfélag til þess að njóta þeirra fríðinda, sem það hefir upp á að bjóða, þá þurfi þeir fyrir það ekki að kasta sinni pólitísku trú. Menn geta verið góðir félagar í slíkum félögum, hvaða pólitíska skoðun sem þeir hafa, og geta auðvitað haldið skoðunum sínum eins eftir sem áður. Vitanlega verður ekki synjað fyrir það, að það getur komið fyrir, að þátttaka í slíkum félagsskap getur orðið til þess að snúa skoðunum einstakra félagsmanna, þannig að þeir sjái, að stefna sjálfstæðismanna hafi verið röng í þessum málum.

Ég held, að sundrungarandinn verði frekar kveðinn niður, ef byggingarfélagið er aðeins eitt, heldur en ef tvö félög í sama kaupstað togast á.

**Magnús Jónsson** (óyfirl.): Að vísu ætlaði ég ekki að taka til máls um þetta mál við þessa umr. En af því að hv. frsm. gaf mér tilefni til að skjóta nokkrum orðum inn í hans ræðu, vil ég gera nokkra grein fyrir, hvað ég átti við með þeim orðum.

Ég er hv. frsm. sammála um, að slíkur félagsskapur sem þessi ætti að vera pólitískt litlaus, og það er rétt, að það er hreinasta fjarstæða, að verkamenn, sem studdir eru með l. um verkamannabústaði, þurfi að breyta um skoðun til þess að geta verið góðir og gildir meðlimir í byggingarfélagi verkamanna. En ég gat ekki stillt mig um, þegar hv. frsm. var að tala um þetta, að grípa fram í fyrir honum til að minna á þá ótrúlegu smekkleysu, sem viðhöfð var þegar verkamannabústaðaviðbótin var reist, að þá voru dregnir að húnum margir tugir fána, sem allir voru merki eins ákveðins pólitísks flokks. Þetta skapar grun um, að með þessu sé tilraun gerð til að hafa pólitísk áhrif á þá, sem þarna eiga að búa. Ef þetta átti ekki að skoðast sem pólitísk agitation, þá held ég, að ekki hefði verið hægt að fremja öllu meiri smekkleysu við þetta tækifæri, heldur en með þessu var gert, því að eins og allir vita er það siður, að þjóðfáni er dreginn á stöng, þegar hús eru reist. Og þess vegna minntist ég á þetta áðan, þegar hv. frsm. var að tala um það af miklum fjálgleik, að það væri víst ekki verið að reyna að hafa áhrif á pólitískar skoðanir félagsmanna, þeir mættu hafa hvaða pólitíska trú sem þeir vildu.

Hv. þm. sagðist ekki skilja í þessari hræðslu okkar sjálfstæðismanna við þetta frv. Við höfum ekki sagt annað um þetta en það, sem kunnugt er, að Alþfl. og Framsfl. draga pólitík inn í þetta mál og ætla að nota það sér til pólitísks framdráttar. Í sambandi við þetta mun það því hafa verið, að hv. frsm. komst að þeirri niðurstöðu, að sundrungarandinn mundi hverfa, ef félag væri aðeins eitt í hverjum kaupstað, og hefir hann sennilega átt við það, að allir mundu, sem í verkamannabústöðunum byggju, ganga í rauðu hjörðina, svo að þar mundi þá verða ein hjörð og einn hirðir og því engin sundrung þar framar til.

Það er auðvitað á allra vitorði, að þetta frv. er fyrst og fremst komið fram í því skyni að koma í veg fyrir og gera að engu þá stofnun nýs byggingarfélags, þar sem gæti verið önnur pólitísk skoðun mest ráðandi heldur en skoðanir sósíalista. Með þessu frv., eins og með frv. um vinnumiðlun, er stefnt að því að nota meirihlutavaldið á þingi til þess að vinna á móti meiri hl. bæjarstj. Rvíkur. Þetta er á allra vitorði, og þetta veit hv. frsm. líka, þó að hann þykist ekki hafa heyrt þess getið, að með frv. þessu eigi að koma vissu byggingarfélagi fyrir kattarnef.

Setjum svo, að nazistum yxi svo fiskur um hrygg hér, að þeir stofnuðu byggingarfélag, sem við sérstakt tækifæri drægi upp sinn hakakrossfána. Mundi þá ekki hv. frsm. sem jafnaðarmanni, ef hann hefði gengið í byggingarfélag þetta, finnast það óþægileg eða jafnvel særandi smekkleysa? Mundi honum ekki finnast það óviðeigandi, skoðað frá því sjónarmiði, að lögum samkv. eiga allir meðlimir byggingarfélaganna að vera jafnréttháir, án tillits til skoðana í pólitík.

Hv. frsm. var að hælast um yfir því, að við sjálfstæðismenn hefðum verið á móti því að samþ. lög um verkamannabústaði og að það væri því spaugilegt, að við fórum að byggja verkamannabústaði undir þessum l. En ég er alveg sömu skoðunar um þetta verkamannabústaðamál eins og ég hefi alltaf verið. En það er ágreiningur um það hér á þingi, hvort þessi l. hafi gert eins mikið gagn og búizt var við. Vegna þeirra hafa vitanlega verið reist hús. En vegna þeirra hefir hinsvegar einnig verið beðið svo eða svo lengi með að reisa hús, sem annars hefðu verið byggð fyrr, því að menn hafa verið að bíða eftir því að fá að njóta fríðinda þessara l., þessara fríðinda, sem svo mjög eru takmörkuð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 382 samþ. með 8:7 atkv.
4. gr., svo breytt, — 7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 430, a samþ. með 8:7 atkv.
Brtt. 430, b samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
9.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 454).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:5 atkv. og endursent Nd.

---

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 454).
Á 40. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég vil vænta þess, að hv. forseti taki þetta mál út af dagskrá, þar sem brtt. við það eru á leiðinni, en ekki komnar fram. Bið ég afsökunar á, hve seint ég ber þetta fram.

**Forseti (JörB):** Ég mun verða við tilmælum þessa hv. þm. og taka málið út af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 454, 513).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 513. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Thor Thors:** Ég og hv. 8. landsk. berum fram brtt. á þskj. 513. Aðalbreyt. okkar er gamall kunningi hér í d., því að shlj. brtt. var samþ. hér við 3. umr. málsins. Þessu máli hefir nú verið spillt í Ed., og nú er það ákveðið í frv., að ekki megi nema eitt byggingarfélag verkamanna starfa í hverjum kaupstað, hvar sem er á landinu. Ég vil nú vísa til þeirra almennu röksemda, sem fram hafa verið færðar við fyrri umr. málsins fyrir því, að það væri æskilegra, sanngjarnara og heppilegra, að þessi félagsskapur væri ekki, svo mjög sem sumir hv. dm. ætlast til, bundinn beinlínis við einstaka menn, heldur verði þeim verkamönnum, sem þess óska, gert kleift að notfæra sér þau hlunnindi, sem þessi löggjöf hefir fram að bjóða.

Því hefir verið haldið fram af þeim mönnum, sem þykjast vilja sýna viðleitni til þess að líta ópólitískt og sanngjarnt á málið, að sá félagsskapur, sem starfað hefir hér í Rvík að þessum málefnum undir forustu hv. 2. þm. Reykv., sé að öllu leyti ópólitískur. Við sjálfstæðismenn höfum við fyrri umr. málsins mótmælt því og talið, að þessi félagsskapur starfaði á pólitískum grundvelli, undir forustu jafnákveðins stjórnmálamanns og hv. 2. þm. Reykv. er. Jafnaðarmenn hér í d. vildu mótmæla þessu, en svo hefir sá atburður skeð í þessu máli síðan umr. um það fóru síðast fram hér, að það er augljóst, að hér er um pólitískan félagsskap að ræða. Þegar risgjöld hinna nýju verkamannabústaða voru hátíðleg haldin, voru dregnir fánar við hún, og maður skyldi nú ætla, þar sem hér er um fyrirtæki að ræða, sem er styrkt af ríkisvaldinu og sömuleiðis af sveitar- og bæjarsjóðum, að íslenzki fáninn hefði blakt þar við hún. Svo var þó ekki gert, heldur blöktu þar eingöngu rauðir fánar, ýmist alrauðir eða með flokksmerki Alþýðuflokksins. Ég vil nú spyrja hv. þm.: Hvað finnst mönnum tákn pólitískrar starfsemi, ef það er ekki einmitt þetta, sem fram hefir komið í þessu máli? Ég vil nú vona, að þeir hv. þm., sem við fyrri umr. þessa máls hafa viljað sýna sanngirni í því, sannfærist um það, að búið er að draga málið inn á pólitískan grundvöll. Það er óheppilegt, og þess vegna vona ég, að menn fallist á það, að tveimur byggingarfélögum verði leyft að starfa hér í Rvík. Ég álít allt annað ósæmilegt, þar sem hér er í rauninni um opinbert fyrirtæki að ræða, sem styrkt er af ríkissjóði og einstökum bæjar- og sveitarsjóðum. Það getur ekki verið tilgangur löggjafans að hlynna að eða að fyrirskipa, að þessi starfsemi sé dregin algerlega undir pólitíska viðleitni, og að hinn rauði fáni sé þar með látinn vera tákn þessa fyrirtækis.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Það hefir verið deilt svo mjög um þessi atriði, að ég tel óþarft að fara að vekja deilur um þau að nýju. Í ræðu hv. þm. Snæf. kom ekki nema eitt nýtt atriði fram, og það var, að þegar risgjöld hinna nýju verkamannabústaða hafi verið

haldinn, þá hafi rauður fáni verið dreginn þar við hún. Og þetta átti að sanna, að hér væri um einlitan pólitískan félagsskap að ræða. Ég skal geta þess, að stjórn þessa félagsskapar ákvað, hvaða fánar skyldu notaðir, og hún gerði það eftir ósk verkamannanna, sem unnu við byggingu verkamannabústaðanna, að draga fána Alþýðusambandsins við hún. Meiri hluti verkamannanna voru meðlimir félaga innan Alþýðusambandsins, og þeir óskuðu, að fáni þess yrði látinn blakta yfir hinum nýreistu verkamannabústöðum. Þessi ósk var mjög eðlileg, og sjálfsagt að verða við henni, og varð ég fyrir mitt leyti mjög ánægður yfir þessu. Annars finnst mér, að ef menn vilja sýna fram á, að þessi félagsskapur sé pólitískur og útiloki aðra en þá, sem tilheyri sérstökum pólitískum félagsskap, að þá ættu menn að koma með einhver dæmi, annaðhvort úr l. félagsins eða af fundum þess, eða þá framkvæmdum. En það er ekkert slíkt hægt að benda á, og það er líka eðlilegt, því að þetta er opinber félagsskapur, eins og hver annar samvinnufélagsskapur, og stefnir eingöngu að því að afla meðlimum sínum betra húsnæðis. Hinsvegar er það ekki nema eðlilegt, að mest beri á Alþýðuflokksmönnum innan hans og þeir séu þar fjölmennastir, þar sem Alþfl. hefir haft forgöngu allra þessara umbóta í húsnæðismálum alþýðunnar í bæjunum.

Ég mun svo ekki ræða frekar um brtt. þessara hv. þm. á þskj. 513, en ég vil leggja til, að þær verði felldar og frv. samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed. Þar höfðu þessi ákvæði verið tekin út úr því, og auk þess gerðar 2 aðrar breyt., sem raska þó lítið samhengi frv. Önnur breyt. er um það, að eftirlitsmaður, sem hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag skipar, skuli ekki aðeins hafa eftirlit með öllum fjárreiðum félagsins, heldur líka allri starfsemi þess. Þetta finnst mér eðlileg breyt. og ég hefi ekkert út á hana að setja. Enn hefir sú breyt. verið gerð á frv. í Ed., að undir engum kringumstæðum megi lána fé úr einni sjóðdeild í aðra. Mér fyrir mitt leyti þykir það verra, að þetta skuli ekki vera leyft í einstaka tilfellum, t. d. ef ætti að byggja á einhverjum stað, og loforð fyrir láni væri fengið, sem kæmi á ákveðnum tíma, og þá mætti, ef byrjað væri að byggja áður en lánið væri greitt, fá slíkt lán úr öðrum byggingarfélagssjóði á meðan. En mér finnst þetta samt ekki aðalatriði, og ég legg meira upp úr því, að samkomulag fáist um að samþ. frv. Ég legg þess vegna til, að engin breyt. verði gerð á frv. og það verði samþ. óbreytt, og er meiri hl. allshn. því samþykkur.

**Thor Thors:** Ég skal ekki fara út í almennar deilur um málið. Það hefir verið rætt svo mikið við fyrri umr., að ég hygg, að öllum hv. þdm. megi vera það ljóst, hvað það er, sem verið er að fara fram á, að verkamenn úr öllum pólitískum félögum skuli vera jafnréttháir til þess að notfæra sér þau hlunnindi, sem löggjafinn hefir boðið fram með þessum l. Ég er ekki svo kunnugur störfum félagsskapar þess, sem hv. 2. þm. Reykv. er form. fyrir, að ég geti tilfært ákveðin dæmi um það, að félagsskapurinn sé rekinn flokkspólitískt, en ég hygg, að það muni fæstum blandast hugur um það, að þar sem jafnákveðinn stjórnmálamaður og hv. 2. þm. Reykv. hefir forustuna, þar muni félagsskapurinn vera rekinn með pólitísku sniði. Og ég get ekki séð neitt greinilegra tákn þess, að verið sé að gera þetta að flokksfyrirtæki Alþfl. en það, sem ég vék að í fyrri ræðu minni, og sem Alþýðublaðið hefir lýst þ. 11. nóv. síðastl. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í gær voru hin nýju hús „Byggingarfélags verkamanna“ við Hringbraut, Hofsvalla- og Ásvallagötu komin undir þök. Af því tilefni voru fánar dregnir að stöngum á öllum húsunum, voru það rauðir fánar með þremur örvum, fánar Alþýðuflokksins“. — Það virðist nú nokkuð greinilegt, að hér er um flokkstimpil að ræða, þar sem einkenni Alþfl. eru sett yfir þessar byggingar, sem reistar hafa verið, og það ekki fyrir fé Alþfl., heldur almannafé. En þessir sjóðir eiga sína tilveru því að þakka, að ríkissjóður leggur árlega svo og svo mikið fé fram til þessara framkvæmda og bæjarsjóðir annað eins, og ríkisábyrgð er látin útvega lán til þeirra.

Mér þætti ánægjulegt að heyra, hvað hv. þm. V.-Ísf. álítur um þetta, því að hann hélt því fram hér við fyrri umr. málsins, að þessi félagsskapur væri ópólitískur. Nú hefir hann séð, hvernig forráðamenn þessa félagsskapar líta á þetta, og mér þætti talsverðu gegna að heyra hans álit á þessu, að fengnum þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram um það, sem gerzt hefir í þessu máli, síðan það síðast var rætt í þessari hv. d.

Að endingu vil ég svo segja það, að ef Alþ. ætlar sér að beita valdi sínu svona einhliða, þá fer það að verða vafasamt í hugum margra manna, hvort hér sitji ekki eingöngu flokksþing, en ekki Alþ. Íslendinga.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Það var ekki neitt nýtt í ræðu hv. þm. Snæf. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að auðvitað eru þeir fánar, sem blakta við hún þegar hús eru reist, til heiðurs verkamönnunum, sem unnið hafa að því að reisa húsin, en ekki eigendunum. Þess vegna finnst mér, en það kann að vera skoðanamunur um það, að ef þeir menn, sem unnið hafa að byggingu húsanna, óska að hafa einhvern sérstakan fána, þá ráði það mestu. En annars hefir enginn eigandi íbúða komið fram með kvartanir yfir þessu, og hygg ég, að flestum hafi vel líkað. Ég sé ekki, hvernig hv. þm. Snæf. ætlar að koma í veg fyrir þetta, nema þá með því að koma almennu banni á það, að fánar séu dregnir upp við slík tækifæri, nema þá t. d. íslenzki fáninn. Það væri ekki hægt að meina hvaða byggingarfélagi sem væri að draga þá fána við hún, sem það óskaði, nema ákvæði væri um það í l., að flaggað skyldi með einhverjum ákveðnum fána. Ég hygg varla, að hv. þm. fari fram á slíkt, eða þá að það verði sett í l., að 2. þm. Reykv. megi alls ekki vera formaður í bygg-

ingarfélagi, því að auðvitað kjósa meðlimir byggingarfélagsins á hverjum tíma þann mann til formanns, sem þeir treysta bezt í það sæti, og án þess að taka tillit til þess, hvort maðurinn er pólitískur eða ekki. Ég fyrir mitt leyti hefi haft mikla ánægju af því að standa fyrir þessum samtökum alþýðunnar um öflun eigin íbúða og sjá þessar miklu byggingar rísa fyrir mátt samtakanna. Ég hefi enga löngun til þess að gera íhaldinu það til geðs að neita nú um aðstoð mína við alþýðu manna í þeim málum, ef félagsmenn óska hennar.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Það var beint hér til mín fyrirspurn viðvíkjandi þeim fánum, sem dregnir hafa verið upp við reisugildi verkamannabústaðanna nýverið. Ég get ekki tekið það sem neina sönnun fyrir því, að félagið sé pólitískt, þó að einhverjir tilteknir fánar hafi verið dregnir upp við þetta reisugildi. Mér virðist það eðlilegast, að tekið sé tillit til þeirra verkamanna, sem byggt hefir verið fyrir, um það, með hvaða fánum skuli flagga, og þá fyrst, þegar verkamanni, sem á part af byggingunni, er neitað um að draga sérstakan fána upp, sem hann óskar eftir að flagga með við hátíðleg tækifæri, teldi ég um pólitiska misbeitingu að ræða. Ef verkamenn vilja flagga með rauðum flöggum með þremur örvum, þá sé ég ekki ástæðu fyrir stjórn fyrirtækisins að neita þeim um það, en hinsvegar þætti mér bezt við eiga, að allir flögguðu með íslenzka fánanum og að hann yrði meira notaður en nú er.

Mín afstaða til þessa máls er ákveðin af því, að ég er sannfærður um, að núv. byggingarfélag fyrir Reykjavík er ekki pólitískt. Og það hafa engar sannanir komið fram frá því að þetta mál var síðast rætt hér í d., sem benda til annars. Þar sem ég veit, að félagið er ópólitískt og að öllum er heimilt að ganga í það, sem þess óska, og félagið ræður sjálft, hvaða stjórn það kýs, þá get ég ekki tekið tillit til þeirra manna, sem ekki vilja vera í byggingarfélagi, þar sem hv. 2. þm. Reykv. er formaður. Við þessa menn vildi ég segja, að það er einmitt þessum þm. mest að þakka allra einstakra manna, að þið eigið kost á að byggja bústaði sem þessa. Á undanförnum þingum hafa jafnaðarmenn haft forustu um það, að fá þessa hjálp úr ríkissjóði og bæjarsjóðum, og afleiðingin af því er svo sú, að það ber mest á þeim í stjórn félagsskaparins, a. m. k. í upphafi, meira en þeim, sem hafa veitt málinu andstöðu. Þegar frá líður breytist þetta, og hv. 2. þm. Reykv. hefir ekki neinn sérstakan rétt til þess að vera alltaf formaður félagsins. Það fer eingöngu eftir vilja félagsmanna. Það jafnrétti, sem félagsmenn hafa á þann hátt, nægir mér hvað þetta snertir, og mín afstaða er óbreytt frá því, sem verið hefir.

**Thor Thors:** Kjarni þessa máls er í raun og veru sá, að hér í Rvík hefir verið stofnað byggingarfélag með 350 mönnum, sem fellur undir þessi l., sem hér um ræðir, mönnum, sem óska þess að mega hafa sinn sérstaka félagsskap, en vilja ekki byggja með því sniði, sem hv. 2. þm. Reykv. vill vera láta, og vilja ekki lúta forustu hans í þessu máli. Nú er aðeins spurt um þetta: Ætlar Alþ. að drepa þennan félagsskap eða lofa honum að lifa áfram? Ég fæ ekki séð, hvaða ástæða er til þess að meina þessum mönnum að notfæra sér þessi hlunnindi, sem í þessari löggjöf felast. Það er heldur engin ástæða til, nema sú, að sósíalistar hér á þingi vilja koma þessum málum algerlega undir sína stjórn. Þetta vita allir hv. þdm., og líka þeir, sem koma hér með yfirklórsástæður. Þeir verða að skilja það, að okkur er það ljóst, að þeirra afstaða byggist eingöngu á löngun til þess að gera sósialista hér í þessari hv. d. ánægða.

Ræðu hv. þm. V.-Ísf. þarf ég litlu að svara. Honum finnst það eðlilegt, að rauði fáninn hafi verið látin blakta yfir verkamannabústöðunum, af því að einhverjir verkamenn, sem byggðu húsin, óskuðu þess. Það eru næsta einkennilegar ástæður, ef þeir, sem vinna að byggingu húsanna, eiga að ráða því, hvaða merki þau bera, en ekki eigendur þeirra. Hér virðist hafa farið saman vilji þeirra, sem stjórna þessum framkvæmdum, og svo þeirra, sem unnu við byggingarnar, um það, hvaða merki skyldu höfð, og það bendir aftur til þess, að það sé rétt, sem hér hefir verið staðhæft, að hér sé eingöngu um flokksmenn Alþfl. að ræða. Hól hv. þm. V.-Ísf. um hv. 2. þm. Reykv. kom mér ekki á óvart, eins og nú er hagað flokkaskipun hér á landi.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Hól það um hv. 2. þm. Reykv., sem hv. þm. Snæf. segir að ég hafi verið með hér, var ekkert annað en skýrsla um það, hvernig þetta mál hefir gengið undanfarið, svo að ef þessar staðreyndir hafa verið honum til lofs, þá á hann það fullkomlega skilið. Ég játa það, að ég myndi leyfa verkamönnum, sem vilja draga rauðan fána á stöng, þar sem þeir búa, að ráða því sjálfum. Aftur á móti skilst mér það á hv. þm. Snæf., að hann sé svo flokkslega hlutlaus, að hann vildi banna slíkt. Ég get ekki skilið ummæli hans um þetta efni öðruvísi. Það er rangt, sem hv. þm. sagði, að allir verkamenn, sem eru í Byggingarfélagi verkamanna í Rvík, séu skyldaðir til þess að hafa hús sín með einhverju ákveðnu sniði, sem hv. 2. þm. Reykv. þóknast að vera láta. Það er fjarstæða, að svo sé. Þetta er aðeins slagorð, að jafnaðarmenn vilji skilyrðislaust hafa sambyggingar fyrir alla, en svo séu það aðrir, sem séu sjálfstæðismenn, sem vilji hafa sjálfstæð hús og sjálfstæð byggingarfélög. Menn þurfa ekki annað en að kynna sér tilhögun þessara mála hjá nágrannaþjóðum vorum, til þess að vita það, að í slíkum byggingarfélögum sem þessum eru allar aðferðir um gerð húsanna notaðar. Og þar eru sannarlega til sjálfstæð hús. Ég hefi komið inn í hús jafnaðarmannaforingja erlendis, sem byggt var fyrir ríkis- og bæjarstyrk, sem var rétt eins sjálfstætt eins og sjálfstæðismaður hefði átt það. Sú ein regla gildir í þessu efni í svona félögum, að fara á allan hátt eftir óskum félagsmanna um það, hvernig þeir vilja byggja, svo sem hægt er, svo að það auki ekki kostnað umfram það, sem slíkar íbúðir mega kosta.

Mínar ástæður eru alveg hreinar og klárar

og ekkert yfirklór á nokkurn hátt. Ég hefi þótzt sjá það, að hér hefir verið á ferðinni í seinni tíð einhver hreyfing um það, að skipta þessum félögum, og það í smæstu kaupstöðum. Það þarf ekki lengra að fara enn til Hafnarfjarðar, til þess að fá dæmi um þetta. Þar voru stofnuð 2 byggingarfélög, sem ekki gátu starfað saman, með því að annað félagið neitaði samstarfi við hitt. Það er það minnsta, sem hægt er að heimta, að allir flokkar geti verið í einu og sama byggingarfélagi, a. m. k. á meðan menn segja sig ekki úr l. hverjir við aðra. Ég hefi þess vegna enga samvizku út af því að fylgja því fram, að allir flokkar skuli vera í sama byggingarfélagi.

**Hannes Jónsson:** Ég tel mjög varhugaverða þá skoðun og þá stefnu, sem felst í orðum hv. þm. V.-Ísf. Hann vill þvinga menn í eitt sameiginlegt félag, og jafnvel alveg án tillits til þess, hvort skilyrði eru til eða ekki fyrir fleiri félög en eitt að starfa á sama grundvelli. Hvers vegna á þá ekki, ef gengið er inn á þessa braut á annað borð, að ganga hreint til verks og láta þetta gilda líka um allan samvinnufélagsskap um verzlun? Ég veit ekki betur en að hér í Rvík séu starfandi 2 samvinnufélög, sem reka verzlun, og því á þá ekki að skylda þá menn, sem eru í þessum samvinnufélögum, til þess að leggja annað félagið niður, eða að láta félögin starfa sameiginlega? Það er vitanlegt, að það getur oft verið arðvænlegra að hafa einungis eitt félag heldur en tvö, en þetta er svo mikil þvingun á sjálfsákvörðunarrétt manna, að það verður ekki talið rétt að framkvæma þetta. Og ég hygg, að það mundi alls ekki koma til greina, að menn yrðu þvingaðir til þess að fara inn á þessa leið. Við skulum hugsa okkur, að sósialistar næðu yfirtökunum á Akureyri, og þá yrði um leið hægt að fá því framgengt, að þar starfaði aðeins eitt samvinnufélag, samvinnufélag sósialista, þá yrði Kaupfélag Eyfirðinga að leggja niður starfsemi sína.

Ég get ekki séð það, ef slík byggingarfélög, sem hér er talað um, þrífast á annað borð í kaupstöðum og kauptúnum úti um land, að þá séu ekki möguleikar fyrir tvö byggingarfélög til þess að starfa hér í Rvík. Við skulum segja, að ef möguleikar eru fyrir byggingarfélag að starfa í Hafnarfirði, þá hljóta að vera fullkomlega skilyrði fyrir tvö byggingarfélög hér. Það er ekkert annað en yfirgangur gagnvart sjálfsákvörðunarrétti manna, að vinna á móti því, að þeir menn, sem það vilja, fái að starfa í sérstöku byggingarfélagi, þar sem skilyrði eru til fyrir fleiri en eitt byggingarfélag, og þar sem líka ekki er farið lengra út á þessa braut en að tala um tvö byggingarfélög hér í Rvík. Það er þess vegna síður en svo ástæða til þess að hafa á móti þessu. Því að þeir menn, sem halda því fram, að hér eigi aðeins að vera eitt byggingarfélag, geta ekki gengið framhjá því, að ef byggingarfélög geta þrifizt jafnvel í smæstu kaupstöðum úti um landið, þá hljóta tvö byggingarfélög að geta þrifizt hér í Rvík.

Hér er gengið inn á hreina ofbeldisstefnu, og get ég ekki liðið, að svo sé traðkað á rétti manna. Og þó þessu sé nú bara beitt gagnvart kaupstöðunum, þá á ég þess von, að þeir háu herrar muni áður en langt um líður brydda upp á samskonar ákvæðum gagnvart sveitunum. Ef þeim leyfist að ganga svona á rétt manna í kaupstöðum, veit ég ekki, hvar þetta ofbeldisbrölt þeirra endar. Hv. þm. V.-Ísf. taldi nauðsynlegt að hindra það, að félögin klofnuðu í öllum kaupstöðum landsins, en þar sem ég álít, að menn eigi að fá að ráða sjálfir félagsskap sínum, mun ég greiða atkv. með brtt. þeim, sem fela það í sér, að fleiri en eitt félag megi vera á sama stað, og er það í samræmi við fyrri afstöðu mína í þessu máli.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Húnv. gáir ekki að því, að hér er ekki um venjulegan samvinnufélagsskap að ræða. Hér er að vísu um samvinnu að ræða milli þeirra, sem þurfa að byggja, en starf félaganna er að svo miklu leyti unnið fyrir ríkis- og bæjarstyrk, að ekki er hægt að líkja þeim við venjuleg samvinnufélög, sem hvergi þiggja styrk. Ég vil benda hv. þm. á það, að ýmiskonar erfiðleikar eru á því, að hafa tvö félög á sama stað, sem bæði ættu að njóta sömu lánsmöguleika, og fleira þessháttar. Hætt er við, að árekstur yrði milli þessara félaga, þegar til kæmi úthlutun lána og lóða, og hvorugt væri nægilegt fyrir bæði félögin. Og er tvö félög færu að keppa um þessi fríðindi, og aðeins annað gæti fengið þau, er mikil hætta á, að úthlutun þeirra færi eftir pólitík. Ein bæjarstj. fylgir þessu flokksfélagi að málum, önnur hinu, og þá sömuleiðis landstj. Af þessum ástæðum er það m. a. betra, að á sama stað sé ekki nema eitt félag.Hv. þm. óttast, að ein afleiðing af þessum ráðstöfunum kunni að verða sú, að Kaupfélagi Eyfirðinga verði skipað að ganga inn í Kaupfélag verkamanna á Akureyri. Ég er nú ekki eins hræddur við það, og yrði á móti því á sínum tíma. Mér skildist, að hv. þm. teldi það vel farið, að fleiri en eitt samvinnufélag væri í sömu sveit, en þar get ég ekki verið honum sammála. Og þó að ég telji ekki rétt, að það sé bannað með l., tel ég það samt bezt, ef ekki er nema eitt kaupfélag í hverri sveit; ég teldi það mjög illa farið, ef yfirleitt yrðu stofnuð í hverju héraði kaupfélag sjálfstæðismanna, kaupfélag framsóknarmanna og kaupfélag jafnaðarmanna. Hér í bæ eru tvö kaupfélög, og í þau skiptast menn eftir flokkum. Þetta er til viðvörunar, en ekki til fyrirmyndar; það hefir þróunin annarsstaðar sýnt. Við skulum bera saman Finnland, þar sem pólitísk skipting er í kaupfélagasamböndunum, og t. d. Svíþjóð, þar sem pólitísk flokkaskipting hefir aldrei komizt inn í kaupfélögin, — enda gengur þar allt tvímælalaust betur. T. d. er aðeins eitt kaupfélag í svo stórri borg sem Stockholm er, og eru menn af öllum pólitískum skoðunum í því. (TT: Eru engar aðrar verzlanir í Stockholm?). Jú, þar eru margar sjálfstæðar verzlanir. (JakM: Er bannað að hafa fleiri en eitt kaupfélag?). Nei, en þetta hefir orðið svona, af því að íbúar borgarinnar eru svo þroskaðir, að þeir kljúfa ekki verzlunarsamtök sín vegna skoðanamismunar í stjórnmál-

um. En hér er tilhneigingin sú, að kjúlfa hvert félag niður í smádeildir, svo sterk, að ekkert þrífst hér óklofið. En hér er nú fyrir mitt tilstilli komin inn í l. heimild, sem ætti að nægja til þess að fullnægja þessari þörf í byggingarfélögum verkamanna.

**Jón Pálmason:** Ég verð að láta það í ljós, að mér finnst þetta eitt af þeim leiðinlegustu málum, sem fyrir þessu þingi liggja. En það er ekki aðeins leiðinlegt, heldur líka hættulegt, því að það stefnir að því, að afnema félagsfrelsið hér á landi. Hér er um það að ræða, hvort verkamenn í kaupstöðum mega hafa með sér fleiri en eitt félag til bygginga. Hv þm. V.-Ísf. taldi það ekki sönnun þess, að félagsskapur sá í Rvík, sem hér um ræðir, væri pólitískur, að fánar Alfl. voru dregnir þar við hún í reisugildi nýlega. Þætti hv. þm. V.-Ísf. það bera vott um ópólitískt eðli félags, ef það flaggaði með hakakrossfána við öll hátíðleg tækifæri? Nei, ég efast ekki um, að bæði hv. þm. V.-Ísf. og sósíalistarnir mundu telja þetta sönnun fyrir því, að þetta væri hápólitískt félag. — Nei, með þessum l. er verið að ráðast á almennt félagsfrelsi, og tel ég því skyldu mína að vera því andvígur.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.] Hv. þm. V.-Ísf. var að reyna að sýna fram á það í ræðu sinni, að þjóðarnauðsyn væri að útbúa l. um verkamannabústaði svo, að þau yttu ekki undir stofnun nema eins byggingarfélags. Ég vil benda á það, að með þessu er hv. þm. V.-Ísf. að færa málið yfir á annað svið en það liggur fyrir í raun og veru. Hér er um það að ræða, hvort þessi hv. d. vill standa við fyrri meðferð sína á þessu máli, áður en það fór til Ed., sem sé að gera þeim tveim félögum, sem þegar eru starfandi í Rvík, jafn hátt undir höfði. Annað liggur ekki fyrir. Enginn kaupstaður annar en Rvík er nokkuð nálægt því að hafa 10000 íbúa eða fleiri. Hér er í raun og veru um það eitt að ræða, hvort Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í Rvík á að fá að hafa gagn af l. um verkamannabústaði. — Það er sjálfsagt rétt hjá hv. þm. V.-Ísf., að hv. 2. þm. Reykv. hafi gengið mjög fram í þessu máli. Ég vil á engan hátt gera lítið úr dugnaði þessa hv. þm. En ég vil benda á það, að mestur hluti þessa dugnaðar hefir farið í að knýja út fé úr ríkissjóði fyrir þann hóp manna, sem hann hefir tekið að sér að slást fyrir. En þar með er ekki sagt, að þessi hópur eigi að hafa einkarétt á því um ófyrirsjáanlegt árabil að njóta góðs af þessum l. — Það er rétt, sem hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. V.-Húnv. sögðu, að með því athæfi Alþ., að ætla að eyðileggja félagsskap 350 verkamanna í Rvík, er verið að ráðast á félagsfrelsið í landinu. — Hv. þm. V.-Ísf. sagðist unna verkamönnum þess, að draga hvaða fána við hún sem þeir vildu. En hann vill ekki unna verkamönnum frelsis til þess að vera í hvaða félagi sem þeir óska. Og hann ætlar að vera með því að koma í veg fyrir, að Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna fái nokkur hlunnindi samkv. l. um verkamannabústaði. Þetta er undarleg mynd af því lýðræði, sem hv. þm. V.-Ísf. telur sig fylgja. Hvers vegna eru þessir 350 verkamenn að ganga í sérstakan félagsskap um byggingar? M. a. vegna þess, sem bent hefir verið á, að félag það, sem hv. 2. þm. Reykv. veitir forstöðu, hefir eingöngu byggt sambyggingar. Ennfremur hefir verið upplýst, að Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna ætlar sér að byggja einstök hús aðallega. Og mér finnst það mjög óviðeigandi að vera að gera grín að þessum mismunandi óskum manna. Og það, að menn séu að segja í sundur l. með sér, þó að tvö byggingarfélög séu hér í Rvík, er auðvitað fjarstæða. Hitt væri nær að segja, að það stefndi í þá átt, að menn segðu í sundur með sér lögum, ef haldið verður áfram að mismuna mönnum svo sem gert er í þessu frv. Eins og margoft hefir verið tekið fram, er sú meðferð á þeim 350 verkamönnum, sem eru í Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna, sem viðhafa á, ef frv. þetta verður að l., alveg óþolandi. Það á að svipta þá þeim hlunnindum, sem þeim ber að l., aðeins af því, að þeir vilja ekki ganga í félag hv. 2. þm. Reykv. Ég vil spá því, að meðferð þessa máls, að málafærslu hv. þm.V.-Ísf. ekki undanskilinni, verði talin sögulegur atburður síðar meir. Því svo ákveðið er farið hér inn á þá braut að kúga skoðana- og félagsfrelsi þegnanna. Við 2. og 3. umr. þessa máls hér í d. var mikið um það rætt, hvort félagsskapur sá, sem hv. 2. þm. Reykv. veitir forstöðu, væri ópólitískur eða ekki. Og þótt merkilegt sé, er hv. þm. V.-Ísf. enn að telja mönnum trú um, að svo sé.

En ég vildi minnast á það, sem skeð hefir milli þátta í þessum harmleik, — því að það er harmleikur, þegar á að traðka á réttindum fleiri hundruð þegna. En milli þátta hefir það skeð, að hv. 2. þm. Reykv. hefir dregið við hún 50 rauða fána á þeim byggingum, sem félag hans er að láta reisa. Ég tel víst, að verkamenn hafi ekki haft neinar sérstakar óskir í þessu efni, heldur hafi hv. þm. viljað ögra þeim, sem á Alþ. hafa barizt fyrir jafnrétti þegnanna í þessu efni, og jafnframt draga dár að þeim, sem reynt hafa að telja fólki trú um, að þetta væri ópólitískur félagsskapur. Hv. 2. þm. Reykv. gat ekki á annan hátt auglýst það betur, hver andi svífur yfir vötnunum þar sem hann ræður. Og fyrir augum allra Rvíkurbúa auglýsir hann sitt flokkslega yfirlæti með því að flagga ekki með þjóðarfánanum við hátíðleg tækifæri, heldur flokksfána sínum. Það er jafnan misviturra manna háttur, þá er þeir þykjast hafa völdin, að ögra þeim, sem minnimáttar eru; það er ekkert nýtt í veraldarsögunni. En hitt á sér líka fordæmi, að þessum herrum verður ekki valdsins auðið langa stund. Og ekki þætti mér ótrúlegt, að hv. 2. þm. Reykv. og þeir framsóknarmenn, sem gerzt hafa vikapiltar hans í þessu máli, fái sín makleg málagjöld áður en yfir lýkur.

**Sigurður Einarsson:** Hv. þm. A.-Húnv. og fleiri hv. þdm. hafa látið orð falla á þá leið, að færu l. út úr d. nú án þess að brtt. hv. þm. Snæf. verði samþ., sé þar með stefnt að því að útrýma félagsfrelsi úr landinu. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að til eru tegundir frelsis, sem

eru mönnum sáralítils virði. Og svo geta aftur vissar tegundir ófrelsis, eða takmarkaðs frelsis, verið mönnum harla mikils virði. Allir hafa hér frelsi til þess að gera út togara, koma sér upp húsum og vera í hverskonar arðvænlegum félagsskap, sem þeir vilja, en þetta frelsi er bara fyrir allan fjöldan innantóm orð og ekkert meira. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku hefir það verið viðurkennd trú, að hver drengur, sem fæddist í bjálkakofum öreiganna, gæti orðið Bandarikjaforseti. Og svona er það víðar. Og þessarar tegundar er frelsið, sem talað hefir verið um, að sé skert með þessum l. Þeim er ætlað að hjálpa verkamönnum, sem annars hefðu ekki getað það, þrátt fyrir frelsi sitt til þess, að koma sér upp húsum. Og innan byggingarfélaganna ríkir fullkomið frelsi, nú er meira að segja komið ákvæði inn í frv., sem heimilar stofnun smádeilda innan aðalfélagsskaparins. Það hefir verið upplýst, að fé, sem aflað verður í þessu skyni, er ekki meira en svo, að með hjálp þess geti eitt félag haldið uppi myndarlegri starfsemi. Og þegar það er athugað, að öllum er heimilt að vera í þessu félagi, eru allar bollaleggingar um frelsisafnám í sambandi við vilja til þess að hafa félagið aðeins eitt fallnar úr sögunni. — Ég mun ekki blanda mér í þá deilu, sem hefir risið af því hér í d., að í reisugildi verkamannabústaðanna var flaggað með rauðum fánum eingöngu. Það getur verið að það sé vegna þess, að mér séu þessi fánamál ekki eins viðkvæm og sumum öðrum. En út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði eða vildi gefa í skyn, að verkamönnum stæði á sama, hvaða fána þeir notuðu, get ég sagt honum það, að verkamenn unna sínum rauða fána, þeir skoða hann sem tákn baráttu sinnar og þeir kjósa, að hann sé dreginn að hún við hver áfangaskipti þeirrar baráttu, sem háð er fyrir bættum lífskjörum þeirra. Það er hið mesta gáleysi að gera sér í hugarlund, að þeir lúti aðeins valdboði eins manns við notkun þessa rauða fána.

Ég vil svo að lokum undirstrika það, að það er ekki til neins að vera að halda því fram, að hér sé verið að útrýma félagsfrelsi, og að ótal tegundir af svokölluðu frelsi eru ekki annað en innantóm orð, sem enga stoð eiga í veruleikanum.

**Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Það, sem hér er gert að umræðuefni í framkomu sósíalista, er ekki neitt nýtt fyrirbrigði. Þeir eru vanir að vilja sýna sinn lit, og þetta er svo annarsstaðar líka. En þar kallast þessir menn kommúnistar. Sósialistar erlendis eru víðast hvar vaxnir upp úr þeirri heimsku, ofsa og áleitni, sem alþýðuforingjarnir hér beita. Hér eru þeir börn í lögum í þessu efni, eins og oft hefir gefizt tækifæri til að sýna. Það er ekkert undarlegt, þó að þeir vilji ráða yfir verkamannabústöðunum hér, því að það er algengt í prédikunum þeirra, að þeir telji sig eiga Rvík, eða a. m. k. ætli sér að eignast hana. Það er eðlilegt, að hv. 2. þm. Reykv., sem ætlar sér að verða 1. þm. þeirra, vilji flýta sér að kúga alla undir sinn rauða fána, undir sitt einræðisvald. En það er ekki eðlilegt, að Alþingi, sem er að meiri hl. skipað allt öðrum mönnum en ofbeldisdýrkendum sósialista, gangi hér í lið með þessum hv. þm. til að fremja þá athöfn, sem hann er hér að ýta á eftir. Það hefir verið tekið fram hér áður í sambandi við önnur mál, að það gegnir hinn mestu furðu, að menn ofan úr sveitum, sem hafa boðið sig fram sem fulltrúar frjálsra manna, skuli fást til að leggjast í ánauð hjá þeim sósialistum þessa bæjar, sem nú vaða uppi. Við höfum haldið, að töluverður hluti af þm. Framsfl. mundi ekki vilja beygja sig undir þetta ok, ef hann er sjálfráður og vill fara að óskum kjósenda sinna. En þessir menn virðast nú ofurseldir sósialistum, og það mun koma á daginn síðar, að þeir sjá, að þeir hafa farið of langt og verða því annaðhvort að stiga sporið til fulls eða hörfa til baka. Það er kunnugt, að út um allt land er unnið ósleitilega að því að kúga allt sjálfstæði úr verkamönnum og gera þá að sósialistum. Hér er rauðum örfafána veifað yfir húsþökum byggingarfélagsins, og svo er sagt, að allir geti haft þar sínar skoðanir, fengið inngöngu í félagið og fullt jafnrétti. En það verður annað upp á teningnum þegar í félögin er komið. Ekki er fundur svo auglýstur í verkalýðsfélagi, að ekki sé örvamerkið á fundarboðinu. Og það er ekki merki verkamannanna, hldur sósíalista. Blóðfáninn er ekki fáni verkamanna, heldur kommúnista. Ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. telur rétt að kúga alla verkamenn undir hið sósíalistiska ok. Þetta er að vísu ekki nýtt, og það er meira að segja orðið úrelt annarsstaðar, eins og ég drap á. En það er nýtt hér á Alþingi. Hv. þm. V.-Ísf. linnir ekki látum að verja sósíalismann eftir þeim skilningi, sem hann hefir á honum. Hann linnir ekki látum að prédika það, sem hv. 2. þm. Reykv. þykist vaxinn upp úr að prédika, og hann lætur ekki sjá hnefaréttarstefnu hv. 2. þm. Reykv. Hann talar eins og saklaust barn, sem ekki er farið að hafa nein kynni af lífinu. Hann segist hafa kynnt sér aðferðir sósíalista úti í heimi. Sá lærdómur hans hefir þá verkað eins og vatni væri stökkt á gæs, því að hann er jafnmikið barn eftir sem áður, þar sem hann heldur því fram, að verkalýðsfélögin séu ópólitísk. Verð ég að segja, að mér þykir þetta undarlegt um svo greindan mann. Hann talaði um, að ef félögin yrðu tvö, þá væri hætta á, að póltík kæmi með í spilið. En honum er vel kunnugt, að þeir, sem stofnuðu síðara félagið, vildu ekki ganga undir pólitískt ok hv. 2. þm. Reykv. og verða því útilokaðir frá þeim hlunnindum, sem hér er um að ræða, ef Alþingi vill einskorða þennan félagsskap við vald þessa sama þm. Tal hans um kaupfélögin í þessu sambandi var alveg út í hött. Hann tók til dæmis, að aðeins eitt kaupfélag væri í Stokkhólmi. Ég skal ekki þræta um það, þó að mér þyki það ótrúlegt. En vitanlega er þar ótölulegur grúi annara verzlana, og ef kaupfélag er þar aðeins eitt, gefur það bendingu um, að það hafi fengið mjög fljótt á sig ákveðinn pólitískan lit. Það hefir sýnt sig, að verkamenn hafa ekki séð sér fært að vera í samvinnufélagsskap með öðrum mönnum. Kaupfélögin voru

stofnuð áður en samtök verkamanna hófust, en verkamenn hafa ekki viljað vera í þeim, heldur stofnað félög út af fyrir sig, af því að félög þeirra eru vísvitandi pólitísk. Forkólfar sósíalista geta ekki hugsað til að vera í kaupfélögum nema því sé yfirlýst, að þau fylgi stefnu sósíalista í pólitík. Allt sannar það, að sósíalistar reka engan félagsskap nema á pólitískum grundvelli. Hv. þm. sagði, að rauði fáninn væri ekki sérmerki byggingarfélagsins, og hann vildi bera í bætifláka fyrir notkun hans með því, að meiri hl. þeirra verkamanna, sem byggðu, hafi viljað þetta. Þetta er mjög einkennileg skýring. Meiri hl. vill þetta, og þá er sjálfsagt, að hann fái að sýna blæ sinna skoðana. Í slíkum tilfellum má ekkert frelsi komast að. Ef meiri hl. vill veifa rauða fánanum, þá verða hinir að beygja sig undir þann vilja. Hnefinn á að ráða fyrst og fremst. Það er augljóst mál, að hér er um að ræða pólitískt félag, sem sósíalistar vilja láta kúga aðra undir, og Alþingi verður sennilega við þeirri ósk. Hér hefir verið gerð tilraun til að bjarga nokkrum mönnum undan hnefa sósíalismans, svo að þeir mættu vera frjálsir enn um stund. Nú skera atkv. úr. En það mun þykja minnisverður atburður og verða í frásögur fært, ef Framsókn þegar á þessu þingi stígur til fulls það spor, að kasta sér algerlega í faðm sósíalista.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að hér væri ekki um venjulegt samvinnufélag að ræða, *af því að það nyti svo mikils* styrks frá ríkinu. En ég skal benda á annan samvinnufélagsskap, sem ekki hefir verið settur í neinar viðjar, og á ég þar við mjólkurbúin fyrir austan fjall. Þau hafa starfað hlið við hlið og fengið styrk úr ríkissjóði. Ég hefi heyrt suma halda því fram, að þarna ætti að vera aðeins eitt bú, en löggjafinn hefir ekki viljað hindra, að þau væru fleiri, og á þessu þingi hefir verið búið svo um, að þau fengju sömu aðstöðu. Það hefir að vísu heyrzt, að sumir vildu leggja Mjólkurbú Ölfusinga niður og þvinga það inn í hitt búið. En það hefir ekki verið gert ennþá, og það hefir fengið sama rétt. Hv. þm. V.-Ísf. heldur því fram, sem rétt er, að það væri ákjósanlegast, að aðeins eitt félag væri á hverjum stað. En meðan menn eru ekki svo samstæðir, að það geti gengið, virðist ekki ástæða til að hindra stofnun fleiri félaga. Samvinnufélagsskapurinn er hér í tvennu lagi, einnig á Akureyri og í Vestmannaeyjum, og víst á fleiri stöðum. Ég er því sammála, að gott gæti verið að hafa hér samstarf, en slíkt á ekki að vera lögþvingað.

Hv. 9. landsk. talaði um hið ótakmarkaða frelsi manna, menn gætu gert út togara, byggt hús, verið í félögum o. s. frv. Það var gott, að þetta dæmi var nefnt, því að ef til vill liggur sú hugsun hér á bak við, að ef hér risi t. d. upp eitt samvinnufélag til þess að gera út togara, þá mætti ekki stofna annað í sama skyni, heldur aðeins þetta eina. En með slíkri stefnu væri verið að færa athafnalífið í svo þröngar kvíar, að brýn nauðsyn væri að sporna á móti því strax hér á Alþingi. Mér er kunnugt um, að oft hefir verið rædd meðal samvinnumanna sú hætta, sem af því gæti leitt, að annað félag risi upp á sama sviði. En menn eru svo víðsýnir þar, sem samvinnufélögin hafa náð mestum þroska, að þeim hefir ekki dottið í hug að fara fram á styrk frá löggjöfinni til þess að hindra það, enda munu slíkir fjötrar helzt settir þar, sem samtakakrafturinn er minnstur, í því skyni að kenna mönnum að vinna eftir valdboði. En ef ekki er hægt að láta samvinnufélögin þroskast innan frá, þá er það ekki hægt svona. Ég hygg, að ef skilyrði eru fyrir tvö félög hér, gæti það orðið til bóta að ýmsu leyti. Það mundi verða ríkari hvöt fyrir stjórnir þeirra að gera meðlimi sína ánægða, með því að sína óhlutdrægni í starfinu, með því að laða menn að í stað þess að hrinda þeim frá.

Hv. þm. V.-Ísf. talaði um, að erfitt kynni að verða með úthlutun lóða o. fl. og hætta gæti verið á hlutdrægni frá hálfu bæjarstj. En ef menn eru hræddir við slíka hlutdrægni, er rétt að athuga, hvort ekki kynnu að vera gróðrarskilyrði fyrir slíkt, þó að félagið væri aðeins eitt. Ég er hræddur um, að sumir kynnu að verða svo sinnaðir, að þeir vildu fyrst og fremst halda völdum sínum í félaginu og hirtu þá minna um að hlynna að andstæðingum sínum innan félagsins.

**Jón Pálmason** [óyfirl.]: Hv. 9. landsk. gaf mér tilefni til að segja nokkur orð. Hann talaði mjög hógværlega, og ég mun leitast við að svara *í sama tón. Hann byrjaði ræðu sína með því* að tala um ýmsar tegundir frelsis, sem betra væri að hafa ekki. Ég held, að ef um mannlegt frelsi er að ræða, sé ekkert til, sem ekki er betra að hafa heldur en bundnar hendur. Það er rétt, að til er frelsi, sem ekki kemur mönnum að gagni, atvinnulausum manni er ekki gagn að atvinnufrelsi, og ekki bóndanum, sem ekki hefir ofan í sig eða sína. Hv. þm. sagði í sambandi við þetta mál, að hér væri ekki um að ræða neina afarkosti, heldur hjálp til manna, sem fengju lán eða styrk til að byggja yfir sig. En nú er þess að gæta, að hjálpin, er einstaklingar njóta, er ekki veitt á réttan hátt, ef takmarkið er um leið pólitískt frelsi manna eða athafnafrelsi. Það hefir komið í ljós og látið meira á sér bera á þessu þingi en nokkru sinni fyrr, að gengið er inn á þá braut að nota ríkisvaldið til að kúga menn inn á aðrar brautir en þeim eru geðfelldar. Það er vitaður hlutur, að hér eru boðin glæsileg kjör, sem eðlilegt er að sem flestir vilji verða aðnjótandi, en ég dæmi það hart, þegar sú leið er farin að ætla um leið og menn geta notið glæsilegra kjara að kúga þá undir vissa pólitíska stofnun. Þetta er of langt gengið og er álíka óeðlilegt og þegar í sambandi við kjötlögin var bannað að stofna ný samvinnufélög nema með leyfi verðlagsnefndar. Eitt dæmið enn er um vinnumiðlunina; þar er líka gengið of langt, þegar ríkisvaldið ætlar að koma í veg fyrir, að menn fái að njóta frelsisins. Þessi stefna lætur ákaflega mikið á sér bera hjá skoðanabræðrum hv. 9. landsk. og samstarfsmönnum þeirra hér á þinginu. Það er auðséð, að nota á út í yztu æsar þá

hjálp, sem ríkið býður bágstöddum einstaklingum eða stéttum til pólitískrar kúgunar, sem er mörgum að eðlilegum hætti ógeðfellt. Það lýsir sér því fullur hugur þessara flokka til *félagslegrar kúgunar og að binda alla sem fastast* í félagslegum skorðum á næstu tímum. Ég tel þetta ákaflega hættulegt fyrirbrigði eins og nú standa sakir.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Það hefir ædimargt verið sagt síðan ég talaði síðast, en ég sé ekki ástæðu til að svara því nema í einu lagi og með fáum orðum. Hv. þm. V.-Sk. sagði, að ég héldi því fram, að sósialistar væru ópólitiskir. Þetta mun hann hafa dregið út af því, að ég hefi haldið því fram, að byggingarfélag gæti verið ópólitískt, þó hv. 2. þm. Reykv. væri formaður þess. Nú er hv. þm. V.-Sk. þm. Sjálfstfl. og sýslumaður um leið. Vill hann þá fallast á að hann sé pólitískur sýslumaður? Það liggur beint fyrir, ef hann álítur, að hv. 2. þm. Reykv. vinni öll hlaupastörf pólitískt. Ég vil halda því fram, að hv. 2. þm. Reykv. geti unnið ópólitísk störf, og að það sé a. m. k. mögulegt fyrir hv. þm. V.-Sk. að vera ópólitískur sýslumaður.

Hv. sessunautuur minn, þm. Vestm., sagði með miklum þjósti — sennilega ópólitískum —, að *ég drægi dár að mönnum*, eða að því, að menn vildu bjarga sér, t. d. eignast hús. Þetta er mjög óréttmætt, en ég dreg dár að því, að þeir þurfi að vera í tveimur félögum, öðru til að byggja sambyggingar, en hinu sérbyggingar. Ég held, að þeir dragi dár í þessu máli, sem telja, að menn geti ekki átt samleið í því að leita eftir fjármagni, er þeir þurfa yfir að ráða til framkvæmda. Ég hygg, að það séu því aðrir hér í deildinni, sem dregið hafa frekar dár að verkamönnum og þeirra málum heldur en ég. Ég ætla ekki að rekja ræður hv. þm., heldur draga rökin saman í eitt. Ég verð að segja það, að ég sé ekki, að um neina kúgun sé að ræða, þó félagið sé aðeins eitt á hverjum stað, sem að þessum málum starfar. Það er öllum heimilt að ganga í það og öllum heimilt að byggja eftir eigin óskum. Menn mega skipta sér í deildir eftir þörfum og óskum.

*Ég hefi átt tal um þetta við fleiri en Alþýðu*flokksmenn. Ég átti tal við einn merkan sjálfstæðismann í þessari hv. d. um brtt. mínar, og það var hann, sem benti mér á það, að ná mætti sama tilgangi með því að skipta félaginu í deildir eins og að hafa þau fleiri. Þetta sagði hann ekki af því, að hann væri Alþfl.-maður, heldur af því, að við töluðum saman í bróðerni, en ekki hér í deildinni til að espa hvor annan, eða espa menn hvern á móti öðrum. Þó að hv. þm. V.-Húnv. þyki það undarlegt, þá mega menn hafa hvaða pólitíska skoðun sem vill í þessu félagi, og kjósa hvern, sem þeir vilja helzt, í stjórn, hvaða pólitíska skoðun sem þeir hafa. En mér virtist hann tala út frá því, að allir þyrftu að vera jafnaðarmenn til að geta gengið í félagið. (**JónP**: Nei, nei!) Mér virtist þetta, en ég vil benda á, að ekki ein einasta kæra eða ádeila hefir komið fram um hlutdrægni í þessu félagi. Þetta er nú fortíðin. Ekki er hún verri en svo; þetta er öll þvingunin. Ég vil nú spyrja, hvaða orð þessir hv. þm. ætla að brúka á þorranum, ef eitthvað kynni að harðna. Um fyrstu till. eru allir sammála, að það sé *einn sjóður fyrir allt landið* eða öll félögin. Er þetta þá ekki líka kúgun, að félögin skuli ekki vera frjáls að því að fara sínar eigin leiðir að leita láns? En þingheimur er allur sammála um að beita þessari kúgun og fela einni stjórn að útvega lánsféð. Ég fylgi þessu eins og aðrir, af því ég veit, að það er bezt. Hv. sessunautur minn til vinstri — þó þeir séu raunar báðir til hægri í vissum skilningi — tók dæmi af mjólkurbúunum hér fyrir austan fjall. Ég tel, að það hefði verið miklu heppilegra, að það hefði verið eitt bú, því um það verður ekki deilt, að það hefir valdið þeim miklum örðugleikum fyrir austan, að búin eru tvö. (**HannJ**: Hvernig er löggjöfin? Því er þetta ekki bætt?). Sú stjórn, sem þá sat að völdum, lánaði til tveggja búa, sem aldrei skyldi verið hafa og allir sjá nú, að var vitlaust. Og þegar kemur till. um, að mjólkurbúið verði aðeins eitt, þá *mun ég fylgja því*. En það er bara sá hængur á, að ef sameina á búin, þarf ríkið að borga töluvert fé fyrir sína milligöngu, af því að menn á þessu svæði höfðu frelsi til að stofna tvö félög, sem margir þeirra nú vildu kippa í *lag, ef þeir ættu kost á því*. Það er líka svo nú, að annað búið — Mjólkurbú Flóamanna — gæti unnið alla mjólkina án þess að bæta við starfskröftum.

Það er líka hægt að spara annað í þessu sambandi; þá þyrftu bílarnir ekki að aka langa leið framhjá öðru mjólkurbúinu til að komast að hinu, sem var reist aðeins fyrir einhvern klíkuskap. Það var því gott, að hv. þm. V.-Húnv. minntist á þetta dæmi, það sýnir glöggt, að ekki er allt komið undir frelsinu um atvinnu og verzlunarfélög.

Ég býst við, að við gætum allir verið sammála um — að undanteknum nokkrum þm. Reykv. —, að heppilegast væri að skipa þessum búum í eitt félag, og það verður samþ. líka með atkv. þessa hv. þm. Svona getum við fundið mörg dæmi. Hv. þm. var að bera þetta saman við togarafélag, þetta væri sama og að banna fleiri *en einu félagi að kaupa og reka togara*. En sá er munurinn, að þar er um framleiðslufélag að ræða. (**HannJ**: Er það ekki líka um mjólkurbúin?). Og þó að þeir ausi af sömu miðunum, geta þeir farið sína götu, t. d. um lánsmöguleika. Þetta er því ekki sambærilegt. Ég veit líka, að þegar þessi eldur er slokknaður — sem lifir meira á annari olíu en hægt er að pressa út úr þessu máli —, þá sýnir dómur sögunnar, að ég hefi á réttu að standa í þessu máli. Það hefir verið veifað hér framan í mig rauðu dulunni, en ég skal játa það, að hún hefir ekki sömu áhrif á mig og suma aðra.

**Sigurður Kristjánsson** [óyfirl.]: Það væri í raun og veru eðlilegt, að ég kveddi mér hljóðs, þar sem þetta mál snertir svo mjög það kjördæmi, sem ég er umboðsmaður fyrir. En það standa nú svo sakir, að málið má telja útkljáð, og hefir því ekki aðra þýðingu að tala í þessu

máli en að láta skoðun sína í ljós. Maður veit, að þegar um er að ræða að veita einhverju máli andstöðu hér, þá kemur til sögunnar annað félag í þessari hv. deild; það er handjárnafélag sósíalista, sem ekki leyfir mönnum að róta sér. Mér þykir undarlegt, að sumir hv. þm. Framsóknar utan af landsbyggðinni skuli hlaupa til handa og fóta og banna Rvíkingum að hafa tvö byggingarfélög. En það verður skiljanlegt, þegar athugað er, að hér er félag handjárnamannanna, sem þrælfjötrar menn, svo að þeir mega ekki spyrja samvizku sína ráða um hlutina. Mér kom til hugar þegar hv. þm. V.-Ísf. var að tala um mjólkurbúin, að það er ekki ólíkt því og þegar menn, sem settu í kvíar, seldu á leigu búpening sinn, eða þá á annan hátt tóku búpening til nytjunar. Var þá sú skipan á höfð, að búpen. var tekinn loðinn og lemdur í fardögum og skilað að hausti ásamt 7 mörkum smjörs og einhverju af skyri. Ég veit ekki, hverju skilað verður af smjöri eða skyri eftir þennan hv. þm., en hitt veit ég, að eftir munu liggja kvíaspörð nokkur, honum til lítils sóma.

Ég get tekið undir með hv. þm. Vestm., að þegar maður sér, að einhverju máli eru ráðin úrslit fyrirfram, leiðist mér þegar menn eru með yfirdrepsskap og eru sífellt að tala um, að þeir ætli engan að kúga, standa með silkiandlit og berja sér á brjóst. Það er undarlegt skapferli, að geta talað af þvílíkri hræsni. Það er öllum vitanlegt, að með þessu er blátt áfram verið að banna að lána öðrum félögum til bygginga en félögum sósíalista. Það þýðir ekki að ætla sér að blekkja með því, eins og hv. 9. landsk., að það sé verkamönnum að kenna, að rauði fáinn blakti yfir verkamanna bústöðunum. Þeim þykir ekki vænna um rauða fánann en aðra fána; það eru bara nokkrir menn í gapastokknum hjá foringjunum, af því hann minnir á blóð og hryðjuverk. Ég er alveg viss um, að flestir verkamenn virða íslenzka fánann meira; það er aðeins viss hópur manna, sem gengst fyrir landráðastefnu í landinu, er rægir og lítilsvirðir íslenzka fánann, tákn þjóðarinnar, en það eru ekki verkamennirnir, heldur þeir menn, er traðka rétti þeirra og láta ekki verkamennina sjálfráða, hvar þeir búa eða hvar þeir vinna. Allt þeirra tal um réttlæti er skinhelgi og hræsni. Hér er um að ræða, hvort Alþ. slær því föstu, að fjárveitingar ríkisins til bygginga renni í sjóði jafnaðarmanna eða ekki.

En afleiðingin af þessari framkomu þeirra verður sú, að þegar þeir missa völdin næst, þá verða þeir beittir sömu tökum. Þeir verða að skilja það, að þegar þeir beita sér fyrir því, að engir skuli fá lán aðrir en þeir, þá viðurkenna þeir, að sama gildir þegar aðrir taka við.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en aðeins endurtaka það og undirstrika, áður en máli þessu er ráðið til lykta á Alþingi, að þetta leiðir til ills eins, ekki aðeins fyrir þá, sem nú eru bornir atkv., heldur líka fyrir þá, sem sósialistar þykjast berjast fyrir, verkamennina, því þeir mega búast við, að „eins og þú mælir öðrum mun þér og mælt verða".

**Sigurður Einarsson:** Hv. þm. V.-Ísf. tók að miklu leyti af mér ómakið, því í ræðu hans var margt það framtekið, er ég hefði óskað. — Hv. þm. V.-Sk. komst svo að orði, ef ég man það rétt, að ef brtt. á þskj. 513 yrði felld, þá væri verið, eins og hann sagði, — og ég læt mér vel sæma að taka upp hans orð, því hann er maður málsnjall — að bjarga skottinu af málinu. Það er grunur minn, að hv. þm. V.-Sk. hafi af sinni miklu framsýni séð, að Sjálfstfl. yrði eins og refurinn skottlausi í þessu máli. Ég held það sé alveg rétt. En það má bæta því við, að hvernig sem um þetta skott fer, þá er þessi flokkur þó líkur þessari mætu skepnu.

Hv. þm. V.-Húnv. fór nokkrum orðum um þetta margumtalaða frelsi. Þeir menn eru til, sem rjúka upp til handa og fóta og tala um, að verið sé að skerða frelsi þessa og hins, ef einhverju þjóðþrifafyrirtæki á að hrinda í framkvæmd. Þeim mönnum ferst eins og þeim, sem hrópa: „eldur! eldur!" þar sem enginn eldur er. Frelsi er einskisvirði fyrir þá, sem ekki hafa aðstöðu til þess að njóta þess. Þetta veit fólkið líka. Sérhver verkamaður, sem getur eignazt bústað eftir þessum lögum, vill það heldur en gleðina yfir því frelsi að geta búið í „sjálfstæðu" húsi. Ekki sízt, þegar hann má haga fyrirkomulagi byggingarinnar eins og honum sjálfum þóknast. Það hefir aðeins einn drengur fæðzt í bjálkakofa, sem hefir flutt í „hvíta" húsið.

Ég sýndi fram á það í minni fyrri ræðu, hvernig byggingarmálum verkamanna ætti að vera háttað. Hver einasti maður getur gengið í félagið, getur kosið sér stjórn eða sett hana af sé hann óánægður með hana. Þetta „ófrelsi" er eingöngu fólgið í því, að verkamenn verða að leita til lánsstofnunar.

Svo er það atriði, að eigi megi vera nema eitt félag á hverjum stað. Hv. þm. A.-Húnv. virtist hafa skilið þessi orð mín um frelsi betur heldur en „kollega" hans í V.-Húnv. sýslu. Hann komst svo að orði, að með jafnglæsilegum kjörum væri verið að binda verkamenn undir yfirráð vissrar pólitiskrar stefnu. Þetta er mesti misskilningur. Það ræður engin sérstök pólitísk stefna yfir þessum verkamannabústöðum. Mönnum er fullkomlega frjálst að skipa sína stjórn eftir vild, eins og ég er oft búinn að taka fram.

Það er óhætt að slá því föstu, að ekkert hefir komið fram í þessum umr., sem gerir það nauðsynlegt, að samþ. sé brtt. á þskj. 513. Það hefir ekkert nýtt komið fram í þessum umr. annað en það, sem hinn málsnjalli hv. þm. V.-Sk. sagði um þetta mál, að það þyrfti að bjarga skottinu. Ég skil þetta þannig, að Sjálfstfl. þurfi að ganga með ljós í rófunni í þessu máli. Þeir, sem greiða atkv. með till. á þskj. 513 af þessari röksemd, geta ekki séð Sjálfstfl. ganga svo afturstuttan í þessu máli, eins og hann hefir undanfarið unnið til. Hann hefir nagað aftan af sér í þessu máli, eins og refurinn skottlausi.

Hv. 6. þm. Reykv. vildi láta úrslit þessa máls velta á fánanum. Það hefði þótt saga til næsta bæjar, ef afstaða manna til þessa máls færi eftir því, hvort einhver tiltekin tegund fána blakti yfir höfðum þeirra eða ekki. Væri svo, þá

væri þetta komið inn fyrir landamæri þess broslega.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ef frv. er borið saman við gömul lög, komast menn að raun um, að eina raunverulega breyt. er sú, að í þessum lögum er ekki heimilað að veita nema einu félagi þau hlunnindi til fjár úr þeim sjóði, sem fyrir hendi er á þeim stað, sem um er að ræða, samkv. þessu nýja frv.

Mér er það nokkurt undrunarefni, að sósialistar skildu þetta ekki, sérstaklega hv. 2. þm. Reykv., sem hv. þm. V.-Ísf. hrósar fyrir mikinn áhuga í þessu máli. Hvers vegna hefir þessi hv. þm. og flokksbræður hans ekki séð aðra nauðsyn á þessu en að takmarka það við eitt félag? Þeir segja ef til vill, að ekki sé þörf á fleiri félögum. Það er rangt. Það má gera ráð fyrir, að upp kunni að rísa fleiri félög. Það hafa undanfarið a. m. k. 2 kaupstaðir haft 2 félög hvor. Þess vegna er það fullkomlega ljóst, að eini tilgangurinn með flutningi þessa frv. er að koma í veg fyrir, að Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna hér í Rvík geti starfað. Ég hefi tekið eftir því, að þessu er ekki lengur mótmælt.

Þeir, sem þekkja starfsemi hv. 2. þm. Reykv., þurfa ekki að gera tilraun til þess að telja neinum trú um, að hans stjórn á þessu félagi, frekar en öðrum, sé ópólitísk. Það er öllum lýðum ljóst, að hv. 2. þm. Reykv. beitir sinni aðstöðu sem form. fyrir þessu fyrirtæki pólitískt. Hann gerir það því fremur, sem hann hefir yfir meiru fé að ráða. Það eru veittar 120 þús. kr. á ári til verkamannabústaðanna.

Í þessu sambandi vil ég minnast á það, að það er slæm röksemdafærsla hjá þeim hv. þm., sem telja, að þetta fé sé ekki meira en handa einu félagi. T. d. í Hafnarfirði eru veittar 12000 kr. árlega til verkamannabústaða, en undir þessa heimild falla 2 félög, og annað þeirra er þegar tekið til starfa. Fyrst eitt fél. getur starfað í Hafnarf. með 12000 kr. styrk, þá ættu 2 að geta starfað í Rvík með 120 þús. kr. styrk.

Þessi rök hv. þm. V.-Ísf. eru einskis virði og borin fram einungis sem afsökun fyrir það atkv., sem hann hefir gefið í þessu máli.

Svo er það alls ekki bæjarstj. í Rvík, sem úthlutar þessu fé, og ekki heldur ríkisstj., heldur er það sérstök sjóðstjórn. Það má gera ráð fyrir því, að ef viðkomandi sjóðstjórn álítur ekki praktiskt að veita nema einu félagi lán, þá muni hún ekki gera það, enda þótt 2 félög séu starfandi. Heimild í lögum til þess að 2 félög geti notið þessara hlunninda veitir félögum út af fyrir sig ekki meiri rétt en þann, sem er innan við takmörk þess praktiska, og það praktiska finnur stjórn sjóðsins út á hverjum tíma og veitir aðeins öðru félaginu lán, ef hún álítur, að hún tapi á því að veita 2 lán. Heimildin út af fyrir sig skapar félögunum ekki þann rétt, að þau eigi undir öllum kringumstæðum kröfu á að fá fé. Þetta eitt út af fyrir sig sýnir það, að þeir, sem að þessu frv. standa, eru bara að lögbinda það, að aðeins eitt félag njóti þessara hlunninda, því ef heimildin væri fyrir tvö félög, þá gæti hver sjóðstjórn ekki annað en veitt báðum fél. nokkurt fé. Það hlýtur að stafa af ókunnugleika hv. þm. V.-Ísf. til þessa frv., ef hann heldur því fram, að milli bæjarstjórna og ríkisstj. verði einhver togstreita um, hverjum lána skuli þetta fé. Því hvaða vald hafa bæjar- og sveitastj. til þessa? Sjóðstj. ein ákveður þetta. Það getur aðeins verið togstreita innan sjóðstj. sjálfrar um þetta atriði. Ég get ekki séð, hvernig slíkur ágreiningur getur risið upp innan sjóðstj., ef hún er pólitískt einlit.

Þegar verið er að deila um það, hvort félag sé pólitískt eða ekki, þá skiptir það vitanlega mestu máli, hvort stj. félagsins er pólitísk eða ekki, og hvort hún beitir sínum pólitísku áhrifum á þá, sem eitthvað eiga undir þessa stj. að sækja. Allir vita að hv. 2. þm. Reykv. beitir pólitískri afstöðu sinni í öllum þeim málum, sem snerta hag verkamanna. Það, sem mestu máli skiptir í þessu tilfelli, er vitanlega það, að stj. verkamannabústaðanna starfar undir forustu þessa manns og er þess vegna pólitísk. Ef menn vilja ekki ofurselja sig þessu valdi, þá kjósa þeir frekar að vera í öðrum félagsskap, en það hafa menn gert með því að ganga í Byggingarfélag sjálfstæðra verkamann. Samkv. 69. gr. stjskr. hafa menn rétt til þess að stofna félög í sérstökum löglegum tilgangi, án þess að sækja um leyfi til þess. Hér er verið að reyna að banna með löggjöf, að Byggingarfél. sjálfst. verkamanna geti verið við lýði sem félag. Það er ekki hægt að banna það með lögum. En það er hægt að svipta það þeim möguleikum, sem það hefir til þess að njóta hlunninda laga um verkamannabústaði. 69. gr. stjskr. verndar þennan félagsskap, eins og önnur félög. En tilveruréttur þessa félags er raunverulega eyðilagður með þessum lögum. Þetta er því brot á anda stjskr., þótt orðalagið sé ekki beinlínis brotið.

Það er athyglisvert, að þessi lög gilda aftur fyrir sig. Ég veit ekki betur en að þeirri reglu hafi verið fylgt hingað til, að þau lög, sem frá hv. Alþ. hafa komið, hafi verið þannig sniðin, að þau hafa ekki tekið þann rétt af einstaklingum og félögum, sem þau höfðu áður öðlazt á löglegan hátt. En félag sjálfst. verkamanna er stofnað á fullkomlega löglegan hátt og hefir samkv. lögum, sem áður giltu um verkamannabústaði, kröfu til þess að njóta þeirra réttinda, sem lög um verkamannabústaði þá veittu. Með þessum lögum er þetta félag, sem stofnað var í trausti þess, að það fengi áfram að njóta réttinda þeirra, sem eldri lögin veita, svipt þessum réttindum.

Hvað sem handjárnapólitík stjórnarfl. líður, þá tel ég það mjög varhugavert, ef hv. Alþ. ætlar að taka upp þá reglu að semja lög, sem gilda þannig aftur fyrir sig og svipta bæði einstaklinga og fyrirtæki þeim réttindum, sem þau höfðu öðlazt, þegar félagið var stofnað.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að verkamenn gætu verið í sama byggingarfélagi, án tillits til pólitískra skoðanna sinna. Út af fyrir sig er þetta alveg rétt. En menn vilja samt frekar starfa út af fyrir sig í sínum eigin félagsskap með sínar skoðanir. Það er heldur ekkert því til fyrirstöðu. Löggjöfin á ekki að gera ráðstafanir til þess að útiloka það. Hv. þm. V.-Ísf. á ekki að vera að

hæðast að því, að menn kjósi að vera út af fyrir sig og byggja sín hús á sérstakan hátt og segja, að sumir byggi sjálfstæðishús, aðrir sósíalistahús og enn aðrir bændaflokkshús, o. s. frv. Ég veit ekki, hvort menn geta byggt utanflokkahús, en ef ekki, þá er ég hræddur um, að kjósendur hv. þm. verði húsviltir, eða yrðu að hirast sína nóttina hjá hverjum flokki. Þessi hv. þm. getur bent hv. Alþ. á það, að menn geti verið í sama félagsskap, þótt þeir hafi mismunandi pólitískar skoðanir, því að hann hefir sjálfur átt auðvelt með að takmarka sína pólitísku sannfæringu á ýmsum sviðum.

**Thor Thors:** Ég býst við, að stjfl.mönnum þyki þessar umr. vera orðnar nokkuð langar. Ég verð nú samt að segja það, að mér finnst, að menn hljóti að nota sér þann rétt, sem þeir hafa sem þm., til þess að mótmæla slíku ofbeldi, sem farið er fram á með þessum lögum.

Það er eftirtektarvert, að það er hv. þm. V.-Ísf., sem kemur fram sem aðalmálsvari stjórnarliða við þessar umr. Mér dettur í hug í þessu sambandi samlíking, sem hv. 2. landsk. viðhafði nýlega hér á þingi um brúkunarhross ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. V.-Ísf. virðist vera orðinn brúkunarhross stj. hér í hv. deild.

Hv. 9. landsk.,sem var eitthvað að tala um skott, dinglar sjálfur aftan í eins og skott, en það er lítið ljós í þeirri rófu.

Hv. þm. V.-Ísf. talaði um „sjálfstæðishús“ og leit um leið upp á pallana, til þess að vita, hvort einhver hefði ekki farið að hlæja að fyndninni. En enginn hló.

Hv. þm. veit það vel, að hér er deilt um það, hvort húsin eigi að vera sérstæð eða sambyggð. Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna vill sérstæð hús. Hv. þm. ætti einnig að vita það, að víða erlendis eru heil verkamannahverfi byggð með eintómum glæsilegum sérstæðum smáhúsum. Hvers vegna geta menn ekki verið í einu byggingarfélagi, spyr hv. þm. Hvers vegna gengur hv. þm. t. d. ekki í adventistafélagsskap? Af þeirri einföldu ástæðu, að hann vill það ekki.

Hv. þm. sagði, að öllum væri heimilt að ganga í þennan félagsskap, eins og það væri sérstakt frjálsræði. Það er víst, að allir mega ganga í þetta félag, en það, sem að er fundið, er það, að þeir mega ekki ganga í annað félag. Það er öllum heimilt að ganga í Alþfl., en vissulega eru margir, sem fremur kjósa að starfa með öðrum stjórnmálaflokk.

Hv. þm. V.-Ísf. vildi telja það rétt í þessu máli, að það mætti skipta fél. í deildir. Hver deild hefði þá sínar byggingar eftir eigin ósk. Þetta er háð þeim takmörkunum í lögunum, að samþykktir hverrar deildar verður stjórn byggingarfélags að samþ. M. ö. o., stjórn fél. er í lófa lagið að hafa samþykktir deildanna að engu.

Annars þýðir ekki að ræða frekar um þetta mál. Það er öllum ljóst, hvert deiluefnið er. Hér er vissulega ekki um lýðræði að ræða. Hér er um glapræði að ræða. Hér er verið að drepa niður þennan félagsskap að ástæðulausu, til þess að koma honum undir kúgunarhæl sósíalista.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Ísf. taldi, að mjólkurbúin austanfjalls væru sérstaklega hentug fyrir sig til samanburðar við það mál, er hér liggur fyrir. Hvernig stendur á því, að ríkisvaldið hefir ekki beitt þau þessum fantatökum? Það er af því, að þingið hefir ekki séð sér fært að ganga á þann sjálfsagða rétt manna að mega starfa í sínum félögum. Hv. þm. taldi óeðlilegt að koma með togara í þessu sambandi. Mjólkurfélögin eru ekkert annað en framleiðslufélög heldur, þótt á öðru sviði sé.

Hv. 9. landsk. var að tala hér um skottlausa refi með ljós í rófunni. Ég hygg nú, að þetta muni vera nokkuð fáséð dýr, og man ég ekki til að hafa séð þau, nema ef vera skyldi þar sem hv. þm. er sjálfur.

Hv. þm. V.-Ísf. taldi frelsið svo ótakmarkað, að hver gæti verið í félaginu, sem vildi, og hver utan við það, sem vildi. Ég veit nú ekki, hvort menn mundu kalla það pólitískt frelsi, ef ekki væri nema einn stjórnmálaflokkur leyfður, enda þótt mönnum væri í sjálfsvald sett, hvort þeir væru í flokknum eða utan hans. Annars er það aðalatriðið, að mönnum er bannað að vera í öðru félagi en þessu, upp á stuðning hins opinbera, og það tel ég órétt.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Hv. dm., sumir hverjir, er mest hafa hneykslast á rauða fánanum, hafa nú dregið upp aðra fána, með nýjum merkjum. Er skepna í einum, brúkunarhross í öðrum og handjárn í þeim þriðja, og er þessu öllu beint gegn mér. Ég mun ekki dragast meir að þessum fánum en rauða fánanum, og hirði ekki um að velja þessum hv. þm. þau nöfn, er þeir ættu skilið, en ég vildi óska, að hv. 8. landsk. ætti eftir að sýna þá samvizkusemi í þingmálum, sem ég hefi sýnt undanfarin 10 ár. Hann kemur hér sem handjárnalaus og heilagur maður. Hann hneykslast jafnmikið á handjárnunum og hinu, að ég skuli ekki alltaf greiða eins atkv. Þetta er hvorttveggja jafnfyrirlitlegt og hneykslanlegt að hans dómi.

Það, sem veldur því, að ég er nokkuð einstæður, er ekki það, að mér hafi verið gjarnt að takmarka samvizku mína og sannfæringu, heldur það, að ég hefi jafnan haldið fast við sannfæringu mína, og það nokkuð fast, eins og t. d. í kjördæmamálinu. Þá stóð ég með hv. jafnaðarmönnum og sjálfstæðismönnum í því, að gera allt þjóðfélagið í þessu vandamáli að einu samvinnufélagi, þar sem allir hefðu jöfn réttindi og jafnan atkvæðisrétt. Mér fannst því einkennilegt, að sumir minir flokksmenn, sem voru samvinnumenn, skyldu snúast gegn þessu. Mér hefir jafnan verið tamt að fylgja jafnrétti og réttlæti, og mér kemur það einkennilega fyrir sjónir, hve ókunnuglega þessi hugtök horfa nú við ýmsum þeim mönnum, er störfuðu með mér að lausn kjördæmamálsins. Ég vil enn fylgja þeim hugsjónum, er knúðu mig til samstarfs með hv. jafnaðarmönnum og hv. sjálfstæðismönnum í kjördæmamálinu, og það hefir komið fram á þessu þingi í sambandi við atkvæðagreiðslur, eins og á fyrri þingum.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég vildi gjarnan spyrja þá þdm., sem telja nauðsynlegt að fella brtt. á þskj. 513, hvaða ástæða sé til þess að einskorða þessi fríðindi til byggingar verkamannabústaða við eitt félag t. d. hér í Reykjavík. Þegar þetta frv. er borið saman við lögin um samvinnubyggingarfélög, stendur mjög líkt á. Í báðum tilfellunum aðstoðar ríkið menn til þess að byggja með vissum skilyrðum. Með lögunum um byggingarsamvinnufélög veitir það ábyrgð fyrir allt að 80% af verði húsanna, en samkv. þessu frv. fá þeir, sem byggja verkamannabústaði, 85% lánað af andvirði húsanna, sem að mestu er tekið að láni með ábyrgð ríkissjóðs. Í síðara tilfellinu er talið óhjákvæmilegt, að aðeins eitt félag eða ein stj. úrskurði allar lánbeiðnir í þessu skyni, og því til stuðnings er því haldið fram, að ef fleiri en eitt félag gefi leyfi til byggingannna, geti það valdið glundroða um framkvæmdirnar. Í l. um samvinnubyggingarfélög er aftur sagt, að ef 15 menn á sama stað stofni byggingarfélag á grundvelli laganna, þá fái það ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni til þess að byggja fyrir. Á hverjum stað geta verið eins mörg byggingarfélög og menn vilja, aðeins að fæst 15 menn séu í hverju. Ég sé nú ekki mikinn mun á þessum tveimur löggjafaratriðum, eða a. m. k. ekki þann mun, sem getur réttlætt þann mikla mismun, sem á milli laganna er gerður. Ég vildi því mælast til, að mér væri með rökum bent á, hvaða sérstök ástæða væri fyrir því að hafa aðeins eitt byggingarfélag á hverjum stað, þegar um verkamannabústaði er að ræða, en ótakmarkaða tölu í hinu tilfellinu. Ef einhver sá munur væri á þessum tveimur lögum, sem sýnilega réttlætti það, að takmarka svo mjög þessa heimild að því er snertir byggingarfélög verkamanna umfram byggingarsamvinnufélögin, þá gæti ég gengið inn á að hafa aðeins eitt byggingarfélag í hverjum kaupstað, en verði ekki sýnt fram á það, þá er hér ekki um annað að ræða en ofbeldi eitt, sem algerlega er óhæfilegt að hafa í frammi á löggjafarsamkomu þjóðarinnar.

Þá tel ég, að á það beri að líta í þessu sambandi, að Rvíkurbær leggur fram úr sjóði sínum 65 þús. árlega til þess að reisa verkamannabústaði. Er því ekki óeðlilegt, þó að fram komi óskir um það, að fé þessu sé varið samkvæmt ósk borgaranna sjálfra, en með frv. því, sem hér liggur fyrir, er þetta bundið svo þröngum skilyrðum, að það er ekki nema lítill hluti þeirra, sem getur notið þeirra hlunninda, sem hér er um að ræða fyrir verkamenn og aðra þá, sem skilyrði hafa til þess að fá hús keypt hjá byggingarfélaginu.

Ég vil svo að síðustu undirstrika það, sem ég hefi bent á áður, að verði ekki með rökum bent á, í hverju sá munur liggur, sem getur réttlætt þann mismun, sem gerður er á þessum tveimur lögum, lögum um verkamannabústaði, og lögum um samvinnubyggingarfélög, þá er ómótmælanlega ljóst, að hér er verið að aðhafast eitthvað það, sem ekki mun geta talizt eðlilegt.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Þau lög, sem hér er um að ræða, um verkamannabústaði, eru frá árinu 1931, og frá þeim tíma og til þessa dags hefir gilt sú heimild, að fleira en eitt félag í hverjum kaupstað geti notið þeirra fríðinda og forréttinda, sem l. gera ráð fyrir. Nú hefir það borið við, að ég held á yfirstandandi ári, að hér í Rvík hefir verið stofnað annað félag, sem ætlar sér að njóta þessara réttinda til jafns við það félag, sem fyrir er. Þegar þetta er gert, er ekkert ákvæði til í l., sem gefur það í skyn, að þetta félag, Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna, sem hefir, að því er hefir verið upplýst, 350 félaga, geti ekki átt heimting á sömu réttindum og fríðindum og það félag, sem fyrir er, þó annað sé nú að koma á daginn. Ef litið væri nú á þetta fyrirbrigði eins og það ætti sér stað í skiptum manna á milli, ef einstakur maður eða stofnun gerðu þær ráðstafanir, er aðrir teldu sig trygga í skjóli þeirra að geta gert eitthvað ákveðið eða ráðizt í eitthvað, sem þeim væri leyfilegt, og hinn fyrrnefndi aðili kippti svo allt í einu að sér hendinni, þannig að undirbúningur og tilraunir hins yrði aðeins til ónýtis, þá mundi það vera kallað „narr“ í einkaviðskiptum, ef einstaklingur eða einkastofnun hagaði sér þannig. Nú hefir löggjafinn gefið fyrirheit með l. frá 1931, en þegar vart verður við það, að þegnarnir ætla að notfæra sér þennan rétt, þessi fríðindi, sem löggjafinn hefir boðið fram, m. ö. o., þegar vart verður þess, að aðrir en forkólfar sósíalista ætla sér að verða aðnjótandi hlunnindanna, þá er allt í einu „kúvent“ undir forystu sömu jafnaðarmannanna, sem báru þetta mál fram og hingað til hafa setið einir að fríðindunum. Þeir hafa nú fengið Alþingi til þess að eyðileggja þennan grundvöll fyrir öðrum en sósíalistum. Ég veit ekki, hvaða nafn á að gefa því, þegar löggjafinn leyfir slíkan leik sem þennan, en eins og ég sagði, þá mundi það vera kallað „narr“, ef einstaklingur hefði átt í hlut.

Það hefir alls ekki bólað á því síðan 1931, er lögin voru sett, að slík höfuðnauðsyn væri á því að breyta þeim að því leyti, að aðeins eitt félag megi vera á hverjum stað, eins og hv. sósíalistar nú vilja halda fram að sé. Það er fyrst nú, að þetta verður svo augljóst, síðan það kom í ljós, að menn söfnuðust um annað félag hér í bænum og gerðu sig líklega til að nota þau fríðindi, sem l. veita.

Hv. þm. V.-Ísf. benti á, að í l. eins og þau væru væri gert ráð fyrir því, að til væri einn höfuðsjóður, sem lánaði til allra byggingarfélaga verkamanna viðsvegar á landinu, og taldi hann í sambandi við það, að við sjálfstæðismenn hefðum greitt atkv. með þeirri tilhögun, að með því hefðum við eiginlega lýst okkur samþ. því, að á hverjum stað væri eitt félag, því það væri í samræmi við það að hafa einn aðalsjóð. Ef við því hinsvegar teldum, að Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna sætti rangri meðferð við afdrif málsins í hv. Ed. og eftir því sem lítur út fyrir að þau verði hér, þá væri hér um skoðun að ræða, sem ekki væri hliðstæð þeirri, sem aðeins vildi hafa einn sjóð. Það er svo langt frá því, að þetta séu nokkur rök, að

í þeim felst ekki nokkur einasta réttlæting fyrir því að vilja svipta fleiri hundruð menn lagalegum rétti. Hér er því svo greinilega skotið framhjá marki, ég veit ekki, hvort hann hefir sett undir eða yfir, en þessa samlíkingu getur hann ekki staðið við. Þetta mál er fram borið hér á þessu þingi til þess að unnt verði að vega að Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna. Þetta er svo augljóst af aðdraganda málsins og meðferð allri, að það er alveg bersýnilegt, að tilgangurinn er ekki annar. Málið er borið fram eingöngu sem pólitískt hlutdrægnismál. Og ég vil segja það, að þetta hlutdrægnismál er nógu slæmt út af fyrir sig, þegar því er beitt svo af meiri hl. þings og varið með ofstæki af þeim mönnum, sem hafa af því pólitiskan hagnað, eða eru fastbundnir málum af öðrum ástæðum, þó ekki sé verið að reyna að gylla málið af þeim, sem ekki þurfa þess af framantöldum ástæðum. Það er alveg tilgangslaust fyrir hv. þm. V.-Ísf. að vera að reyna að gefa málinu annan svip, því allt sem fram kom bendir í sömu átt.

Hv. þm. taldi mig hafa talað í sinn garð af miklum þjósti. Það getur verið, að kennt hafi einhverrar gremju í ræðu minni áðan, en ef svo hefir verið, þá tel ég, að til þess hafi verið full ástæða. Ef hinsvegar hv. þm. V.-Ísf. telur, að ég þurfi sérstaklega að gefa skýringu á því, hvers vegna mér hafi sárnað við hann í sambandi við framkomu hans í þessu máli, þá get ég sagt honum það, að þegar til viðbótar við þann yfirgang og ósanngirni, sem þessir menn verða fyrir af hálfu sjálfra flutningsmanna málsins, sósialistanna og þeirra, sem þeim eru háðir, kemur það, að maður fær að sjá þá menn ljá sig til fylgis við þetta mál, sem bæði hafa þekkingu og vitsmuni til þess að sjá, hvað rétt er og þjóna betri málstað, þá rennur mér í skap.

**Garðar Þorsteinsson** (óyfirl.): Hv. þm. V.-Ísf. virtist í ræðu sinni áðan vera eitthvað sár til mín út af ummælum, sem ég hefði viðhaft í hans garð. Hann taldi, að ég hefði veifað framan í sig handjárnum. Ég geri ráð fyrir því, að hann hafi eflaust hlustað á ræðu mína, en hann hefir þá ekki tekið jafnvel eftir henni. Ég talaði ekki um nein handjárn á honum; ég talaði aðeins um handjárn rauðliðanna. Á öðrum stað í ræðu minni talaði ég um, að hann væri utanflokka, og það hlýtur að vera rökrétt ályktað, að úr því ég taldi hann utanflokka, þá geta handjárnaummælin ekki hafa náð til hans. Ég dróttaði ekki neinu út af fyrir sig til hans. Það eina rauða flagg, sem ég veifaði til hans, var afstaða hv. þm. sjálfs til þessa máls, því ef afstaða hans er krufin til mergjar, þá verður hún eins og lítil sundurtætt rauð dula, sem á ekkert skylt við handjárn. Ég tel ekki, að hans röksemdir styðjist við almenna dómgreind, og get því ekki tekið þær fyrir góða og gilda vöru.

Ég minntist ekki í minni ræðu á það, er hv. 2. þm. Reykv. lét draga upp 40 til 50 rauða fána á reisuhátíð verkamannabústaðanna, en hv. þm. var að svara mér því, að hann taldi þennan atburð ekki sannfæra sig um það, að þarna væri á ferðinni nein pólitík, og sú stj., sem þar hefði ráðið, þyrfti ekki að vera neitt pólitísk, þó flaggað hefði verið með rauðu við þetta tækifæri. Ég veit, að ef hv. þm. talaði af heilum hug, þá væri honum það vitanlega ljóst, að alstaðar þar, sem sósialistar nota þennan fána, þá er það til að auglýsa þeirra pólitísku skoðanir. Hv. þm. er það e. t. v. minnisstætt síðan hann var ráðh., að þau tilfelli komu fyrir, bæði á Siglufirði og víðar, að skorinn var niður þýzki hakakrossfáninn. Þetta var ekki gert af því, að þeir, sem þetta frömdu, væru neinir fjandmenn hinna, sem höfðu dregið fánann upp, heldur þeirrar pólitísku stefnu, sem fáninn átti að bera vitni um. Alveg eins hljótum við að líta á þá fána, sem dregnir voru við hún á þessum byggingum, að þeir þýða það, að þar ráði sósialistar og eigi að ráða, og vitanlegt er, að þó hv. 2. þm. Reykv. segi, að þeir hafi ekki verið dregnir upp eftir boði stj. félagsins, heldur eftir beiðni meiri hl. verkamannanna, þá er það aðeins lítilfjörleg afsökun hjá hv. þm., sem enginn getur tekið mark á. Hann hefir haldið því fram, að hann hafi verið ópólitískur í þessu máli, og hefir svo reynt að finna einhverja ástæðu. Ég veit, að hv. þm. V.-Ísf. er svo greindur maður, að hann veit, að hv. 2. þm. Reykv. hefir hér farið aðeins með tylliafsökun, og að þessar rauðu dulur á verkamannabústöðunum þennan dag áttu aðeins að vera og voru ímynd pólitískrar afstöðu þeirra, sem þarna stjórnuðu. Ég hefi nú nefnt þetta aðeins sem dæmi. Þessi rök hjá hv. þm. V.-Ísf. eru ekki slík, að ég veit vel, að hann finnur það sjálfur, hve veigalítil þau eru.

Þá var hv. þm. að óska eftir því, að ég vildi vinna með sömu samvizkusemi að þingstörfum í framtíðinni eins og hann hefði þurft að gera í þau 10 ár, sem hann hefði nú setið á þingi. Ég hefði nú óskað, að hann hefði orðað þetta dálítið öðruvísi, ekki sem hann hefði þurft að vinna með, heldur þeirri samvizkusemi, sem hann hefði unnið með. Ég tel það aðalkostinn við samvizkusemina, að hún sé sprottin af innri þörf, en ekki knúin fram af ytri nauðsyn. Það má vera, að hv. þm. hafi meint þetta, og ef hann hefir þannig óskað mér heilla af heilum hug, þá er mér vitanlega skylt að þakka það. Án þess að ég hafi kunnugleika á afstöðu hans til stj., þá verð ég að efa, að það sé af tómri samvizkusemi, að hann álítur þessi lög réttlát í garð Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna; ég efa, að hann finni það ekki, að þau eru ekki sanngjörn. Hann hlýtur að vita, að með þessu frv. eru sósialistar að tryggja sér pólitísk yfirráð yfir þessum félagsskap, sem þeir ætla að nota í sína þjónustu og knýja til þess að fylgja sér að málum, og þó segja megi, að félaginu sé stjórnað ópólitískt, þá er það vitað, að hin óbeinu áhrif af því, að stjórnina skipa mjög einlitir pólitískir menn, eru engu þýðingarminni en hin beinu áhrif. Sú meðvitund, að fyrir slíku félagi standi maður eins og hv. 2. þm. Reykv., hún ein hefir mikil áhrif á þá menn, sem eiga að njóta þessa félagsskapar. Ég veit, að hv. þm. skilur það, ef hann vill, að þó að félagið sé kallað ópólitískt og eigi að vera það, og þó það sé viðurkennt, að fullkomin samvizkusemi eigi að vera ráðandi hvað það snertir, þá

veit hv. þm. það og skilur, að það er nokkurt atriði fyrir mann, sem hefir aðra pólitíska skoðun en hv. 2. þm. Reykv., að gefa sig undir stjórn svo valdafíkins og einráðs manns sem hann er, sem vitanlega reynir að smala öllum, sem hann heldur, að hann geti haft áhrif á, undir sína stjórn. Og frá þessu sjónarmiði hlýtur hv. þm. V.-Ísf. að skilja, að það er ekki ástæðulaust, þó við sjálfstæðismenn hér á Alþingi viljum reyna að hjálpa flokksbræðrum okkar utan þings og óskum, að þeir, sem hafa óbundin atkv., líti með sanngirni á þeirra málstað. Sósíalistar hafa pólitískar ástæður til þess að berjast fyrir þessu frv. Framsóknarmenn fylgja því, ekki fyrir það, að þeir viti ekki, að það er ranglátt, heldur af því, að þeir eru skuldbundnir til þess vegna samninga um stjórnarsamvinnuna. Það er því skiljanleg aðstaða framsóknarmanna og jafnaðarmanna, en það er því miður ekki skiljanlegt, að hv. þm. V.-Ísf., sem hefir lýst því yfir, að hann sé utanflokka, og ennfremur að hann láti samvizkuna ráða og sannfæringuna, að hann skuli þó ætla að greiða atkv. með ofbeldinu. Og hv. þm. þarf ekki að undrast yfir því, þó sjálfstæðismenn beini orðum sínum til hans, þar sem hann er eini maðurinn í stuðningsliði stj., sem ekki er fyrirfram í handjárnum stjórnarinnar. Og því síður er það svo, að hann geti tekið það illa upp, þó einn og annar sjálfstæðismaður hafi von um það, að hann láti það ráða framkomu sinni í málinu, sem hann álítur réttast. Hv. þm. var að vitna í það, að hann hefði greitt atkv. eftir sannfæringu sinni um kosningalögin, sem breytt var á síðasta þingi. Ég skildi ekki, þegar hann sagði þetta, hvað það kom þessu máli við, en síðan hefir mér verið bent á það, að hann muni hafa átt við, að þar sem ég væri einn af þeim, sem hlutu uppbótarsæti vegna þeirra lagabreyt., sem gerðar voru í þessu máli, þá sitji sízt á mér að vera að deila á hann, þar sem ég ætti honum að þakka, að ég hefði komizt inn í þingið. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir meint þetta, en ef svo er, þá vil ég benda honum á það, að þó þau lög stefni nokkuð í rétta átt frá því, sem áður var, þá eru þau nú samt sem áður varla annað en spéspegill af réttlætinu. Hv. þm. V.-Ísf. veit, að þau l. fela ekki í sér fullkomið réttlæti. Hann veit, að ef svo væri, þá mundi hlutfallið milli þingflokkanna vera annað en það er nú, þá mundu ekki sósíalistar og Framsókn hafa meiri hl. í þinginu. Ég er ekki að vanþakka hans hlut í kosningalögunum. Hvaða áhrif hann hefir haft á þau, vil ég ekki dæma um. Ég þóttist ekki í ræðu minni viðhafa nein móðgandi ummæli í garð þessa hv. þm., en ég get tekið undir með hv. þm. Vestm., að mér verður það á að gera meiri kröfur til þessa hv. þm. en annara stuðningsmanna stj., og hefi því nú orðið fyrir vonbrigðum, eins og aðrir, sem trúðu því, að hv. þm. V.-Ísf. léti skynsemi sína og samvizku ráða í þessu máli, en í þess stað hefir hann fyrir einhverra hluta sakir snúizt til fylgis við hinn verri málstað.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Ég skal aðeins lítillega víkja að því, sem hv. 8. landsk. sagði nú síðast. Það er fjarri því, að ég þakki mér að hafa komið honum á þing, og tel ég ekki, að honum beri nein skylda til að sýna mér almenna kurteisi þess vegna.

En það ætti þessi hv. þm. að geta skilið, að mér geti runnið í skap, þegar ég er í ræðu hans talinn sérstakt einkenni þeirra manna, sem ekki eru aðeins handjárnaðir, heldur hafa svo liðuga sannfæringu að geta allt af dinglað til og frá eftir annarlegum kröfum og tilhneigingum, því að sá var tónninn hjá hv. þm. áðan, þótt hann væri annar nú.

Út af áhyggjum hv. þm., að ég fylgi þessu máli móti betri vitund, þá skal ég fullvissa hann um það, að mín sannfæring er örugg í þessu máli. Yfirleitt ætti þessi hv. þm. að reyna að færa rök fyrir sínu máli, en vera ekki að væna menn um, að þeir segi annað en þeir meina, því að það er erfitt að færa rök fyrir slíkum hlutum. Að mín sannfæring er örugg í þessu máli, byggist á því, að ég met einskis rök þeirra manna, sem ekki vilja vera í því félagi, sem hv. 2. þm. Reykv. er formaður fyrir. Og þetta mundu sjálfstæðismenn skilja, ef um væri að ræða og sannað væri, að hér þyrfti að vera eitt fisksölusamlag, og nauðsyn þjóðarinnar krefðist þess, að allir útflytjendur ynnu saman. Ef svo þannig vildi til, að hv. þm. G.-K. væri formaður í slíku félagi, kjörinn af útgerðarmönnum sjálfum, þá mundi ég á sama hátt segja við jafnaðarmenn, er ekki vildu vera í því félagi, sem Ólafur Thors er fyrir, að ég tæki ekkert tillit til slíkra röksemda. Því að þótt þessir tveir menn séu hvor um sig foringjar í sínum flokki, þá er hægt að treysta þeim til að vera formenn í félagi, sem starfar ópólitískt, hvort sem það er byggingarfélag eða fisksölusamlag. Þessi rök eru skýr.

Ég er margbúinn að sýna fram á, að enginn réttur er tekinn af neinum til þeirra byggingarsjóða, sem hér er um að ræða, heldur þvert á móti hafa allir rétt til þess að njóta þessara hlunninda. Það hafa allir rétt til að halda sínum skoðunum og allir rétt til sömu lánanna og sömu lóðanna eins og ella mundi vera, því að skipun þessara mála hefir engin áhrif á það, hvað lánsmöguleikarnir og lóðamöguleikarnir eru stórir. Þessi rök eru svo skýr og klár, að ég veit, að innan skamms verður þögnuð sú ákæra, að hér hafi verið um nokkra misbeitingu valdsins að ræða, heldur verið viðurkennt, að reynzt hafi vel og heppilegt sé í framkvæmdinni að hafa hér eitt félag. Nú er ekki annað sjáanlegt en að allir fallist á, að í kaupstöðum utan Rvíkur verði að vera eitt félag. Ég vil því biðja menn að athuga, að ef þessi rök eru rétt um pólitíska kúgun, þá vilja menn samt ofurselja flokksbræður sína í öðrum kaupstöðum sömu kúguninni, vegna þess að þar verður að vera eitt félag. Menn verða að gá að því, að flytja ekki fram þau rök, sem alveg eyðileggja það, sem þeir eru búnir að viðurkenna, að í kaupstöðum utan Rvíkur verði að vera eitt félag, vegna þess hvað þeir eru litlir. (GÞ: Það hefir enginn sjálfstæðismaður viðurkennt). Menn tala um, að ég segi kannske ekki það, sem ég meina, en ég vil þó leyfa mér að segja, að

þetta muni vera viðurkennt í huga einhvers slíks þm., þó þeir ekki segi það.

Ég mun svo ekki, jafnvel þótt tilefni gefist til, leita til hæstv. forseta um að taka aftur til máls að þessu sinni. Það munu öll rök fram komin önnur en þau, að menn þurfa kannske að sletta einhverju hver í annan, svo sem eins og að menn sviki sannfæringu sína og fleira álíka sæmilegt.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Það er aðeins af því, að hv. þm. V.-Ísf. fór að slá á þenna streng í sinni síðustu ræðu, um að honum virtist að stæði upp á sjálfstæðismenn um rök í þessu máli, að ég get ekki orða bundizt, því að mig undraði þetta. Það, sem hér er um að ræða, er það, að verið er að breyta lögum frá því, sem þau áður voru. Þess vegna er það skylda þeirra, sem vilja breyta lögunum að færa sönnur á, að þess þurfi, en nú hefir hv. flm. þessa frv., sem hér er deilt um, alveg láðst að færa fram nokkrar sönnur á það. Nú er aðeins um það deilt, hvort fært þyki að hafa tvö slík byggingarfélög í Rvík. Því er haldið fram, að dýrara muni vera að byggja, ef byggingarfélögin eru tvö. Nú er það upplýst, að í því félagi, sem nú er starfandi, hefir verið byggt yfir í kringum 50 fjölskyldur. Í því félagi, sem hér er um að ræða að útiloka frá slíkri starfsemi, er um 350 manns, sem vilja fá tækifæri til að byggja yfir sig. Það er hægt að mynda úr því sjö 50 manna flokka til að byggja. Er nú hugsanlegt, að það verði dýrara fyrir þessa sjö 50 manna flokka, hvern fyrir sig, að byggja, heldur en þessa tvo 50 manna flokka, sem eru í Byggingarfélagi verkamanna? Allir sjá, að þetta nær ekki nokkurri átt, svo sú ástæða að banna fleiri en eitt félag í Rvík er þar með fallin.

Þá hefir verið talað um, að slík félög mættu ekki vera pólitísk. Það er vitanlegt að Byggingarfélag verkamanna, sem þegar er stofnað, er stofnað af forráðamönnum pólitísks flokks, og hv. 2. þm. Reykv., sem er einn af mest ráðandi mönnum þess flokks, er einmitt formaður í þessu félagi. Hinsvegar hefir verið stofnað hér annað félag, sem er kallað Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna. Og það er rétt, að það er stofnað fyrir forgöngu ýmissa manna úr Sjálfstfl. Er það þá svo, að það megi að vísu stofna slík félög fyrir forgöngu stjórnmálamanna, en þeir menn megi bara ekki vera úr Sjálfstfl.? Ég sé ekki, að það hafi verið dauðasök fyrir Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna, að það er stofnað fyrir forgöngu sjálfstæðismanna, ef það er ekki dauðasök fyrir Byggingarfélag verkamanna, að það er stofnað af forkólfum Alþýðuflokksins.

Þetta er önnur aðalástæðan, sem færð er fyrir því, að ekki megi hafa nema eitt byggingarfélag hér í Rvík. Þessi rök eru fallin, og ekki hefir verið sýnt fram á nokkrar aðrar ástæður fyrir því, að nauðsynlegt sé að hafa aðeins eitt byggingarfélag, heldur þvert á móti hefir verið sýnt fram á það með rökum, að miklu meiri líkur eru til, að aðstoð hins opinbera til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum komi að miklu betri notum, ef byggingarfélögin eru fleiri en eitt, með því að meiri áhugi og meiri framkvæmdir mundu vera undir slíkum skilyrðum.

Samanburður hv. þm. V.-Ísf. á fisksölusamlaginu og byggingarfélaginu er svo gersamlega út í hött, því að fyrst og fremst hafði hann þann fyrirvara, að það þyrfti að vera sannað, að nauðsyn væri að hafa eitt fisksölusamlag, en það hefir honum ekki tekizt að sanna um hitt, að nokkur nauðsyn sé á því að hafa eitt byggingarfélag. En hitt er auðvitað hugsanlegt, að það sé nauðsyn á að hafa aðeins eitt fisksölusamlag, en þar er ólíku saman að jafna. Svo þetta hjálpar ekki heldur neitt. Það stendur upp á hv. flm. þessa frv. um rök fyrir því, að nauðsynlegt sé að banna tvö byggingarfélög hér í Rvík.

Hitt er rangt hjá hv. þm., að það hafi nokkurntíma verið viðurkennt af Sjálfstfl., að nauðsynlegt væri að hafa eitt byggingarfélag í smærri bæjum en Rvík. Það hefir aldrei verið gert.

Ég vil svo að lokum benda á enn eina ástæðu, er stjórnarliðar, sem hér berjast sameinaðir fyrir því ofbeldi, er hér á að framkvæma, geta ekki komizt framhjá. Það er til önnur löggjöf, sem þeir sjálfir hafa beitt sér fyrir, og það er löggjöfin um samvinnubyggingarfélög. Þeir hafa ekki séð nokkra nauðsyn þess að fyrirskipa, að í því sambandi skyldi aðeins eitt byggingarfélag vera leyft í hverjum kaupstað. En hver er þá munurinn? Þeir hafa algerlega þagað við þessari bendingu, sem hv. 5. þm. Reykv. gaf þeim, og með því sýna þeir einmitt, að þeir eru gersamlega rökþrota, og þess vegna vil ég aðeins undirstrika það, að það er ástæðulaust af hv. þm. V.-Ísf. að tala hér eins og það stæði upp á andstæðinga hans um að færa rök fyrir sínu máli.

**Garðar Þorsteinsson** (óyfirl.): Ég tók eftir því hjá hv. þm. V.-Ísf., að hann varð, til þess að styðja sín rök, að gera sjálfstæðismönnum upp hugsanir og koma fram með fullyrðingar um það, sem þeir hafa aldrei látið í ljós, sem sé það, að þeir viðurkenndu, að nauðsynlegt væri að hafa aðeins eitt byggingarfélag í kaupstöðum utan Rvíkur. (ÁÁ: Það hafði einn hv. þm. úr Sjálfstfl. þau orð við mig utan fundar). Það má kannske finna því einhver rök, að það sé eðlilegt þar, sem lítið fé er fyrir hendi, að því sé ekki skipt á milli fleiri félaga. En hinsvegar má hv. þm. ekki gleyma því, að lögin eins og þau voru voru alls ekki takmörkuð við eitt félag. Þau heimiluðu að hafa tvö félög, og það er fyrst nú, sem þetta kemur fram.

Í öðru lagi má benda á, eins og hv. 3. þm. Reykv. hefir gert, að þegar hv. þm. V.-Ísf. var að tala um eitt fisksölusamlag, þá þurfti hann að bæta við, að það yrði að vera þjóðarnauðsyn. Hann þurfti að koma þar með sérstaka ástæðu, sem hann gat svo ekki fundið neina sambærilega að því er snertir byggingarfélögin.

En það, sem skiptir mestu máli fyrir mér, er, að hér er um að ræða löggjöf, sem á að gilda aftur fyrir sig. Hún á að taka rétt af aðilum, sem hafa stofnað byggingarfélag, byggt á þeim lögum, sem þá giltu, og sem eiga að njóta þeirra

hlunninda, er þau lög veittu. Ég veit ekki annað en að það sé viðurkennd regla alstaðar, að löggjöf eigi aldrei að brjóta í bág við þann rétt, sem einstakir aðilar hafa fengið, þannig að sá réttur sé af þeim tekinn án bóta og að ástæðulausu.

**Emil Jónsson:** Ég skal ekki fara langt út í þetta mál, því að mér finnst það færast út á allt önnur svið en æskilegt er, þar sem umr. snúast meira um handjárn og ýmislegt þessháttar heldur en málið sjálft. Hv. andstæðingar þessa frv. beina máli sínu að mestu leyti til hv. þm. V.-Ísf., ýmist í klökkum tón, þar sem hann er næstum því beðinn hjálpar, og hinsvegar næstum því í ásakandi tón, þar sem honum eru bornar á brýn ýmiskonar vammir og skammir. En það, sem kom mér til þess að standa upp, var það, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði og hv. 3. þm. Reykv. endurtók eftir honum, að hér væri jafnt á komið með byggingarsamvinnufélaginu og byggingarfélagi verkamanna. Hv. 5. þm. Reykv. bar fram þá áskorun, að mismuninum á þessum tveimur hliðstæðu fyrirtækjum væri lýst þannig, að honum gæti skilizt, hver hann er. Það, sem fyrir mér vakti, var að reyna að sanna þessum hv. þm., að þarna er um virkilegan mun að ræða, sem máli skiptir. Með verkamannabústaðalögunum eru veitt tvennskonar fríðindi þeim, sem í félögum eru. Sameiginlegt fyrir byggingarfélög verkamanna og samvinnufélögin er það, að þeim er veitt ríkisábyrgð, í öðru tilfellinu sem nemur 80% af þeim lánum, sem félagið tekur, en í hinu tilfellinu 85%. Hitt er aðalatriðið, sem hv. 5. þm. Reykv. minntist á, að lögin um verkamannabústaði leggja byggingarsjóðnum þá skyldu á herðar að lána úr sjóðnum á ákveðinn hátt, þannig að vextir og afborganir af lánunum nemi 5% í 42 ár. Þetta er sú kvöð, sem hlýtur að takmarka fjárframlög byggingarsjóðanna í þessu skyni. En engin slík kvöð hvílir á starfsemi byggingarsamvinnufélaganna.

Það má reikna það út stærðfræðilega, hvað mikla starfsemi byggingarsjóðirnir geta haft með höndum, miðað við þann rentumismun, sem þannig verður á fengnum lánum byggingarsjóðs og þeim lánum, sem veitt eru. Þetta er það stóra atriði, sem gerir mismuninn á milli byggingarfélaga samvinnumanna og byggingarfélaga verkamanna. Þetta takmarkar þá getu, sem byggingarsjóðirnir hafa til þess að láta byggja, en ríkisábyrgðinni fyrir samvinnufélögin er ekki sett nein slík takmörk. Það eru því líkur fyrir því, eins og hv. þm. V.-Ísf. benti á, að ef þessari starfsemi verður skipt í tvö eða fleiri félög, þá komi meira til greina pólitík við lánveitingar en ef aðeins væri eitt félag, þar sem einvörðungu er farið eftir því, hvenær viðkomandi maður eða menn hafa gengið í félagið. Það er ekki spurt um það, þar sem byggingarfélög verkamanna eru starfandi, hverrar pólitiskrar skoðunar lánbeiðandi er, heldur aðeins hvenær hann hefir gengið í félagið. Þetta eru þau rök, sem vega svo mikið að mínu viti, að önnur þyrfti ekki. Þessi takmörkun á byggingarstarfseminni vegna hins óhagstæða mismunar á útláns- og innlánsvöxtum, leiðir það af sér, að ef ætti að skipta þessum styrk niður á milli fleiri félaga, þá yrðu byggingarnar dýrari. Hv. 3. þm. Reykv. sagði að vísu svo, að 7 sinnum 50 íbúðir gætu aldrei orðið hlutfallslega dýrari heldur en einu sinni 50 íbúðir. En byggingarsjóður hefir ekki ráð á að byggja sjö sinnum 50 íbúðir, svo það þýðir ekki að nefna þá tölu. Ef talað væri um að skipta þessum 50 íbúðum í tvisvar sinnum 25 íbúðir, þá kæmi til álita, hvort heppilegra væri að hafa tvisvar sinnum 25 íbúðir eða einu sinni 50 íbúðir.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þessar umr., en mér fannst ég ekki geta látið ómótmælt, að enginn munur væri á byggingarsamvinnufélögum og byggingarfélögum verkamanna.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Mér þótti vænt um, að hv. sessunautur minn, hv. þm. Hafnf., stóð upp til þess að svara fyrirspurn minni, og skal ég játa, að það svar var svo sem efni stóðu til. En þó get ég ekki fellt mig við það svar nema að gefa á því skýringar, sem eins og sakir standa gera svar hans að engu.

Það er rétt, sem hv. þm. Hafnf. tók fram, að aðalmismununinn á byggingarfélögum verkamanna og samvinnufélögum er sá, að með þessu framlagi úr ríkissjóði og bæjarsjóði eru takmarkaðir möguleikarnir fyrir því, hvað mikið er hægt að byggja samkv. lögunum um verkamannabústaði. En við nánari athugun kemur það í ljós, a. m. k. eins og nú standa sakir, að þó þessi munur sé teoretiskt, þá verður hann ekki í praksis.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að sjóðstjórninni hefði tekizt að fá lán með svo góðum kjörum, að ekkert af framlagi bæjar- og ríkissjóðs, sem nú er hér í Rvík 130 þús. kr. á ári, hefði gengið til þess að borga vaxtamismun á þeim lánum, sem sjóðurinn hefði tekið, og þeim, sem hann hefði veitt. — Sjóðurinn þarf ekki að verja neinu fé til greiðslu á vaxtamismun, sem þó er tilgangurinn með framlagi bæjar- og ríkissjóðs. Þetta framlag er hvað Rvík snertir hvorki meira né minna en 130 þús. kr. á ári.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði það í ræðu sinni við 1. umr. þessa máls, að þetta fé væri notað sem lánsfé nú, vegna þess að ekki þyrfti á því að halda til þess að borga vaxtamismun. Þetta þótti mér vænt um að heyra. En af þessu leiðir svo það, að svo lengi, sem þetta ástand helzt, er það takmarkalítið, sem hægt er að byggja. Það takmarkast eingöngu við það, hvað mikið má fá af lánsfé með ríkisábyrgð. Þessar 130 þús. kr. samsvara nálega 2% af 5 millj. kr. og 1% af 10 millj. kr. M. ö. o., ef ekki þarf að nota nema 1% til greiðslu á vaxtamismun um næstu 40 ár, má byggja vegna þess fjár, sem nú er lagt fram árlega, fyrir 5 millj., ef vaxtamismunurinn er 2%, en 10 milj., ef hann er 1%.

Ég ætlaði einmitt að benda á það aftur nú, að það kann að vera svo, að einhverjum hv. dm. sé ekki ljóst, að þau takmörk, sem þarna er um að ræða, séu eingöngu teoretisk. Menn munu halda, að hér sé um lítið fé að ræða, sem hægt er að verja til verkamannabústaðanna, en eftir því, sem upplýst er um hvað miklu er

búið að verja til þeirra, þá má benda á, að það er ekki nema 1/10 hluti af því, sem hægt er að verja til þeirra, þó að þurfi að greiða 2% í vaxtamismun. Hér er því ekki um lítið né ómerkilegt mál að ræða fyrir Rvíkurbæ, og ef það er meining þessara hv. þm. að láta eitt félag verja þessum 5 til 10 millj. og banna að nokkurt annað félag fái fé, þá verð ég að segja, að það er hið mesta ofbeldi, sem hér á að beita.

Ég játa, að öðru máli gegndi, ef ekki væri um að ræða nema þessar 130 þús. kr. á ári, sem verja mætti til bygginga. Þegar málið lítur svona út, fær það allt annan blæ. En það getur ekki verið sú nauðsyn, sem rekur til þess að hafa byggingarfélagið eitt hér í Rvík, að svo lítið fé sé fyrir hendi, sem verja má til húsbygginga árlega, að ekki taki að skipta því á milli fleiri félaga en þessa eina félags, sem hefir nú komið upp 90 íbúðum. Samkv. þessum upplýsingum er það augljóst, að mjög miklu fé má verja samkv. þessum l. á næstu árum, þó ekki bætist við framlag bæjar- og ríkissjóðs. Þó veit ég, að hv. 2. þm. Reykv. hefir það í huga og hefir haft orð á því, að þetta framlag bæjar- og ríkissjóðs þurfi að hækka stórlega, ekki til þess að verja til útlána, því að það er ekki tilgangurinn, heldur til þess að borga vaxtamismuninn á lánum. Það er því meira en 5 til 10 milj. króna, sem verja má til bygginga, ef þetta framlag er hækkað ennþá. Ég verð því að segja, að þetta sé mikið ofbeldi, sem Rvíkingum er sýnt, ef þeim er ætlað að leggja fram 65 þús. kr. á ári til þessarar starfsemi, sem er einokuð og hefir á sér pólitiskan blæ.

Eftir þeim tölum, sem ég hefi hér nefnt og ekki hefir verið hnekkt með rökum, sjá menn, að hér er ekki um smámuni að ræða. Ég fer hér eftir orðum hv. 2. þm. Reykv. og vona, að hv. þdm. muni, að hann hafði þau orð, að svo góð lánskjör hefði tekizt að fá, að ekki þyrfti að nota neitt af framlagi ríkis- og bæja til þess að greiða vaxtamismun.

Svo er eitt í þessu sambandi. Ef það er svo, að á þessu ári megi fá sérstaklega ódýr lán, þá finnst mér sjálfsagður hlutur að reyna að hagnýta það sem mest, taka lán meðan peningarnir eru ódýrir, svo lítinn eða engan vaxtamun þarf að greiða, en draga heldur úr byggingunum þegar vextirnir hækka. Hér er um framkvæmdir að ræða, sem greiðast eiga á 40 til 50 árum, og því er að öllu leyti praktiskast að hraða framkvæmdunum á þeim tímum, þegar ódýrt fé er hægt að fá.

Hitt atriðið, sem hv. sessunautur minn færði fram fyrir því, að ekki væri gott að hafa fleiri en eitt félag á sama stað, að við það yxi vandinn, sem hvildi á sjóðstjórninni, þar sem hún yrði að ákveða, hvaða félög fengju fé í hvert skipti, og hætt væri við, að pólitísk sjónarmið kæmust þar að, tel ég alls ekki frambærilega ástæðu. Þó hér sé um að ræða, við skulum segja frá 2 og allt upp í 10 millj. kr., sem hægt er að verja til bygginga, þá megi ekki hagnýta það á þann hátt, sem við leggjum til, vegna þess að það valdi sjóðstjórninni örðugleikum, að það séu fleiri en eitt félag hér í Rvík! Það finnst mér ekki fullnægjandi ástæða fyrir því, að hv. d. fremji það brot, vil ég segja, gagnvart Rvíkingum, að fella þá brtt., sem hér liggur fyrir.

**Jakob Möller** [óyfirl.] Ég ætla aðeins að bæta ofurlitlu við til andsvara hv. þm. Hafnf. Hann taldi, að það væri meiri ástæða til að ákveða, að byggingarfélög, sem starfa samkv. l. um verkamannabústaði, væru aðeins eitt á hverjum stað, heldur en byggingarfélög, sem starfa samkv. l. um samvinnubyggingarfélög. En mér skildist, að hv. þm. tækist vel að færa sönnur á hið gagnstæða. Hann benti réttilega á, að sá munur væri á þessum lögum, að það er takmarkað, hvað vextir af lánum til verkamannabústaða mega vera háir. Með því er tryggður annar þáttur höfuðtilgangs þessarar löggjafar, sem er að tryggja verkamönnum ódýrar íbúðir. Íbúðir verða ódýrar eða dýrar eftir því, hvaða lánskjara notið er og hvað byggingarkostnaðurinn er mikill. Hvað verkamannabústaðina snertir, þá ákveða l., að vextirnir með afborgunum megi ekki fara yfir 5%, svo um þá hliðina þarf ekkert að hugsa. Aftur er í l. um samvinnubyggingarfélög engin slík trygging. En það er augljóst, að því stærri sem byggingarfélögin eru, því meiri líkur eru til, að þau geti fengið ódýr lán, vegna þess að þá eru lántökurnar stærri. Þess vegna getur verið hætta á því, að byggingarsamvinnufélögin verði allt of mörg og lántökur þeirra þar af leiðandi smærri og dýrari. Þessa gætir ekki að því er verkamannabústaðina snertir, því lántökur til þeirra fara allar í gegnum byggingarsjóðinn, sem tekur lán fyrir öll byggingarfélögin í heild, hvort sem þau eru fleiri eða færri. Af þessu er ljóst, að með tilliti til lánskjaranna gæti frekar verið ástæða til að takmarka fjölda byggingarsamvinnufélaga heldur en byggingarfélaga verkamanna.

Eins er að því er byggingarkostnaðinn snertir, að þar kemur stærð félaganna alveg jafnt til greina, eða a. m. k. engu síður hjá samvinnufélögunum heldur en verkamannafélögunum. Nú hefir ekki verið borið við að byrja á byggingu verkamannabústaða hér í Rvík fyrir minna en 50 fjölskyldur, og ekki er ástæða til að byrja með minna vegna þess, að ekki séu nógu margir, sem vilja komast að í þessum félögum. Hinsvegar er kunnugt, að meðlimir byggingarfél. eru mjög misjafnlega margir. Ég veit ekki, hvað mörg slík félög hafa verið stofnuð hér í Rvík, en mér er kunnugt um þrjú, og er félagatala þeirra allt niður í 20. Ef álitin er hætta á því, að byggingarnar verði dýrari fyrir það, að ekki sé haft nógu mikið undir, þá er augljóst, að sú hætta er meiri í sambandi við byggingarsamvinnufélögin heldur en byggingarfélög verkamanna, og er því frekar ástæða til að setja einhver tryggingarákvæði í þessa átt að því er byggingarsamvinnufélögin snertir, til þess að ná þeim tilgangi þessarar löggjafar að sjá mönnum fyrir sem ódýrustum íbúðum. Svo mér skilst, að hv. þm. Hafnf. hafi tekizt, með því að benda á muninn á þessari tvennskonar löggjöf, að sanna það þveröfuga við það, sem hann vildi vera láta; að það er engin ástæða til þess að banna, að byggingarfélög verkamanna séu fleiri en eitt á sama stað, a. m. k. ekki hér

í Rvík, og um annað er ekki hér að ræða nú. Ég hefi áður leitt rök að því, að sama gildir um aðra kaupstaði, a. m. k. að því er lánskjörin snertir, þau eru hin sömu, hvort eitt félag er eða fleiri, og hvað byggingarkostnaðinn snertir, þá væri nær að setja ákvæði um, að félögin skuli hafa sameiginlegt útboð á byggingarefninu; með því næðist sá tilgangur, að tryggja, að byggingarkostnaðurinn verði eins lítill og framast er unnt.

Það er því algerlega sannað, að það er engin þörf á því að banna að hafa fleiri en eitt byggingarfélag verkamanna á sama stað. Því þær getsakir, að póltík muni frekar komast inn í lánveitingar sjóðstj., ef félögin væru fleiri en eitt, eru algerlega gripnar úr lausu lofti. A. m. k. er ekki eins og nú standa sakir ástæða til að gera ráð fyrir, að sjóðstj. myndi beita pólitískri hlutdrægni til óþurftar því byggingarfélagi, sem nú er starfandi hér í bænum. Hitt er rétt, að það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að framkvæma miklar byggingar samkv. l. um verkamannabústaði. En eins og hv. 5. þm. Reykv. benti á, vantar mikið á, að nokkurntíma hafi verið byggt eins mikið og frekast er unnt vegna lánskjaranna. Og þótt komið væri mjög nálægt því takmarki og þyrfti að skammta byggingarleyfin úr hnefa, þá sé ég ekki, að þess vegna væri ástæða til að banna að hafa fleiri en eitt félag. Það yrði þá bara að miðla lánsfénu á milli, þannig að annað félagið fengi aðstöðu til að byggja 50 íbúðir þetta árið og hitt svo aftur næsta ár, o. s. frv. Það er þannig engin nauðsyn á að einskorða l. við eitt félag vegna takmörkunar á framkvæmdarmöguleikum. Eini tilgangurinn er sá, að einoka þau friðindi, sem þessi l. eiga að veita mönnum, við eitt félag, sem sérstaklega er stofnað af ákveðnum flokksmönnum og í ákveðnum pólitískum tilgangi.

**Emil Jónsson** [óyfirl.]: Ég skal vera fáorður. Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að framlag ríkis og bæja til byggingarsjóðs verkamanna gengi ekki til vaxtagreiðslu, heldur aðallega til útlána, og vitnaði þar til hv. 2. þm. Reykv. Það er nú ekki nema hálfsögð sagan hvað þetta snertir, þó greiðslur félagsmanna séu jafnháar vöxtunum, sem byggingarsjóður þarf að greiða sínum lánardrottnum. Hann þarf líka að borga afborganir af lánunum, sem nema venjulega 2—3%, ef lánin eru tekin til 25—30 ára. Byggingarsjóður þarf þannig að greiða til sinna lánardrottna 2—3% meira heldur en hann fær frá félagsmönnum. Þetta er að vísu að nokkru leyti lán frá sjóðsins hendi, en það er samt sem áður greiðsla, sem hann verður að inna af hendi, og sem hann verður að vera fær um að inna af hendi. Lánsupphæðin, sem sjóðurinn getur velt, takmarkast því fyrstu árin af því fé, sem ríki og bæjarsjóðir leggja fram. Nú er búið að byggja rúmlega 100 íbúðir, sem kosta 10—11 þús. kr. hver, eða samtals rúmlega eina millj. kr. Setjum svo, að félag sjálfstæðra verkamanna vildi nú byggja yfir alla sína meðlimi, sem eru taldir 350, þá yrðu ekki möguleikar til frekari starfsemi á næstu árum.

Út í ræðu hv. 3. þm. Reykv. skal ég ekki fara. Mér virtist hann furðu laginn að verja það, sem hann tók sér fyrir hendur að halda fram, enda finnst mér af minni stuttu reynslu hér í d., að honum takast álíka vel að verja réttan málstað og rangan.

Hann vildi halda fram, að það væri meiri þörf á að takmarka fjölda byggingarsamvinnufélaganna heldur en byggingarfélaga verkamanna. En ég hefi nú fært rök fyrir því, að það eru takmörk fyrir því, hvað mikið byggingarsjóður verkamanna getur látið út, en hitt er ekki á sama hátt takmarkað, hvað miklu fé byggingarsamvinnufélögin geta varið til sinnar starfsemi, og þess vegna er þörf á að halda starfsemi byggingarfélaga verkamanna á þrengra sviði, heldur en starfsemi byggingarsamvinnufélaganna.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Mér skildist hv. sessunautur minn viðurkenna, að eins og sakir stæðu nú væru það um 4—5 millj. kr., sem byggja mætti verkamannabústaði fyrir, ef allir möguleikar væru notaðir. Að því athuguðu er eftirtektarvert, að hann viðurkennir einnig, að af því fé, sem sjóðurinn fær til umráða frá ríki og bæjarfélagi, greiði hann afborganir, sem nema 2—3% umfram það, sem lántakendurnir sjálfir greiða. Þetta finnst mér gott ástand fyrir sjóðinn og benda til þess, að með réttu fyrirkomulagi megi auka mikið þá fúlgu, sem hægt er að byggja fyrir. Því vitanlega er þarflaust af sjóðstj. að taka framlög ríkis og bæja til þess að greiða með þeim afborganir; það fé kemur aftur á sínum tíma, og að sjálfsögðu getur sjóðstj. séð fyrir því á annan hátt heldur en að skerða framlög ríkis og bæja, sem eingöngu eiga að ganga til þess að greiða vaxtamismun. (**EmJ**: Hvernig?). Með lántöku að sjálfsögðu. Því þó sjóðurinn fái ekki lán til 40 ára, þá er ekki þar með sagt, að hvergi megi fá lánsfé til að greiða það, sem greiða þarf í afborganir umfram greiðslur lántakandanna sjálfra, vegna þess að þeirra lánstími er lengri. Það fé kemur aftur frá lántakendum, og er því öruggt að lána það, svo framarlega sem fyrirtækið er öruggt. Því vil ég segja, að hér er um miklu stærra mál að ræða heldur en hv. dm. hafa gert sér ljóst. Hér getur verið um að ræða byggingarstarfsemi fyrir 4—8 millj. kr., miðað við þau framlög, sem sjóðnum eru ætluð samkv. þessum lögum.

Hitt, að ekki sé fært að heimila fleiri félögum í Rvík lán úr sjóðnum vegna þess, að þá virðist þurfa að byggja strax yfir þá 350 menn, sem nú eru í Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna, er ekki mikil ástæða, því ég fæ ekki séð, að það sé bráðnauðsynlegt að byggja yfir alla félagsmennina strax, fremur en það hefir þótt nauðsynlegt að byggja yfir alla strax á fyrsta ári, sem eru í byggingarfélagi hv. 2. þm. Reykv.

Það er rétt, að með núv. framlagi ríkis og bæja verður ekki byggt yfir ótakmarkaðan fjölda verkamanna. En ef hægt er að byggja yfir 500—600 fjölskyldur, þá finnst mér sanngjarnt, að þeir, sem þegar hafa farið fram á að njóta þeirrar aðstoðar, sem l. gera ráð fyrir, gangi fyrir þeim, sem ekki hafa enn gefið sig fram. Ég get ekki annað sagt en mér finnst mjög óviðeigandi og ofbeldiskennt, ef það á með einni

atkvgr. hér í d. að gera að engu tilraun þeirra manna, sem stofnað hafa með sér félagsskap til þess að njóta þeirra hlunninda, sem l. eiga að veita, og svipta þá þar með þeim rétti, sem þeir hafa öðlazt með því að stofna félagið meðan l. voru í fullu gildi.

**Jakob Möller:** Ég vil segja hv. þm. Hafnf. það, að ég er því vanur, þegar ég á í deilum við flokksmenn hans, að þeir láti mig vita, að mér sé lagið að verja rangan málstað. En ég tek þetta sem gullhamra, því þeir telja auðvitað alltaf rangan málstað andstæðinganna, og þegar þeir eru komnir í rökþrot, er eina úrræðið að segja sem svo: Þið eruð skratti lagnir að verja rangan málstað. Og það sýnir einungis, að þeir hafa algerlega gefizt upp við að rökræða málin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 513,a felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GTh, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, BÁ, GÞ, GSv, GÍ.

**nei:** HV, JG, MT, PZ[1]) PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG.

JörB greiddi ekki atkv.

Einn þm. (JÓl) fjarstaddur.

Brtt. 513,b felld með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, JakM.

**nei:** JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV.

BÁ, HannJ, JörB, greiddu ekki atkv.

Einn þm. (JÓl) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt.

**nei:** TT,[2]) GÞ,[3]) GSv, GÍ, GTh, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK.

HannJ, JörB, greiddu ekki atkv.

Einn þm. (JÓl) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 556).

## 20. Vinnumiðlun.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um vinnumiðlun** (stjfrv., A. 26).

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég mun ekki hafa mörg orð um frv. þetta. Eins og titill þess ber með sér, þá er ætlunin með því að tryggja það, að vinna sú, sem framkvæmd er í atvinnubótaskyni, komi sem jafnast niður, og að vinna sú, sem unnin er í atvinnubótavinnu, komi að sem mestu gagni.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Hér er ekki um neitt stórmál að ræða eða þýðingarmikið. Frv. er sniðið eftir útlendum fyrirmyndum; þar sem allt hagar til öðruvísi en hér, þar sem mannfjöldinn er svo mikill, að menn þekkja ekki hver annan.

Aðalatvinnan, sem framkvæmd er í kaupstöðum hér af hálfu hins opinbera, er hin svo nefnda atvinnubótavinna, og mun sú aðferð víðast viðhöfð, að þeirri vinnu miðla bæjarfélögin sjálf með aðstoð fátækrafulltrúanna, og mun að jafnaði reynt að stilla svo til, að þeir njóti vinnunnar, sem mesta hafa þörfina fyrir hana. Ég fæ því ekki séð, að það sé til bóta fyrir bæjarfélögin eða mennina sjálfa, sem vinnunnar eiga að njóta, að sett verði upp sérstök skrifstofa til þess að annast úthlutun þessarar vinnu. Í sumum bæjarfélögum annast bæjarfulltrúarnir þetta sjálfir, án sérstakra útgjalda. Það hefir verið svo að segja á hverju þingi, að komið hafa till. um einhverja skipulagningu, sem bæjarfélögin eiga að kosta. Ég held því, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að stofna til fleira af slíku tægi, þegar ekki verður sýnt fram á, að það sé neinum til hagsbóta, því að það geta allir verið sammála um, að þetta skapar enga vinnu. Það hefir verið svo, að vinnuveitendur hafa sjálfir samið við það fólk, sem vinnur hjá þeim, og það fer bezt á því fyrir báða aðilja. Hér eru ekki svo stórir bæir, að það geti komið fyrir eins og í stórborgum, að vinnuveitandi þurfi að hringja á skrifstofuna og biðja um þennan fjölda verkamanna þennan dag. Hér er vinnumiðlunin samningsatriði verkamanna og vinnuveitenda á hverjum stað, en að því er snertir opinbera vinnu, þá er það eins og ég hefi lýst, að bæjarstjórnir annast það, og þær vita bezt, hverjir eiga að njóta hennar. Svo er það, að bæirnir hafa sannarlega nóg á sinni könnu af því, sem óumflýjanlegt er, og þar sem hér virðist vera farið fram á, að stofna til kostnaðar að óþörfu, þá vil ég vara við að samþ. þetta frv.

Þá vil ég benda á það, að með þessu frv. á að veita atvmrh. heimild til að setja slíka skrifstofu á stofn, kostaða að ⅔ hlutum af bæjarfélaginu, jafnvel þótt bæjarfélögin óski ekki eftir því. Það sýndist varla mega vera minna en farið yrði eftir því, hvort bæjarfélögin vildu slíkt eða ekki.

Ég hygg, að bæði hæstv. atvmrh. og aðrir geti fallizt á það, að þetta muni ekki auka atvinnu í bæjunum, og ég býst við, að flestir geti einnig verið sammála um það, að í bæjarfélögum hér á landi er ekki svo mikið djúp

1) **PZ:** Þar sem það er upplýst, að byggingarfélög þessi eru opin fyrir alla menn, án tillits til stjórnmálaskoðana, og að þeir fá að byggja í þeirri röð, sem þeir koma í félögin, þá segi ég nei.

2) **TT:** Þar sem ég tel, að gildandi ákvæðum um verkamannabústaði hafi verið spillt og hér sé um ranglæti að ræða gagnvart fjölda verkamanna, þá segi ég nei.

3) **GÞ:** Með skírskotun til orða hv. þm. Snæf. segi ég nei.

staðfest á milli atvinnurekenda og verkamanna, að sérstaka stofnun þurfi til að miðla vinnu á milli þeirra. Ef Rvík er orðin svo stór, að slíkan millilið þurfi, þá sýnist, að úr þeirri þörf sé bætt með þeirri ráðningarskrifstofu, sem hér hefir verið sett á stofn. Að vísu er gert ráð fyrir, að vinnumiðlunarskrifstofan hafi fleira, t. d. atvinnuleysisskráningu, en það sýnist ekki þurfa nýja stofnun til þess að annast það, því að það hefir farið fram í bæjum lýtalaust með þeim aðiljum, sem þar að standa, bæjarstjórnum og verklýðsfélögum.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vænti þess, að ekki þurfi miklar deilur að verða um þetta mál. Ég viðurkenni, að það er rétt, að þetta frv., þótt að lögum yrði, eykur ekki á atvinnu í bæjum, en því er ætlað að vinna að því, að sú vinna, sem til er, hagnýtist betur.

Hv. þm. Vestm. taldi það galla, að atvmrh. væri heimilt að setja slíka skrifstofu á stofn, þó að viðkomandi bæjarfélag óskaði ekki eftir. Ég vil benda honum á, að það er eðlilegt, að stj. vilji líta eftir því, hvernig atvinnubótunum er hagað, þar sem t. d. nú er gert ráð fyrir 500 þús. kr. til atvinnubóta. Aðrir aðiljar, sem skipa á eftir þessum ákvæðum, eru fulltúar verkamanna og atvinnurekenda, svo að hér virðist vera farin sú leið, sem líklegust er til, að allir verði ánægðir með, þar sem allir málspartar eiga að hafa hér hver sinn fulltrúa.

**Pétur Halldórsson:** Mér virðist augljóst, hvert er tilefni og tilgangur þessa frv. Tilefnið er sú atvinnuskrifstofa, sem bæjarstjórn Rvíkur kom hér á stofn nýlega, en tilgangurinn er að taka þessi mál af meiri hl. bæjarstjórnar og fá þau í hendur öðrum meiri hl.

Ég verð að taka undir það, sem hv. þm. Vestm. sagði um þetta frv., og sérstaklega vil ég benda á það, að hér er of langt stigið og of stórt af stað farið, áður en nokkur reynsla er fengin um þetta á voru landi. Væri ekki réttara fyrir þingið að sjá, hvernig þessari tilraun bæjarstjórnarinnar reiddi af, áður en sett eru l., sem geta valdið því, að bæjarfél. verði fyrirskipað að koma á slíkri stofnun, áður en reynsla er fengin fyrir því, að slíkt sé til gagns? Það er líklegt, að svona stofnun verði að mestu gagni í Rvík, og ef það sýnir sig, að þessi skrifstofa kemur að verulegum notum hér og önnur bæjarfél. finna ríka þörf hjá sér til að koma slíkri stofnun á, þá munu þær einnig koma upp þar, og það án allrar lagasetningar.

Af þessum ástæðum álít ég réttast að setja ekki slík l. að svo stöddu, því að eins og hv. þm. Vestm. sagði, þá er þess engin þörf eins og nú standa sakir.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Hæstv. ráðh. gat þess, að í fjárlagafrv. væri ætlað mikið fé til atvinnubóta. Er ekki nema gott við því að segja svo lengi sem hægt er að standa undir slíkum gjöldum. Hann sagði, að það væri engin furða, þó að stj. vildi hafa eftirlit með því, hvernig þessu fé væri varið. Mér þykir ekki óeðlilegt að heyra þetta af munni hæstv. ráðh., en ég vil benda honum á, að frv., þó það verði samþ., veitir enga tryggingu fyrir því, hvernig þessu fé er varið. Það er alls ekki gert ráð fyrir, að þessi skrifstofa skipti sér neitt af því. Hennar einasta hlutverk er vinnumiðlunin sjálf, hverjir fá vinnu og hvað lengi o. s. frv. Nú vilja einstaklingar, sem vinnu þurfa að kaupa, ráða því, sem von er til, hverjir vinna hjá þeim, svo að það verður þá eingöngu opinber vinna, sem þessi skrifstofa fær til að skipta sér af, og meðan stj. getur ekki bent á nein dæmi þess, að bæjarstjórnin hafi beitt ranglega valdi sínu til að úthluta bæjarvinnunni, verð ég að álíta þessa lagasetningu óþarfa. Þeir, sem hafa bæjar- og sveitastjórnarmál með höndum, hafa venjulega allt of lítinn tíma til að sinna þeim störfum, en þetta starf, að skipta vinnunni niður milli þeirra, sem hennar þurfa helzt með, hefir að minni hyggju verið rækt með mestu gaumgæfni. Það hefir t. d. verið svo í Vestmannaeyjum, að þegar slík vinna hefir byrjað, þá hafa nefndirnar, sem þessi mál hafa haft með höndum, komið saman í hverri viku til þess að íhuga, hverjir skuli fá þessa vinnu, og þó að bólað hafi á óánægju út af því, að atvinna væri ekki svo mikil sem æskilegt væri, þá hefir þessum nefndum þó aldrei verið borið það á brýn, að þær væru hlutdrægar í þessum efnum. Hvers vegna á þá að skylda þessi fátæku og margsliguðu bæjarfélög til að halda uppi skrifstofu til að miðla þessari vinnu, sem bæjarbúar hafa reitt sig inn að skyrtunni til að halda uppi. Það er full ástæða til að reyna að firra bæjarfélög slíkum óþarfakostnaði, en reyna að nota það fé, sem fyrir hendi er, þannig, að það verði sem flestum að gagni, en þetta frv. gerir ekkert í þá átt, þó að það yrði að l. Þessi skrifstofa verður ekkert nema svolítið sníkjudýr á bæjarsjóðunum til viðbótar við aðrar byrðar, sem löggjöfin vill nú leggja á örpínd bæjar- og sveitarfélög.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Það er hugarburður hjá hv. 5. þm. Reykv., að þessi skrifstofa eigi að drepa þá skrifstofu, sem Rvíkurbær hefir nú komið upp til að hafa þetta sama starf með höndum. En ég held, að það sé mikilsvert til að slík skrifstofa geti komið að gagni, að þeir, sem þar starfa, séu ekki skipaðir af neinum bæjarstjórnarmeirihl., heldur séu það menn frá öllum aðiljum eins og hér er gert ráð fyrir, og ég hygg, að ekki sé hægt að benda á neina betri leið.

Hv. þm. Vestm. sagði, að þar hefðu nefndir vinnumiðlunina með höndum. Það er svo víðast, og sumstaðar eru fastar ráðningarskrifstofur, sem verklýðsfélögin eða atvinnurekendur standa að, og það sýnir, að þörfin er til.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Jakob Möller:** Ég get fallið frá orðinu að þessu sinni, þar sem ég sé, að hæstv. atvmrh. er ekki hér í d. En tilefnið til þess, að ég kvaddi

mér hljóðs, voru þau ummæli hans í gær, að óheppilegt væri, að slík stofnun sem hér ræðir um, væri pólitískt stimpluð. En mér er það alveg ljóst, að tilgangur þessa frv. er enginn annar en sá, að gera þessa stofnun pólitíska, og því þykir mér þessi ummæli hæstv. ráðh. koma úr hörðustu átt. En ég vona enn, að samkomulag geti náðst um málið, svo að allir megi vel við una, og skal ég því ekki verða til þess að hefja deilur um það.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég vil taka það fram, áður en þessari umræðu lýkur, að ég mun ekki treysta mér til að greiða frv. þessu atkv. mitt til 2. umr.

Ég skal að vísu játa, að það er oftast sjálfsögð kurteisisskylda við stjórnina, að hleypa frv. hennar til 2. umr., og gera þannig kost á, að þau verði athuguð í n. En hér stendur alveg sérstaklega á, svo að í þetta skipti er undantekning frá reglunni fyllilega réttmæt. Frv. þetta er sem sé borið fram af þeirri ástæðu einni, að Rvíkurbær hefir þegar komið á fót vinnumiðlunarskrifstofu.

Sú hreyfing, að draga menn í dilka eftir pólitískum flokkum og láta menn gjalda eða njóta stjórnmálaskoðana sinna, þegar um vinnu er að ræða, er fyrir löngu hafin hér á landi. Rauðliðar hafa, síðan þeim tók að vaxa fiskur um hrygg, haldið því fram í orði og verki, að þeir einir ættu að fá vinnu, sem fylgja þeim í stjórnmálum, og reynt að kúga alla aðra til fylgis og undirgefni við sig með því að svelta þá. Þessari aðferð hafa þeir beitt í verkalýðsfélögunum, og nú er tilætlunin að stíga það spor með þessu frv., að ná einnig öllum yfirráðum yfir þeirri vinnu, sem ríki og bæir veita og vitanlega á að veitast án nokkurs tillits til stjórnmálaskoðana, eins og raunar öll vinna. Ég veit, að frv. er komið fram í þessum tilgangi einum, og mun því ekki ljá því fylgi mitt, ekki einu sinni til 2. umr.

Hinsvegar er ég manna fúsastur til að viðurkenna, að þörf sé á að gera allt, sem unnt er, til að hjálpa hinum atvinnulausu mönum í bæjunum, enda hefir mikið verið gert til þess. En utan Rvíkur er það hverjum bæ alveg ofviða, að fara að setja upp dýrt stjórnarskrifstofubákn til að annast þessi mál. Hingað til hefir það verið venja, að einhver úr bæjarstjórninni hafi haft þessi mál með höndum fyrir litla eða enga aukaborgun. Atvinnubótaféð hefir því getað gengið óskert til atvinnuleysingjanna sjálfra, eins og til hefir verið ætlazt. En þetta frv. stefnir að öðrum atvinnubótum, atvinnubótum fyrir snýkjudýr rauðu flokkanna á kostnað þurfandi manna.

Það er bersýnilegt, eins og ég hefi þegar tekið fram, að tilgangur frv. er enginn annar en sá, að úthlutun atvinnubótafjárins eigi að miðast við stjórnmálaskoðanir manna, en slíkt stefnir auðvitað til hins hróplegasta ranglætis, í fyrsta lagi af því, að þetta fé er tekið af skattborgurum úr öllum stjórnmálaflokkum, og í öðru lagi vegna þess, að atvinnubótavinnu á að miða við þörf manna, en ekki pólitíska litarhátt.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Mótmæli hv. sjálfstæðismanna gegn þessu frv. virðast bera vott um það, að þeir hafi ekki kynnt sér efni frv. nægilega vel áður en þeir fóru að hamast gegn því. Þeir halda því t. d. fram, að með ákvæðum frv. eigi að knýja bæjarstjórnir til að setja upp stofnanir, sem þær óski ekki eftir. En í frv. er svo að orði komizt, að í hverjum kaupstað skuli stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar ákveður eða atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir. Þetta er því lagt á vald bæjarstjórnanna sjálfra og atvmrh.

Þá hafa sjálfstæðisþingmenn Rvíkur hér í d. haldið því fram, að þetta frv. væri fram komið til að gera að engu ráðningarstofu Rvíkur. En það er ekki rétt, að íhaldsþingmenn Rvíkur séu einir til frásagna um afskipti bæjarstjórnarinnar hér í bænum af þessu máli og stofnun hinnar svokölluðu ráðningarskrifstofu Reykjavíkur. Og þar sem málaflutningur sjálfstæðismanna hér í þessari hv. d. er blandaður hinum ósmekklegustu brigzlum um bitlinga og skoðanakúgun, eins og kom fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv., þá hefir skörin vissulega færzt upp í bekkinn, og fullkomin ástæða til að andmæla, jafnvel þó ekki merkari maður eigi í hlut en hv. 6. þm. Reykv.

Skal ég þá víkja að afskiptum bæjarstjórnar Rvíkur af þessum málefnum.

Fyrir nokkru var það ákveðið í bæjarstjórninni að stofna til ráðningarskrifstofu. Fulltrúar Alþýðuflokksins í bæjarstjórn höfðu alltaf verið því máli fylgjandi og jafnvel átt frumkvæði að því, þó þeir að sjálfsögðu gerðu þær kröfur, að verkalýðurinn í bænum hefði einhverja íhlutun um stjórn og starfrækslu slíkrar ráðningarstofu. Og þegar rætt var um þetta efni í bæjarstjórn Rvíkur, fóru fulltrúar Alþýðuflokksins því fram á það, að þeir, sem ættu ekki hvað minnst undir því, hvernig stjórn og rekstri skrifstofunnar yrði hagað, sem sé verkamennirnir í bænum, fengju um hendur fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna nokkurn íhlutunarrétt um stjórn og tilhögun skrifstofunnar. Meiri hl. bæjarstjórnar felldi framkomna till. Alþýðuflokksfulltrúanna, en samþykkti að stofna skrifstofu til að sjá um vinnuúthlutun og réð formann Varðarfél. til að veita henni forstöðu. Með þessari ráðstöfun var það útilokað, að vinnuúthlutunin yrði undir hlutlausri stjórn, þar sem verkamenn og atvinnurekendur hefðu báðir rétt til íhlutunar, svo að hvorugur aðili þyrfti að tortryggja störf skrifstofunnar. Þessi ákvörðun íhaldsmeirihlutans í bæjarstj. Rvíkur varð til þess, að fulltrúaráð verklýðsfélaganna stofnaði sína eigin ráðningarskrifstofu, og má hverjum manni vera ljóst, í hvílíkt óefni er komið, ef svo færi í hverjum kaupstað landsins.

Ég verð því að telja, að frv. þetta sé fram komið af fullri þörf m. a. vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefir hér í Rvík. Ekki verður heldur sagt, að með frv. þessu sé um nýmæli að ræða. Víða erlendis hafa slíkar skrifstofur starfað um margra ára skeið. Einnig hér á landi hefir fyrir nokkru hafizt starfsemi í þessa átt. Á Siglufirði hefir t. d. verið rekin slík skrif-

stofa um nokkur undanfarin sumur. Um hana hefir verið sæmilegur friður, bæjarstjórn hefir styrkt hana með fjárframlögum og ýmsir atvinnurekendur leitað til hennar, auk þess sem fjöldi verkamanna hafa notað sér aðstoð hennar.

Tilætlunin með þessu frv. er sú, að bæjarstjórnir í kaupstöðum eða atvmrh., ef hann telur þess þörf, geti stofnað slíkar vinnumiðlunarskrifstofur. Þá er og til þess ætlazt, að skrifstofur þessar hafi samband sín á milli, og gæti slíkt samstarf orðið mjög gagnlegt á ýmsa lund, t. d. um flutning verkafólks milli vinnustöðva, eftir því hvernig atvinnu er háttað á hverjum stað í það og það skipti. Segjum t. d., að skrifstofan í Rvík spyrðist fyrir hjá skrifstofunni á Siglufirði um fólksþörf þangað, meðan á síldveiði stendur, eða skrifstofan í Vestmannaeyjum leitaði til Rvíkurskrifstofunnar á vertíðinni um tiltekna tölu sjómanna o. s. frv. Þessi dæmi sýna, að af slíku fyrirkomulagi mætti verða hið mesta gagn fyrir báða aðilja, verkamenn og atvinnurekendur.

Samkv. þessu frv. er svo búið um stjórn alla, að á hvorugan er hallað. Báðir aðiljar, atvinnurekendur og verkamenn, fá sína málsvara, auk þess hlutaðeigandi bæjarstjórn og loks atvmrh., sem ber sérstök skylda til að fylgjast með atvinnuástæðum í landinu á hverjum tíma, enda gjarnan leitað til hans, er í nauðir rekur.

Enn vil ég geta þess, í sambandi við þau ummæli hv. 6. þm. Reykv., að með þessu frv. sé rauðliðum, er hann nefnir svo, fengið alræðisvald um alla vinnuúthlutun, að undanfarið hafa 2 menn haft á hendi úthlutun atvinnubótavinnunnar hér í bæ, annar sjálfstæðismaður en hinn tilnefndur af Alþýðuflokknum og var hann jafnframt einn af bæjarfulltrúum þess flokks. En nú í haust brá svo við, að fulltrúi íhaldsins var einn látinn hafa á hendi þessa vinnuúthlutun og fulltrúar verkamanna voru þannig sviptir öllum íhlutunarrétti um þessi mál. Það hefir nú brugðið svo við, að margar kvartanir hafa borizt um misrétti í úthlutun atvinnubótavinnunnar, miklu fleiri en áður. Situr því sízt á hv. þingmönnum Rvíkur, þeim sem til Sjálfstæðisflokksins teljast, að tala um einokun í sambandi við þetta frv., þar sem þeir vilja sjálfir einoka úthlutun allrar vinnu, með flokksskrifstofu þeirri, er þeir hafa sett á stofn. Þetta frv. gerir einmitt ráð fyrir íhlutun allra aðilja er hér eiga hlut að máli. Er því allt þetta tal um einokun hin örgustu öfugmæli þeirra manna, er halda vilja dauðahaldi í einhliða og óréttmæt umráð síns eigin flokks yfir atvinnumöguleikum alþýðunnar.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ég held, að enginn hafi þurft annað en hlusta á ræðu hv. síðasta ræðumanns til að sannfærast um það, að mál þetta er flutt pólitískt. Það skín í gegnum ræðu hans óttinn við það, ef einhverjir aðrir en eindregnir fylgismenn Sósíalistaflokksins hafa úthlutun vinnunnar með höndum. Þessum hv. þm. hlýtur að vera það fullljóst, að úthlutun bæjarvinnunnar í Rvík fer að engu leyti eftir pólitískum skoðunum. Ég efast um, að hv. þm. geti bent á eitt einasta dæmi um að mönnum hafi verið bægt frá vinnu hjá bænum vegna pólitískra skoðana. Það er a. m. k. undarlegt, að verkamannafélögin skyldu rjúka til og stofna sína eigin ráðningarskrifstofu, aðeins af því, að bæjarstjórn hafði ákveðið að setja upp slíka skrifstofu, og þetta gerðist áður en skrifstofa bæjarins tók til starfa. Virðist manni, að vel hefði þetta mátt bíða þar til nokkur reynsla hefði verið komin á um starf þeirrar skrifstofu, m. a. í því atriði, hvort hún starfaði hlutdrægt eða ekki. Virðist mér órétt að ráðast á þá menn, sem eiga að veita skrifstofunni forstöðu; má vel minnast þess, er Alþýðublaðið hér fyrir skemmstu rauk upp með skammir og svívirðingar um þann mann, sem veita átti skrifstofunni forstöðu, einungis af þeim ástæðum að hann var form. Varðarfél. Hefði ég viljað mega vænta þess, að hv. síðasti ræðumaður sem þm. og lögfræðingur geymdi að kveða upp dóma, þar til skrifstofan væri tekin til starfa, og maðurinn sýndi sig í starfinu. Fyrirfram hefir maður ástæðu til að ætla, að frv. þetta sé ekki flutt til þess að vinna málefninu gagn, heldur framkomið af pólitískum ástæðum.

Ég hefi álitið sem meginreglu við úthlutun vinnunnar, að þeir, sem kosta skrifstofuna og kaupa vinnuna, eigi að ráða mestu. Mér finnst, að bæjarfél. fái ekki samkv. frv. þessu nægileg ráð yfir skrifstofunni. Það er alveg rangt hjá hæstv. atvmrh. og hv. síðasta ræðumanni að ekki megi samkv. frv. þvinga fram slíka skrifstofu án óska viðkomandi bæjarstjórna. Í 1. gr. frv. felst einmitt ákvæði um það, að vinnumiðlunarskrifstofu skuli setja á stofn, ef ráðh. sjálfur telur þess þörf, og verður þá bæjarsjóður að kosta skrifstofuna að sínu leyti, þó hún sé stofnuð og starfi í óþökk bæjarstjórnarinnar.

Í 2. gr. frv. (8. lið), þar sem ákveðið er hlutverk skrifstofunnar, segir, að hún „skuli inna af höndum þau störf, sem henni kunna að vera falin með lögum eða reglugerðum". Þetta ákvæði felur í sér, að starf skrifstofunnar fer ekki eftir ákvörðunum hlutaðeigandi bæjastj. því ekki gefa þær út lög eða reglugerðir, það verður aðeins gert af Alþ. eða ríkisstj. Má því eftir þessu fela skrifstofunni ýms verk, sem bæjarstjórn óskar ekki eftir og unnin verða því á kostnað bæjarsjóðs í greinilegri óþökk bæjarbúa. Er það því algerlega á valdi ráðh., hver verk skrifstofunni verður falið að vinna. Þá er og ákveðið í 2. gr. (4. lið), að skrifstofan skuli fylgjast með atvinnuháttum og safna skýrslum, er óvíst, hvort þessi liður takmarkast við viðkomandi bæjarfélag, eða hvort ráðh. getur falið skrifstofunni, ef honum þýður svo við að horfa, að rannsaka atvinnuhætti í öðrum kaupstöðum, héruðum eða jafnvel í öðrum löndum. Hæstv. atvmrh. sagði í ræðu sinni, að stofnanir þessar þyrftu ekki að verða svo mjög dýrar, þar sem það væri á valdi bæjarstjórna að ákveða laun stjórnarmanna, og bæjarstjórn ákvæði framlag til skrifstofunnar. Við þetta er það að athuga, að stjórn skrifstofunnar ákveður starfsmannahald og launakjör, og er því síður en svo, að bæjarstjórn viti, hve mikill kostnaður getur orðið í sambandi við þessa skrifstofu.

Ég fyrir mitt leyti tel engan vafa á, að frv.

þetta er fram komið til höfuðs þeirri tilraun, sem bæjarstjórn Rvíkur hefir gert, og sósialistarnir hafa enn sem komið er enga ástæðu til að vefengja hlutlaust starf þeirrar skrifstofu. Eru líkur til, að ráðh. þeirra eigi eftir að sitja lengur í stjórn, og virðist því ærinn tími til að koma síðar með frv. þessa efnis, til lagfæringar, ef þeim þætti svo þurfa, þegar reynsla er fengin um starf skrifstofu bæjarins.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Hv. 1. landsk. dásamaði mjög fyrirkomulag skrifstofanna, og einkum samband það, sem verða ætti milli þeirra. Ég fyrir mitt leyti hafði nú haldið, að ekki þyrfti að setja l. um svo sjálfsagða hluti, því ef til væri slíkar skrifstofur, þá kæmi það af sjálfu sér, að þær ynnu saman. Er því gersamlega óþarft vegna þessa ákvæðis að setja l. sem þessi. Annars var það ekki sérstaklega þetta tilefni, sem kom mér til að taka til máls hér við þessa umr. Það má nú segja, að ræða hv. 1. landsk. var fremur staðlitil, eins og vant er um hans ræður og þingmenn fá nú að heyra framvegis. Þessi fyrsta ræða hans hér var engin undantekning frá því, sem maður á að venjast af honum. Annað einkenni á ræðum þessa hv. þm. er sú hálfa lygi, sem (forseti hringir) ég get sagt heila lygi, ef hæstv. forseti hringir aftur. Ég á við það, sem hv. þm. var að tala um almennar umkvartanir, sem ættu sér stað í sambandi við úthlutun atvinnubótavinnunnar í Rvík. Hv. þm. veit mæta vel sjálfur, að þar fer hann og blað hans með algerlega staðlausa stafi. Forsprakkar sósialista í Rvík skáru upp herör að safna gögnum fyrir þessum dylgjum sínum um misfellur, sem ættu sér stað frá bæjarins hendi. Allt, sem þeir gátu krafsað upp, var það, samkvæmt því, er upplýstist á síðasta bæjarstjórnarfundi, að einn maður hafði í fússi skilað vinnukorti sínu, en gerði enga grein fyrir hvers vegna. Þetta er nú það eina, sem þingmaðurinn hefir fyrir sér. Ekkert annað hefir komið fram opinberlega. Þeir mega því halda betur áfram, höfundar hálfu lyginnar, ef slíkur vopnaburður á að endast þeim.

**Héðinn Valdimarsson** (óyfirl.): Íhaldsmennirnir hér í d. taka upp harðvítuga andstöðu gegn frv. þessu og flytja hér ræður, sem miklu fremur heyra undir 2.—3. umr. samkv. öllum þingvenjum. Munu það vera samantekin ráð þeirra, til að tefja afgreiðslu mála með málþófi.

Með frv. þessu er ekki gengið inn á aðrar brautir en þegar hefir verið gert í nágrannaríkjum okkar. Slíkar skrifstofur sem þessar eru nokkuð gamlar erlendis. Byrjunin var þar sú, að atvinnurekendurnir stofnuðu skrifstofur til að ráða, hverja þeir fengju í vinnuna. Var þá miðað við þæga verkamenn, þá sem ekki voru í verkalýðsfélögum o. s. frv. Þetta varð til þess, að verkalýðsfélögin settu upp sínar eigin skrifstofur t. d. í Þýzkalandi, til að keppa við hinar. Urðu því harðar deilur og jafnvel bardagar í keppninni um, hverjir ættu að úthluta vinnunni. Nú er það svo í þeim löndum, þar sem bezt skipun er á um þessi mál, eins og t. d. á Norðurlöndum, að starfræktar eru skrifstofur á sama grundvelli og þetta frv. felur í sér, þar sem báðir aðilar hafa íhlutun um vinnuúthlutun og ríkisstj. skipa oddamann.

Eins og hv. 1. landsk. skýrði frá, var úthlutun atvinnubótavinnunnar þannig háttað, að við það unnu 2 menn, hvor frá sínum flokki, virtist þá sem allt gengi þolanlega, þó nokkur óánægja ríkti meðal verkamanna um úthlutunina, og þá sérstaklega vegna þess, að einn starfsmaður á skrifstofum bæjarins tók nokkuð fram fyrir hendur þessara manna um vinnuúthlutunina. En nú hefir íhaldið hér í Rvík, sem sennilega er illvígasta íhaldið, sem til er á Norðurlöndum, ákveðið að stofna skrifstofu til vinnumiðlunar hér í bænum og var svo ósvífið að skipa sem forstöðumann formann Varðarfél., sem er alókunnur þessum málum. Á hann nú að úthluta atvinnunni meðal sjómanna og verkamanna hér í bænum, en því er svo háttað, að þessir menn eru flestir í Sjómannafél. Rvíkur eða Verkamannafél. Dagsbrún. En þessi félög, sem hafa um 3 þús. verkamenn hér í bæ innan sinna vébanda, eiga ekki að geta fylgzt með úthlutuninni eða hafa neina íhlutun þar um, heldur á formaður Varðarfél. að hafa það algerlega á sínum höndum. Þegar svo var komið ákváðu verkalýðsfél. hér í bænum að stofnsetja sína eigin skrifstofu, og ef þingmenn og ríkisstj. taka ekki í taumana og hafa afskipti af þessum málum í samræmi við þetta frv., þá munu verkalýðsfél. taka til sinna ráða og hefja baráttu gegn allri einokun íhaldsins á atvinnuúthlutun.

Við Alþýðuflokksmenn viljum nú ganga sömu braut og nágrannar okkar. Okkur er fullkomlega ljóst, að stjórn landsins getur breytzt, og við eigum síður en svo víst að eiga jafnan atkvæmrh., er skipar oddamann í stjórnir þessara stofnana, en við eigum þó tryggt samkv. frv. þessu, að verkamennirnir eigi sinn íhlutunarrétt um starf sitt og geti fylgzt með því að öllu leyti. Ég hygg, að það verði aðrir en sjálfstæðiseða íhaldsþingmennirnir, sem sjá þá hættu, er yfir vofir, ef verkföll verða út af sjálfri vinnuúthlutuninni, og muni því ljá frv. þessu sitt liðsinni.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Hv. 8. landsk. fór nokkuð inn á einstök atriði þessa frv., sem að sjálfsögðu er algerlega óþarft, þar sem frv. þessu verður vísað til n. og það einmitt n., þar þar sem þessi hv. þm. á sæti. Hv. þm. minntist á, hvers vegna frv. þetta væri fram komið og hafði þá einungis fram að bera sömu endileysuna og samflokksmenn hans í þessari hv. d. Hann vildi og halda því fram, að það væri full ástæða til þess að bíða með afgreiðslu þessa máls og sjá hvernig skrifstofa sú, sem Rvíkurbær hefir nýlega sett á stofn, reyndist. Ég geri ekki ráð fyrir, að nein ástæða sé til þess að draga málið á langinn hennar vegna, því þess ber að gæta, að um leið og hún var stofnuð, var vakin sú tortryggni gegn henni, sem gerir það að verkum, að hún á engu trausti að fagna meðal alþýðumanna, þar sem verkalýðnum sjálfum var þegar í upphafi synjað um að eiga nokkra hlutdeild um stjórn hennar, og forusta hennar falin harðsnúnum íhaldsmanni, sem jafnframt

var formaður í hinu stærsta pólitíska félagi íhaldsmanna hér í bænum. Hvernig getur nokkur maður, sem skyn ber á þessa hluti, látið sér detta í hug, að verkamenn geti borið traust til slíkrar stofnunar?

Hv. 3. þm. Reykv. tók mér sem vænta mátti, þá er ég flutti hina fyrstu ræðu mína á þessari virðulegu samkomu. Hann var að tala um, að hv. þdm. myndu finna einhvern smjörþef af ræðum mínum. Það má vel vera, að mér auðnist að láta þennan hv. þm. og flokksbræður hans finna þann smjörþef, er þeir eiga skilið, þegar þeir að gömlum hætti berjast gegn umbótamálunum. Hann hefði sjálfur a. m. k. gott af því að læra að hegða sér hógværlegar en hann hefir gert hingað til, enda þótt hann sé nú kominn á sextugsaldurinn. Gamalt orðtæki segir, „að svo lengi læri sem lifi", *og má vel vera*, að þessi fullorðni maður geti, þrátt fyrir aldur sinn, lært *meiri hógværð og stillingu en hann hefir hingað* til tamið sér, og myndi hann sannarlega hafa *gott af því*. A. m. k. væri þessum hv. þm. þörf á að læra að haga orðum sínum svo, að þau hneyksluðu ekki þingheim, eins og t. d. áðan, þar sem hann viðhafði svo óþingleg orð, að frekar hefði mátt halda, að þau hefðu verið sögð af illa uppöldum unglingi en öldruðum manni, sem búinn er að eiga setu á Alþ. um langt árabil.

Annars þýðir ekkert hvorki fyrir þennan hv. þm. eða aðra að reyna að verja það, að ekki hafi verið beitt hlutdrægni og pólitískum undirróðri við úthlutun atvinnubótavinnunnar hér í Rvík nú síðastl. sumar. Það hafa m. a. s. verið sendir menn út í vinnuflokkana, og þeir látnir flytja verkamönnunum þann boðskap, að þá og þegar mætti búast við, að vinnan yrði lögð niður, vegna þess að stj. hefði ekki gert skyldu sína um að inna af hendi fjárframlög til vinnunnar. Það hefir verið skorað á Alþýðublaðið að birta nöfn þeirra *verkamanna*, er kvartað hafa undan rangsleitni um úthlutun vinnunnar, *en nöfn þeirra munu alls ekki verða birt*, því að Alþýðuflokkurinn mun alls ekki fara að *framselja flokksmenn sína undir fleiri píningar* íhaldsmanna en þegar er orðið. Það mun verða nógu erfitt fyrir hina fátæku verkamenn að sækja um vinnu til þeirra manna, sem nú úthluta atvinnubótavinnunni, þó að verkamennirnir séu ekki beinlínis lagðir undir refsivöndinn hjá þeim. Þetta, sem ég nú hefi sagt, er óhrekjanlegur sannleiki, og á vitund alls verkalýðs hér í bænum. Samt dirfist hv. 3. þm. Reykv. að kalla það lygi. Það er honum líkt.

**Sigurður Kristjánsson:** Hv. 1. landsk. sagði með miklu yfirlæti, að það væri óþarfi að svara því, sem ég hélt fram í síðustu ræðu minni, af þeirri einföldu ástæðu, að ég hefði sagt það. Ég held, að það hefði verið miklu *einfaldara fyrir* hv. þm. að játa hreinlega, að hann gæti ekki svarað því. *Hann hefir aldrei þótt sú stjarna*, að slíkt hefði orðið honum til vanvirðu, því að *venjulega þykir leggja rökfræðilegan ódaun úr* því húsi, sem hann lætur mælskuljós sitt skína í. Hv. þm. hefði því sjálfs sín vegna átt að geyma sér þessa fyndni sína, a. m. k. þangað til hann var búinn að vinna sér eitthvað meira til frægðar í þessum sal en hann er búinn að ennþá, þá má vel vera, að einhver hefði tekið hann alvarlega.

Hv. 3. þm. Reykv. tók það réttilega fram, að ekki væri með neinum rétti hægt að halda því fram, að ráðningaskrifstofan hér í Rvík hefði beitt hlutdrægni í úthlutun á vinnu, þar sem hún er ekki einu sinni farin að starfa ennþá. Þessar ásakanir hv. þm. í garð þessarar skrifstofu eru því aðeins vindhögg. Þó að það sé maður úr Sjálfstfl., sem á að veita skrifstofu þessari forstöðu, þegar hún tekur til starfa, þá ætti það *sízt* að vera *mótmæli gegn henni*, því að eru það kannske ekki sjálfstæðismenn, sem *hafa verið og eru aðalatvinnurekendur* þessa lands og úthluta því verkamönnum og sjó*mönnum mestum* hluta af vinnu þeirra, og það undantekningarlaust án manngreinarálits, alveg án tillits til þess, hvar menn eru í stjórnmálum. Það sýnir því og hefir sýnt, að þeir eru langt hafnir upp yfir þann tuddaskap, sem sósialistar eru að ætla þeim nú. Annars held ég nú, að það hefði verið erfitt að fá þann mann til þess að veita skrifstofu þessari forstöðu, sem ekki hefði verið merktur einhverju pólitísku merki. Ef þessi maður, sem nú hefir verið ráðinn forstöðumaður skrifstofunnar, hefði ekki valizt til þess, þá má vel vera, að til þess hefði valizt maður úr flokki sósialista, og þá er ég þess fullviss, að enda þótt hann hefði verið þekktur að rangsleitni og uppvöðsluhætti, þá hefði frv. þetta ekki komið fram.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þessar umræður ættu ekki við á þessu stigi *málsins*. Haldi hv. þm. þessu fram í fullri alvöru, sýnir það aðeins, að *hann hefir ekki munað þingsköpin of* vel, því að hvorki ég né aðrir andmælendur frv. *höfum rætt einstakar greinar* þess. Hitt mun rétt vera, að slíkar umræður sem þessar koma Alþýðuflokksmönnum hálf illa, og er því ekkert undarlegt, þó að þeir vilji komast hjá þeim, að svo miklu leyti sem þeir geta. Ef maður athugar frv. þetta, þá verður strax ljóst, að hér getur verið um stórt starfsmannabákn að ræða. Stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð fimm mönnum. Stjórnin má svo aftur ráða forstöðumann fyrir skrifstofuna, og hann getur svo ráðið sér skrifstofustjóra, ef honum svo sýnist. Hér er um að ræða þrjár starfsmannadeildir, allar launaðar, sem ráðh. getur lagt á fátæka smákaupstaði, ef honum sýnist. Það hefir sem kunnugt er viðgengizt í kaupstöðum landsins að úthluta vinnu á meðal verkamanna, en það hefir alltaf verið gert bæjarfélögunum að kostnaðarlausu. *Ég hefi reynt* að afla mér upplýsinga um það, eftir hvaða reglum almennt hafi verið farið *um úthlutun* þessarar vinnu, og fengið fullar sannanir fyrir því, að *eingöngu hefir* verið farið eftir því, hvernig heimilisástæður vinnuþiggjenda hafa verið, en aldrei grennslazt eftir pólitískum skoðunum manna. Þetta fimbulfamb rauðliða um misbeiting á úthlutun atvinnubótavinnunnar er því allt út í bláinn og hefir við engin rök að styðjast.

Þá hefir hv. 2. þm. Reykv. fundið allmjög að því, að formaður Varðarfél. skuli hafa hlotið

forstöðu vinnuúthlutunarskrifstofu þeirrar, sem Rvíkurbær hefir ákveðið að setja á stofn. Þeir, sem í raun og veru þekkja þann mann, munu vera ánægðir með þá ráðstöfun, því að hann er maður mjög varfærinn og laus við allt ofstæki. Annars kemur það úr hörðustu átt, að hv. 2. þm. Reykv. skuli vera með hávaða út af ráðningu þessa manns, því að ég býst við, að hann, sem er formaður verkamannafél. Dagsbrúnar, telji sig vel til þess fallinn, á það þó að vera ópólitískur félagsskapur. En eins og kunnugt er, þá er hann einhver mesti ofstækismaður í pólitík, sem til er á þessu landi. Hann, sem rennir sér eins og hrútur á hvað sem fyrir er og ætlar allt undir sig að brjóta með frekju og valdi.

Að síðustu skal ég taka það fram, að ég mun greiða atkv. á móti þessu frv., af því að ég tel það óþarft og af illum toga spunnið.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Hv. 1. landsk. hefði ekki þurft að hneykslast svo mjög yfir því, þó að ég við þessa 1. umr. minntist á einstakar gr. frv., því að bæði þessi hv. þm. og hæstv. atvmrh. gáfu tilefni til þess, þar sem þeir héldu því fram, að í frv. fælust engin þau ákvæði, sem myndu auka bæjarfél. útgjöld, enda þótt þar sé hrúgað saman fjölda af skrifstofustörfum, sem bæjarfél. sé gert að greiða. Þá hélt hann því fram, hv. þm., að það hefði þegar verið vakin tortryggni gegn atvinnuskrifstofu bæjarins, áður en hún tók til starfa. Sé þetta rétt, þá hefir sú tortryggni verið vakin fyrir atbeina þessa hv. þm. og flokksmanna hans, því að ekki hefir sú tortryggni verið vakin af sjálfstæðismönnum eða skrifstofunni sjálfri, þar sem hún er ekki tekin til starfa ennþá.

Um það veit ég ekkert, hvort menn hafa verið sendir út í vinnuflokkana í atvinnubótavinnunni til þess að vera þar með pólitískan undirróður. Ég geri bara ráð fyrir, að það séu staðlausir stafir, eins og flest annað hjá þessum herrum, því að það er alkunna, að blað hv. 2. þm. Reykv. og flokksmenn láta aldrei líða vart eina stund, án þess að rægja þá, sem standa fyrir málefnum Rvíkur.

Það virðist vera mesti þyrnirinn í augum þessa hv. þm., að það skyldi vera formaður Varðarfél., sem valinn var til þess að veita atvinnuskrifstofu bæjarins forstöðu. Út af þeim ummælum, sem hv. þm. hafði um þann mann, þá get ég ekki annað en mótmælt þeim sem algerlega óviðeigandi, því að mér finnst það jafnan ódrengskapur í hæsta lagi að ráðast á menn, sem ekki hafa tækifæri til þess að svara fyrir sig á þeim vettvangi, sem á þá er ráðizt, og það því fremur þegar verið er að brigzla þeim um vanrækslu og hlutdrægni í starfi, sem þeir eru ekki farnir að inna af hendi, eins og hér á sér stað. Annars virðist mér það liggja beint við, að úr því að hv. 2. þm. Reykv., sem jafnframt er formaður í hinu ópólitíska verkamannafél. Dagsbrún, getur fyrirfram verið að væna formann Varðarfél. um hlutdrægni, þá hljóti það að vera af því, að hann finni það með sjálfum sér, að hann í sömu sporum myndi ekki geta verið óhlutdrægur.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Mig furðar á því, að hæstv. forseti og hv. 1. landsk. skuli vera að kveinka sér undan því, að ég hafi hér í frammi sérstaklega óþinglegt orðbragð, því að ég sá þá háu herra ekki kippast mikið við hér í gær, þegar hæstv. atvmrh. sagði við einn flokksmann minn, að hann færi með „hauga lygi“ eða „heila lygi“, en ég hefi þó aldrei talað um meira en aðeins „hálfa lygi“.

Hv. 1. landsk. gat alls ekki fundið þeim orðum sínum stað, að beitt hefði verið hlutdrægni um úthlutun atvinnubótavinnunnar hér síðastl. sumar. Hann sagði aðeins, að sent hefði verið út í vinnuflokkana og sagt, að vinnan myndi fara að hætta, vegna vanrækslu stj. með fjárgreiðslur til hennar. Hvort þetta er heil eða hálf lygi veit ég ekki. En er kannske ekki alstaðar rekin „agitation“? Það vita t. d. allir, að í öllum vinnuflokkum hér er rekin látlaus „agitation“ af flokksmönnum þessa hv. þm.

Þá voru það lítil rök, þegar hann sagði, að ekki myndu verða birt nöfn þeirra, sem kært hefðu um hlutdrægni atvinnubótanefndar. Þeir myndu birta þau, ef þeir aðeins hefðu þau einhver til. Ég held því fast við það, að allt, sem hv. 1. landsk. hefir sagt um úthlutun atvinnubótavinnunnar, séu staðlausir stafir og vægast sagt hálf lygi.

Það er rétt, að það var þegar vakin tortryggni gegn ráðningarskrifstofu þeirri, sem Rvíkurbær hefir ákveðið að stofna, en sú tortryggni var fyrst vakin af forsprökkum jafnaðarmanna. Slíka tortryggni er vitanlega alltaf hægt að vekja upp, alveg eins t. d. gegn skrifstofu þeirri, sem hér er verið að tala um að stofna, eins og ráðningarskrifstofu Rvíkurbæjar. Að tala um, að hér eigi að vera hlutlaus skrifstofa, er svo fjarri öllum sanni, að það þarf meira en lítið blygðunarlausa menn til að bera fram slíka lygi fyrir almenning. (Forseti hringir). Haugalygi þá.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)**: Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mikið, en ég hjó eftir nokkrum orðum hjá hv. 3. þm. Reykv., sem ég get ekki látið ósvarað með öllu. Hann telur, að sú stj., sem gert er ráð fyrir í þessu frv. geti ekki orðið hlutlaus. Hv. þm. virðist meina hlutlaus í pólitík. Ég skal játa, að þar sem menn eru pólitískir, er erfitt að mynda pólitískt hlutlausa stj., a. m. k. til þess að hafa afskipti af málum, sem skipta menn jafnmiklu og úthlutun vinnu, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég vil slá því föstu, að ómögulegt sé að skipa stj., sem sé hlutlaus í pólitík, og það hefir ekki verið ætlun ríkisstj. að gera það, heldur er ætlazt til, að fulltrúar hinna ýmsu aðila, fulltrúar verkamanna, atvinnurekenda og meginflokka bæjarstjórnarinnar eigi allir sæti í þessari stj., og geti hvorir um sig komið fram með sínar skoðanir og beitt sínum áhrifum og litið eftir, að ekki sé beitt ranglæti, en með þessu skipulagi er reynt að koma í veg fyrir það.

Það er rétt, sem hv. þm. tók fram, að ætla má, að bæjarstjórnin kjósi 2 menn, sinn úr hvorum flokki, A. S. Í. einn mann og atvinnurekendur annan, og oddamanninn skipar svo

sá ráðherra, sem þetta heyrir undir. Ef hann er Alþýðuflokksmaður, er sennilegt, að hann skipi mann, sem honum stendur nærri, og sama er að segja, ef það er sjálfstæðismaður, og það hefði t. d. fyrrv. ráðh. gert. Þetta er eðlilegt, því að ráðh. leggur fram fyrir ríkisins hönd það fé, sem skrifstofan þarf úr ríkissjóði til atvinnubóta og þess kostnaðar annars, sem um er að ræða í þessu sambandi.

Ég álít, að ekki sé hægt að komast nær sanngirni í þessu efni en gert er í þessu frv., því að í því er tekið tillit til allra. Þess hefir ekki verið gætt við skrifstofu þá, sem bæjarstjórn Rvíkur ákvað að setja á stofn. Ég skal ekki ámæla þeim mönnum, sem þar eru, en ég hygg það engum vafa bundið, að þeir eru ákveðnir með það fyrir augum, að þeir eru í fyrsta lagi góðir starfsmenn hjá forráðamönnum Sjálfstæðisflokksins og fjarri því að eiga ítök hjá öðrum flokkum. Þetta vekur að sjálfsögðu tortryggni hjá verkamönnum, sem eru þeim andvígir, en þurfa að leita til skrifstofunnar um liðsinni.

Um þá kenningu hv. þm., að löggjafinn ætli að breyta lýðræðinu, þarf ekki að fjölyrða. Ég þekki ekki aðrar þingræðisleiðir en að frv. séu flutt á Alþ., og þar sé það meiri hl., sem nægir með eða móti. Ef hv. þm. þekkir aðrar betri leiðir, væri æskilegt, að hann benti á þær, en það er alveg víst, að það er ekki lýðræði, ef minni hl. á að ráða á Alþ.

**Héðinn Valdimarsson:** Hv. 8. landsk. var að bera það saman, að meiri hl. bæjarstjórnar Rvíkur hefði skipað formann landsmálafél. Varðar sem formann vinnumiðlunarskrifstofunnar hér, og svo, að ég væri formaður Dagsbrúnar, þar sem þar væru menn af öllum flokkum. Þar er mjög ólíku saman jafnað, vegna þess að Gunnar E. Benediktsson er ekki kosinn af þeim mönnum, sem málinu heyra til, heldur af meiri hl. bæjarstjórnar. Aftur á móti er ég kosinn formaður Dagsbrúnar af verkamönnunum sjálfum.

Það er engum þægð í vinnumiðlun öðrum en þeim, sem vinnuna þurfa, verkamönnum og sjómönnum. Þess vegna finnst mér réttast, að skrifstofan sé rekin af þeim sjálfum, og að þeir úthluti vinnunni sjálfir og kjósi sjálfir mann, sem hafi umsjón með þessum málum. Ef bærinn fær verkið unnið og verkamennirnir eru ánægðir, þá mega aðrir vera það líka, og bæjarstjórninni kemur þetta eiginlega ekkert við.

Ég get hinsvegar sætt mig við, að þessu sé svo hagað, að fleiri aðilar fái að ráða, en í raun og veru er ekki hægt að neita því, að það eru verkamennirnir, sem eiga að stjórna þessu. Ég get vel skilið, að hv. 3. þm. Reykv. snúist svona í þessu máli. Hann er kunnur af að hafa reynt að beita þeirri mestu rangsleitni, sem hér hefir þekkzt, sem sé við verkamenn 9. nóv. 1932, og þar á ofan hefir hann sýnt meiri heigulskap en nokkur annar Íslendingur hefir nokkru sinni sýnt.

**Pétur Halldórsson:** Það kom greinilega í ljós hjá hæstv. ráðh. við þessar umr. núna, að það er rétt, sem ég lét í ljós við umr. í gær, að þetta frv. væri eingöngu komið fram til þess að draga úr yfirráðum meiri hl. bæjarstjórnarinnar hér, yfir þessari skrifstofu, sem ákveðið hefir verið að setja upp. Ég hefi ekki heyrt hér flutt nokkurt orð, sem réttlæti, að ráðh. sé gefin heimild til að fyrirskipa, að slíkar skrifstofur séu settar á stofn í hverju kauptúni landsins. Það var rangt hjá hv. 1. landsk., þegar hann sagði, að engin hætta væri á ferðum, vegna þess að þetta mundi verða fyrirskipað eingöngu eftir vilja bæjarstjórnanna. Þetta er rangt, því að ráðh. getur gert það á móti vilja þeirra. Það var eftirtektarvert, að hann skyldi byrja fyrstu ræðu sína hér á Alþ. með þessum ranga málaflutningi.

Þetta mál verður allt augljósara, þegar það er athugað, að eins og nú er, áður en þessi l. koma til sögunnar, eru í bæjarráði Rvíkur 5 menn, sem skipaðir eru af bæjarstj., en þessi skrifstofa verður aðallega undir stjórn bæjarráðsins. Það hefir framkvæmd bæjarmála sérstaklega með höndum. Þessir 5 menn eru nú í samræmi við meiri hl. bæjarstj. hér, og af þeirri einni ástæðu mega þeir ekki hafa þetta undir höndum, eða m. ö. o., af því að þar er ekki „rauður" meiri hl., eins og það hefir verið orðað. Og þess vegna er þetta frv. fram komið, að þessu vill minni hl. bæjarstj. Rvíkur breyta með þingmeirihluta. Ef þetta er ekki að taka ráðin yfir bæjarmálum úr höndum bæjarstj. með ofbeldi, þá veit ég ekki, hvað hægt er að kalla því nafni. Tilgáta mín var rétt, þetta er tilefni og tilgangur frv. Úr því verður nú skorið hér, hvort á að fara út þá braut í þessu efni, að nota meirihlutavald á Alþ. til þess að beygja meirihlutavald sveitarfélaga, þar sem svo stendur á, að ekki er sami meiri hl. á Alþ. og í sveitarfélögunum. Ef þetta frv. verður samþ., þá er það augljóst, að þeir, sem að þessari löggjöf standa, svífast þess ekki, að taka völdin með valdi hér á Alþ.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. kom hér, ég vil ekki segja eins og skrattinn úr sauðarleggnum um svo virðulegan mann, og það var auðheyrt, að hann hafði ekki fylgzt með þessu máli hér, sem er ekki heldur hægt að heimta, þar sem hann hefir verið að taka þátt í afgreiðslu mála í Ed. Það hefir einhvernveginn komizt inn í höfuð hans, að ég hafi verið að finna að því, að mistekizt hefði skipun þeirrar stj., sem frv. gerir ráð fyrir. Þetta er lítilsháttar misskilningur. Þessar umr. stöfuðu af því, að flokksmenn hæstv. ráðh. voru að halda því fram hér í d., að þessi fyrirhugaða skrifstofa yrði alveg hlutlaus. Svo kemur hæstv. atvmrh. eins og af himnum sendur, mér til aðstoðar í þessu máli, og segir, að þetta sé alveg ómögulegt, og staðfestir það, sem ég hefi haldið fram, að kenning flokksmanna hans sé ekkert nema vitleysa og m. a. s. lygi, heil eða hálf eftir því, sem forseti vill láta vera. En hvað lýðræðið snertir, þá hefir hæstv. atvmrh. enga afsökun, og mér virðast kenningar hans um lýðræði nokkuð haltrandi. Hann segist ekki þekkja aðrar lýðræðisreglur en að löggjöf sé sett á þingræðislegan hátt. Það hefir heyrzt, og það ekki alls fyrir löngu, að fyrirhugað væri að setja

löggjöf um, að borgarstjórinn í Rvík væri skipaður af ríkistj. Um þetta má setja löggjöf, og hún yrði sjálfsagt sett eftir þingræðisreglum, samþ. af meiri hl. þings, en ég held, að atvmrh. gengi ákaflega illa að sannfæra jafnvel sína sauðspökustu fylgismenn um, að þetta væri lýðræði, að setja bæjarfél., sem á að hafa sjálfstjórn um sín mál, með valdboði borgarstjóra. Ég hefi tekið þetta dæmi, af því að það er gleggst. Það, sem verið er að gera hér, er alveg það sama. Það er verið að taka völdin af bæjarstj. í bæjarfél., um það, hvernig eigi að skipa stj. á stofnun, sem bæjarstj. á að ráða yfir og er búin að stofna. Þetta á að gera með löggjöf og eftir lýðræðisreglum, en ég neita, að þetta sé gert samkv. lýðræðisreglum. Það er ofbeldi og ekkert annað.

Það eru til stjórnarskrárákvæði fyrir því, að sveitarfélög ráði sjálf sínum málefnum, og það er ekkert vafamál, að það verður gengið eins nálægt þeim og frekast er unnt, án þess að því verði hegnt, af hv. 2. þm. Reykv. Honum vil ég segja það, að þegar hann er að trana sér hér fram sem fyrsti og helzti málsvari verkalýðsins, þegar þessi illræmda blóðsuga á atvinnuvegum þessa lands (Forseti hringir), er að hreykja sér í þessu sæti, þá roðna ég og skammast mín fyrir alþýðu þessa lands. Og um það, hve verkalýðurinn sé ánægður með stj. þessa manns, sem lifir á sveita fátæklinganna, sem tekur 3 fiska af hverjum 4 og stingur andvirðinu í sinn vasa, og hve stjórn hans á verkalýðsfél. takist vel og allir séu ánægðir þar, það vita allir í Rvík. Það vita allir, hve vel það var þokkað, er stjórn Dagsbrúnar sölsaði undir sig vinnumiðlun hér í bænum og bannaði fjöldamörgum að vinna, sem vildu vinna og gátu fengið vinnu.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að bæjarfulltrúa varðaði ekkert um úthlutun vinnu. Þetta er algerlega rangt. Bæjarfulltrúum er ætlað að semja fjárhagsáætlun fyrir bæina og bera ábyrgð á því, sem fram fer. Hv. 2. þm. Reykv. vill taka af þeim ákvörðunarréttinn um það, hvernig farið sé með það fé, sem bærinn lætur vinna fyrir. Það er vitanlegt, að þegar um bæjarvinnu er að ræða, þá verður að hafa nokkra hliðsjón af því, hverjir það eru, sem þarfnast mest vinnu. Það vita fáir betur en bæjarfulltrúarnir, hverjir æskja mest að fá styrk frá bænum, og það er við bæjarfulltrúana, sem menn bera sig upp, þegar þeir telja sig komna svo að örþrotum, að þeir hljóti að fara á bæinn, ef þeir ekki fái vinnu. Svo vill hv. 2. þm. Reykv. ekki láta ákvörðunar- og miðlunarréttinn hvað vinnu snertir vera í höndum þessara manna, sem ætlað er að bera ábyrgð á málefnum bæjanna.

Það hefir komið berlega fram í umr. um þetta mál, að það er eingöngu komið fram vegna ágreinings, sem orðið hefir milli stjórnmálaflokkanna hér í bæjarstj. Rvíkur. Aðrir kaupstaðir eru bara teknir með rétt til málamynda. Ég vil mælast til þess, að n. sú, sem fær málið til athugunar, leiti sér upplýsinga um það, áður en hún dembir þeirri skyldu á kaupstaðina að hafa vinnumiðlunarskrifstofu, hvort sem menn vilja það eða ekki, hversu miklu eða hvort nokkru hefir verið til þess kostað áður og hvernig miðlunin hefir farið fram. Ég vil bæta því við, að það er sanngjörn krafa þeirra bæjarfél., sem hafa unnið þetta verk hingað til óátalið og án kostnaðar fyrir bæjarsjóðina, að þau fái að haga sínum málum í þessu efni eins og verið hefir, og a. m. k., að skrifstofa, sem kostar fleiri hundruð kr., verði ekki sett á stofn í bæjum án vilja bæjarstjórnanna.

**Héðinn Valdimarsson**: Það var ekki ljóst fyrir mér, þegar ég heyrði ræðu hv. 1. þm. Reykv. — (Forseti: 3. þm. Reykv.). Nú, hann er þá hrapaður niður í það —, hvað hann meinti, þegar hann var að tala um, hve óvinsælt það hafi verið, þegar ég sem formaður Dagsbrúnar hafi tekið upp vinnumiðlun hér í bænum og bannað mönnum að vinna, sem vildu vinna. Ég hefi fengið skýringu á þessu hjá honum, þá skýringu, að ég hafi framfylgt l. félagsins um það, að félagsmenn skuli ekki vinna með utanfélagsmönnum. Þetta eru l. félagsins og þeim hefi ég framfylgt. Hv. þm. er gramur út í það, að ég skuli ekki hafa svikizt um mitt starf sem formaður Dagsbrúnar, eins og hann um sitt, sem embættismaður ríkisins.

**Jakob Möller**: Ég ætla ekki að fara að ræða um það við hv. 2. þm. Reykv., hvernig ég hafi rækt mitt starf. Ég þykist vita, að þessi hv. þm. telji sig eiga nokkurn þátt í því, að mér er ekki gefið tækifæri til þess að rækja það lengur. En beina ástæðan til þess, að ég var sviptur starfinu, var sú, að ég var að rækja það. Það mátti þessi þm. ekki sjá né heyra. Hann segir, að það séu l. félagsins, að félagsmenn megi ekki vinna með utanfélagsmönnum, en hann bannaði mönnum að vinna, sem voru félagsmenn, af því að skilyrði til þess að mega vinna, er að hafa verið ákveðinn tíma í Dagsbrún. Þetta veit hv. þm. vel, og það þýðir ekkert fyrir hann að standa upp til að afsanna þetta með einhverjum lygum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:8 atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 13. og 16. fundi í Nd., 18. og 22. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 23. okt., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 26, n. 83 og 157, 87).

**Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson)**: Eins og nál. ber með sér, hefir allshn. klofnað um málið. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl., að það verði fellt.

Um frv. var allverulega rætt við 1. umr., svo það er ekki ástæða til að ræða mikið um það nú, þar sem það var rætt í heild þá. En út af brtt., sem fyrir liggja, verð ég að fara nokkrum orðum um frv. í sambandi við þær. Eins og frv. ber með sér, er svo fyrir mælt í 1. gr., að vinnu-

miðlunarskrifstofur séu settar á stofn í kaupstöðum „ef bæjarstjórn eða atvinnumálaráðherra mæla svo fyrir". Við 1. gr. er brtt. frá hv. þm. Vestm. þess efnis, að fella niður heimild atvmrh. til þess að setja á stofn vinnumiðlunarskrifstofur. Út af þessari brtt. vil ég taka það fram, að frv. er samið með það fyrir augum, að það geti orðið til gagns fyrir kaupstaðina og allan landslýðinn. Fyrirmæli frv. í 2. gr. eru þannig, að vinnumiðlunarskrifstofan hefir með höndum mál, er snerta ríkið. Frá minu sjónarmiði á ekki eingöngu meiri hl. bæjarstj., heldur líka sá ráðh., sem fer með atvinnumálin á hverða tíma, sem er, að hafa vald til að setja á stofn vinnumiðlunarskrifstofur, ef hann telur þær gagnlegar fyrir atvinnuhættina í landinu. Í öllum nágrannalöndum vorum eru slíkar skrifstofur fyrirskipaðar í kaupstöðunum.

Hv. þm. Vestm. sagði við 1. umr. þessa máls, að það væri hart fyrir kaupstaðina, ef ráðh. ætti að hafa vald til þess að stofna til kostnaðar fyrir þá, án vilja þeirra. Hv. m. veit, að svo að segja á hverju þingi eru sett ákvæði, sem hafa í för með sér kostnað fyrir bæjarfél., án þess að þau óski þeirra beinlinis. Ég skal í þessu samb. minna á l. um lögreglumenn. Þar er svo fyrirskipað, að dómsmrh. geti stofnað varalögreglu í bæjunum. Hann hefir á sínu valdi að ákveða tölu lögreglumannanna. Kostnaður við þá lögreglu er að hálfu leyti greiddur úr ríkissjóði og að hálfu leyti úr bæjarsjóði. Ríkisstj. er þannig heimilt að stofna til kostnaðar fyrir bæina, jafnvel móti vilja þeirra. Hv. þm. talaði þá ekki móti því frv. Ég vil nefna annað dæmi. Löggjafarvaldið hefir lagt allverulegan kostnað á bæjarfél. með stofnun gagnfræðaskóla í kaupstöðum landsins. Það er því ekki á rökum reist, að það sé óeðlilegt, að löggjafarvaldið leggi kostnað á bæjarfél. án óska þeirra. Það er einmitt mjög algengt. — Ég hefi þá gert grein fyrir því, að það er eðlilegt, að atvmrh. kveði svo á, ef honum þykir þörf á, að stofnuð sé vinnumiðlunarskrifstofa í bæjunum, þó að þeir hafi ekki borið fram sérstaka ósk um það.

Í 2. gr., tölul. 3, 4, 5 og 7, er þessum skrifstofum ætlað hlutverk, sem ekki eingöngu snertir bæjarfélögin, heldur og ríkisheildina. Í 3. tölul. eru ákvæði um það, að vinnumiðlunarskrifstofan ráði yfir styrk, sem veittur er til atvinnubóta. Af því fé leggur ríkið til ⅓, en bæjarfél. ⅔. Það skiptir því að sjálfsögðu ríkisstj. máli, hvernig þeim styrk er varið. Það er því eðlilegt, að ríkið hafi hönd í bagga með því, hvernig þessar vinnumiðlunarskrifstofur eru reknar.

Þá er brtt. við 3. gr., frá hv. þm. V.-Ísf., á þá leið, að í stað 5 manna stj. verði 3 manna stj., þannig skipuð, að 1 maður sé frá verkamönnum, 1 frá atvinnurekendum og 1 skipaður af bæjarstj. Meiri hl. n. er á móti þessari brtt. Og ástæðan er fyrst og fremst sú, að það skiptir ríkisstj. miklu máli, hvernig þessi starfsemi er rekin, þar sem hún á að ráða yfir atvinnubótavinnunni. Það skiptir ríkið miklu máli, að geta fylgzt með atvinnumálum bæjanna og fengið upplýsingar um atvinnuhætti þar. Það getur sem sé borið við, að ásjár atvmrh. sé beiðzt, og þá þarf hann að vita glögg skil á því, hvernig atvinnuháttum er varið í því bæjarfél., sem leitar á náðir ríkisins. Meginþættirnir í 2. gr. frv. eru þannig mjög viðkomandi ríkinu, og er því ófært að svipta ríkisstj. öllum ráðum í máli, sem snertir ríkið svona mikið.

Ég get ímyndað mér, að þessi till. stafi af því, að í nágrannalöndunum er stj. þessara stofnana að nokkru leyti falin fulltrúum úr bæjarstj. En það er aðgætandi í þessu sambandi, að vinnumiðlunarskrifstofum erlendis er ekki ætlað sama hlutverk og vinnumiðlunarskrifstofum hér er ætlað með frv. Í Svíþjóð eru t. d. atvinnuhættir svipaðir og hér. Þar er t. d. atvinnubótavinna, en hún er falin stjórn sérstakrar nefndar (Arbetslöshetskommissionen), og vinnumiðlunarskrifstofur þar hafa því ekki tekið beinan þátt í úthlutun atvinnubótavinnu. Meginmunurinn er því sá, að vinnumiðlunarskrifstofum þar er ætlað minna hlutverk, og þá helzt það, er snertir hagsmuni bæjanna, en minna ríkið. Löggjöfin um þetta efni í Danmörku mælir svo fyrir, að bæjarstj. tilnefni oddamanninn, en þó því aðeins, að ákveðinn meiri hl. fáist. En vinnumiðlunarskrifstofurnar þar eru háðar miklu eftirliti félagsmálaráðh. Ég held þess vegna, að þetta sé byggt á misskilningi, og mér finnst það einkennilegt af hv. þm., sem fyrst og fremst eiga að hafa fyrir augum heill ríkisheildarinnar, að koma fram með brtt. og leggja ríka áherzlu á, að ríkið verði svipt möguleikanum til íhlutunar um störf þessara fyrirtækja. Ég skil ekki vel þá hugsun, sem liggur á bak við brtt. Og mér finnst það fjarri lagi, eftir efni frv., að láta brtt. ná fram að ganga.

Hv. þm. V.-Ísf. hefir borið fram brtt. á þskj. 165, sem ég hefi að nokkru leyti minnzt á, nema brtt. við 7. lið 2. gr. En ég tel hana til bóta og mun meiri hl. allshn. leggja með því, að hún verði samþ.

Um niðurlagið á brtt. við 3. gr. á sömu brtt. hv. þm. V.-Ísf. er það að segja, að ef brtt. hans í heild verður felld, sem meiri hl. allshn. vill að verði gert, þá vildi ég breyta svo til með 3. gr., að það verði ákveðið, að ef ekki er starfandi verklýðsfél. eða eitthvert slíkt fél. þar, sem vinnumiðlunarskrifstofa starfar, þá eigi allsherjarfélagsskapur verklýðsstéttarinnar að útnefna manninn.

Mér finnst mjög eðlileg brtt. við 4. gr., um að kostnaður af símtölum, símskeytum og póstsendingum greiðist úr ríkissjóði, því að þetta atriði skiptir ríkið miklu máli, og mun það, að greiða þetta úr ríkissjóði, vera í samræmi við það, sem víða er annarsstaðar.

Minni hl. allshn. hefir ekki komið fram með neinar brtt. við frv., en leggur til í nál. sínu á þskj. 157, að frv. verði felllt, og færir þar fram sínar ástæður fyrir því. Ég álít, að ályktanir minni hl. allshn. séu byggðar á misskilningi. Það er auðséð á framkvæmdum í þessu efni á Siglufirði og hér í Rvík, að hingað til landsins er að berast sú stefna, sem framkvæmd

hefir verið í nágrannalöndum okkar um mörg ár, að hafa lögskipað fyrirkomulag til þess að geta á atvinnuleysistímum greitt fyrir fólki, sem þarf að fara stað úr stað til að leita sér atvinnu. Og ég álít fullkomlega tíma til þess kominn að setja löggjöf um þetta efni hér á landi.

Minni hl. allshn. segir í nál. sínu, að þessar skrifstofur mundu hafa verulegan kostnað í för með sér fyrir bæina, ef þær yrðu settar á stofn. En mér finnst, að Rvíkurbær ætti sízt að kvarta undan því, þó að sett yrðu l. eins og hér er um að ræða, þar sem ríkið á að greiða ⅓ hluta kostnaðar. Mér skilst, að ráðningarskrifstofa sú, sem tók til starfa hér í bænum, hafi farið þannig af stað, að útlit sé fyrir, að hún hafi verulegan kostnað í för með sér, sem ég efast um, að þyrfti að vera svona mikill. Því að fyrir utan forstöðumann með háum launum, eru tveir eða þrír aðrir starfsmenn á skrifstofunni, og það strax í upphafi.

Í nál. minni hl. er því einnig slegið föstu, að frv. þetta sé fram komið til höfuðs ráðningarskrifstofu þeirri, sem bæjarstj. Rvíkur hefir ákveðið að stofna. Þetta er ekki rétt. Það er fram komið til þess að koma á eðlilegri samræmingu í störfum þessara stofnana í kaupstöðum landsins, og til að setja ákvæði og reglur um þau, til þess að sem mest gagn verði að þeim fyrir kaupstaðina, ríkið og aðra aðilja, sem mikið eiga undir því, að stofnanir þessar verði reknar vel og viturlega, en það eru fyrst og fremst verkamenn í kaupstöðunum og þá líka atvinnurekendur.

Ég sagði við fyrstu umr. málsins, að Alþýðuflokknum þætti ekki eins vel til þessarar ráðningarskrifstofu hér í Rvík stofnað eins og skyldi, af því að þar væri of mikið einræðisbrölt á ferðinni, þar sem útilokuð er íhlutun þeirra manna, sem ættu að hafa veruleg afskipti af þessum málum, nefnilega verkamanna. Ég skal geta þess, að á bæjarstjórnarfundi hér í Rvík 5. júlí 1934 bar ég fram till., sem ég leyfi mér að lesa hér upp:

„Um val á forstöðumanni og tilhögun skrifstofunnar sé leitað álits og tillagna fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík".

Þessi till. var felld með 7 atkv. gegn 5. Það þótti ekki einu sinni ástæða til að leita álits verkamanna í Rvík um þetta. Það var von, að verkamönnum litist ekki á stofnun þessarar skrifstofu, þegar svona var af stað farið, og líka þegar valinn var til forstöðu fyrir þessari skrifstofu maður, sem er formaður stærsta sjálfstæðisfélagsins í bænum og svarinn andstæðingur verkalýðshreyfingarinnar.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, sem minni hl. allshn. talar um, að með löggjöf þessari eigi að svipta bæjarstjórnir forráðum sinna mála. Þetta er ekki rétt. En löggjöfin setur oft ýmsar reglur um mál, er snerta bæi landsins, því að bæirnir hafa ekki löggjafarvald sjálfir, heldur aðeins takmarkað vald í sínum eigin málum. En þessar reglur, sem nú er lagt til að setja um vinnumiðlunarskrifstofur, snerta ekki aðeins bæjarfél., heldur einnig landsmenn í heild.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta að sinni. Skal aðeins leggja áherzlu á það, að meiri hl. allshn. óskar eftir, að frv. verði samþ. með þeirri brtt., sem hann kemur fram með á þskj. 83 á eftir nál., um að ef vinnumiðlunarskrifstofa er stofnuð í kaupstað, þar sem einhver aðili, sem eftir 3. gr. frv. hefir rétt til að skipa mann í stj. vinnumiðlunarskrifstofunnar, geri það ekki, hver aðili sem það er, þá skipi atvmrh. þann eða þá menn í stj.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Minni hl. allshn. er það ljóst, að grundvallarhugsun þessa frv. um stofnun vinnumiðlunarskrifstofa yfirleitt getur staðizt. En eins og hugmynd þessi er fram borin í frv., þegar athugaður er tilgangur og tilefni þessa frv., þá sér minni hl. allshn. sér ekki annað fært en að óska eftir, að frv. verði fellt.

Okkur er ljóst, þrátt fyrir ræðu hv. 1. landsk., að þetta frv. er borið fram, eins og svo mörg frv. hér á þingi nú, af stjórnarflokkunum sem eitt af þeim málum, sem fram eru borin til höfuðs Rvík og því valdi, sem fer með bæjarmál Rvíkur. Það er borið fram á móti vilja meiri hl. kjósenda hér í Rvík og meiri hl. bæjarstj., yfirleitt á móti þeim yfirráðum, sem jafnaðarmenn hafa ekki náð á sitt vald í Rvík. Þetta frv. er borið fram til þess að hnekkja þessu valdi.

Við, sem erum í minni hl. í n., álítum, að það sé alls ekki ástæða til þess að skylda kaupstaði landsins með löggjöf til þess að setja slíka skrifstofu á stofn hjá sér. Og í þessu sambandi má geta þess, að þó að frv. út af fyrir sig sé gott að grundvallarhugsun, þá er þegar eitt atriði í 1. gr. frv., sem útilokar það, að ég geti verið með því óbreyttu. Hér er það á ferðinni að leggja á vald atvmrh. að setja slíkar skrifstofur á stofn í kaupstöðum landsins, án tillits til þess, hvort bæjarstj. sjálfar sem slíkar óska þess eða ekki.

Það er eftirtektarvert, að hv. 1. landsk., þegar hann er að koma með dæmi, þessu frv. til réttlætingar, nefnir sem fordæmi l. um lögreglumenn, fyrir því, að ráðh. geti án vilja viðkomandi bæjarstj. lagt þennan kostnað á bæjarsjóðinn. Þessi tilvitnun hv. 1. landsk. sannar ekki réttmæti frv., því að í l. um lögreglumenn stendur í 1. og 6. gr., að lögreglustjóri skuli skipa lögreglumenn, að fengnum till. viðkomandi bæjarstj.

Í þessum l. er það einmitt tekið fram, að ráðh. skuli fyrst fá till. viðkomandi bæjarstj. um þetta atriði. Þetta á auðvitað að skilja á þann veg, að ef meiri hl. bæjarstj. ekki væri með því að setja á stofn hjá sér varalögreglulið, þá mundi ráðh. ekki geta gert það. Þessi tilvitnun hv. þm. í l. er því til stuðnings því, sem minni hl. n. heldur fram í málinu, en alls ekki til stuðnings því, sem meiri hl. heldur fram.

Ég vil nota tækifærið til þess í þessu sambandi að minna þennan hv. þm. á annað mál, sem hann hefir með miklu kappi varið og unnið fyrir dómstólunum fyrir hönd bæjarstj. Rvíkur, sem er málið á milli lögreglustjórans í

Rvík og borgarstjóra í sambandi við ráðningu lögreglumanna hér í Rvík. Um það er úrslitaákvæði í l., að lögreglumenn eigi að ráða að fengnum till. lögreglustjóra. Þetta vildi hv. 1. landsk. skilja eftir bókstaf l. Það sýnir, að sá maður, sem á að ráða starfi lögregluþjóna, þeirra, sem starfa á hans ábyrgð, hann á samkv. l. að ráða svo miklu um val þessara manna, að bæjarstj. getur ekki með fullum rétti ráðið þá án þess að lögreglustjórinn hafi fyrst tilnefnt þá. Ég hefi að vísu ekki lesið varnir hv. 1. landsk. í þessu máli, en þó geri ég ráð fyrir, að hann hafi byggt upp sína vörn m. a. á þeim ástæðum, að þessir menn störfuðu á ábyrgð lögreglustjóra, og þess vegna ætti hann að hafa íhlutun um ráðningu þeirra.

Hér er nú svipað ástatt um þessar vinnumiðlunarskrifstofur. Þær eiga að verða reknar að ⅔ hlutum á kostnað viðkomandi bæjarfél. og að því leyti á ábyrgð þess, og bæjarbúar eiga sín mál undir þessum skrifstofum og viðkomandi bæjarstj. á að velja menn í stjórnir þeirra. Það væri því ekki óeðlilegt, þó að bæjarstj. í hverjum kaupstað fengi að ráða í þessu efni sjálf, án íhlutunar atvmrh. Bæjarfél. sjá sínum borgurum fyrir atvinnu og borgararnir greiða sín gjöld í bæjarsjóðinn, þ. á m. til atvinnubóta og rekstrar fyrirtækja bæjarins og svo þeirrar annarar vinnu, sem bæjarfél. lætur þeim í té. Það væri í samræmi við þá almennu reglu, að atvinnurekendur mega ráða menn í þá vinnu, sem þeir hafa fram að bjóða, að greiða fyrir því, að bæjarstj. fengju að ráða fyrirkomulagi slíkrar skrifstofu. — Ef bæjarfél. eru orðin svo stór og eftirspurn eftir vinnu þess vegna orðin svo mikil, að nauðsyn sé á að stofna slíka vinnumiðlunarskrifstofu, þá mun viðkomandi bæjarstj. auðvitað setja hana á stofn, án þess að til þurfi að koma nein löggjöf frá hæstv. Alþ., og með þeim mönnum í stj. skrifstofunnar, sem hún telur hæfasta til þess.

Að mínu áliti er því ekki nauðsyn á að skylda neinn bæ eða kaupstað til að setja á stofn hjá sér vinnumiðlunarskrifstofu, vegna þess að nauðsynin knýr hana fram, þegar tími er til kominn.

Eins og hv. 1. landsk. tók fram, hefir þegar verið settur á stofn vísir til slíkra skrifstofa hér í Rvík og Siglufirði, sem eru alveg nýteknar til starfa. Sósialistar munu hafa staðið fyrir stofnun skrifstofunnar á Siglufirði, og þeir segja auðvitað, að hún hafi reynzt vel. En ég fyrir mitt leyti veit ekki, hvort það er rétt. Það má vel vera, að svo sé. Ég hugsa þó helzt, að stofnun þessarar skrifstofu á Siglufirði hafi verið meira til málamynda og sem auglýsing fyrir þessa menn, sósíalista, sem svo oft vilja draga sinn agitationarfána við hún.

Í Rvík er þessi skrifstofa komin fram vegna þess, að nauðsyn var komin fyrir hana. Hún var sett á stofn eftir samþ. meiri hl. bæjarstj., og ég veit ekki betur en að þessi hv. þm., 1. landsk., hafi sem bæjarfulltrúi verið með í að samþ. það, að hún skyldi verða sett á stofn. Hann mun hinsvegar hafa borið fram till. í þá átt, að leitað yrði álits verklýðsfél. bæjarins um stofnun þessarar skrifstofu. Hv. þm. er mjög hneykslaður yfir því, að meiri hl. bæjarstj. skyldi ekki samþ. að leita álits þessa aðilja um rekstur og fyrirkomulag skrifstofunnar. Nú vil ég skjóta því til hv. 1. landsk.: Hvernig hefir framkoma hans og hans flokksbræðra verið gagnvart minni hl. allshn., þegar þetta mál var til meðferðar hjá þeirri n., þegar við í minni hl. allshn. bárum fram till. um að leita skyldi umsagnar bæjarráðs um þetta? Þá sagði hann, að engin ástæða væri til að fara að tefja málið á því o. s. frv. Ég veit, að hv. 1. landsk. neitar því þó ekki, að þetta mál snertir mjög mikið bæjarstj. Rvíkur, og þá um leið bæjarráð, sem er kosið af bæjarstj., og að ekki er óviturlegt né ósanngjarnt að leita umsagnar þess áður en slíkt frv. sem þetta er lögfest. Þessi hv. þm. átti nú ekki með sínum lýðræðishugsjónum og lýðræðisorðum út af því, hve hann var hneykslaður af synjun meiri hl. bæjarstj. í áminnztu atriði, — hann átti nú ekki að láta þetta framferði bæjarstj., sem hann svo mjög hneykslaðist á, verða sér til fyrirmyndar, heldur miklu fremur til varnaðar í því máli, sem hér er um að ræða. En það er svo í þessu sem öðru, að sósíalistar tala fagurlega, en hyggja flátt, því þeir veita andstöðu málameðferð eins og þeirri, sem minni hl. allshn. hefir viljað hafa á þessu máli, af því að þeir hyggja, að það komi þeim ekki sjálfum í hag, þó að þeir alveg í hliðstæðu tilfelli hafi haldið fram þeirri sömu málsmeðferð og talað mikið um hana frá lýðræðissjónarmiði.

Minni hl. allshn. leitaði álits bæjarráðs Rvíkur um þetta mál. Till. þess er, að löggjöf um málið verði frestað þangað til útséð er um það, hvort sú skrifstofa, sem hér átti að fara að starfrækja, ekki nær þeim tilgangi, sem til er stofnað og sósíalistar segja, að vaki fyrir þeim með þessu frv., sem sé að gæta hagsmuna bæði atvinnurekenda og atvinnuþiggjenda. Sú skrifstofa, sem bæjarráðið hefir sett á stofn, er að vísu ekki enn tekin til starfa. Þessa skrifstofu á að reka á bæjarins kostnað og undir eftirliti og umsjón bæjarráðs Rvíkur, sem kosið er af bæjarstj. með hlutfallskosningu, og í því sitja 5 menn. Bæjarráðið, og því hv. 1. landsk. og hans flokkur, hafa því íhlutunarrétt um rekstur þessarar skrifstofu á sama hátt og um öll önnur bæjarmál Rvíkur.

Mér finnst nú eðlilegast, að bæjarstj. Rvíkur fái sjálf að ráða fyrirkomulagi og rekstri þessarar skrifstofu, sem rekin er á hennar ábyrgð og kostnað að öllu leyti. Og ég fæ ekki séð, að sú upptalning, sem gerð er í 2. gr. frv., geti á nokkurn hátt útilokað það, að hér sé á viðunandi hátt hægt að safna skýrslum fyrir ríkisstj. og framkvæma annað, sem þar er upp talið, án þess að þetta frv. verði samþ. Það er og öldungis víst, að ráðningarskrifstofa bæjarins getur látið ríkisstj. í té allar þær skýrslur, sem heimtaðar eru í frv. Er því engin ástæða þeirra hluta vegna fyrir löggjafarvaldið að fara að þvinga fram slíka stofnun sem þessa vinnumiðlunarskrifstofu. Það hefir heldur enginn getað sannfært mig um það, að ráðningarskrifstofa bæjarins geti ekki að öllu leyti fullnægt þeim kröfum, sem settar eru fram í 2. gr. frv. Það myndi enginn t. d. vera færari um að miðla vinnu á

milli bæjarbúa en hún, því að hún myndi gera það í samráði við fátækrafulltrúa bæjarins og verkamennina sjálfa. Þá fæ ég ekki heldur séð, að vinnumiðlunarskrifstofa þessi sé nauðsynleg vegna skýrslusöfnunar. Það myndi skrifstofa bæjarins eins geta gert engu síður en skrifstofa þessi. Þá fæ ég ekki heldur séð, að ráðningarskrifstofa bæjarins geti ekki fullnægt 6. lið 2. gr. frv., að veita opinberum stofnunum, svo og verkalýðsfél. innan Alþýðusambands Ísl. og fél. atvinnurekenda upplýsingar um tölu atvinnulausra og hagi þeirra. Í einu orði sagt: Ég fæ ekki séð, að það sé neitt það í upptalningu 2. gr. frv. og vinnumiðlunarskrifstofunni er ætlað að gera, sem skrifstofa undir eftirliti bæjarstj. geti ekki fullnægt. Eftir gildandi l. hafa öll bæjarfél. sín fjármál út af fyrir sig, sitt fátækraframfæri út af fyrir sig o. s. frv. Þau hafa því þá aðstöðu, að vera nokkurskonar ríki í ríkinu. Það er því undarlegt að fara að neyða þau öll til þess að setja á stofn hjá sér slíka skrifstofu sem þessa.

Það er eitt, sem hv. 1. landsk., sem stundum þykist vilja vera sanngjarn, hlýtur að viðurkenna, en það er, að Rvíkurbær eigi að stjórna sínum málum sjálfur. Og komi sá tími nokkurn tíma, að jafnaðarmenn nái yfirráðum yfir bænum, þá munu þeir sannarlega vilja ráða, hverjir stýra honum. Get ég þá trúað, að þeir muni hvorki vilja hafa þar um ihlutun ríkisins eða annara. Að þeir vilji ráða þar sem þeir hafa einhverja möguleika til þess, má og sjá á frv. þeim, sem fyrir þinginu liggja, þar sem þeir, enda þótt þeir séu í minni hl. að kjósendatölu í landinu, koma með hvert frv. öðru róttækara, sem eru algerð hnefahögg á móti þeim, sem ekki fylgja þeim að málum.

Verði frv. þetta, sem hér liggur fyrir, að l., þá verða þau l. t. d. sett alveg á móti vilja meiri hl. bæjarstj. Rvíkur, og það verður að teljast æði hart að skylda bæjarstj., alveg gegn vilja hennar, til þess að kosta slíka skrifstofu sem hér er um að ræða. Annars er það undarlegt, ef meiri hl. Alþ. gengur inn á það, að leggja þann kostnað, sem af frv. þessu leiðir, að nokkru leyti yfir á ríkissjóðinn, þegar vitanlegt er, að bæjarstj. Rvíkur vill ein kosta skrifstofu, sem að öllu leyti getur innt af hendi þau störf, sem miðlunarskrifstofu þessari er ætlað að vinna. Það er ekki alltaf verið að hlífa Rvíkurbæ svona við útgjöldum.

Eigi slík skrifstofa sem þessi að ná tilgangi sínum, þá þarf umfram allt að vera fullt samkomulag um hana, bæði meðal vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Náist slíkt samkomulag ekki, nær hún aldrei tilgangi sínum.

Verði það úr, að mál þetta verði þvingað í gegnum þingið á móti allri sanngirni og lýðræðisreglum, þá er fyrirfram víst, hvernig stofnuninni verður tekið yfirleitt af borgurum Rvíkur. Við 1. umr. þessa máls hér í d. var það sérstaklega haft á móti ráðningarskrifstofu bæjarins, að ráðinn hafði verið sem forstöðumaður hennar maður að nafni Gunnar E. Benediktsson, sem unnið hafði fyrir Varðarfél. Var skrifstofan og forstöðumaðurinn dæmdur fyrirfram óalandi og óferjandi, áður en skrifstofan hafði byrjað starfsemi sína. (HV: Hann hafði dæmt sig sjálfur). Það er hv. 2. þm. Reykv., sem hefir dæmt sig sjálfur með hrottaskap sínum og böðulsgangi. (JakM: Og olíuverzlun). Já, og mörgu fleiru, sem á endanum hlýtur að verða sprenging af. Ég segi sprenging, því það get ég fullvissað þennan hv. þm. um, að haldi hann og flokksmenn hans áfram með allar firrur sínar og yfirgang, þá verður af því einhver sprenging, því að það getur fleira verið eldfimt en benzin og olía. Annars er það býsna hlálegt að hugsa til þess, að hér sitja þessir háu herrar, sem aðstöðu sinnar vegna hér á Alþ. eiga að gæta réttar fjöldans og fara miðlunarleið, þegar um mikinn ágreining er að ræða. En í stað þess að gera þá sjálfsögðu skyldu sína, þá þvinga þeir hér fram pólitísk einkahagsmunamál sín og síns flokks. Ef þeir hefðu fyrir augum hag kaupstaðanna og landslýðsins, þá myndu þeir leita betri ráða til úrlausnar þessu og fleiri mála heldur en þess, að koma hér fram með einhliða flokkshagsmuni, alveg án tillits til annars. Það er vitanlegt, að frv. þetta á að knýja fram alveg gegn vilja meiri hl. bæjarstj. Rvíkur, aðeins til hagsmuna fyrir þá klíku, sem stendur utan um hv. 2. þm. Reykv. Ég vildi því ráða þessum háu herrum til þess að nota þessa miðlunarskrifstofu sína til þess að miðla á milli sín öllum þeim bitlingum, sem þeir eru að hrúga upp fyrir sig og skjólstæðinga sína.

Það mun vera alveg einsdæmi að setja á stofn slíka skrifstofu sem þessa án þess að leita áður umsagna bæjarstjórnanna sjálfra. Það hefir verið og er enn þá sjálfsögð regla, að bera undir hlutaðeigandi bæjarstj. öll þau frv., sem koma til með að valda bæjunum sérstakra útgjalda. Að gera það ekki er ónærgætni við bæjarfél., sem ekki á að eiga sér stað og engir geta verið þekktir fyrir nema skammsýnir og einráðir stjórnmálamenn.

Að því er snertir brtt. þær, sem fram hafa komið, þá skal ég taka það fram, að ég mun fylgja brtt. hv. þm. V.-Ísf. að því er snertir stjórn skrifstofunnar. Rök þau, sem hv. 1. landsk. var að færa gegn þessu, voru einskisvirði. Það er alls ekki útilokað með brtt. þessari, að ríkisstj. geti haft áhrif á það, hvernig stj. skrifstofunnar yrði skipuð, a. m. k. ekki eins og nú standa sakir, þegar Alþýðusamband Ísl. og ríkisstj. eru eitt.

Ég skal svo að síðustu endurtaka það, að því fer fjarri, að frv. þetta sé borið fram til þess að hafa með höndum að miðla vinnu á milli manna og hafa milligöngu meðal þeirra manna, er vinnu vilja selja, og þeirra, sem vinnu vilja kaupa, atvinnurekenda. Höfuðtilgangur þess er að leggja að velli skrifstofu þá til ráðningar verkamanna, sem Rvíkurbær hefir stofnað, og jafnframt til þess að fá tækifæri til þess að áfella og svívirða mann þann, sem falin hefir verið forstaða hennar. Mann, sem enga aðstöðu hefir til þess að bera hönd fyrir höfuð sér á þessum vettvangi. Svo hrópa þessir háu herrar, að hann hafi dæmt sig sjálfur, og það áður en skrifstofan tók til starfa. Slík framkoma dæmir sig sjálf. Það er ekkert hugsað um annað en að svala sér á andstæðingunum. Það er hrópað

um lýðræði, en viðhaft einræði á öllum sviðum. Ekkert látið ógert til þess að hefna sín á andstæðingunum fyrir ímyndaðar sakir.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að bera fram 4 brtt. á þskj. 165. Meginefni þeirra er, að *bæjarfél. fái að hafa oddamann í stj.* vinnumiðlunarskrifstofanna. Þá er og ákvæði um að ganga betur en gert er í frv. frá samstarfi skrifstofanna. Auk þess legg ég til, að sveitirnar verði ekki alveg undanskildar, að skrifstofurnar *miðli vinnu á milli* sveita og kaupstaða eftir því, sem við verður komið. Að sjálfsögðu miðast brtt. við það, að skrifstofur þessar komi að einhverju gagni, að þær miðli vinnu í milli vinnuþiggjenda og atvinnurekenda og að báðir aðilar noti þær.

Ég fæ ekki séð, að það séu nein úrræði í þessu máli, að sá flokkur, sem atvinnurekendur fylla, fái að vaða uppi, eða heldur hitt, að sá flokkur, sem verkamenn fylla, fái að ráða öllu. Höfuðatriðið, sem fyrir mér vakir, er það, að bæjarstj. fái meirihlutaaðstöðu í stjórnum skrifstofanna, og það er vegna þess m. a. að bæjarfél. er ætlað að bera ⅔ af öllum kostnaði við þær. Sú eina vinna, sem bæjarfél. hafa yfir að ráða, er atvinnubótavinnan, og til hennar leggja bæjarfél. líka fram ⅓ hluta. Þá eiga og bæjarfél. að bera allan þungann af þeim íbúum bæjarfél., sem ekki geta framfleytt sér og sínum. Af þessum ástæðum finnst mér ekki annað geta komið til greina en að þau hafi meirihlutaaðstöðu í stj. þeirra stofnana, sem vinnu á að úthluta hjá þeim. Það má vitanlega skylda ríkissjóð til þess að bera allan kostnaðinn af skrifstofunni, og jafnframt láta hann greiða allan kostnaðinn við atvinnubótavinnuna, en þó er ekki víst, að bæjarfél. vildu leita til þessara stofnana. Ég held því, að mesta tryggingin verði, að meiri hl. í bæjarstjórnunum verði tryggður meiri hl. í stj. vinnumiðlunarskrifstofanna.

Hv. 8. landsk. finnst það ósvífið af andstæðingum sínum að vilja ekki nota skrifstofuna vegna þess, að Gunnar Benediktsson sé aðalstarfsmaður hennar. Ég get tekið undir það með honum, *mér finnst það eins ósvífið og að vilja* ekki vera í byggingarfél., þar sem Héðinn Valdimarsson er formaður. En mér finnst nokkur sanngirni mæla með því, að þegar byggingarfél. hefir verið sett á stofn og Héðinn Valdimarsson er formaður þess, *þá sætti menn sig* við það, og þegar vinnumiðlunarskrifstofan hefir verið sett á stofn, þá sætti menn sig við þá ráðstöfun í aðaldráttunum. En það er eitt, sem ekki er hægt að sætta sig við, og það er að neita fulltrúum verklýðsfélaganna um að hafa hér íhlutun.

Nú vil ég vona, að mín till. hafi nokkurn byr í d., en þó er ég hræddur um, að hún komi of seint fram. Hún hefði átt að koma fram í bæjarstj. Rvíkur, því þá hefðum við kannske losnað við þetta mál á allan annan hátt en að sjá um heildarsamstarf milli vinnumiðlunarskrifstofa. Nei, lausnin á að koma upp vinnumiðlunarskrifstofum, er að gagni koma, er ekki fólgin í því, að atvinnurekendur geti sagt: Hér ráðum við öllu, og þið komið hvergi nálægt, — eða þá, að verkamannafélögin segi: Hér ætlum við að ráða sem mestu einir, og þið komið sem minnst nálægt.

Ég hefi tekið að mér vissa miðlun í þessu efni, hvort sem hún tekst eða ekki, vegna þess, að forsaga þessa máls er nokkuð óheppileg. Ég undrast yfir því, að bæjarstj. Rvíkur skuli ekki hafa *þegar í upphafi viljað leyfa íhlutun verkamanna*félaganna hér í bænum. Það hefði ekki þurft annað en að kynna sér sögu slíkra mála í öllum löndum, sem þegar hafa sett á stofn vinnumiðlunarskrifstofur. Ég veit hvergi til þess, að vinnumiðlun sé framkvæmd upp á annað en að báðir aðilar, atvinnurekendur og verkamenn, fái að hafa sína íhlutun gegnum vissa fulltrúa. En hitt er algengt, að bæjarstjórnir á hverjum stað ráði svo úrslitum.

Þá vildi ég segja það við hv. jafnaðarmenn, að þeir hafi ekki hugsað fram í tímann með því að ætla nú á þessu augnabliki að tryggja sér meiri hl. í vinnumiðlun í öllum bæjum á landinu. Að taka svona vald, miðað við augnabliksástand, leiðir venjulega það af sér, þegar meiri hl. breytist á þingi, að sá aðilinn, sem þeittur hefir verið ofríki, tekur sér samskonar vald í öfuga átt. Þá gæti ég trúað, að jafnaðarmönnum þætti það fullhart í bæjarfélagi, þar sem þeir hefðu meiri hl., að hlíta því, að tómir íhaldsmenn stjórnuðu vinnumiðlun. Ég býst við, að svona ráðstafanir, sem miðaðar eru við núv. augnabliksástand, geti verið skammgóður vermir, þegar fram í sækir.

Sú aðaltill., sem ég flyt, er eins og hv. 1. landsk. gat um, í samræmi við þróun í okkar nágrannalöndum, og í Danmörku og Svíþjóð er þessi vinnumiðlun aðallega á vegum bæjarfélaganna og héraðanna. En svo er það eitt, sem viðast hvar er í höndum ríkisstjórnanna, og það er miðstöð fyrir allt landið. Ég fyrir mitt leyti er því samþykkur, að það eigi ekki eingöngu að vera á valdi bæjarfél., hvort þau hafi vinnumiðlunarskrifstofu, því þegar þær eru komnar upp á einum eða tveimur stöðum, þá er starfsemi þeirra komin undir því, að til séu samskonar stofnanir í öðrum bæjarfél., og ef eitt bæjarfél. þverskallast við því að vera hér liður í þessu skipulagi, *þá er ekki nema réttlátt*, að atvmrh. hafi vald til að skipa þeim það. Það varðar þjóðfélagið sannarlega um. En vegna þess, að mér hefir ekki virzt nægilega fastákveðið um þessa centralstarfsemi í frv., þá geri ég að till. minni að *fela mætti sérstökum fulltrúa í atvmrn. öll störf*, er lúta að þessu samstarfi fyrir allt landið. — Ákvæðið í þessari till. mætti gjarnan vera viðtækara, eins og hv. 1. landsk. benti á, en það mætti laga við 3. umr. Það er rétt, að það skiptir miklu fyrir ríkið, hvernig störf eru unnin í bæjunum, en það gildir yfirleitt um öll störf, sem unnin eru í landinu, en þar fyrir sé ég ekki betur en að við náum einmitt beztum árangri með því að byggja á sjálfstjórn héraðanna undir eftirliti og yfirstjórn atvmrn.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Út af þessari sjálfsögðu brtt. minni á þskj. 87, sem fer einvörðungu fram á það, að bæjarstj. kaupstaðanna sé í sjálfsvald sett, hvort þau komi á slíkri vinnumiðlunarskrifstofu eða ekki, hélt hv. 1. landsk.

langa og lærða ræðu. Hv. þm. vildi sanna, að þessi till. væri alls ekki réttmæt og kæmi í bága við mína fortíð hér á Alþ., þar sem ég hafi lagt annað til í öðrum málum, þar sem leggja átti kostnað á bæjarfél., að þeim fornspurðum. Það kann að vera, að ég hafi tekið þátt í einhverri slíkri atkvgr., en aldrei til slíkra hégómamála sem þessu, sem hér er á ferðinni. Maður veit svo sem alla málavöxtu. Það að ná í alla smákaupstaðina úti um land er aðeins yfirskin, en aðaltilgangurinn er aðeins sá, að eyðileggja þá vinnumiðlunarskrifstofu, sem þegar er sett á stofn hér í Rvík. Það er bezt að segja þetta eins og það er, það er óþarfi fyrir hv. 1. landsk. að vera að hylja sig með neinni grímu hér; hann er of stór maður til þess, að þessi litla hula, sem hann breiðir yfir sig í þessu máli, hylji hann. Tilgangur frv. er einn sá, að eyðileggja ráðningarskrifstofu bæjarstj. Rvíkur. Hitt er aðeins aukaatriði, að taka okkur hina í smákaupstöðunum með. — Hv. 1. landsk. vitnaði í l. um lögreglumenn, þar sem hann taldi víst, að ég mundi hafa verið með því, að ráðh. væri heimilt að leggja þann kostnað, sem af lögreglu leiddi, á herðar bæjarfél., að þeim forspurðum. Einnig tók hv. þm. gagnfræðaskólana sem dæmi. Ég verð að segja það, að þessi hv. þm. virðist halda sér við þá reglu, að segja aldrei nema hálfan sannleikann. Í l. um lögreglumenn er svo fyrir mælt, að ráðh. sé heimilt, að fengnum till. bæjar- og sveitarstj., að fyrirskipa o. s. frv. Að því er þessi l. snertir, þá fylgdi sú yfirlýsing þess dómsmrh., sem þá var, að þessari heimild yrði aldrei beitt, nema till. frá bæjar- og sveitarfél. væru jákvæðar, þannig að þau óskuðu eftir að fá lögreglu. Og get ég, til þess að sýna, að hugur fylgdi máli hjá ráðh., bent til þess, að einmitt í mínu bæjarfél. var bæjarfógetanum neitað um aukna lögreglu, vegna þess, að stj. vissi, að meiri hl. bæjarstj. óskaði ekki eftir því. Þetta dæmi hv. 1. landsk. er því vindhögg út í loftið. — Hvað gagnfræðaskólana snertir, þá var lögboðið að setja á stofn gagnfræðaskóla í nokkrum kaupstöðum, en í sumum kaupstöðum, þegar bæjarstj. óskaði þess. Ég skal ekki fara að mæla þessari löggjöf bót, hún var frá upphafi illa gerð, en það er ekki Sjálfstæðisfl., sem ber ábyrgð á því.

Þá breiddi hv. 1. landsk. sig, eins og venja er meðal sósialista, út yfir það, hvað gert væri í öðrum löndum í þessu efni. Það er óliku saman að jafna, stórborgunum í Sviþjóð og Danmörku og krílisbæjunum hér heima á Íslandi.

Þá rökstuddi hv. þm. þessa kröfu sína og stj. um að atvmrh. mætti heimta, að settar væru á stofn vinnumiðlunarskrifstofur á kostnað bæjanna, hvort sem þeir vildu það eða ekki, á þá leið, að þar sem nú á tímum væri leitað til ríkisins um atvinnubótastyrki, þá væri ekki nema eðlilegt, að atvmrh. vildi vita eitthvað um það, sem unnið væri. En í frv. er ekkert um þetta. Vinnumiðlunarskrifstofunum er ekki ætlað að hafa nein áhrif á það, hvaða verk eru unnin í bæjunum, svo þann part ræðu sinnar, sem hv. þm. varði til þessa, hefði hann getað sparað. Atvmrh. hefir aðra aðstöðu til að hafa áhrif á það, hvaða verk séu unnin, því hann á í hvert skipti viðtal við fulltrúa úr þessum bæjarfél., þegar herja á út atvinnubótafé. Þá getur ráðh. komið með sínar aths. um það, hvaða verk skuli leggja í. En frv. um vinnumiðlun er ekki stefnt í þessa átt; þar er ekki orð um það, að skrifstofurnar eigi að hafa áhrif á það, hvaða verk skuli unnin. Þetta sýnir bara það, að hv. 1. landsk. er í vandræðum með að rökstyðja sínar kröfur, þar sem hann er að búa til ástæður, sem ekki eiga sér nokkurn stað.

Hv. þm. V.-Ísf. var að enda sína ræðu, þegar ég kom inn í d., og var þá að tala um, að ekki væri nema réttmætt að skylda þau bæjarfél., sem „þverskölluðust“ við þessu, til þess að taka þátt í samstarfi fyrir ríkið til þess að miðla vinnu. En ég verð að segja það, að ég hefi takmarkaða trú á því, hvað mikið vinnumiðlunarskrifstofur á Akureyri, Ísafirði, Siglufirði og Rvík greiddu mikið fyrir atvinnuaukningu, jafnvel innan síns bæjarfél., að ég ekki tala um utan bæjarfélaganna. Þessar skýjaborgir, sem hv. þm. V.-Ísf. var að byggja upp, eru eins og þessir venjulegu loftkastalar slíkra manna, sem hafa sjálfir litla reynslu af daglegum gangi atvinnulífsins, en hafa gaman af því að breiða úr þekkingu sinni og láta lærdómsljós sitt skína. — Ég get ekki kallað það að þverskallast, þó menn, sem sjálfir eru kunnugir þessum hlutum og hafa um langt skeið staðið í baráttu fyrir fátækt bæjarfél., heldur bægi þessum hégóma frá sér, sem ekkert hefir í för með sér annað en aukin útgjöld.

Ég minntist á það áðan, að einstakir atvinnurekendur í kaupstöðunum muni vilja ráða því sjálfir, hverja þeir ráða til sín í vinnu, og fari litið eftir því, þó einhverjar vinnumiðlunarskrifstofur mælist til þess, að þeir taki Pétur eða Pál. Það er ekki enn búið að eyðileggja svo allt persónulegt samneyti vinnuveitenda og verkamanna í þessu landi, að það verði ekki frekar gagnkvæm kynning manna, sem ræður í þessu efni, heldur en opinber íhlutun. Í verstöðvunum er það svo, að sjómenn og verkamenn úr sveitum koma til sama húsbóndans ár eftir ár, og engin vinnumiðlunarskrifstofa mundi geta breytt því. Þá er ekki annað eftir en þessi bæjarvinna, og ég hefi sagt frá því, hvernig henni er útdeilt, þar sem ég þekki til.

En í raun og veru er þetta allt utan við hið eiginlega efni, því hið eiginlega efni þessa máls er ekkert annað en það, hvort jafnaðarmenn hér á þ. fái komið í verk, með ofríki og undir yfirskini lýðræðis, að eyðileggja þá vinnumiðlunarskrifstofu, sem hér hefir verið sett á stofn í Rvík. Það er það, sem deilan stendur um. Allt annað er aukaatriði. En það eina, sem ég skipti mér af í þessu máli, er það, að ég krefst þess fyrir mitt bæjarfél., að við verðum látnir ráða því sjálfir, hvort við leggjum út í þennan kostnað eða ekki. Geta bæjarfél. er svo takmörkuð til þess, sem nauðsynlegt er að halda uppi, að ekki er gerandi að skylda þau með löggjöf til þess að leggja út í þann kostnað, sem er algerlega óþarfur. Ef þessir hv. þm. hefðu borið fram einhverjar till. um að auka atvinnu, þá hefði það verið góðra gjalda vert, en þetta er miklu fremur til þess að draga úr vinnu heldur en til að örva hana.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég sé ekki ástæðu til þess að blanda mér inn í þessar umr. að öðru leyti en því, sem hv. 8. landsk. vék að mér.

Ég hefi lýst því áður, hvernig afstaða verklýðsfélaganna hér í Rvík hefði verið til vinnumiðlunar yfirleitt, en þetta frv. er ekki það, sem alþýðusamtökin hér mundu óska að lögfesta, því það er skoðun mín og flestra í alþýðusamtökunum, að verkamenn eigi sjálfir að ráða sinni vinnumiðlun. Nú horfir þetta mál þannig við, að hinn harðvítugi meiri hl. bæjarstj., sem er andvígur alþýðunni í bænum og hefir svo að segja ekkert fylgi meðal hennar, vill einoka þessa ráðningarskrifstofu undir sig, í hvaða tilgangi það er, getur maður ekki beinlínis sagt, en það er hægt að geta sér til þess, sérstaklega þegar maður athugar þær aðferðir íhaldsins í þessu máli, að neita um íhlutun verkamannafélaganna. Og fulltrúarnir í bæjarstj. hafa sett á stofn ráðningarskrifstofu undir stj. eins harðvítugasta andstæðings alþýðusamtakanna hér í bænum. Það ráð, sem alþýðusamtökin tóku á móti þessu, var að setja á stofn aðra ráðningarskrifstofu. En það er víst, að ef ekki fæst löggjöf um þetta atriði, þá endar það með bardaga milli þessara tveggja ráðningarskrifstofa. Nú hefir stj. álitið, að rétt væri að setja löggjöf um þetta þannig, að atvinnurekendur og verkamenn standi að þessari vinnumiðlunarskrifstofu, en oddamaður sé skipaður af stj. Á þetta höfum við fallizt, alþýðuflokksmenn, þrátt fyrir það, að í raun og veru álítum við, að alþýðusamtökin eigi óskorinn rétt á þessum málum.

8. landsk. talaði mikið um einræði í þessum efnum. (GÞ: Í þingsköpunum er svo fyrir mælt, að þm. skuli kalla hver aðra háttvirta). Ég kalla ekki aðra þm. háttvirta en þá, sem ég álít vera það. — Ég skil ekki, hvað þessi þm. er að tala um einræði. Hann veit það, að Sjálfstfl. er í minni hl. hjá þjóðinni og hér á þ., og þess vegna er það ekki nema lýðræði, að hann láti undan í þeim málum, þar sem hann er í minni hl. En það væri gott að fá einhverja skýringu á þeim hótunum, sem hann og fleiri þm. hafa verið með í þessu sambandi. 8. landsk. hótar því, að ef l. verði samþ. um þessi efni, þá skuli verða mikil sprenging hér í bænum, en á hvaða hátt kom ekki fram í ræðu hans, en hann getur skýrt það betur seinna. 8. landsk. var eitthvað að tala um olíu. Ég ætla að vona, að hann fari ekki að kveikja í neinni olíu, heldur hafi hann hugsað sér upphlaup af hálfu sjálfstæðismanna. Ef slíkt er fyrirhugað, þá er ekki um annað að gera en taka því, og þá munu alþýðusamtökin búa sig undir það.

8. landsk. vék oftar en einu sinni að olíu áminntur af fyrrv. eftirlitsleysismanni sparisjóðanna. Ég vil í því sambandi segja 8. landsk. það, að ég vildi óska að þær fjárgróðaaðferðir, sem hann hefir fengizt mest við, séu ekki óheiðarlegri en það starf, sem ég hefi með höndum.

**Guðbrandur Ísberg**: Það mætti kannske segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að fjölyrða mikið meira um þetta mál en þegar hefir verið gert, en ég vil þó ekki, að málið fari svo út úr d., að ég ekki segi mitt álit um það. Ég skal þá strax taka það fram, að ég er samþykkur áliti minni hl. þeirrar n., sem hefir haft þetta frv. til meðferðar. Ég álít, að að svo komnu sé óþarfi að skipa þessum málum með l.

Vinnumiðlun hefir þekkzt hér áður, þó það sé nýlega, sem regluleg vinnumiðlunarskrifstofa hefir verið sett á stofn í Rvík. Það hefir verið gerð tilraun um þetta áður, en þær tilraunir hafa misheppnazt af þeirri einföldu ástæðu, að þeir, sem gagn áttu að hafa af þessum skrifstofum, verkamenn og atvinnurekendur, gengu fram hjá þeim, svo þær lognuðust út af. Það hefir verið bent á það í umr., að á Siglufirði hafi verið sett á stofn vinnumiðlunarskrifstofa, sem hafi starfað þar með góðum árangri. Sú vinnumiðlunarskrifstofa hefir verið sett þar á stofn af því að menn fundu þörfina. Það mun fara svo, að í þeim kaupstöðum, sem þörf hafa fyrir vinnumiðlunarskrifstofu, verða þær stofnanir án frumkvæðis löggjafarinnar. Mér er á móti skapi, að sett séu l. um málefni, sem ég tel óþarft að skipa með l. Þar með er ekki sagt, að ég telji hættulegt að setja l. um þetta efni, og ég gæti til samkomulagt fallizt á að samþ. frv. líkt og það, sem hér liggur fyrir, með nokkrum breyt. T. d. gæti ég vel samþ. 1. gr. frv. um leið og fellt væri aftan af henni eins og lagt er til í brtt. á þskj. 87. Þar segir: „Í hverjum kaupstað landsins skal stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstj. hlutaðeigandi kaupstaðar ákveður", o. s. frv. Þetta er gott og blessað. En hinu er ég mótfallinn, að atvmrh. geti á sitt eindæmi fyrirskipað, að slík skrifstofa skuli sett á stofn, gegn vilja viðkomandi bæjarstj.

Hvað snertir ákvæði 2. gr., þá má telja þau sem leiðbeiningar fyrir þessar stofnanir, hvernig þær skuli haga starfi sínu, er til kemur. Að því miða líka ákvæði brtt. á þskj. 65, þar sem gert er ráð fyrir, að gefin verði út reglugerð um starfsvið þeirra. — 3. gr. frv. fjallar um það efni, sem mestum deilum hafa valdið hér, nefnilega stj. skrifstofanna. Ég skal strax lýsa því yfir, að ég mun greiða atkv. með brtt. hv. þm. N.-Ísf. á þskj. 65. Sú skipun, sem þar er lagt til, að höfð verði á stj. skrifstofanna, er áreiðanlega sú sanngjarnasta, sem stungið hefir verið upp á. Þar er gert ráð fyrir, að formaður skrifstofustjórnarinnar á hverjum stað sé skipaður af atvmrh. eftir till. viðkomandi bæjarstj., og þýðir það náttúrlega, að sá meiri hl., sem ræður í hverju tilfelli, tilnefnir þann mann, sem verður oddamaður í stj. skrifstofunnar. Í Rvík yrðu það nú sem stendur sjálfstæðismenn, en í Hafnarfirði aftur á móti jafnaðarmenn. Þetta er sanngjarnt fyrirkomulag, og ég skil ekki í þeim mönnum, sem lagt hafa á móti því.

Eins og hv. þm. V.-Ísf. sérstaklega benti á, er ákaflega nauðsynlegt, að það sé sem mestur friður og eining um þessar skrifstofur, bæði frá hálfu vinnuveitenda, sem vantar vinnukraft, og verkamanna, sem þurfa atvinnunnar með. Það er eðlilegt, að sósialistar geri kröfur um það, að verkamenn hafi hér talsvert ríka íhlutun, en það er jafneðlilegt, að atvinnurekendur vilji hafa það líka. Ef annar aðilinn er útilokaður, er þar með kippt burtu grundvellinum fyrir því, að um

gott samstarf geti verið að ræða, og um leið grundvellinum fyrir því, að gagn geti orðið að stofnuninni. Að útiloka annan aðilann frá stj. skrifstofunnar væri sama og að byrja nauðsynlegt samstarf með því að ganga að starfsbróður sínum og gefa honum utanundir. Slíkt gerir enginn hygginn maður, og ég held, að sósialistum geti varla verið það alvara, ef þeir hugsa hugsunina til enda, að vilja stofna til algerðs klofnings í þessu máli. Það mundi leiða til þess, að tvær ráðningarskrifstofur yrðu í hverjum bæ, önnur sett upp af atvinnurekendum, hin af verkamönnum. Þetta mundi eyðileggja það starf, sem þessum stofnunum er ætlað að inna af höndum.

Ég vil sérstaklega taka það fram, að eins og högum er nú háttað, tel ég þetta frv. óþarft, en tel þó ekki frágangssök að samþ. það til samkomulags, ef gerðar eru á því þær breyt., sem ég og fleiri hafa bent á, að væru nauðsynlegar. Fyrst og fremst, að 2. brtt. á þskj. 65 frá hv. þm. V.-Ísf., um skipun stj. skrifstofanna, sé samþ., og í öðru lagi brtt. á þskj. 87, um að það ákvæði falli niður, að atvmrh. geti, ef honum þóknast, sett á stofn vinnumiðlunarskrifstofu, jafnvel gegn vilja viðkomandi bæjarstj.

**Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Það hefir raunar ekki margt komið fram við þessa umr., sem ekki kom fram við 1. umr. málsins og minnzt var á þar, bæði af minni hálfu og minna flokksbræðra, og er því ekki ástæða til að fara út í mörg atriði nú. En mér virðist, að í umr. þeirra manna, sem talað hafa gegn frv. eða fyrir meginbreyt. á því í þá átt að fella í burt heimild um afskipti ríkisstj. af stj. skrifstofanna, gæti þess mikla misskilnings, að ef frv. verði samþ. eins og það er, þá sé einhverjum einum aðila gefið einræði um málefni skrifstofanna, en aðrir aðilar jafnframt sviptir réttmætum umráðum um þau. Sérstaklega hefir þetta komið fram á þá leið, að verið væri að ráðast á valdsvið bæjanna á þessu sviði. Þetta er hinn mesti misskilningur, sem kemur annað tveggja af því, að þeir menn, sem bera þetta fram, hafa ekki athugað nægilega, hvað frv. hefir inni að halda, eða að þeir vilja ekki skýra málið rétt. Það er gert ráð fyrir, að bæjarstj. skipi tvo menn í stj. vinnumiðlunarskrifstofunnar, félagsskapur innan bæjarins aðra tvo, og að ríkið velji aðeins einn. M. ö. o. á ríkið að ráða einum fimmta af skrifstofustjórninni, en bæjarstj. og félagsskapur innan bæjarins fjórum fimmtu hlutum. Þetta kalla ég að ganga **ekki** á vald bæjanna. — Ég sé, að hv. 5. þm. Reykv. hlær, og ég veit, af hverju. Honum er óljúft, að ríkisstj., sem hefir atvmrh. skipaðan af jafnaðarmönnum, hafi íhlutunarvald á þessu sviði. Jafnvíst er hitt, að hann mundi ekkert hafa að þessu fundið, ef í sæti atvmrh. hefði verið maður af hans flokki.

Það, sem hv. 8. landsk. var að tala um, að þetta frv. væri hnefahögg í garð Rvíkur, er vitanlega ekki annað en meginendileysa. Það er ekkert vald verið að taka af Rvíkurbæ með þessu frv., en það er verið að hindra Rvíkurbæ í því að beita ofbeldi, og annað ekki. Bæjarstj. Rvíkur hefir sýnt ofbeldi í þessu máli, og það er farið fram á með frv., að bæjarstj. yfirleitt hafi ekki tækifæri til að beita slíku ofbeldi eftirleiðis.

Hv. 8. landsk. var að tala um, að ráðningarskrifstofan á Siglufirði væri aðallega rekin af verkalýðssamtökunum. Ég skal geta þess, að þessi skrifstofa hefir fengið styrk úr bæjarsjóði, og það er viðurkennt af öllum, að hún hefir haft mikið hlutverk með höndum og að hún hefir komið bænum að miklu gagni. Þar hefir líka bæjarstj. fylgzt með og haft nokkra íhlutun um starfrækslu skrifstofunnar, og hvorki atvinnurekendur né verklýðsfélögin hafa verið henni andstæð. Og með því frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt lagt til, að öllum aðilum, sem eitthvað eiga undir starfsemi vinnumiðlunarskrifstofanna, sé tryggður fulltrúi í stj. þeirra, bæjarstj., ríkisstj., fél. atvinnurekenda og verklýðsfél. Engan aðilann á að útiloka. (**JakM:** Fallega er nú talað). Í Rvík hefir öðrum aðilanum verið bolað út, algerlega að ástæðulausu. Þar hefir öllum aðilum verið bolað út, nema meiri hl. bæjarstj. (**PHalld:** Hefir ekki hv. þm. „íhlutun" í bæjarstj. Rvíkur?). Hv. þm. þekkir það, að þó ég eigi sæti í bæjarráði, þá er ekki verið að hlaupa til að samþ. þær till., sem ég ber þar fram. (**JakM:** Nei, svoleiðis vitleysu er maður ekki að samþ.). Ég þekki þá illa hinn harðsnúna íhaldsmeirihl. í bæjarstj. Rvíkur, ef ég fengi miklu áorkað til hagsbóta fyrir alþýðuna, þegar íhaldinu finnst gengið á forréttindi **síns** fólks, sem eru stóratvinnurekendurnir í bænum.

Hv. 8. landsk. talaði um, að ekki væri þörf fyrir löggjöf sem þessa. Ég álít, að okkar þjóðfélag sé engin undantekning í þessu efni. Og reynslan hefir sýnt það hvarvetna annarsstaðar, að slík löggjöf er nauðsynleg. Hv. þm. Ak. benti á, að gerðar hefðu verið tilraunir til að starfrækja vinnumiðlunarskrifstofur áður og þær farið út um þúfur, því ekki hefði verið á þeim það skipulag, er skyldi. Þetta sýnir, að þörf er á löggjöf um þessar stofnanir, til þess að þær komi að tilætluðum notum.

Hv. 8. landsk. sagði, að það væri hægt að láta ráðningarskrifstofu Rvíkurbæjar gera allt það, sem 2. gr. frv. fer fram á, að vinnumiðlunarstöðvarnar hefðu með höndum. Já, það væri sennilega hægt. En ef ég þekki núv. ráðamenn Rvíkurbæjar rétt, þá geri ég ráð fyrir, að hún verði ekki látin gera nema litinn hluta þess.

Út af því, sem hv. 8. landsk. talaði um það, að ég og meiri hl. allshn. hefði ekki viljað bera þetta mál undir bæjarstj. Rvíkur, skal ég geta þess, að ég gerði þá grein fyrir þessu af minni hálfu, að það væri fyrirfram vitað um afstöðu bæjarstj. í þessu máli, að hún skiptist þar eftir flokkum, og því væri það ekki nema formsatriði að leita umsagnar hennar. Aftur leitaði hv. þm. umsagnar bæjarráðs, og hún fór á þá leið að fela forstöðumanni ráðningarskrifstofunnar að semja umsögn um það. Svo þegar hún sendi Alþ. þá umsögn, sendi hún hana ekki sem sína umsögn eða á ábyrgð meiri hl. bæjarráðs, þar sem hann ekki gat sagt um, hvort allt væri rétt, sem í umsögninni stóð! Álít ég það mjög viturlega gert af meiri hl. bæjarráðs.

Mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar hv. 8. landsk. er að tala um einræði í sambandi

við þetta mál. Hafi nokkur sýnt einræði í vinnumiðlunarmálunum, þá er það meiri hl. bæjarstj. Rvíkur. Það er hinn mikli misskilningur hjá hv. þm., þegar þeir vilja halda fram, að frv. fari fram á einhverja einræðisstjórn í vinnumiðlunarmálunum.

Hv. þm. var að tala um einhverjar sprengingar, og að það mundi verða „risið upp". Ég veit ekki, hvernig á að skilja þessi orð hv. þm., hvort hann á við einhverskonar uppreisn eins og hv. 2. þm. Reykv. var að tala um. Ég lít nú fremur á þetta sem óhugsuð hitaorð þessa hv. þm. heldur en að hann sé að undirbúa uppreisn. Ég hefi ekki trú á, að þegar til stórræða kemur, gangi hann framarlega í fylkingu, þó hann geti viðhaft stór orð hér á Alþ. Hann var að tala um, að við mundum e. t. v. þurfa að koma upp bitlingamiðlunarskrifstofu. Það getur verið, að þessi hv. þm. hafi reynslu af því, að það sé betra að láta bæjarstj. ráða vinnuúthlutun heldur en einhverja aðra. A. m. k. hefir hann ekki farið varhluta af þeirri vinnu, sem hún hefir úthlutað, svo ekki sé meira sagt (Hlátur).

Þá skal ég snúa mér að hv. þm. V.-Ísf. Í raun og veru hefi ég svarað hans ræðu að miklu leyti með því, sem ég hefi þegar sagt, því hún byggðist á þeim meginmisskilningi, að stofnað væri til einhvers einræðis með frv. eins og það liggur fyrir. Ég er sammála hv. þm. um það, að ekki sé heppilegt, að atvinnurekendur né nokkur annar einn aðili hafi umráð yfir vinnumiðlunarskrifstofunum. Enda fer frv. fram á, að allir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði, hafi íhlutun um stj. þeirra. Þetta er hið „typiska" lýðræði, að þeir, sem eiga fram úr málunum að ráða, séu einmitt fulltrúar þeirra, sem skiptir einhverju, hvernig málin eru leyst. Hv. þm. sagði, að sér fyndist eðlilegt, að ríkissjóður ætti oddamann í stj. skrifstofanna, ef hann borgaði allan kostnaðinn. En finnst þá hv. þm. óeðlilegt, að ríkið eigi einn fulltrúa af fimm í stj. stofnunar, sem það greiðir ⅓ af kostnaðinum við? Ef fara ætti eftir framlögðum kostnaði, ætti ríkið í raun og veru að ráða ⅓ stjórnarinnar. Ég vil minna á það aftur, að frv. fer fram á, að bæirnir fái að ráða 4 af 5 í stj. skrifstofanna, sumpart bæjarstj. og sumpart fél. innan bæjanna, en ríkið aðeins einum.

Hv. þm. sagði, að það væri sama ósvífni af okkur að dæma Gunnar Benediktsson, formann Varðarfélagsins, áður en hann hefði tækifæri til að sýna, hvort honum væri trúandi fyrir starfi sínu, eins og það hefði verið af meiri hl. bæjarstj. að bola verkalýðsfél. frá öllum afskiptum af málinu. Þar er því til að svara, að það er ekki verið að ráðast á persónu Gunnars Benediktssonar í sambandi við þetta mál. Það er verið að ráðast á þá ráðstöfun meiri hl. bæjarstj., að skipa þennan mann formann ráðningarskrifstofunnar, eftir að hafa hindrað öll afskipti verkalýðsfél.; mann sem samtímis er formaður í stjórnmálafél. þess flokks, sem stendur að þessum sama meiri hl. bæjarstj.

Hvernig, sem ég lít á þetta mál, get ég ekki skilið það kapp, sem menn geta lagt á að útiloka áhrif ríkisstj. á þessar stofnanir, sem að nokkru leyti á þó að kosta af ríkissjóði. Hv. þm. V.-Ísf. gat þess til, að nú væri lagt kapp á þetta atriði af hálfu jafnaðarmanna og framsóknarmanna, af því að þessir flokkar færu nú með stj. í landinu. En mér finnst eðlilegast, hverjir sem fara með stj. í landinu, að ríkisstj. ráði einum af fimm í stj. vinnumiðlunarskrifstofanna, með tilliti til þess starfsviðs, sem þeim er markað með 2. gr. frv.

Hv. þm. Vestm. talaði um, að Vestmannaeyjakaupstaður mundi ekki kæra sig um vinnumiðlunarskrifstofu. Það má vel vera, að hv. þm. sé þeirrar skoðunar, að það sé hreinn hógómi fyrir Vestmannaeyinga að hafa þannig stofnun hjá sér. En ég er ekki sannfærður um, að sú skoðun sé rétt. Ég hefi trú á, að vinnumiðlunarskrifstofa gæti komið að notum í Vestmannaeyjum eins og í öðrum kaupstöðum landsins. Og þó þessi hv. þm. þykist fullviss um, að meiri hl. bæjarstj. Vestmannaeyjakaupstaðar vilji ekki leggja til, að stofnuð sé þar vinnumiðlunarskrifstofa, þá tel ég samt sem áður athugandi fyrir atvmrh., hvort ekki ætti að gera það.

Hv. þm. Vestm. tók sér í munn orð hv. 3. þm. Reykv., að ég hefði farið með hálfan sannleika í þessu máli með tilvitnun minni til annara l., sem ég tók af handa hófi til dæmis um það, að Alþ. leggur mjög oft kvaðir á bæjarfél., sem valda þeim kostnaði, án þess að þau séu spurð ráða. Dæmið, sem ég tók, er alveg „typiskt", og það er byggt á rökvillu hjá hv. þm., að það sýni annað heldur en ég vildi með því sanna. Samkv. l. um lögreglumenn er dómsmrh. heimilt að stofna varalögreglu í bæjum landsins, ef hann telur það nauðsynlegt, að fengnum till. viðkomandi bæjarst. „Að fengnum tillögum" hefir ætið verið skilið svo, að ráðh. væri ekki skyldugur að fara eftir þeim till., sem hann á að fá sér til leiðbeiningar. Ég get nefnt eitt dæmi þessu til sönnunar, bæði frá tíð fyrrv. og núv. stj. Samkv. gildandi l. á ráðh. að ákveða meðalmeðlag með óskilgetnum börnum, að fengnum till. frá stjórnum bæjar- og sýslufélaga. Ég get nefnt dæmi um það, að bæði núv. og fyrrv. stj. hefir breytt út af till. bæjarstj. í þessu efni, og það er enginn vafi á, að til þess hefir hún fullkomna heimild. Á sama hátt er dómsmrh. með l. um lögreglumenn gefið algert vald til þess að setja varalögreglu í bæjum landsins, án þess að samþykki meiri hl. bæjarstj. komi til. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, þó fyrrv. dómsmrh. lýsti því yfir, að hann mundi ekki gera slíkt nema eftir óskum bæjarstj. Sú yfirlýsing er aðeins frá honum persónulega og er á engan hátt bindandi fyrir eftirmenn hans.

Hv. 8. landsk. minntist á í þessu sambandi mál, sem ég hefi haft með að gera fyrir dómstólunum. Í l. um lögreglumenn er sagt „að fengnum tillögum" og svo er víða í lögum. En í tilskipun um bæjarmálefni Rvíkur frá 1872 er sagt, að lögregluþjóna skuli skipa „eftir uppástungu" lögreglustjóra. Á þessu er sá reginmunur, að hið síðargreinda skýrði dómarinn á þann hátt, að uppástungurnar væru bindandi um val lögregluþjóna.

Hv. þm. Vestm. taldi mig ekki heldur hafa fært rök fyrir minum málstað með tilvitnun minni í l. um gagnfræðaskóla. En það er rangt hjá hon-

um. Í 1. gr. l. er fyrirskipað, að í kaupstöðunum, sem þar eru taldir, **skuli** vera gagnfræðaskólar, og þeir skyldaðir til að taka á sig vissan hluta kostnaðarins við stofnun og rekstur skólanna.

Þetta er einnig greinilegt dæmi um það, að löggjafarvaldið skyldar bæina til þess að bera hluta af kostnaðinum við þær stofnanir, sem það telur heppilegt að setja á laggirnar á hverjum tíma.

Hv. þm. Vestm. talaði um, að erlendar fyrirmyndir *hefðu litið að segja. En það er nú svo um* okkur Íslendinga, að ef við hefðum ekki haft yfirleitt erlendar fyrirmyndir og erlenda reynslu okkur til stuðnings í löggjafarmálum og fleiru, þá værum við ábyggilega skemmra á veg komnir heldur en við erum nú. Við höfum á mörgum sviðum orðið að fara þá leið, að kynna okkur reynslu annara þjóða og byggja á henni, og það með góðum árangri. Ég get bent á fjöldamörg dæmi úr ísl. löggjöf, þar sem beinlínis er byggt á rannsóknum erlendra fræðimanna og hefir komið að góðu gagni. — Í sambandi við erlenda löggjöf um þetta efni vil ég benda á eitt dæmi. Það er löggjöf Finna um vinnumiðlun. Þar er fyrirskipuð vinnumiðlun í öllum bæjum landsins, og hefir félagsmálaráðh. þar rétt til að setja á stofn sérstaka vinnumiðlunarskrifstofu fyrir sjómenn í þeim bæjum, sem eru miklir siglingabæir, ef hann álítur þess þörf. Þetta getur hann gert án vilja bæjarstj. Þess vegna er engin ástæða á móti því, að ríkisstj., í þessu tilfelli frekar en svo mörgum öðrum, gefist heimild til þess að ákveða, hvort einhver stofnun er sett á laggirnar eða ekki. Það kemur ekki til, að sjálfstjórn ísl. bæjarfél. sé í hættu frekar en sjálfstjórn finnskra bæjarfél., þó að samskonar ákvæði séu sett hér um þetta efni og þar eru.

Það var ekkert í ræðu hv. þm. Ak., sem gefur tilefni til andsvara. Hann taldi sig fylgja brtt. hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Vestm. Þær brtt. hefi ég minnzt á áður í ræðum mínum, og hefi þar með svarað því atriði.

Ég vil svo aðeins undirstrika það, að í frv. er ekki farið fram á neitt einræði, heldur aðeins réttan hluta allra aðila, sem hér eiga hlut að máli og hagsmuna hafa að gæta við stofnun þessarar vinnumiðlunarskrifstofu.

Umr. frestað.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Hvað snertir ræðu hv. þm. V.-Ísf. get ég að mörgu leyti verið honum sammála. En hinsvegar endurtek ég það, að mér skilst, að hægt sé að ná tilgangi frv. með því, að bæirnir setji sjálfir á stofn ráðningarskrifstofu, en það geta þeir án allrar íhlutunar löggjafarinnar. Fyrir hv. þm. V.-Ísf. vakir einkum, að ráðningarskrifstofur bæjanna hafi sem nánasta samvinnu sín á milli, og er það sjálfsagt atriði. En honum tókst ekki að sannfæra mig um það, að þörf væri á lagasetningu um þetta efni. Hv. þm. sagðist vera hissa á því, að bæjarstj. Rvíkur hefði ekki leyft verkalýðsfélögunum í bænum að hafa íhlutunarrétt um ráðningarskrifstofuna. En þetta er mesti misskilningur. Ráðningarskrifstofa bæjarins mun verða rekin í meiri eða minni samvinnu bæði við verkalýðsfélögin og atvinnurekendur. Það er langt frá því, að bæjarstj. ætli sér að útiloka þessa aðila, eða að maður sá, sem veitir stofnuninni forstöðu, beiti þar einhverju einræði. Ég veit, að hv. þm. verður þetta ljóst, ef hann athugar úthlutun atvinnubótavinnunnar í bænum. Með þá úthlutun er farið alveg eftir vissum reglum, eftir því, hvað menn hafa haft marga vinnudaga á árinu, hvort þeir eru kvæntir og eiga börn. Líklegt er, að slíkar fastar reglur myndist einnig um aðra úthlutun vinnu. Og þegar regla er einu sinni komin á þetta, þykir það sjálfsagt. T. d. hefir úthlutun atvinnubótanna farið fram í náinni samvinnu við fátækrafulltrúana, sem ekki hafa verið skipaðir úr neinum sérstökum flokki hingað til, og jafnaðarmenn hafa átt þar sæti og eiga. Ennfremur hefir bæjarverkfræðingur verið hafður með í ráðum um úthlutun vinnunnar í bænum. Þetta er eðlileg afleiðing af því, að ráðningarskrifstofan stendur beint undir borgarstjóra og bæjarstjórn. Og í gegnum bæjarstj. geta fulltrúar jafnaðarmanna auðvitað haft íhlutunarrétt um störf skrifstofunnar.

Út af þeim ummælum hv. 1. landsk., að Rvíkurbær hefði sama íhlutunarrétt um starfrækslu fyrirhugaðrar skrifstofu, hvort stj. hennar skipuðu 3 eða 5 menn, vildi ég aðeins segja það, að þetta eru gegnsæjar blekkingar. Það geta allir séð, sem bera saman brtt. hv. þm. V.-Ísf. og frvgr., því samkv. brtt. á bærinn að ráða 1 manni af þremur í stj., en samkv. frv. ekki nema 1 af fimm. Það þarf ekki annað en að sjá þessar tölur til þess að sannfærast um, að sá maður, sem ræður yfir ⅓ hl. stj., hefir meira íhlutunarvald en sá, sem aðeins ræður yfir ⅕ hluta. Ef það væri svo, að bærinn hefði í báðum tilfellum sama íhlutunarrétt, ætti stjórnarliðum að vera ljúft að samþ. brtt. hv. þm. V.-Ísf., til samkomulags. En þarna er um eðlisbreytingu að ræða. Það er í fyllsta máta óviðfelldið, að hv. þm. ætlar þdm. svo heimska, að þeir sjái ekki þennan mun. — Umræli þessa hv. þm., að hér sé ekki verið að ganga á rétt Reykv., heldur sé verið að varna því, að bæjarstj. sýni af sér ofbeldi, eru mér ekki vel ljós. Þýði yfirráð þessarar skrifstofu það, að ofbeldi verði beitt, þá skilst mér, að með frv. þessu sé stj. og meiri hl. allshn. að tryggja sér það ofbeldi, ekki síst, ef felldar verða brtt. hv. þm. V.-Ísf. En ef þessir aðilar þurfa endilega að gangast í gegn hver öðrum, þá kysi ég frekar, að ofbeldið væri bæjarins megin. Ég bið hv. þdm. vel að athuga það, að bæjarstj. fer hér ekki fram á annað en að mega skipa sérmálum Rvíkurbæjar eins og löglega kosinn meiri hl. bæjarstj. óskar. Og það er því fyllsta ofbeldisráðstöfun af hæstv. ríkisstj. að ætla að setja l. um skrifstofubákn, sem kosta á af bænum að mestu leyti og skipa svo stj. þessa fyrirtækis í andstöðu við meiri hl. bæjarstj.

Ég get verið sammála hv. 1. landsk. um það, að rangt sé að útiloka nokkra aðila. En það er ekki heldur gert í till. hv. þm. V.-Ísf., svo að það er engin ástæða til þess að vera henni andstæður. Ég hefi líka sýnt fram á, að þótt ráðningarskrifstofan sé rekin af bænum eins og nú, þá hafa þessir aðilar samt íhlutunarrétt á sinn

hátt. Hv. 1. landsk. sagðist þekkja svo vel forráðamenn Rvíkurbæjar, að þeir mundu gera fátt eitt af því, sem stendur í 2. gr. frv., ef framkvæmdirnar yrðu lagðar þeim í hendur. Ég held nú, að jafnaðarmenn mættu vera montnir, ef þeir gætu sýnt aðra eins forráðamenn og aðra eins fjárhagslega afkomu í bæjum þeim, sem þeir hafa meirihlutavald í, t. d. Ísafirði og Hafnarfirði. Ég tek þó fram, að með þessu er ég á engan hátt að gera lítið úr hv. þm. Hafnf. persónulega, en hann er bæjarstjóri í Hafnarfirði, sem kunnugt er. En það hefir nú einhvernveginn atvikazt svo, að forráð jafnaðarmanna fyrir bæjum hefir ekki tekizt sem skyldi. Hv. 1. landsk. ætti því að fara gætilega í að bera saman forráðamenn Rvíkur og jafnaðarmannabæjanna. Ég veit, að hv. þm. viðurkennir þetta í hjarta sínu, þó að hann vilji ekki láta það koma fram í umr. — Annars veit ég ekki, með hvaða rökum hv. þm. ber forráðamönnum Rvíkur það á brýn, að þeir muni ekki fylgja lagafyrirmælum. Ég vil t. d. benda á l. um atvinnuleysisskráningar. Það er eitt atriði, sem þessari vinnumiðlunarskrifstofu er ætlað að framkvæma. Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann geti borið forráðamönnum Rvíkur á brýn vanrækslu í þessu efni? Hitt er annað og óskylt mál, þó að hv. þm. vilji ekki gefa forráðamönnum bæjarins traust sitt í pólitískum efnum.

Hv. þm. hneykslaðist á því, að ég skyldi minnast á bitlingaúthlutun stj. í sambandi við þetta mál. Ég skal ekki tala um það atriði langt mál, en þó benda á nokkur dæmi. Ég tek þá af handahófi nokkur frumvörp, og fyrst verður fyrir mér mál, sem var afgr. héðan úr d. í gær, um hlutaruppbót sjómanna. Þar er gert ráð fyrir, að þrír af fylgismönnum stj. fái bitlinga. Í frv. til l. um verkamannabústaði er gert ráð fyrir fimm manna n. í kaupstöðum. Af þeim verða a. m. k. þrír á hverjum stað fylgismenn stj. Þá er hér frv. um einkasölu á áfengi. Einhverjir stjórnargæðingar fá atvinnu við að blanda ilmvötn, hárvötn, bökunardropa o. s. frv. Ef mér bregzt ekki verður farið meira eftir pólitískum lit við skipun í þessar stöður en því, hvort mennirnir séu hæfir til embættanna. Í frv. til l. um gjaldeyrisverzlun er svo ákveðið, að fjmrh. skipi þrjá af fimm mönnum í gjaldeyrisn., þar eru þrír bitlingar á takteinum. Einhverjir fá bitling við einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír. Þrír menn fá bitlinga við ríkisútgáfu skólabóka. Og í þessu frv., sem hér um ræðir, gera rauðliðar ráð fyrir að fá 3 menn í stj. ráðningarskrifstofu, fimm hafa verið settir í kjötverðlagsn., af sjö mönnum í mjólkursölun. skipar landbrh. tvo. Fimm menn hafa atvinnu í „Rauðku", og held ég, að enginn ágreiningur sé um það, að þar séu stuðningsmenn núv. stj. Þá má nefna einkasölu á bifreiðum, mótorhjólum og rafmagnsvélum, sem yrði mjög umfangsmikið fyrirtæki. Þar verður vafalaust einhver „habil" jafnaðarmaður settur sem generalforstjóri, einn sérfræðingur í bifreiðum, annar í mótorum, þriðji í rafmagnsvélum, auk heils hers af skrifstofufólki og lagermönnum. Þá er ekki úr vegi að minnast á ferðamannaskrifstofu ríkisins. Hver ætli fái hana? Ja — ég veit nú raunar, handa hverjum sá bitlingur er, en það skiptir engu máli. Eftirlit með opinberum rekstri á að fara fram í þrem flokkum, af þriggja manna ráði í hverjum flokki. Þar hefir stj. fyrirhugað níu mönnum atvinnu. Loks má nefna fóðurbætiseinkasölu ríkisins. Ég hefði nú viljað gera það að till. minni, að öll bitlingaúthlutunin yrði falin þessari stofnun, þar sem þetta má skoða sem nokkurskonar fóðurbæti handa flokksmönnum stj.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. Reykv. og byrja með því að lofa honum því, að nefna hann alltaf „háttvirtan" hér í d., án þess þó, að þar með sé sagt, á hverju stigi virðing mín fyrir þessum hv. þm. er. Ég mun í þessu hlíta þingsköpum, þó að hv. 2. þm. Reykv. geri það ekki, en vilji hafa sérstöðu um það mál eins og svo mörg önnur. (HV: Ég mun ekki verða við óskum þm. um að kalla hann háttvirtan). Það hefir engin áhrif á ákvörðun mína um fyllstu kurteisi í garð hv. 2. þm. Reykv. — Þessi hv. þm. sagðist áður hafa lýst afstöðu verklýðsfélaganna til ráðningarskrifstofu bæjarins. Já, sú afstaða er flestum kunn. Hv. þm. og flokksmenn hans sáu ástæðu til þess að rjúka upp og stofna aðra ráðningarskrifstofu, sem átti að hafa nákvæmlega sama starfi að gegna. Þarna sést, hvað þessi hv. þm. gerir, ef hann telur, að gengið sé á hluta hans eða flokks hans. Og það ætti að gera honum skiljanlegt, að ekki er alveg víst, að Rvíkurbær taki með tómum þökkum á móti þessari ráðningarskrifstofu, sem nú á að fara að þvinga upp á hann. Hv. þm. verður að gera sér það ljóst, að það þýðir ekki að berja í borðið og segja, að svona skuli þetta og þetta vera. Hér eru fleiri aðilar, sem verður að taka tillit til. Stjórnarliðið verður að gera sér ljóst, að svona skrifstofa, sett niður í fullkominni óþökk meiri hl. bæjarstj., getur aldrei náð tilgangi sínum, heldur verður aðeins til þess að vekja óánægju og hatur. Það er alveg út í bláinn hjá hv. þm., að meiri hl. bæjarstj. Rvíkur sé eitthvað andstæður hagsmunum verkalýðsins í bænum. Þetta eru slagorð, sem hv. þm. heldur, að hljómi vel, — en það var misheppnað að ætla að finna þessum orðum sínum stað í verkamannabústaðamálinu. Þar kom í ljós, að byggingarfél. sjálfstæðra verkamanna taldi um 350 félaga. Þarna var þá álitlegur hópur verkamanna, sem treysti sjálfstæðismönnum betur til þess að gæta hagsmuna sinna en hv. 2. þm. Reykv. og flokksmönnum hans.

Það kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv., að það, sem ræður afstöðu hans og flokksbræðra hans í þessu máli, er það, að fyrir skrifstofuna var ráðinn fyrrv. formaður Varðarfélagsins. Þeir halda, þessir hv. jafnaðarmenn, að enginn geti starfað án þess að pólitiskar skoðanir ráði gerðum hans í smáu sem stóru, að enginn geti starfað í samræmi við samvizku sína. Þetta voru einu rökin, sem hann færði fyrir því, að setja aðra skrifstofu á stofn.

Þá kem ég að því, sem þessi sami hv. þm. kallaði uppreisnartal. Mín ummæli voru á þá leið, að ég sagði, að kviknað gæti í steinolíu. En það getur kviknað í fleiru en olíu. Og ég skal segja hv. þm. það, að minni hl. getur þrengt svo kosti meiri hl., að hann eigi engar útgöngudyr. Hv.

þm. getur dregið af þessu þær ályktanir, sem honum sýnist. Hann lýsti því yfir áðan, að verkalýðsfélögin mundu taka til sinna ráða, ef þessu máli fengist ekki framgengt. Hvað var þetta annað en hótun um uppreisn? Hv. þm. er fyrirfram ákveðinn í því að stofna til uppreisnar, ef hann fær eigi vilja sínum framgengt. Annars get ég vel skilið, að hv. þm. skoði orð mín sem hótun um uppreisn, þegar hann ber þau saman við sínar eigin athafnir. En ég get sagt honum, að hér eru mörg lögleg ráð, sem grípa má til, t. d. að hlíta eigi þeim þvingunarlögum, sem Alþ. setur til þess að kúga meiri hl. í bæjarstj. Rvíkur. Hv. þm. þarf ekki að verða hissa, þó að honum sé sagt, að svo langt geti hann gengið, að andstæðingar hans þoli hann ekki sem einræðisherra. Ég veit, að hann er formaður Dagsbrúnar, en það er fullkominn misskilningur, ef hann heldur, að allir verkamenn séu stuðningsmenn hans. Meðan hann sýnir ekki með atkvgr., að hann hafi virkilegt fylgi verkamanna, er allt tal hans um þá hluti tómur gorgeir. Með allri virðingu fyrir starfi hv. þm. í þágu verkalýðsfélaganna þori ég að fullyrða, að verkalýðurinn treystir þeim, sem nú fara með stj. bæjarmálanna, eigi síður en honum.

Það, sem skiptir máli hér, er það, að löggjafarvaldið á ekki, að mínu áliti, að setja l., sem svipta löglega kosinn meiri hl. bæjarstj. valdi sínu. Það er bæjarstj., sem á að ráða því, hvernig atvinnubótavinnu er úthlutað, það er hún, sem á að hafa ráðin yfir þessari skrifstofu, því að það er hún, sem stendur fyrir framkvæmdum og greiðslu. Það er auðsætt, að eini tilgangurinn með þessu frv. er sá, að koma fyrir kattarnef skrifstofu, sem bæjarstj. hefir sett á stofn á löglegan hátt. En ég hefi þá trú á réttlætistilfinningu hv. þm., að meiri hl. þeirra geti ekki fengið sig til að ljá slíku máli lið.

**Forseti (JörB)**: Að gefnu tilefni vil ég víkja að því, að það hefir verið föst þingvenja, að ræðumenn kenni þingmenn við kjördæmi sitt og víki máli sínu hver til annars með virðulegu ávarpi. Vænti ég, að hv. þm. haldi þessari venju, þó að þeim þykkni í skapi. (GÞ: Ég hefi eigi brotið þessa venju!). Nei, ég var ekki heldur að ávíta þennan hv. þm., heldur læt ég þessa getið út af orðaskiptum hans og hv. 2. þm. Reykv.

**Héðinn Valdimarsson**: Út af þessum orðum forseta skal ég lýsa því yfir, að ég hefi ekki haldið þessa venju í 3 ár og sé ekki ástæðu til að taka hana upp. En út af því, sem 8. landsk. þóttist vera að tala fyrir munn verkamanna hér í bænum, get ég sagt það, að ég mundi fella mig við, að oddamaður væri útnefndur af verkamönnum.

**Guðbrandur Ísberg**: Ég þarf aðeins að leiðrétta eitt atriði, sem hv. 1. landsk. hafði rangt eftir mér. Ég gat þess, að reynt hefði verið áður að setja á stofn vinnumiðlunarskrifstofur, en hann vildi segja, að ég hefði kennt skipulagsleysi um, að þær hefðu lognazt út af. Þetta var skakkt eftir mér haft. Þessar stofnanir lognuðust út af fyrst og fremst fyrir það, að þær voru ekki tímabærar, og ég tel vafasamt, að þær séu tímabærar enn, nema þá á örfáum stöðum. Vinnumiðlunarskrifstofur koma því aðeins að gagni, að vinnuleitendur geti beðið eftir atvinnu, en á því eru oft vandkvæði. Auk þess er það svo, að mönnum er oft óljúft að fara í ókunna staði og er því óljúft að láta aðra ráða sig þangað. Ég vildi aðeins leiðrétta þetta ranghermi hjá hv. 1. landsk., sem annaðhvort hefir sagt þetta óvart eða þá ósjálfrátt vegna þeirrar tilhneigingar jafnaðármanna að vilja skipuleggja alla hluti. En af því stafa flestir árekstrar milli jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna, að sjálfstæðismenn telja ekki nauðsynlegt að skipuleggja alla hluti. Þeir byggja meira á einstaklingsfrelsi og einstaklingsframtaki.

**Gísli Sveinsson**: Herra forseti! Það er tvennt, sem einkum einkennir framkomu þeirra manna, sem nú ráða Alþ. og stj. Er vert að gefa þessu fullan gaum, því að sama sagan endurtekur sig nær því daglega. Bar nokkuð á þessu á aukaþinginu í fyrra, þó að eigi gengi það eins langt þá og nú. En nú er svo komið, að þessir menn gera hvað eftir annað ýtarlegar og ósvífnar tilraunir til að sölsa undir sig réttindi einstaklinga og félagsheilda, svo sem bæjar- og sýslufél. Þetta er tiltölulega nýtt hér á landi og kemur ýmsum ókunnuglega fyrir, að höggvið sé svo nærri þeim réttindum, sem við að l. eigum að hafa óskert. Í meðvitund eldri manna a. m. k. er það sjálfsögð skylda að gæta þess vandlega að brjóta eigi í bág við þau grundvallaratriði mannréttinda, sem tilgreind eru í stjórnarskránni. Í 64. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji". En nú krefjast þessir menn þess, að allur atvinnurekstur sé tekinn af einstaklingunum og lagður undir ríkisvaldið.

Eins og kunnugt er, stafa þessi ákvæði í stjórnarskránni frá stjórnarbyltingunni frönsku, og það mætti ætla, að þeim flokkum, sem þykir skyldugt að botnvelta og umvelta öllu þjóðfélaginu, væri minnisstætt, hvaðan krafan um þessi réttindi einstaklingsins er runnin. Það varð fljótt almennur skilningur á þessu atriði, að hver maður hefði rétt til að stunda hverja heiðarlega atvinnu án þess hún væri af honum tekin, og að slíkt mætti eigi skerða nema almenningsheill krefði. En hver treystir sér til að halda því fram, að almenningsheill krefjist þess, að komið sé á t. d. einokunarverzlun með eldspýtur, ilmvötn og andlitsduft? Sá andi, sem liggur á bak við stjórnarskrána, er ótvíræður, og fyrir 20 árum hefði enginn leyft sér að halda því fram, að nauðsynlegt væri að fara inn á þessa braut.

Um hitt atriðið, rétt félagsheildanna, skal ég leyfa mér að vísa í 71 gr. stjórnarskrárinnar, en hún hljóðar svo: „Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum". Hér er slegið föstum þeim frumrétti sveitarfél. að ráða málefnum sínum sjálf. Sjá allir, að það nær engri átt, að hver flokkur, sem ofan á verður, geti kollvarpað þessum grundvallarréttindum og gert félagsheildir réttlausar, farið ofan í vasa borg-

aranna og fyrirskipað þeim fjárútlát aðeins til þess að þjóna lund sinni. Þetta er að vísu ekki alveg nýtt, því að það hefir verið vegið í þennan knérunn áður.

Hv. 1. landsk. minntist á frv. til l. um lögreglumenn, en það er ekki sambærilegt við þetta, því að þau l. voru sett vegna nauðsynja þjóðfélagsins. Collega minn í jura, hv. 1. landsk., veit vel, að fyrirskipað er að halda uppi lögvernd borgaranna, þó að flokksbræður hans virtust ekki kæra sig um slíkt 9. nóv. 1932. — L. um gagnfræðaskóla, sem vitnað var í, eru ekki heldur sambærileg, því þó að þau l. séu meingölluð, er þar ekki ráðizt á rétt einstaklinganna. En ég vil nefna eitt dæmi, þar sem farið var hrottalega inn á þennan rétt. En það var þegar fyrirskipað var með l., án þess að bæjarfél. og sveitarfél. væru aðspurð, að gjalda skyldi til ríkissjóðs helmingi hærri skatt vegna berklavarna heldur en fólksfjöldi er í héraði. Það tel ég, að verið hafi hreint lagaleysi, þó að það sé of langt mál til að fara út í það hér.

Það kom fram hjá hv. 1. landsk., að þetta væri hefnd fyrir ofbeldi. Þau l., sem eingöngu eru samin með það fyrir augum, að koma fram hefndum fyrir ofbeldi, eru ekki allskostar aðgengileg. Slíkt er of veikur grundvöllur fyrir mjög hæpna löggjöf um atvinnu bæjar- og sýslufélaga. Hv. 1. landsk. telur *bæjarstj. Rvíkur beita ofbeldi*, þótt hún vilji ekki kalla „Alþýðusambandið“ á ráðstefnu, til þess að bera undir álit þess, hvað *gert skuli í þessu máli*. Hv. 1. landsk. *átti sjálfur* sæti í bæjarráði, svo að hann ætti að vita, að þetta er rangt. Hann gat sjálfur borið fram till. *um það, að fulltrúum verklýðsfélaganna* væri heimilaður tillöguréttur í þessu máli. En í þess stað steinþegir hann. Það er þess vegna óskiljanlegt, að það sé í raun og veru skoðun hv. 1. landsk., að fyrir þetta ofbeldi, sem hann nefnir svo, eigi að koma hefnd í þessu máli, nema því aðeins, að hann áliti þá leið hina réttu og raunverulega lögmætu. Það mun hv. þm. ekki gera opinberlega. Ég býst við, að annað hefði átt að vaka fyrir hæstv. ríkisstj. eða forráðamönnum hennar. Það hefir sem sé komið upp úr dúrnum undanfarna daga, að hæstv. ríkisstj. á forráðamenn fyrir utan sjálfa sig. Það er ekki einungis, að stjórnarflokkarnir sem slíkir standi að henni, heldur jafnvel aðeins einn eða tveir menn. Einnig er það svo, eins og kunnugt er, að Framsóknarfl. skipar, ásamt Alþýðufl., meiri hl. hv. þings, enda þótt hann sé í rauninni minni hluta flokkur. Áhrifin standa því hér í öfugu hlutfalli við atkvæðamagnið. Hv. 2. þm. Reykv. skipar ekki einungis hæstv. ríkisstj., hvað hún eigi að gera, heldur gefur hann einnig hæstv. forseta Sþ. fyrirskipanir um, hvernig hann eigi að hegða sér. Og hann hlýðir því. Fyrir þessum mönnum vakir þannig, fyrir utan annað það, sem hv. 1. landsk. tók fram, að koma fram hefndum, einnig að ná meiri tökum á fólkinu en þeir þóttust hafa náð, með hvaða ráði sem er. Jafnvel þótt þeir verði að viðurkenna lýðræðið, *heimta þeir samt rétt til* þess að ráða yfir andstæðingunum í Rvík, sem eru í meiri hl. Þeir vilja koma fram hefndum *og koma því í framkvæmd með löggjöf, sem þeir* geta ekki gert ella á stjórnarskipulegan hátt. Þess gengur enginn dulinn, að þessum mönnum hefði ekki komið til hugar að setja í 1. gr. frv. heimild, til þess að veita hæstv. atvmrh. einræði í þessum efnum, ef það hefði verið til þess að vernda lýðræðið í þessum bæ. Þeim hefði ekki heldur komið það til hugar fyrir ári síðan, er annar var ráðh., því að þeir miða við einn flokk og jafnvel einstaka menn, í þessum efnum, en ekki við velferð almennings.

Nú er ákveðinn maður atvmrh., og þeir búast að sjálfsögðu við því, að hann verði það til eilífðar. Þeir miða löggjöfina því við hann. Þeir eiga ríkisstj. og geta látið hana vinna fyrir sig eftir vild.

Það er öllum lýðum ljóst, að ef hér ætti að gæta einhvers réttlætis, þá hlyti að nægja, að stofnuð væri eða til væri vinnumiðlunarskrifstofa í sérhverjum kaupstað. En nú stendur svo á í Rvík, að bæjarstj. þar er skipuð meiri hl. andstæðinganna. Þá þurfti hitt endilega að koma, að ráðh. hefði einn valdið. Eiginlega má segja, að í frv. standi:

„Atvmrh. stofnar til vinnumiðlunarskrifstofu í hverjum kaupstað landsins“. Hitt var í rauninni öldungis óþarft.

2. og 3. gr. frv. *ber vott um*, að þeir séu að reyna að ná undir sig fólkinu. Þar er sagt, að skrifstofa þessi skuli skipuð af meiri hl. þeirra, *sem eru í minni hl. í bæjum, eins og hér í Rvík* nú. Þeir eiga svo að miðla vinnunni milli bæjarbúa. Þeir eiga að ráða, hvernig vinnumiðluninni er háttað, hvernig henni er skipt og hverjir fá vinnu. Úthlutun þeirrar atvinnu skal bærinn kosta, en þeir eiga að framkvæma úthlutunina.

Atvinnubótavinnan stendur í nánu sambandi við umráðin yfir fólkinu. Sósialistar notfæra sér atvinnubótavinnu og atvinnuleysisstyrk, sem að vísu er ekki beinlínis í l. hér á landi, til þess að afla sér fylgis. Það liggur í augum uppi, hvað þeir ætla sér með þessu, þar sem það er öllum kunnugt, að ekki er hægt að bera atvinnuleysi hér á landi saman við atvinnuleysi það, sem ríkir víðast hvar erlendis. Og í sambandi við þetta leyfa þessir menn sér að nota lagaheimild til þess að safna atvinnuleysisskýrslum um háannatímann. Í júlí og ágúst fá þeir gefna upp tölu atvinnuleysingja, aðeins til þess að geta sagt, að svona sé atvinnuleysið mikið á þessum tíma, sem landsmenn eru alveg óvanir að tala um atvinnuleysi. Okkur varðar í rauninni lítið um, hverjir ráfa um hér á götunum iðjulausir, meðan kappnóg atvinna er á boðstólum, bæði til lands og sjávar. Það er vissulega hart, að menn skuli nota sér slík mál sjálfum sér til fylgis og framdráttar í stjórnmálum.

Þótt þessi vinnumiðlunarskrifstofa, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði stofnsett, og þótt brtt. hv. þm. V.-Ísf. um vinnumiðlun milli kaupstaða yrði samþ., þá er hún út af fyrir sig tilgangslítil, því að *boginn er svo hátt spenntur*, að bændur hafa ekki ráð á því, að taka vinnufólk úr kaupstöðum, sökum þess, hve kaupgjaldið er hátt. Af þessari ástæðu er þýðingarlaust að samþ. brtt. hv. þm. V.-Ísf., enda þótt hún sé raunar að nokkru leyti til bóta. En ef hann hefði viljað taka fram, að vinnubrögð þau, sem hér um ræðir, væru unnin af öðrum mönnum en þeim, sem nú

inna þau af hendi, hefði hann getað látið sér nægja að hafa þessa hugmynd sína einungis bundna við það, að atvmrn. mætti fela sérstökum fulltrúa öll þau störf, sem snerta vinnumiðlun milli kaupstaða og sveita. En það hefir greinilega verið sýnt fram á, að meiri hl. bæjarstj. Rvíkur hefir enga þörf fyrir þessa breyt. Hann er einfær um að leysa þetta verk af hendi. Þess gerist ekki þörf, að ríkið taki að sér allt skrifstofuhald þessara vinnumiðlunarskrifstofa, sé einskonar atvinnurekandi, miðli vinnu manna á meðal og beri kostnaðinn af þeim sökum. Þennan varnagla átti að slá, ef ske kynni, að bæirnir vildu ekki taka þátt í stofnsetningu slíkra skrifstofa, sökum mikils rekstrarkostnaðar þeirra. Það er ekki ólíklegt, að tillag ríkisins geti orðið mikið, því að alþjóð er kunnug ófyrirleitni þessara manna, þegar um það er að ræða að taka fé af því opinbera.

Að lokum vil ég leyfa mér að spyrja. Hvað á þetta eiginlega að þýða? Á þetta að vera einskonar ögrun fyrir fólkið? Er þetta tilraun til þess að brjóta anda stjskr. eða er þetta aðeins hefnd fyrir ímyndað ofbeldi af hálfu meiri hl. bæjarstj.?

Stjórnarfl. hafa gert hinn rauða sáttmála um þetta. Gildir hann um allt, sem þessir flokkar finna upp á? Eru þessir flokkar líka skuldbundnir til þess að samþ. þetta mál? Hugsum okkur, að vinnumiðlunarskrifstofa meiri hl. bæjarstj. starfi áfram. Hvað ætlar landsstj. sér þá að gera við hana?

Það liggur nærri að álykta, að hæstv. ríkisstj. ætli sér, samkv. þessum l., að veita sósíalistum einum fé til þeirra eigin vinnumiðlunarskrifstofu. Þeir hafa sjálfir skrifstofu, og það fullnægir í rauninni því, sem sósíalista vanhagar um í þessum efnum. Þetta mál verður e. t. v. vindhögg í framkvæmdinni, en eins og til þess er nú stofnað, er það a. m. k. fullkomin ósvífni.

**Sigurður Einarsson** [óyfirl.]: Ræða hv. þm. V.Sk. hefir gefið mér umræðuefni.

Ég vil biðja hæstv. forseta að afsaka, þótt ég minnist lítið á frv. í þeim hluta ræðu minnar, því að hv. þm. var svo heimspekilegur í tali, að erfitt er að finna götu að málinu. Hann fór mörgum orðum um það, sem helzt einkenndi framkomu jafnaðarmanna hér á Alþ. Ef lýsing hans væri sönn, þá væri hún eftirtektarverð.

Þessi hv. þm., sem er all skörulegur í tali úr ræðustól og minnir einna helzt á rómverskan „senator", sem hann vill líkjast, er áberandi fyrir það, hvernig hann fer með rök í sjálfsblekkingu sinni. Önnur orð lýsa sem sé betur vinnubrögðum jafnaðarmanna á þessu þingi. Þeir hafa unnið að því að hrinda burt árásum á kjör hinna vinnandi stétta, og þeir hafa hér á þessu þingi barizt fyrir viðunanlegum lífskjörum manna yfirleitt. Þetta er rétt lýsing á vinnubrögðum jafnaðarmanna hér á Alþ. og annarsstaðar, þar sem þeir vinna.

Hv. þm. V.-Sk. talaði um atvinnufrelsisskerðingu í sambandi við vinnumiðlunarfrv. Það er blátt áfram afkáralegt að tala um, að frv. sé tilraun til þess að skerða atvinnufrelsi manna. Hvert er atvinnufrelsi fátækra og atvinnulítilla verkamanna? Þeir hafa engin tæki til þess að skapa sér atvinnu.

Hv. þm. talaði um það, í sambandi við þetta frv., að enginn hefði leyft sér að fara út á þessa braut fyrir tuttugu árum síðan, að nauðsynjalausu.

Um nauðsyn er ekki vert að ræða við hv. þm. V.-Sk. Um það atriði verðum við aldrei sammála. — Það er margt, eins og hv. þm. veit, sem orðið hefir að gera á síðustu árum, sem engum hefði dottið í hug að gera fyrir tuttugu árum síðan. Tökum dæmi. Það hefir jafnan þótt gott að minnast á Roosewelt forseta í þessum efnum. Bæði hann, og eins líka Stanley Baldwin, telja, að ýmislegt sé nauðsynlegt að gera nú, sem engum hefðu komið til hugar að gera fyrir tíu árum. Ástæðan fyrir því, að þeir töldu sér skylt að gera það, sem rétt var, var sú, að þeir eru ekki sýslumenn í V.-Sk.

Lögreglan á að vera til þess að halda þjóðfélögunum uppi, sem er frumskylda, segir hv. þm. Hann segir ennfremur, að ætlazt sé til, að frv. um vinnumiðlun sé til þess að uppihalda þjóðfélaginu. Þetta er eftirtektarvert. Orð hans verða ekki skilin á annan hátt en þann, að það sé jafnmikil frumskylda, að frv. um vinnumiðlun verði drepið, og að komið sé á lögreglu.

Hv. þm. kvað atvinnuleysi minna hér en annarsstaðar. Og þó leyfðu jafnaðarmenn sér að nota lagaheimildina til þess að safna atvinnuleysisskýrslum í júní og júlí. Kvað hv. þm., að við værum óvanir að heyra atvinnuleysi nefnt á þeim tíma. Sem betur fer eru menn hér á landi óvanir því.

Ég vil minna hv. þm. á fræga bók eftir skáldið Kielland. Ég býst ekki við, að hann hafi lesið bókina, því að hún heitir „Vinnumenn".

Sagan fjallar um ungan lækni, son efnaðrar hefðarkonu, og vinnukonu, sem frúin var búin að gera að sjúkling. Þegar sonur hennar hefir orð á þessu við frúna, ber hún ekki á móti því, en segir aðeins: „Þannig er ekki talað í húsum betra fólks".

Við erum ekki heldur vanir að heyra atvinnuleysi nefnt í júní og júlí. Það er einmitt þetta, sem hér er um að ræða. Hér er sýnishorn af því, hvernig sjálfstæðismenn beita málþófi. Þeir eru hræddir um, að þetta frv. verði gert að l.

Til þess að ganga ekki alveg fram hjá brtt. þeim, sem hér liggja fyrir, vil ég minnast lítið eitt á þær. (GSv: Hvað er langt síðan hv. þm. var íhaldsmaður?) Ég var íhaldsmaður þegar ég var smábarn. Þeir, sem þekkja eitthvað til barnasálarfræði, vita, að börn eru venjulega íhaldsmenn, á meðan þau eru undir áhrifum venzlamanna í heimahúsum.

Meiri hl. hv. allshn. hefir mælt með því, að frv. verði samþ. Hv. þm. V.-Ísf. ber fram brtt. við þskj. 165. Eru allar, nema ein, heldur til bóta. 2. brtt. hans, um að skipa stj. fyrir þessar vinnumiðlunarskrifstofur, er, frá mínu sjónarmið séð, óþörf, vafasöm og ástæðulaus.

Þetta er óþarft, þegar oddamennska stj.skrifstofunnar er í höndum meiri hl. bæjarstj.

Þessi l. eiga að gilda fyrir allt landið í hinum mismunandi bæjum. Mér skilst, að hér sé um málamiðlun að ræða, sem ekki á rétt á sér, þótt

meiri hl. bæjarstj. Rvíkur hafi komið upp vinnumiðlunarskrifstofu, sem er illa séð meðal allra verkamanna í þessum bæ. Það er ekki rétt, að höfð sé gát á löggjöf fyrir allt landið þess vegna. Sjálfstæðismenn vilja undantekningar á löggjöfinni, vegna Rvíkur. Þeir vilja, að gerðar séu undantekningar á löggjöfinni um verkamannabústaði, til þess að þeir geti haldið í sín l. Það horfir vel við frá sjónarmiði þeirra sjálfra. En frá sjónarmiði hinna horfir þetta allt öðruvísi við. Það er reynsla fyrir því, að betri ráðstafanir komi úr annari átt.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég hefi ekki miklu að bæta við það, sem ég sagði við 1. umr. málsins. En þó hafa komið fram brtt., sem ég vil minnast á.

Ég tel mér skylt að taka tillit til þeirra bóta, sem reynt hefir verið að gera. Ég vil heldur þetta frv. með þeim umbótum, sem eiga að vera fólgnar í þessum brtt., heldur en að fá það jafnilla skapað og það var frá fyrstu hendi. — Brtt. eru frá hv. þm. V.-Ísf. Af þeim er sú 4. og þó sérstaklega 2. til mikilla bóta. Ég tel mér því skylt að fylgja þeim. 2. brtt. viðurkennir þann sannleika, að bæjarfél. eigi raunverulega rétt á því að ráða yfir þessum málum, eins og öðrum málum sínum.

Hv. þm. Vestm. hefir borið fram brtt. við 1. gr. frv., en hún hljóðar svo í frv.: „Í hverjum kaupstað landsins skal stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar ákveður, eða ef atvmrh. mælir svo fyrir".

Það er þessi síðasta setning, sem hv. þm. Vestm. leggur til, að felld verði burt úr frv., og er ég því samþykkur.

Það er merkilegt, að fram skuli hafa komið frv. með slíkri byrjun: „ Í hverjum kaupstað skal stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstjórn kaupstaðarins ákveður".

Það er engum vafa undirorpið, að slíkar skrifstofur verða stofnaðar, ef bæjarstj. kaupstaðanna ákveða það. Hver skyldi annars geta bannað þeim það? Það er svo, að bæði kaupstaðir og þorp geta sjálf annazt þessi mál sín. En þau gera það ekki á þann hátt, að sett séu upp til þess stór skrifstofubákn með mörgum launuðum mönnum. Þetta er það, sem ég lagði áherzluna á við 1. umr. og hv. þm. Vestm. sýndi líka fram á, að það er óþolandi, að Alþ. skipi smákaupstöðum og þorpum að stofna til svo mikils kostnaðar til að framkvæma hluti, sem þeir mundu gera hvort sem væri kostnaðarlítið eða kostnaðarlaust. Þetta mál hefir verið framkvæmt svo þar, sem ég þekki til, að vinnumiðlunin hefir verið framkvæmd af sérstökum n. og bæjarstjórum þar sem þeir eru, og það kostar lítið eða ekkert. Annað mál er, þar sem mikið fjölmenni er saman komið, eins og hér í Rvík. Þar verður ekki komizt hjá að gera alveg sérstakar ráðstafanir. Hitt er ekki nema óþarfur kostnaður, að setja þurfi á stofn stórt skrifstofubákn, sem kosti stórfé, því að bæjarráðið hefir þetta hvort sem er á hendi að miklu leyti.

Ég kann illa við það, að menn séu að koma fram grímuklæddir í þessu máli. Það er hvort sem er alveg ljóst, að hér er ekki á ferðinni mál til þess að breyta óréttlæti í réttlæti eða til að koma í veg fyrir, að vinnu verði miðlað hlutdrægt. Ég veit ekki til, að hér hafi komið fram nokkurt orð, sem bendir til þess, að nokkur hlutdrægni hafi hér átt sér stað. Það vita allir, að frv. er til þess, að hægt sé að miðla vinnunni hlutdrægt. Það er því sama, hvaða grímu þeir setja upp í þessu máli, það skín alltaf í þessa seku ásjónu þeirra.

Ég ætla ekki að svara miklu þessari bunu, sem við urðum að sitja undir frá hv. 9. landsk. Það væri þó ástæða til að fara út í það mál, hvað hans flokksmenn hafa gert til að skapa atvinnuleysi. Það er stórt og mikið áhyggjumál, ekki aðeins fyrir Rvík, heldur fyrir allt landið. Ég ætla þó að sleppa því að þessu sinni. En út af þeirri miklu vandlætingu, sem hv. 2. þm. Reykv. var með út af því, að hv. 8. landsk. taldi, að svona ofbeldi gæti valdið sprengingu, vil ég segja honum, að það þarf ekki að fara neitt dult með það, að hann og hans flokksmenn hafa sýnt mönnum framan í það ástand, að hér getur orðið hættuleg sprenging. Þeir hafa sjálfir staðið hér fyrir svo alvarlegum upphlaupum, að nærri hefir legið, að af því leiddi dauða margra manna, og af því leiddi limlestingar og stórmisþyrmingar. Svo látast þessir menn vera undrandi yfir því, að nokkur skuli láta skína í það, að óréttlæti og ofbeldi geti leitt af sér óróa og kannske slys. Ég veit ekki betur en að þessir menn séu beinlínis þyrstir í það. Mig minnir, að þeir hafi blátt áfram gert hryðjuverkadaginn 9. nóv. að hátíðisdegi. Svo dýrðlegt fannst þeim, að það skyldi vera hægt að koma af stað upphlaupi, sem leiddi til limlestinga og stórmeiðsla. Þeir héldu hátíð sama mánaðardag árið eftir, og munu hafa gert það síðan á hverju ári.

Það er rétt, sem hv. 8. landsk. sagði, að það verður að fara gætilega að því að beita ofbeldi til að taka ráðin af sveitar- og bæjarfél. í þeim málum, sem þau hafa rétt til að ráða sjálf, því að það er óviturlegt að leika menn svo hart, að þeir grípi til þess óyndisúrræðis að verja sig sjálfir.

Ég mun svo ekki hafa þetta mál mitt lengra, en að endingu vil ég taka það fram, að þótt ég greiði atkv. með þessum brtt., sem ég nefndi, þá er ég ekki fyrir það samþykkur frv. í heild.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mikið.

Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort honum þætti ekki ástæða til að athuga fæðingarvottorð hv. 9. landsk., og um leið biðja hann að hlutast til um það, að þingflokkar væru hér nefndir réttu nafni. Hv. 9. landsk. talaði hér um íhaldsflokk, sem hann nefndi svo, og sagði, að menn væru ekki íhaldsmenn lengur en til 6 ára aldurs, nema einstöku örverpi væru það lengur. Nú eru ekki nema 8 ár síðan þessi hv. þm. var einn af mínum ágætu stuðningsmönnum, — það var árið 1926, — og ef hann hefir verið 6 ára þá, ætti hann að vera 14 ára nú, nema ef hann er eitt af þessum örverpum, þá gæti hann verið eldri.

Ennfremur vil ég beina því til hæstv. forseta í sambandi við þá merkilegu ráðningu, sem hann gaf hv. 2. þm. Reykv., að hann, hæstv. forseti,

haldi fast við það, sem hann óskaði þá eftir, að réttir þingsiðir væru haldnir, þ. á. m., að þm. kalli hver annan háttvirtan, svo sem þingsköp eru til. Það eykur áreiðanlega ekki á virðingu þingsins, ef sagt er „ráðherraræfillinn“, „þingmannsskepnan“ eða „forsetagarmurinn“. Það er því rétt að halda þeim sið, að þm. segi „háttvirtur“, þegar þeir tala hver um annan.

Að öðru leyti vil ég segja það sem mína skoðun, að í þessu máli eru nú fram komin þau rök, að ég bæti litlu þar við. Ég vil þó vekja athygli á því, sem er kjarni þessa máls, að bæjarstj. Rvíkur hefir stofnað ráðningarskrifstofu hér í bænum, og auðvitað á bæjarstj. til þess fullan rétt, enda er bæjarstj. og sveitarstj. með l. tilskilinn slíkur réttur. En þrátt fyrir þennan lögfesta rétt láta jafnaðarmenn sér sæma að nota þennan hæpna þingmeirihluta til að brjóta ákvæði þessarar löggjafar með nýrri lagasetningu eins og þeirri, sem hér ræðir um, því að það er alveg augljós og auðskilinn sannleikur, að tilgangur þessa frv. er sá og sá einn, að brjóta þennan rétt, og fyrir því hefir líka í raun og veru fengizt viðurkenning við þessa umr. Rök jafnaðarmanna í þessu máli eru þau, að bæjarstj. Rvíkur hafi framið þá synd, að skipa forstöðumann þessarar ráðningarskrifstofu mann, sem hafi haft sig mjög í frammi í stjórnmálum. Í öðru máli, sem sé fyrsta málinu á dagskrá hér í dag, framfylgja jafnaðarmenn breyt., ekki til þess að koma því, sem þar um ræðir, undan oki þeirra manna, sem mjög hafa haft sig í frammi í stjórnmálum, heldur er þar verið að draga það undir ok þeirra. Í þessu frv. um verkamannabústaðina eru jafnaðarmenn nú að reyna að fá allt lagt undir stj. Héðins Valdimarssonar, hv. 2. þm. Reykv., en hann hefir eins og flestir vita haft sig mjög í frammi á sviði stjórnmálanna nú um langt skeið, og ekki þótt sanngjarnastur þeirra, er sézt hafa á þeim vettvangi. Þetta er ekki skemmtileg mynd af lýðræðismönnum, þegar þeir geta haft sig til að fylgja tveimur svona málum í einu. Það er ekki hægt að finna fyrir þessum frv. frambærileg rök, sem ekki stangast.

Ég ætla ekki að lengja umr. með því að vega þau rök, sem fram hafa komið hjá málsvörum hvorrar stefnu fyrir sig. En þó þykir mér rétt að benda á það, að hv. 2. þm. Reykv. lét hér falla þau ummæli, að ef löggjafinn vildi ekki samþ. ákvæði þessa frv., þá mundi það ekki öllu máli skipta, því að þá mundi hann og það fél., sem hann stjórnar, verkamannafél. Dagsbrún, taka til sinna ráða. Með þessu er hann að segja, að ef þessi hæpni og ranglega fengni þingmeirihluti fæst ekki til að brjóta áður sett l. í því skyni að kúga lýðræðislega skipaðan meiri hl. bæjarstj. Rvíkur, þá ætli þessi hv. þm. ekki að grátbæna þingmeirihlutann, því að hann geti þá gripið til sinna ráða án hjálpar þingmeirihlutans. Hvernig er hægt að draga skýrar fram einræðishugsun en með svona yfirlýsingum? Illa fenginn þingmeirihluta vill hann nota, ef það er hægt. Að öðrum kosti grípur hann til sinna ráða, hvað sem l. áhrærir.

Ég ætla ekki að hafa í hótunum um neina byltingu, en ég tek undir það, sem hv. 8. landsk. sagði í dag og vil sérstaklega minna hv. 2. þm. Reykv. á það, að það getur kviknað í fleiru en olíu. Ég vil minna hann á 9. nóv. Þá kviknaði ekki í olíu, en það kviknaði í olíusala hér. Þá taldi hann sér misboðið, af því að lögreglan hafði sig í frammi, og þá hikaði hann ekki við að grípa til ofbeldis. Ég vil segja hv. þm. það, að eins og nú standa sakir í þessu þjóðfélagi, þá er nú ekki aukandi á vandræðin með því að auka á sundurþykkjuna að óþörfu. Það er ekki ástæða fyrir þennan hæpna þingmeirihluta að beita Sjálfstæðisfl. og Bændafl. því ofbeldi, sem nú er daglega reynt af þessum flokkum, sem standa að núv. stj. og þó einkum af sósíalistum.

Ég endurtek það, að ég er ekki að boða neina byltingu, en ég gef þeim verðskuldaða aðvörun um að beita valdi sínu í einhverju hófi á þessu þingi.

**Emil Jónsson:** Ég hefi ekki hugsað mér að lengja þessar umr. mikið, en hér hafa nú komið fram ummæli, sem gáfu mér tilefni til að láta í ljós fyrst og fremst skoðun mína á þessu máli, og vil ég þá víkja einnig að nokkrum atriðum, sem ég álít, að þurfi að leiðrétta.

Mér finnst þetta frv. mjög sanngjarnt, og undarlegt, að það skuli hafa mætt svo mikilli mótspyrnu. Það verður ekki skilið nema á einn veg, sem ég mun nú koma að.

Því hefir verið haldið fram af hv. þm. V.-Sk., að frv. mundi fara nærri því að brjóta stjórnarskrána, þar sem bæjarfél. væri fyrirskipað að halda uppi þeirri stofnun, sem hér um ræðir, og stofna þar með til allmikilla útgjalda.

Ég skal játa, þó að það sé e. t. v. ekki þinglegt, að ég er ekki það vel að mér í lögfræði, að ég geti deilt þar við hann. En það liggur í hlutarins eðli, að þegar löggjafinn hefir rétt til að skipa fyrir um ýmis málefni í kaupstöðum, sem hann telur ástæðu til, þá hefir hann einnig rétt á að skipa fyrir um þetta mál, því að það er það mikils virði, og ekki sama, hvernig um það fer. Löggjafanum hefir þótt ástæða til að skipa fyrir um barnafræðslu í kaupstöðum og hefir lagt ríka áherzlu á það, að öll börn fengju sem mesta fræðslu, og í sambandi við það hafa bæjarfél. orðið að taka á sig ærin útgjöld og ekki verið spurð að. Sama má segja um unglingafræðsluna í kaupstöðunum. Þar hefir löggjafinn lagt mikil útgjöld á bæjarfél. og ekki spurt þau að. Það eru ýmis önnur mál kaupstaða, sem ákveðið hefir verið í l., hvernig skuli fara með, t. d. heilbrigðismál og brunamál og ýmis fleiri mál, sem hafa haft mikil útgjöld í för með sér fyrir bæjarfél., og þau ekki verið spurð um. Þess vegna er ekkert fremur ástæða að gera það einmitt í þessu máli.

En þá er eitt, sem verður að athuga í þessu sambandi, og það er það, hvort þetta mál sé svo þýðingarmikið, að hægt sé að skipa því á bekk með öðrum þeim málum, sem Alþ. hefir nú þegar sett ákvæði um, hversu skuli stjórna í bæjunum. Ég tel atvinnuspursmálið svo mikið mál, að löggjafinn verði ekki síður að láta það til sín taka en t. d. fræðslumál og heilbrigðismál.

Hv. þm. sagði, og vildi að því er mér virtist gera það hlægilegt, að það væri verið að safna mönnum til atvinnuleysisskráningar um mesta

annatímann, af því einu tilefni, að afla sósíalistum fylgis. Þeir væru að hóa fólkinu saman, ekki af því að þeir vildu láta það fá neitt að gera eða yfirleitt gera neitt fyrir það, heldur aðeins til að fá fylgi þess sér til pólitísks framdráttar.

Þetta sýnir fyrst og fremst, að þessi hv. þm. er ekki kunnugur ástandinu eins og það er nú í kaupstöðunum. Það er áreiðanlega ekki ófyrirsynju, að menn eru kallaðir til skráningar til að vita um atvinnu þeirra og afkomu, svo að hægt sé að gera skynsamlegar ráðstafanir til að ráða bætur á. Hitt er alrangt, að þetta sé gert sósíalistum til pólitísks framdráttar.

Hv. þm. sagði líka, að sósíalistar notuðu alstaðar atvinnubótavinnuna sér til pólitísks fylgis. Þetta er líka alrangt. Ég get upplýst hv. þm. um það, að þó að Hafnarfjörður sé ekki mikið til fyrirmyndar eftir því, sem hv. 8. landsk. álítur, þá hefir hann í þrjú síðustu ár hagað sinni atvinnuúthlutun þannig, að tveir menn annast hana. Annar er formaður verkamannafélagsins, en hinn er form. Sjálfstæðisfl. Hér er því báðum flokkum gert jafnt undir höfði. Sé pólitískt fylgi einhversstaðar látið ráða, þá er það ekki í Hafnarfirði, heldur einmitt hér í Rvík, því að þar eru eingöngu valdir til þessa starfs einlitir flokksmenn. Þar hefir enginn jafnaðarmaður fengið að komast að.

Eins og hv. þm. Vestm. benti á, þá hafa Vestmannaeyingar farið öðruvísi að en Hafnfirðingar. Þar hafa tvær n. unnið það verk, að úthluta vinnunni. Við gerðum ekki þetta, heldur höfðum tvo menn til þess, og starf þeirra hefir einkum verið þrjá síðustu mán. ársins, frá því í sept. og fram í des. Þeir hafa fengið fyrir það sína þóknun eins og hvert annað starf, og geri ég ráð fyrir, að vinnumiðlunarskrifstofa hefði svipað fyrirkomulag hjá okkur, svo að það yrði samrýmanlegt ákvæðum þessa frv.

Mér er ekki grunlaust, að þessi andstaða, sem hefir komið hér fram gegn þessu frv., sé fyrst og fremst sprottin af því, að sjálfstæðismenn og bæjarstjórnarmeirihlutinn hér í bæ vilji ekki missa þann rétt, sem þeir hafa tekið sér, að láta eingöngu sína flokksmenn hafa þessi störf með höndum, og vilja engum öðrum hleypa þar að. Má vera, að eitthvað annað sé hér til grundvallar, en það er a. m. k. ekki það, að sósíalistar séu að sölsa undir sig rétt til að verða einráðir um þetta mál, af því að sjálfstæðismönnum er tryggð íhlutun í því.

Ég mun svo ekki fara frekar út í þetta mál. Ég gæti vel farið út í það, að tala við hv. 8. landsk. um stj. Hafnarfjarðar og annara kaupstaða landsins. Það er ekki rétt að öllu leyti að taka hér Rvík til samanburðar. Þar er hægara um vik, því að þar eru komnir saman efnamestu og tekjuhæstu menn landsins, og er það ekki sambærilegt við fátæka verkamenn. Það verður þá að taka til samanburðar aðra kaupstaði, þar sem sjálfstæðismenn hafa stjórnað, og mun ég ekki skorast undan að taka þátt í þeim umr.

Það er vitanlega alls ekki sambærilegt, sem hv. þm. G.-K. var að bera saman, að hv. 2. þm. Reykv. væri formaður byggingarfél. verkamanna og að formaður Varðarfél. væri skipaður forstöðumaður atvinnumiðlunarskrifstofunnar hér í Rvík. Þetta er ósambærilegt, vegna þess, að hv. 2. þm. Reykv. er ekki skipaður af neinum til að vera formaður byggingarfél. verkamanna, heldur er hann kosinn til þess af fél. sjálfu, en formaður ráðningarskrifstofunnar er skipaður af meiri hl. bæjarstj. Rvíkur. Ef ofbeldi er til í þessu máli, þá er það ofbeldi, að annar aðilinn útiloki hinn frá því að mega hafa nokkur áhrif á skipunina.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Hv. þm. Hafnf. hefir nú tekið svo greinilega fram mismun þess, að vera formaður ráðningarskrifstofunnar, og hins, að vera formaður byggingarfél. verkamanna, að ég þarf ekki meira um það að tala, en vil aðeins segja nokkur orð út af öðru því, sem hv. þm. G.-K. kom með, og þá sérstaklega minnast á þá hótun, sem hann var með, að sjálfstæðismenn mundu grípa til sömu ráða og þeir gerðu 9. nóv., ef þeir fengju þetta ekki útkljáð eins og þeir vildu. Það, sem þeir gerðu þá, var tilraun til almennrar kauplækkunar í bænum, með því að ráðast á atvinnubótavinnuna með kauplækkun. Ég segi, að ef þeir vilja gera það, þá skuli þeir gera það, af þeir þora. En viðvíkjandi því, sem hv. þm. G.-K. gaf í skyn, að ég talaði um ofbeldi í sambandi við það, ef þetta frv. næði ekki fram að ganga og ef þessi ráðningarskrifstofa héldi áfram, vil ég benda honum á, að ekki þarf annað en að alþýðusamtök hér í bæ samþ. ákvæði um að ráða sig ekki nema gegnum skrifstofu alþýðusamtakanna. — Ekki sízt samanborið við hina óbilgjörnu vinnumiðlun, sem á sér stað hjá sumum atvinnurekendum, eins og t. d. Kveldúlfi, þar sem mennirnir eru ráðnir beinlínis pólitískt. Því að það er alkunnugt, að bæði þm. G.-K. og þm. Snæf. ráða menn úr kjördæmum sínum á skipin, enda þótt fjöldi sjómanna, sem heima eiga hér í bænum, séu atvinnulausir. Þá er og vitanlegt, að sjómenn og verkamenn hjá þessu fél. mega alltaf búast við brottrekstri, ef þeir láta orð falla, sem forstjórunum er ekki að skapi. Það er því óhrekjanlegt, að eitthvert stærsta hagsmunamál verkamanna er að fá slíka vinnumiðlunarskrifstofu, sem hér er um að ræða, en hana fá þeir ekki, og það öryggi sem henni verður samfara fyrir þá, ef sjálfstæðismenn ráða. Annars veit ég ekki, hvers vegna sjálfstæðismenn eru að kvarta, þó að atvmrh. eigi að skipa oddamanninn, þeir fá þar sinn fulltrúa og eiga að geta látið sér það nægja. Hinu verður aldrei með rökum á móti mælt, að þeir eiga hér mestu að ráða, sem vinnuna eiga að þiggja.

**Sigurður Einarsson** [óyfirl.]: Það er í annað sinn í dag, að háttv. þm. G.-K. gerir mig persónulega að umtalsefni hér í hv. d. Á það að vera til þess að gera mál mitt tortryggilegt. Með þessu hefir þessi frægi siðameistari deildarinnar brotið geipilega þau l., sem hann vill láta gilda gagnvart sjálfum sér. Hann var eitthvað að kvarta yfir því, að mér hefði orðið það á í fyrri ræðu minni, að kalla Sjálfstæðisflokksmennina íhaldsmenn. Þetta má vel vera, að sé rétt hjá hv. þm. En hann má vita það, sá góði

maður, að sá pólitíski flokkur, sem hann telur sig nú til, er ekki svo gamall, að heiti hans sé beinlínis gróið inn í meðvitund manna, þar sem líka þeim flokki tilheyra nú fjölmargir þeirra manna, er nú fyrir skömmu skipuðu hinn gamla íhaldsflokk. Getur hann því ekki ætlazt til, að ég eða aðrir muni jafnan eftir þessum hamskiptum hans og flokksbræðra hans.

Annars skal ég segja þessum hv. þm. það, að hann fer mjög villur vegar, ef hann heldur, að hann geti með þessum margítrekuðu árásum á mig persónulega hrætt mig frá því að láta í ljós skoðanir mínar, hvort heldur er hér í þinginu eða annarsstaðar. Ég tel hann harðsnúinn andstæðing þeirra málefna, er ég berst fyrir hér á Alþ. og mun því í engu fyrir honum vægja á þessum vettvangi. Telji þessi hv. þm. það sitt hlutverk, að vera hér á Alþ. með persónulegar dylgjur um mig o. fl., þá hann um það.

Mér er öldungis ókunnugt um þann stuðning, sem þessi hv. þm. telur mig hafa veitt sér til kjörfylgis 1926. Svo að ég skrifti hér, þá fór ég einmitt til Flateyjar árið 1926. Árið 1927 var ég í kjöri í Barðastrandarsýslu fyrir Framsóknarflokkinn. Árið 1928 fór ég svo utan, og kom ekki heim aftur fyrr en 1929. Fékk ég þá þegar harðvítugar árásir í blöðum Sjálfstæðisfl. fyrir baráttu mína vegna Alþýðuflokksins. Hefir þeim árásum síðan aldrei linnt. Hafi hv. þm. eitthvað fleira að segja um mig persónulega, sem hann ætlar að koma með inn í þingið, þá er bezt að hann komi með það strax, svo hann tefji ekki með því önnur mál frekar en orðið er.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég þarf ekki langt mál til andsvara þeim hv. þm., sem tekið hafa til máls síðan ég talaði og andmælt minni ræðu. Það var dálítið eftirtektarvert, þegar hv. 9. landsk. fór að segja æfisögu sína hér áðan. Hann gerði lítið úr stuðningi sínum við mig 1926. Ég sagði ekki, að ég hefði verið kosinn fyrir hans atbeina, en með hans atbeina var ég kosinn, og vegna þess góða málstaðar, er við börðumst fyrir þá. Um þetta er vitanlega ekki mikið að segja, en það er dálítið gaman að rifja upp endurminningarnar um það, þegar við stóðum hlið við hlið og börðumst fyrir þeim hinum „góða málstaðnum".

Út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. skal ég taka það fram, að við sjálfstæðismenn munum ekki grípa til sama ráðsins sem þessi hv. þm. greip til 9. nóv. forðum, þó að frv. þetta verði að l. Annars má hv. þm. vita, að svo lengi má brýna deigt járn að bíti. Svo langt getur hann og flokksmenn hans gengið í gerðum sínum, að óþolandi verði, og vil ég í því sambandi minna hann á, að alþýðuflokksmenn hafa lýst yfir því hér á Alþ., að yrðu ákveðin fyrirmæli lögfest, þá myndu þeir neita að hlýða þeim. Þarna er fordæmið. Hv. þm. má því vera það ljóst, að það eru ekki allir, sem geta þolað böðulsskap hans og hrottaskap. Það eru takmörk fyrir því eins og öðru.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að hann hefði ekki átt við það, að hann myndi stofna til uppþots, ef fyrirmæli þessa frv. yrðu ekki lögfest, heldur grípa til þess ráðs að láta fél. það, sem hann er form. fyrir, eða Alþýðusambandið, meina mönnum að semja um vinnu fyrir milligöngu ráðningarskrifstofu Rvíkurbæjar. Það getur verið, að þetta sé ráð, en ég vil vekja athygli hans á því, að þarna er hann að benda atvinnurekendum á leið, sem þeir geta farið. Ég get nú ímyndað mér, að þessi fljótfærni, ég segi ekki grunnhyggni þm. segi, að þetta skulum við gera, ef við þorum. Ég vil því segja honum, að fari svo, að það falli í mitt hlutskipti að svara þessu, þá mun ég leggja minn hlut að því, að ekki verði umhugsunarlaust að slíku horfið. Það er aldrei úr vegi að hlýða því fornkveðna, að sá skal vægja, sem vitið hefir meira, þó öllu megi vitanlega ofbjóða.

Þá sagði, hv. þm., að fél. það, sem ég starfa við, hefði misnotað aðstöðu sína við mannaráðningar. Þessari aðdróttun mótmæli ég sem algerlega rakalausri og tilefnislausri. Með því er ég þó alls ekki að segja það, að ég telji mig og okkur, sem fél. veitum forstöðu, ekki hafa fulla heimild til þess að ráða þá verkamenn og sjómenn í vinnu, sem okkur sýnist. Ég veit það mjög vel, að þessi hv. þm. og fleiri fylgifiskar hans hafa reynt af öllum mætti að vekja óvild og andúð gegn okkur meðal verkamanna og sjómanna með því að breiða þessar firrur út, sem í engu hafa við rök að styðjast. Það er nefnilega svo langt frá því, að það hafi nokkurn tíma komið til orða á milli okkar bræðra að velja menn í vinnu eftir pólitískum skoðunum, hvað þá að það hafi verið framkvæmt í verki. Allt bull um slíkt eru því staðlausir stafir. Hitt er annað mál, þó að manni geti dottið í hug, að betur myndi notast vinna þeirra manna, sem ekki eru gagnsýrðir af sömu skoðun og hv. 2. þm. Reykv. og hans nótar. En slíkt hefir bara aldrei verið látið ráða um val manna hjá okkur. Hitt er annað mál, þó að ég t. d. hafi hlynnt að mönnum úr minu kjördæmi eins og öðrum, sem til mín hafa leitað. Það er máttur kunningsskaparins, sem ræður þar og löngunin til þess að greiða götu einstaklingsins, sem til manns leitar. Það er því annars eðlis en aðdróttanir þær, sem hv. 2. þm. Reykv. var að beina til mín og okkar bræðra. Þetta veit ég að hv. þm. skilja.

Alveg eins eru þau úr lausu lofti gripin ummæli hv. þm. um það, að þeir, sem vinna á vegum Kveldúlfs, þurfi að vera sérstaklega varfærnir í tali um stjórnmál, því að yfir þeim grúfi sá voði, að verða sviptir atvinnunni, ef þeir tali óvingjarnlega um þann stjórnmálaflokk, sem við tilheyrum. Þetta er algerlega sagt út í loftið, án þess að hafa við hin minnstu rök að styðjast. Ekkert slíkt hefir komið fyrir, og segi ég það ekki okkur til lofs, heldur af því að það er satt.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég verð að segja það, að það er í sjálfu sér ekkert undarlegt, þó að þetta frv. hafi mætt ákveðnum andmælum hér á þinginu. Og þar sem þeim andmælum hefir verið tekið með slíku offorsi, að gefið hefir

verið í skyn, að hér verði látið gjalda aflsmunar, þá er það ekkert undarlegt, þó að nokkrar umræður hafi orðið um þetta mál. Ég verð að segja, að það er ekkert undarlegt, þó að ákveðin andmæli komi fram, þegar svo freklega er ráðizt inn á afmarkað svið bæjarstjórna og hreppsnefnda, sem gert er með þessu frv. Það hefir verið bent á það, að einasta orsökin fyrir því, að þetta frv. er fram komið, sé sú, að ágreiningur hafi orðið í bæjarstj. Rvíkur út af einu atriði. Ég vil vekja athygli á því, til hvers það gæti leitt í löggjöfinni, ef í hvert skipti, sem ágreiningur kemur upp í bæjarstj. eða hreppstj., að það væri tekið sem grundvöllur undir heildarlöggjöf. Þetta mundi leiða til þeirra öfga í löggjöfinni, sem ekki væri hægt að sjá út fyrir. Ég vil benda á það, hvaða átt það nær og hvaða vit er í því, að taka árekstur, sem kynni að verða í bæjarstj. Rvíkur, því eftir því, sem ég veit bezt, hefir þessi árekstur ekki orðið ennþá, að taka þennan væntanlega árekstur og gera hann að ástæðu fyrir því, að stofna ekki færri en 8 skrifstofur í landinu og fyrirskipa bæjarfél. og ríkinu að leggja fram fé. Ég hélt nú, að ríkissjóður hefði annað að gera við þá skildinga, sem hann pressar út hjá almenningi. Það horfir til vandræða að finna gjaldstofna til þess að standast nauðsynleg útgjöld og halda uppi verklegum framkvæmdum. Það virðist svo fjarlægt, að það geti tæplega komið til mála að nota þetta tilefni, sem hér hefir verið minnzt á, til þess að afgreiða þessa löggjöf, sem hér um ræðir. Það er kannske búið að binda þetta mál svo, að bjargföst sannfæring fái ekki notið sín. En það eru þá álíka öfgar að selja sig þannig, eins og að nota þetta tilefni, sem hér hefir verið nefnt, til þess að afgreiða frv. eins og þetta. Ég get ekki séð, að annað geti legið til grundvallar, ef þetta mál verður samþ., en fyrirfram ákveðin samtök, svo að sannfæring manna fái ekki notið sín. Það hefir verið talað um það í sambandi við þetta frv., að það væri eðlilegt, að atvmrh. hefði hönd í bagga með þessum skrifstofum, þar sem þeim væri ætlað að úthluta atvinnubótafé, sem ríkið leggur fram. Ég vil benda á, að löggjöfin hefir alveg gengið frá því atriði. Það skilyrði hefir verið sett fyrir þessari fjárveitingu í fjárl., að bæjarfél. leggi fram tvöfalt á móti. Ennfremur hefir það skilyrði verið sett, að unnið verði í ríkisins þarfir fyrir ⅓ af þessu atvinnubótafé. Og nú í síðustu fjárl. hefir nýtt skilyrði verið sett og það er, að ekki verði að öðru leyti dregið úr framkvæmdum í kaupstöðunum, heldur komi þetta framlag ríkisins sem viðbótarfé. Mér finnst því, eins og ég hefi sagt áður, að það geti ekki komið til greina að setja þessi l. Og ef þetta mál verður samþ., þá verð ég að líta svo á, að það byggist á fyrirfram gerðum samningum eins og önnur mál. Þessar skrifstofur fela ekki í sér neina aukna atvinnu í landinu, nema ef telja skyldi þau störf, sem þeir menn fá, er vinna á skrifstofunum. En ef svo er um hnútana búið, að ekki er undankomu auðið, þá tel ég, að sú leið sé réttari, sem brtt. hv. þm. V.-Ísf. bendir á. Í sambandi við þá skoðun mína, að till. hv. þm. V.-Ísf. fari í rétta átt, þá hefði átt að fylgja það ákvæði, að bæjarfél. kostuðu þessar skrifstofur að öllu leyti, og ég ætla, að frv. sé komið fram af þessari ástæðu eftir því, sem hv. frsm. meiri hl., 1. landsk. þm., sagði í gær. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um frv., en vildi láta mína skoðun koma fram um frv., og ég mun greiða atkv. gegn því.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég hefi ekki tíma aflögu til annars en svara lítilsháttar þm. G.-K. Hann vildi telja til varnar sér og sínum flokki, ef þeir óhlýðnuðust l., sem kynnu að verða sett, að ég hefði sagt, að verklýðsfél. mundu ekki beygja sig undir l., sem hindruðu starfsemi þeirra. Ég tel þetta ekki vera neinn samanburð, því það er allt annað, ef kippa á grundvellinum undan starfsemi verklýðsfél., sem eru viðurkennd um allan menntaðan heim, nema í einræðislöndunum Ítalíu og Þýzkalandi. Ef sjálfstæðisflokkurinn unir því svo illa að vera minnihlutaflokkur, að þá má ekkert gera, sem honum ekki fellur, án þess hann hóti því að grípa til vopna, þá er gott að vita það.

Þá vildi þm. G.-K. lýsa því yfir, að það væri algerlega rangt, sem ég hefði sagt um vinnumiðlun hf. Kveldúlfs, er ég tók dæmi af. Það er náttúrlega erfitt að leiða fram beinar sannanir fyrir því, að menn séu reknir úr skiprúmi af pólitískum ástæðum og ráðnir á skiprúm af pólitískum ástæðum, en það er vitað, að svona er það, allur þorri sjómanna veit það. Ég vildi þá aðeins gefa skýrslu samkv. skipshafnaskrá fyrir síðustu saltvertíð.

Á Agli Skallagrímssyni voru 8 utanbæjarmenn, Skallagrími 13, Þórólfi 12, Gylli 14, Gulltoppi 8, Snorra 6 og Arinbirni hersi 11.

Þegar farið er að athuga þessa menn, 72 alls, hvaðan þeir eru, kemur í ljós, að flestir eru þeir úr kjördæmum þeirra bræðra, þm. Snæf. og þm. G.-K. Og ef menn þekkja þetta betur, úr hvaða hreppum þeir eru komnir t. d., þá mun mega sjá, að pólitíkin ræður miklu um mannvalið. — Þá er hitt atriðið, sem þm. vildi neita, að menn væru látnir fara úr þjónustu Kveldúlfs vegna pólitískra skoðana, og talaði um það eins og það væri helber fjarstæða. Ég veit um mörg dæmi, bæði sjómenn og verkamenn, en ætla aðeins að nefna 4 dæmi í þetta sinn. Þorgils Bjarnason var settur í land fyrir þær sakir einar, að grunur lék á, að hann hefði kært yfir síldarmálunum á Hesteyri. Ólafur Kristófersson var látinn hætta, af því hann fór fram á það, að sér væri greitt kaup samkv. sjómannalögum, og fékk það seinna úrskurðað með dómi. Gunnar Kristófersson var settur í land af Agli Skallagrímssyni, og hann hafði ekki annað gert eða til saka unnið en að láta í ljós, að hann væri Alþýðuflokksmaður. Hann var duglegur og óaðfinnanlegur í sínu starfi, eins og þessir menn allir.

Þá skal ég koma með nýtt dæmi. Það er ekki sjómaður eða verkamaður, heldur bókhaldarinn og gjaldkerinn á Hesteyri, Sveinn Þorkelsson. Hann var beðinn að styðja að kosningu núv. þm. N.-Ísf., en hann færðist undan því og bar við, að hann vildi ekki skipta sér af pólitík.

Síðan gekk maður undir manns hönd að tala við hann, þ. á. m. Sigurjón Jónsson, bankastjóri á Ísafirði, en hann lét sig ekki. Var þá hringt til hans og hann látinn vita, að h/f Kveldúlfur þyrfti ekki lengur hans með í stöðunni.

Ég læt þetta nægja til að sýna, hvernig vinnumiðlunin er, þar sem þessir menn ráða.

**Forseti (JörB):** Ég verð að benda á það, að það fer mjög miður, þegar umræður snúast á við og dreif út fyrir málið sjálft.

**Bjarni Bjarnason:** Mildast talað hafa þessar umr. farið svo fram, að stifni gætir mest. Mun það sannast, þegar síðar verður blaðað í Alþt., að ræður manna eru ekki aðallega um kjarna málsins. Þau atriði frv., sem hafa komið umr. þessum af stað, eru, að meiri hl. bæjarstj. í Rvík hefir sett á stofn ráðningarskrifstofu, en atvmrh. er í andstöðuflokki þessa bæjarstj.-meirihl. Nú er það alveg óvíst, hvað þessi stj. situr lengi. Spádómar hafa komið fram hér í hv. þd. um það, að hæstv. landstj. verði ekki langlíf. Þó þessir spádómar séu lítils virði, þá er óneitanlega einkennilegt, að frá þeim sömu mönnum skuli koma fram þessi mikli ótti við ofriki núv. hæstv. atvmrh.

Það er ekki með tilliti til neins meiri hl. í bæjarstj. á ýmsum tímum, að gert er ráð fyrir íhlutun atvmrh. um stj. þessara skrifstofa, heldur til þess að hann hafi bætta aðstöðu til gleggra yfirlits um atvinnulíf og atvinnuhætti í landinu yfirleitt. Mér finnst eðlilegt, að atvmrh. ráði miklu um það, hvernig vinnu er skipt milli manna, m. a. vegna þess, að nú er tekin upp í fjárl. ákveðin upphæð til atvinnubóta. Það hefir líka verið tekinn upp sá háttur, að ríkissjóður styrki margskonar atvinnu í landinu; er því eðlilegt, að stj. fái æ sterkari aðstöðu til þess að ráða t. d. því, hvernig framlög úr ríkissjóði eru notuð. Sú skoðun hefir komið fram í umr. um þetta mál, að atvinnurekendur létu fylgjendur sína í þjóðmálum ganga fyrir atvinnu. Þetta, ef rétt er, er ekki að minni skoðun vítavert, en mjög óhagkvæmt. Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu er að sjá um að úthluta vinnunni eftir þörfum, en ekki eftir pólitískum skoðunum vinnusala. Þetta tel ég spor í rétta átt, til að útiloka hlutdrægni í vinnumiðlun.

Aðdróttanir til einstakra manna, þar með talinn sá maður, sem veitir forstöðu ráðningarskrifstofu Rvíkurbæjar, tel ég óþarfar. Það er ennfremur sannngjarnt, að ríkisstj. hafi töluverða íhlutun um vinnumiðlun, t. d. samanborið við hliðstætt mál, markaðsleit, sem ríkið hefir styrkt. Þess er full þörf, og engu síður nauðsynlegt að hafa skipulag á atvinnunni í landinu fyrir verkamennina en markaðsleitum fyrir atvinnurekendur. Ég hefi bent á, að ríkið styrkir atvinnubótavinnu og heldur henni uppi og styrkir ýmsa iðju í landinu. Ég er því ósammála hv. þm. Borgf. um, að bæirnir eigi að bera uppi þessa starfsemi einir. Ég álít, að ríkið eigi einnig að styrkja hana, og jafnvel í framtíðinni að bera allan kostnaðinn af starfseminni.

Hvað má segja um sparifé landsmanna? Er það ekki lánað af fáum mönnum, sem fyrir því er trúað, til fárra einstakra manna, sem reka atvinnu í landinu? Þeir atvinnurekendur eru fáir, sem eru fjárhagslega sterkir. Ríkið ber ábyrgðina á þessu fé. Það er því alls ekki óeðlilegt, að ríkið vilji fá íhlutun um það, hvernig fénu er varið, t. d. að mönnum sé veitt atvinna án tillits til pólitískra skoðana.

Ég skal ekki fjölyrða um málið, en þetta er stórmál, sem þarf að leysa vel, og helzt með samkomulagi. Ég efa ekki, að það verður málinu til baga, ef stifnin heldur áfram. Getur vel verið, að þdm. finni einhverja miðlunartill. í þessu máli, sem samkomulag verði um. Samt efa ég það.

Áður en ég sezt niður, vildi ég vikja nokkrum orðum að hv. þm. G.-K. Hann sagði í gær, að ranglega fenginn meiri hl. á þingi væri að kúga meiri hl. í bæjarstj. Rvíkur, sem væri fenginn á lýðræðislegum grundvelli. Ef hann heldur því fram, að meiri hl. þingsins sé ranglega kosinn, finnst mér dálítið ósamræmi í þessu. Flokkarnir sömdu hina nýju stjórnarskrá og kosningal., og um þá lausn var samkomulag flokkanna. Nú hafa kosningarnar farið fram eftir nýju kosningal., og því getur það ekki verið rétt, að meiri hl. sé rangfenginn. Eftir því, sem mig minnir, fengu Framsóknarfl. og Alþýðufl. svipaða eða jafna atkvæðatölu og Sjálfstæðisfl. Auk þess voru Kommúnistar og Bændaflokksmenn með um 6 þús. atkv. Ætti því að telja Bændafl. með Sjálfstæðisfl., sem mér heyrist, að jafnan sé ætlazt til, þá hafa þeir lítinn eða engan meiri hl. atkv. Í bæjarstj. Rvíkur hafa sjálfstæðismenn ekki meiri hl. kjósenda í Rvík bak við sig, ef ég man rétt. Sé það rétt, að meiri hl. þingsins sé rangfenginn, þá er meiri hl. í bæjarstj. Rvíkur líka rangfenginn.

Hv. þm. V.-Ísf. flytur brtt. um, að bæjarstj. kjósi formann í stj. væntanlegrar vinnumiðlunarskrifstofu. Ég get ekki fallizt á, að það sé rétt, og hefi fært rök að því, hvers vegna ríkið á að hafa vaxandi íhlutun um þessi mál.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Árn. vildi álíta, að því væri ekki með réttu fram haldið af mér, að sá þingmeirihluti, sem nú situr, sé ranglega fenginn, vegna þess, að Alþ. samþ. breyt. á stjórnarskránni og ný kosningal. Það er rétt, að Alþ. gerði þetta, en hitt er honum kunnugt eins og öðrum hv. þdm., að við sjálfstæðismenn bárum fram miklu fyllri kröfur, en þær fengust ekki fram.

Hann tók fram, að Framsóknarfl. og Alþýðufl. hefðu h. u. b. sama atkvæðamagn og Sjálfstæðisfl., og auk þess er fjórði flokkurinn í þinginu, Bændafl., með 3—4 þús. atkv. Þingfl. sjálfstæðismanna og Bændaflokksmanna hafa því fleiri atkv. bak við sig en þeir flokkar, sem styðja stj. En um kosningar til bæjarstj. Rvíkur er það að segja, að þær fara fram á réttum lýðræðisgrundvelli, en ekki á sama hátt og kosningar til Alþ., sem eru ranglátari. Hitt er vitanlegt, að með engri löggjöf um kosningafyrirkomulag er hægt að girða fyrir það, að einhver atkvæði ónýtist.

Hv. 2. þm. Reykv. sagðist viðurkenna, að hafa viðhaft hér á Alþ. þau orð, að ef verklýðsfél. *fyndist gengið á rétt sinn, og ákveðin l. yrðu* samþ., þá myndu þau neita að hlýða l. Hann hefir þá lýst því yfir, að hann sé reiðubúinn að hefja uppreisn í þjóðfélaginu. Hann reyndi að réttlæta þetta á þann hátt, að það hefði átt að kippa grundvellinum undan verklýðsfél., — þar á hann við frv. um gerðardóm í vinnudeilum —, og *brjóta rétt verkamanna, sem viðurkenndur væri.* Hann ætti að taka sér til fyrirmyndar þann stóra mann, foringja sósialistanna í Danmörku, sem á sér marga aðdáendur hér á landi, í einu eigin landi Danmörku, Norðurlöndum og víðar. Hann hefir sjálfur borið fram frv. á þingi Dana um lögþvingaðan gerðardóm í vinnudeilum. Þetta gerði forsrh. Dana, Stauning, fyrir ári síðan, vegna þess að honum þótti mikið við liggja og þörf fyrir þjóðfélagið að grípa inn í. Minnir mig að hann hafi á einum degi knúið þessi l. í gegn á sama tíma og hv. 2. þm. Reykv. segir þetta hér. Dómurinn var uppkveðinn, en það voru nokkrir verkamenn, sem ekki vildu hlíta honum og þótti *gengið á rétt sinn.* Það var í Esbjerg. En hvað gerir Stauning þá? Hann sendir ríkislögreglu til Esbjerg til að berja niður óhlýðna verkamenn með kylfum. Mig minnir, að bæjarstjóri og bæjarstj. í Esbjerg færu fram á við ráðh., að ríkislögreglan yrði kölluð þaðan í burt. En Stauning svaraði og sagði, að hún yrði kyrr þangað til allur mótþrói væri kveðinn niður. Þetta fordæmi finnst mér að hv. 2. þm. Reykv. ætti að muna og gæti komið sér vel fyrir hann að breyta eftir. En hann lýsir því hér yfir, að hann muni brjóta þau l. sem Alþ. setur. Mér sýnist þess vegna, að sú afsökun, sem hv. þm. færir fram, sé mjög léttvæg. Og ég vænti þess, að hv. þingheimur — líka jafnaðarmenn — hafi öðlazt skilning á því, að skoðanabræður þeirra í nágrannalöndunum líta öðruvísi á málið. — Ég ætla svo að víkja aftur að þeim ummælum hv. þm. um gerðardóminn, þegar hann var til umræðu, að *það ætti að kippa grundvellinum undan viðurkenndum rétti* verkalýðsfélaganna. En hvað á að gera með þessu frv., sem hér liggur fyrir? Það á að kippa grundvellinum undan lögvernduðum rétti — undan stjórnarskrárvernduðum rétti — bæjarfél. til þess að ráða sínum málum. Þetta sýndi m. a. hv. þm. V.-Ísf. fram á, hvert *geti leitt. Og ég álít ákaflega óhyggilegt* að leggja út á þessa braut. Ég álít rétt það, sem hv. þm. V.-Ísf. segir, að eðlileg afleiðing af þessari löggjöf er það, að þegar andstæðingar jafnaðarmanna fá yfirráðin yfir atvinnumálunum, má það þykja líklegt, að þeir taki tækifærið til þess að skipa nýjan formann fyrir slíkri vinnumiðlunarskrifstofu. Og verið getur, að jafnaðarmenn verði þá að sæta því hlutskipti að vera í meiri hl. í bæjarstj. í svo og svo mörgum bæjum og kaupstöðum landsins, en þola það, að andstæðingar þeirra hefðu meirihlutavald í þessu máli. Ég hygg, að þetta sé óhyggilegt, frá hvaða sjónarmiði sem þetta er skoðað. Mér skilst það vera áberandi brot á þeirri löggjöf, sem hefir hlotið viðurkenningu undanfarin þing og virðist hafa sterka stoð í stjórnarskrá landsins, eins og hv. þm. V.-Sk. mjög greinilega sýndi fram á í sinni ýtarlegu ræðu í gær.

Út af þeim persónulegu hnútum, sem hv. 2. þm. Reykv. sendi mér, þar sem hann tilfærði, að á skipum Kveldúlfs hefðu samkv. skipshafnarskrám verið lögskráðir 72 sjómenn búsettir utan Rvíkur, — út af því vil ég segja það, að út af fyrir sig er það hvorki undarlegt né athugunarefni, þó að á skipum Kveldúlfs séu af 300—350 mönnum 72 búsettir utan Rvíkur. Ég hygg, að það sé nokkuð fyrir neðan meðallag af því, sem tíðkast á togaraflotanum í heild. Hv. þm. sagði, að við nánari athugun á nöfnum þessara manna sæist, að allmargir þeirra væru úr kjördæmi hv. þm. Snæf. og úr mínu kjördæmi. Ég svaraði þessu í gær og þarf ekki að endurtaka það. Mér er það kannske ennþá eiginlegra en þessum hv. þm. að gera öðrum greiða, sem ég eitthvað þekki, og af því stafar það sjálfsagt, að einhverjir eru úr mínu kjördæmi. En mér vitanlega eru þeir ekki fleiri en 8—10. Getur verið, að þeir séu eitthvað fleiri, en ekki mér vitanlega né fyrir mitt tilstilli.

Þá ítrekaði þessi hv. þm. þá aðdróttun til mín, að menn hafi verið reknir úr þjónustu þessa félags vegna stjórnmálaskoðana. Færði hann fjögur dæmi og nefndi nöfnin: Þorgils Bjarnason, Ólaf Kristjánsson, Gunnar Kristófersson. Þessa taldi hann rekna af skipum vegna áðurnefndrar ástæðu, að þeir hafi á einhvern hátt verið óþægilegir forstjórum Kveldúlfs, sem ekki kæmi þó fram í lélegum vinnubrögðum. Það þýða nú ekki langar hrókaræður um svona hluti í Alþ. En um þetta segi ég það, og get — ef mönnum þykir meira virði — lagt við drengskap minn, að ég hefi aldrei fyrr en af vörum þessa hv. þm. heyrt slíkt um nokkurn þessara manna. En um Svein Halldórsson í Bolungavík, sem hv. þm. einnig minntist á og taldi hafa verið rekinn frá Hesteyri, vegna þess að hann hefði ekki viljað fylgja þm. N.-Ísf. við síðustu kosningar, vil ég segja það, að sjálfur fór ég þess á leit við þennan mann í fyrra, hvort hann vildi fyrir mín orð leggja lið sitt til þeirrar kosningar. Hann tók mjög vel í það og gerði það. Og ég veit ekki betur en að hann sé sami góði sjálfstæðismaðurinn í dag eins og hann var í fyrra. Hitt er annað mál, að það er ekki á mínu færi að veita öllum atvinnu, sem eru *góðir sjálfstæðismenn.* Og að þessi maður varð að víkja nú frá starfi, var af því, að ég hafði sjálfur í fyrra lofað manni atvinnu við síldarbræðslustöðina á Hesteyri. En bræður mínir, sem ekki vissu um mitt loforð, bundu þá atvinnu fastmælum við annan mann, og varð það loforð að ganga fyrir, því að það var gert á *undan mínu.* Mér *ósjálfrátt* varð úr þessu *brigðmæli* af minni hálfu til þessa manns. Nú ætlaði ég að bæta úr þessu í ár, því að ég átti von á, að Kveldúlfur fengi bræðslustöðina á Sólbakka. Það gat ekki orðið, sumpart fyrir andúð hv. formanns Alþýðuflokksins, sem með sínum áhrifum og atkvæði lagðist á sveif með atvinnuleysinu *í landinu* og varð *m. a. til* þess að svipta þennan mann atvinnu.

Ég hefi þá upplýst þetta að fullu, engu leynt

og ekkert undan fellt. Og ég bið menn að taka eftir, að þegar hv. 2. þm. Reykv. hefir haft svæsin ummæli um mína harðstjórn og pólitískt ofríki í málefnum Kveldúlfs og verkalýðsins eftir 25 ára starfsemi, þegar fél. hefir áreiðanlega greitt í vinnulaun til verkalýðsins 40 til 50 millj. króna, þá skuli hann eftir gaumgæfilega lúsaleit, með aðstoð sér óprúttnari manna ekki geta tiltínt nema fjögur dæmi, sem öll eru ósönn. Ég hefi nú ekki viðhaft neina rannsókn um það, hvað um hann sjálfan megi segja, hann hefir litla atvinnu veitt. En ég þori að vísa því til hans og hvers annars, sem vera skal, hvort hann sé ekki sekari um að hafa beitt stjórnmálaofríki við sína menn heldur en ég við mína. Væri þykkjulaust af minni hendi, þótt upplýsingar af því tægi kæmu í dagsins ljós; og ef hann heldur uppteknum hætti, er ekki fjarri mér að rannsaka hans feril, og mun það þá lagt fram og sannað, að þar finnast mörg dæmi, sem atvinnurekendur eiga að varast, en ekki fylgja. Í því efni mun þessi hv. þm. verða fundinn sekur, en ekki ég.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Mér þykir býsna margt hafa borið á góma í umr. um frv., sem hér liggur fyrir. Ég hefi ekki heyrt nema nokkurn hluta umr., og þó orðið þess var, að haft er við orð af háttv. sjálfstæðismönnum, að þessum l. yrði ekki hlýtt, þótt frv. næði samþ. (**ÓTh**: Hverjir hafa nú sagt það?). Það hefir m. a. komið fram í ummælum frá þessum hv. þm. (**ÓTh**: Nei, aldrei!). Það var gefið fullkomlega í skyn. Annars vil ég ekki taka það alvarlega og dettur ekki í hug að leggja trúnað á alvöru slíkra ummæla.

En í sambandi við ummæli hv. þm. G.-K. um það, sem gert er í þessu efni í Danmöku, sérstaklega það, sem Stauning gerði, vildi ég koma með nokkra skýringu. Það er náttúrlega rétt og fallegt af þessum hv. þm. að mæla vel til Staunings, því að hann er þess fyllilega maklegur; en æskilegt væri, að hann gerði sér far um að segja réttar frá.

Mér er ekki kunnugt um, að Stauning, hvorki á einum degi né lengri tíma, hafi borið fram og fengið samþ. l. um lögþvingaðan gerðardóm í vinnudeilum. Ég hygg, að þarna sé eitthvað málum blandað. En ef svo skyldi vera, eru þau l. áreiðanlega á engan hátt svipuð frv. því, sem var á ferð um gerðardóm í vinnudeilum. Mér er ekki kunnugt um, að lagasetning í Danmörku í þessum efnum sé önnur en sú, að ákveðið var, hver verkföll væru lögleg og hver ólögleg, og liggja viðurlög og vítur við, ef út af er brugðið. Líka eru til l. um sáttasemjara í vinnudeilum, ekki ósvipuð og hér. Loks er mér kunnugt, að ekki á þessu ári, heldur fyrr, voru sett með miklum flýti í þinginu l., sem bönnuðu verkföll og verkbönn um eitt ár. Þau voru borin fram af ríkisstj. og samþ. á stuttum tíma. En þá var ástandið þannig, að mikill hluti atvinnurekenda hafði sagt upp vinnusamningum og hótuðu verkbanni, ef ekki væri gengið að kauplækkun. Þessi l. voru því fyrst og fremst sett til þess að fyrirbyggja, að vinnudeilur risu, og þá sérstaklega, að hafin yrði kauplækkunarherferð á hendur verkalýðnum. (**ÓTh**: Danska krónan var lækkuð um það leyti um 20% og það er kauplækkun). Jú, krónan lækkaði, en það var ekki af þessari ástæðu; það voru gerðar ýmsar ráðstafanir í atvinnulífi Dana um þessar mundir, sérstaklega iðnrekstrinum. Og þrátt fyrir verðlækkun dönsku krónunnar í sambandi við lækkun sterlingspundsins, kom ekki fram nema sáralítil verðhækkun þar í landi. Efast ég ekki um, að hv. þm. G.-K. sé einnig kunnugt um þetta.

Mér er þá ekki kunnugt um önnur l. um þessi efni fyrir atbeina Staunings en þessi þrenn. Veit ég ekki um neina löggjöf setta í sambandi við vinnudeiluna í Esbjerg. Það verkfall var yfirlýst ólöglegt af sambandi verkamanna, og þau studdu það ekki, en skoruðu á verkamenn að leysa upp verkfallið. Urðu þarna róstur og óeirðir, svo að það varð að skakka leikinn, og var sent herlið í því skyni.

Mér er ekki heldur kunnugt, að til sé neinstaðar á Norðurlöndum sá lögþvingaði úrslitadómur í vinnudeilum, sem aðiljar verði að beygja sig fyrir. Slíkur dómur var að vísu um skeið í Noregi, en þótti gefast illa og var felldur niður með öllu, raunar aldrei framkvæmdur að fullu, því hann mætti svo mikilli mótspyrnu hjá verkalýðnum, að það var ekki unnt.

Um það, hversu val Kveldúlfs á verkamönnum sé laust við alla pólitík, skal ég ekki fjölyrða. Ég veit bara um þann mann, sem síðast var nefndur, Svein Halldórsson. Þar hefi ég sagnir frá mönnum, sem ég hefi ekki minnstu ástæðu til að rengja, heldur þvert á móti fulla ástæðu til að trúa, og þær sögur eru mjög á annan veg en hv. þm. G.-K. hermir hér. Ég get nefnt það, úr því að þetta er rætt hér, að eftir því, sem ég hefi heyrt, studdi hann núv. hv. þm. N.-Ísf. 1933, og hv. þm. G.-K. upplýsti, að það hafi verið fyrir hans tilmæli að einhverju leyti. Mér er kunnugt um, að við síðustu kosningar var það ekki, og enn fremur, að atvinna sú, sem hann hafði á Hesteyri, féll niður. Hverjar hugleiðingar hv. þm. hafði í sambandi við Sólbakkaverksmiðjuna í því efni, er mér ókunnugt.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 83 frá allshn., þá tel ég vel farið að samþ. hana.

Þá er brtt. á þskj. 87. frá hv. þm. Vestm., þess efnis, að aftan af 1. gr. falli heimild fyrir atvmrh. til að kveða svo á, að vinnumiðlunarskrifstofan skuli sett upp. Ég tel það mikinn baga, ef þessi till. verður samþ. Að vísu hygg ég, að ekki sé minnsta ástæða til að ætla, að nokkur atvmrh. færi að mæla svo fyrir, að vinnumiðlunarskrifstofa skuli sett á stofn, nema full ástæða sé fyrir því. Hinsvegar getur óneitanlega staðið svo á, að þótt ráðandi meiri hl. í bæ vilji ekki setja upp slíka skrifstofu, sé þess þó knýjandi nauðsyn, og þá á ráðh. að hafa þetta á sínu valdi.

Um 1. brtt. hv. þm. V.-Ísf. á þskj. 165 get ég sagt það, að ég er henni mjög samþykkur. Um 3. brtt. er sama að segja, ég sé ekkert á móti, að símakostnaður þessi greiðist úr ríkissjóði.

4. till. hygg ég og heldur til bóta. Þar eru nokkur ákvæði viðvíkjandi reglugerð um nánara fyrirkomulag, og að fela megi sérstökum fulltrúa í atvmrn. öll störf, sem lúta að vinnu-

miðluninni. Þó hefði ég ekki talið sérstaka þörf á þessari till.

Þá er 2. till. á þessu sama þskj., þar sem gert er ráð fyrir, að stj. vinnumiðlunarskrifstofunnar sé skipuð þannig, að bæjarstj. skipi einn, samtök atvinnurekenda einn, samtök verkamanna einn. Þarna er gert ráð fyrir þriggja manna stj. í stað fimm manna í stjfrv. Um þessa till. vil ég segja, að hún myndi spilla allmjög, ef hún gengur fram.

Eins og frv. ber með sér, er ætlazt til, að meginverk skrifstofunnar verði að úthluta atvinnubótavinnu, þeirri vinnu, sem ríkissjóður sér um, að haldið sé uppi, með því að leggja til ⅓. Í fjárl., sem gilda eiga fyrir næsta ár, er gert ráð fyrir, að þessi upphæð nemi ½ millj. Þótt ekki sé litið nema á þetta eina atriði, tel ég sjálfsagt, að ríkisstj. geti fylgzt nákvæmlega með því, hvernig þessu fé er varið, með hverjum meginreglum því er úthlutað o. s. frv., auk þess sem ríkisstj., hver sem er, hlýtur að vilja fylgjast með því, hvernig ástandið er á hverjum tíma og stað, og athuga, hvernig megi miðla vinnunni þannig, að sem bezt hlutföll fáist milli hinna ýmsu kaupstaða og sveita og hvernig megi flytja vinnuna milli vinnustöðva. Það er náttúrlega fyrst og fremst ríkisins að aðgæta þetta, miklu frekar en einstakra kaupstaða, sem ekki þurfa að líta út fyrir sín eigin umdæmi.

En að með þessu sé meiri hl. í Rvíkurbæ sviptur sínu valdi og l. lögð í hendur stj., sem styðst við minni hl. kjósenda í landinu, — um slíkar röksemdir hirði ég ekki að fjölyrða. Það var alveg réttilega bent á það af hv. 1. þm. Árn., að Sjálfstæðisfl., sem gerir sig svo breiðan hér á Alþ., hafði ekki meiri hl. í Rvík við síðustu kosningar. Og ennþá fjær er, að hann hafi meiri hl. atkvæða úti um landið. Með því að telja sér öll atkv. Bændaflokksins, getur hann sagt, að hann hafi fleiri atkv. að baki sér en þeir tveir flokkar, sem standa að stj. Því að naumast mun hann vilja telja sér til viðbótar atkv. kommúnista, sem engan fulltrúa eiga á þingi.

Enn er það, sem ég hefi áður bent á, að við þessa lagasetningu er ekki hægt að taka eingöngu tillit til þess, hverjir menn halda á stj. í augnablikinu. Fari Sjálfstæðisflokkurinn síðar með völdin, tel ég hann muni una þessu ákvæði vel, og mundi ekki hafa látið hátt í sjálfstæðismönnum, hefðu þeir verið í meiri hl. nú.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt svo hljóðandi áskorun:

„Undirritaðir þingmenn óska þess, að umræðum um frv. til l. um vinnumiðlun verði tafarlaust slitið.

Alþingi, 24. okt. 1934.

Bergur Jónsson, Páll Zóphóníasson, Emil Jónsson, Héðinn Valdimarsson, Sigurður Einarsson, Gísli Guðmundsson, Páll Þorbjörnsson, Bjarni Bjarnason".

Nú hafa fjórir hv. þdm. kvatt sér hljóðs, og verði þessi áskorun samþ., skil ég það svo, að þeir fái að tala, eins og venja er til í þessari hv. deild.

**Ólafur Thors:** Ég veit ekki, hvort allir hv. þdm. hafa tekið eftir, að í hvert einasta skipti, sem hv. 2. þm. Reykv. hefir tekið til máls, hefir hæstv. forseti þurft að ávíta hann. Nú seinast fyrir það að draga inn í umr. alveg óskyld atriði, sem tefja umr. um sjálft málið. Með þessu háttalagi sínu elur hann á óþörfu málþófi, kemur síðan með skriflega áskorun um, að málfrelsi verði tekið af okkur hinum. Þetta er ósæmileg framkoma, og ég treysti því, að hv. þdm. ljái ekki þessari endemaáskorun fylgi sitt.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil aðeins geta þess, að ég sé ekki, að þessi aths. sé um þingsköp.

**Ólafur Thors:** Getur verið, að þessi hv. þm. skilji þetta ekki. Hann hefir nefnilega hingað til hegðað sér hér í hv. d. eins og engin þingsköp væru til. Þegar maður þess vegna minnist á hann í sambandi við þingsköp, þá finnst honum það ekki koma þingsköpum við; því að sjálfur heimtar hann að hafa einkarétt til að vera utan og neðan við öll þingsköp.

**Bergur Jónsson:** Ég vil benda hæstv. forseta á, að þessa till. á að skilja á sama hátt og þá till., sem borin var fram í fyrra í áfengismálinu, — að slíta umr. tafarlaust, og fái þeir ekki heldur að tala, sem eru á mælendaskrá. Það var skilyrðið, þegar till., orðuð á sama hátt og þessi, var borin fram í Sþ.

**Forseti (JörB):** Ég get ekki svarað um það, hvernig slík till. var tekin í fyrra í Sþ. Hitt veit ég, að í hv. Nd. hefir löngum verið sá siður. að þeir, sem eru búnir að kveðja sér hljóðs, þegar áskorun kemur fram, fengi að tala. En ef það er eindreginn vilji þeirra, sem áskorunina flytja, að í henni felist, að nú þegar sé umr. með öllu slitið, er líka hægt að bera það undir atkvæði.

**Bjarni Bjarnason.** Ef orðið á að taka af þeim, sem hafa þegar beðið um það, tek ég mitt nafn aftur. Ég vil að þeir fái að tala, en ekki fleiri.

**Bergur Jónsson:** Ég hefi fullkomna ástæðu til að óska eftir úrskurði hæstv. forseta um það, hvort ekki beri að skilja sömu orðin í samskonar till. eins frá þingi til þings. Till.menn lýstu yfir þeim skilningi í fyrra, að umr. bæri tafarlaust að slíta samkv. till., án þess að neinir fleiri tæki til máls, og meðal þeirra sem þennan skilning aðhylltust, var hv. þm. G.-K.

**Forseti (JörB):** Ég vil benda hv. þm. Barð. á það, að þeir, sem hafa kvatt sér hljóðs áður en áskorun kemur fram, eru ekki við því búnir, að umr. sé slitið, þó að aðrir séu það. Það mun rétt vera, að áskorun var samþ. í fyrra í Sþ. eins og hv. þm. sagði. En í Nd. hefir verið nokkurn veginn föst regla um þetta, eins og ég hefi nefnt, alla þá stund — að ég ætla — sem ég hefi átt sæti á þingi, og mun ég fara henni fram.

**Gísli Guðmundsson:** Ég skal lýsa því yfir, að mína undirskrift ber að skilja svo, að umr.

verði tafarlaust slitið. Ég sé ekki ástæðu til að skera niður umr., ef sumir mega halda hér ræður ótakmarkað og svo fær enginn að svara.

**Forseti (JörB)**: Ég get gert eina miðlun í þessu máli, en hv. þm. mega þá vera við því búnir að greiða atkv. samkv. því. Það er að verða við áskorun þeirra, sem vilja, að umr. verði tafarlaust slitið, og þá greiða hv. þm. atkv. um það, hvort slíta skuli umr. án þess að þeir fái að taka til máls, sem nú hafa kvatt sér hljóðs, og þá greiða auðvitað þeir einir till. atkv., sem þá aðferð vilja viðhafa. (**JG**: Verður hitt þá ekki borið undir atkv.?). Jú, það má greiða atkv. um það líka.

**Ólafur Thors**: Þetta fer að verða flókið. Hér er till. um að taka málfrelsið af þm. Sumir meina þetta með till., aðrir meina hitt, og nú hefir hæstv. forseti fellt tvo úrskurði í málinu. Ég hygg því, að hv. þdm. verði ekki ljóst, hvað þeir að endingu greiða atkv. um.

**Forseti (JörB)**: Það má vera, að hv. þm. þyki þetta torveldara en venja er til. Ég mun eins og ég lýsti yfir, bera upp þá till., að slíta umr. tafarlaust. Verði hún felld mun ég á eftir bera upp till. um að slíta umr., þegar þeir hafa talað, sem nú hafa kvatt sér hljóðs.

ATKVGR.

Till. um að slíta umr. tafarlaust felld með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, EmJ, EystJ, FJ.

**nei**: GSv, GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ,[1]) BÁ, GÞ, JörB.

HannJ, MT, BB greiddu ekki atkv.

Till. forseta, að slíta umr. þegar er þeir hefðu lokið máli sínu, er höfðu kvatt sér hljóðs, felld með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: JS, JG, MT, PÞ, SE, StJSt, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, HV, JörB.

**nei**: ÓTh, PZ, PHalld, PO, SK, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ,[2]) JakM, JJós, JÓl, JónP.

SigfJ, GG greiddu ekki atkv.

**Thor Thors**: Þá er því lokið, að fá skorið úr því, hvort menn fá að taka til máls um þetta mikla deilumál.

Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr. Ég á sæti í þeirri n. sem hefir haft þetta mál til meðferðar, og hefi í sérstöku nál. gert grein fyrir skoðun minni. Ég kvaddi mér því hljóðs einungis að gefnu tilefni frá einum hv. þm., sem raunar virðist vera illa við, að hann sé kallaður háttvirtur, líklega af því að hann veit, að jafn virðingarmikið orð hljómar hlægilega um hans fyrirferðarmiklu persónu. Hann veit það, hv. 2. þm. Reykv., að hjá fólkinu eru aðrar kenndir meira tengdar við hans nafn en virðingin. Og þó að hann þykist hafa ástæðu til að ætla, að einhverjir beri virðingu fyrir honum, þá mundi hann, ef hann skildi hlutina rétt, sjá, að hjá þeim mönnum, sem hann byggir tilveru sína á, ber meira á þrælsótta en virðingu í hans garð. Þessi hv. þm. gengur nú um deildina eins og hann eigi hana alla og aleinn, og einstakir þm. eru nú ekki lengur frjálsir að greiða atkv. samkv. sannfæringu sinni, án þess að fá ofanígjöf fyrir það hjá þessum hv. þm. Hann gefur þeim þm. úr stjórnarliðinu harða áminningu, sem láta sér sæma að greiða atkv. eins og þeir álíta rétt, en taka ekki tillit til þess, hvað hann vill.

Ég mun ekki strax snúa mér að þeim aðdróttunum, sem hann bar fram í minn garð, en geyma mér það feitasta á stykkinu þangað til síðast, en vil fyrst víkja að nokkrum öðrum atriðum, sem hafa komið hér fram.

Ég tel, að engin þörf sé að setja löggjöf um þetta, af því að ég veit, að kaupstaðirnir eru einfærir að ráða þessum málum til lykta eins og bezt horfir við innan hvers kaupstaðar. Vil ég þar benda á það, að þeir fulltrúar kaupstaða utan Rvíkur, sem hafa talað í þessu máli, hv. þm. Vestm., hv. þm. Ak. og það, sem merkilegast er, líka hv. þm. Hafnf., hafa ekki talið þörf á að fá slík l. sem þessi. Hv. þm. Hafnf. lýsti því mjög fagurlega, hversu gott samkomulag væri innan Hafnarfjarðar um þá vinnumiðlun, sem þar þyrfti að fara fram. Það var því ekki annað á orðum hans að skilja en að slík skrifstofa, sem hægt væri að skipa Hafnfirðingum að setja á stofn, ef frv. yrði að l., væri þar óþörf, eða a. m. k. væri ekki óskað eftir henni þar.

Frsm. meiri hl. allshn., í þessu máli, hv. 1. landsk., átti fyrst og fremst að vera aðalmálsvari þessa frv. En það fór svo, að hv. 2. þm. Reykv. tók það ómak af honum með öllu, svo að hv. 1. landsk. hefir horfið gersamlega í þessum umr. En hann sagði í fyrstu ræðu sinni og þeirri einu, sem hann hefir enn þá flutt við þessa umr., með afarmiklum hátíðarsvip og innilegri sannfæringu, að það væri vitanlega mesti misskilningur, að þetta frv. væri á nokkurn hátt sett til höfuðs ráðningarskrifstofu, sem Rvíkurbær hefir komið upp. En það hefir nú samt komið glögglega fram við umr. hér og m. a. af þeim hita, sem hefir verið í hv. 2. þm. Reykv., þegar hann hefir viljað ræða þetta mál, að frv. er eingöngu borið fram til þess að sölsa undir sig þetta vald, sem bæjarstj. Rvíkur ber með réttu, til þess að sósíalistar í Rvík fái einnig í þessu máli öllu ráðið.

Ég veit það vel, að hv. 1. landsk. skilur það, hvert stefnir með þessu frv., þó að hann sé að halda því fram, að hér sé ekki um neitt gerræði að ræða gegn Rvík. Þar talar hann gersamlega gegn betri vitund.

Sumir sósialistar hafa viljað láta skína í það við þessar umr., og hv. þm. V.-Ísf. með þeim, að það kenndi einræðis um úrslit þessa máls hjá bæjarstj. Rvíkur. Ég vil benda þeim á það,

1) **ÁÁ**: Ég segi nei eins og jafnan annars um svona till., en skýt því til hv. forseta, að það er einfalt ráð til að stöðva umr., og það er að halda kvöldfund, þar til sumir ganga heim en hinir dotta, og þá verða umr. takmarkaðar af sjálfu sér.

2) **HannJ**: Mér sýnist svo ójafnt á komið um þá, sem eiga að taka til máls, þar sem hv. 1. landsk. er einn á móti hv. þm. Snæf., hv. GK og hv. 6. þm. Reykv., að ég segi nei.

að hér er verið að ræða um það, hver eigi að hafa yfirstj. þessa máls. Sósialistar og þeirra fylgifiskar þykjast krefjast þess, að það verði menn úr báðum aðalflokkunum. Ég vil þá vekja athygli þeirra á því, að eins og málum er skipað í Rvík nú, þá er yfirstj. þessa máls í höndum bæjarráðs Rvíkur, þar sem báðir flokkarnir eiga sína fulltrúa. Sósialistum í bæjarstj. er því fullkomlega kleift að fylgjast með í því, sem gerist í þessum málum í Rvík. Þeir hafa vitanlega sem bæjarráðsmeðlimir hvenær sem er aðgang að forstöðumanni þessarar skrifstofu og geta krafið hann sagna um það, sem fram fer þar. Einnig af þessari ástæðu er frv. því óþarft.

Það er einkennilegt að athuga það, hvað þeir menn, sem telja sig hér á Alþ. sérstaklega fulltrúa sveitanna, eru ginkeyptir fyrir því nú, að taka á ríkið þau útgjöld, sem Rvíkurbær vill af fúsum vilja inna af hendi. Ég minnist þess frá því eina þingi, sem ég hefi verið á áður, að þá var stundum svo sterkt kveðið að orði, að það væri hrein og bein óhæfa, að ríkið væri látið taka á sig útgjöld, sem að réttu lagi ættu að hvíla á Rvík. Þess vegna er það einkennilegt, að í þessu tilfelli, þar sem bæjarstj. í Rvík er fús til að standa undir öllum þeim kostnaði, sem af þessari skrifstofu leiðir, skuli fulltrúar sveitanna ólmir vilja leggja þann kostnað á ríkið.

Hv. þm. Hafnf. taldi frv. mjög sanngjarnt. Hann hefir sennilega tryggingu fyrir því, að þar sem hann er pólitískur samherji hæstv. atvmrh., þá sé bæjarstj. Hafnarfjarðar engin hætta búin, að hún verði skylduð til að koma þessari skrifstofu á stofn hjá sér. En það væri gaman að vita, hvort hann álítur, að það sé rétt af þinginu að ráðast yfirleitt inn á þau svið, þar sem bæjar- og sveitarstj. eiga að ráða. Það væri gott að fá yfirlýsingu frá hv. þm. um það, hvort hann vill hafa þetta svo í framtíðinni.

Þá held ég, að ég verði að snúa mér að hv. 2. þm. Reykv. Hann á þess nú ekki kost að tala aftur, en ég veit, að hv. 1. landsk., sem talar hér fyrir hönd sósialista, mun taka á sig að svara fyrir hann. Hann hefir hvort sem er svo oft áður orðið að óhreinka sig á að standa í ýmsum verkum fyrir hann og verja rangan málstað fyrir hann.

Hv. 2. þm. Reykv. segir, að sjálfstæðismenn séu í minni hl. hér á þingi, og því verði þeir að sætta sig við, að ýms l. verði sett á móti þeirra vilja. Það hefir nú verið bent á það, á hvern hátt meiri hl. sé fenginn og hve sterkur hann sé. En ég vil minna á það, að það er ekki rétt samkv. úrslitum kosninganna, að sósialistar ráði öllu í þessu þjóðfélagi. Langmestur hluti þeirra, sem kusu Framsóknarflokkinn, hefir ekki ætlazt til, að sá flokkur gengi óskiptur sósialistum á hönd og léti þá eina öllu ráða. Framsóknarmenn svíkja daglega þær yfirlýsingar, sem þeir gáfu kjósendum sínum í vor. Það væri því ástæða til að rjúfa nú þing svo að þjóðin sjálf megi skera úr því, hvort stefna sósialista á hér ein öllu að ráða, eins og hefir verið hér á Alþ. undanfarna daga og eins og á að knýja hana í gegn á þessu þingi. Ég hygg, að meiri hl. þeirra bænda, sem kusu framsóknarmenn í vor, óski ekki eftir þeirri aðferð, því að hingað til hafa þeir ekki óskað þess, að sósialistar væru einráðir og alvaldir í þessu landi. Hvaða ástæðu hafa bændur landsins í þessu tilfelli til að óska eftir því, að úr ríkissjóði verði tekið fé til að miðla vinnu milli íbúanna í kaupstöðum landsins? Mér þykir það einkennileg ósk frá bænda hálfu. Þeir hafa aldrei verið að þessu spurðir, og þeir framsóknarmenn, sem eru ekki hreinir sósialistar eins og t. d. hæstv. fjmrh., hafa aldrei látið skína í slíkt á sínum framboðsfundum.

Þá skal ég víkja að þeim persónulegu aðdróttunum, sem hv. 2. þm. Reykv. hefir látið falla í minn garð út af því, hvernig væri farið með vinnu hjá Kveldúlfi. Hv. þm. G.-K. hefir svarað fyrir sig, en ég vil líka hreinsa fyrir mínum dyrum.

Ég læt í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. forseti skyldi minna hv. 2. þm. Reykv. á, hversu hann leyfði sér að blanda inn í þessar umr. málefni, sem ekkert kom þessu við. Það er leiðinlegt, þegar slíkt kemur fyrir, og ekki til þess fallið að auka virðingu þjóðarinnar fyrir þinginu, þegar persónulegt hnútukast, eins og hann gaf tilefni til, á sér stað innan þingsins. Annars vil ég segja honum það, að hvenær sem hann kemur með persónulegar aðdróttanir í minn garð, þá mun ég svara honum fullum fetum. Hann má vita það, að enn er hann ekki búinn að svínbeygja svo andstæðinga sína, að þeir þori ekki að svara honum á viðeigandi hátt.

Þá vil ég víkja að ráðningu á skip Kveldúlfs. Hjá því fél. gildir sú skynsamlega regla, að skipstjórar ráða að langmestu leyti, hverjir ráðnir eru. Forstjórarnir hafa lítið um það að segja. Ef hv. þm. vildi athuga það af örlítilli skynsemi, mundi hann sjá, að það er ekki svo auðvelt að nota þetta sér til pólitísks framdráttar. Honum ætti þá að vera það ljóst, að það getur bakað viðkomanda pólitískt tjón, að ráða menn í skiprúm, þar sem fyrir hvern einn, sem væri hægt að ráða, yrði e. t. v. að neita mörgum tugum manna. Flokksforingi hv. 2. þm. Reykv., hv. 4. landsk., sem glímdi við mig í kosningunum í vor, leyfði sér að bera þetta fram á fyrsta fundinum, sem við héldum. En hann var það hygginn, að hann gerði það aldrei aftur, því að hann sá, við hver rök það hafði að styðjast.

Hv. þm. G.-K. hefir vikið að því, hve lítilfjörleg og fá dæmi hv. þm. gat leitt fram sínu máli til stuðnings hjá fyrirtæki, sem er búið að starfa í 25 ár og hefir mestan þann tíma verið stærsta atvinnufyrirtæki þessa lands. En þessi hv. þm., ástvinur alþýðunnar, sem er kunnari að því að selja olíu okurverði en að veita atvinnu í landinu, hann hefir þó ekki með öllu getað komizt hjá að veita einhverja örlitla atvinnu. En þeirri atvinnu hefir verið þannig miðlað, að þar hefir pólitíkin verið látin ráða. Ég vil minna hann á það, hvernig hann ekki alls fyrir löngu flæmdi mann frá bílkeyrslu hjá benzínsölu sinni fyrir það, að hann var pólitískur andstæðingur. Þetta var bláfátækur fjölskyldumaður, sem sakir kunningsskapar við einn verkstjóra hins útlenda auðfélags, sem hv.

2. þm. Reykv. veitir forstöðu hér á landi, hafði stöku sinnum fengið að skjótast með olíusendingar. En þegar þessi hv. þm., sem má vera að flestu öðru fremur en að athuga kjör þeirra, sem vinna við þetta atvinnufyrirtæki, komst að þessu, bannaði hann að taka þennan mann til keyrslu framar, og svo tók það hálfan mánuð fyrir þennan fátæka bifreiðarstjóra að fá sín vesælu vikulaun útborguð hjá þessum ríka manni. Hvað var þetta, ef ekki pólitík? Þetta ætti hv. þm. að athuga, áður en hann ber andstæðingum sínum það á brýn, að þeir láti pólitík ráða við úthlutun atvinnu.

Svo lét þessi nýi og sjálfsagði bændaforingi Íslands sér sæma að halda því fram, að atvinnurekendum landsins kæmi það ekkert við, hvaða menn þeir hefðu í vinnu. Þetta voru hans óbreytt orð. Ég vil nú mælast til þess, að þessi hv. þm. taki sér ferð á hendur kringum land, fari helzt inn á hvern bóndabæ og skýri bændum frá hinni nýstárlegu kenningu, að það sé skoðun sín og stj., að héðan í frá ættu bændur engu um það að ráða, hvaða menn þeir veldu til að fara með atvinnu á þeirra heimilum. Ég vil mælast til þess, að hann komi sem víðast við, því að hinn pólitíski árangur af þeirri för mundi eflaust verða sá einn að fækka kjósendum þess flokks og þeim þm., sem nú hafa gengið sósialistum á hönd.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., 25. okt., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 26, n. 83 og 157, 87, 165).

**Sigurður Kristjánsson:** Það var bara til að gera stutta leiðréttingu, að ég kvaddi mér hljóðs.

Það er nú eins og oft vill verða, að það þarf að leiðrétta það, sem hv. 2. þm. Reykv. hefir sagt, en ég get ekki komizt yfir að leiðrétta allt, sem hann hefir farið hér rangt með.

Hv. þm. gerði þau firn að draga inn í umr. nöfn manna, sem eru fjarstaddir, og það gersamlega að óþörfu. Hann nefndi mann, Svein Halldórsson, sem hann sagði, að hefði verið rekinn úr vinnu af sjálfstæðismönnum, af því að hann hefði verið í andstöðu við þá í pólitík. Hann sagði ennfremur, að þessi maður hefði verið tekinn fyrir og hefði átt að pína hann til að breyta gegn skoðun sinni og sannfæringu og þeita sér fyrir kosningu Jóns Auðuns í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Nú er það svo um þennan mann, að ég hefi ekki lakari heimildir en hans eigin orð um það, að hann sé sjálfstæðismaður, og 2 dögum fyrir kosningar lét hann það í ljós á almannafæri að hann mundi beita sér fyrir kosningu Jóns Auðuns. Það þykir nú hvort sem er engin óvirðing, þó að menn segi opinberlega frá því, hvaða skoðun þeir hafa í landsmálum, og að þeir muni styðja að kosningu þess manns, sem þeir álíta, að heppilegast sé, að komi á þing.

Hv. þm. segir, að sér sé kunnugt um, að þessi maður sé ekki fylgismaður sjálfstæðismanna nú. Ef það er, þá er það af því, að hann hefir verið tældur, því að hann vor opinber fylgismaður sjálfstæðismanna, og hann hefir í minni áheyrn talið sig fylgjandi sjálfstæðisstefnunni og hefir verið skrifstofustjóri fyrir sjálfstæðismenn við kosningar fyrir stuttu.

Nú dettur mér ekki í hug að leggja dóm á það, hvort hann sé orðinn sósialisti, en þykir það þó ákaflega ólíklegt, og veit, að hann hefir opinberlega sagt það gagnstæða. En í þessari fullyrðingu hv. 2. þm. Reykv. getur þá ekki falizt annað en það, að hann vilji halda því fram, að þessi maður sé pólitískur flugumaður. Því vil ég ekki trúa að óreyndu, að þessi maður, sem hefir verið skrifstofustjóri fyrir sjálfstæðismenn, sé flugumaður frá sósialistum, en það er þó það, sem hv. þm. gefur beint í skyn með þessu.

Út af því, sem ég gat um áðan, að hv. 2. þm. Reykv. hefði sagt, að Sigurjón Jónsson, bankastjóri á Ísafirði, hefði ætlað að knýja þennan mann — beinlínis neyða hann — til að fylgja frambjóðanda Sjálfstæðisflokksins í Norður-Ísafjarðarsýslu, vil ég segja það eitt, að það eru tilhæfulaus ósannindi. Mér er líka kunnugt um það, að einmitt þessi maður, þegar hann vissi, að hann gat ekki fengið þessa stöðu á Hesteyri, sem hann vonaðist eftir, fór til Sigurjóns Jónssonar til að biðja hann að ná sambandi fyrir sig við forstjóra Kveldúlfs til þess að vita, hvort hann gæti ekki veitt sér vinnu. Hvað þeim fór á milli, veit ég ekki, en Sigurjón tók þessu vel og hefir eflaust gert það, enda kemur það heim við það, sem hv. þm. G.-K. segir, að hann ætlaði honum atvinnu á Sólbakka og hana hefði hann fengið, ef það hefði ekki brugðizt, að verksmiðjan fengist til starfrækslu fyrir Kveldúlf.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði mikið um það, hver hætta þjóðinni stafaði af þessum uppreisnar- og byltingahug sjálfstæðismanna. Hann sagði, að þeir hefðu í hótunum um að grípa til vopna. Ég veit ekki til, að nokkrum manni í þessu landi detti í hug að nota stjórnmálaaðstöðu sína til að brjótast til valda með ofbeldi, nema einum einasta manni, og það er hv. 2. þm. Reykv. A. m. k. vita það allir Rvíkingar, sem eru komnir til vits og ára, að lýðfrelsi þessa lands stafar engin hætta af neinum nema þessum eina manni, hv. 2. þm. Reykv. Hann hefir ekki heldur farið dult með þennan ásetning sinn, því að hann hefir gripið til vopna. Hann segir, að sjálfstæðismenn ætli sér að grípa til vopna, af því að þeir hafi ekki meiri hl. kjósenda. Nú hefir reynslan sýnt, að hans flokkur hefir getað sargað saman ⅓—¼ kjósenda landsins til að styðja sína illræmdu stefnu. Nú mun hann hafa reiknað það út, að hann yrði kominn á efra aldur áður en hann yrði búinn að breyta þessum ⅓ hluta í meiri hl. þjóðarinnar. Þess vegna mun hann skilja það, jafnvitiborinn maður, að engin leið er að bíða eftir því, að hægt verði að ná völdum á þann hátt. Hann hefir sýnt virðingarverða viðleitni í að beygja undir sig annan flokk og láta hann renna sem stoð undir sig í valdabaráttu hans, sem sé Framsóknarflokkinn. Ég geri ráð fyrir, að þótt svo sé, að menn, sem eru komnir úr fámenni utan af landi, verði hvumsa, þegar þessi maður traðkar hér meðal þeirra, eins og hann nú gerir, þá fari brátt svo, að þeir kjósi sér undan valdi hans og yfir-

gangi. Hann mun skilja þetta og sjá, að það endist honum skammt til valdatöku. Hefir hann því reynt að efla hér árásarflokk og hefir hlaupið kófsveittur á linklæðum einum í fylkingarbroddi nokkurra vitsmunaöreiga á heræfingar hér í Rvík, til þess að hann þurfi ekki kjósendur landsins til að styðja sig til valda. Hann hefir gert tilraun með það, hve margir mundu fylgja honum, ef hann kallaði þá undir vopn. Það gerði hann 9. nóv. Ég vil segja honum, að hann getur sparað sér að tala um uppreisnaráform sjálfstæðismanna. Þeir eru sannfærðir um, að þeir þurfa ekki nema fólkið til að styðja sig til valda. Þeir hafa biðlund, af því að þeir vita, að þeirra stefna sigrar. En þessi hv. þm. veit, að hann skortir ekki aðeins lýðfylgi, heldur skortir hann líka það, sem þarf til að öðlast lýðfylgi. Hann hefir að sönnu ýmsa hæfileika, sem til þess þarf að vera ræningjaforingi svo sem áræði og hörku, en hann skortir allt það, sem skapar traust og velvild fólksins, en það væntum við sjálfstæðismenn, að verði okkur drýgst.

Ég held, að jafnframt því, sem hann ætti nú að átta sig á því, að hann hefir ekki skilyrði til að komast til valda á lýðræðislegan hátt, þá ætti hann líka að skilja, að það er til nokkuð, sem ekki er uppreisn, en heitir þegjandi mótspyrna gegn ofbeldi. Verið getur, að fólkið finni upp á að veita þessa mótspyrnu, og jafnvel, að það fólk, sem hann hefir kvatt sér til fylgis, fyndi nú, að það hefir orðið það óheppið í foringjavalinu, að það taki það ráð að láta hann ekki öðru sinni fara húsavillt.

**Forseti (JörB):** Ég vil beina því til hv. þdm., að þótt mikill sé ágreiningur um þetta mál, þá gæti menn nú hófs í ummælum sínum.

**Ólafur Thors** [óyfirl.] Mér finnst, að tveir síðustu ræðumenn, hv. þm. Snæf. og hv. 6. þm. Reykv., hafi nú gert hv. 2. þm. Reykv. þau skil, að ég þurfi ekki þar við að bæta. Get ég því slegið striki yfir allt, sem ég ætlaði að honum að víkja, en út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði í gær, vil ég nú gefa örlitlar upplýsingar.

Hæstv. ráðh. bar það á mig, að ég færi ekki rétt með, þegar ég skýrði frá því í d., að jafnaðarmannaforingi Dana, Stauning, hefði gefið út l. eða beitt sér fyrir, að l. hefðu verið gefin út af danska þinginu til að fyrirskipa lögþvingaðan gerðardóm í vinnudeilum. Hæstv. ráðh. bar brigður á, að þetta væri satt. En ég get sagt hæstv. ráðh. það fyrir satt, að ég fer hér ekki villur vegar, og sýnir það þá, hvílíkt djúp er staðfest á milli þessa reynda jafnaðarmannaforingja í Danmörku og hv. 2. þm. Reykv., sem hefir lýst því yfir, að ef slík fyrirmæli yrðu lögfest, mundi hann beita sér fyrir uppreisn til að sjá svo um, að þeim l. yrði ekki hlýtt.

Þessi l. munu hafa verið sett í sambandi við kaupdeilu í sláturhúsum í Danmörku, þar sem þjóðinni þótti voði búinn í verzlun og viðskiptum, ef það næði að festa rætur. Þá beitti forsrh. Dana sér fyrir því, að samþ. voru í mesta skyndi l. um lögþvingaðan gerðardóm, sem var skipaður þremur dómurum, og þeim dómi varð að hlíta. Þar með var bundinn endi á þessa kaupdeilu, sem forsrh. taldi þjóðinni stafa svo mikill voði af.

Ég þarf svo ekki að taka fleira fram í sambandi við ræðu hæstv. ráðh., *nema ef* vera skyldi að bæta við það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í sambandi við þau ummæli, sem komu frá hv. 2. þm. Reykv. um Svein Halldórsson í Bolungavík. Það er alveg eins og hv. 6. þm. Reykv. upplýsti, að þessi maður hefir verið og er, eftir því sem ég bezt veit, ennþá sjálfstæðismaður. Er þá þar með hruninn allur grundvöllurinn undan þeim árásum, sem gerðar hafa verið á mig í sambandi við þennan mann. Ef þessar upplýsingar standast ekki, er það leiðinlegast fyrir manninn sjálfan, því að eins og hv. 6. þm. Reykv. upplýsti, fór hann ekki dult með það 1933 og við kosningarnar 1934, að hann væri ákveðinn sjálfstæðismaður og stuðningsmaður Jóns Auðuns þar í kjördæminu.

Ef sú staðreynd, að mér tókst ekki, þrátt fyrir viðleitni mína, að útvega þessum manni atvinnu síðasta sumar, hefir orðið til þess, að hann hefir skipt um skoðun, þá er ekkert um það að segja, *nema* að það er leiðinlegast fyrir hann sjálfan, en ég ber honum það ekki á brýn hér, þar sem jafnsterk rök hafa verið borin fram eins og hv. 6. þm. Reykv. gerði, þar sem hann sagði frá því, að þessi maður hefði lýst því yfir í viðurvist margra manna tveimur dögum fyrir kosningar, að hann væri jafngóður sjálfstæðismaður og hann hefði verið að undanförnu.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Út af orðum hv. þm. G.-K. um aðgerðir dönsku stj. og Staunings í þessum kaupdeilumálum vil ég segja þetta:

Það er rétt, sem hann nú sagði, að í sláturhúsadeilunni í Danmörku voru sett með skyndingu l. um gerðardóm í þeirri einu deilu, sem þar var um að ræða, þ. e. a. s. deilunni milli verkamannanna í sláturhúsunum og eigenda þeirra, en þau voru eingöngu sett um þetta eina tilfelli, og var þetta í fullkomnu samkomulagi og beinlínis eftir ósk „Samvirkende Faarevirkebolig" í Danmörku. En í gær hélt hv. þm. því fram, að þessi l. væru svipuð eða a. m. k. fullkomlega sambærileg við það frv. um lögþvingaðan gerðardóm, sem íhaldsmenn fluttu hér á árunum. En það nær engri átt, af þeirri ástæðu, að hér var eingöngu miðað við þessa einu vinnudeilu, og voru l. sett í fullkomnu samkomulagi við verkamannafélagsskap Dana. Hinsvegar hélt hv. þm. því fram, að þessi l. hefðu verið almenn og sérstaklega beitt í kaupdeilunni í Esbjerg, en það veit hv. þm., að ekki er rétt, þar sem þar var aðeins um ólöglegt verkfall að ræða. Mér þótti rétt að taka þetta fram, svo að það gæti ekki valdið misskilningi í sambandi við orð hv. þm. Ég hefi athugað þetta síðan umr. fóru fram í gær og veit, að þetta er fullkomlega rétt.

En í sambandi við það atriði í ræðu hans í gær, að af þeim, sem skráðir eru á skip þessa félags, séu 72 utanbæjarmenn, upplýsti hann að á togurum þessa félags ynnu að mér skild-

ist 350 menn á vertíð. Mér þætti æskilegt, að hann upplýsti þetta nánar, því að mér þykir ótrúlegt, að 350 menn geti verið þar, jafnvel á vertíðinni, sem er ekki nema 2½ mán.

Annars sé ég ekki ástæðu til að taka fleira fram í sambandi við þessar umr., sem hér fóru fram í gær. Ég mun ekki heldur fara að ræða almennt um þetta frv., sem virðist aðallega mæta mótspyrnu sjálfstæðismanna fyrir það, að atvmrh. skuli skipa oddamann á vinnumiðlunarskrifstofuna. Eins og ég hef áður sagt, þá finnst mér þetta eðlilegt, þar sem ríkið á mikilla hagsmuna að gæta í því, að þetta starf sé vel af hendi leyst, því að ríkið á að leggja fram verulega fjárhæð í þessu skyni. Mótstaða sjálfstæðismanna gegn þessu getur varla stafað af öðru en því, að sæti atvmrh. verði þannig skipað, að þeir hafi ekki mikil ítök í ráðningu þessa manns. Ég vildi óska, að þessi spásögn sjálfstæðismanna, hver skipaði þetta sæti, mætti rætast. Hinu er þá ekki að neita, að þeir hafa litla trú á eigin málstað, sem lýsir sér í þessum harðvítugu árásum á þetta ákveðna mál.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Það er sú heilaga einfeldni, sem lýsir sér í þessum síðustu orðum hæstv. atvmrh. Hann gerir sér auðsjáanlega ekki ljóst, af hverju sjálfstæðismenn fyrst og fremst hafa beitt sér á móti þessu frv. Það gengur líka gegnum allar ræður stjórnarliða um þetta mál misskilningur og skilningsleysi á það, um hvað er deilt. Ég veit, að menn kannast við, að það hafa verið aðalrök stjórnarliða í þessu máli, að aðalverkefni þessarar skrifstofu væri að úthluta atvinnubótavinnu. En þetta er reginmisskilningur. Úthlutun atvinnubótavinnunnar er, eins og ýmsir hv. þm. hafa sýnt fram á, ekkert sérlegt vandaverk, og því ekki nauðsyn að koma upp heilli stofnun vegna þess starfs. Vísa ég þar fyrst og fremst til ummæla hv. þm. Hafnf., sem sagði, að úthlutun atvinnubótavinnunnar hefði gengið þar vel, svo að þar væri yfir engu að kvarta. Ég get sagt sama um úthlutun atvinnubótavinnunnar í Rvík, því að yfirleitt hefir enginn flokkaágreiningur komizt þar að. Það hefir ýmislegt verið um það sagt, en engum flokki hefir þar verið sérstaklega um að kenna, því að tveir menn settir af hvorum flokki hafa annazt úthlutun þessarar vinnu.

Nei, hér er um annað og meira að ræða en úthlutun þessarar vinnu. Ég þori að fullyrða, að ef aðeins væri um þessa vinnuúthlutun að ræða, þá kæmi þessum mönnum ekki til hugar að vilja koma upp þessari skrifstofu. Menn geta sagt sér það sjálfir, hvort þessi skrifstofa gerir meira gagn, ef hún er rekin með aðstoð og í samræmi við vilja meiri hl. atvinnurekenda, eða ef henni er þvingað upp á bæjarfél. gegn vilja atvinnurekenda. Ég er sannfærður um, að það verður ekki hálft gagn að skrifstofunni með því fyrirkomulagi, sem felst í frv., samanborið við þá framkvæmd, sem bæjarstj. ætlast til, að höfð sé á málinu.

Það hefir verið talað um það ofbeldi, sem meiri hl. bæjarstj. hér í Rvík hafi beitt Alþýðuflokkinn með því að leita ekki till. hjá framkvæmdaráði verkalýðsfél. um stofnun og starfrækslu atvinnuskrifstofunnar. Um þetta er það að segja, að þessi skrifstofa er nú aðeins bráðabirgðafyrirbrigði, sem engin ákvörðun hefir verið tekin um til frambúðar, og forstöðumaður hennar er ekki ráðinn nema til nýárs. Kostnaður af skrifstofunni hefir ekki verið tekinn á fjárhagsáætlun, því engin áætlun hefir verið gerð um hann. Það er vitanlega meiningin, þegar fjárhagsáætlun bæjarins fyrir næsta ár verður samin, að ganga nánar frá þessari stofnun, og þarf þá vitanlega að taka upp á áætlun væntanlegan kostnað af skrifstofunni, sem eins og stendur er aðeins bráðabirgðastofnun í höndum bæjarráðs og svarar til þeirrar stj., sem um ræðir í brtt. hv. þm. V.-Ísf við 3. gr. frv., þar sem meiri hl. bæjarstj. ræður oddamanninum í n., en hinir tveir eiga að vera skipaðir af Alþýðusambandinu og fél. ísl. atvinnurekenda. — Alþýðuflokkurinn gerði tilkall til þess að fá að ráða vali forstöðumanns atvinnuskrifstofunnar, samanber 4. gr. frv., en því var ekki sinnt. Því var ekki sinnt af því að meiri hl. réð. Ég efast ekki um, að hæstv. atvmrh. og fylgismenn hans ætlast til að meiri hl. stj. vinnumiðlunarskrifstofunnar ráði því, hver verður forstöðumaður hennar. Því er það ekki meira ofbeldi, þó að meiri hl. bæjarstj. ráði vali forstöðumanns bráðabirgðaskrifstofu, heldur en kemur fram hjá hæstv. atvmrh. í tilraun hans til að þvinga upp á Rvík vinnumiðlunarskrifstofu, sem er í andstöðu við bæjarstj. Það er meira ofbeldi hjá þessum hæstv. ráðh. að ætla að taka ráðin úr höndum meiri hl. og fá þau minni hl. í bæjarstj. Það er ofbeldi, sem er einsdæmi í meðferð þessara mála, og þekkist ekki, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefir haft ráðin.

Ég hefi orðið var við það í umr., að hv. þdm. er sumum ekki ljóst, hvert verksvið vinnumiðlunarskrifstofunnar verður. Mér hefir skilizt á ræðum þeirra, að skrifstofa þessi eigi að miðla allri vinnu, ekki einasta atvinnubótavinnu, heldur líka allri bæjarvinnu, og jafnvel líka þeirri vinnu, sem atvinnurekendur veita, en þetta er hin mesta fjarstæða. Sem betur fer er atvinnubótavinnan ekki nema nokkur hluti af þeirri vinnu, sem til er í bænum. Þess vegna væri æskilegt, að önnur vinna heyrði líka undir vinnumiðlunarskrifstofu, en það eru engar líkur til þess, að skrifstofa sú, sem þetta frv. fjallar um, hafi áhrif á hana. Aftur á móti eru miklar líkur til, að skrifstofa sú, sem meiri hl. bæjarstj. ræður yfir, hafi víðtæk áhrif á alla vinnuúthlutun og mundi því gera langt um meira gagn en hin, og er það vitanlega aðalatriðið.

**Finnur Jónsson:** Ég hafði ekki ætlað mér að lengja umr. um þetta mál, sem oft hafa farið út fyrir það efni, sem hér skiptir máli, en það er, hvort frv. það, er fyrir liggur, sé til gagns eða ekki. Ég tel frv. spor í rétta átt til þess að reyna að auka möguleikana fyrir því, að sú vinna, sem til er í landinu, skiptist réttlátlega milli þeirra, sem eftir henni sækja. Ég sé raunar ekki ástæðu til að fara út í einstök at-

riði, sem komið hafa fram í umr., heldur er ástæðan sú, að ég tel mér skylt að svara hv. 6. þm. Reykv. út af vissu atriði, sem hann dró inn í umr. áðan. Það var víst í gær, en þá var ég ekki staddur hér í hv. d., að hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K. voru að lýsa stjórnmálaskoðunum manns á Vestfjörðum, sem þeir nafngreindu. Þessi maður sögðu þeir, að jafnan hefði fylgt Sjálfstæðisflokknum að málum og við kosningar, og að það kæmi ekki til mála, að hann hefði verið sviptur vinnu á Hesteyri fyrir það, að hann hefði ekki verð sjálfstæðismaður, sem hann væri enn. Það stendur svo á, að mér er persónulega kunnugt um skoðanir þessa manns og þetta mál. Hann sagði mér, að sér hefði ofboðið svo aðferðir sjálfstæðismanna við kosningar undanfarið, að trú sín á flokkinn hefði dvínað það, að hann hefði neitað að styðja kosningu Jóns Auðuns í Norður-Ísafjarðarsýslu í vor. Þessi maður sagði mér, að hann hefði falað atvinnu hjá Kveldúlfi í sumar, og þá hefði hann fyrst verið spurður að því, hvort hann ætlaði að styðja kosningu Jóns Auðuns. Hann sagðist hafa færzt undan því, sagðist vera kennari í þorpinu og vildi forðast pólitískar deilur og vilja draga sig út úr stjórnmálum. Þá var honum svarað, að úr því svo væri, þá væri þýðingarlaust fyrir hann að fala atvinnu hjá Kveldúlfi. Síðan var gengið að þessum manni í útibúi Landsbankans á Ísafirði og honum sagt þar, að ef hann vildi fara til Hesteyrar og vinna þar að kosningu Jóns Auðuns, þá skyldi hann eiga vísa vinnu við síldarverksmiðjuna. En eins og ég hefi áður sagt, þá ofbauð þessum manni svo aðfarir sjálfstæðismanna við kosningarnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, að hann sagði, að hann vildi ekki vinna að kosningum með Sjálfstæðisflokknum lengur. Enda skil ég það vel, eftir þeim kynnum, sem ég hefi haft af kosningunni í Norður-Ísafjarðarsýslu, að kunnugum manni hafi ofboðið athæfi sjálfstæðismanna þar.

Mér er sagt, að hv. þm. G.-K. hafi staðhæft og lagt drengskap sinn við, að þessi saga væri ekki sönn. Því hefi ég til að svara, að mér er kunnugt um það, að Sveinn Halldórsson hefir boðið eiðstaf við því, að sagan væri sönn, og það get ég sagt óhikað, að ég treysti að óreyndu betur eiðstaf Sveins Halldórssonar en drengskaparloforði hv. þm. G.-K.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég skal fyrst taka það fram, að öll þessi þrætni um einkamál þessa manns er runnin frá hv. 2. þm. Reykv. og undirlögð að hans ráði. Svo get ég sagt það, að í öllu því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, er ekki eitt orð satt. Hann er að reyna að breiða það út, að heiðarlegir menn vilji ekki styðja Sjálfstæðisflokkinn. Menn geta svo sem skilið það um annan eins mann og hann, að hann reyni að útbreiða slíkar sögur sem þessa. Það er engin ástæða til að nudda á Svein Halldórsson öðrum eins óþverra. Hann tjáði sig í vor fúsan til að vinna að kosningu Jóns Auðuns eins og áður. Ég hafði því enga ástæðu til að bægja honum frá vinnu fyrir það, hvaða stjórnmálaskoðanir hann hafði, þó ég hefði látið það ráða um veitingu vinnunnar, sem aldrei hefir verið gert hjá Kveldúlfi. Ástæðurnar fyrir því, að þessi maður gat ekki fengið vinnu, hefi ég áður sagt og hirði því ekki um að fara að endurtaka þær hér, til þess að þreyta ekki hv. þdm. Það sannar sig sjálft, að þvættingur hv.þm. Ísf. um, að Sigurjón bankastjóri hafi átt að segja Sveini Halldórssyni, að hann ætti örugga atvinnu á Hesteyri, ef hann styddi Jón Auðun, hlýtur að vera tómur uppspuni, þar sem ég var búinn áður, eins og ég hefi upplýst, að lofa öðrum manni þessari atvinnu á Hesteyri, en hafði hinsvegar lofað honum vinnu á Sólbakka, ef Kveldúlfur fengi þá verksmiðju á leigu, eins og búizt var við, en varð ekki, fyrir það, að hv. 2. þm. Reykv. spillti því. En á því valt það, hvort Sveinn Halldórsson gat fengið atvinnu eða ekki. Ég vil svo bæta því við, að ef það er rétt, að Sveinn Halldórsson hafi sagt hv. þm. Ísaf. það, sem hann hefir eftir honum, en ég þori ekki að fullyrða, að sé rangt, því ég þekki sjálfur Svein Halldórsson lítið persónulega, þá er ég ekkert hissa á því, þó Sveinn Halldórsson bjóðist til að sverja sinn framburð, því sá maður, sem þorir að segja ósatt, hann þorir líka að sverja lýgi. Það, sem máli skiptir, er, að þetta er allt saman lygi, hvort sem höfundurinn er hv. þm. Ísaf. eða Sveinn.

Ég skal svo svara fyrirspurn frá hæstv. atvmrh. Hann sagði, að ég hefði fullyrt, að við verksmiðjur Kveldúlfs fengju yfir 300 manns vinnu. Þetta kann vera ofmælt; það mun ekki vera nema 260 til 280 manns, en ég raskaði ekki réttri mynd í þessu efni þegar um það var að ræða, að deilt var á fél. fyrir hlutdrægni í vinnuveitingu, því að í þjónustu Kveldúlfs vinna oftlega frá 500 til 1000 manns.

Það gleður mig, að hæstv. ráðh. hefir nú viðurkennt, að ég fór með rétt mál um það, að forsrh. Dana hefir beitt lögþvinguðum gerðardómi í vinnudeilum. Hæstv. ráðh. upplýsti það, að báðir aðilar, vinnuveitendur og verkamenn, hefðu verið samþykkir þeim gerðardómi, en ég skil ekki, að það geti verið rétt, því hvers vegna þurfti þá að lögþvinga gerðardóm? Það er staðreynd, að þessi jafnaðarmannaforingi lét staðfesta lagafyrirmæli, sem bönnuðu verkföll og verkbönn í heilt ár, og gerði auk þess ráðstafanir, sem orsökuðu launalækkun fyrir verkamenn, er hann felldi krónuna. Þessi mikli munur er á forsrh. jafnaðarmanna í Danmörku og foringjunum hér, að hann þorir að taka á sig ábyrgð gagnvart hinni dönsku þjóð, með því að gera nauðsynlegar hjálparráðstafanir, hvort sem þær falla betur eða ver við stefnuskrá hans flokks.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Ég vil svara nokkrum orðum almennt því, sem vikið hefir verið að mínum brtt. Það er vitanlega rétt, að Alþ. hefir vald til að setja l. um þetta mál, hitt getur verið nokkuð vafasamt, hvort það hefir mátt til að gera það hvernig sem er, svo að gagni megi verða. Það hefir verið margtekið fram, að það er algerlega frjálst bæði vinnuveitendum og hinum, sem þiggja vinnu, hvort þeir skipta við skrifstofuna eða ekki, en það

þarf að ganga svo frá þessu máli, að báðir þessir aðiljar vilji skipta við skrifstofuna. Það hefir verið talað um byltingar í sambandi við þetta mál, en það er alveg tilefnislaust. Sú eina bylting, sem komið getur til mála, að yrði, er, að verkamenn láti ekki skrá sig á skrifstofunni eða að atvinnurekendur noti ekki skrifstofuna. Þetta er sú eina bylting, sem frjáls er í þjóðfélaginu í þessu efni, (**PHalld**: Hve lengi er hún frjáls?) að þeir, sem óánægðir eru með skipun skrifstofunnar, noti hana ekki. Það er vitanlega hugsanlegur möguleiki, að þeir, sem halda, að skrifstofan geti ekki starfað fyrir báða aðila, komi með till. um, að öllum sé skylt að leita til skrifstofunnar, bæði verkamönnum og vinnuveitendum, en það er að sjálfsögðu þýðingarlaus till., sem ekki yrði farið eftir, þó samþ. væri. Það er því fullvíst, að fullkomið samkomulag verður að vera um stofnun skrifstofunnar, ef hún á að verða að tilætluðum notum. Það ber á því, að verkamenn telja ástæður til að óttast of mikið vald atvinnurekenda í atvinnumálum, og eins hinu, að atvinnurekendur óttast afskipti jafnaðarmanna af þeim. Þessi ótti verður alltaf við lýði meðan sú skipun varir, sem nú er á þeim málum, og til þess að eyða honum, er engin önnur leið en að koma á stofn vinnumiðlun, sem báðir aðilar geti borið traust til. Ég álít, að rétt sé, að meiri hl. í bæjarstj. eigi að vera í samræmi við meiri hl. skrifstofustj., og að öll eða mestöll atvinna, sem atvinnurekendur eiga yfir að ráða, komi til umráða fyrir skrifstofurnar, því þær verða gagnslausar, ef þeir aðilar leita ekki almennt til skrifstofanna, sem þær eru stofnaðar fyrir. Ég get því ekki fylgt frv., nema líkur verði fyrir því, að þessar skrifstofur verði mikið notaðar, en það tel ég því aðeins tryggt, að mínar till. verði samþ. Ég hefi svo ekki meira að segja við þessa umr. Ég tel mikla þörf á því, að vinnumiðlunarskrifstofu verði komið upp. Þess vegna tel ég, að frv., ásamt mínum brtt., geri mikið gagn, ef að l. verður. Það mun óvíða í heiminum meiri þörf fyrir slíka stofnun en einmitt hér, vegna þess að hér flyzt fólkið í atvinnuleit milli hinna ýmsu atvinnustöðva á landinu meira en gerist víðast hvar annarsstaðar í heiminum.

ATKVGR.

Brtt. 87 felld með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS.

nei: JS, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.

1. gr. samþ. með 18:11 atkv.

Brtt. 165,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 165,2 felld með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.

nei: ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.

Brtt. 83 samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 165,3 samþ. með 17:3 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 165,4 (ný 6. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.

nei: JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ.

Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

---

Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 214, 222).

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Ég hafði nú vænzt þess, að þetta mál yrði tekið fyrir að degi til, en ekki eftir miðnætti, en vitanlega verður það svo að vera, ef það er vilji hæstv. forseta.

Ég og hv. þm. Snæf. berum fram allgagngerðar brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir. Við 2. umr. þess mæltum við gegn því, og töldum, að það væri fram komið í pólitískum tilgangi, til þess að jafnaðarmenn gætu náð yfirráðum yfir þeirri skrifstofu, sem samkv. öllum reglum á að vera undir stj. bæjarstj. Rvíkur. Það hefir komið í ljós við umr. um þetta mál, að þeir menn, sem fyrir þessu frv. mæltu óbreyttu, töldu, að ríkið ætti að hafa yfirstj. vinnumiðlunarskrifstofunnar, sökum þess, að allverulegt fé væri lagt fram frá ríkissjóði til atvinnubóta, og þess vegna væri rétt og sanngjarnt, að ríkistj. hefði fullkominn íhlutunarrétt um meðferð þess fjár.

Eins og brtt. á þskj. 222 bera með sér, þá höfum við komið fram með þá breyt., að í staðinn fyrir að hafa eina vinnumiðlunarskrifstofu í hverjum kaupstað, og að bæjarstj. sé skylt að setja slíka skrifstofu á stofn, ef atvmrh. óskar þess, þá sé stofnuð sérstök vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins, og síðan sé bæjarstj. heimilt að setja sérstakar ráðningarskrifstofur á stofn í kaupstöðum. Þessa till. höfum við borið fram með tilliti til þeirra umr., sem fóru fram um málið.

2. brtt. á þskj., sem er við 2. gr. frv., ber það með sér, hvern tilgang við hugsum okkur, að vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins hafi, og er þar talið upp í 5 liðum hennar hlutverk. Þessi skrifstofa á í fyrsta lagi að gera till. til ráðningaskrifstofa kaupstaðanna um fyrirkomulag og úthlutun atvinnubótavinnu eða annarar vinnu, sem kostuð er af ríkissjóði. Í þessari málsgr. er í raun og veru farið inn á það atriði, sem stuðningsmenn þessa frv. lögðu mesta áherzlu á við 2. umr. málsins, sem sé það, að vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins hefði fullkominn íhlutunarrétt og meirihlutavald um það, hvernig atvinnubótavinnu væri úthlutað. Ég

leyfi mér með leyfi hæstv. forseta að lesa upp ummæli hæstv. atvmrh. um þetta, þegar hann mælti fyrir frv. Hann segir: „Ætlunin er sú, að vinna sú, sem framkvæmd er í atvinnubótaskyni, komi sem jafnast niður, og að vinna sú sem unnin sé í atvinnubótavinnu, komi að sem mestu gagni". Og svo segir hann ennfremur: „Ég vil benda hv. þm. Vestm. á það, að það er eðlilegt, að stj. vilji líta eftir því, hvernig atvinnubótavinnu er hagað, þar sem t. d. nú er gert ráð fyrir 500 þús. kr. til atvinnubótavinnu".

Hv. 2. þm. Árn. segir um þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Mér finnst eðlilegt, að atvmrh. ráði miklu um það, hvernig vinnu er skipt milli manna, m. a. vegna þess, að nú er tekin upp í fjárl. ákveðin upphæð til atvinnubótavinnu", og — „Það hefir líka verið tekinn upp sá háttur, að ríkið styrki margskonar atvinnu í landinu, og er því eðlilegt, að stj. fái æ sterkari aðstöðu til að ráða t. d. því, hvernig framlögin úr ríkissjóði eru notuð".

Af ræðum hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Árn. má sjá, að meðmæli þeirra með þessu frv. og rök þeirra fyrir því, hvers vegna umráðin yfir þessum skrifstofum eru fengin ríkisstj. í hendur, byggjast á því, að þeir telja, að það fé, sem þannig er veitt úr ríkissjóði, eigi að vera undir umsjón ríkisstj. og úthlutað eftir till. hennar. Hinsvegar efast ég ekki um það, að öllum þeim, sem hlustuðu á 2. umr. og jafnvel 1. umr. þessa máls, var það ljóst, að eins og frv. er nú getur það aldrei náð þeim tilgangi, sem ætlazt er til. Þessi vinnumiðlunarskrifstofa, sem sósialistar hér hafa komið með inn í þetta þing, getur ekki orðið þess valdandi, að samvinna myndist milli þeirra aðilja, sem í raun og veru eiga að búa að henni í framtíðinni, sem sé atvinnuþiggjenda og atvinnuveitenda. Ef óánægja myndast eða rígur um starfsemi slíkrar skrifstofu, þá er það útilokað, að þeir, sem annars mundu til hennar leita, geri það. Menn ganga fram hjá vinnumiðlunarskrifstofunni, ef þeir á annað borð tortryggja þá, sem að henni standa, og jafnvel þó að ástæðan sé ekki nema sú, að þeir vita, að hún er stofnuð í pólitískum tilgangi og til þess eins að drepa þá vinnumiðlunarskrifstofu, sem nú þegar er tekin til starfa. Í þessu sambandi má benda á það, að þeir menn, sem hafa beitt sér fyrir þessu máli, eru svo ósvífnir, að þeir hafa gefið það ótvírætt í skyn, að sá maður sem nú stendur fyrir ráðningarskrifstofu bæjarins, muni verða hlutdrægur í garð verkamanna. Hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. eru ekki vandari að virðingu sinni en svo, að þeir leyfa sér að standa upp hér á Alþ. og dæma mann fyrir verk, sem hann er ekki farinn að framkvæma. Ég hygg, að önnur eins framkoma og þetta sé einsdæmi hjá mönnum, sem standa fremstir í eins stórum stjórnmálaflokki og Alþýðuflokkurinn nú er orðinn. Þessir menn tortryggja pólitískan andstæðing sinn, af því að hann hefir verið formaður í pólitísku fél., Varðarfél. En jafnframt þessu halda þeir hrókaræður yfir hv. 2. þm. Reykv., og reyna að telja mönnum trú um, að hann sé eini maðurinn, sem fær sé um að hafa umsjón með byggingarmálum verkamanna, þó að hann sé formaður í öðru pólitísku fél., sem sé Dagsbrún. Því verður ekki neitað, að þetta rekst nokkuð mikið á.

Ég veit það, að bæði hv. 2. þm. Árn. og fleiri menn hér á Alþ., viðurkenna það, bæði beint og óbeint, að tilgangur þessa frv. sé sá einn, að veita þessum pólitíska flokki, sem að vissu leyti fer ranglega með völd hér, með aðstoð löggjafarvaldsins aðstöðu til þess að ná meirihlutavaldi yfir skrifstofu, sem eftir eðli sínu og samkv. lýðræðisreglum á að lúta yfirráðum bæjarstj. Rvíkur.

Hinsvegar skal ég taka það fram, að það eru nokkur rök í þessu máli, að ríkið eigi að hafa íhlutunarrétt um, hvernig því fé sé varið, sem veitt er úr ríkissjóði til atvinnubótavinnu. En það eru ekki svo sterk rök, að þess vegna sé ástæða til þess að setja l. um þetta, þar sem líka ríkið hefir það að vissu leyti á valdi sínu, að setja þeim aðila, sem fyrir úthlutun atvinnubótafjárins stendur, reglur um úthlutun þess og getur þar í raun og veru náð sama tilgangi, án sérstakrar löggjafar. En eins og ég hefi áður tekið fram, þá skal ég játa, að þetta eru þó nokkur rök, og það er þess vegna, sem ég hefi séð ástæðu til að fara hér milliveg og bera fram, ásamt hv. þm. Snæf., till. um það, að vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins sé stofnuð, og að henni sé, samkv. 2. gr. frv., falið að sjá um úthlutun atvinnubótavinnu og annarar vinnu, sem kostuð er af ríkinu. Um þessa úthlutun og allt fyrirkomulag þessara framkvæmda er svo hægt að setja reglugerð. Það er að vísu svo, eins og bent hefir verið á hér við 2. umr. málsins, að bæjarstj. Rvíkur hefir í raun og veru sett sér alveg fastar reglur um, hvernig atvinnubótafé sé úthlutað. Það er fyrst og fremst miðað við þörf þeirra manna, sem atvinnubótavinnunnar njóta, og tekið tillit til þess, hvort þeir eru einhleypir eða kvæntir, hvort þeir hafa fyrir mörgum börnum eða skyldmennum að sjá, hvort þeir hafa haft marga vinnudaga á árinu, og hvort þeir hafa verið lengi í Rvík o. s. frv. Þetta eru reglur, sem mér er ekki vitanlegt, að hv. 1. landsk., sem sæti á í bæjarstj. Rvíkur, hafi haft neitt við að athuga hingað til. Og ég veit ekki betur en að sósialistar hafi haft fulltrúa þar, sem þessari vinnu er úthlutað, og þar af leiðandi var minni ástæða fyrir þá að fara að sletta sér fram í þetta mál.

Í frv., eins og það var afgr. frá 2. umr. ber ráðningarskrifstofunni að fylgjast með atvinnuháttum eftir því, sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði. Við hv. þm. Snæf. höfum hugsað okkur, með brtt., sem við berum fram, að þetta starf verði falið vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins, og það er eðlilegast, að sú skrifstofa, sem á að standa í beinu sambandi við ráðningarskrifstofur bæjanna, safni öllum þeim gögnum, sem geta orðið til upplýsinga fyrir alla aðila. Í samræmi við þetta er það, sem segir í 3. lið 2. gr., að vinnumiðlunarskrifstofan á að veita opinberum stofnunum, og verkalýðsfélögum innan A. S. Í., og ennfremur fél. atvinnurekenda, upplýsingar um tölu atvinnulausra í ýmsum kaupstöðum, eftir því, sem hún getur. Samkv. 4. lið 2. gr. á vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins að standa í sam-

bandi við ráðningarskrifstofur kaupstaðanna og veita þeim allar upplýsingar í atvinnumálum, er þær kunna að óska, og halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og ennfremur milli kaupstaða og sveita, eftir því sem því verður við komið. Þessi liður brtt. er kominn inn með brtt. hv. þm. V.-Ísf., sem var samþ. við 2. umr. Loks á svo þessi skrifstofa að inna af hendi þau störf, sem henni kunna að verða falin með lögum eða reglugerðum.

Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, vegna ummæla hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv., að það gæti orðið allverulegur kostnaður í sambandi við rekstur þessara skrifstofa, og að sá kostnaður mundi lenda á bæjarsjóðunum, og í ýmsum tilfellum alveg í óþökk þeirra. Ég benti líka á það, að það er óeðlilegt, að setja þá kostnaðarliði á bæjarsjóði, sem geta komið fram við það, að löggjöfin kann að fela þessum skrifstofum einhver störf, sem bæjarsjóðirnir hafa í raun og veru engar skyldur til að inna af hendi. Það er þess vegna í samræmi við þessa hugsun, að í þessum brtt. er lagt til, að allur kostnaður við vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins sé greiddur úr ríkissjóði. Það eru engin skynsamleg rök til fyrir því, að þau störf, sem hlaðast kunna á slíka skrifstofu, sem hefir verið sett á stofn þvert ofan í vilja bæjarstj., séu unnin á kostnað viðkomandi bæjarsjóðs.

Ég vil nú leyfa mér að gera fyrirspurn til hæstv. forseta um það, hvort nauðsynlegt sé að halda þessum umr. áfram lengra fram eftir nóttunni. Mér virðist satt að segja, að ekki sé til of mikils ætlazt, þó að menn fái að sofa yfir lágnættið, þegar mönnum er ætlað að mæta til þingstarfa snemma að morgni. Þrátt fyrir þessa fyrirspurn mína mun ég taka þátt í umr. engu síður en aðrir, ef hæstv. forseti ákveður, að þær skuli halda áfram.

**Forseti (JörB)**: Mér þykir leiðinlegt að þurfa að leggja þá raun á hv. 8. landsk., að hann skuli þurfa að tala hér svo seint. Ég get þó ekki við því gert, því að ég hefi notað daginn eins og venja er til, til fundarhalda, en hv. þm. sér, hvað skammt er komið áleiðis með dagskrána. Hinsvegar hefi ég fengið ákúrur fyrir það hér í d., að halda ekki kvöldfundi, þegar umr. ganga úr hófi fram. Og þá verður mér vant, ef ég á að hafa fundi stutta, en þó að sjá til þess, að mál komist áfram. Ég verð því að taka það ráð að þrauka, þó að mér sé engin þægð í að þreyta hv. þm. úr hófi fram.

**Jóhann Jósefsson**: Ég vil aðeins segja nokkur orð um þingsköp. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta um það, hvort það sé skoðun hans, að hér sé um svo mikið þjóðþrifamál að ræða, að það þurfi endilega að halda mönnum vakandi í nótt til þess að ræða það. Ef endilega á að knýja það fram, að menn vaki yfir þessu máli í nótt, þá leiðir af því, að ýmsir nefndarfundir verða að falla niður á morgun. Það er ósanngjarnt að halda mönnum á fundum fram yfir venjulegan háttatíma, þegar menn hafa setið allan daginn á fundum. Það hefir vitanlega verið gert, en það hefir ekki alltaf flýtt þingstörfum mikið.

**Forseti (JörB)**: Út af ummælum hv. þm. Vestm. vil ég taka það fram, að það er ekki óvenjulegt, að menn haldi áfram fundi, ef seint hefir gengið afgreiðsla mála.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, hversu mikið þjóðþrifamál þetta mál sé, þá sé ég ekki ástæðu til að láta uppi skoðun mína um það. Um það munu þm. sjálfir dæma við afgreiðslu málsins. Mér ber að gæta þess, að taka málin fyrir, eftir því sem þau berast mér í hendur, og reyna að koma þeim áleiðis með afgreiðslu.

**Ólafur Thors**: Ég skal ekki mælast undan því að sitja hér, þó að til morguns væri. En mundi það vera ósanngjarnt, ef umr. þurfa endilega að halda áfram nú, að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann láti þá sækja þann ráðh., sem bar þetta frv. fram, og þá mætti hóa í hæstv. forsrh. um leið, svo að hann a. m. k. rumskaði og flokksmenn hans aðra, sem nú hrjóta heima. Þegar hæstv. forseti hefir gert þetta, látið sækja þá menn, sem ekki hafa gert skyldu sína með því að mæta á þjóðþinginu, þá má halda áfram.

**Jónas Guðmundsson**: Út af síðustu ummælum, sem féllu um þetta efni, þá vil ég taka það fram, að við erum hér staddir flestir sósialistar, og við höfum ekkert á móti því, að umr. sé haldið áfram, ef þess er óskað. Um það, hvort halda á umr. áfram, vil ég segja það sem mína persónulegu skoðun, að þegar slíkt málþóf á sér stað eins og kom fram í umr. um afurðasöluna í dag, þar sem 10 til 20 ræður voru haldnar, án þess að minnzt væri á málið, sem fyrir lá til umr., þá sé ég ekki eftir því, þó að þeir þm. verði að vaka hér fram eftir nóttunni við að ræða þau mál, sem ekki hafa komizt að fyrr. Ég tel því, að fundinum ætti að halda áfram, þangað til mál þau, sem á dagskrá eru, eru útrædd.

**Forseti (JörB)**: Það er ekki venja að fást um það, þó að ekki sé hver einasti þm. viðstaddur, þegar umr. ganga fram á nótt, og ég tel mér ekki skylt að verða við þeim tilmælum, sem hv. þm. G.-K. beindi til mín. En hvað viðvíkur þeim ráðh., sem þessi hv. þm. sérstaklega talaði um, þá veit ég ekki, hvaðan honum er komin vitneskja um hvildir þeirra. En það er víst, að þeir eiga ekki sæti í d. og greiða ekki atkv. um málið hér.

**Ólafur Thors**: Það er tæplega von til þess, að þm. viti, hvar hæstv. ráðh. hafast við á næturnar, en mér finnst þeim engin svívirðing gerð, þótt gert sé ráð fyrir, að þeir sofi heima hjá konum sínum. Ég er nú hálfófróður um þingsköp, en ég hefði gaman af, að forseti upplýsti, hvort þm. mættu vera fjarverandi af fundum án hans leyfis, og ef svo er ekki, þá hverjum hann hefði gefið leyfi til þess að vera fjarverandi af þessum fundi. Eigi fundurinn að

standa fram eftir nóttinni, á það að ganga jafnt yfir alla; ég er ekkert að hafa á móti því að sitja hér frameftir, ef þm. væru hér almennt, en nú mun vart meira en helmingur hv. þm. vera hér við. Það er í fyllsta máta óeðlilegt, að sá hæstv. ráðh., sem ber frv. þetta fram, skuli ekki vera viðstaddur. Hæstv. forseti veit, að þetta er mikið deilumál, og hér eiga að koma til umræðu mikilsverðar brtt. Ég sé, að það vantar líka hv. 2. þm. Reykv., formann n. þeirrar, sem fjallar um þetta mál. Það mætti þó alltaf bera það undir þá þm., sem eftir eru, hvort þeir álitu rétt að ræða þetta mál án þess að nokkur ráðh. sé viðstaddur, og þegar formaður allshn., hv. 2. þm. Reykv., lætur ekki heldur sjá sig.

**Jóhann Jósefsson:** Það mátti ráða af orðum hv. 6. landsk., að einhver krafa hefði komið fram um að halda fundinum áfram. Ég held, að enginn hafi óskað eftir því. Þegar búið var að afgr. næsta frv. á undan því, sem nú er til umr., frv. um matsstjóra, þá stóðu allir hv. þm. upp úr sætum sínum og töldu víst, að þá yrði fundi slitið. Það lítur líka út eins og herbragð, að taka nú þetta mikla deilumál til umr. þegar kl. er orðin tólf og fyrir liggja þýðingarmiklar brtt.

Hv. 6. landsk. talaði um, að illa hefði verið farið með tíma dagsins. Hv. þm. veit, að stjórnarandstæðingar eiga ekki fyrst og fremst sök á því. — En ég er á því, að hæstv. forseti ætti að láta sér nægja þá fundarsetu, sem orðin er í dag. En eigi að halda áfram fundi til morguns, skora ég á hæstv. forseta að sjá til þess, að sá ráðh., sem ber ábyrgð á málinu, verði hér viðstaddur þær þýðingarmiklu umr., sem hér fara fram. Hæstv. forseti er það reyndur í sínu embætti, að hann veit, að þýðingarmiklar brtt. við stjórnarfrv. eru aldrei ræddar án þess að hlutaðeigandi ráðh. sé þar til svara. Ég vil eindregið styðja till. hv. þm. G.-K. um það, að borið verði undir hv. d., hvort nú skuli haldið lengur áfram umr.

**Forseti (JörB):** Ég vil benda hv. þm. Vestm. á það, að frsm. meiri hl. n. þeirrar, er um málið fjallaði, er hér viðstaddur. — Spurningu hv. þm. G.-K. um það, hve margir hv. þm. hefðu fjarvistarleyfi, get ég svarað með því, að aðeins einn þm., hv. 2. þm. N.-M., hefir fjarvistarleyfi, vegna lasleika. Hvað því viðvíkur, að þm. hafi haldið, að fundi yrði slitið að aflokinni umr. um 3. málið á dagskránni, þá sagði ég hv. þm. það strax í dag, að ég hefði hug á því að ljúka dagskránni, þótt seint yrði. En ég get orðið við þeim tilmælum, sem komið hafa fram um að bera það undir d., hvort fundi skuli nú haldið lengur áfram.

ATKVGR.

Forseti lét fara fram nafnakall um það, hvort fundi skyldi haldið áfram fram eftir nóttu. Var það fellt með 12:9 atkv., og sögðu

**já:** StJSt, ÞorbÞ, EmJ, EystJ, FJ, GG, JG, PÞ, JörB.

**nei:** SK, TT,[1]) BB,[2]) GÞ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO.

SigfJ, BÁ, GTh, greiddu ekki atkv.

Níu þm. (SE, ÁÁ, BJ, GSv, GÍ, HannJ, HV, MT, PZ) fjarstaddir.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., 31. okt., var fram haldið 3. umr. um frv.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Það er miklu eðlilegra að ræða þetta mál á *björtum degi heldur en á nóttu*. En ég vildi gjarnan vísa til þeirrar ræðu, sem ég hélt hér í nótt um þetta mál. Af því að í þeirri ræðu var margt tekið fram, sem allir hv. þdm. hefðu helzt þurft að hlusta á, en hins vegar voru þá ýmsir hv. þm. farnir af fundi, þá skal ég eftir tilmælum hæstv. ráðh. endurtaka nokkuð af því nú, sem ég sagði þá.

Eins og tekið hefir verið fram, eru brtt. fluttar af minni hl. allshn., og er þar um gagngerðar brtt. á frv. að ræða. Að efni til er breyt. í því fólgin, að minni hl. n. leggur til, að sérstök skrifstofa verði sett á stofn, sem nefnist vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins. Þessi till. er til orðin vegna þeirrar afstöðu, sem hæstv. atvmrh. og fleiri hv. þm. tóku til þess máls. Þeir studdu sem sé frv. um það, að ríkisstj. hefði meirihlutavald í sambandi við úthlutun atvinnubótavinnu. Þeir studdu þennan málstað sinn með því, að stj. þyrfti að hafa fullt vald yfir úthlutun þess fjár, sem ríkissjóður legði fram til atvinnubótavinnu. Ég vil nú ekki lesa það upp hér enn á ný, sem um þetta hefir verið sagt, en vil leyfa mér að vísa til fyrstu ræðu, sem hæstv. atvmrh. hélt um málið, og til ræðu hv. 2. þm. Árn., þar sem þeir færa rök fyrir sinni afstöðu til málsins með því að segja, að það sé rétt og sanngjarnt, að ríkissjóður ráði, á hvern hátt sé úthlutað þessu fé til atvinnubóta, sem nú er ákveðið í fjárl., að verði um ½ millj. kr. Ég vil vísa til ræðu, sem hv. 2. þm. Árn. hélt um málið nýlega. Þeir rökstyðja sína atkvgr. í málinu með því, að rétt sé, að ríkissjóður ráði, hvernig úthlutað er því fé, sem ríkið leggur fram til atvinnubóta. Bent hefir verið á, að á fjárl.frv. er nú áætluð ½ millj. til þessara hluta.

En hitt er ekki síður sanngjarnt, að kaupstaðirnir ráði, hvernig ráðstafað er fé því, sem þeir leggja fram.

Till. á þskj. 222 gengur í þá átt, að vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins hafi meirihl.vald til að ákveða úthlutun atvinnubótafjár, en jafnframt er kaupstöðunum heimilt að stofna ráðningarskrifstofur.

2. liður brtt. er upptalning á hlutverkum vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins.

Flestir þessir undirliðir eru svipað orðaðir og í 2. gr. frv., sem samþ. var hér við 2. umr. Við höfum gert það að till. okkar, að Alþýðu-

1) **TT:** Þar sem vantar hér bæði hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Reykv., en við þá þyrfti ég helzt að tala, segi ég nei.

2) **BB:** Þar sem hlutaðeigandi ráðh. er ekki viðstaddur, og ég tel ekki rétt, að málið sé rætt án þess, segi ég nei.

sambandið tilnefni einn mann, atvinnurekendur annan, en atvmrh. þann þriðja, er skal vera formaður. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Með þessu er það tryggt, að atvmrh. geti ráðið oddamanninum. Allur kostnaður við vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins á að greiðast úr ríkissjóði, og er það sanngjarnt, þar sem til skrifstofunnar er aðeins stofnað með tilliti til fjár, er ríkið leggur af mörkum.

Þá er 7. brtt. Þar stendur, að kaupstöðum skuli heimilt að stofna sérstakar ráðningaskrifstofur. Er tekið fram hlutverk þeirra: Þær eiga að veita verkamönnum og atvinnurekendum milligöngu um vinnusölu og vinnukaup, miðla vinnu milli bæjarbúa, úthluta vinnu, sem kostuð er af bæjarsjóðum, svo og annari vinnu, er skrifstofunni kann að vera falið að úthluta, framkvæma atvinnuleysisskráningar.

Þetta verða nú bæjarsjóðir að sjá um, því að gert er ráð fyrir, að allur kostnaður við ráðningarskrifstofurnar í kaupstöðum sé greiddur úr bæjarsjóðum.

Af þeim 3 mönnum, sem eiga að vera í stj. ráðningarskrifstofunnar, skal einn útnefndur af bæjarstj., og er hann formaður, annar af verkalýðsfél. innan Alþýðusambandsins eða fulltrúaráði þess og hinn þriðji af atvinnurekendum. Með því er tryggt, að meiri hl.vald bæjarstj. ráði oddamanni. Stj. skrifstofunnar hefir vald til að ráða forstöðumann skrifstofunnar, svo og aðstoðarmenn, ef þurfa þykir. Þessar skrifstofur standa undir vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins, en hafa þó ákveðið starfsvið. Viðkomandi bæjarstj. hefir fullan íhlutunarrétt um stj. skrifstofunnar, þar sem hún skipar oddamanninn.

Ég tel Alþ. geta fellt sig við þessar brtt. Með vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins er ríkisstj. tryggður íhlutunarréttur um útbýtingu atvinnubótafjár. Í ræðum sínum við 1. og 2. umr. málsins færði hæstv. atvmrh. þau rök fyrir framkomu frv., að sanngjarnt væri, að ríkissjóður hefði íhlutunarvald um úthlutun atvinnubótafjár. Með þessum brtt. er þetta tryggt, en þó gætt réttar viðkomandi bæjarstjórna, sem samkv. lýðræðisreglum eiga að hafa vald yfir úthlutun þess fjár, er þær láta af hendi.

Þessar till. eru fram komnar til að leysa málið með sanngirni og leiða það út úr þeim ógöngum, sem ríkisstj. og allshn. hafa leitt það í. Hæstv. stj. og hv. n. vita, að ef ganga á áfram þá leið, að hér sé sett upp skrifstofa, er taki sér það meirihl.vald, sem bæjarstj. ber að réttu lagi, þá eru þegar komin illindi í málið, og skrifstofan nær ekki tilgangi sínum. Vona ég því, að hæstv. atvmrh. taki fullt tillit til þessara till. og samþ. þær, í samræmi við þau orð, sem hann hefir áður viðhaft.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég óttast, að hv. 8. landsk. verði fyrir vonbrigðum í sambandi við brtt. þær, sem hann og hv. þm. Snæf. bera fram á þskj. 222. Ég álít þær ekki til bóta. Furða ég mig á því, að þeir, sem talað hafa um þann mikla kostnað, sem skellt væri á bæjarfél. með frv. mínu, skuli nú leggja til, að stofnaðar verði aðrar skrifstofur með sama verkahring. Vil ég í þessu sambandi minna á, hvernig nú er komið í Rvík. Bæjarstj. hefir sérstaka skrifstofu til að úthluta atvinnubótavinnu. Í öðru lagi heldur hún uppi ráðningarskrifstofu, sem ég held ekki, að sé til mikils gagns. Í þriðja lagi halda verkalýðsfél. uppi vinnumiðlunarskrifstofu í bænum. Þetta ástand er mjög óheppilegt. Ég óttast, að með því að samþ. þessar brtt., væri að ýmsu leyti stefnt í sömu átt.

Það er ekki rétt, sem hv. 8. landsk. sagði um brtt., að vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins ætti samkv. þeim að úthluta atvinnubótavinnunni. Í 1. undirlið 2. gr. till. hans segir:

„Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins skal vera: 1) Að gera till. til ráðningarskrifstofa kaupstaðanna um fyrirkomulag og úthlutun atvinnubótavinnu eða annarar vinnu, sem kostuð er af ríkissjóði. (GÞ: Ef hæstv. ráðh. vill lesa 3. lið 7. brtt., sér hann þetta skýrar). Já, þar segir svo: „Hlutverk hennar (ráðningarskrifstofunnar) skal vera: ... B. Að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjarsjóðum, svo og annari vinnu, er skrifstofunni kann að verða falið að úthluta, sbr. 2. gr., 1. lið.

Ég fæ nú ekki betur séð en að þarna geti orðið um árekstur að ræða milli ríkis og kaupstaða, eftir orðum sjálfstæðismanna. Ef vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins gerir till. til ráðningarskrifstofu einhvers kaupstaðar, en hún fer ekki eftir, þá er þegar sköpuð misklið. Ef hinsvegar ráðningarskrifstofan fer eftir till. vinnumiðlunarskrifstofunnar, þá er hún þar með gerð óþörf.

Get ég því ekki mælt með þessum brtt.

**Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson)**: Við 1. umr. málsins var efni frv. rætt ýtarlega. Kom þá fram skoðun, sem leiddi til nokkurra rökræðna um málið. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær umr. af hálfu meiri hl. allshn. En meiri hl. leggur á móti því, að brtt. minni hl. verði samþ. Meiri hl. telur tvískiptingu vinnumiðlunarinnar óhagkvæma leið. Leggur hann því til, að frv. verði samþ. óbreytt. Að öðru leyti vísa ég til ræðu hæstv. atvmrh.

**Thor Thors**: Mér þykir hæstv. atvmrh. og hv. 1. landsk. vilja afgreiða þessa miðlunartill. okkar hv. 8. landsk. nokkuð fljótt. Fannst mér það nærri því koma fram í ræðu hæstv. ráðh., að hann hefði ekki gefið sér tíma til að lesa till. yfir eins og heimta verður af honum, þar sem hann bar þetta mál fram sem stjórnarfrv.

Áður en ég vík að þeim veigalitlu andmælum, sem fram komu hjá tveim síðustu ræðumönnum, vil ég taka það fram, að till. okkar er fram komnar í þeim tilgangi að leysa á friðsamlegan hátt þann mikla ágreining, sem orðið hefir um þetta mál. Sá ágreiningur er fyrst og fremst kominn upp vegna þess, að minni hl. þingd. telur, að með frv. hæstv. atvmrh. sé gengið á rétt meiri hl. bæjarstj. til að skipa sínum málum, eins og þær óska sjálfar. Við teljum, að þetta frv. hæstv. atvmrh. sé fram borið til að taka þennan rétt af meiri hl. bæjarstj. Rvíkur. Að öðru leyti höfum við ekki mjög margt við

efni frv. að athuga. Við getum fallizt á, að sú heimild, sem veitt er atvmrh. fyrir hönd ríkisins, og bæjarstj. fyrir hönd bæjarfélaganna, sé réttmæt. En við teljum, að gera verði greinarmun á því, hvert sé verksvið ríkis og hvert bæjarstj. Því leggjum við til, að stj. sé tryggð heimild til að stofna vinnumiðlunarskrifstofu, er úthluti þeirri vinnu, er ríkið leggur fram fé til. En í öðru lagi viljum við, að bæjarstj. sé heimilt að stofna ráðningaskrifstofur bæjarfél. þar sem þörf er á. Sé ég ekki betur en að þetta sé sanngjörn till. Veit ég, að hv. dm. viðurkenna það, ef þeir líta á málið með óhlutdrægni. Hvað er eðlilegra en að bæjarstj. ráði sínum málum, eins og ríkið á að ráða sínum?

Ég hefi því gert mér von um, að þessar till. muni fá góðar undirtektir hér í d., og ég geri mér enn vonir um það, því að andmæli þau, sem fram hafa komið, eru eingöngu frá sósíalistum. Ýmsir hv. dm., sem á málið geta litið með sanngirni, geta fallizt á, að hér sé stefnt í rétta átt.

Mér komu undarlega fyrir sjónir orð hæstv. ráðh. áðan, þar sem hann sagðist ekki skilja það, út frá andstöðu okkar gegn frv. við 1. umr., að nú ætti að fara að dengja þessum ráðningarskrifstofum á, að bæjarstj. fornspurðum. En í till. er einmitt séð fyrir því, að skrifstofurnar verði ekki stofnaðar að bæjarstj. fornspurðum. Í 7. brtt. segir: „Í hverjum kaupstað landsins skal bæjarstj. heimilt að stofna ráðningarskrifstofu“. Hér á því ekki að þvinga neina bæjarstj. út í kostnað, að henni fornspurðri.

Hæstv. ráðh. veit, að okkar andstaða gegn frv. var aðallega af því sprottin, að með frv. hans er ætlazt til, að ríkið seilist inn á þau verksvið, sem heyra undir bæjarstj. eða sveitarstj. Með till. hv. 8. landsk. og mín er þessi agnúi afnuminn, án þess að málið bíði tjón við. Ég vek athygli á því, að í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkið greiði nokkurn hluta af kostnaði við þessa skrifstofur bæjarfél., ætlast brtt. til, að bæjarstj. greiði allan kostnað þeirra.

Ég er ekki hræddur við þann árekstur, sem hæstv. ráðh. talaði um, að verða myndi milli vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins og ráðningarskrifstofa bæjanna. Hvor aðilinn hefir sitt valdsvið, svo að ástæðan til miskliðar er engin.

Hv. 1. landsk. sló því fram órökstuddu f. h. meiri hl. allshn., að þessi tviskipting væri óhagstæð. Vona ég, að menn sjái, að þar sem hér er um tvíþætt starf að ræða, er full ástæða til, að það sé unnið í tvennu lagi.

Ég held, að ef sósíalistar halda uppi mikilli andstöðu gegn þessum till., þá sé bersýnilegt, að það er ekki af umhyggju fyrir málinu, heldur vaki fyrir þeim að hrifsa undir ríkið það vald, sem bæjarstj. Rvíkur hefir rétt til að hafa og á að hafa.

**Bjarni Bjarnason:** Hv. 8. landsk. las upp ummæli mín við 1. umr. þessa máls. Ég vildi þá undirstrika, að vald atvmrh. gagnvart atvinnubótafénu væri sem bezt tryggt. Ég tel, að þessi tilgangur náist með ákvæði 1. gr. frv. Ég vil undirstrika það, að ég tek ekki tillit til þess, hverjir skipa stj. núna. Við vitum, hver er atvmrh. nú og líka, hvernig bæjarstj. Rvíkur er skipuð. En hver getur dæmt um það, hvernig þetta verður í framtíðinni? Sennilega koma upp nokkrar vinnumiðlunarskrifstofur á næstu árum. En hver þá verður atvmrh., er alveg óvíst. En því hefir verið blandað í málið, hvernig þessu er háttað núna.

Brtt. á þskj. 222 er eftir minni hyggju óþörf. Frv. tryggir það, sem ég vil, að sé tryggt. Ég mun því ekki fylgja brtt., en halda mér við frv. — Hv. þm. Snæf. sagði, að frv. tæki af bæjarstj. ákvörðunarrétt þeirra. En ef nú ákvörðun bæjarstj. er í samræmi við ákvörðun atvmrh., þá er ekki hægt að segja, að þessi réttur sé tekinn af bæjarstj. Það er barnaskapur að líta svona á málið. Ég vildi taka þetta fram til að sýna, að tilgangur frv. er tryggur í því sjálfu. Brtt. er aðeins togstreita um aukaatriði.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. sagði, að ég myndi verða fyrir vonbrigðum um afstöðu hans til brtt. Ég verð að játa þá skoðun mína, að ég áleit, að hæstv. atvmrh. kynni að fara batnandi. En það er auðvitað varla von á því á svo skömmum tíma, sem liðinn er frá 2. umr. Ég verð því að kannast við, að ég hefi verið of bjartsýnn um afstöðu hans til þessa máls. Hann má því ekki skoða þessi ummæli mín sem ofmikið traust. Ég tek undir það með hv. 2. þm. Árn., að það er vonandi, að hann sitji ekki um alla eilífð í ráðherrastóli.

Hæstv. atvmrh. sagði, að ég horfði ekki í kostnaðaraukann, sem till. myndi hafa í för með sér, ef hún yrði samþ. Í frv. stj. er gert ráð fyrir 5 manna stj., en eftir till. okkar 6 manna stj. En þess ber að gæta, að ef stj. ætlar með meirihl.valdi sínu að þvinga þessi l. í gegn, þá hefir það þá afleiðingu, að sumir kaupstaðirnir munu setja á stofn sínar eigin ráðningaskrifstofur. Kostnaðurinn verður því engu minni, þó frv. verði samþ. Þess er líka að gæta, að eins og þetta er hugsað, þá verður, þó að það sé ekki nema 3 manna stj., einhver ákveðinn maður að vera fyrir þessu, og verður aðalgreiðslan til hans. En ef brtt. er samþ., þá hlýtur að verða minna starf á vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins og þar af leiðandi minni kostnaður. Tal hæstv. ráðh. um kostnaðarauka, ef till. verður samþ., er einungis út í loftið og sagt til þess að vekja tortryggni gagnvart till.

Hæstv. atvmrh. sagðist vera kominn að 7. lið, þegar ég minnti hann á þann lið áðan. En ég er hræddur um, að hann hafi ekki athugað hann vel. Það verður a. m. k. ekki séð af ræðu hans. Ef hann hefði gert það, þá hefði honum orðið ljóst, að samkv. 7. gr. brtt. 3. tölul. er ráðningaskrifstofum kaupstaðanna ætlað að úthluta vinnu, sem þeim er falið af vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins. Þar stendur svo: „Að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjarsjóðum, svo og annari vinnu, er skrifstofunni kann að verða falið að úthluta, sbr. 2. gr., 1. lið“. Vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins gerir till. um úthlutun atvinnubótavinnunnar, sem kostuð er af ríkissjóði. En ef þetta er í vegi fyrir því, að hæstv. atvmrh. sé fylgjandi till., þá má breyta orðalag-

inu þannig, að ráðningaskrifstofum kaupstaðanna sé skylt að fara eftir till. vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins. Hæstv. atvmrh. hlýtur að vera ljóst, að ef ein af ráðningarskrifum kaupstaðanna vill ekki fara eftir till. vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins, þá er það hægur vandi fyrir ríkisstj. að draga að sér hendina um útborgun atvinnubótafjárins. Ráðh. hefir það alveg í hendi sinni, að neita að borga út atvinnubótafé, ef ekki er farið eftir till. vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins. Ég er sannfærður um, að núv. hæstv. atvmrh. myndi ekki hika við að beita því valdi. Með orðalagi 7. gr. er stj. alveg tryggður réttur til íhlutunar um atvinnubótavinnu, sem unnin er fyrir fé ríkissjóðs. Ríkisstj. getur neitað að borga fé, ef ekki er farið eftir hennar till. Þarna getur ekki orðið neitt árekstrarefni. En ef það yrði, þá hlyti ríkisstj. að sigra, því að hennar er féð og ríkisstj. ræður, hvort greitt er eða ekki. Svo má í áframhaldi af þessu minna á, að það er óeðlilegt, að vinnumiðlunarskrifstofan hafi ein, eins og gert er ráð fyrir í frv., rétt til að úthluta fé, sem bæjarstj. leggja fram. Ég veit, að hæstv. ráðh. getur ekki svarað því játandi, en ef hann gerir það, þá gerir hann það gegn rödd samvizku sinnar. Hann getur ekki haldið því fram, að það sé sanngjarnt, að vinnumiðlunarskrifstofan hafi endanlegt vald um það, hvernig fé, sem bæjarstj. leggja fram, er úthlutað. Í þessu efni getur auðvitað orðið árekstur milli skrifstofunnar og bæjarstj. hinsvegar. Og árekstur inn getur eins orðið, ef frv. verður samþ. óbreytt. Árekstur verður einungis, ef vinnumiðlunarskrifstofan vill fara að sletta sér fram í úthlutun þess fjár, sem bæjarstj. ber að úthluta.

Hæstv. ráðh. getur ekki gengið framhjá fyrri afstöðu sinni til þessa máls. Hann færði áður þau aðalrök fyrir málinu, að vinnumiðlunarskrifstofan ætti að sjá um úthlutun atvinnubóta og tryggja það, að ekki sé gengið á hluta ríkisins. En þessi rök duga ekki, þegar þessi nýja till. kemur fram. Minni hl. n. segir, að vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins eigi að úthluta því fé, sem ríkið leggur fram, en bæjarstj. því, sem þær leggja fram.

Það er leiðinlegt, að hv. 2. þm. Árn. skuli ganga frá orðum sínum við 2. umr. þessa máls. Þá sagði hann, að það væri rétt, að ríkisstj. úthlutaði því atvinnubótafé, sem ríkið legði fram. Þá sagði hann líka, að það væri ekki rétt, að hún úthlutaði því fé, sem bæjarsjóðir legðu fram. Hann sagðist hugsa um framtíðina, en ekki það, hver sé ráðh. nú. En hann ætti að skoða þetta mál í því ljósi, að þetta frv. er einungis komið fram vegna núv. ástands, að Sjálfstæðisflokkurinn hefir meirihl.vald í bæjarstj. Hvorki hv. 2. þm. Árn. né hv. þm. jafnaðarmanna vilja taka tillit til þess, sem verða kann, að þessi stj. fari frá og sjálfstæðismenn taki við. Sjálfstæðismenn myndu aldrei hafa komið fram með svona frv., þó þeir hefðu haft meiri hl. í þinginu, því að sjálfstæðismenn berjast fyrir því að varðveita rétt bæjarstj. Það eru því sjálfstæðismenn, sem hugsa meira heldur en um líðandi stund. Þeir vilja ekki samþ. þetta frv. í þeirri von, að þeir nái völdum. — Hæstv. ráðh. sagði, að andspyrna Sjálfstæðisflokksins í þessu máli bæri vott um litla trú á málstað flokksins. En sannleikurinn er sá, að sjálfstæðismenn hafa enga löngun til að ná valdi yfir því, sem samkv. öllum lýðræðisreglum á að hvíla hjá öðrum. En hæstv. ráðh. óttast, að hans flokki hraki, þar sem hann leggur svona mikla áhrezlu á að ná valdi yfir ráðningarskrifstofu Rvíkur. Af því að hann veit, að jafnaðarmenn ná ekki meiri hl. í Rvík, þá vill hann með valdboði tryggja þeim þennan rétt. Afstaða sjálfstæðismanna er sannarlega ekki vottur þess, að þeir trúi ekki á málstað sinn. Sjálfstæðisflokkurinn tekur tillit til þess, sem verða kann. Hann veit, að það geta orðið ráðherraskipti. En hann vill ekki, að ríkisstj., af hvaða flokki, sem hún kann að vera, hafi íhlutunarrétt, þar sem meiri hl. bæjarstj. á að ráða. Einu rökin fyrir frv. eru þau, að stj. eigi að hafa íhlutunarrétt um það fé, sem ríkið leggur fram. Við bjóðumst til þess að samþ., að sérstök skrifstofa verði stofnuð til að sjá um það. En ef hv. þm. vilja ekki ganga inn á það, þá hafa þeir viðurkennt, að tilgangur frv. stj. sé sá, að tryggja stj. það vald, sem á að vera hjá bæjarstj.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég skal ekki ræða hér um innræti Sjálfstæðisflokksins eða líkurnar fyrir því, að hann nái meiri hl. við næstu almennar þingkosningar, því það kemur málinu ekki við. Hv. þm. Snæf. sagði, að ég hefði hraðlesið brtt. hans og hv. 8. landsk. En ég býst við, að þetta eigi betur við hann sjálfan. Hann sagði, að með brtt. á þskj. 222 væri ætlazt til þess, að vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins úthlutaði þeirri vinnu, sem ríkið leggur fram styrk til. En þetta er rangt. Í till. stendur, að vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins eigi að gera till. til ráðningaskrifstofu kaupstaðanna um fyrirkomulagið á úthlutun atvinnubótavinnu þeirrar, sem ríkið leggur fé til. Hennar vald er aðeins að gera till. Það dugir ekki að vefja þetta í málskrúði, því þetta er greinilega orðað í brtt., og án efa gert með fullri athugun.

Ég vil benda á, að í 7. gr. brtt. 3. tölul. segir „að ráðningarskrifstofur kaupstaðanna eigi að sjá um úthlutun þeirrar vinnu, sem kostuð er af bæjarsjóðum, svo og annari vinnu, sem þeim kann að vera falið að úthluta sbr. 2. gr., 1. tölul.“. Og þ. á m. er sú vinna, sem vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins gerir till. um. En því fer fjarri, að ráðningarskrifstofum kaupstaðanna sé skylt að fara eftir þeim till. Eins og ég sagði áður, þá er alveg óþarft að hafa tvo aðila.

Hv. 8. landsk. vék að því, að þetta væri ekki kostnaðarauki. En það er misskilningur hjá honum, ef hann heldur, að tvær skrifstofur kosti ekki meira en ein. Það þarf þá bæði meira starfsfólk og meira húsnæði, svo að kostnaðurinn hlýtur að verða meiri. En þetta er auðvitað ekki aðalatriðið, heldur hitt, að það eru engar líkur til þess, að tvær skrifstofur geri meira gagn heldur en ein. Að með frv. sé framið lýðræðisbrot, hefir verið marghrakið, og ég nenni því ekki að endurtaka það hér. Ég þarf svo ekki að taka fleira fram í sambandi við þetta mál.

**Thor Thors:** Ég þarf ekki að svara hv. 2. þm. Árn. mörgu, því hv. 8. landsk. hefir gert það að mestu leyti. Ég verð að segja, að það er einkennilegt, að hann skuli enn geta haldið því fram, að með þessu stjfrv. sé ekki stefnt að því að taka ráðin af bæjarstj., þar sem 1. gr. frv. tekur það fram, að atvmrh. einn geti mælt svo fyrir, að stofnuð sé vinnumiðlunarskrifstofa innan kaupstaðanna. Ég veit ekki, hvað er að taka ráðin af bæjarstj., ef það er ekki þetta, að fela stj. það, sem þær eiga sjálfar að ákveða. Hann sagði, að það væri barnaskapur að álíta, að bæjarstj. yrði ætíð í andstöðu við atvmrh. Veit hv. þm. ekki, að þetta frv. nær til allra kaupstaða, og það er enginn barnaskapur að ætla, að atvmrh. verði á hverjum tíma í andstöðu við einhverja bæjarstj. Það er þvert á móti mjög líklegt. Það verður að teljast hætta á því, að harðvítugur ráðh. noti þetta vald sitt gegn meiri hl. bæjarstj.

Ég skal ekki deila um það, hvort sósialistar eða sjálfstæðismenn muni hafa meiri hl. í framtíðinni. Um það veit enginn, og auðvitað getur allt breytzt frá því, sem nú er, og það jafnvel áður en nokkurn varir. En aðalatriðið í andstöðu okkar gegn frv. er það, að það er óeðlilegt, að atvmrh. geti ákveðið um bæjarmálefni gegn vilja meiri hl. bæjarstj., hver svo sem hann er.

Hæstv. atvmrh. vildi halda því fram, að ég hefði ekki kynnt mér þetta mál, en ég verð að segja, að það er hann, en ekki ég, sem hefir slæma samvizku í þessum efnum. Það kom nefnil. í ljós í ræðu hæstv. ráðh., að hann hafði ekki kynnt sér brtt. okkar hv. 8. landsk. eins og vera ætti og eins og honum bar blátt áfram bein skylda til. Það er á engan hátt rangt, sem ég sagði, að samkv. brtt. okkar hv. 8. landsk. væri það hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins að ráðstafa ríkissjóðsvinnu. Þar stendur í 2. lið brtt., að hlutverk ríkisskrifstofunnar sé „að gera till. til ráðningarskrifstofa kaupstaðanna um fyrirkomulag og úthlutun atvinnubótavinnu eða annarar vinnu, sem kostuð er af ríkissjóði". Till. hafa vitanlega enga þýðingu, ef ekki er tekið mark á þeim, en við ætlumst til þess, að till. séu gerðar með það fyrir augum, að farið sé eftir þeim. Það er því útúrsnúningur hjá hæstv. ráðh., að ekki sé ætlazt til þess samkv. brtt. okkar, að skrifstofan hafi þetta hlutverk.

Um kostnaðinn skal ég fátt segja. Ég býst samt við því, að það verði lítið meiri kostnaður af tveimur 3 manna stj. hér í Rvík heldur en af einni 5 manna stj. eins og frv. gerir ráð fyrir. Það getur verið, að þörf sé á fleira starfsfólki við tvær skrifstofur heldur en eina. En ég leyfi mér að efast um, að kostnaðurinn verði meiri fyrir ríkið við að standa straum að sínum hluta af þessum útgjöldum, ef samþ. verða okkar brtt., því eins og kunnugt er, þá er í frv. ætlazt til, að ríkið greiði ⅓ hl. kostnaðar við hverja skrifstofu, en samkv. brtt. er gert ráð fyrir, að bæjarfél. beri kostnaðinn af sínum skrifstofum, en ríkið aðeins af einni skrifstofu hér í Rvík, fyrir allt landið.

Ég álít, að þó einhver örlítill kostnaður verði fyrir báða aðila samanlagt, samkv. brtt. okkar, þá sé það vel þess vert, því þetta skipulag ætti að koma málinu í viðunandi horf, og má því ekki horfa í lítilsháttar útgjöld. En ég er hræddur um, að sú verði afleiðingin, ef stuðningsmenn stj. ætla að þvinga frv. fram óbreytt og gera þetta mál, sem ætti og gæti verið samkomulag um, að ágreiningsmáli, þá verði það aðeins til þess að eyðileggja árangurinn, og skipulagið verði ekki verkafólkinu til hjálpar og hagsbóta, heldur stirðni það upp í sjálfu sér.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég mun við þessa umræðu greiða atkv. með till. þeim, sem bornar eru fram af hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., því þær fara mestmegnis í sömu átt og byggjast á sömu rökum og till. þær, sem ég bar fram við 2. umr. þessa máls, þó að vísu sé bætt allmiklu við. Ég vil geta þess, að mér kom í hug það fyrirkomulag, að hafa eina aðal- eða yfirskrifstofu, en fannst það of viðamikið og tók því það ráð, að gera till. um að fela þessa yfirstj. einum fulltrúa í atvmrn. En þar sem ég tel, að þessar till. séu líklegar til að verða vinsælli og koma að meira gagni en frv. óbreytt, vil ég ljá þeim lið mitt, og verði ekki þessi breyt. samþ., tel ég, að l. þessi verði í ósamræmi við meiri hl. bæjastj.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Ég veit, að hæstv. ráðh. fyrirgefur mér, þó ég hafi lagt fyrir hann gildru, og sannleikurinn er sá, að ég gerði það til að komast að því, hvort hann hefði lesið brtt. Gildran var fólgin í því, að ég spurði hann, hvort kostaði meira ein skrifstofa eða tvær. Ég orðaði þetta á þann hátt, að gera samanburð á, hver kostnaður yrði af 1 skrifstofu með 5 manna stj. eða 2 skrifstofum með 6 manna. Þegar athugað er frv., sést, að hæstv. ráðh. hefir gert ráð fyrir 5 manna stj. í hverjum kaupstað eða hverri skrifstofu.

Nú eru 8 kaupstaðir á landinu, 8×5 er sama sem 40 menn í atvinnu við stj. þessara stofnana. en ef till. okkar hv. þm. Snæf., sem er samhlj. till. hv. þm. V.-Ísf., yrði samþ., þá sitja í stjórnum bæjarskrifstofanna 3×8, eða 24 menn + 3 menn í stj. vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins = 27 menn alls. Eftir okkar till. mætti því spara kaup handa 13 manns. Eftir till. okkar ætti ríkið ekki að greiða kaup nema 3 mönnum, en eftir frv. ⅓ af 40 mönnum = 13⅓ manni. Alveg sama er útkoman með tilliti til kostnaðar bæjarfél. Eftir okkar till. koma laun 3 manna í stað launa ⅔ af 5 mönnum samkv. frv., sem gerir 3 og ⅓ mann. Ég hafði gaman af að leggja þessa snöru fyrir þennan hæstv. ráðh., og hann hangir nú fastur í snörunni, því hann hefir sannað með ræðu sinni, að hann hefir ekki lesið brtt., eins og hv. þm. Snæf. hélt fram, því annars hefði hann hlotið að sjá, að það er minni kostnaður að greiða laun til 27 manna heldur en til 40 manna.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég er nú hræddur um, að hv. þm. hafi verið of góður með sig og þótzt of klókur að leggja

snörur. Þetta minnir mig á orðtæki eða gamlan málshátt er hljóðar svo „sér grefur gröf þá öðrum grefur“. Hann hefir grafið sjálfum sér gröfina, hefir flækt sjálfan sig, því hann gat enga upphæð nefnt. (GÞ: Þetta var gildran). Hann hefir flækt sjálfan sig í þeirri gildru, hv. þm., því eins og hv. þm. Snæf. játaði viðvíkjandi kostnaðinum, er munurinn ekki verulegur, því hann verður hærri á öðrum liðum. Hugleiðingar hans um kostnað við 40 starfsmenn eru því alveg út í bláinn. Annars var það ekki ræða þessa hv. þm., sem gaf mér tilefni til að segja nokkur orð, heldur hv. þm. V.-Ísf. Hann taldi sig geta fallizt á þessar brtt. Þær væru í betra samræmi við sjálfsákvörðunarrétt bæjanna og venjuna um nefndaskipun. Ég er nú hræddur um, að þetta sé á misskilningi byggt. Ég veit ekki betur en að fjöldi n. sé skipaður eftir sömu grundvallarreglum og þessi n. á að vera skipuð. Ég veit ekki betur en að t. d. skólan. séu skipaðar á þann hátt, að ráðh. tilnefnir oddamanninn. Ég veit ekki betur en að fjmrh. skipi oddamann í skattan., m. a. s. hér í bænum er oddamaður niðurjöfnunarn. skattstjórinn, skipaður af ráðh. Ég veit ekki betur en að hér í þinginu núna séu tvö frv., þar sem gert er ráð fyrir fastanefndum, og að viðkomandi ráðh. skipi oddamann í þeim báðum, — það eru l. um afurðasöluna, kjöt og mjólk —, og að öðru leyti eftir till. bæjarstjórnar, og ég hefi ekki heyrt þessu mótmælt eða heyrt neinn tala um ranglæti í þessum efnum, en nú fyllast þessir menn heilagri vandlætingu í þessum efnum, bara af því þeim þykir ráð þeirra skert um of í svipinn.

**Ásgeir Ásgeirsson**: Hæstv. ráðh. benti á nokkrar n., sem ráðh. skipar oddamann í. Þetta er alveg rétt, þær eru til, en það er bara sá galli á, að þær n. hafa sitt ákveðna verkefni, t. d. skólanefnd. Hennar verksvið er afmarkað, en hún getur ekki lagt á neinar kvaðir. Þessar n. hafa ekki vald til að leggja sérstök gjöld á menn. Þetta gerir muninn, því hér er stjórnarnefnd, sem hefir vald til þeirra hluta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 222,1 felld með 16:14 atkv.
Brtt. 222,2—12 teknar aftur.
Frv. samþ. með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.
**nei:** JS, ÓT, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ, GÞ, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JónP.

Tveir þm. (GSv, JÓl) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

---

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 214).

Á 29. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Þetta frv. hefir þegar verið allýtarlega rætt í hv. Nd., svo að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú. Tilgangur frv. er að reyna að stuðla að því, að sú atvinna, sem á hverjum tíma fellur til á hverjum stað, skiptist sem jafnast niður á milli þeirra, sem vilja nota hana. Þessum tilgangi er hugsað að ná með því að hafa sérstaka skrifstofu, sem annaðist rannsókn um atvinnuleysi, fylgdist með atvinnuháttum í landinu og úthlutaði þeirri vinnu, sem til fellur. Um stj. þessarar skrifstofu er tekið fram í 3. gr. frv., að samtök verkamanna tilnefni einn mann í stj., samtök atvinnurekenda einn, viðkomandi bæjarstj. tvo menn og atvmrh. skipi svo oddamann. Um skipun í stj. slíkra skrifstofa tel ég réttast að taka sem fyllst tillit til þeirra aðilja, sem skrifstofurnar eiga að vinna fyrir. Þar sem hér er m. a. um að ræða skýrslusöfnun fyrir hið opinbera og úthlutun á vinnu fyrir fé, sem greitt er úr ríkissjóði til atvinnubóta, tel ég rétt, að ríkisstj. skipi oddamanninn í n.

Ég geri það svo að till. minni, að málinu verði að lokinni umr. vísað til allshn.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Enda þótt við höfum ekki haft tíma til að vera langdvölum í hv. Nd., eins og hæstv. atvmrh. hefir getað, þá er það víst öllum hv. dm. kunnugt, að geipilegar umr. hafa orðið um þetta mál þar, og það út af fyrir sig sýnir, að þótt það virðist í fljótu bragði vera smámál og meinleysislegt á yfirborðinu, þá er það þó ekki smámál í eðli sínu. Það er hér um nokkurskonar principmál að ræða, þar sem lagt er út á einkennilega braut, svo að full ástæða er til, að talsverðar umr. verði um það.

Það er þá fyrst almennt um þetta mál að segja, að það, að koma upp svona skrifstofu, skapar út af fyrir sig enga atvinnu, og ekki er því hér um neina ráðstöfun til atvinnubóta að ræða. Það er einnig augljóst, að ástæða er til að setja upp slíkar vinnumiðlunarskrifstofur, sem um getur í frv., verður fyrst þegar bærnir verða fjölmennir. Í bæjum, sem hafa um 2—3 þús. íbúa, er atvinnulíf ennþá svo einfalt og menn kunnugir öllu, sem er að gerast, að það er áreiðanlegt, að hver maður í þeim bæjum, sem atvinnu óskar að fá, getur talað við atvinnuveitendur sjálfur. Og fram að þessu hefir þetta verið framkvæmt svo í smærri bæjum, að bæjarstj. hafa sett kunnuga menn í n., sem svo hafa ókeypis eða fyrir lítið gjald framkvæmt þessa vinnumiðlun, án kostnaðar fyrir hið opinbera og án slíkra anstalta, sem hér er um að ræða með þessu frv. En ég skal játa það, að í bæjum eins og Rvík og þó að nokkuð minni séu, getur verið ástæða til að setja upp skrifstofu, þar sem vinnuveitendur og vinnuþiggjendur geta náð saman. Bæjarstj. Rvíkur sá líka þörf á þessu og samþ. að setja upp ráðningarskrifstofu og réð menn til þess að starfa við hana. Það er þess vegna ákaflega einkennilegt, að þetta frv. skyldi koma fram einmitt nú, þegar búið er að gera ráðstafanir til að koma á fót slíkri skrifstofu á þeim

eina stað á landinu, þar sem þörf virðist vera á því. Þetta gerir það að verkum, að mann fer að gruna, að hér liggi eitthvað annað á bak við heldur en áhugi á að greiða fyrir þeim mönnum, sem vilja selja eða kaupa vinnu. Ágreiningur mikill hefir verið um þetta frv., og andstaðan gegn því hefir að mínu áliti dregið fram í dagsljósið þann sannleika, að megintilgangurinn með þessu frv. sé sá, að ganga, af pólitískum ástæðum, á móti þeirri ráðningarskrifstofu hér í Rvík, sem búið var að ákveða að setja á stofn, og reyna að drepa hana, einungis af þeirri ástæðu, að meiri hl. bæjarstj. hér og bæjarráð, sem hugðust að setja skrifstofuna upp, eru í andstöðu við stjórnarflokkana hér á Alþ. Þetta frv. er ómögulegt, að geti gert neitt gagn hér í Rvík, vegna þess, að þegar var búið að ákveða að setja ráðningarskrifstofu upp hér, sem átti að vinna sama verk. Hin önnur ákvæði frv. virðast mér einnig heldur til hins lakara, þ. e. a. s. þau ákvæði, sem taka til annars en upprunalegs tilgangs frv., að ráða niðurlögum ráðningarskrifstofunnar áminnztu. Sérstaklega álít ég mjög óviðurkvæmilega þá heimild, sem með frv. á að veita atvmrh. til að setja upp vinnumiðlunarskrifstofur í kaupstöðum, hvort sem viðkomandi bæjarstj. óskar þess eða ekki. Mér virðist tvímælalaust, að eftir frv. hafi atvmrh. vald til þess að vera einráður um þetta, ef svo ber undir. Fyrir nú utan þetta virðist því vera slegið föstu með síðasta lið 2. gr. frv., að skrifstofum þessum sé hægt að fela að gera allan þremilinn, því að 8. liður 2. gr. er þannig orðaður, að hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu sé

„að inna af höndum þau störf, er skrifstofum þessum kann að vera falið með lögum og reglugerðum."

Það er sem sagt hægt að fela þeim með l. og reglugerðum að gera allt mögulegt.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í hverjum kaupstað landsins skal stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstj. hlutaðeigandi kaupstaðar ákveður, eða atvmrh. mælir svo fyrir."

Af því, sem ég hefi tilfært úr frv., virðist mér tvímælalaust, að ef það verður samþ., þá geti atvmrh. sett upp vinnumiðlunarskrifstofu í hvaða kaupstað, sem honum sýnist, og falið henni hvaða verkefni, sem vera skal, sem ekki er allt of langt frá anda l. Þetta er þá einn liður í stefnu þess þingmeirihl., sem nú ræður, að svipta bæina svo eða svo miklu af sínum sjálfsforráðum til að ráðstafa sínum eigin málum og fá ríkinu það vald í hendur.

Ég býst við, að vinnumiðlunarskrifstofur sem þessar mundu ekki koma að miklu haldi til að miðla vinnu, sem einstaklingar veita. Mér sýnist þær eigi að vera þannig uppbyggðar, að þær muni helzt koma að notum um þá vinnu, sem ríkið og bæirnir veita, og á ég þar einkum við atvinnubótavinnu.

Nú er það ákaflega áríðandi, að það fé, sem veitt er til atvinnubóta, komi þannig niður, að þeir njóti þess, sem mesta hafa þörf fyrir það. En ég get ekki varizt því að álíta, að skrifstofa eins og frv. gerir ráð fyrir verði nokkuð dýr í rekstri og með kostnaðinum við hana verði höggið skarð í þá fjárveitingu, sem að réttu lagi á að ganga til greiðslu fyrir atvinnubótavinnuna sjálfa.

Ef frv. eins og þetta væri ekki flutt að neinu leyti af pólitískum ástæðum, þá finnst mér einsætt, að engu Alþ. geti dottið í hug að samþ. það nú, einmitt nú, þegar verið er að setja upp ráðningarskrifstofu hér í Rvík, þar sem slíkrar skrifstofu er varla annarsstaðar þörf en hér í Rvík. Nei, sérhvert Alþ. mundi að öðrum kosti bíða og sjá, hvort hin fyrirhugaða ráðningarskrifstofa, sem bærinn ætlaði að setja upp, án alls kostnaðar fyrir ríkið, gæti ekki fullnægt þörfinni fyrir slíka stofnun.

Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta, nema sérstakt tilefni gefizt til þess.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Það er vitaskuld rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að þetta frv., þó að l. verði, eykur ekki atvinnu í landinu. En tilgangur þess er að jafna þeirri vinnu, sem til fellur.

Hins vegar get ég ekki verið hv. þm. sammála um það, að neitt sé athugavert við það, þótt atvmrh. hafi heimild til að hlutast til um, að settar verði upp vinnumiðlunarskrifstofur í bæjum, jafnvel þó að viðkomandi bæjarstj. ekki óski þess, þar sem þess ber að gæta, að þessar skrifstofur eiga að úthluta atvinnubótavinnu og safna skýrslum um atvinnumálefni fyrir hið opinbera.

Í fjárlagafrv., sem fyrir Alþ. liggur, er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram 500 þús. kr. til atvinnubóta á næsta ári, gegn tvöföldu framlagi á móti frá kaupstöðunum. Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, þó að ríkisstj. vilji hafa hönd í bagga um eftirlit með því, að fjárframlag þetta komi að tilætluðum notum og framlög frá kaupstöðunum verði greidd á móti framlaginu úr ríkissjóði.

Þá var hv. þm. mjög undrandi yfir því, að frv. skyldi vera borið fram einmitt nú. Það er ákaflega eðlilegt, að það er borið fram nú, fyrst og fremst af því, að nú er mikið atvinnuleysi við að stríða, og í öðru lagi vegna þess, hvernig þessum málum er nú komið hér í Rvíkurbæ. Ég veit ekki betur en að hér í bænum sé ein skrifstofa, sem bærinn hefir sett upp, sem úthlutar atvinnubótavinnu. Ennfremur er ráðningarskrifstofa, sem bærinn hefir einnig sett upp. Þá er hér einnig vinnumiðlunarskrifstofa, sem verklýðsfélög hafa sett upp. Og í 4. lagi er hér vinnumiðlunarskrifstofa kvenna, sem hjálpar til að greiða fyrir atvinnu kvenna. Ég álít óheppilegt að hafa vinnumiðlunarskrifstofurnar svona margar, og mér virðist það eðlilegt, að aðiljar telji brýna þörf á því, að í stað þess að halda áfram með 4 slíkar skrifstofur verði þetta sameinað undir eina skrifstofu, og að þeir aðiljar, sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þessi mál, tilnefni fulltrúa í stj. eftir þeim reglum, sem frv. gerir ráð fyrir.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. talaði um, að ríkið verði að hafa eftirlit með því fé, sem það veitir til atvinnubóta. Það eftirlit

er ósköp auðvelt, og ef ríkisvaldið ætlar með ákvæðum þessa frv. að koma því til vegar fyrst og fremst, þá vil ég segja, að hér sé allt of stórt bákn á ferðinni. Til þess þyrfti ekki að koma með svo róttækt frv. sem þetta. Bæjarstj. á hverjum stað, þar sem fé er úthlutað til atvinnubóta, getur unnið öll þau störf, sem hæstv. atvmrh. tiltók í síðari ræðu sinni, og það án þess að það þurfi að kosta nema lítið. Atvinnubótafé er hvort sem er ekki ætlað skrifstofumönnum, heldur er miklu eðlilegra, að það gangi til þeirra, sem eru atvinnulausir. (**Atvmrh.**: Það er ekki heldur ætlazt til annars). Eitthvað hlýtur það að kosta bæjarfél. að hafa þessar skrifstofur.

Ein ástæða hæstv. atvmrh. fyrir frv. var sú, að þessi mál væru komin í glundroða hér í Rvík. Mér er ekki alveg kunnugt um þessa vinnumiðlunarskrifstofu, sem hann segir, að verklýðsfélögin hafi sett upp. Ég hefi spurzt fyrir um hana, en enginn hefir enn getað sagt mér, hvar hún starfaði eða hvernig. Ég verð því að halda, að hún sé ekkert annað en pólitísk bóla, sem þotið hafi upp eftir að meiri hl. bæjarstj. Rvíkur ákvað að setja upp ráðningarskrifstofu. Sérstaklega verður þetta skýrt, þegar líður á það, hvernig skipa á í stjórnarn. Með skipun oddamannsins er atvmrh. tryggt meirihlutavald um störf þessara skrifstofa. — Mér finnst blærinn yfir löggjafarstarfinu á þessu Alþ. vera á sama veg og störf þessara skrifstofustjórna eru fyrirhuguð í frv., eða eins og þó að stjórnarflokkarnir ættu einir öll þingsætin. Ég er ekki í vafa um, að atvmrh. mundi skipa þannig í stjórn þessara vinnumiðlunarskrifstofa, að þær væru sama sem einlitar.

Ég hefi alls enga trú á því, að vinnumiðlunarstörf hér í Rvík fari að neinu leyti betur úr hendi, þó að frv. verði samþ. Ekki sé ég heldur neitt athugavert við það á neinn hátt, þó að ráðningaskrifstofunni, sem bæjarstj. Rvíkur fyrirhugaði, væri leyft að sýna, hvort hún gæti ekki fullnægt allri vinnumiðlunarþörf hér, áður en hún er fyrirdæmd. Ég álít, að á meðan sú stofnun er óreynd, eigi ekki að láta ríkið leggja sósialistum til þann pólitíska herkostnað, sem þeir þurfa til þess að drepa hana.

**Magnús Guðmundsson**: Það er auðséð af orðalagi 1. gr. frv., að atvmrh. getur mælt svo fyrir, að vinnumiðlunarskrifstofa skuli vera sett á stofn í kaupstað, jafnvel þó að viðkomandi bæjarstj. eða meiri hl. hennar sé á móti því. Þetta sýnist mér ekki í góðu samræmi við þann rétt til að ráða sjálf málum sínum, sem sveitarfél. er tryggður, já, ég vil segja samkv. stjskr., ef á að taka af kaupstöðum réttinn til þess að ákveða, hvort þeir vilji hafa þessa stofnun eða ekki. Svo er það vitanlegt, að ef á að fara að setja upp þessar skrifstofur í öllum kaupstöðum landsins, þá verður af samtals mikill kostnaður. Ég vil nú beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort hann hugsi sér að fyrirskipa slíkar vinnumiðlunarskrifstofur í öllum kaupstöðum landsins, hvort sem frá þeim kemur beiðni um það eða ekki. Hæstv. atvmrh. er hér á Alþ. fulltrúi fyrir minnsta kaupstað landsins, kaupstað, sem ekki getur búizt við að fá meira en h. u. b. 5 þús. kr. á ári til atvinnubótavinnu. Ætlar hæstv. atvmrh. nú að skipa þessum kaupstað að setja upp vinnumiðlunarskrifstofu með 5—6 starfsmönnum? Og ef svo er, hvað hugsar hann sér, að borgað verði þessum mönnum í kaup fyrir störf sín við þá skrifstofu. Hvað er sanngjarnt að borga slíkri skrifstofu í kaupstað, t. d. ef íbúatala bæjarins er 5 þús? Það er ekki ástæðulaust að spyrja svo á yfirstandandi tíma, þegar það er kunnara en frá þurfi að segja, að sveitarfél. og bæjarfél. yfirleitt eru í mestu vandræðum með að standa við sínar skuldbindingar um fjárgreiðslur. Hæstv. stj. er nú rækilega gengin inn á þá braut, að hækka gjöld á þeim og jafnframt að taka af þeim tekjustofna, stærri og smærri. Ef halda á áfram á þessari braut, þá er það auðsætt, að hér er stefnt út í algerða ófæru og ég álít, að fara þurfi sérstaklega varlega á þeirri braut.

Það hefir verið réttilega tekið fram og er viðurkennt af öllum, sem tekið hafa til máls um frv., að það miði ekki til atvinnuaukningar. Frekar hlýtur það að rýra hana, því að sá kostnaður, sem er samfara þessari skrifstofu, gæti þó að öðrum kosti a. m. k. að nokkru leyti gengið til þess að auka atvinnu. Að því er snertir Rvík sérstaklega, þá upplýsti hæstv. atvmrh., að hér væru til ýmsar vinnumiðlunarstofnanir, sem ynnu að þessu sama marki, sem á að ná með þessari löggjöf. Ég vil gera þá fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hann ætlist til þess, að niður falli allur styrkur til þeirra stofnana og hvort þær eigi að leggjast alveg niður. Ég tek eftir því, að stj., sem flytur þetta frv. í byrjun þingsins, hún hefir jafnframt lagt til, að veittur verði í fjárl. styrkur til tveggja slíkra skrifstofa. En þar er þessum vinnumiðlunarskrifstofum, sem hér um ræðir, ekkert fé ætlað. (**Atvmrh.**: Þetta frv. er ekki orðið að l. ennþá). Nei, að vísu ekki, en það lítur út fyrir, að stj. ætlist til, að á næsta ári verði borgað fé úr ríkissjóði til þessara skrifstofa, sem nú eru fyrir, jafnvel þótt frv. verði samþ. En er það meining hæstv. ráðh., að þær skrifstofur, sem fjárlagafrv. ráðgerir styrk til, falli niður? Ætlar hæstv. ráðh. að strika þá styrki út úr fjárlagafrv.?

Ég skil vel, hver tilgangurinn er með þessu frv. Hæstv. atvmrh. er illa við þá breytingu, að sett skyldi vera á stofn vinnumiðlunarskrifstofa af hálfu bæjarstj. Rvíkur. Hann vill hafa sinn pólitíska lit á henni. Það er því eins ástatt með þetta og byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna. En hæstv. atvmrh. gætir þess ekki, að það er fjöldi verkamanna hér í bænum, sem ekki vill fylgja jafnaðarmönnum. En það er eins og jafnaðarmenn álíti, að þeir hafi einkarétt á pólitískri skoðun verkamanna. En það verður erfitt fyrir þá að ná öllum undir sinn væng, því þeir skipta hundruðum eða jafnvel þúsundum, sem vilja ekki fylgja þeim. Og ég býst við, að þeir vinni ekki á, þó þeir reyni að kúga þá undir sig með þvingunarráðstöfunum.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég þarf ekki að svara því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði síðast í ræðu sinni. Það var ekkert annað en orðagjálfur, sem hann hefir annaðhvort fundið upp sjálfur eða lært af einhverjum flokksbróður sínum, og hefir það ekki við hin minnstu rök að styðjast.

Út af fyrirspurn hans um það, hvort ríkisstj. ætli sér að setja á stofn vinnumiðlunarskrifstofu í öllum kaupstöðum landsins, skal ég segja það, að ég er ekki viðbúinn að svara því núna. Að gera ráð fyrir því, ef frv. verður að l., að það hafi nokkurn verulegan kostnað í för með sér utan Rvíkur, er einungis gryla, sem þessi hv. þm. býr sér til. Ef hann hefir lesið 3. gr., en þar stendur: „Laun stjórnarmanna skulu ákveðin af hlutaðeigandi bæjarstjórn með samþykki atvinnumálaráðherra", þá mun honum skiljast, að kostnaðurinn getur aldrei orðið verulegur, því ekki munu bæjarstj. fara að ausa fé að óþörfu. Um mannahald utan Rvíkur er varla að ræða. En það er auðvitað annað mál hér í Rvík, enda kostar sú skrifstofa, sem er hér, mikið fé.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það, að skipa oddamanninn, væri sama og að skipa stj. alla. Ég skal nú ekki bera brigður á það. Ég vil benda á það, að það er óvíst, hver verður atvmrh. í framtíðinni. Og ennfremur vil ég benda á það, að fjölmargar n., sem hafa hliðstæð verkefni með höndum, eru skipaðar á þennan hátt, og hefir hv. 1. þm. Reykv. eða aðrir ekki haft neitt við það að athuga. Ég veit ekki betur en að skólan. og skattan. séu skipaðar á þennan hátt. Í Rvík er t. d. niðurjöfnunarn. skipuð eftir þessari reglu. Þar er skattstjórinn oddamaður. Ég gæti rakið fleiri dæmi, en ég hirði ekki um að gera það.

Þá spurði hv. 1. þm. Skagf. um það, hvort fella ætti niður styrk til „Fulltrúaráðsins", ef frv. yrði að l. Ég álít, að það væri rétt, því þá er ekki lengur verkefni fyrir þá skrifstofu hér. Ég er ekki viðbúinn að svara því, hvort sérstök vinnumiðlunarskrifstofa verður sett á stofn fyrir kvenfólk. En ef það verður, þá mun kostnaðurinn ekki verða neitt stórkostlegur við það. Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira núna.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég skil ekki eftir orðalagi frv., hvernig það er mögulegt að setja slíkar skrifstofur á stofn nema með töluverðum kostnaði. Í 4. gr. frv. segir: „Stjórn vinnumiðlunarskrifstofu ræður forstöðumann skrifstofunnar, svo og aðstoðarmenn, ef þurfa þykir". Það er ekki hægt að ráða menn í starf, nema borga þeim kaup fyrir það. Það er líka alkunnugt, að ef slíkar skrifstofur eru settar á stofn, þá þarf, þó að þær hafi lítið að gera, að hafa þær opnar vissan tíma, og þá þarf auðvitað einhver að vera þar við, ef einhver kynni að koma til þess að fá upplýsingar þar. Þegar hæstv. atvmrh. segir, að það verði enginn kostnaður utan Rvíkur, þá skil ég það svo, að það eigi ekki að setja slíkar skrifstofur á stofn utan Rvíkur. Tilgangurinn er því enginn annar en sá, að ónýta tilraun bæjarstj. Rvíkur í þessu efni. Jafnaðarmenn vilja því ekki skrifstofur, sem miðla vinnu, heldur stofnun, sem þeir geta haft pólitísk not af. Hitt er annað mál, að það er gott að hafa þessa heimild atvmrh. til þess að stofna vinnumiðlunarskrifstofu í öðrum kaupstöðum, ef bæjarstj. þeirra skyldu taka upp á því að setja á stofn skrifstofur, sem Alþýðufl. teldi hættulegar fyrir sálir verkamannanna.

Hæstv. atvmrh. sagði, að það væri óvíst, hver yrði atvmrh. í framtíðinni. Það er auðvitað með þá ráðh.stöðu eins og hinar ráðhstöðurnar, að þær ganga milli flokka. Hv. 4. landsk. sagði í ræðu, sem hann hélt í þessari hv. d., að það kæmi aldrei til, að Sjálfstæðisflokkurinn kæmist til valda. Og í þeirri von mun þetta frv. vera fram borið, að hann komist ekki til valda fyrst um sinn.

Það er svo, að í niðurjöfnunarn. er skattstjórinn oddamaður. En undan því fyrirkomulagi hefir verið kvartað, og ef rétt væri, ætti bæjarstj. að skipa niðurjöfnunarn. þannig, að hún væri rétt mynd af bæjarstj. En þessu var breytt til þess að stj. gæti haft meiri hl. í niðurjöfnunarn. Annars er ekki vert að skattyrðast hér við hæstv. atvmrh, því hann má ekki vera að því að vera hér í d.

**Magnús Guðmundsson:** Það er til lítils að vera að tala hér, þar sem engir eru við af stjórnarflokkunum nema embættismenn d. Bæði forseti og 1. varaforseti eru m. a. fjarverandi. Það er því ekki til neins að vera að ræða málin hér, enda er öllu til lykta ráðið utan þings. Það er því alveg sama, hvort maður er að rausa hér eða ekki. En ég ætla nú samt að svara hæstv. atvmrh., þó hann sé farinn í burt. Hæstv. ráðh. sagði, að kostnaður yrði ekki mikill. En það kemur í ljós síðar. Það er oft svo, að í fyrstu er kostnaðurinn áætlaður svo og svo lítill, en þegar til framkvæmda kemur, þá sést, að áætlunin var alltof lág. Ég er sannfærður um, að kostnaðurinn verður ekki undir 30 þús. kr. á öllu landinu, ef skrifstofa er sett í öllum kaupstöðunum, og hann getur orðið meiri. Ég hafði ekki tekið eftir því, að síðast í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að fela sérstökum fulltrúa í atvmrn. öll störf, sem lúta að vinnumiðlun milli kaupstaða og héraða. Þar er víst eitt nýtt embætti í viðbót. Ég skal í þinglokin telja upp öll þau nýju störf, sem hefir verið fitjað upp á á þessu þingi. Ég skal svo ekki tefja umr. lengur, og nú getur hæstv. forseti slitið fundi án þess að láta ganga til atkvæða.

**Forseti (IngP):** Út af orðum hv. 1. þm. Skagf. um fjarveru forseta og 1. varaforseta vil ég taka þetta fram: Forseti d. hefir verið lasinn undanfarna daga og 1. varaforseti fékk leyfi vegna jarðarfarar mágs síns. Ég vil, að þetta sé staðfest í Alþt., svo að orð hv. þm. valdi ekki misskilningi.

**Magnús Guðmundsson:** Það var óþarfi fyrir hæstv. forseta að taka þetta fram. Ég var ekki að ámæla forseta, þó hann væri veikur. Ég veit, að hann er búinn að vera veikur í nokkra daga. En þegar ég talaði áðan, þá voru ekki

inni af stjórnarflokkunum nema 2. varaforseti og skrifari d. Ég veit ekki, hversu lengi ég kæri mig um að sitja hér á fundum, úr því að stjórnarflokkarnir bregðast skyldu sinni um að vera við umræður.

**Forseti (IngP):** Ég sé ekki ástæðu til að pexa við hv. 1. þm. Skagf. og læt nægja skýringu þá, sem ég hefi gefið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Ed., 9. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8:5 atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

**Pétur Magnússon:** Ég hafði sem minni hl. allshn. skilað áliti í þessu máli til skrifstofunnar 17. nóv., en fyrir misskilning hefir þessu nál. ekki verið útbýtt, og vildi ég því leyfa mér, þótt það hafi sennilega ekki mikla þýðingu fyrir afgreiðslu málsins, að biðja hæstv. forseta um að fresta umr. um málið þangað til nál. hefir verið útbýtt, sem væntanlega getur orðið á morgun. (MG: Hvernig stendur á, að nál. hefir ekki verið prentað?) Það stendur svo á því, að ég bað um prófork af því. Hún var send heim til mín, en gleymzt hafði að láta mig vita af henni, og gat ég því ekki fyrr en í dag látið skrifstofuna vita um það, að nál. mætti prenta óbreytt.

*Forseti tók málið af dagskrá.*

---

Á 44. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 214, n. 483 og 520).

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Frv. þetta er sem kunnugt er flutt af hæstv. stj. og hefir gengið í gegnum hv. Nd. Um meðferð málsins í allshn. þessarar d. er það að segja, að n. klofnaði um það, og hefir minni hl. n. þegar skilað áliti á þskj. 520. Nál. meiri hl. n. er að finna á þskj. 483. Eins og þar má sjá, leggur meiri hl. til, að frv. sé afgr. óbreytt, en ágreiningurinn í n. var aðallega um það, hver skyldi skipa oddamann þeirrar n., sem hafa á störf þessi með höndum. Ég skal játa, að ég hefi ekki kynnt mér rök hv. minni hl. í þessu atriði, þar sem nál. hans var ekki útbýtt fyrr en nú rétt í þessu. Eins og hv. þdm. mun kunnugt vera, er höfuðefni frv. það, að stofnuð skuli vinnumiðlunarskrifstofa í bæjunum. Enginn vafi leikur á nauðsyn þessara stofnana. Reynslan hefir sýnt, að ráðning verkafólks á milli sjávarplássa og sveita er mjög óregluleg, og oftast er það tilviljun ein, hvernig tekst. En þó að frv. ætlist aðallega til, að þessi starfsemi verði innanbæjar, er næg ástæða til þess, að skrifstofa hafi hana með höndum. Ég játa, að frv. nær ekki til atvinnurekstrar yfirleitt. Það hefir ekki í sér nein ákvæði, sem skylda atvinnurekendur til þess að líta skrifstofunni á neinn hátt. En þó að þörf væri á slíkri skrifstofu fyrir hinn almenna atvinnurekstur, skal ég ekki fara neitt út í það. Hér í Rvík hefir vinnumiðlun að vissu leyti átt sér stað í nokkur ár, og á ég þar við atvinnubótavinnuna. Í þá vinnu hefir mönnum verið skipt niður eftir því, sem þeir menn, er við það hafa fengizt, álitu réttlátast, og hefir þar að sumu leyti verið farið eftir kunnleika og að sumu leyti eftir upplýsingum frá þeim mönnum, sem vinnunnar leituðu. Ég er þessu kunnugur frá fyrri árum, þó að vinnuúthlutunin væri þá í smærri stíl en nú gerist. Síðustu árin hefir það verið talin sjálfsögð regla, að tveir aðalstjórnmálaflokkar bæjarins legðu til menn til þess að úthluta þessari vinnu. Það má kannske segja, að það skipti ekki miklu máli, hverjir hafi þetta með höndum, úthlutunin hlyti alltaf að verða háð gagnrýni. En ég held, að menn hafi sætt sig bezt við það, að báðir flokkarnir, Alþfl. og Sjálfstfl., ættu fulltrúa við úthlutunarstarfið. En út af þessu var breytt á síðastl. hausti. Fulltrúaráð verklýðsfél. hér í bænum fór fram á við bæjarráð, að fulltrúi frá Alþýðufl. mætti vera einn af þremur við úthlutun vinnunnar, en meiri hl. bæjarráðs neitaði því. Af þessu spratt mikil gremja meðal verkamanna. Þeir óttuðust, að úthlutunin gæti orðið einhliða og hlutdræg, þegar enginn væri af þeirra hálfu við vinnuúthlutunina. Það komu raddir um, að nauðsynlegt væri að setja á stofn upplýsingaskrifstofu, sem jafnframt hefði með höndum gagnrýning á úthlutun vinnunnar og hjálpa atvinnulausum mönnum að fá vinnu og rétta hlut þeirra, sem ranglega yrðu settir hjá af hálfu fulltrúa meiri hl. bæjarstj. Þá var það nýmæli frá hálfu meiri hl. bæjarstj. að setja á stofn vinnumiðlunarskrifstofu í því formi, sem hún er nú. Mér er kunnugt um, hvað var tilefni þeirrar framkvæmdar, því að það er í nánu sambandi við málefni, sem stj. Sjómannafél. Rvíkur fjallaði um við borgarstjóra og snerti ráðningu manna hingað til bæjarins. Ég lét þess getið þá í viðtali við borgarstjóra, að þriðja manni viðstöddum, að við teldum brýna nauðsyn á stofnun skrifstofu, sem hefði með höndum úthlutun atvinnubótavinnu og bæjarvinnu. Borgarstjóri var þessu samþykkur, og hann fylgdi hugmyndinni eftir, því að slík skrifstofa er nú komin á fót. En þetta varð svo einhliða í framkvæmdinni, að meiri hl. bæjarstj. skipaði stj. skrifstofunnar eingöngu með sínum flokksmönnum.

Hitt atriðið, sem um var deilt í n., er það, hvernig skipa skuli stj. þeirrar skrifstofu, sem frv. ræðir um. Ríkið sjálft virðist nú vera hér réttur aðili. Það leggur til ⅓ þess fjár, sem til atvinnubóta er varið, og virðist því ekki óeðlilegt, að það hafi af því nokkur afskipti, hvernig skrifstofunni er stjórnað. Er því gert ráð fyrir, að atvmrh. skipi einn mann í stj.

skrifstofunnar. Það virðist ekki ósanngjarnt, að ríkið hafi nokkra íhlutun um þetta, því að vel getur komið til mála, að beita þurfi vinnukraftinum út fyrir bæjarfél., og inna vinnu af hendi, sem ríkinu einu viðkemur. Þá virðist og atvinnurekendur réttur aðili, að svo miklu leyti, sem þeir vilja nota skrifstofuna. Þá er ætlazt til, að bæjarstj. skipi ⅔ stjórnarinnar og verkalýðurinn ⅓. Því hefir verið borið við, að með þessum ákvæðum væri verið að ganga á rétt bæjanna, en ég sé ekki, að því sé til að dreifa hér. Bærinn hefir þegar gengið inn á þessa braut áður. Það má kannske til sanns vegar færa, að tekinn sé réttur af meiri hl. bæjarstj., sá réttur, sem hann hefir sjálfur úthlutað sér, að ráða einsamall stj. skrifstofunnar. Ég er hér á gagnstæðri skoðun við hv. minni hl. n. Ég álít enganveginn rétt að láta bæjarstj. meiri hl. hafa óskorað vald yfir skrifstofunni. Ég lít miklu fremur svo á, að verkalýðurinn hefði fyllri rétt til þess að skipa ⅔ af stj., en hér er honum aðeins ætlað að skipa ⅓, en bæjarstj. ⅔.

Hér er ekki deilt um nauðsyn þessarar skrifstofu heldur það, hverjir eigi að hafa drottnunarvaldið yfir henni. Á það má benda, að oddamaðurinn, sem atvmrh. skipar, verður sennilega með þeim flokkslit — eftir því, hver er ráðh. og hvaða flokk hann fylgir. Ég geri ráð fyrir, að skipaður verði jafnaðarmaður í þetta sinn. Næsti ráðh. skipar væntanlega oddamann með sínum lit, ef hann er ekki jafnaðarmaður. Ef svo vildi til, að núv. þingminnihl. ætti þennan ráðh., er það fullvíst, að hann mundi velja flokksmann sinn sem oddamann í stj. þessarar skrifstofu, og er ekkert við því að segja. Skal ég ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni.

**Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon)** [óyfirl.]: Ég hefi fáu við að bæta nál. á þskj. 520. Ég hefi þar bent á það helzta, sem ég hefi út á þetta frv. að setja. Það eru einkum þrjú atriði, sem ég vildi vekja athygli á. Fyrst og fremst er það, að hér er algerlega að óþörfu seilzt eftir valdi, sem að réttu lagi á að vera hjá bæjarfél. sjálfum, þeim rétti að setja á stofn ráðningarskrifstofur upp á eigin spýtur, ef þau telja sér það hagkvæmt. Ég sé ekki betur en að það liggi í augum uppi, að það sé einkamál bæjarfél., hvort þau setja á stofn slíkar skrifstofur og hvernig þeim er fyrir komið. Hv. frsm. meiri hl. benti á, að ríkið legði fram fé til atvinnubóta, sem kaupstaðirnir fengju. En á það má líta, að meiri hl. þess fjár, sem varið er til atvinnubóta, er frá bæjunum sjálfum, og það má skoða framlag ríkisins sem beinan styrk til kaupstaðanna og er því eðlilegt, að yfirstjórn kaupstaðanna sjálfra ráði fram úr því, hvernig farið er með þann styrk. Það geta auðvitað verið skiptar skoðanir um, hve langt eigi að ganga í því að láta einstök hagsmunasvæði hafa umráð yfir eigin málum. Það er að vísu svo, að þeir flokkar, sem nú eru ráðandi í landinu, vilja láta koncentrera allt vald hjá ríkisstj. og Alþ. En ég álít heppilegra að láta bæjar- og sýslufél. hafa óskorað vald yfir þeim málum, sem beinlínis varða þau sjálf. Það er sannfæring mín, að úti um sýslur landsins sé sú skoðun ríkjandi, án tillits til flokkaskiptingar, að það sé ekki til hins betra að draga það vald sýslu- og bæjarfél., sem þau hafa lengi haft, undir ríkið. Þetta er fyrsta ástæðan, sem ég hefi fært á móti frv. Í öðru lagi álít ég tilhögun þá á skrifstofunni, sem gert er ráð fyrir, mjög óheppilega, svo að ekki sé meira sagt. Í mínum augum er það í mesta máta broslegt að hugsa sér t. d. Seyðisfjörð og Norðfjörð, þar sem er svo fámennt, að hver þekkir annan, setja á stofn skrifstofu með 5 manna yfirstj. til þess að annast þessi mál. Vitanlega væri auðvelt að fá einn mann, sem væri nægilega kunnugur til þess að inna starfið af hendi. Hitt væri blátt áfram hjákátlegt og óverjandi meðferð á fé, að stofna þarna til stjórnarbákns að ástæðulausu. Ég skil ekki, hvernig hv. frsm. meiri hl. treystir sér til að færa rök að því, að í kaupstöðunum utan Rvíkur sé nokkur þörf á slíkri tilhögun sem frv. gerir ráð fyrir. Það liggur í augum uppi, að allmikinn kostnað mundi af þessu leiða. Það liggur ekki fyrir nein grg. um þá hlið málsins, en svona fjölskipuð stj. þyrfti víst einhver laun, og ég er hræddur um, að kostnaðurinn yrði ekki í réttu hlutfalli við verkið, sem hún leysti af hendi.

Þriðja ástæðan er sú, að ég álít, að hér sé um pólitískt ofbeldi að ræða. Ég er sannfærður um, að ekki liggur annað til grundvallar þessu frv. en það, að hér í Rvík var að tilhlutun meiri hl. bæjarstj., sem fer með völdin í bænum, sett á stofn ráðningarskrifstofa, og réð sá meiri hl. tilhögun hennar. En minnihl.flokkurinn í Rvík, sem nú er meiri hl. flokkur á Alþingi, hefir ekki getað sætt sig við þetta, og vill nú nota vald sitt hér í þinginu til þess að draga umráðin yfir þessari skrifstofu úr höndum bæjarstj. Ég hefi bent á, að þetta hlyti að hefna sín á þeim sjálfum. Það hagar svo til nú, að jafnaðarmenn eru í meiri hl. í fjórum kaupstöðum landsins. Þar eiga þeir að ráða málefnum kaupstaðanna og mundu ráða tilhögun þessarar stofnunar, ef þeir teldu ástæðu til að koma henni á fót. Það gæti nú svo farið einmitt í þessum kaupstöðum, að komið yrði á fót skrifstofum, sem yrðu í andstöðu við meiri hl. bæjarstj. Ég tel mjög óskynsamlegt að hrifsa þannig valdið úr höndum meiri hl. bæjarstj., sem hann á rétt á að hafa. Hitt vita allir, að reynslan hefir kennt, að enginn stjórnmálaflokkur í viðri veröld fer alltaf með völdin. Það gera flokkarnir til skiptis í öllum þingræðislöndum. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að drottinvaldið yfir þessum skrifstofum flyttist til með nýrri stj. En ég álít það aðeins til hins verra, að stj. geti hrifsað valdið af kaupstöðunum án tillits til flokkaskiptingar þar. Hv. frsm. talaði um, að hann áliti, að meiri hl. bæjarstj. gæti ekki upp á eigin spýtur ráðið til lykta svona málefni. Ég skil ekki, hvað fyrir honum vakir, eða hvaða lausn væri yfirleitt hægt að fá með því lýðræðisfyrirkomulagi, sem hér er, aðra en þá, að láta meiri hl. ráða. Hv. þm. mætti vist

fara að leggja hendina í eigin barm og efast um að núv. þingmeirihl. hefði rétt til að valta og skralta eins og hann hefir gert, með minni hl. þjóðarinnar á bak við sig. Ég álít, að meiri hl. þings verði jafnan að stýra eftir því, sem hann telur heppilegast í hvert sinn, þó að þessi hv. þm. sé ekki ánægður með það fyrirkomulag, þegar aðrir stjórnmálaflokkar eiga í hlut. En það er ekki nema það sama og margir hafa orðið að sætta sig við, bæði fyrr og síðar, að meiri hl. réði.

Mitt álit er, að bæjarstj. eigi að ráða því, hvort þær setja þessar ráðningarskrifstofur á stofn, og ef þær hverfa að því ráði, þá eigi þær að sjálfsögðu að ráða allri tilhögun þeirra. Það virðist ástæðulaust að velta þeim kostnaði yfir á ríkissjóð, enda í mörg horn að líta, þó að eigi sé tekið við slíkum útgjöldum, sem aðeins varða bæjarfél., ekki sízt þegar það eykur líka kostnað bæjarfél. sjálfra. Þessir ⅔ hlutar af kostnaðinum, sem þau bera, mundu án efa fara langt fram úr því, sem skrifstofan kostaði, ef bæjarfél. sjálft réði tilhögun hennar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Það er þýðingarlítið að rökræða um þetta mál. Ég efast ekki um, að margir af þeim hv. þm., sem e. t. v. greiða atkv. með frv., gera það af öðrum ástæðum en þeim, að nauðsynlegt sé að setja slíka löggjöf.

Ég hygg, að margir muni finna, að þessi till. er ekki mikið betri eða skynsamlegri, en það munu vera önnur öfl, sem gera það að verkum, að þeir eru ekki alveg sjálfráðir um það, hvernig þeir greiða atkv. í þessu máli.

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég hefi athugað nál. frá hv. minni hl. dálítið betur og sé, að hann leggur til, að frv. verði fellt. Hann telur það óþarft og færir fram sínar ástæður fyrir því.

Ég ætla ekki að deila um þetta atriði sérstaklega. Hv. minni hl. heldur því fram, að verið sé að taka vald af bæjarstj. með þessu frv. Það er að vísu rétt, að bæjarstj. hafa haft þetta vald, en þær hafa ekki beitt því með fullkomnu einræði fyrr en nú, að bæjarstj. Rvíkur hefir gert það af ástæðum, sem ég hefi þegar nefnt í minni fyrri ræðu.

Aftur á móti hefir verið á undanförnum árum haldið uppi starfsemi, sem stefnt hefir í svipaða átt, í Rvík og öðrum bæjum, í sambandi við atvinnubótavinnuna, enda þótt hún heiti ekki ráðningarskrifstofa.

Væri betra skipulag á þjóðarbúskap okkar en nú er, væri nauðsynlegt, að vinnumiðlun næði víðar um landið en til stærri bæjanna, en þeir hafa að vísu sérstaka þörf fyrir hana. Það er mjög ákjósanlegt, að verkafólk geti haft sem mest gagn af leiðbeiningum slíkra skrifstofa.

Hér er ekki tekið vald af bæjunum. Það er flutt til frá bæjarstj. til þeirra stétta innan bæjarfél., sem þessi mál heyra mest undir. Það mætti finna mörg dæmi þess, að gripið er fram í málefni bæjanna með löggjöf, sem hafa meiri þýðingu fyrir þá en þetta mál. Þetta út af fyrir sig er því engan veginn gild ástæða hjá hv. minni hl. móti frv. (**PM:** Hvaða hliðstæð dæmi eru í löggjöfinni?). Því skal svarað síðar.

Annað atriði, sem hv. frsm. minni hl. lagði mikið upp úr, var kostnaðurinn. Þegar hann talar um jafnlítinn bæ og Seyðisfjörð, þá vil ég benda honum á það, að í því tilfelli er það skilyrði sett, að bæjarstj. óski eftir skrifstofunni eða að hæstv. ráðh. ákveði það.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ráðh. ákveði stofnun skrifstofu með fimm manna stj. í bæ, sem hefir e. t. v. ekki tilefni til skrifstofustofnunar vegna mannfæðar. Skrifstofukostnaður getur því ekki orðið mikill undir slíkum kringumstæðum. Miðað við Rvík skal ég játa það, að tilefni skrifstofuhalds á Siglufirði er ekki nema lítinn tíma ársins. Ráðh. fyrirskipar ekki slíka skrifstofu á stöðum, sem hann álítur, að hafi ekki þörf fyrir hana.

Annar liður þessa kostnaðar, sem hv. frsm. minni hl. talar um, er stjórnarkostnaður. Ég geri ekki ráð fyrir, að þessi stjórnarþóknun yrði svo há fjárupphæð, að það gæti orðið framgangi þessa máls að fótakefli. Þvert á móti. Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra, er einir afgreiði dagleg störf, en starf stj. verður aðeins eftirlitsstarf með framkvæmdum skrifstofunnar. Hliðstæð dæmi má finna í ýmsum fyrirtækjum í landinu. Ég álít, að þóknun til stj. hljóti að verða mjög lítil. (**MG:** Hvernig er það í Rvík?). Í Rvík má t. d. benda á Eimskipafél. Þar hefir hver stj.nefndarmaður 500 kr. í laun. Ég get hugsað mér, að þessi þóknun yrði enn minni, því að í jafnstórum bæ og Rvík er, þarf slík skrifstofa vitanlega að starfa allt árið um kring og þarf því að hafa fasta starfsmenn árið yfir. Enda er því svo farið um skrifstofu þá, sem Rvíkurbær hefir komið á fót. Við hana vinna 2 fastir starfsmenn og sá 3. að einhverju leyti. Samkv. ákvörðun bæjarstj. eru þessum mönnum ætlaðar 400—500 kr. á mánuði. Með þessu móti hygg ég, að hægt sé að ráða að mestu leyti í mögulegan kostnað við þetta fyrirtæki. Enda ekki horft í þennan kostnað af hálfu meiri hl. bæjarstj. til flokksbræðra hv. þm. Rang., er við skrifstofuna vinna. Ég geri ekki ráð fyrir, að það þyrfti að vera kostnaðarauki fyrir bæina, þar sem ríkið á að greiða ⅓ af öllum kostnaðinum. Með þessu er verið að létta af Rvíkurbæ nokkru af kostnaði, sem hann hefir ætlað sér að bera einn. Ég skil ekki að hv. þm. Rang. sem gjaldþegn Rvíkur sé á móti því. — Mér er það vel ljóst, að ekki er hægt að ætlast til þess, að þessi störf séu innt af hendi hér í Rvík, án þess að 1—2 fastir starfsmenn leysi verkið af hendi, ef vel á að fara, enda er það svo nú. Aftur á móti hlýtur skrifstofukostnaður að verða miklu minni í smærri kauptúnum úti um land, þar sem minni þörf er á, að þær starfi allt árið. Það má gera ráð fyrir, að þar megi komast af með einn mann, sem ekki þarf að vinna allan ársins hring, aðeins meðan mest er atvinnuleysið og atvinnubótavinnu er úthlutað. Ég geri ekki ráð fyrir því, að stjórnarnefnd slíkrar stofnunar sé ætlað nokkuð í þóknun í minni bæjunum.

Þetta er álit mitt á þeim kostnaði, sem hv. minni hl. talar um.

Mér skilst hv. frsm. minni hl. álíta rangt að fara fram á það, að ríkissjóður taki þátt í þessum kostnaði. Ég hefi ekki orðið var við það hér í Rvík, að menn væru því neitt mótfallnir, að ríkissjóður legði eitthvað af mörkum undir svipuðum kringumstæðum og hér ræðir um, eins og ég hefi áður tekið fram. Bærinn hefir nóg að borga samt.

Þá kem ég að veigamesta atriðinu í andmælum hv. minni hl. sem sé því, að hér sé um ofbeldi að ræða. Ég veit ekki, hvað skal um það segja, þótt ríkið verði fjórði aðilinn í svo þýðingarmiklu máli eins og þessu, og skárra er það nú ofbeldið, sem framið er, þótt ríkið megi eiga 1 *mann af 5 í stj. þeirrar stofnunar, sem* úthlutar vinnu, sem ríkið leggur fram til þriðjung, og verkamenn og atvinnurekendur sinn manninn hver. Þótt nú hafi viljað svo til, að í stj. landsins situr maður, sem e. t. v. mundi skipa mann í stj. gegn vilja meiri hl. bæjarstj., þá er þetta út af fyrir sig óþörf hræðsla, að verið sé að beita hér einhverju pólitísku ofbeldi, nema ef hv. þm. telur það pólitískt ofbeldi að velja réttlátlega menn til vinnu. Þeir, sem eiga mest á hættu um, að þetta fari vel úr hendi, eru einmitt verkamennirnir sjálfir. Þeir eiga raunverulega miklu meira undir rekstrarfyrirkomulagi þessarar skrifstofu heldur en atvinnurekendurnir. Meðfram af þeirri ástæðu vildi ég fyrir mitt leyti tryggja fulltrúum verkalýðsins meiri hl. í stj. þessarar skrifstofu. Ef hér er um pólitískt ofbeldi að ræða, þá hefir verið um pólitískt ofbeldi að ræða af hálfu meiri hl. bæjarstj., þar sem hann útilokaði minni hl. bæjarstj., sem er fulltrúi verkamanna, frá þátttöku í vinnumiðluninni. Ég býst við, að sá minni hl., sem þá átti hlut að máli, hafi átt fullkomlega rétt á að hans kröfur yrðu teknar til greina, og ekki síður en sá minni hl., sem hér á hlut að máli í þessari hv. d. E. t. v. hefði þetta frv. aldrei komið fram, ef bæjarstj. Rvíkur hefði ekki gripið til einræðisvalds í þessu máli. Ég drap á, að þetta vald mundi flytjast til með breyttum aðferðum. Það er staðreynd. Ríkið hefir fullkominn rétt til þess að hafa afskipti af þessu máli með tilliti til þess framlags, sem ríkið leggur til atvinnubótavinnunnar, og hinsvegar er ríkið svo stór liður í öllu atvinnulífi landsmanna. Ég skoða atvinnubótaféð alls ekki sem styrk til bæjarins. Ég tel það þvert á móti aðeins óhjákvæmilega nauðsyn, sem ríkið verður að taka á sínar herðar, þegar atvinnuvegirnir geta ekki fullnægt þeirri skyldu, sem þeim ber að inna af hendi gagnvart verkalýðnum í landinu.

Ég ætla ekki að fara út í umræður um notkun meirihl.valdsins hér á þingi, það koma fram kveinstafir minni hl. í hverju máli út af því og því alltaf tækifæri til að svara. Það er ekkert undarlegt, þótt nýir menn með nýjar skoðanir, sem fá meiri hl., vilji breyta til bæði um nýmálefni og ýmsar starfsaðferðir. Það er nýi tíminn gegn hinum gamla. Framsókn og framþróun gegn íhaldi, sem svo dásamlega speglast í andstöðu minni hl. hér á þingi. Minni hl. hér verður að læra að sætta sig við þetta hlutskipti. (PM: Er því ekki líka þannig farið með bæjarstj.?). Um þá vinnumiðlunarskrifstofu, sem bæjarstj. Rvíkur rekur nú, er það að segja, að vinnumiðlunin fer verr úr hendi heldur en meðan eldra skipulagið ríkti. Þetta hefir reynslan sýnt þó stutt sé. Þetta stafar e. t. v. af því, að til þessa starfs hafa verið valdir menn, sem ekki eru hæfir til að leysa þetta starf af hendi og hafa e. t. v. aðra hugsun í þessu efni, hvernig vinnuúthlutunin eigi að framkvæmast, en áður hefir ríkt, sem ekki er að undrast yfir, þar sem íhaldið er hér eitt um.

Ég veit það vel, að hv. þm., sem yfirleitt er sanngjarn maður, hefir ekki kynnt sér þetta mál nægilega vel. Það sýndi ræða hans. Hefði *hann kynnzt til hlítar atvinnumöguleikum* verkamanna og sjómanna hér, þá hefði hann ekki hagað orðum sínum eins og hann gerði.

Það er nauðsynlegt, að til sé eitthvert vald, sem getur skorið úr því, hvort rétt sé að ýta einstökum mönnum til hliðar, þegar um atvinnuveitingu er að ræða. Ég gæti tilfært fjölmörg dæmi mínu máli til sönnunar. Þess vegna er nauðsynlegt, að til sé vald milli verkamanna og vinnuveitenda, sumpart lagalegt vald og sumpart vald, sem grundvallast á lægni og lempni, til þess að kveða niður þá misbeitingu, sem er viðhöfð í úthlutun vinnu af hálfu atvinnurekenda gegn þeim mönnum, sem það eitt hafa til saka unnið, að hafa aðra skoðun á lands- eða bæjarmálum en þeir sjálfir. Reynslan sýnir, hverjir hafa rétt fyrir sér í þessu máli. Ég er sannfærður um það, að eftir því sem fjölmenni eykst hér á landi, verða Íslendingar knúðir til þess að grípa til sömu ráðstafana og nágrannar okkar hafa gert. Hjá þeim er vinnumiðlun búin að standa um margra ára skeið, og er talin ómissandi með tilliti til verkalýðsins yfirleitt. Enda hefir það komið fram í umræðum um þetta mál, að það er ekki deilt um það, hvort stofna skuli vinnumiðlunarskrifstofu, heldur er baráttan háð um það, hverjir eigi að hafa yfirráðin og úrskurðarvaldið milli atvinnurekenda og verkamanna, hverjir eigi vinnuna að fá.

Það má benda á þau ákvæði löggjafarinnar, sem að starfsemi sáttasemjara lúta. Þar hefir löggjafinn gert tilraun til að skapa óháðan oddamann milli þeirra, sem deila. Valinn af verkalýðnum og atvinnurekendum, og einn skipaðan af hálfu hæstaréttar. Hér er um hliðstæðu að ræða.

Læt ég svo máli mínu lokið að þessu sinni.

**Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon)** [óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. sagðist ekki geta fallizt á, að það væri rétt, að hér væri verið að draga vald úr höndum bæjarstj., því að þar hefðu haft þetta vald undanfarið, en bara ekki notfært sér það fyrr en í Rvík nýlega.

Það, sem ég á við með því að segja, að verið sé að draga vald úr höndum bæjarstj., er það, að samkv. frv. er farið fram á það, að ríkisstj. sé heimilt að neyða bæjarstj. til þess að stofna slíka ráðningarskrifstofu sem hér um ræðir, án tillits til þess, hvort viðkomandi bæjarstj. telur þess þörf eða ekki.

Ég heimfærði undir annan lið það, sem verið

er að gera gagnvart Rvík. Það kemur ekkert þessu máli við, hvort bæjarstj. hafa hingað til notfært sér þann rétt, sem þær hafa haft og hafa enn til þess að stofna ráðningarskrifstofu. Bæjarstj. hafa fáar gert það, af því að þær töldu þess ekki þörf. Og þegar það er upplýst, að bæjarstj. telur ekki þörf á slíkri stofnun, þá er ennþá fráleitara að heimila ríkisstj., án þess að bera það undir bæjarstj., að neyða þær til þess að stofna ráðningarskrifstofur. Hv. frsm. sagðist geta tilfært dæmi um það, að slíkar kvaðir væru lagðar á bæjarfél. sem hér um ræðir. Ég get ekki munað eftir neinu hliðstæðu. Ég get ekki munað eftir því, að ríkisstj. sé gefið vald til þess að gefa bæjarstj. eða sýslunefndum fyrirskipanir, sem varða beinlínis einkamál héraðanna. Ég leyfi mér að efast um, að hv. frsm. geti nefnt nokkurt dæmi, en ef hann getur það, væri fróðlegt að fá að heyra það.

Hv. frsm. sagðist álíta, að atvmrh. gæfi ekki fyrirskipun um stofnun skrifstofu, nema hann teldi þess þörf. Nú vil ég spyrja hann, hvort hann sé þeirrar skoðunar, að hæstv. atvmrh. sé dómbærari á þetta en meiri hl. bæjarstj., hvort þörf sé slíkrar stofnunar, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég held, að það sé erfitt að færa skynsamleg rök fyrir því, að ráðh. sé dómbærari í þessu efni en meiri hl. bæjarstj.

Þá vék hv. frsm. að kostnaði þeim, sem þessi till. hefir í för með sér. Hann taldi, að þessi stjórnarnefnd mundi ekki hafa mikið að gera og tæki því ekki mikil laun. Það fer eftir því, hvernig á þetta er litið. Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofunnar er talið upp í 2. gr. í 8 liðum. Svo framarlega sem þessu er ætlað að vera meira en á pappírnum, þá er það ekki lítil vinna, sem þessari skrifstofu er ætlað. Ég geri ráð fyrir, að stj. hafi hönd í bagga með þessu öllu. Væntanlega er henni eitthvert hlutverk ætlað. Ég ætla ekki að lesa þessa liði upp, en það er auðsætt við lestur þessara liða, að þar er henni ætlað ýmiskonar verkefni, svo sem söfnun skýrslna og önnur aðstoð við atvinnuleysisskráningu, og fylgjast yfirleitt með atvinnuháttum. Ef stj. á að vera annað en til málamynda, þá er henni mikið starf ætlað, og það er ekki hægt að búast við því, að hún inni það endurgjaldslaust af hendi (MJ: Og 8 liðirnir). Já, það má næstum teygja þetta endalaust.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að fyrir Rvík yrði þessi skrifstofa ekki dýrari með þessu móti en skrifstofa sú, sem þegar hefir verið stofnuð. Þetta getur verið álitamál, því að það getur farið svo, að Rvík haldi áfram þeirri skrifstofu, sem sett hefir verið á stofn, og bæti við annari skrifstofu. Það er vitanlega kostnaðarauki fyrir bæinn.

Hvað Rvík líður í þessu efni, er það augljóst, að hér er verið að baka ríkissjóði útgjöld, sem minni hl. telur óþörf. Rvíkurbæ er ekki ofvaxið að leysa af hendi hlutverk þessarar skrifstofu, og það er ekki vandasamt að gera það án þess að bærinn beri mikinn kostnað af því.

Hv. frsm. talaði um það, að bær þiggi venjulega framlag úr ríkissjóði. Satt er það að vísu. Samt hefir Rvík ekki gert mikið að því. En það er ekki keppikefli að fá fjárframlag úr ríkissjóði, ef kostnaður sá, sem á bæjunum hvílir, minnkar ekki við þetta framlag.

Stundum heyrast þau hljóð hér á þingi, að ekki sé bætandi á útgjöld ríkissjóðs. Venjulega er það viðkvæðið, ef stj.andstæðingur kemur fram með till., sem fer fram á aukin fjárframlög úr ríkissjóði. Á öðrum eins tímum og nú eru, ætti ekki að ausa fé úr ríkiskassanum að óþörfu.

Þá kom hv. þm. að því pólitíska ofbeldi, sem talað hefir verið um í sambandi við þetta frv. Það var gott að fá þá játningu af vörum hv. þm. sjálfs, að frv. þetta hefði aldrei verið borið fram, ef bæjarstj. Rvíkur hefði ekki verið búin að setja á stofn ráðningarskrifstofu hér í bænum. Þetta er nú að vísu ekki alveg í samræmi við það, sem flokksbróður hans, hæstv. atvmrh., hélt fram í Nd., er þetta mál var þar til umr. Hann kvað málið vera borið fram af því að stj. teldi brýna þörf á því að koma upp slíkri skrifstofu eða skrifstofum. En ég veit, að hv. 5. þm. Reykv. hefir ekki sagt annað eða meira um þetta efni en hann vissi, að var rétt. En hitt getur verið, að hann hafi verið nokkru opinskárri og hreinskilnari en til var ætlazt. En hann reyndi líka um leið og hann gerði þessa játningu, að koma með nokkrar réttlætingar.

Hann sagði, að verkamenn ættu mest á hættu í því efni, hversu tækist til um slíka stofnun sem þessa og ættu því að ráða um skipun hennar. Mér dettur ekki í hug að neita því, að verkamenn eigi hér mikið í hættu, en hins ber einnig að gæta, að líka veltur á miklu fyrir bæjarfél., að vel takist til um úthlutun vinnunnar, svo að þeir gangi fyrir um vinnu, sem mesta hafa þörfina. Það getur hreint og beint orðið til þess að auka stórum fátækraframfæri bæjarfélaganna, ef illa er á þessum málum haldið. Báðir þessir aðiljar, verkamenn og bæjarfél., eiga því mikið á hættu.

En þess er að gæta hvað verkamenn snertir, að með frv. er þeim eða fél. þeirra alls ekki tryggð nein áhrif á skipun þessara stofnana. Að vísu stendur nú svo á, að í atvmrh.sæti er maður, sem telur sig standa verkamönnum nærri og myndi því tryggja þeim meiri hl. skrifstofustj. á hverjum stað. En vel gæti farið svo, að annar stjórnmálaflokkur tæki völd og beitti áhrifum sínum á skipun þessara stofnana þannig, að verkamenn hefðu þar minni íhlutun heldur en nú, með því móti, að bæjarstj. skipi forstöðumennina. (SÁÓ: Á hv. þm. við það, að verkamenn yrðu betur staddir með því að láta meiri hl. bæjarstj. ráða?). Hvernig yrði þetta þar, sem jafnaðarmenn hafa meiri hl. í bæjarstj.? Myndi hv. þm. fremur kjósa, að ríkisstj., sem mynduð væri t. d. af Sjálfstæðisflokknum skipaði oddamanninn? Með þessu er ég þó alls ekki að segja það, að Sjálfstæðisflokkurinn myndi misbeita þessu valdi sínu. Mér þykir langlíklegast, að hann eða hans stj. myndi velja menn í samræmi við meiri hl. bæjarstj. á hverjum stað. Sjálfstæðisflokkurinn væri einmitt allra flokka vísastur til að sýna sanngirni í þessu efni sem öðrum.

Hv. 4. þm. Reykv. segir, að bæjarstjórnin í Rvík hafi alveg gengið fram hjá minni hl. með því að skipa flokksmann sinn forstöðumann skrifstofunnar. Mér finnst nú sitja heldur illa á þessum hv. þm. að vera að tala um þetta, þar sem hann hefir árum saman stutt þá stj., sem útilokað hefir alla pólitíska andstæðinga frá störfum, og fylgir þeim flokki eða flokkum, sem einskis svífast í þessum efnum.

Auðvitað gat pólitískur andstæðingur meiri hl. bæjarstj. Rvíkur gefizt eins vel í þessa stöðu, en annars er fjarstæða að vera að tala um þetta. Skipanir opinberra starfsmanna sem þessi eru algengar og eðlilegar. Hitt er alveg rétt, að ef maður reynist illa í stöðu sinni, þá á að breyta til, en ég veit ekki til þess, að það sé komið fram enn þá um forstöðumann ráðningarskrifstofunnar í Rvík.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ég myndi vera mótfallinn frv., af því að ég væri ekki nógu kunnugur því, hversu menn væru sniðgengir við úthlutun vinnu hér í bænum, af pólitískum ástæðum. Það er rétt, að ég er ekki kunnugur þessu, og er mjög líklegt, að hv. 4. þm. Reykv. sé kunnugri í þeim efnum en ég, en hitt er mér ljóst, að með þessu frv. er engin trygging fengin fyrir því, að svo verði ekki gert framvegis, og yfirleitt er aldrei hægt að fá fullkomna tryggingu fyrir slíku, hvernig sem meiri hl. skrifstofustj. er skipaður.

Þessi löggjöf er á engan hátt sambærileg við það, að ráðh. skipar sáttasemjara ríkisins. Sú stofnun er alls annars eðlis. Hennar hlutverk er að finna sem fljótasta lausn á vandkvæðum þjóðfélagsins, sem af vinnudeilum stafa, og er því aðeins ætlað að starfa um stundarsakir, en ekki að staðaldri, eins og þeirri stofnun, sem þetta frv. fjallar um.

**Magnús Jónsson:** Ég get nú í rauninni fallið frá orðinu. Hv. 2. þm. Rang. hefir þegar fært nægileg rök fyrir sameiginlegri skoðun okkar, svo að ég sé enga ástæðu til að fara að aðstoða hann.

En ég vil ítreka þá yfirlýsingu hv. frsm. meiri hl., að þetta frv. hefði aldrei komið fram, ef bæjarstj. Rvíkur hefði ekki verið búin að koma ráðningarskrifstofu á fót. (**SÁÓ:** Hefði e. t. v. ekki komið fram, sagði ég). Ég skrifaði hjá mér, hvað hv. frsm. sagði. Og þetta er svo merkileg yfirlýsing, að ég vil ekki láta hjá líða að undirstrika hana.

Þessi yfirlýsing gefur auðvitað laukrétta skýringu á því, hvers vegna frv. er komið fram, enda væri frv. annars hrein fjarstæða. Það á hvergi neitt erindi nema í Rvík, því að aðrir kaupstaðir geta ekki borið slík bákn sem þessar skrifstofur. Frv. væri því alveg út í bláinn ef þessar pólitísku ástæður lægju ekki fyrir. Þess vegna er þakkarvert, að hv. frsm. meiri hl. skuli hafa gefið þessa játningu.

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þeir hv. 2. þm. Rang. og hv. 1. þm. Reykv. hafa lagt mikið upp úr því, að ég sagði, að þetta frv. hefði e. t. v. ekki komið fram ef bæjarstj. Rvíkur, eða meiri hl. hennar, hefði ekki verið búin að setja upp ráðningarskrifstofu. Ég skal nú skýra þetta atriði nokkru nánar.

Þegar meiri hl. bæjarstj. hafði ákveðið að setja á stofn ráðningaskrifstofu, og Alþýðuflokknum hafði verið neitað með atkvgr. í bæjarráði um einn af þremur stjórnendum hennar, en formaður landsmálafél. Sjálfstæðisfl. hinsvegar gerður að forstöðumanni, þá var gengið til þess ráðs, að verkalýðsfélögin settu upp sína ráðningaskrifstofu, þar sem vitanlegt var, að þessa skrifstofu átti að nota í pólitísku augnamiði fyrir Sjálfstæðisfl., með útilokun fulltrúa frá Alþýðufl. við starfrækslu hennar o. fl. o. fl. Þegar ráðningaskrifstofurnar eru þannig orðnar tvær vegna ofríkis og einræðis meiri hl. bæjarráðs og bæjarstj., þá kemur ríkið fram sem þriðji aðili til að brúa djúpið milli hinna tveggja aðiljanna. Af þessum orsökum ber atvmrh. þetta frv. fram. Þetta stendur því allt í sambandi hvað við annað.

Ég læt mig það litlu skipta, þótt andstæðingar málsins kalli þetta pólitískt ofbeldi. Ég hefi þegar tekið það fram og get gert það enn, að verkamenn bera ekkert traust til þeirrar einlitu stj., sem nú veitir ráðningarstofunni í Rvík forstöðu, og það hefir líka komið fram, að þetta vantraust þeirra og ótti við hlutdrægni hefir ekki verið ástæðulaus. Bæjarstjórnarmeirihl. fann engan líklegri forstöðumann en höfuðmann Sjálfstæðisflokksins hér í bænum, fyrrv. formann Varðarfél., sem var tekinn beint úr skrifstofu flokksins og fluttur inn í vinnumiðlunarskrifstofuna til að reka þar sömu starfsemi og áður á bæjarins kostnað, í stað þess að áður hafði flokkurinn orðið að launa honum. (**MG:** Þetta er ósatt). Ég þarf ekki að nefna nafn mannsins, því að það vita allir, hver hann er.

En þegar svona er komið málum á milli verkalýðsins í Rvík og bæjarstj.meirihl., þá er ekki undarlegt, þótt ríkið komi fram sem þriðji sættandi aðili eins og það hefir gert með þessu frumvarpi.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að á miklu ylti fyrir bæjarfél. um það, að vel tækist til um forstöðu þessarar stofnunar, og vitnaði í því sambandi í fátækraframfærið. En mér er óhætt að fullyrða, að bæjarstj.meirihl. í Rvík, sem stjórnar með harðri hendi án minnsta tillits til andstæðinganna, hefir ekki alltaf orðið til þess að draga úr fátækraframfærinu. Ég skal ekki segja um það, hvort þetta frv. verður til bóta í því efni, en það er þó alltaf tilraun í þá átt.

Það er rétt, að ekki er tryggt með þessu frv., að verkamenn hafi meirihlutaaðstöðu í stj. þessara stofnana til frambúðar, og tel ég það galla á frv. En þeir eru betur settir en áður, meðan núv. stj. fer með völd.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að þetta frv. væri alls annars eðlis en löggjöfin um sáttasemjara. En ég tel þetta alveg hliðstætt. Með frv. á að jafna deilurnar milli verkalýðsins og bæjarst., sem nú hafa sína ráðningarskrifstofuna hvort.

Mér heyrðist hv. 2. þm. Rang. fallast á það, að þörf væri á stofnun sem þessari, enda veit ég, að hann er svo sanngjarn maður, að hann hlýtur að sjá þá þörf. Það er staðreynd, sem

ekki verður neitað, að til eru þeir menn meðal atvinnurekenda og jafnvel í meiri hl. bæjarstj. Rvíkur, að þeir velja menn í vinnu eftir stjórnmálaskoðunum þeirra. Og engum er kunnugra en mér um þann ótta verkamanna, að hægt sé að útiloka þá frá störfum og hafa yfir þeim þá svipu, að þeir skuli ekki fá mat né vinnu, ef þeir verði ekki góðu börnin og hafi þær skoðanir, sem atvinnurekendunum þóknast. Þennan ótta á frv. þetta, ef það verður að l., að geta útilokað.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Mér skildist hv. frsm. vera að tala um, að harðræði hefði verið beitt af meiri hl. bæjarstj. hér í Rvík um þessi mál o. fl. Mér skildist, að þeim hefði verið neitað um að fá einn mann í einhverja n., ég skildi ekki almennilega, hvað hann átti við, ég er þessu svo ókunnugur. **(SÁÓ:** Verkalýðsfél. var neitað um mann í vinnuúthlutunarn.). En mér skilst, að ráðningarskrifstofan standi beint undir bæjarráðinu, og það er skipað af báðum flokkum hlutfallslega, svo ekki er hægt að kvarta.

Það er ekki heldur gott að sjá, hvernig forstöðumaðurinn á að vera. Ef hann er ekki algerlega pólitískt litlaus, verður hann úr öðrumhvorum stærsta flokknum hér í bænum. Og það er ekki ástæða til að kvarta yfir, því svo framarlega, sem hann ekki sýnir hlutdrægni í starfi sínu, er út af fyrir sig ekki hægt að segja neitt, þó hann fylgi ákveðinni stjórnmálaskoðun.

Hv. þm. talaði um hlutdrægni í störfum ráðningarskrifstofu bæjarráðs, en hvað hann sagði almennt um harðdrægni meiri hl. í bæjarstj., og að þeir ekki samþ. minnstu till., sem kæmi frá andstæðingum, ég verð að segja, að mér finnst þetta ekkert undarlegt, þetta er það sama og stjórnarflokkarnir taka upp hér, og ég er ekki að kvarta yfir því, þó þeir séu heimarikir og noti meirihlutavaldið út í yztu æsar. Það er ekki hægt að neita því, að meinlausar brtt. eru látnar falla, þó fjöldi þm. geti fallizt á þær, ef foringjunum finnst það ekki heppilegt. Það er ekki gott fyrir þessa menn að vera með vandlætingu út af öðrum, sú höndin verður að vera hrein, sem af vill þvo annara saur. Hv. þm. var að tala um, að verkamenn treystu ekki skrifstofunni. Hverjum er það að kenna? Hann sagði líka, að verkamenn væru hræddir við þessa stofnun. Hvernig stendur á því? Hver er ástæðan til, að þeir óttast þessa stofnun og halda, að henni verði ekki réttlátlega beitt? Ætli það geti ekki verið, að hans flokksbræður og aðrir skyldir flokkar hafi fyrirfram hjálpað til með blaðaskrifum og öðru að vekja þessa tortryggni? Ég þykist vita, að þegar ákveðið var að setja upp þessa stofnun, þá hafi strax verið ráðizt á hana og slegið föstu, að hún yrði hlutdræg o. þ. u. l. Og það er ekki nema eðlilegt, að einhverjir trúi þessu. Það þýðir því ekki að vera að vitna í þann ótta, sem er búinn til af þeim sjálfum.

Hv. frsm. sagði, að það væri þegar komin óánægja út af störfum skrifstofunnar. Ég hefði nú gaman af að vita, hvernig sú skrifstofa ætti að vera, sem allir yrðu ánægðir með eða enginn setti út á. Ég veit, að svo hefir það a. m. k. verið hér á Alþ. með störf fjvn., þegar verið er að úthluta styrkjum. Þeir, sem útundan eru, finnst þeir hafa verið beittir órétti, þó veitt hafi verið af bezta vilja og sannfæringu. Ég skal ekki segja, hvað mikið kveður að andúð gegn skrifstofunnni, en ég býst við, að það sé meira orðrómur og hugboð, því hún er nýbyrjuð. — Frsm. virtist hneykslast mjög á því, og að mér skildist öllu meira, að valinn skyldi vera maður til forstöðu skrifstofunni úr Sjálfstæðisfl. og tekinn í starf hjá bænum, en honum verið launað í flokksþágu.Hann mun sennilega eiga við formann Varðarfél., en mér er ekki kunnugt um, að sú staða hafi verið launuð eða þau störf, sem hann hefir unnið fyrir flokkinn. Þetta er því algerlega gripið úr lausu lofti og er hrein þjóðsaga, þegar verið er að reyna að telja mönnum trú um, að þetta sé hálaunað starf, sem frsm. hefir gripið til, og er náttúrlega hreinn uppspuni. Þetta er náttúrlega ekki sambærilegt við starf sáttasemjara; það er ákaflega ólíkt starf, þó því svipi eitthvað saman. Sáttasemjari ríkisins er sá maður, sem kastað er út í stærstu deilumálin á milli flokka, og því er reynt að velja í það starf sem litlausastan mann, sem báðir flokkar treysta og kemur til að miðla málum, þegar átökin eru sem hörðust. Mér er ekki kunnugt um, að ráðningarskrifstofan geri annað en miðla milli bræðra, miðla vinnu milli flokksbræðra, þar er ekki verið að velja milli Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokksbræðra —, þeim er ekki kastað út í harða deilu, og það er fjarstæða, að velja eigi milli flokka, heldur á að meta, hver hefir mesta þörfina fyrir vinnu. Það er því oft valið milli manna, sem standa saman í stjórnmálum.

Ég hefi nú svarað því að mestu, sem hv. frsm. beindi að hv. frsm. minni hl., ég tók það upp, af því að ég veitti því eftirtekt, að hann var fjarstaddur, þegar hv. frsm. meiri hl. talaði.

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég er nú út úr umræðunum, en hefi fengið leyfi hæstv. forseta til að gera stutta aths., og mun ég nota þann tíma til að leiðrétta þann misskilning, sem mér virtist koma fram hjá hv. 1. þm. Reykv. um ráðningarskrifstofu bæjarins. Það er rétt, að líka var borið undir bæjarráðið, en hafnað af meiri hl. þar, að verklýðsfél. fengju að ráða einum manni til að hafa ihlutunarrétt um úthlutun atvinnubótavinnunnar. Það var venja áður, að svo var, en nú sá bæjarstjórnarmeirihlutinn sér þetta ekki fært. Þess skal ég geta, að borgarstjóri var ekki staddur í bænum, þegar þetta skeði, og hefi ég heyrt sagt, að honum hafi þótt þetta óviturleg ráðstöfun, er bæjarráð ákvað og bæjarstj. samþykkti. Ég býst við, að það eitt hafi átt sinn þátt í, að umkvörtunum hefir fjölgað, að Alþýðuflokkurinn átti engan fulltrúa við úthlutunina, og ótti verkamanna ekki ástæðulaus, að illa mundi til takast um úthlutunina ef þeir ættu engan fulltrúann.

Meðan verkamenn áttu fulltrúa við vinnuúthlutun, voru umkvartanir fáar, og enginn ótti þeirra á meðal um, að vegna skoðana þeirra yrðu þeir settir hjá.

Úthlutuninni hefir hrakað frá því, sem verið hefir, undir einræðistj. íhaldsins, og þykir ekki eins réttlátleg og áður. Um formann Varðarfél. er það að segja — — (MG: Hann var einu sinni formaður, já.) Ég veit, að það er sá maður, sem unnið hefir að verulegu leyti á skrifstofu flokksins hér í Rvík. Ég skal ekki deila um, hver laun hans hafa verið fyrir það starf, en óliklegt þykir mér, að hann hafi ekkert fengið frá flokknum fyrir starf sitt, og þess hefir verið getið til, að hann muni ekki búinn að sleppa hendinni af því skipulagi, sem hann hefir unnið að og verið með að skapa í flokksins þágu, og þykir mér það líklegt.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það væri óliku saman að jafna, ráðningarskrifstofunni og starfi sáttasemjara ríkisins. Ég var ekki að líkja því saman. Það, sem ég sagði, var, að þetta frv. ætti að jafna deilu milli bæjarstj. hér og verkamanna. Og þetta frv. væri því sáttasemjari í þeirri deilu, þar sem gert væri ráð fyrir því, að allir aðilar fengju íhlutun í stj. þessarar stofnunar. Þess vegna segi ég, að þetta frv. sé hliðstætt við l. um sáttasemjara.

Vænti ég svo, að hv. d. felli þann eina dóm í þessu máli, með því að samþ. frv. það, sem fyrir liggur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

---

Á 46. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 579).

---

## 21. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927, um *gjald af innlendum tollvörutegundum*** (stjfrv., A. 6).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég mun ekki verða langorður um frv. þetta, því að efni þess liggur ljóst fyrir. Í l. frá 1927 var svo ákveðið, að iðnaðarfyrirtæki, sem stofnsett voru fyrir 1. jan. 1927 og ráku vörugerð, sem féll undir ákveðna liði þessara l., skyldu undanþegin tollsverðum hluta framleiðslugjalds. Greinin, sem hér er farið fram á að breyta, hljóðaði um undanþágu mests hluta gjalds þess, sem fyrirtæki þessi hefðu annars orðið að greiða af framleiðslu sinni. Síðar var samskonar ákvæði lögfest um þau samkynja fyrirtæki, sem stofnuð voru eftir 1. jan. 1927, og er 2. gr. þessa frv. um það. Eins og hv. *dm. mun vera kunnugt*, er ríkissjóður nú mjög fjárþurfi, og leggur stj. til með frv. þessu, að undanþágur þær, sem hér hafa verið nefndar, verði afnumdar, þar sem vörutegundir þessar eru þess eðlis, að þær þola nokkra álagningu. Þetta kæmi aðallega niður á öli og kaffibæti. Með núv. fyrirkomulagi sleppa þessar vörutegundir óþarflega vel frá gjöldum, og er ekki ástæða til þess, ef miðað er við aðrar framleiðsluvörur. Að svo mæltu vil ég mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn. að aflokinni þessari umr.

**Emil Jónsson:** Hæstv. ráðh. óskaði þess, að frv. þetta væri sent hv. fjhn. Það mun rétt, að *þetta sé fyrst og fremst fjárhagsmál*, en þar sem það snertir allmjög innlenda framleiðslu, datt mér í hug, að það ætti heima í iðnn.

Í grg. frv. stendur, að hér sé aðallega um ónauðsynlega framleiðslu að ræða. Um það vildi ég einnig fara nokkrum orðum. Hér er a. m. k. ein vörutegund, sem ekki verður nefnd, ónauðsynleg, og það er kaffibætir. Nú er það svo, að kaffibætistollurinn eða framleiðslugjald af íslenzkum kaffibæti er 26 au. á kg., en yrði þetta frv. samþ., hækkaði þetta gjald á miklum hluta framleiðslunnar upp í 80 au. á hvert kg., og er það ekki óveruleg álagning. Ef dregið er saman, hverju þetta viðbótargjald nemur á *þennan hluta framleiðslunnar*, verður það um 70—80 þús. kr., og er það mikil álagning, sem hlýtur að koma þannig fram, að varan verður seld hærra verði. Ég vil biðja hv. fjhn. að athuga það gaumgæfilega, hvort ekki væri hægt að flytja þessar 70 þús. kr. yfir á einhverja aðra framleiðsluvöru, sem þyldi betur skatta en þessi. Það er hreint ekki svo óverulegt gjald, að greiða 26 au. af hverju kg., hvað þá ef ætti nú að þrefalda það. Í grg. frv. stendur, að þessi undanþágu-heimild nái aðeins yfir þann hluta framleiðslunnar, sem samsvari árlega allri framleiðslu ársins 1926. En það mun nú vera helmingur allrar framleiðslunnar, sem samkv. þessari undanþágu hefir ekki þurft að borga *nema ½ hluta* aðflutningsgjaldsins. Það hefir verið talað um að lækka kaffitollinn, en verði nú kaffibætistollurinn hækkaður svo sem hér er farið fram á, er hætt við, að lítið verði úr *lækkuninni*.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins segja örfá orð í sambandi við það, sem hv. þm. Hafnf. sagði viðvíkjandi því, að fá n. málið til athugunar. Enda þótt breyt. verði gerð á því, þá er gjaldið af kaffibætinum samt sem áður helmingi hærra heldur en gjald af innfluttum

kaffibæti. Verði hinsvegar gjaldið af innlenda kaffibætinum 0.26 kr., en 0.75 kr. af þeim innflutta, þá er alls ekki samræmi þar á milli.

Enda þótt frv. nái ekki fram að ganga, er það þó a. m. k. viðleitni í áttina til þess, að samræmi fáist í tollaálagningu á kaffibæti og kaffi, því að þótt till. verði samþ., þá er samt ósamræmi eftir sem áður í tollaálagningu kaffis og kaffibætis. Þetta geri ég ráð fyrir, að n. muni taka til athugunar.

Nú er þannig ástatt, að á kaffibæti er 0.26 kr. tollur, en 0.75 kr. á innfluttu, óbrenndu kaffi. Þetta er vitanlega rangt, svo framarlega sem vera á rétt hlutfall þarna á milli. Það er viðurkennt og vitað, að kaffibætir er hærra tollaður en kaffi. Þetta hlutfall er ekki rétt. — Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta atriði.

**Emil Jónsson**: Ég vil aðeins leyfa mér að gera stutta aths. — Kaffibætistollurinn var hækkaður á þingi 1931 upp í 1.60 kr. Þess vegna er kaffibætisframleiðslugjaldið, ef það verður lögleitt, hækkað nú upp í helming af þeirri upphæð. Þessi hækkun á kaffibætinum, sem lögleidd var árið 1931, var óeðlileg. Hugsunin var upphaflega sú, að þetta ætti að vera hjálp fyrir innlenda framleiðslu, sem átt hefir í vök að verjast, sökum samkeppni erlendra framleiðenda. Ef hækkunin er hugsuð sem bót fyrir framleiðendur í landinu sjálfu, þá er það gott og blessað. En ef framleiðslutollurinn verður hækkaður, þá er verr farið en heima setið með þessa breyt., sem borin var fram á þingi 1931. Ég vil vona, að n. taki þetta til athugunar. Hugsanlegt væri, að þessi hækkun kæmi niður á einhverri annari vörutegund.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Ég vil benda á það, að þótt hækkun sú sé gerð, sem farið er fram á á aðflutningsgjöldum á kaffibæti, þá er hann samt helmingi hærri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 21., 22., 23. og 24. fundi í Nd., 27., 29., 30. og 31. okt. var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 6, n. 192 og 235, 236).

**Frsm. meiri hl. (Sigfús Jónsson)**: Fjhn. hefir haft þetta frv. til athugunar, en hefir ekki getað orðið sammála um það. Hefir meiri hl. lagt til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem standa á þskj. 192. En þegar nál. hafði verið prentað, athugaði n., að henni hafði láðst að gæta að því, að fyrir Ed. lá frv. um breyt. á tolllögum, sem gerði óþarfa breyt., á b.- og d.-liðum 2. gr. l., og ber því fram á þskj. 236 brtt., að þetta skuli niður falla. Verður þá aðeins eftir brtt. c., að í stað ½ aðflutningsgjalds komi ⅝. Með þeirri einu breyt. leggur n. til, að frv. verði samþ.

Með þeim breyt., sem í frv. felast, er ætlazt til, að niður falli tollaívilnun sú, er felst í 3. gr. l., en hún er í því fólgin, að af innlendum tollvörutegundum skuli gjalda ⅛ aðflutningsgjalds af jafnmiklu vörumagni og samsvarar allri ársframleiðslunni 1926. Og samkv. l. nr. 42 8. sept. 1931 var ákveðið, að samskonar ívilnun skyldi gilda fyrir þau iðnfyrirtæki, er stofnuð hafa verið eftir 1. jan. 1927. Þessar ívilnanir átti að veita til ársloka 1935, og munu þær nema allt að 150 þús. kr.

Með brtt. n. c. við 2. gr. l. er tollur af kaffibæti færður úr ½ og niður í ⅝. Mun sú lækkun nema um 38 þús., en með því að fella burt ívilnunina verður hækkunin á kaffibætistolli 37500 kr. Er þá tollur af innl. kaffibæti orðinn svipaður á kg.og á óbrenndum kaffibaunum, og álít ég það sanngjarnt.

Þá verður líka tekjuauki af öðrum tegundum, t. d. á öli 58 þús. kr., og á ýmsum öðrum tegundum, brjóstsykri, átsúkkulaði, konfekti, ávaxtasafa og öðru slíku, sem nemur alls um 150 þús. kr.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en óska, að d. taki málinu vel og samþ. frv. með þessari breyt.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Minni hl. n. hefir ekki getað fallizt á, að rétt sé að samþ. þetta frv. Í nál. minni hl. á þskj. 235 er gerð grein fyrir þessari afstöðu minni hl., en þó vil ég leyfa mér, hv. þdm. til glöggvunar, að lesa upp 3. gr. þeirra laga, sem hér er farið fram á að breyta. Það eru l. nr. 50 31. maí 1927. Greinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Efni til framleiðslu innlendrar tollvörugerðar skulu undanþegnar verðtolli. Þau iðnaðarfyrirtæki, sem reka vörugerð, er fellur undir c- og d-lið 2. gr. og stofnsett eru fyrir 1. janúar 1927, skulu til ársloka 1935 njóta ívilnunar fyrir þann hluta af ársframleiðslu sinni, er samsvarar allri framleiðslu ársins 1926, þannig, að gjaldið fyrir þetta framleiðslumagn færist niður í ⅛ aðflutningsgjalds".

Svo er með l. nr. 42 8. sept. 1931 veitt samskonar ívilnun samkynja iðnaðarfyrirtækjum, sem kunna að verða stofnuð eftir 1. jan. 1927. Í þessu frv. er nú farið fram á að fella þau l. úr gildi og ennfremur fella niður þessar ívilnanir 3. gr. l. frá 1927. Þetta getur minni hl. ekki fallizt á, því að með því er brotið á móti gefnu loforði frá Alþingi. Það hefir verið gefið það ákveðna loforð, að þessar ívilnanir skuli gilda til ársloka 1935, og má gera ráð fyrir, að þau fyrirtæki, sem hér um ræðir, hafi beinlínis hagað sínum framkvæmdum með tilliti til þess, að þau njóti þessarar ívilnunar eins og Alþingi hefir lofað, enda mjög vafasamt, hvort þetta fengi staðizt fyrir dómstólunum, þó að þessi breyt. yrði samþ. Er leiðinlegt fyrir Alþingi að setja l., sem vafi gæti leikið á, hvort væru réttilega sett eða skylt að hlýða.

Minni hl. lítur svo á, að með þessu frv. sé að sumu leyti stefnt í öfuga átt við það, sem vera ber, þar sem hér er farið fram á að hækka framleiðslutolla á innlendum framleiðsluvör-

um og gera þær þannig ósamkeppnisfærar við innfluttar vörur. Er með því gengið á móti þeim straumi tímans, sem almennt samkomulag er um að beygja sig fyrir, að auka sem mest innlenda framleiðslu og spara eftir því sem unnt er erlendan gjaldeyri. En þessi ákvæði miða að því gagnstæða. Þau hníga í þá átt, að gera okkur erfiðari samkeppnina við erlendar vörur og hvetja til aukins innflutnings. Þetta er augljóst með kaffið, þar sem tollur er lækkaður á innfluttu kaffi en hækkaður á kaffibæti, sem er búinn til í landinu. Hann er nú í hærra verði en kaffið sjálft. Því má gera ráð fyrir, að af þeirri ástæðu hafi menn meiri tilhneigingu til að flytja inn útlent kaffi, þegar tollurinn hækkar á því innlenda, en lækkar á því erlenda. Hvað tilgangslaust þetta er, sér maður, þegar maður aðgætir, að tollhækkunin á innlendu vörunni nemur hér um bil alveg sömu upphæð og lækkunin á innfluttu vörunni. Það er því hrein blekking af stj., að með þessu sé verið að gera mönnum ódýrara að lifa í landinu, nema stj. og hennar flokkar geri ráð fyrir, að notkun kaffibætis fari minnkandi, en notkun á innfluttu kaffi vaxi. En þá vil ég beina því til meiri hl. n., og þá fyrst og fremst til hv. þm. V.-Ísf., að þar stefnir á móti straumi tímans.

Minni hl. mælir líka gegn því, að hækkaður sé tollur á öli. Reynslan af þeirri hækkun, sem gerð var 1933, er sú, að framleiðslan hefir minnkað að stórum mun. Ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að hún hafi minnkað um allt að ¼, eða 100 þús. lítra. Það er alveg augljóst, að hún heldur áfram að minnka, en með því er stofnað til þess, að í þess stað neyti menn erlendra drykkja, og enginn vafi er á því, að þessi breyt. á framleiðslu öls að undanförnu er þannig til komin, að í stað ölsins hafa menn neytt erlendra drykkja.

Það leiðir líka af sjálfu sér, að ef þessi framleiðsla minnkar mikið, meðfram vegna tollhækkunar, þá er hún tilgangslaus sem fjáröflunarleið fyrir ríkissjóð, því að þá koma tekjurnar ekki inn. Þess vegna leyfir minni hl. sér að leggja eindregið til, að frv. verði felt.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég verð að segja fáein orð út af þeim andmælum, sem fram hafa komið hjá hv. minni hl.

Hv. 3. þm. Reykv. benti á það sem sína skoðun, að með því að afnema þessar undanþágur frá 1927 sé það svo, að með því sé verið að svíkja loforð, sem hafi verið gefið af Alþingi og skyldi gilda til ársloka 1935. Ennfremur benti hann á það, að vafasamt sé, hvort slíkt fengi staðizt fyrir dómstólunum. Um síðara atriðið vil ég segja, að það er ekkert vafamál, að það stenzt fyrir dómstólunum, því að Alþingi er heimilt að breyta l., sem það sjálft hefir samþ.

Um hitt, hvort hér sé óráðvandlega að farið gagnvart þeim, sem hafa notið þessarar undanþágu, vil ég segja, að mér finnst það ekki vera, vegna þess að þessar undanþágur, sem hér um ræðir og áttu að vera til hagsbóta fyrir eldri fyrirtæki, eru nú í raun og veru engin sérstök hlunnindi fyrir þau, því að nú hafa öll slík fyrirtæki fengið þessa undanþágu, svo að þetta verkar í heild sem almenn tolllækkun, en ekki sem hlunnindi fyrir viss fyrirtæki, eins og hún var upphaflega hugsuð. Það er því aðeins aðferðarmunur í þessu tilfelli, hvort undanþágan er afnumin eða tollurinn hækkaður. Að stj. vildi heldur fara þá leiðina að afnema undanþáguna frekar en hækka tollinn, var sökum þess, hversu erfið hún var í framkvæmd. Ég fæ því ekki séð, að hér sé neitt óráðvandlega að farið gagnvart þeim fyrirtækjum, sem hér eiga hlut að máli.

Hv. frsm. minni hl. vildi hálda því fram, að oflangt væri gengið t. d. með tollálagningu á öli. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að ekki sé ógerlegt að hækka hann nokkuð frá því, sem nú er. Hann myndi samkv. þessu verða 26⅔ eyrir á lítra, eða samkv. því, sem öl er selt nú, um 20% af útsöluverði, og ég verð því að segja það, að við höfum ýmsan varning, sem nauðsynlegri er en öl, hærra tollaðan en það. Að þessi tollhækkun verki ekki sem tekjuauki fyrir ríkissjóð, má að sjálfsögðu deila um. Því hefir verið haldið fram, að framleiðsla á öli hafi minnkað vegna síðustu tollhækkunar, en því fer fjarri, að það sé rétt. Nautn óþarfa vara hefir eðlilega minnkað af þeim einföldu ástæðum, að kreppt hefir að mönnum með peninga, og þeir því sparað það fyrst við sig, sem auðveldast var án að vera. Þá ber og þess að gæta hér, að fyrir 2 árum síðan var tveimur ölgerðarverksmiðjum steypt saman, notaðist þá betur að birgðunum og dró úr framleiðslunni. Ég get því ekki séð neina ástæðu til þess, að tollhækkunin muni verka á þennan hátt. Eins og ég hefi tekið fram, þá verður tollhækkun þessi um 5⅓ eyri á ölflösku, ætti hækkunin á flösku því ekki að fara fram úr 6 aurum í allt. Hún gæti líka orðið minni, því að verksmiðjurnar hafa smásöluverð í hendi sér, og gætu látið það lækka, ef þeim sýndist svo.

Um hækkun á tolli af kaffibæti má að sjálfsögðu deila. Eftir till. meiri hl. fjhn. myndi hún nema 15—16%. Ástæðan fyrir því, að hún kemur fram, er sú, að eftir að kaffibætisgerðin fluttist inn í landið hefir tollálagningin verið of lág.

**Frsm. meiri hl. (Sigfús Jónsson):** Hæstv. fjmrh. hefir að mestu tekið af mér ómakið með að svara þeim andmælum, sem fram hafa komið gegn frv., og þá sérstaklega að því er snertir ölið. Ég skal þá í fám orðum snúa mér að nál. hv. minni hl. og málflutningi hv. 3. þm. Reykv.

Fyrsta mótbára hv. minni hl. gegn því að fella niður þessar tollaívilnanir er sú, að þegar ívilnun þessi hafi verið lögleidd, þá hafi falizt í því loforð um, að hún stæði til ársloka 1935. Þessu er því að svara, að ég tel þessi lög ekkert friðhelgari en ýms önnur lög, sem Alþingi er sífellt að breyta, eins og t. d. lög um aðflutningsgjald, verðtoll o. fl. Þó að fólk hafi ekki búizt við slíkum breyt., þá verður það að sætta sig við þær. Það veit, að slíkar breyt. eru ekki gerðar nema fyrir þær sakir einar, að ríkissjóði er nauðsyn á að fá þær, til þess að

geta risið undir útgjöldum sínum. Að því er snertir þessi iðnfyrirtæki, þá er það skoðun mín, að þau séu ekkert síður fær um að bera þessar tollaálögur en allur almenningur. Þau hafa þegar komið svo undir sig fótunum, í skjóli tollaívilnana og innflutningshafta, að mörg þeirra munu vera orðin vel fjárhagslega stæð. Þannig er mér t. d. téð, að Ölgerðin Egill Skallagrímsson og Efnagerð Reykjavíkur standi nú mjög föstum fótum.

Önnur mótbára hv. 3. þm. Reykv. gegn frv. var sú, að innlend framleiðsla á þessum vörum myndi minnka, en innflutningur á þeim frá útlöndum aukast að sama skapi. Þessi mótbára virðist mér hafa við mjög lítil rök að styðjast, því að eins og kunnugt er, þá er aðflutningsgjald á t. d. kaffibæti og öli svo hátt, að enginn mun láta sér detta í hug að flytja þær vörur inn, nema hin innlenda framleiðsla sé annaðhvort óholl eða léleg. En nú mun t. d. fengin sú reynsla, að hinn innlendi kaffibætir sé fullt eins góður og sá erlendi, og er því engin hætta á, að farið verði að flytja hann frá útlöndum fyrir þessa litlu tollhækkun.

Um kaffibaunirnar er það að segja, að ég býst ekki við, að þær verði framleiddar hér á landi, af þeim ástæðum, sem öllum eru kunnar, en sé það meining hv. minni hl., að menn myndu fara að auka innflutning á þeim sökum hækkunar á kaffibætinum, þá held ég, að það sé misskilningur, því að undanfarið hefir kaffibætirinn verið dýrari en kaffibaunirnar, en verið keyptur samt.

Samkv. framansögðu verð ég að halda mér fast við brtt. meiri hl. fjhn. og vona, að hv. þdm. samþ. þær.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég ætla ekki að blanda mér mikið í þær umr., sem hér hafa orðið, en ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að mér virðist sú aðferð, sem hér er viðhöfð, óeðlileg, og beinlínis brot á loforðum, sem löggjafinn hefir gefið þeim aðilum, sem standa að iðnaðarfyrirtækjum, sem stofnsett eru fyrir 1935. Á þinginu 1933 var skatturinn af öli hækkaður um 13⅓ eyri á lítra. Við það bætist svo, að borga verður veitingaskatt, sem nemur 10% af söluverði. Sé söluverðið ⅓₀ á lítra, nemur sú hækkun 13 aurum á lítra. Þessi hækkun hefir orðið þess valdandi, að ölið hefir hækkað stórkostlega í verði, sem eðlilega hefir orðið til þess, að neyzla þess hefir minnkað að miklum mun, og enn mun hún minnka, verði skatturinn hækkaður frá því, sem nú er.

Hæstv. fjmrh. vildi halda því fram, að það væri sama, hvort lögin frá 1931 væru numin úr gildi eða skatturinn hækkaður að sama skapi og ívilnunin nemur. Þetta er rétt. En 1933 var ekki gengið gegn því loforði, sem þessum fyrirtækjum var veitt, innan þeirra takmarkana, sem lögin setja. Það er alveg víst, að sú stj., sem sat 1933, hefði haft þessa aðferð, ef hún hefði talið hana sæmandi. En hún hefir eðlilega viljað standa við loforð þingsins gagnvart þessum fyrirtækjum.

Ég verð nú að telja það mjög varhugavert, þegar Alþingi 1931 segir, að iðnaðarfyrirtækin skuli ekki til ársloka 1935 greiða nema sem svarar ⅙ hluta aðflutningsgjaldsins, þá skuli Alþingi 1934 hafa það að engu. Slík aðferð myndi fordæmd í öllu viðskiptalífi meðal siðaðra manna. Ég skil því ekki, að Alþingi vilji vera þekkt fyrir að hafa forgöngu í slíkum efnum, og vilji hæstv. fjmrh. því halda sama heiðri og fyrirrennari hans, þá á hann að falla frá þessu frv., þar sem líka engar líkur eru til, að þetta geti leitt til tekjuauka fyrir ríkissjóðinn, því að neyzlan hlýtur að minnka að sama skapi sem verðið hækkar.

**Ásgeir Ásgeirsson** (óyfirl.): Hv. frsm. minni hl. sagði, að brtt. um hækkunina á kaffibætinum riði í bága við straum tímans, og vildi því ekki fylgja henni, því að hún drægi úr innlendri framleiðslu. En það er nú svo með þessa innlendu framleiðslu á kaffibætinum, að hún getur tæplega talizt nema að litlu leyti innlend, tæplega meira en brennt og malað kaffi getur talizt innlend framleiðsla. Kaffibætirinn er aðeins hrærður hér saman úr erlendum efnum. Annars verður því ekki neitað, að ríkissjóður hefir tapað stórfé á þessari innlendu framleiðslu, því að hún hefir gefið tugum þúsunda minna í ríkissjóðinn en ef varan hefði verið flutt inn tilbúin, því að hinsvegar hefir samsetningur hennar hér veitt örfáum mönnum atvinnu.

Það má vitanlega alltaf um það deila, hvernig tollarnir verki. En það er álit mitt, að skatthækkun sú, sem lögð var á ölið á síðastl. ári, hafi frekar dregið úr neyzlu þess. Minnkun á framleiðslu þess 1932 byggist aftur á móti á sameiningu tveggja verksmiðja, svo slíkt er ekki leggjandi til grundvallar. Annars er það svo, að þetta lélega öl hefir ekki ótakmarkað burðarmagn til tollaálagningar frekar en aðrar vörur, og mitt álit er það, að nú þegar sé fullskipað á það burðarmagn, sem það hefir.

Um það má deila, hvort hækka eigi innflutningsgjaldið á þessum vörutegundum eða fella niður undanþáguna. Mér er greint, að lögfræðingar stjórnarráðsins telji þessa aðferð örugga og forsvaranlega, og það er ljóst, að þessi iðnrekstur nýtur fullnægjandi verndar í innflutningshöftunum, og í sumum tilfellum óþarflega mikillar verndar, því að hann hefir jafnvel gefið einstaklingunum óþarflega mikinn gróða.

Þessi mál öll ætti að taka til rækilegrar athugunar fyrir næsta þing, m. a. til að komast að niðurstöðu um, hvort ekki væri rétt að hækka innflutningsgjaldið, þar sem þarf, af erlendum samkeppnisvörum, og ef fært þykir, lækka innflutningsgjaldið af þeim hrávörum, sem nota verður til þess að halda sem mestri vinnu í landinu.

**Emil Jónsson:** Ég get byrjað mál mitt með því að taka undir það hjá hv. þm. V.-Ísf., að brýn nauðsyn ber til þess að athuga þau ákvæði, sem nú gilda um skatta og tolla á innlendum framleiðsluvörum, og jafnvel á erlendum vörum, sem keppa við þær. Þar er ýmislegt, sem ég efast ekki um, að mætti færa til betri vegar, og það er ekki að búast við, að frá því verði geng-

ið svo vel sé á svo stuttum tíma, sem er til að ganga frá frv. á Alþingi. Þess vegna vil ég taka undir það, að þessi mál ætti að taka til rækilegrar athugunar fyrir næsta þing.

Ég minntist á það við 1. umr. þessa máls, að hækkun sú á gjaldi af kaffibæti, sem frv. gerði ráð fyrir, væri varhugaverð. Nú hefir hv. fjhn. og hæstv. fjmrh. tekið þetta mjög til greina, og þakka ég það.

Ég vil benda á það í sambandi við till. hv. fjhn., að ég veit til þess, að það tíðkast sumstaðar, t. d. í Danmörku, að fyrsta ákveðið framleiðslumagn hjá hverju fyrirtæki sé lægra tollað heldur en framleiðslan yfirleitt. Það er gert til þess að gera smærri fyrirtækjunum í hverri grein léttara fyrir. Það vita allir, að stórframleiðslan er ódýrari, en þó getur af ýmsum ástæðum verið hollt, að smærri fyrirtæki fái að vinna og dafna við hlið hinna stærri.

Annars má segja um þessi iðnaðarvörugjöld yfirleitt, eins og hv. þm. V.-Ísf. sagði um útflutningsgjaldið, að fyrir þeim skorti öll rök og þau séu eiginlega neyðartollar. Þetta er framleiðslutollur líka, og því verður að koma honum svo fyrir, að hann verði fyrirtækjunum sem minnst byrði.

Þó vil ég benda á í þessu sambandi, ef það vakir fyrir hæstv. fjmrh. að fá tekjur í ríkissjóð á þennan hátt, að eins og nú er, er sódavatn undanþegið gjaldi. Það má segja um sumar tegundir af öli, að þær séu ekki óþarfavarningur. Þær eru mjög nærandi, og t. d. maltöl er oft notað eftir læknisráði. Aftur er líklegt, að sódavatnið verði, eftir að ný áfengislög eru gengin í gildi, einkum notað til að blanda með því sterkari drykki. Er því athugavert, hvort ekki ætti að láta hækkunina koma niður á því, en létta henni frekar af þeim öltegundum, sem mega teljast nauðsynlegar.

Ég gat um það við 1. umr., að mér þætti eðlilegt, að þessu máli væri vísað til iðnn. Þó það sé fjárhagsatriði frá sjónarmiði ríkissjóðs, er það almennt skoðað iðnaðarmál. Ég vil því mælast til, að frv. verði ekki afgr. frá d. fyrr en við í iðnn. höfum haft tækifæri til að koma með okkar till. Ég geri ekki ráð fyrir, að þær verði í þá átt að rýra tekjur ríkisins, heldur aðeins lagfæringar.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég hefi litlu að svara því, sem fram hefir komið síðan ég talaði síðast.

Það virðist koma fram hjá fleiri hv. þm. það sama og hjá hv. minni hl. fjhn., að boginn sé spenntur of hátt með þeirri álagningu á öllð, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég reyndi áðan að bera fram þær skýringar, sem ég taldi nauðsynlegar í því sambandi, og vil ég leyfa mér að endurtaka nokkuð af þeim til áréttingar. Ég er ekki eins hræddur um, að boginn sé spenntur of hátt í þessu efni, vegna þess, að hér er aðeins að ræða um 5 aura hækkun á flösku. Og ef framleiðendurnir álitu, að sú hækkun mundi leiða til mikillar rýrnunar á sölu ölsins, þá er smásöluálagningin svo mikil, að þeim væri í lófa lagið að ná tollhækkuninni með því að lækka hana. Auk þess má benda á það sama og hv. 2. þm. Skagf., að þetta eru fyrirtæki með mjög arðvænlegum rekstri og gætu þau því tekið a. m. k. brot af tollhækkuninni á sig. En ég álít, að þau þurfi þess ekki, heldur geti látið hana koma fram í örlítilli verðhækkun og minnkaðri smásöluálagningu. Með þeirri álagningu, sem við höfum á vörum, sem ekki eru ónauðsynlegar, finnst mér ekkert athugavert, þó öl sé tollað með 20%.

Hv. þm. Hafnf. minntist á, að komið gæti til mála að leggja mismunandi toll á innlenda framleiðslu, eftir því hvað framleiðsla hvers fyrirtækis væri mikil. Þetta er nú alveg nýtt fyrir mér, og ætla ég ekki að lýsa neinni skoðun á því að svo stöddu. En þetta er atriði, sem kemur til athugunar, þegar þessum málum verður skipað í heild. Þar sem iðnaðurinn í landinu er að taka miklum breyt. og framleiðsla margra vörutegunda, sem áður voru fluttar utanlands frá, er nú að færast inn í landið, þá þarf að taka þessi mál öll til rækilegrar athugunar og skipa þeim til frambúðar á þann hátt, sem heppilegast þykir. Það er rétt, að það skortir mikið á, að tollaálagningu sé hagað á heppilegan hátt fyrir iðnaðinn. Hitt er ég ekki hv. þm. Hafnf. sammála um, að allir framleiðslutollar séu neyðarskattur. Þeir eru það ekki, ef um óþarfan varning er að ræða. Hitt er neyðarúrræði, að þurfa að skattleggja framleiðslu nauðsynjavöru. Hinsvegar verður að gæta þess við álagningu framleiðslutolla, þó á ónauðsynlegum varningi sé, að þeir spilli ekki fyrir innlendri framleiðslu í samkeppni við erlenda vöru. Það verður að gæta hlutfallsins á milli framleiðslugjalda og tolla á útlendum vörum.

Ég er þakklátur hv. þm. fyrir bendingu hans um sódavatnið. Með sérstöku tilliti til þeirrar notkunar, sem hann benti á, finnst mér óeðlilegt að hafa það undanskilið gjaldinu.

Ég er fyrir mitt leyti hlynntur því, að málinu sé ekki hraðað meira en svo, að hv. iðnn. gefist kostur á að segja um það álit sitt, eftir því sem hún óskar. Gæti ég t. d. hugsað mér að láta líða það langt milli 2. og 3. umr., að henni gæfist kostur á að athuga málið eftir vild fyrir 3. umr.

Við höfum verið að athuga í fjmrn. nú undanfarið um eftirlit með tollagreiðslum af innlendri framleiðslu. Höfum við komizt að þeirri niðurstöðu nú síðustu daga, að skortur sé á nægilega sterkum ákvæðum í lögum, til þess að hægt sé að hafa þetta eftirlit fullnægjandi. Hefi ég afhent fjhn. till. frá ráðuneytinu um það efni. Bæði með tilliti til þess og tilmæla hv. iðnn. tel ég rétt að láta líða dálítið milli umr. um þetta mál.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. og hæstv. fjmrh. kom saman um það, að ekki væri vafi á því, að þingið gæti fellt niður ívilnun þá, sem innlendum iðnfyrirtækjum var veitt með l. nr. 50 frá 1927. Byggja þeir álit sitt á því, að þingið hafi yfirleitt vald til að breyta þeim lögum, sem það setur, og er ekki sjáanlegt annað en þeir lifi í þeirri sælu trú, að þetta gildi um hvaða lagasetn-

ingu, sem vera skal. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að það er ein tegund löggjafar, sem þingið getur ekki breytt skilyrðislaust. Það er sú löggjöf, sem veitir sérstök réttindi og getur skoðazt sem samningur við sérstaka aðila. Þetta er löngu viðurkennt hér á þingi, og þarf vitanlega svo unga þm., sem hér er um að ræða, til þess að gera svo barnalega játningu sem þessir hv. þm. hafa verið að gera hér. Hér liggur t. d. fyrir þinginu frv. um almenna skattívilnun fyrir ný iðnfyrirtæki. Setjum svo, að það yrði samþ. Halda menn virkilega, að hægt væri að fella það úr gildi hvenær sem væri, eftir að búið væri að byggja upp fyrirtæki á þeim grundvelli, að þau væru skattfrjáls tiltekinn tíma? Hv. þm. hljóta að viðurkenna, að til er ýms lagasetning, sem Alþingi getur ekki breytt skilyrðislaust, lög, sem þingið er bundið við gagnvart vissum aðilum að breyta ekki, eða greiða skaðabætur ella. Spurningin er því aðeins sú, hvort löggjöfin, sem hér er um að ræða, er þannig vaxin. Ég staðhæfi ekki, að svo sé, en ég dreg stórkostlega í efa, að heimilt sé að fella niður þessa ívilnun, sem loforð var fyrir til ákveðins tíma. Því verður ekki móti mælt, að í gildandi l. er skýrt loforð um, að ívilnunin skuli standa til ársloka 1935. En hv. þm. byggja sínar aths. á því, að þetta loforð sé orðið þeim, sem hlut eiga að máli, einskisvert, að um engin hlunnindi sé að ræða, þar sem þau séu nú veitt almennt. 1927 hafi hlunnindi verið veitt sérstökum fyrirtækjum, en 1931 hafi þau verið veitt öllum samskonar fyrirtækjum. Geta það ekki verið hlunnindi fyrir því? Eða hvers vegna var þá verið að veita þau? 1927 var þessi ívilnun veitt öllum fyrirtækjum í tilteknum greinum, sem þá voru starfandi. Voru það engin hlunnindi? Það breytti engu, þó með l. 1931 væri ívilnunin veitt fleiri fyrirtækjum. Það voru bara hlunnindi fyrir fleiri. Það er rétt, að þetta eru ekki hlunnindi í innanlandssamkeppninni, þegar öll fyrirtæki í sömu grein fá þau, en það geta verið hlunnindi fyrir því. Samkeppnin út á við á ekki aðeins við vörur sömu tegundar, heldur einnig við vörur, sem geta komið í staðinn. Þó útlent öl og kaffibætir sé svo dýrt, að ekki komi til mála, að það verði keypt, þá geta orðið keyptar aðrar vörutegundir í staðinn. Framleiðsla öls hefir ekki minnkað að undanförnu vegna þess, að erlent öl hafi verið drukkið, heldur vegna þess, að menn hafa farið að neyta annara vara í staðinn. Þessar hugleiðingar hv. 2. þm. Skagf. og hæstv. fjmrh. eru því út í loftið, eins og það var líka ákaflega barnalegt, þegar hæstv. ráðh. var að bollaleggja um það, að ýmsar vörur væru hærra tollaðar en öl. Það er satt, að t. d. vínföng eru hærra tolluð. En eins og hv. þm. V.-Ísf. var að reyna að sýna fram á, þá er mjög mismunandi, hvað vörur þola háan toll til þess að fólk hætti ekki að kaupa þær. Það fer eftir því, hvað menn meta mikils að fá vöruna til þess að neyta hennar. Nú er það svo um öl, að það er ákaflega lítilsvert nautnameðal. Menn drekka það til að svala þorsta sínum, og hafa því vatn til samanburðar, þegar meta skal, hvort svarar kostnaði að kaupa það. Það er því augljóst, að verð á öli þarf ekki að hækka mikið til þess eftirspurn eftir því fari hröðum skrefum minnkandi, enda hefir reynslan þegar sýnt það. Það þýðir því ekki að tala um, að ýmsar vörur séu hærra tollaðar en öl, það kemur ekkert málinu við. Ef hækkaður er tollur á öli, þýðir það ekki annað en minnkandi framleiðslu, og verður það þannig til að eyðileggja eina af þeim fáu iðngreinum, sem reknar eru í landinu.

Hæstv. ráðh. sagðist ekki sjá ástæðu til, að ölframleiðslan minnkaði. Ég vísa aðeins til þess, sem reynslan hefir sýnt. Það er ekki annað en fjarstæða, að minnkun ölframleiðslunnar stafi öll af sameiningu verksmiðjanna, eins og einhver vísaði hér til. Sú sameining er svo löngu um garð gengin, að hennar áhrif eru búin að vera. Samdráttur sá, sem orðið hefir á ölframleiðslunni á yfirstandandi og síðastl. ári, stafar af minnkandi neyzlu og engu öðru. Að ætla sér að hækka enn toll á öli til þess að fá auknar tekjur í ríkissjóð, er því tilgangslaust vindhögg.

Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að þetta væri eiginlega ekki tollhækkun, heldur aðeins niðurfelling á tollívilnun. Hvað er niðurfelling ívilnunarinnar annað en tollhækkun? Hver er afleiðing hennar? Þetta er svo barnaleg hártogun, að það tekur því ekki einu sinni að anza slíku.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að fólkið hefði keypt kaffibætinn hingað til, þó hann væri dýr, og að hann byggist við, að það mundi gera það áfram, þó verðið hækkaði. Þetta minnir mig á gamlan, mætan útgerðarmann norðanlands, þegar skipstjóri á skipi hans fór fram á það að fá nýtt stjórafæri, af því það gamla væri orðið slitið. Útgerðarmaðurinn sagði þá, að stjórafærið hefði nú dugað hingað til og myndi gera það áfram. Eins heldur hv. frsm. meiri hl., að af því að fólkið hefir enn ekki dregið við sig notkun kaffibætis, þrátt fyrir vaxandi verð, þá sé óhætt að halda áfram að hækka verðið í það óendanlega. En þetta er misskilningur. Það hlýtur að reka að því, að fólk sér, að kaffibætirinn er dýrari, og hverfur að því ráði að kaupa þá tegund af kaffi, sem ódýrari er. Hæstv. ráðh. heldur, að af því hér er selt brennt og malað kaffi, og verðið hærra á því, þá geri það að verkum, að fólk taki ekki eftir því, þó verðið á kaffibætinum hækkaði ofurlítið. Ég held nú, að þessi von reynist svikul, því ef nokkursstaðar er tilhneiging til þess að minnka notkun kaffibætis og veita sér þá nautn að drekka ósvikið kaffi, þá hygg ég, að sú tilhneiging sé mest vakandi hér, vegna þess að menn hafa almenna þekkingu á því, hver munur er á ósviknu kaffi og kaffi blönduðu kaffibæti. (**Fjmrh.**: Hvað er ósvikið kaffi?). Ég trúi því nú vel, að hæstv. fjmrh. viti það ekki og að honum sé ókunnugt um, hvers vegna kaffibætir er til orðinn í heiminum. En ef hann vill gefa yfirlýsingu um það, þá ætla ég að lofa honum að gera það af sjálfsdáðum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Ég skal ekki lengja mikið umr., en aðeins svara nokkuð því, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv. Hann heldur því enn fram af miklum móði, að vafa-

samt sé, að það, sem farið er fram á með frv., geti staðizt, vegna þess, að í því feldist svik við þá, sem treystu á þessi undanþáguákvæði, sem hér er nú deilt um. Ég sagði áðan, að þetta hefði verið borið undir lögfræðingana í stjórnarráðinu, þegar ráðgazt var um það, hvaða leið skyldi hér farin. Og ég vil svo benda á það, að í meiri hl. fjhn., sem leggur til, að máli þessu verði hrundið áfram, á sæti einn lögfræðingur, og ég á bágt með að trúa því, að ef hann hefir álitið þetta svo hættulegt sem hv. þm. talar um, að hann hafi þá ekki séð ástæðu til þess að vara við því í þessari d. — Út af því, að hér sé um svik að ræða gagnvart þeim, sem treystu á undanþáguákvæðin, vil ég benda á það, eins og ég hefi reyndar gert áður, að svo er ekki, vegna þess, að í raun og veru var undanþágan gerð að engu fyrir fyrirtækin sjálf með lagabreyt. 1931. Fram að þeirri lagabreyt. voru þessar undanþágur fyrir fyrirtæki, sem stofnsett voru fyrir 1. jan. 1927. Þá var um að ræða afarmikil hlunnindi fyrir þessi eldri fyrirtæki, og þannig var þetta upphaflega hugsað. En ef þetta, sem farið er fram á með þessu frv., eru svik við þau félög, sem treystu á undanþáguákvæðin eins og þau eru nú, hvað má þá segja um það, sem gert var á þingi 1931, þegar þau fyrirtæki, sem stofnsett voru fyrir 1. jan. 1927, voru svipt þeim sérstöku hlunnindum, sem þau höfðu eftir þessari löggjöf? Þau hefðu þá eftir þessu getað treyst á það, að þessi miklu hlunnindi fyrir þau yrðu óskert til ársloka 1935. En þau eru raunverulega ekki óskert, vegna þess, að um leið og þessi hlunnindi eru gerð almenn, eru það ekki hlunnindi nema að mjög litlu leyti, af því að fyrirtækin hafa þá orðið jafna aðstöðu. Það, sem gefur einstökum fyrirtækjum hlunnindaaðstöðu, er það, að greiða lægri tolla heldur en önnur fyrirtæki, sem starfa í sömu grein. Þau hafa þá aðstöðu til að taka til sín þennan mismun á þeim tollum, sem það þarf að greiða, og þeim, sem önnur fyrirtæki þurfa að greiða. Þess vegna lít ég svo á, að það, sem hér er um að ræða, geti ekki talizt til brigðmælgi, því þó staðið hefði í l., að þessar almennu undanþágur skyldu gilda til ársloka 1935, þá var það ekki neinn samningur, heldur l., sem Alþingi hlýtur að geta breytt. — Annars býst ég ekki við því, þó haldið verði áfram að pexa um þetta atriði, að á því fáist nokkur úrskurður.

Um það, að þessi hækkun, sem hér er farið fram á, að gerð sé á öltollinum, hafi í för með sér svo mikla neyzluminnkun, að hækkunin valdi ekki neinum tekjuauka til ríkissjóðs, vil ég segja það, að það, sem fram hefir komið um þetta hjá andstæðingum frv., er ekki á fullum rökum reist. Hv. 3. þm. Reykv. talaði um það sem einhverja fjarstæðu hjá mér, að vilja hafa það sem sérstakt sjónarmið, að þessi vara væri ekki eins hátt tolluð eins og ýms önnur vara, sem væri álika nauðsynleg. Hann vildi segja, að alls ekki ætti að taka þetta sjónarmið til greina, heldur það eitt, hvað varan gæti gefið í tolla, hvað mikið mætti hækka tollana til þess að hún héldi áfram að seljast. Eftir þessari kenningu hv. þm. ætti að leggja mest á þær vörur, sem menn gætu ómögulega án verið, því það væri öruggasta leiðin til þess að pína tollana út, og það er hið eina sjónarmið, sem þessi hv. þm. hefir. En ég álít, að hér þurfi að taka tvö sjónarmið til greina, það fyrra, að skipa tollunum niður á vörur eftir því, hvort þær eru þarfar eða óþarfar, og það síðara, hverjar líkur eru til, að varan gefi þann toll, sem hún raunverulega á að gefa eftir áætlun. Fyrra sjónarmiðið mælir ákveðið með því, að hækkaður sé tollur á vörum, en um síðara sjónarmiðið getur náttúrlega enginn okkar sagt með vissu, hvort muni verða til þess að draga úr neyzlu eða ekki, en ég þykist hafa fært fullar líkur fyrir því, að þessi 5½ eyr., sem á að bæta á hverja ölflösku, þurfi ekki að koma sem hækkun á verði, heldur sem lækkun í smásöluálagningu, og að nokkru á fyrirtækinu sjálfu, sem hér á hlut að máli.

Ég hefi nú fært fram þau rök, sem ég vil láta fram koma, og býst því ekki við að taka til máls meira.

**Hannes Jónsson:** Ég vildi taka undir það með hv. þm. Hafnf., að það væri æskilegt, að iðnn. fengi þetta frv. til athugunar, og einnig vildi ég beina því til hv. landbn., hvort hún vildi ekki athuga það líka með tilliti til frv. um breyt. á tollögunum. Þessi 2 frv., sem fyrir þinginu liggja, eru shlj., og erfitt að greina þau hvert frá öðru. Ég álít, að það beri að líta á fleira í þessu efni en það, hvort skipta eigi tollunum hlutfallslega rétt niður á vörutegundir eftir því, hvort þær eru nauðsynlegar eða ónauðsynlegar, eða hvort verið sé að auka tekjur ríkissjóðs eða ekki. Það ber líka að taka tillit til framleiðslunnar í landinu, og ég hygg, að mjólkurframleiðslan geti haft mikið gagn af breyt. á þessari löggjöf, sérstaklega súkkulaðigerðin. Mér kæmi það ekki á óvart, þó hægt væri að umsetja svipað mjólkurmagn eins og Mjólkursamlag Borgfirðinga telur sig hafa til sölu, á innlendum markaði. Þar sem hér er um svo merkilegt mál að ræða, álít ég nauðsynlegt, að tollalöggjöfin sé sniðin með það fyrir augum að greiða fyrir því, að þessi iðnaður geti borið sig sem bezt og á þann hátt, að hann njóti sem mest innlendrar framleiðslu.

Ég vildi aðeins benda á þetta og taka undir það með hv. þm. Hafnf., að nauðsynlegt væri að vísa málinu til iðnn. og að hún athugaði það í sambandi við landbn.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Húnv. minnti mig á það, að ég ætlaði að víkja lítilli aths. til hv. þm. V.-Ísf. — í öllu bróðerni samt — út af því, sem hann sagði um kaffibætisframleiðsluna hér, að hún væri að litlu leyti innlendur iðnaður, heldur aðallega fólgin í því að hræra saman hráefnum, sem flutt væru að. Hv. þm. Hafnf. vék að þessu og benti á, að það væru ekki eingöngu útlend hráefni, sem notuð væru, heldur að nokkru leyti innlend, og að vakandi áhugi væri fyrir því að nota sem mest af innlendum hráefnum til kaffibætis og að verið væri að gera tilraunir með það. Mér er ekki kunnugt um, hvað langt

það er komið, en hygg þó, að eitthvað sé notað af innlendum hráefnum. — Annars kemur þetta ekki svo mjög þessu máli við.

Það, sem hæstv. fjmrh. sagði, var ekki annað *en upptugga af því*, sem hann er margbúinn að segja og rekið hefir verið ofan í hann hvað eftir annað, en það má náttúrlega gera það einu sinni enn. Hann vildi neita því enn á ný, að hér væri um nokkur brigðmæli að ræða í sambandi við breyt. á þessum l. vegna niðurfellingar hlunninda, sem gefin höfðu verið fyrirtækjum til ársloka 1935, og það af þeirri ástæðu, sem ég vék að áðan, að þetta væru ekki nein hlunnindi.

En þá vænti ég skýringa á því, hvers vegna hlunnindin voru veitt upphaflega. Það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh., að þessi hlunnindi *hafi upphaflega verið veitt vegna samkeppninnar innanlands*. Þau voru veitt öllum fyrirtækjum, sem starfandi voru, vegna þeirra byrjunarerfiðleika, sem þau áttu við að stríða, og gert var ráð fyrir, að þau þyrftu að njóta þeirra til ársloka 1935. Svo var það eðlilegt áframhald af þessu, að þegar fleiri fyrirtæki voru stofnuð, þá veittu l. frá 1931 samskonar hlunnindi. Hæstv. ráðh. vildi snúa þessu þannig, að með l. 1931 hefðu verið svikin þau loforð, sem gefin væru með l. frá 1927. En þetta er misskilningur, vegna þess að l. frá 1927 lofuðu engu um það, að engum öðrum fyrirtækjum en þeim, sem stofnsett voru fyrir þann tíma, skyldu veitt þessi hlunnindi. Það var því auðvitað á valdi þingsins að veita hverjum *sem vera skal samskonar hlunnindi*. Og ég sýndi fram á það áðan, að þessi hlunnindi hefðu verið mikils virði fyrir fyrirtækin þá, vegna byrjunarerfiðleika og erlendrar samkeppni. Þess vegna voru hlunnindin líka veitt, og það er hugsanlegt, að fyrirtækin hafi byrjað sína starfrækslu og haldið áfram með þeim kostnaði, sem gerði þeim nauðsynlegt að njóta þessara hlunninda, og þess vegna álít ég, að þessi breyt. á l. fái ekki staðizt, vegna þess að fyrirtækin hafi byggt á þeim.

ATKVGR.

Brtt. 236 samþ. með 18:1 atkv.

— 192,1 svo breytt (ný 1. gr.) samþ. með 17:1 atkv.

— 192,2 samþ. án atkvgr.

1.—3. gr. (verða 2.—4. gr.) samþ. með 17:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HannJ, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.

nei: GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ.

Þrír þm. (MT, ÞorbÞ, GSv) fjarstaddir.

---

Á 27. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 295, 316, 360).

**Emil Jónsson:** Þess hefir verið farið á leit við *iðnn., að hún athugaði frv. og gerði á því breyt.*, ef henni þætti þess þurfa. N. hefir nú gert þetta og borið fram brtt. á þskj. 360. Höfuðbreyt. er sú, að færa tollinn aðallega yfir á þær vörutegundir, sem taldar eru ónauðsynlegar. Tollurinn hefir verið hækkaður á brjóstsykri, konfekti og átsúkkulaði úr ⅛ upp í ½ aðflutningsgjald. En svo hefir aftur verið lækkað sem því svarar á öðrum nauðsynjavörum, t. d. kaffibæti o. fl. N. er á einu máli um þessar breytingar. Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta, en vænti þess, að hv. d. sjái, að þetta er sanngjarnt.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller):** Það var viðvíkjandi till. frá meiri hl. fjhn. á þskj. 316, sem ég hygg, að sé samin eftir tilmælum frá fjmrn. Mér skilst, að tilgangur þessarar till. sé sá, að fella niður heimild, sem er í gildandi l. um að veita frest á gjaldi af innlendum tollvörutegundum.En það er ósamræmi í þessu, þar sem heimilað er að veita gjaldfrest á erlendum tollvörutegundum. Af þessari ástæðu vildi ég ekki taka þátt í flutningi till., og ég tel ekki rétt að samþ. hana.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** *Ég ætla aðeins* að segja örfá orð. Brtt. á þskj. 316 er sanngirnisráðstöfun og flutt eftir tilmælum fjmrn. og eftir till. tollstjóra. Aðalatriðið er, að eftirlitið með framleiðslunni geti orðið skýrara, og að hægt sé að setja reglugerð um fullkomið eftirlit. Það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að tollstjóri hefir lagt til, að felld sé niður heimildin til þess að veita gjaldfrest af innlendum tollvörutegundum. Honum hefir verið ómögulegt að fara eftir henni, og vill hann því ekki, að hún sé í l., svo að ekki geti orðið nein deila út af því.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller):** Mér virðast þessar röksemdir hjá hæstv. fjmrh. eða tollstjóra mæla hver gegn annari. Í þessari brtt. á þskj. 316 felst hagkvæmara fyrirkomulag um nákvæmt eftirlit með geymslu tollvörutegunda, og það verður því auðveldara að framkvæma það eftirlit, sem þarf til þess að veita gjaldfrest. Ef geymsla þessara tollvörutegunda er undir eftirliti tollstjóra, þá sé ég ekki neitt til fyrirstöðu því, að hægt sé að framkvæma þennan gjaldfrest. En ef það er svo, eins og hæstv. fjmrh. gat um, að tollstjóra sé ómögulegt að *framkvæma heimildina — en af hvaða ástæðum* það er, veit ég ekki —, þá er ekki sjáanlegt að það geri nokkuð til, þó heimildin standi í l. Mig vantar algerlega rök fyrir því, að það sé sanngjarnt að veita gjaldfrest af aðfluttum tollvörutegundum, en ekki innlendum, og það er ósanngjarnt að ýta undir það, að heimildin til þessa sé ekki notuð.

ATKVGR.

Brtt. 360 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 316 samþ. með 16:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 399).

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 399, n. 590).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Eins og nál. á þskj. 590 ber með sér, leggur fjhn. til, að frv. verði samþ. með lítilli leiðréttingu, og er það einungis sú orðabreyt., að fyrir „átsúkkulaði" komi „súkkulaði". Hv. 1. þm. Reykv. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, eins og menn sjá, og mun hann sennilega gera grein fyrir honum.

ATKVGR.

Brtt. 590 samþ. með 9:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 603).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

---

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 603).

Á 50. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 649).

---

## 22. Tekju- og eignarskattur.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt** (stjfrv., A. 12).

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég geri nú varla ráð fyrir, að eins gott samkomulag verði um þetta mál eins og frv. það um framlengingu á tekju- og eignarskattsauka, sem ég bar fram áðan, því að mér dylst ekki, að margir muni verða andvígir skattahækkun þeirri, sem hér er farið fram á.

Um ástæður fyrir því, að þetta frv. er borið fram, get ég í raun og veru látið mér nægja að vísa til fjárlagaræðu minnar. Eigi ekki að fara fram stórfelldur niðurskurður á verklegum framkvæmdum og öðru því, sem ríkisbúskapnum er nauðsynlegt, verður að auka tekjustofna ríkisins. Nú er það skoðun þeirra stjórnmálaflokka, er styðja ríkisstjórnina, að greiðslur í ríkissjóð eigi fyrst og fremst að miða við gjaldþol manna, og þeir eigi að bera þyngstar byrðarnar, sem breiðast hafa bakið. Úrræði stjórnarinnar til tekjuöflunar hljóta því í samræmi við þetta að vera einkum: Stighækkandi tekju- og eignarskattur, auknir tollar á óþörfum vörum og einkasölur á þeim vörum, sem vel þykja til þess fallnar.

Undanfarin ár hefir tekju- og eignarskattur samkv. lögum frá 1921 verið innheimtur með álagi. 1932 nam álag þetta 25%, 1933 40% og 1934 má telja víst, að álagið verði hið sama og 1933.

Í frv. því, sem hér er borið fram, er lagt til, að tekju- og eignarskattur sé ákveðinn mun hærri en eftir lögunum 1921, eða að skattstiginn verði hækkaður um ca. 16% til jafnaðar, ef miðað er við 40% álagið. — En auk þess eru í frv. ákvæði um það, að stj. megi innheimta skattinn með 10% álagi næsta ár, vegna þess að gert er ráð fyrir, að 1935 verði ekki meðalár um afkomu.

Verði þessi heimild notuð eins og núv. stj. myndi gera, nemur skatthækkunin 25% miðað við 40% álagið, en 75% miðað við lögin frá 1921.

Eins og ég hefi getið um í fjárlagaræðu minni og tekið er fram í grg. frv., er gert ráð fyrir um 450 þús. kr. tekjuauka af þessarri breyt. Þar sem ekki er hægt að búast við, að ástand næstu ára breytist að neinum mun til batnaðar frá því, sem var 1933 og 1934, má telja fyllilega víst, að 40% álagið yrði til frambúðar, þótt ekki kæmi ný löggjöf um þetta efni.

Hækkunin á tekjuskattinum er mismunandi, eftir því um hvaða tekjur er að ræða.

Hækkun sú, sem frv. hefir í för með sér, kemur þannig fyrst og fremst niður á tekjum, sem eru yfir meðaltal, á skattinum af tekjum undir meðaltali er ekki um beina verulega hækkun að ræða.

Þá vil ég geta eins nýmælis, sem í frv. felst og er það, að persónufrádrátturinn er hækkaður nokkuð fyrir fullorðna og gerður mismunur á frádrættinum í Rvík og annarsstaðar á landinu. Býst ég við, að við getum allir orðið sammála um, að sanngjarnt sé að gera slíkan mun á frádrættinum, með því að það er miklu dýrara að lifa hér í Rvík en annarsstaðar á landinu. Hitt er annað mál, hvort stj. hefir hitt á að gera frádráttinn réttlátan, býst ég við, að um það megi deila. Jafnframt skal ég lýsa yfir því, að stj. mun ekki endilega halda fast í till. frv. í þessu efni, getur vel komið til mála að gera einhverjar breyt. á þeim. — Eftir frv. er gert ráð fyrir frádrætti fyrir börn til 16 ára aldurs, en með núv. fyrirkomulagi er sá frádráttur miðaður við 14 ára aldur. Er það gert með tilliti til þess, að flestir unglingar stunda eitthvert nám, bóklegt eða verk-

legt, a. m. k. 2 ár eftir lok skólaskyldualdurs. Hafi barnið hinsvegar tekjur sjálft, kemur það til greina við ákvörðun skattsins, þannig að frádrátturinn lækkar sem tekjunum nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meira.

Þá vildi ég drepa á eina breyt. enn, sem í frv. felst. Hún er sú, að frv. gerir ráð fyrir, að sami skattstigi gildi fyrir einstaklinga og félög, önnur en samvinnufélög. Með núv. fyrirkomulagi er félögum með lítið hlutafé gert litt mögulegt að starfa, af því að þau verða að greiða margfaldan skatt á við félög með mikið hlutafé, þótt skattskyldar tekjur beggja séu jafnar. Sýnist ekki vera sanngjarnt að skattleggja hinn skattskylda hluta af tekjum smærri félaganna freklegar en hinna stærri. Þann mismun, sem mönnum kynni að sýnast rétt að gera á þessum gjaldendum, á að gera með mismunandi frádrætti við ákvörðun hins skattskylda hluta teknanna, en sjálfsagt virðist, að sami skattur greiðist jafnan af sömu skattskyldum tekjum. Þessi breyt. á skatti félaga, sem frv. ráðgerir, verkar að visu misjafnlega, til hagræðis fyrir smærri félögin, en þyngir hinsvegar á þeim stærri, en það er hvorttveggja, að hér á landi er fátt slíkra félaga, enda breytist skattur félaganna ekki mikið. Er árciðanlegt, að þetta er spor í rétta átt.

Ég skal svo ekki þreyta menn með langri framsöguræðu. Ég geri ráð fyrir, að um þetta mál verði nokkrar umr., en ég hefði viljað óska þess, að andinn hér á þingi væri sá, að hafa ekki langar umr. um málin, heldur yrðu þau athuguð því betur í n. og atkvgr. svo látin ganga í þeim. Það er okkur og öllum vitanlegt, að þótt við ræðum málin hér mikið og ýtarlega, er sjaldgæft, að við sannfærum hver aðra. Langar umr. leiða og ekki til leiðréttinga á málunum. — Hitt er annað mál, að nokkrar umr. eru nauðsynlegar.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég drepa á eitt atriði enn. Ég hefi hugsað um það, að þegar tekjuskatturinn verður hækkaður, er hætta á því, að fyrirtæki, sem græða eitt árið, en tapa annað árið, verði fyrir óeðlilegri skattgreiðslu, þegar miðað er við fyrirtæki með jafnri afkomu. Væri ekki óeðlilegt, að fundin yrði leið til að koma í veg fyrir, að þetta misrétti yrði áberandi, og vildi ég fyrir mitt leyti stuðla að því, að fundin yrði einhver leið, sem hefði í för með sér minnkun á þessari hættu. Vildi ég taka þetta strax fram, til þess að koma í veg fyrir misskilning. En það verður miklum erfiðleikum bundið að koma þessu við í framkvæmdinni, svo að till. til úrræða í þessu efni verða að vera rækilega hugsaðar og vel frá þeim gengið. Vil ég beina því til n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún gefi þessu atriði gaum og athugi það vandlega. Er ég reiðubúinn til að eiga tal við n. um þetta atriði og samvinnu við hana um að gera till. um það.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vona, að sanngjarnlega verði litið á tekjuþörfina, sem fyrir hendi er, og að frv. þessu verði vel tekið. Og mér finnst, að þessar till. séu svo sanngjarnar, að ekki geti verið ástæða fyrir þá, sem hallast að öðrum leiðum í skattamálum, að kippa sér upp við þær.

**Ólafur Thors**: Hæstv. fjmrh. gaf okkur þm. það heilræði í lok ræðu sinnar, að hafa sem minnst málskraf í frammi. Minnist ég þess, að hæstv. ráðh. kom fyrst á þing í fyrra, og var þá yngsti maður þingsins og um leið mesta málskrafsskjóða þingsins. Nú er hann orðinn ráðh. og hefir borið fram mörg og illa hugsuð frv., m. a. það, sem hér liggur nú fyrir til umr., og beinir því jafnframt til okkar þm. að þegja við því, sem hann réttir að okkur. Skal ég segja hæstv. ráðh. það, að ég hefi heyrt þetta heilræði hans, en mun ekki fara eftir því.

Hæstv. fjmrh. kom inn á þá athugun í lok ræðu sinnar — sem sýnir, að honum er þó ekki alls varnað í þessum málum — að misæri ísl. atvinnulífs myndi hafa í för með sér, að skatturinn lenti of þungt á einstökum framleiðendum. Er gott að heyra það, að hæstv. ráðh. viðurkennir þannig, að við sjálfstæðismenn höfum haft rétt fyrir okkur um þetta. En það er undarlegt, að þegar hæstv. ráðh. ber fram margar og miklar breyt. á gildandi skattalöggjöf, skuli hann ekki koma með neinar till. til úrræða um þetta atriði, svo nauðsynlegt sem það er vegna allra aðstæðna hér á landi, heldur jafnvel þvert á móti, því að ef frv. hæstv. ráðh. verður óbreytt að lögum, verður það til þess að ríða niður atvinnurekstur allan í landinu. Skal ég nú færa að þessu nokkur rök.

Ég hefi hreyft því oft áður hér á Alþingi, að rikissjóður notaði meira en góðu hófi gegndi beitingu beinna skatta. Nú er það svo, að bæjar- og sveitarfélög hafa nálega þá einu leið að fara til öflunar tekna, að leggja á útsvör, þ. e. beina skatta, en þegar ríkið ætlar sér að fara í botn á vasa skattþegnanna í álagningu beinna skatta, eins og gert er með þessu frv., er mér spurn: Hvað er þá eftir skilið handa bæjar- og sveitarfélögunum? Hvaðan eiga bæjar- og sveitarfélög að taka fé í sínar þarfir, þegar tekjustofnar þeirra eru rýrðir svo ferlega og gert er með ákvæðum þessa frv.? Ef frv. verður að lögum, er ekki ofmælt, að beinu skattarnir hér á landi séu orðnir óþolandi. Geta menn sannfærzt um þetta með því að bera saman útsvarsálagningarnar hér í Rvík og ákvæði frv. Við útsvarsálagningar hér í Rvík er m. a. beitt þeirri reglu, að taka 40% þænum til handa af tekjum, sem eru fram yfir 25 þús. kr., og skv. ákvæðum frv. skal greiða 40% í skatt af tekjum, sem fram yfir eru 100 þús. kr. Hér við bætist svo eignarskatturinn. Sjá menn, að þessu er eins illa í hóf stillt og mest má verða, enda hika ég ekki við að segja það, að ef frv. verður samþ., verða beinu skattarnir hér á landi miklu hærri en í nágrannalöndum okkar, að þeim löndum ekki undanskildum, þar sem sósialistar fara með stjórn. Skal ég færa rök að þessu, ef vefengt verður, við síðari umr. málsins. Við þetta bætist svo, sem og var játað af hæstv. ráðh., að sami skattstigi verkar með margföldum þunga hér vegna þess, hvað útkoman er misjöfn frá ári til árs. Hefir verið sýnt fram á þetta hér í sölum Alþingis áður

með óyggjandi tölum, þótt að vísu væri miðað við vægari skattaálögur en hér eru á ferðinni. Samkv. dæmi, sem þá var tekið, munaði þetta fimmfaldri skattupphæðinni hjá tveimur félögum með jöfnu stofnfé og jöfnum gróða í lok 4 ára rekstrartímabils, eftir því, hvort afkoman var jöfn eða misjöfn frá ári til árs. Félagið, sem hafði jafna afkomu, eins og venjan er erlendis, hlaut að greiða 8,9 þús. kr. í tekjuskatt, en ísl. félagið, sem tapaði eitt árið og græddi annað árið, varð að greiða 39 þús. kr. í skatt. Sýnir þetta, hve varhugavert er að beita slíkri skattaálagningu þar, sem aðstæður eru eins og hér á landi.

Um einstakar breyt., sem frv. þetta gerir á gildandi skattalöggjöf, skal ég ekki fara mörgum orðum við þessa umr. Ég vil þó leiða athygli að því, að hækkun sú, sem frv. ráðgerir, er gífurleg. Skal ég nefna nokkrar tölur þessu til sönnunar:

| Skattskyldar tekjur: | Skattur eftir gildandi lögum: | Skattur samkv. frv. |
|---|---|---|
| 2000 | 22 | 30 |
| 3000 | 42 | 70 |
| 4000 | 72 | 140 |
| 5000 | 112 | 230 |
| 6000 | 162 | 340 |
| 7000 | 222 | 460 |
| 8000 | 292 | 590 |
| 9000 | 372 | 730 |
| 10000 | 462 | 880 |
| 14000 | 922 | 1540 |
| 18000 | 1542 | 2280 |
| 20000 | 1912 | 2680 |
| 30000 | 3887 | 4980 |
| 50000 | 8337 | 10780 |
| 100000 | 20637 | 28980 |
| 200000 | 46637 | 68980 |
| 500000 | 124637 | 188980 |

Lengra er ekki ástæða til að telja. Eins og menn sjá, er hlutfallsleg skatthækkun langmest á tiltölulega lágum tekjum. Skatturinn byrjar að tvöfaldast við 4000 kr. skattskyldar tekjur og heldur áfram upp að 8000 kr. tekjum. Svo lækkar skatturinn hlutfallslega, þar til komið er upp í 50 þús. kr. tekjur, að hann fer aftur að hækka, en hækkunin nemur þá ekki nema liðlega 26—27%. Er það merkileg játning, sem í þessu felst af hálfu hæstv. fjmrh., því að þetta sýnir, að jafnvel honum, þessum radikala manni á sviði fjármálanna, er það ljóst, að skattálögurnar eru orðnar svo miklar, að hann telur ekki rétt að halda áfram á þessari braut, enda er það mála sannast, að álögur frv. eru svo gífurlegar, að liggur við fullkominni fiflsku. Hæstv. ráðh. sagði, að meðaltalshækkunin næmi 60%, og sýnir það þann beiska sannleika, hversu till. hans hafa í för með sér hatramlega hækkun á lágtekjumönnum. En hæstv. ráðh. nægir ekki þessi skatthækkun, svo óþolandi og óhyggileg sem hún er, því að hann fer einnig fram á það að fá að innheimta þennan gífurlega skatt með 10% álagi fyrir árið 1935. Þetta gerir það að verkum, að maður, sem hefði t. d. 4000 kr. skattskyldar tekjur, fengi 154 kr. skatt, eða 114% hækkun frá gildandi lögum, maður með 5000 kr. skattskyldar tekjur fengi 253 kr. skatt, eða 125% hækkun, og maður með 6000 kr. skattskyldar tekjur 374 kr. skatt eða 128% hækkun. Hér við bætist svo ennfremur, að í frv. felst heimild til að hækka skattinn með fjárlagaákvæði um allt að 25%, eitt og eitt ár í senn. Og þá liti dæmið þannig út: Maður með 4000 kr. skattskyldar tekjur fengi 175 kr. skatt, eða 140% hækkun, maður með 5000 kr. skattskyldar tekjur fengi 297 kr. skatt, eða 170% hækkun, og maður með 6000 kr. skattskyldar tekjur 425 kr. skatt, eða 170% hækkun. — Hygg ég, að ef hæstv. fjmrh. áttaði sig á þessu, færu að renna á hann tvær grímur um það, hvort hér væri ekki gengið feti lengra en hyggindi og skynsemi getá mælt með.

Það er að vísu svo, að persónufrádrátturinn er hækkaður nokkuð með ákvæðum frv., svo að hann verður nú fyrir einstakling í Rvík 800 kr., en 600 kr. annarsstaðar á landinu, í stað 500 kr. jafnt hvar sem var á landinu eftir gildandi lögum, og fyrir hjón 1500 kr. í Rvík, en 1200 kr. annarsstaðar á landinu í stað 1000 kr. áður. Dregur þetta nokkuð úr þeirri hækkun, sem fljótt á litið felst í frv., en raskar þó engan veginn heildarniðurstöðunum.

Veigamesta breyt. frv. er viðvíkjandi hlutafélögunum. Samkv. gildandi lögum eru þau sér um skattstiga, en eftir frv. á sami skattstigi að gilda um þau og fyrir einstaklinga. Kemur hér fram mikill stefnumunur. Eftir gamla fyrirkomulaginu reiknast skattur hlutfallslega eftir hlutfallinu milli eigin fjár og skattskyldra tekna, en nú á aðeins að miða skattinn við upphæð hinna skattskyldu tekna. Frv. gerir þannig ráð fyrir, að hlutafélögin komi fram sem sérstakur aðili um skattálagninguna, séu frumeiningin, sem miðað er við, en ekki eigendurnir. Veit ég ekki, hvort hæstv. ráðh. hefir gert sér þetta ljóst, en það kemur hvergi fram í grg. frv. Af þessu leiðir hinsvegar, að fjáreigendunum er gert mishátt undir höfði, eftir því, hvort þeir eiga í hlutafélagi, sem hefir mikið hlutafé, eða félagi með litlu hlutafé. Skulum við taka dæmi af 3 hlutafélögum, sem hafa öll jafnar skattskyldar tekjur, kr. 15000, og ættu því eftir frv. að greiða 1720 kr. skatt hvert. Gerum nú ráð fyrir, að eitt félagið hafi 50 þús. kr. hlutafé, annað félagið 100 þús. kr. hlutafé og það þriðja 500 þús. kr. hlutafé. — Allir sjá, að ekki er rétt, að hlutafélag með 50 þús. kr. hlutafé og 15000 kr. skattskyldar tekjur, sem greiðir 30% í arð, greiði ekki hærri skatt en hlutafélag með 500 þús. kr. hlutafé og sömu skattskyldu tekjum, sem hinsvegar greiðir hluthöfum aðeins 3% í arð. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. um það, hvað vakað hefir fyrir honum í því, að gera svo mikinn mun á skattþunga hlutafélaga eftir því, hvort þau hafa mikið eða lítið hlutafé. Það mætti segja, að það væri ástæða til þess að gera þennan mun, ef menn væru ásáttir um, að það bæri að sporna við því, að stór hlutafélög myndu ust hér á landi. Ég hefi verið að velta því fyrir mér, hvort þetta muni hafa vakað fyrir hæstv. ráðh., en ekki getað séð, að hann geti haft nein skynsamleg rök, sem mæli með því.

Hlutafélög eru meðal fátækra þjóða einasta ráðið til þess að hrinda fram stórum og fjárfrekum fyrirtækjum. Því meiri ástæða er til að veita stórum hlutafélögum byr, sem þjóðfélagið er fátækara. Ég get því ekki séð, að hér á landi sé ástæða til þess að sporna við myndun stórra hlutafélaga, og sérstaklega vil ég benda hv. þingd. á að athuga það, að við sjávarútveginn eru botnvörpungarnir langbeztu framleiðslutækin, og þeir verða ekki reknir af öðrum en hlutafélögum. Þetta er rétt þrátt fyrir það, þó að botnvörpungarnir geti ekki skilað eigendum sínum arði á borð við það, sem smærri útgerðin getur, og stafar það af því, að til botnvörpuútgerðarinnar eru gerðar miklu hærri kröfur, bæði um vinnulaun og skattgreiðslur til hins opinbera, heldur en til minni útgerðarfyrirtækja.

Út frá þessum staðreyndum virðist augljóst, að hlynna beri að því, að stærri hlutafélög geti notið sín, og a. m. k. sé ekki rétt að setja þau ákvæði í lög, sem vinna að því að rífa niður þá viðleitni stærri hlutafélaga að halda út togurunum, sem þau ein eru fær um að gera. En þetta er einmitt gert í frv. Þar er ákveðinn þyngri skattur á stærri félögin en hin minni. Ég vil auk þessa vekja athygli hæstv. ráðh. og hv. þd. á því, að þessi ákvæði bitna miklu sárar á þeim hlutafélögum, sem vinna að framleiðslu, heldur en þeim, sem stunda verzlun, af því að verzlanirnar eru ekki eins fjárfrek fyrirtæki og botnvörpuútgerðin og vil biðja hæstv. fjármrh. að athuga það alveg sérstaklega. Ég skal taka það fram, að auk ýmissa minni háttar atriða í frv., sem eru vafasöm, eru önnur, sem alls ekki má lögfesta, en ég sé ekki ástæðu til að fara inn á einstök atriði frv. við þessa umr. Fulltrúar sjálfstæðismanna í n. þeirri, sem frv. fer væntanlega til, munu beina athygli n. að þessum atriðum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Út af aths. hv. þm. G.-K. þykir mér rétt að segja nokkur orð.

Eitt er það, sem hann hefir mjög á móti frv., en það er, að hann telur, að með því sé gengið mjög á tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga. Ég vil þá byrja með því að minna á það, að allir tollar og skattar til hins opinbera eru teknir af þeim eina tekjustofni, sem til er, og það eru tekjur manna. Hinsvegar er um ýmsar mismunandi aðferðir að ræða með að taka af þessum stofni. Ef tekið er með tollum, þá er það tekið af þeim hluta teknanna, sem fer til þess að borga vörur, ef tekið er í sköttum, þá er eins tekið af sama sjóðnum, en skatturinn ekki miðaður við vörukaup, heldur við það, sem einstaklingurinn ber úr býtum. Þess vegna er í raun og veru rangt að segja, að gengið sé á tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga með þessu frv. Ef farið hefði verið fram á að innheimta eftir frv. meiri tekjur í heild handa ríkissjóði, þá væri þetta rétt, en nú er því ekki til að dreifa.

En það er annað, sem ég veit, að vakir fyrir hv. þm., þó að hann segði það ekki beint. Honum þykir skatturinn of mikið miðaður við tekjur manna og eignir. Hann var að minnast á útsvarsstigann í Rvík og sýna fram á, að háar upphæðir væru lagðar á tekjur og eignir með sköttum og útsvörum til ríkis og bæjar. Ég vil í því sambandi benda honum á, að ekki er rétt sú aðferð, er hann notar til þess að reikna út, hve mörg % tekjuskatturinn og útsvarið er af hreinum tekjum hjá hverjum einstaklingi.

Útsvar og tekjuskattur eru lögð þannig á, að fyrst er dregið frá hreinum tekjum útsvar og skattur frá árinu áður, og síðan eru útsvar og tekjuskattur reiknaður af því, sem þá verður eftir af tekjunum. Ef hv. þm. G.-K. hefir t. d. 30 þús. kr. hreinar tekjur, þá segir hann, að tekjuskatturinn af þeim sé 5 þús. kr., en þetta er ekki rétt, því að fyrst þarf að draga frá þessum 30 þús. kr. bæði tekju- og eignarskatt og útsvar eins og það var næsta ár á undan. Síðan er skatturinn lagður á það, sem þá verður eftir. Hv. þm. G.-K. gleymir að draga frá skattana og útsvarið. Með því fær hann það út, að skatturinn geti orðið 100% af tekjunum og jafnvel meira. Þetta gæti verið rétt, ef ekki væri dregið frá tekjunum skattar og útsvar frá árinu áður, eins og ég hefi nú sýnt fram á, að skal gera.

Ef þessi útreikningur hv. þm. G.-K. væri réttur hjá hv. þm., þá þýddi það, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði á síðasta þingi samþ. tekju- og eignarskattsauka svo háan, að einstakir gjaldendur hefðu orðið að greiða meira en 100% af sínum tekjum. En þetta hafa þeir ekki gert. Þetta er mjög auðvelt að sanna. Ég hefi ekki tölur við hendina til að sanna þetta, en mun gera það við 2. umr. málsins, ef ástæða verður til.

Hv. þm. G.-K. talaði um gífurlega skattaviðbót, sem leiða mundi af þessu frv. Ég get nú ekki séð, að 450—500 þús. kr. sé neitt gífurleg skattaviðbót. Það má til samanburðar minnast þess, að bæjarstj. Rvíkur hefir á einu ári hækkað útsvör í bænum um eins háa upphæð og þessari hækkun nemur, en hún er þó fyrir allt landið.

Þá vil ég drepa á þær upplýsingar, sem hv. þm. G.-K. var að gefa um skatthækkanir frv. á einstökum tekjum. Hann sagði, að með þessu frv. væri farið fram á að hækka tekju- og eignarskatt á lágum tekjum. Ég vil í þessu sambandi benda á það, sem hann raunar leiðrétti sjálfur, að samanburður hv. þm. getur ekki staðizt, þar sem hann miðar við skattskyldar tekjur. En nú er persónufrádrátturinn hærri í frv. stj. en í gildandi l. um þetta efni, og eiga tekjulágir skattgreiðendur því að greiða töluvert minna eftir frv. en l. Hv. þm. sagði, að þetta verkaði lítið, en þó er það svo, að ef reiknað er á réttan hátt, er útkoman sú, að skatturinn lækkar eftir frv., miðað við l. frá 1921 og 40% viðbótarskattinn, á þeim mönnum, sem lágt eru launaðir, og hækkun skattsins kemur fyrst fram, er tekjur eru orðnar í kringum kr. 7000 hjá mönnum með meðalfjölskyldu. Það er því síður en svo, að frv. fari fram á hækkun á skattgreiðslum þeirra manna, sem ætla má, að erfiðasta eigi aðstöðu.

Ég vil minnast á, að hv. þm. tók fram, réttilega, að prósentuhækkunin er lægri þegar kemur

að vissu marki hárra tekna. Er þetta gert með tilliti til þess, að sveitar- og bæjarfélög, t. d. í Rvík, hækka nokkuð ört, svo að ekki þótti rétt að hafa prósentuhækkunina meiri en gert er í frv. Ég vil þó taka fram, að inn í þetta hefir slæðzt villa, á þann hátt, að stighækkunin er lægri en hún upphaflega átti að vera, og mun ég athuga um það við n., sem mál þetta fær væntanlega til meðferðar.

Þá vil ég fara fáum orðum um það, sem fram kom hjá hv. þm. um breyttan skatt hlutafélaga. Breyt. er byggð á því, að við skattaálagningu yfirleitt er ekki tekið tillit til þess, hve mikið fé hefir þurft að hafa undir höndum til öflunar teknanna. Ég vil benda á það, að hjá einstaklingum er enginn munur gerður í þessu efni í skattal., hvort einstaklingar hafa haft 100 þús., 200 eða 300 þús. kr. til öflunar teknanna. Því finnst mér hið sama eiga að gilda um félög, að ekki sé látið skipta máli frekar en *um einstaklinga, hve mikið fé var nauðsynlegt* til öflunar teknanna, sem skattskyldar eru. Mér finnst eðlilegt, að hlutafélög, sem reka starfsemi sína sjálfstætt, séu gagnvart skattalöggjöfinni sem einstaklingar út af fyrir sig. Og þá er ekki ástæða til, að gert sé upp á milli félaga í þessu tilliti frekar en einstaklinga. En ég vil benda hv. þm. G.-K. á það, að það gætir misskilnings hjá honum, þegar hann talar um háan skatt af stórum hlutafélögum, en lægri aftur af félögum með minna hlutafé. Hv. þm. gerir ekki mikið úr því, að hlutaféð, sem safnast saman, er ekki skattlagt, heldur talið til skuldar hjá félaginu. Og hjá hlutafélögum er viss prósenta dregin frá af innborguðu hlutafé. Ber því að skattleggja hreina eign félagsins, og með því að skattleggja þann hluta ágóðans, sem fer fram úr 4% af hlutafé samkv. frv., þá er fél. gert jafnt undir höfði og einstaklingum og aðstaðan til starfsemi stórra hlutafélaga fyllilega fyrir hendi.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um frv. að sinni. Geri ég ráð fyrir, að frekari útreikningar og gagnrýni komi fram við 2. umr., og verður þá tækfæri til nánari umræðna.

**Jakob Möller** [óyfirl.] Ég vil ekki lengja umr. um frv. á þessu stigi málsins, en út af því, sem hæstv. fjmrh. var að andmæla hv. þm. G.-K., er hélt því fram, að með svo gífurlegri hækkun tekju- og eignarskattsins væri gengið á hlut sveitar- og bæjarfélaga, þá vil ég benda á, að mér virðist staðhæfing hæstv. ráðh. koma undarlega fyrir sjónir, og í bága við hans störf sem skattstjóra í Rvík og form. niðurjöfnunarn. Því að í starfi sínu þar hefir hann viðurkennt svo áþreifanlega sem verða má, að þessi skattstofn sveitar- og bæjarfélaga væri orðinn svo pindur, að varla væri gerlegt að leggja meira þar á en niðurjöfnunarn. gerði. Hefir skattstjórinn fyrrv. látið það berast frá sér, að bæjarstj. Rvíkur gerði orðið það miklar kröfur um skattaálögur, að þeim væri naumast unnt að sinna. Þetta hefir verið allmjög básúnað út um land, jafnvel í útvarpinu, og því kemur undarlega fyrir sjónir, að þessi fyrrv. form. niðurjöfnunarn. skuli nú telja skaðlausar enn meiri álögur. Þetta kynni nú auðvitað að hafa verið póltískt gaspur til að vinna fylgi annarsstaðar á landinu, en framkvæmdir niðurjöfnunarn. sýna og sanna, að álögurnar eru orðnar fullerfiðar, þótt ekki sé á bætt. Á síðustu árum hefir m. a. s. orðið að taka til nýrra skattstofna, eins og t. d. að leggja á viðskiptaveltu manna. Nægilegs fjár virðist n. ekki hafa treyst sér að afla með útsvörum á tekjur. Eignarútsvör hafa verið á lögð. Ef þetta er ekki sönnun fyrir því, að skattstofnarnir eru þegar nýttir til fulls, þá veit ég ekki, hverjar sannanir hæstv. fjmrh. tekur gildar. Ég vil beina því til allra þeirra hv. þm., sem eru fulltrúar sveitakjördæma, að sveitarfélögin hafa árum saman klifað á því, að meiri skattstofna þyrfti til að rísa undir útgjöldunum, að hér er af stj. hálfu þrengt enn meira að málefnum sveitanna í því að afla nauðsynlegs fjár. Þetta er þeim mun athugaverðara sem bæjar- og sveitarfél. *þurfa margfalt meira fé nú en á venjulegum tímum*, vegna örðugleika atvinnuveganna og þeirrar hjálpar, sem sveitarfél. verða að veita almenningi. Ég er sannfærður um, að ef slík hækkun verður lögleidd sem hér er farið fram á á tekju- og eignarskatti, þá standa fullkomin vandræði fyrir dyrum hjá bæjar- og sveitarfélögum, og ég skora á hv. þm. að verða á verði um, að hér sé ekki of nærri gengið.

**Ólafur Thors:** Ég hefi þegar sett fram þær aths., sem mér þykir ástæða til að minnast á við þessa umr. málsins, og rök hæstv. fjmrh. gefa í raun og veru ekki tilefni til andsvara frá minni hálfu nema að litlu leyti.

Það er enginn nýr sannleikur, að tekjur ríkissjóðs verði að fást af tekjum einstaklinga þjóðfélagsins. Það eru vísindi, sem allir hv. þm. áreiðanlega þekkja, og nauðsynjalaust fyrir hæstv. ráðh. að vera með slíkan barnalærdóm á þessum stað.

Hv. 3. þm. Reykv. hefir svarað því atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem einna mestu máli skiptir, og sýnt fram á, að svar hæstv. ráðh. við fyrirspurn minni í sambandi við rýrnun tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga var fánýtt. Það liggur í raun og veru vel fyrir, að hæstv. fjmrh. skuli einmitt hafa verið formaður niðurjöfnunarn. Rvíkur, og með framkomu sinni í þeirri n. staðfest það, sem ég gat um, að það er þegar búið að ganga svo langt í álagningu beinna skatta, að ekki er skynsamlegt að ganga lengra. Frv. hæstv. ráðh. er þannig, eins og hv. 3. þm. Reykv. sýndi fram á, í beinni mótsögn við yfirlýstan vilja hans sem formanns niðurjöfnunarn. Rvíkur. Ég vil því að gefnu tilefni endurtaka þá fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvaða aukna tekjustofna hann ætlar bæjar- og sveitarstjórnum, eftir að hann hefir með þessu frv. gengið lengra á fyrri tekjustofna þeirra heldur en honum sjálfum þótti fært að gera, þegar hann var formaður niðurjöfnunarnefndar.

Hitt er fyrirlestur, sem hæstv. ráðh. þarf ekki að flytja fyrir mér né öðrum þm., að útsvar og tekjuskattur sé ekki tvísköttun. Það er mál, sem okkur er öllum kunnugt af margvíslegu til-

efni, sem orðið hefir til að skýra það á undanfarandi þingum.

Það er ekki rétt hjá hæstv. fjmrh., að hækkun persónufrádráttarins hafi eins mikil áhrif og hann vill láta skína í. Ég reiknaði út áhrif persónufrádráttarins hjá nokkrum gjaldendum á meðan hæstv. ráðh. flutti ræðu sína, og eru þau þessi: Skattur af 3000 kr. skattskyldum tekjum er eftir gömlu lögunum 42 kr., en eftir frv. 70 kr. Sé nú tekið tillit til ívilnunar þeirrar, sem felst í hækkun persónufrádráttarins, verður skatturinn, sem var 42 kr., á einstaklingi í Rvík 58 kr., en á einstaklingi í sveit 66 kr., á hjónum í Rvík 50 kr., og á hjónum í sveit 58 kr. Sé miðað við 4000 kr. skattskyldar tekjur er skatturinn eftir lögunum 72 kr., eftir frv. 140 kr., með ívilnun persónufrádráttarins á einstaklingi í Rvík 119 kr., á einstaklingi í sveit 133 kr., á hjónum í Rvík 105 kr., á hjónum í sveit 119 kr. Sé miðað við 5000 kr. skattskyldar tekjur var skatturinn 112 kr., verður, samkv. frv. 230 kr., með ívilnun persónufrádráttarins á einstaklingi í Rvík 203, á einstaklingi í sveit 221 kr., á hjónum í Rvík 182 kr. og á hjónum í sveit 203 kr. Sé miðað við 9000 kr. skattskyldar tekjur var skatturinn 372 kr., verður samkv. frv. 730 kr., en með ívilnun persónufrádráttarins á einstaklingi í Rvík 688 kr., á einstaklingi í sveit 716 kr., á hjónum í Rvík 660, á hjónum í sveit 668. Með þessu vildi ég sýnt hafa, að þó tekið sé tillit til þeirra áhrifa, sem hækkun persónufrádráttarins hefir á raunverulega niðurstöðu þeirra breyt., sem í frv. felast, þá er skatthækkunin á lágum tekjum engu að síður gífurleg.

Út af aths. minni um breyt. á fyrirmælum l. um skattgreiðslur hlutafélaga sagði hæstv. ráðh., að það væri ekki tekið tillit til þess, hvað mikið fé einstaklingarnir hefðu undir höndum til þess að afla ákveðinna tekna. Af þessu leiddi í huga hans, að ekki væri ástæða til þess að gera það heldur þegar hlutafélög ættu í hlut. Þetta er misskilningur, eins og ég tel mig hafa skýrt í minni fyrri ræðu. Og hæstv. ráðh. á eftir að gera grein fyrir, á hvaða viti eða hugsun það er byggt, að fjáreigandi, sem leggur fé sitt í hlutafélag, sem hefir hátt hlutafé, er látinn sæta annari og verri meðferð heldur en ef hann leggur sama fé í hlutafélag, sem hefir lítið hlutafé. Ég hefi ekki getað komið auga á neina skynsamlega ástæðu fyrir þessu, en ég hefi sýnt fram á, að það er ekki aðeins óréttlátt og ósanngjarnt, heldur getur það jafnvel verið hættulegt, með þeirri sérstöku aðstöðu til atvinnurekstrar, sem hér er. Í þessu sambandi skiptir það engu máli, að hlutaféð í hlutafélögunum er ekki skattlagt sem eign, heldur talið sem skuld við hluthafana, vegna þess að hluthafarnir eru svo aftur skattlagðir fyrir eign sína í félaginu. Hitt skiptir ekki heldur máli, að ákveðið er í þessu frv. eins og öðrum lögum um þetta efni, að heimilt sé að draga 4% af hlutafénu frá ágóðanum, áður en skattskyldar tekjur eru reiknaðar út. Það er gert til þess að draga úr þeirri tvísköttun, sem er nú á tekjum hlutafélaga, annarsvegar á félögunum sjálfum og hinsvegar á hlutafjáreigendunum, eftir að arði hefir verið úthlutað. Þetta hefir engin áhrif á þá jafnvægisröskun, sem ég er að sýna fram á, að verði milli stærri og minni hlutafélaga, eða þann mismun á meðferð ríkissjóðs á þeim mönnum, sem leggja fé sitt í stór hlutafélög, og hinum, sem leggja fé sitt í lítil hlutafélög. Mér virðist af ummælum hæstv. ráðh., að hann hafi ekki við samningu frv. gert sér grein fyrir þessari hlið málsins, og geri ég mér því vonir um, að eftir að þessi aths. er fram komin, geti hann fallizt á að gera þær breyt., sem við athugun kunna að teljast nauðsynlegar til þess að réttlæti náist í þessu efni. Hitt veit ég, að gæti verið nauðsynlegt, að setja strangari ákvæði heldur en nú eru í lögum um það, hvaða kringumstæður þurfi að vera fyrir hendi hjá hlutafélögum til þess að þau verði aðnjótandi þeirra hlunninda eða þess réttlætis, sem felst í ákvæðum gildandi laga um sérstakan skattstiga fyrir hlutafélög; ákvæði til að tryggja, að það hlutafé, sem skattálagningin er miðuð við, sé fyrir hendi. En um það ætti að vera hægt að setja þær reglur, sem að haldi kæmu.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Það sýnist mega vera áhyggjuefni öllum þeim, sem með bæjar- og sveitarmálefni fara í landinu, að fram er komið frv. á Alþingi, sem gengur svo mjög á þann eina tekjustofn, sem þessir aðilar hafa, eins og það frv., sem hér liggur nú fyrir. Hæstv. fjmrh. sagði að vísu, að það væri rangt að segja, að með þessu frv. væri sérstaklega gengið á tekjustofn bæjar- og sveitarsjóða, því að það væri augljóst mál, að hvergi væri tekjur að hafa handa ríkissjóði annarsstaðar en af tekjum landsmanna yfirleitt, og því gilti nokkuð einu, að því er mér skildist, hvar væri borið niður.

Þetta er ekki rétt, enda kom það í ljós síðar í ræðu hæstv. fjmrh., að hann veit sjálfur og viðurkennir, að svo er ekki. Hann sagði, að stighækkun skattstigans í þessu frv. á hærri tekjum væri ekki eins mikil og verið hefði, og væri það með sérstöku tilliti til þess, að bæjar- og sveitarfélög, sérstaklega Rvíkurbær, legðu útsvör á eftir mjög stighækkandi skala. Það væri óþarfi fyrir hæstv. ráðh. að taka tillit til þessa, ef ekki væri svo, að með hækkun tekjuskatts gengi ríkissjóður á tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Hitt játa ég vitanlega með hæstv. ráðh., að hvernig sem skattar eru á lagðir, eru þeir teknir af tekjum skattþegnanna. Af öðru er ekki hægt að gjalda heldur en framleiðslu hvers árs, nema um lánsfé frá öðrum þjóðum sé að ræða. Þetta má því vera mikið áhyggjuefni þeim, sem fara með málefni sveita og bæja, ekki sízt þeim, sem fara með málefni Rvíkur, þar sem 7/10 af öllum beinum sköttum til ríkissjóðs koma frá Rvíkingum. Og þó má e. t. v. segja, að það geti verið annarsstaðar ennþá meira áhyggjuefni, því svo mun ástatt í ýmsum sveitar- og bæjarfél., að þau þurfa ennþá dýpra í vasa gjaldenda sinna heldur en Rvíkurbær.

Mér finnst því alls ekki viðunandi, að Alþ. geri þá breyt. á skattalöggjöfinni, sem hér er

farið fram á, að því órannsökuðu, hvað miklir beinir skattar hvíla alls á skattþegnum þessa lands, sérstaklega í kaupstöðunum. Við rannsókn mundi að minu áliti koma í ljós, að þeir væru þegar orðnir óhæfilega háir. Ég vil skora fastlega á hv. fjhn., sem fær vafalaust þetta mál til athugunar, að gefa hv. þd. yfirlit yfir það, þegar hún skilar áliti sínu, hvernig skattgreiðslum manna í kaupstöðum landsins yrði háttað, að þessu frv. samþykktu, þegar bæði er tekið tillit til tekju- og eignarskatts og útsvara. Ég er viss um, að þá myndi mörgum hv. þdm. blöskra og verða sammála þeim mönnum, sem haldið hafa fram, að ekki sé þess að vænta, að auknar tekjur fáist óendanlega af þessum gjaldstofni.

Mér þykir það líka iskyggilegt við þetta frv., að þótt með því eigi að lögfesta hækkun á tekju- og eignarskatti til frambúðar, þá er um leið opnuð leið til breyt. á hverju þingi, þar sem ætlazt er til, að um leið og frv. er samþ. sé stj. heimilað að bæta 10% við skattinn á árinu 1935. Það verður þá alveg eins hægt að hækka skattinn um 20% á næsta þingi o. s. frv. o. s .frv., allt eftir því, hvað þingmeirihlutanum dettur í hug í hvert skipti. Þetta skapar óþolandi og óviðunandi óvissu, skattþegnar verða að vita frá ári til árs, hvað þeir mega búast við að þurfa að greiða. Með svo stórfelldri skatthækkun sem frv. sjálft gerir ráð fyrir, ætti að vera útilokað, að þessu þurfi að haga eftir ákvörðun þingmeirihlutans í hvert skipti.

Ég vænti þess svo, að hv. n. verði við þeirri ósk minni, að láta d. í té upplýsingar um skattgreiðslur manna í heild í kaupstöðum landsins, þegar hún skilar áliti sínu.

Umr. frestað.

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vildi gera nokkrar aths. við umr. í gær.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, að það væri ósamræmi á milli ákvæða þessa frv. og afskipta minna af niðurjöfnunarn. Rvíkur, með því að öllum útsvörunum hér væri ekki jafnað niður sem beinum skatti. Þykir mér rétt að skýra frá því, að ástæðan til þess, að þetta hefir ekki verið gert, er ekki sú, að meiri hl. niðurjöfnunarn. áliti þetta ekki hægt. Hin er ástæðan, að það hefir verið venja að láta fyrirtæki, enda þótt það gæfi litinn tekjuafgang, greiða útsvar fyrir þau fríðindi, sem bærinn leggur þeim til og þeim verða að notum við atvinnurekstur inn. Er síðar lagt á tekjur þessara fyrirtækja eftir venjulegum reglum, svo að þau verða verr úti en önnur, sem hafa jafnan afgang. Er hér um nokkurskonar rekstrargjald að ræða, sem eðlilegt þykir, að fyrirtæki greiði til bæjarins vegna þeirra fríðinda, sem þau njóta. Varð því að setja fastar reglur um, að öll fyrirtæki greiddu slikt gjald til þess, að þetta kæmi jafnt niður á gjaldendum. — Ég hefi aldrei sagt það, sem hv. 3. þm. Reykv. vildi herma upp á mig, að ekki væri hægt að jafna útsvörunum í Rvík niður sem tekju- og eignarskatti. Þessi rökstuðningur hefir alltaf fylgt því, sem ég hefi um þetta sagt.

Ég álít, að það sé á misskilningi byggt, þegar menn eru að tala um það, að frv. gangi á tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga, því að hér er ekki um heildarhækkun að ræða á því, sem ríkissjóður tekur, svo að hlutur sveitar- og bæjarfélaganna er óbreyttur eftir sem áður. Það er og ekki heldur hægt að miða allar greiðslur til opinberra þarfa við nettótekjur, eins og ég hefi tekið fram. Vil ég láta það koma skýrt fram, að ég álít, að með frv. sé ekki gengið svo langt að takmarki álagningarmöguleika sveitar- og bæjarfélaganna með beinum skatti frá því, sem nú er. Frv. er stillt svo í hóf, að það lokar ekki þessum möguleikum fyrir sveitar- og bæjarfélögum.

Hv. þm. G.-K. spurði að því í gær, hvaða tekjustofna ég ætlaði handa sveitar- og bæjarfélögunum. Gleymdi ég að svara þessu í gær, en skal gera það nú. Eftir útsvarslögunum, eins og þau eru, hafa sveitarfélögin mjög rúmar hendur um álagningu útsvaranna, svo að þau þurfa ekki aðeins að miða útsvörin við eignir og tekjur, heldur er þeim líka heimilt að miða útsvörin við viðskipti, leggja á svokölluð rekstrarútsvör. Er það áreiðanlega lögum samkvæmt að leggja á slik útsvör. — Ég álít, að þetta frv. gefi ekki tilefni til þess, að sveitarfélögin þurfi að taka upp nýjar aðferðir við útsvarsálagningu na, en vegna fyrirspurnar hv. þm. G.-K. vil ég til viðbótar benda á það, að í öðrum löndum sumum hverjum miða sveitar- og bæjarfélögin útsvörin við eign í fasteign; svo er þetta t. d. í Englandi. Hér á landi er fasteignarskatturinn ekki svo hár, að ég geti ekki hugsað mér að benda á þessa leið. Getur þetta verið til athugunar fyrir hv. þm. G.-K. og aðra þá, sem bera kvíðboga fyrir afkomu sveitarfélaganna í sambandi við þetta sérstaka frv.

Þá minntist hv. þm. G.-K á hlutafélögin. Má deila um það, hvort framfylgt sé ítrasta réttlæti um þetta atriði. Hv. þm. var inni á þeirri hugsun, að keppa skyldi að því að láta jafnar tekjur bera jafnan skatt. Ef þessi hugsun er hugsuð til enda, þyrfti að hafa það fyrirkomulag að jafna tekjum félaganna niður á hin persónulegu framtöl hluthafanna, svo að fram kæmi, hvað hver og einn ætti í heild og hefði í heildartekjur. En þetta er óframkvæmanlegt. Verður ekki hjá því komizt að viðurkenna félögin sem löglegan sérstakan aðilja um skattgreiðsluna, og er þá réttmætt, að þau greiði sama skatt og einstaklingar verða að gera af sömu tekjum, enda er þetta ekki óþekkt fyrirbrigði hér á landi. Félög með óinnborgað hlutafé og stofnfé eru nú sköttuð eins og frv. gerir ráð fyrir, að öll félög verði sköttuð. Vil ég bæta því við, að ég álít, að það hagræði, sem af því leiðir að hafa félögin stór, muni fullkomlega vega upp á móti þeirri litlu skatthækkun, sem þetta hefir í för með sér. Ef hagnaðurinn er ekki svo mikill af því, að hann vegi upp á móti þeim mismun, sem verður í skattálagningu litlu og stóru félaganna verð ég að segja það, að ég sé ekki, hvert keppikefli er að hafa félögin stór.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Við hv. þm. G.-K. höfum báðir tekið það helzta fram, sem styður málstað okkar hvors um sig. Er nú rétt, að þetta atriði verði athugað í n. og að hún fái tækifæri til að skera úr því, hvor okkar hefir rétt fyrir sér. — Ég geri og ekki ráð fyrir að taka aftur til máls við þessa umr. Ég legg áherzlu á það, að málið gangi sem fyrst til nefndar.

**Jón Pálmason:** Hæstv. fjmrh. óskaði eftir því í gær, að fjármálatill. stj. yrðu ræddar í heild sinni. Gefur þetta mér tilefni til að víkja að till. stj. *og stefnu í þessum málum.* Þeir, sem hér hafa talað, hafa og allir verið úr kaupstöðunum, svo að það er eigi fjarri lagi, að einn sveitamaður láti til sín heyra. Það hefir að vísu oft verið látið klingja, að sveitirnar borguðu lítinn tekju- og eignarskatt, svo að það kann að þykja undarlegt, að sveitamaður sé að tala um þessi mál, en ég mun þó ekki biðja afsökunar á því. Að bændur hafa borgað lítinn tekju- og eignarskatt undanfarið, stafar og ekki af því, að lögin séu sérstaklega vingjarnleg í þeirra garð, né heldur af því, að bændur hafi svikizt undan skatti, eins og á þá hefir verið borið, heldur er orsakanna að leita til örðugleikanna í sveitunum, sem eru og hafa verið þannig öll þau ár, sem liðin eru síðan skattalögin gengu í gildi, að undanskildu árinu 1924, að almennast hefir verið halli á rekstrinum.

Um fjármálatill. stj. er því fremur ástæða til að ræða, að þar stöndum við þingmenn á þeim landamerkjum, sem aðskilja menn og flokka og stefnur í fjármálum þjóðarinnar. Vænti ég, að mönnum verði það ljóst, áður en ég hefi lokið ræðu minni. — Hæstv. fjmrh. heldur því fram, að aðeins sé um tvær leiðir að ræða út úr núv. ástandi, annaðhvort að fella niður verklegar framkvæmdir eða afla meiri tekna, þ. e. þyngja skattana, sem á framleiðslunni hvíla. Er þetta kenning, sem hljómað hefir nú senn í sjö ár af munni framsóknarráðh. Og þessi villukenning hefir leitt Alþ. út á þær brautir að þrengja meir og meir að atvinnuvegunum, enda er nú svo komið, að þegar hefir orðið að grípa til sérstakra ráðstafana, og þarf auðsýnilega að ganga lengra í því efni, ef allt á ekki að lenda í hruni.

Það er vitanlegt, að flestir eru sammála um það, að ekki megi draga úr verklegum framkvæmdum, heldur beri jafnvel þvert á móti að stefna að því að auka þær sem mest má verða, til þess að reyna að stuðla að því, að atvinnurekstrinn í landinu svari til fólksfjölgunarinnar. Hin leiðin, sem hæstv. fjmrh. vill fara, að auka skattana sí og æ, er líka ófær. Ríkissjóðurinn verður að skilja eitthvað eftir handa sveitar- og bæjarfélögum. Í sveitunum hefir það verið svo í seinni tíð, að útsvörin hafa almennast verið tekin af eign, tekjur hafa ekki verið til að taka þau af. Afleiðingin hefir líka orðið sú, að útsvörin innheimtast ekki, heldur *safnast saman frá ári til árs, en borgast annarsstaðar* með nýju lánsfé. Má af þessu vera ljóst að ófært er að fara þessa leið, að auka álögurnar. Það eru og ekki aðeins sveitirnar, sem eru að sligast undir skattaálögunum, kaupstaðirnir eiga líka í vök að verjast. Þriðja leiðin til úrlausnar er líka fyrir höndum, og hún er sú eina rétta, sem sé að lækka gjöldin. Það vill líka svo vel til, að Framsfl. hefir það á stefnuskrá sinni, að færa niður þau gjöld, sem orsakast af rekstri þjóðarbúsins, og er þetta algerlega í samræmi við stefnu okkar sjálfstæðismanna í þessum málum. Munurinn er aðeins sá, að Framsfl. hefir farið öfugt að í framkvæmdinni öll þau 7 ár, sem hann hefir stjórnað þessu landi, því að á öllu þessu tímabili hafa gjöldin stórhækkað, skattarnir hækkað og skuldirnar hækkað, og því er fjármálalíf þjóðarinnar á þeirri leið, sem raun ber vitni um. Það hefði nú mátt ætla, að hæstv. fjmrh., sem er ungur maður og framgjarn, hefði sett sér það mark, að framkvæma hina yfirlýstu stefnu síns flokks í fjármálunum, að lækka útgjöld ríkissjóðs. Ég hafði vonazt eftir skynsamlegum till. frá honum í þá átt, og þá skyldi ég vera manna fyrstur til að styðja hann að málum, en í skattafrv. hans og fjárlfrv. bólar lítið á slíku. Enn hafa ekki komið frá honum till. um að lækka dýrtíðaruppbót, ekki till. um að fækka embættum eða ríkisstofnunum eða lækka laun embættismanna, og þó er það á allra vitorði, að þeir hafa við langtum betri kjör að búa en framleiðendur. Þá vil ég minnast á annað atriði, sem viðkemur fjármálum ríkisins og hæstv. ráðh. kom lítið eitt inn á í gær, og það eru tolltekjur ríkisins og innflutningshöftin. Hvað á það lengi að ganga að rýra tolltekjurnar með innflutningshöftunum og að hve miklu gagni koma þessi haftalög? Ég hefi nú svipazt eftir því á undanförnum árum, hvað fáanlegt væri af ónauðsynlegum varningi hér í Rvík, og ég hefi ekki séð, að neitt vantaði í þeim efnum, ég hefi hvergi séð merki þess, að þessar vörur væru háðar innflutningsbanni. Ég held, að gum hæstv. ráðh. af áhrifum innflutningshaftanna sé mest í orði, en í *framkvæmdinni gæti þeirra lítið.* Það er talað um, að árið 1932 hafi innflutningur minnkað, og það er þakkað höftunum, en strax árið 1933 óx hann, og á þessu ári er hann meiri en áður, og þó vantar ekki, að stj. hefir reynt að beita innflutningshöftunum. Ég held, að minnkun innflutningsins 1932 hafi stafað af minni kaupgetu það ár hjá almenningi heldur en var bæði áður og síðar, því að kaupgetan óx árin 1933 og 1934 og þá óx líka innflutningurinn.

Þá *vildi ég minnast á annað* í þessu sambandi, sem hlýtur að hafa áhrif á fjárhag ríkisins árið 1935, og það er það, hvernig áfengismálið verður leyst. Áfengisnautnin hefir undanfarið verið allt of mikil í landinn, en það, sem verra er, hún hefir að miklu leyti farið eftir ólöglegum leiðum. En ef lausn á áfengismálinu verður á viti byggð, þá hlýtur ríkissjóður að fá mikið auknar tekjur af þessari nautn, þó hún ekki aukist, sem allir óska að ekki verði.

Svo að ég víki aftur að frv. þá vil ég spyrja, hvað lengi það á að ganga að hækka beina skatta til ríkisins á kostnað bæjar- og sveitarfélaga? Hæstv. ráðh. segir, að sveitar- og bæjar-

félög hafi rúmar hendur til að afla sér tekna. Reynslan hefir nú sýnt alveg það gagnstæða. Hún hefir sýnt, að það er ákaflega erfitt fyrir sveitar- og bæjarfélög að innheimta útsvör og önnur lögboðin gjöld, og ástæðan er sú, að beinir skattar í ríkissjóðinn eru allt of háir. Viðvíkjandi afgreiðslu þess máls, sem hér liggur fyrir, skal ég taka fram, að ég mun greiða frv. atkv. til n. Hvort ég greiði því atkv. út úr þinginu er öðru máli að gegna, en ég vil gefa fjhn. færi á því, að reyna að ná samkomulagi um að sameina í eitt beinan skatt til ríkissjóðs, sveitar- og bæjarfélaga, og skipta honum svo eftir einhverjum hæfilegum hlutföllum. Þótt sá skattur yrði í heild eitthvað talsvert hærri en frv. leggur til, þá mundi ég geta fallizt á það. Með þessum forsendum greiði ég frv. atkv. til 2. umr.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. sagði við þessa umr., að hækkun á tekju- og eignarskatti rýrði ekkert möguleikana til þess að leggja á útsvör. Ég vildi út af þessari staðhæfingu hans spyrja hann að því, hvort hann meini aðeins með þessum ummælum, að það sé jafnauðvelt eftir sem áður að jafna niður útsvörum. Ef hann meinar það, þá skal ég játa, að það er reikningslega rétt, en ef hann meinar, að hækkun skattanna hafi engin áhrif á innheimtu útsvaranna, þá er það alveg rangt.

Ég hefi gaman af að minna hann á það, að þegar skattalögin frá 1921 komu til framkvæmda, var það almennt álit bæði utan þings og innan, að skatturinn á lágum tekjum næði ekki nokkurri átt, hann væri allt of hár, og á þinginu 1923 var skattstiginn þess vegna lækkaður að verulegum mun. En nú lætur hæstv. ráðh. sér ekki nægja skattstigann frá 1921, heldur hækkar hann hann að verulegum mun. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefir aflað sér upplýsinga um það, hvernig gengur að innheimta skatta ríkisins, en ég þykist vita, að hann hafi orðið þess var, að það vilja verða vanhöld á útsvörunum, og ég hygg, ef hann leitar sér upplýsinga, að þá komist hann að því, að það eru einnig vanhöld á sköttum ríkissjóðs. En heldur þá hæstv. ráðh., að 100% hækkun á skattinum hafi engin áhrif á innheimtu skatta og útsvara? Auðvitað er slíkt ekki nema hrein vitleysa og barnaskapur, sem engum dettur í hug að halda fram nema honum. Slíkar fjarstæður stafa af hæfileikaskorti og reynslu- og þekkingarleysi þessa manns, sem alls ekki getur staðið í þeirri stöðu, sem hann hefir verið settur í.

Hæstv. ráðh. játaði, að niðurjöfnunarnefndir hefðu farið inn á þær brautir að leggja á óbeina skatta. Verið getur, að það sé réttmætt, en ég hélt, að það væri ekki stefna hæstv. ráðh., og að hann mundi ekki vilja stuðla að því, að það sé gert. Því hvað eru slíkir skattar, t.d. vörugjald, annað en tollur á almenning? Hann virtist telja tolla réttmæta tekjuöflunaraðferð í bæjarfélögum, en rangláta fyrir ríkið. Hann telur sanngjarnt í bæjarfélögum að leggja tolla á einstaklinga, sem ekki hafa tekjur, með því að leggja viðskiptagjald á verzlanir, og hverjir borga svo þetta gjald? Það eru þeir, sem kaupa vörurnar. Þetta hefir ekki verið gert í Rvík, en það hefir verið gert í einum eða fleiri bæjum, og einmitt þar sem skoðanabræður hæstv. ráðh. ráða lögum og lofum. Á Ísafirði hefir verið lagt á allt að 6% viðskiptagjald. Halda menn nú, að þetta sé gert að gamni sínu? Nei, það er ekki svo, það er gert af því að það hefir reynzt ómögulegt að innheimta beinu skattana, og af hverju? Af því að það er búið að spenna bogann of hátt. Hæstv. ráðh. fær að kenna á því, að boginn hefir verið spenntur of hátt. Tekjur þær, sem hann er hér með í frv., koma ekki inn. Það er ekkert nema hreinustu blekkingar við þjóðina að halda öðru fram. Ég tel auk þess vafasamt, að það sé heimilt að innheimta tekjur í bæjarsjóð eins og hæstv. ráðh. vill vera láta. Ég vil benda á það, að Vestmannaeyjar hafa þegar fengið séstaka heimild með lögum til þess að leggja á gjaldendurna þennan skatt, sem hæstv. ráðh. er svo hrifinn af. Það var eins og hæstv. ráðh. hefði einhvern pata af því, að það þyrfti að útvega Rvík annan skattstofn en útsvörin, því að hann fór að benda á fasteignaskatt í því sambandi. Hann hefir áður brýnt það fyrir mönnum, að það gildi einu, hvernig skatturinn sé tekinn, en ég held, að það sé að vísa í geitarhús að leita ullar, að benda á fasteignaskatt í þessu sambandi, þegar búið er að leggja á tekju- og eignarskatt, sem ekki innheimtist, þá gerir fasteignaskatturinn það ekki heldur.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég var í gærkveldi í raun og veru hættur við að taka til máls um frv., með því að aðalatriðin, sem ég ætlaði að tala um, hafa nú verið færð fram af öðrum. Þó eru það nokkur veigamikil atriði, sem eftir er að minnast á.

Ég skal þá byrja á að taka það fram, að ég hefi reynt þá ógæfu, að vera með við það að jafna útsvörum á fátækt fólk. Það er áreiðanlegt, að þegar sami maður á líka að fara að leggja skatt fyrir ríkissjóð á sama fólkið, þá skilur hann, að það er með þessu frv. höggvið nokkuð djúpt niður í vasa almennings. Ég hefi minnzt á þessa tvöföldu skattaálagningu bæði á mannfundum og við einstaka menn, og ég veit ekki betur en að það sé almennt álit, að það nái ekki nokkurri átt, að ríkið fari að seilast svo inn á þetta eina svið, sem sveitar- og bæjarfélög hafa til tekjuöflunar. Nú virðist svo sem það hefði verið sanngjarnt af ríkinu að láta sveitarfélögin halda í friði þeim tekjustofni, er þau hafa haft í háa herrans tíð, en ástæðurnar eru nú breyttar. Löggjafarvaldið hefir hlaðið skyldum á skyldur ofan á borgarana og sveitarfélögin. Þar við bætist, að borgararnir gera sífellt meiri og meiri kröfur til sveitarfélaganna, en af því leiðir, að útgjöld þeirra hækka alltaf meir og meir. Þrátt fyrir þetta leyfir þó ríkið sér að hlaupa í kapp við sveitarfélögin um þeirra eina tekjumöguleika, eins og nú er gert og gengið lengra en 1921.

Það er að sönnu rétt að játa, að þingið sá það þá, að lögin voru of frek, enda voru þau lækkuð tveim árum seinna, og það að miklum

mun. Nú er sporið stigið lengra en stigið var með þeim skammlífu bráðfeigu lögum 1921. Ég vil aðeins nefna nokkur dæmi um skattinn.

Með lögunum frá 1921 er 4% skattur á hreinar tekjur yfir 3 þús. kr., í frv. er skatturinn 7% af sama skattstofni. Í lögunum frá 1921 var skatturinn 5% af tekjum yfir 4 þús. kr., í frv. er hann 9%, og í lögunum var skattur af tekjum yfir 5 þús. kr. 6%, en í frv. er hann 11%.

Ég fer ekki lengra út í þennan samanburð. Hv. þm. G.-K. sýndi í gær mjög ljóslega, hver munurinn er. Þess vegna furðar mig stórlega á því, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að frv. væri mjög stillt í hóf. Ég held, að hann viti ekki, hvað það þýðir að stilla í hóf.

Ég skal nú taka þráðinn þar, sem ég sleppti honum áðan. Eftir að þarfir kaupstaða og sveitarfélaga uxu, urðu meiri vandræði á að fullnægja þörfunum. Jafnframt tók þá löggjafarvaldið að seilast eftir tekjustofni sveitarfélaganna handa ríkissjóði. Leiddust sveitarfélögin þá til þess að leggja útsvör á annað en tekjur manna og eignir. Ekki tókst það fimlega þar, sem ég þekki til. Var byrjað á því að leggja gjald á framleiðsluna eða útfluttar vörur. Nú hefir það komið fyrir, að oft hefir orðið tap á framleiðslunni, þannig að þau fyrirtæki, sem meira hafa flutt út, hafa orðið fyrir meira tapi en hin, sem minna hafa flutt út. Fékk þá það fyrirtæki, sem varð fyrir meira tapi, hærra gjald en hitt, sem minna flutti út og minna tapaði. M. ö. o. það hefir verið lagt á tapið. Geta allir séð, út í hvert forað þá er komið, þegar farið er að taka féð þar, sem það er ekki til. Niðurjöfnunarnefndirnar sáu, að þetta var ófær leið, sem þeim var skipað að fara, og þá var valin önnur leið, það er farið að leggja á reksturinn; það var nær lagi, en með því lætur löggjafarvaldið, sem búið var að taka tekjustofn sveitar- og bæjarfélaga handa ríkinu, sveitar- og bæjarfélögin aftur ræna tekjustofni ríkisins. Með því eru sveitar- og bæjarfélög farin að leggja toll á vörur, því að þó niðurjöfnunarn. leggi þetta á verzlunarfyrirtækin eftir vissum reglum, þá kemur það fram eins og tollur, sem almenningur borgar með hækkuðu vöruverði. Eins og allir sjá, er hér runnið á kapphlaup um tekjustofnana milli þessara tveggja hita, sveitarfélaganna og ríkissjóðs. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, og það verður að greina á milli þessara hita, það þarf að skipta tekjustofnunum. Annars heldur kapphlaupið áfram, sem auðvitað endar með því, að ríkið knésetur sveitarfélögin og gerir þeim með öllu ómögulegt að rækja skyldur sínar gagnvart sínum borgurum.

Ég hefi oft hreyft því bæði við einstaka menn og á málfundum, að réttast væri að fara þá leið að leggja tekju- og eignarskatt á í einu lagi. Hefir þeim, sem ég hefi rætt við, þótt sjálfsagt, að sveitar- og bæjarfélög fengju þann skatt að mestu eða öllu leyti. Það mætti kannske ætla ríkinu svo sem 20% af skattinum í bæjunum. Ég nefni það rétt sem dæmi, en þá þyrfti kapphlaupið ekki lengur að standa. Eins og horfurnar eru núna gerir þetta frv. bæjarfélögunum ómögulegt að sinna hinum geysilega vaxandi þörfum, sem að þeim kalla. Og ég vil í sambandi við það spyrja Alþ., hvort það sé rétt, sem ég hefi heyrt, að þetta frv. eins og öll önnur frv. stj. sé samþ. utan þings af öllum þeim, sem styðja stj. Ég spyr ekki að þessu, af því að það sé nokkur ósvinna að samþ. lög utan þings og síðan að halda einskonar sjónleik eða skrípaleik um þau í þinginu, heldur af því, að maður úr miðstjórn Framsóknarflokksins hefir sagt mér, að svo væri, og að atkvgr. um þau í þinginu væru aðeins formsatriði, þau væru fyrirfram samþ. Ég finn ástæðu til að spyrja að þessu, enda þótt ég taki ekki orð þessa manns sem veðtryggingu fyrir því, að þetta sé satt. Ástæðan fyrir spurningunni er líka sú, að ég veit, að Alþýðuflokkurinn hefir lagt kapp á að ná meirihluta í sveitar- og bæjarfélögum og hefir náð því marki á ýmsum stöðum. En ég tel mjög vafasamt, að sá flokkur haldi áfram að vinna sér fylgi, ef hann styður frv. það, sem hér liggur fyrir.

Það verður að líta eftir margvíslegum kröfum sveitar- og bæjarfélaga, og ég vænti þess, að ábyrgðartilfinningin geri hæstv. stj. það ljóst, að ekki ber að slá hvern bita frá munni þeirra manna, sem sveitar- og bæjarfél. eiga að sjá um. Það ber ekki að loka þannig leiðum fyrir því, að hægt sé að sinna réttmætum og óumflýjanlegum kröfum þeirra borgara, sem stj.-flokkarnir bera ábyrgð fyrir sem ráðandi meirihl. í sveitar- og bæjarfél.

**Hannes Jónsson:** Þegar sett er löggjöf um tekju- og eignarskatt, er óhjákvæmilegt að taka mikið tillit til þeirra útgjalda, sem hvíla nákvæmlega á sama tekjustofni hjá hinum ýmsu sveitarfélögum. Í þessu efni get ég verið mjög á sama máli og hv. þm. A.-Húnv.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri um hækkun á tekju- og eignarskattinum að ræða með þessu frv. (**Fjmrh.**: Ekki hækkun á tekjum ríkissjóðs). Skatturinn fer allur til ríkisins. Ef ekki væri um hækkaðar tekjur ríkissjóðs að ræða, þá hækkaði skatturinn ekki heldur (**Fjmrh.**: Ekki heildarhækkun). Þetta byggist á misskilningi hjá hæstv. ráðh. Með þessu móti eru þær tekjur ríkissjóðs, sem á þennan hátt fást, teknar af þeim mönnum, sem hafa borið uppi mikinn hluta sveitar- og bæjargjalda, og þeir þar með gerðir ófærari til að inna þær greiðslur af hendi. Nú mun hæstv. ráðh. segja, að þetta geri ekki svo mikið til, því að þá sé ekki annað en færa útsvörin yfir á þá, sem með l. þessum er létt á. Sveitar- og bæjarstj. eiga að reita það, sem ríkissjóður skilur eftir. Nú er það svo með þessa menn, sem eitthvað eru betur stæðir en aðrir, að á þá er lagt eins og hægt er frekast án þess að þeir verði að hrökklast burtu. Ég þekki dæmi þess, að bóndi með 100 kindur hefir orðið að láta þriðjung af öllum lömbum sínum í útsvar. Ég hefi heyrt marga telja þetta svo mikla byrði, að ekki sé verandi við búskap undir slíkum skilyrðum, þótt ella væri vel við unandi.

Hæstv. ráðh. minntist á, að e. t. v. væri rétt að láta sveitar- og bæjarfél. í té einhverja heim-

ild til álagningar fasteignarskatts. En hversvegna ekki að láta þeim alveg eftir þennan tekjustofn. Það væri hið rétta og hlaða svo ekki á tekjur og eignir meiru en svo, að hægt væri að láta þennan aðaltekjustofn bera nokkra byrði sveitarfélaganna. Útsvörin, í sveitunum a. m. k., eru nú þannig, að segja má, að um þau gildi svipaðar reglur og um tekju- og eignarskatt, og sá skattur mjög lagður til grundvallar. Það er svo um fasteignarskattinn, að þótt hann sé ekki talinn hár, þá er hann hærri en í fljótu bragði virðist með því að lesa sjálf l., því að í öðrum l. er sveitarfél. heimilað að skattleggja fasteignir, t. d. er vegaskatturinn 6% af fasteignamati eignarinnar, sem ekki er smá-upphæð. Menn munu segja, að ekki tjái fyrir okkur sveitamenn að vera að tala um þessa hækkun á tekju- og eignarskattinum, vegna þess hve sveitirnar greiði lítið og muni greiða lítið, en mér virðast vera að verða nokkur straumhvörf í þessu efni hjá valdhöfunum og meiningin að þyngja þessar skattabyrðar frá því, sem verið hefir. Ég hygg, að menn úti um land hafi fengið undanfarið skrif frá hinni svokölluðu „ríkisskattanefnd", þar sem gerðar eru leiðréttingar við framtöl bænda. Þetta eru merkileg skrif, því að talið er til skattsvika, ef ekki stendur heima hjá bændum ærtalan í ár við ærtöluna í fyrra, að viðbættum lömbum. Rolluskjáturnar eru með þessu gerðar ódauðlegar, og er ekki nema gott, ef svo væri í raun og veru, en hræin liggja úti um hagann hröfnum og hundum að bráð, en „ríkisskattanefndin" hirðir laun sín úr ríkissjóði. Sá er munurinn.

Ég vil í þessu sambandi benda hæstv. stj. á það, hvort ekki væri hægt að spara ríkissjóði það fé, sem látið er renna til þessarar n., sem gerir sér það til dægrastyttingar að skrifa annað eins og þetta og telja skattsvik, þótt ær hrökkvi upp af og komi þar af leiðandi ekki framtaldar til skatts.

**Héðinn Valdimarsson:** Út af fyrirspurn hv. 6. þm. Reykv. til Alþýðufl. viðvíkjandi máli því, sem fyrir liggur, vil ég segja nokkur orð.

Þau frv., sem lögð eru fram af hálfu ráðh. Alþýðufl. í ríkisstj., hafa óskiptan stuðning Alþýðufl. Þau hafa verið tekin fyrir á flokksfundi á venjulegan hátt. Hvað viðkemur öðrum frv., þ. á. m. frv. þessu af hálfu hæstv. fjmrh., er Alþýðufl. því sammála í stórum dráttum. Hann lítur svo á, að nauðsynlegt sé að afla ríkissjóði tekna frá því, sem nú er, ef ekki á að stöðva verklegar framkvæmdir, sem Alþýðufl. er algerlega mótfallinn. Aftur á móti hefir flokkurinn óbundnar hendur um einstök atriði frv. Það hefir ekki verið lagt fyrir flokksfund.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 28., 29., 30. og 31. fundi í Nd., 5., 6., 7. og 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 12, n. 258 og 306, 274, 283, 296, 308, 337, 386).

**Frsm. meiri hl. (Sigfús Jónsson):** Í grg. fyrir frv. um tekju- og eignarskatt og við 1. umr. hér í d. hefir hæstv. fjmrh. gert grein fyrir þeim tekjuauka, sem í frv. felst. Eins og fjárl.-frv. fyrir 1935 sýnir, er greiðsluhallinn að þessu sinni mjög mikill, upp undir 2 millj. kr., og þarf að jafna þennan halla. Til þess eru tvær leiðir, önnur sú að auka tekjurnar, hin að lækka útgjöldin. Um báðar leiðirnar má segja, að þær orki tvímælis um vinsældir. Fara vinsældirnar eftir því, hvernig hvor aðferðin kemur við menn fjárhagslega, hvað menn gjalda og hvers þeir njóta. Ég býst við, að yfirleitt láti það betur í eyrum, ef talað er um að lækka útgjöldin, en sú leið hefir oftast reynzt torsótt. Þegar um er að ræða lækkun útgjalda fjárl., sést þegar, að mikill hluti þessara útgjalda er nauðsynlegur, útgjöld til ríkisrekstrar og lögboðin útgjöld, svo að sú lækkun er ekki mikil, sem þar getur orðið. Í öðru lagi koma á hverju þingi háværar kröfur um útgjöld til verklegra framkvæmda eða óskir um styrki, sem ýmsir telja nauðsyn bera til, að sinnt sé. Þm. draga yfirleitt taum síns kjördæmis og togast þar allir á, og dregur hver sinn skekil, en útkoman verður sú, að útgjöldin hækka meira en þau lækka. Af þessum ástæðum hefir greiðsluhalli fjárl. farið vaxandi. Hefi ég því ekki þá trú, að þessi leið sé fær til að jafna tekjuhallann að verulegu leyti, þó að sjálfsagt sé að fara eins langt og unnt er á þeirri leið. Hin leiðin, að auka tekjurnar, verður ekki farin nema með miklum álögum.

Fyrir Alþ. liggja nú nokkur tekjuaukafrv., t. d. frv. um tekju- og eignarskattsauka og um framlengingu á verðtolli. Býst ég við, að þau verði samþ. Þá eru frv. um tollahækkanir, og veit ég ekki hvað um þau verður. En þrátt fyrir þessi frv. vantar mikið á, að greiðsluhallinn jafnist. Þetta frv. mundi þó muna mestu, ef samþ. yrði.

Flestum mönnum mun nú þykja fullásett af sköttum, en þó mun nú þessi leið vera einna færust. Þessi leið hefir á undanförnum þingum verið viðurkennd, með því að samþ. 25% álagningu á tekju- og eignarskatt 1932 og 40% 1933. Þar sem allar líkur eru til, að enn mundi þurfa að ganga sömu braut, virðist það vera eðlilegra að breyta nú tekju- og eignarskattsl. í það horf, sem þörfin krefur, heldur en að framlengja á hverju þingi tekju- og eignarskattsaukann.

Nú skiptir mjög í tvö horn um vinsældir þessara leiða hinna beinu skatta. Hún er vinsæl hjá þeim, sem hafa litlar tekjur og litlar eignir, því að hún kemur vel við þeirra léttu pyngju. Aftur er hún óvinsæl hjá þeim, sem hafa miklar tekjur og eignir, af því að hún kemur illa við þeirra þungu pyngju. Hér kemur til greina vöntun á fórnfýsi þeirra, er mest hafa handa á milli, þegar um það er að ræða að leggja fram nauðsynleg efni til almennra þarfa. Þaðan stafar andstaðan gegn frv. Ég skal játa, að frv. gefur nokkru meiri tekjur en

tekju- og eignarskattsaukinn með 40% álagningu. Þessi aukning liggur í hækkun skattstigans. Hinsvegar er í þessu frv. gert ráð fyrir hækkuðum persónufrádrætti. Frv. gerir ráð fyrir 800 kr. persónufrádrætti fyrir einstakling í Rvík, en 600 kr. annarsstaðar á landinu. Fyrir hjón í Rvík er gert ráð fyrir 1500 kr. frádrætti, en 1200 kr. annarsstaðar á landinu.

Hækkun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, kemur lítið eða alls ekki við þá, sem lágar tekjur hafa.

Þegar frv. var til athugunar í fjhn., urðu um það skiptar skoðanir og klofnaði n. um það. Meiri hl. sá sér ekki annað fært en að leggja með því, að frv. yrði samþ. En minni hl. gat ekki fallizt á frv. í meginatriðum, og hefir hann samið sérstakt nál. Þó gerði meiri hl. n. nokkrar brtt. við frv., og leggur hann til, að hv. d. samþ. það með þeim breyt. Skal ég fara nokkrum orðum um þessar brtt.

1. breyt. er við 2. gr. frv. og er í rauninni ekki annað en leiðrétting. Í stað orðanna „innborgað stofnfé" komi innborguðu stofnfé".

Þá er breyt. við 6. gr. frv. Sú breyt. er ekki heldur annað en leiðrétting á tölum, er af vangá hafa komizt í frv.

Þriðja breyt. er við 7. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist samkv. því. N. leit svo á, að í stað þessa ákvæðis, sem leyfir að hækka eða lækka tekjuskattinn um allt að 25% eitt og eitt ár í senn, með fjárl.ákvæði, væri réttara að hafa sömu reglur og um tekjuaukafrv., að láta það ganga gegnum báðar d.

4. breyt. er við 8. gr., frv., að við liðinn bætist: „nema skattfrjálst sé samkvæmt sérstökum l.'" Þarna er talað um happdrætti, en það er vitað um happdrætti háskólans t. d., að það er skattfrjálst.

Þá er 5. breyt. við 9. gr. Liðirnir a—c í þessum breyt. miða allir að því að veita félögum þeim, sem um ræðir í gr., frekari ívilnanir og draga úr hinu aukna álagi á þau. Kemur þetta af því, að skattgreiðsla þeirra í hlutfalli við innborgað hlutafé er óðruvísi ákveðin nú en í eldri l. Breyt. í d-lið er á þá leið, að ef nokkur upphæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, þá skuli telja ⅗ þeirrar fjárhæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna félagsins á því ári. En í frv. stendur helmingur, fyrir ⅗ í brtt.

6. breyt. er við 11. gr. frv., b-lið. Aftan við liðinn bætist: „Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga og nemur meiru en varasjóði, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð". Er þetta gert til að létta á hlutafélögum, sem orðið hafa fyrir miklu tapi, og er gengið svo langt að heimila frádrátt á öllu því tapi, sem ekki fæst bætt úr varasjóði. Ég vildi ekki ganga svona langt, en til þess að forðast ágreining í n., skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Tel ég þó enn, að hér sé of langt gengið.

7. brtt. er við 16. gr. frv. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkv. því. Ástæðurnar eru þær, sem áður voru fram teknar.

8. brtt. er við 32. gr. Í b-lið gr. komi á eftir orðinu „yfirskattanefndarmenn", orðin: „utan Reykjavíkur". Í gr. er talað um, að kaup yfirskattanefndarmanna skuli vera 8 kr. á dag. N. leit svo á, að yfirskattanefndarmenn í Rvík ættu að koma undir c-lið gr., þar sem talað er um, að borgun til skattstjóra og ríkisskattan. fari eftir samningi við fjmrh.

Þessar breyt. meiri hl. fjhn. eru að áliti nefndarinnar allar til bóta, og leggur meiri hl. til, að hv. d. samþ. frv. með þeim.

Fram hefir komið nál. frá minni hl. fjhn. Þar er margs getið, og kemur nál. víða við. Ég vil sérstaklega taka til athugunar 4 atriði í þessu nál.

1. Skattahækkunina.
2. Hundraðsgjöldin.
3. Samanburðinn við önnur lönd.
4. Hlutafélögin.

1) Í útreikningi á skattahækkuninni miðar hv. minni hl. við skattstigann í l. 1921, en tekur ekkert tillit til 40% álagningarinnar. Eftir þeim útreikningi, sem fyrir n. lá, var ekki aðeins miðað við skattstigann frá 1921, heldur líka 40% álagninguna. En með þessum útreikningi fær hv. minni hl. þá útkomu, að skattgreiðslan tvöfaldist stundum. Það er vitanlega rétt að miða við núgildandi skattagreiðslur með 40% álagningu. Skýrslur sýna, að þá lækkar skatturinn á einhleypingum með 3000 kr. tekjur og minna og eins á 5 manna fjölskyldu með 6000 kr. tekjur og minna. En á einstaklingum með 7—8000 kr. tekjur hækkar skattgreiðslan um 49% og á hjónum um 41%. — Utan Rvíkur er skatturinn líkur á tekjum upp í 5000 kr. Mest hækkar hann á einstaklingum utan Rvíkur um 59% og á hjónum um 53%, þegar tekjurnar eru komnar upp í 7000 kr. Má því segja, að skatthækkun sé engin utan Rvíkur, heldur skattlækkun á ýmsum stigum, því að fáir utan Rvíkur hafa þetta háar tekjur, a. m. k. fáir einhleypingar.

Hv. minni hl. segir í nál. sínu, að í Rvík verði samanlagður skattur og útsvar af 4000 kr. hreinum tekjum 237.40 kr. eða 5,9%, af 6000 kr. hreinum tekjum 617.20 kr. eða 10,3% og af 10000 kr. hreinum tekjum 1781.00 kr. eða 17,8%, miðað við frv. Breyt. er því ekki meiri en svo, að af 4000 kr. tekjum er tekið álíka mikið og verið hefir. Af 6000 kr. tekjum er tekið 1,4% meira og af 10000 kr. tekjum 2,6% meira. Get ég ekki kallað þetta gífurlega hækkun, og held ég, að það geti ekki oltið á mjög miklu fyrir mann, sem hefir 10000 kr. tekjur, hvort hann verður að greiða af þeim 15 eða 17%. Það ber að athuga, að miðað sé við tekjur, þegar búið er að draga frá greitt útsvar og tekjuskatt frá fyrra ári. Þriðja atriðið er samanburður við önnur lönd, t. d. Danmörk og England. En samanburðurinn við önnur lönd er hæpinn, vegna þess að skattakerfin eru svo ólík og tekjustofnunum er svo misjafnlega skipt milli ríkisheildarinnar og einstakra bæjar- og sveitarfélaga. Þess vegna getur farið svo, að samanburðurinn verði óáreiðanlegur.

Þess ber að gæta, að þessar þjóðir, sem ég nefndi, eru auðugar, en vér Íslendingar erum fátækir. Sá fátæki verður að leggja meira á sig en sá riki til þess að sjá afkomu sinni borgið. Minni hl. hv. n. getur um það, að í Danmörku sé heimild til þess að heimta tekju- og eignarskatt með 25% álagningu, og útsvör í Khöfn. með 20% álagningu.

Þetta er tekju- og eignarskattur og útsvör á einstökum mönnum í Khöfn.: Af 4000 kr. hreinum tekjum er skattur 80 kr. og útsvar 211.20 kr. Alls er skattur og útsvar 291.20 kr. Af 6000 kr. hreinum tekjum er skattur 190.30 kr. og útsvar 444.60. Alls 634.90 kr. Af 10000 kr. hreinum árstekjum eru borgaðar 515.00 kr. í skatt og 936.00 kr. í útsvar, samtals 1451.00 kr. Af 15000 kr. eru borgaðar 983.75 kr. í skatt og 1536.00 kr. í útsvar; samtals 2519.75 kr.

Þetta sýnir, að með viðaukum borga Kaupmannahafnarbúar meira í skatt og útsvar en íbúar Rvíkur myndu gera samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir, af 4—6 þús. kr. tekjum, en lítið eitt minna af 10 þús. kr. tekjum. Nú er verið að leggja fyrir þingið í Danmörku till. um að leggja 25% skattauka á hlutafélög og eignir. Þá verður það svo, að skattur í Danmörku verður tiltölulega hærri en á Íslandi.

Þá kem ég að hlutafélögunum. Hv. minni hl. n. telur, að þau verði beitt misrétti af þessu frv., ef það verði gert að lögum.

Ég skal geta þess í þessu sambandi, að ef hér er um misrétti að ræða, þá er úr því bætt með þeim ívilnunum, sem fólgnar eru í hækkuðu skattfrjálsu varasjóðstillagi, hækkuðum hundraðsgjaldsfrádrætti úr 4% í 5% og hækkuðum frádrætti á tapi. Þetta vegur dálítið upp á móti því misrétti, sem hv. minni hl. talar um.

Það er ekki einsdæmi, að ekki sé gerður munur á skattgreiðslu stórra og lítilla hlutafélaga. Það tíðkast víðar en hjá okkur. Svo er t. d. í Noregi. Skattgreiðslan er þar þannig, núna, að 6+2% kreppuskattur = 8% er tekinn af hreinum tekjum, að frádregnum arði, sem félagið kann að hafa fengið úr öðrum hlutafél. Í „fondskatt" er tekinn 8+0,8% kreppuskattur = 8,8% af hreinum tekjum, að því fé frádregnu, sem lagt er til hlutafélaganna. Það eru því tekin 16,8% af tekjum, sem ekki er úthlutað, og 8% af hinu.

Í Noregi er félögum hvorki ívilnað með frádrætti vegna hlutafjár né skattfrelsi af varasjóðstillagi. Sinn er siður í landi hverju í þessu sem öðru. Það er ekki alltaf auðvelt að miða sína skatta við skattalöggjöf annara þjóða. Hver þjóð verður að fara eftir sínum þörfum.

Viðvíkjandi hlutafélögunum skal ég bæta því við, að skattstofan reiknaði út, hver tekjuskatturinn væri hjá 18 hlutafélögum í Rvík. Breyt. frá því, sem nú er, var sú, að 8 hlutafélög hækkuðu um samtals 20733.70 kr., en 10 lækkuðu um 7039.39 kr. Þetta sýnir, að það er ekki mikill munur á því, sem er, og því, sem verður. Ég legg því til, að þetta frv. verði gert að lögum.

Ég hefi reynt að sýna fram á, að mótbárur hv. minni hl. n. gegn þessu frv. eru sumpart ekki á rökum byggðar. Þegar athuguð eru þau áhrif, sem þetta frv. hefir á skattgreiðslu manna, þá er það ljóst af því, sem nú hefir verið sagt, að skattgreiðslan lækkar hjá einstaklingum, sem hafa 2500—3000 kr. tekjur, og hjónum með 3 börn, sem hafa 5—6000 kr. tekjur og þar fyrir neðan. En þegar tekjur eru hærri, hækkar skattgreiðslan. Þetta kemur sérstaklega niður á hátekjumönnum, einkum og sérilagi Rvíkurbúum, því að fáir utan Rvíkur hafa svo háar tekjur, að þessi skattahækkun nái verulega til þeirra. Auk þess hefir hækkun persónufrádráttar mest áhrif hjá lágtekjumönnum.

Þó því hafi verið haldið fram, að þetta kæmi harðast niður á lágum tekjum og gerði útsvörin í Rvík alltof þungbær, hefir reynslan samt sýnt, að þetta er ekki á rökum reist.

Þegar litið er á nál. og skýrslur meiri hl. n., þá sést, að útsvör manna í Rvík hafa reynzt í samræmi við það, sem gert er ráð fyrir í frv., og mér virðist þau vera svo lág, að miðað við það, sem tíðkast annarsstaðar í þessum efnum, sé ekki þörf að kvarta. Það er vafasamt, hvort útsvör eru nokkursstaðar á landinu jafnlág og einmitt í Rvík.

Þetta frv. er tilraun til þess að fylla eyðu þá, sem hefir verið í fjárl. Ég vona, að hv. þing sé einhuga um það, að þessa eyðu þurfi að fylla, og stuðli þess vegna að því, að frv. nái fram að ganga. Hv. Alþ. má ekki skilja svo við fjárl., að eyðan í tekjuhlið þess sé ófyllt. Hv. þing verður að reyna að stöðva skuldasöfnun undanfarinna ára, en til þess að unnt sé að stöðva hana þarf sameiginlegt átak allra til sparnaðar og framlaga, því að það er eina ráðið til þess að bæta úr þessu. Sparnaði verður að beita þar, sem því verður við komið, og framlaga verður að krefjast af þeim, sem mestan hafa kraftinn og mestu hafa að miðla.

Ég vona svo að lokum, að hv. þing taki þessu frv. vel og samþ. það eftir till. meiri hl. fjhn.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Ég heyrði ekki síðustu orð af ræðu hv. frsm. meiri hl., því að ég var boðaður á fund hæstv. atvmrh.

Hv. frsm. byrjaði ræðu sína á því að minnast á það, að tvær stefnur væru til í fjármálum. Önnur væri sú, að skerða ekki útgjöld fjárl., heldur skapa jöfnuð með nýjum sköttum. Hin stefnan væri sú, að skera niður útgjöld til þess að þurfa ekki að grípa til nýrrar skattaálagningar.

Hv. frsm. aðhyllist þá stefnuna að eyða og leggja síðan nýja skatta á landsbúa. Hann viðurkenndi að vísu, að á þessari stefnu væru ýmsir annmarkar, en samt komst hann að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að eyða og eyða, og leggja síðan nýja og nýja skatta á þjóðina.

Þetta er greinilegur stefnumunur frá þeim niðurstöðum, sem Sjálfstfl. hefir komizt að í þessu efni. Sjálfstæðisfl. viðurkennir að vísu, að það er mjög miklum vandkvæðum bundið, á hvaða tíma sem er, að færa niður útgjöld fjárl., en það er nú einu sinni hlutskipti, sem hæstv. fjmrh. tekur að sér, þegar hann tekur við stjórn fjármálanna á svo slæmum tímum, sem nú ganga yfir þjóðfélögin.

Það er enginn vafi á því, að af tvennu illu er það skárra, með hliðsjón af þrautpíndum

skattþegnum, að gera með karlmennsku og manndómi tilraun til þess að ráða bót á vandkvæðunum með niðurskurði. Þetta er bezt fyrir þjóðfélagið. En verði því haldið áfram, sem gert hefir verið undanfarin ár, að hækka og hækka skattana samtímis því, að atvinnureksturinn fer rýrnandi, þá verður þessi hækkun áður en langt um líður ekkert annað en pappírshækkun, því að skattþegnarnir geta blátt áfram ekki greitt þá skatta, sem löggjafinn leggur þeim á herðar. Mig undrar því, að gamall og gætinn fjármálamaður skuli láta þau orð frá sér fara, sem hv. frsm. meiri hl. n. lét falla í ræðu sinni. Skal ég þá gera grein fyrir afstöðu minni hl. n. til þessa máls og eins vil ég víkja nokkrum orðum að því, sem mér fannst gefa sérstakt tilefni til athugasemda í ræðu hv. frsm. meiri hl. — Minni hl. n. er andvígur þessu frv. fyrst og fremst fyrir þá sök, að stefna hans í þessu máli er sú, sem ég hefi getið um: að fara varlega með nýjar álögur á þrautpínda skattþegna, en gera tilraun til niðurskurðar á útgjöldum. Minni hl. vill vekja athygli á því í sambandi við þetta frv., að undanfarið hafa útsvörin, eða beinir skattar á tekjum og eignum borgaranna, verið svo að segja eini skattstofn sveitarfélaganna.

Eftir því, sem ríkissjóður hefir gerzt aðgangssamari um beitingu beinu skattanna, hefir það komið í ljós á Íslandi eins og alstaðar annarsstaðar, að beiting beinna skatta eru settar ákveðnar skorður, sem ekkert þýðir að reyna að komast úr. Þetta hefir sýnt sig hér á landi, með því að þar sem beinir skattar hafa lent harðast á, þ. e. á kaupstöðunum, hefir niðurjöfnunarn. neyðzt til þess að fara lengra og lengra út á þá braut, að taka þarfir sínar með tollum á nauðsynjavörur almennings. Þetta hefir átt sér stað í Rvík, Vestmannaeyjum og víðar. Beiðni um, að þetta megi eiga sér stað í framtíðinni hefir komið frá Akureyri og Siglufiði. Þessar beiðnir eiga að opna augun á löggjafanum fyrir því, að með því að nærri tvöfalda tekjuskattinn er löggjafinn í rauninni ekki að gera annað en að knýja sveitarsjóðina lengra og lengra inn á þær brautir, að afla tekna með tollaálagningu á nauðsynjavörur almennings. Það er ósæmilegt af þingmeirihluta að reyna á þennan hátt að koma sér undan því að viðurkenna, að hann hefir farið villur vegar í þessum efnum undanfarið, þegar hann hefir reynt að telja almenningi trú um, að hægt sé að beita beinum sköttum miklu meira en gert hefir verið undanfarið hér á landi.

Með þessu móti er meiri hl. aðeins að leggja þá kvöð, sem hvílt hefir á ríkissjóði um álagningu og innheimtu tolla, á herðar sveitarfélaganna, sem standa þó verr að vígi hvað þetta snertir. — Þetta er veigamikið atriði, sem hv. þdm. verða að gera sér grein fyrir. Deilan stendur í raun og veru um það, hvort það sé ríkið, sem notar sér þennan gjaldstofn eða hvort rétt sé að skylda bæjar- og sveitarsjóði til þess að afla tekna sinna með tollum.

Hv. frsm. meiri hl. vildi leitast við að hrekja þær tölur, sem minni hl. færir fram í nál. sínu. Hans rökstuðningur gegn réttmæti þessara talna byggðist á því, að okkar tölur séu rangar vegna þess að við gerum samanburð á lögunum frá 1921 og þessu frv., en miðuðum ekki við bráðabirgðalögin um 40% skattahækkun. Ég hygg, að bæði hv. frsm. og aðrir hv. þdm. skilji, að okkar samanburður var eðlilegur, en hans bæði óeðlilegur og óréttmætur.

Því hefir verið lýst yfir af Sjálfstfl. og öðrum, að þessi 40% hækkun væri neyðarúrræði til eins árs í senn, og það hafa komið fram raddir um það hér á hv. Alþingi, að menn vildu jafnvel heldur sætta sig við fjárl. með tekjuhalla heldur en slíka beitingu beinna skatta.

Þjóðin fær því rétta mynd af skattahækkuninni með því að gera samanburð á l. frá 1921 og þeirri hækkun, sem felst í þessu frv. Samanburðurinn sýnir það, að hækkunin er svo mikil, að jafnvel á 1000 kr. hreinum tekjum, sem hæstv. fjmrh. og hv. meiri hl. hefir viljað miða allt við, er hún komin upp í 47%. Á 4000 kr. tekjum er hækkunin komin upp í um 100%. Ef um fimm manna fjölskyldu, með 5000 kr. skattskyldar tekjur er að ræða, er hækkunin komin upp í 108%. Hækkunin er mest utan Rvíkur. Hún getur þar komizt upp í 100% á 7000 kr. hreinum tekjum. Þessi skattahækkun er svo geysileg, að minni hl. taldi ekki hægt að ganga inn á hana, nema því aðeins, að lögfest yrðu ákvæði, sem tryggðu sveitar- og bæjarsjóðum nokkurn hluta þessara tekna. Verði það ekki gert, er það bein og ótvíræð yfirlýsing Alþ. um, að bæjar- og sveitarsjóðir eigi að afla tekna með tollum af nauðsynjum almennings.

Ég hefi nú talað um þá breyt. löggjafarinnar, sem mestu máli skiptir. Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði í sambandi við breyt. skattstiga hlutafélaganna, vil ég taka það fram, að það er rétt hjá honum, að hlutafélögin fá vissar ívilnanir með nýmælum þessa frv., en allar þær ívilnanir virðist mér ná jafnt til smærri sem stærri félaga og snerta því ekki deilumálið, og jafnvel þótt þær ívilnanir, sem hlutafélögin fá, væru hlutafélögunum eins mikils virði og réttindamissirinn, þá raskar það ekkert því, sem minni hl. hefir haldið fram, að þetta nýmæli bryti í bága við rökrétta hugsun. Það raskar ekki því, að þetta nýmæli löggjafarinnar kemur misjafnt niður á mönnum, eftir því, hvort fé þeirra er í stærri eða minni hlutafélögum. Þetta misrétti getur orðið til þess að draga kjark úr mönnum til þess að leggja fé í stærri hlutafélög, en það er viðurkennt, að hlutafélögin eru eina leiðin, sem fátæk þjóð eins og Íslendingar á til þess að leysa ýms verkefni, sem verða að tejast nauðsynleg, sérstaklega fyrir það, að þau geta verið betri leið til fjáröflunar fyrir þjóðfélagið heldur en aðrir úrkostir, sem völ er á.

Ég gæti náttúrlega haft lengri þær skýringar, sem sanna, að þessar breyt. á skattstiga hlutafélaga eru ekki í samræmi við rökrétta hugsun, en sú hlið löggjafarinnar snertir að minni hyggju ekki mjög hagsmuni almennings og ætla ég því ekki að ganga lengra inn á hana, heldur aðeins slá því föstu, að með þessari breyt. er brotið í bág við rökrétta hugsun, og

verður það að vera á ábyrgð þeirra aðilja, sem bera þetta fram og mæla með því hér í d.

Hv. frsm. meiri hl. hefir gert grein fyrir ýmsum þeim breyt., sem eru fluttar af meiri hl. n., sumpart í samráði við og sumpart samkvæmt ábendingum frá minni hl. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök, sem liggja til grundvallar fyrir þeim breyt. Þó vil ég ekki láta hjá líða að minnast sérstaklega á eina brtt., en það er 6. brtt. við 11. gr., þar sem gefin er heimild til þess, að tap, sem verður á atvinnurekstri félags eða einstaklings og nemur meiru en varasjóði, megi flytjast á milli ára og dragast frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt. Ég tel þessa brtt., sem n. stendur öll að, sérstaklega merkilega till. Er þar rifjað upp gamalt deilumál, sem mikið var rifizt um á Alþ. 1925 og borið fram á grundvelli 3 ára meðaltalsins svokallaða. Hygg ég, að þessi till. nái að sumu leyti betur þeirri hugmynd, sem vakti fyrir till.mönnum þá, því að á þeirri till., sem þá var fram borin, var einn veigamikill galli. Höfuðtilgangur þessarar till. er að jafna misæri í ísl. atvinnuárferði, en einmitt þetta misæri hefir skapað gjaldþegnum mjög örðuga aðstöðu til skattgjalds. Það liggur líka í augum uppi, að þegar atvinnuárferði er með þeim hætti, að annað árið þarf að vera mikill gróði á atvinnurekstrinum, af því að hitt árið er mikið tap, verður skattþegn illa fyrir barðinu á löggjöfinni, ef hann þarf að greiða mjög háan tekjuskatt og útsvar, kannske 60—70% af arðinum, en fær enga ívilnun á tapárunum. Hugmynd n. með þessari till. er þess vegna að nema burt þennan skaðlegasta og hættulegasta agnúa á löggjöfinni. Ég hef ekkert um þennan tilgang að segja annað en það, að hann er mjög lofsverður.

Aftur á móti er ég hræddur um, að hér hafi slæðzt inn annar hættulegur agnúi, sem sé sá, að þessar ívilnanir tapáranna koma ekki skattþegni til framdráttar fyrr en upp er etinn varasjóður. Löggjafinn hefir að fornu og nýju í þessum l. viðurkennt fullkomlega, að mesta nauðsyn sé í okkar fátæka þjóðfélagi, að hlutafélög og aðrir atvinnurekendur séu hvattir á allan hátt til þess að safna varasjóðum til þess að standast töp í hallærum. Þetta hefir verið gert með því að áskilja skattþegni þau fríðindi, að ½ hluti þess ágóða, sem lagður er í varasjóð, sé skattfrjáls. N. hefir nú orðið sammála um að hækka þennan þriðjung upp í helming, sem er enn að nýju ein staðfesting þeirrar viðurkenningar, að löggjafanum ber að hvetja gjaldþegn til að safna í kornhlöður. Nú er ég aftur á móti hræddur um, að það ákvæði, að tap hallæris komi ekki til frádráttar á tekjum góðæris fyrr en upp er etinn varasjóður, dragi talsvert mikið úr viðleitni skattþegns til að safna sér varasjóði. Ég vil þó ekki á nokkurn hátt leggja á móti till. Hún geymir í sér alveg rétta viðurkenningu á nauðsyn atvinnurekenda. Og þó að hún kunni að hafa þennan annmarka, þá vænti ég þess, að þegar löggjafinn eftir dómi reynslunnar hefir komið auga á þá hættu, sem þarna kann að felast, þá sé hann reiðubúinn að afnema einnig þennan agnúa.

Ég þarf ekki að leiða neina athygli að því, að till. hæstv. fjmrh. við þessa brtt. gengur samkvæmt þeim rökum, sem ég hefi fært fyrir ágæti till. n., alveg í þveröfuga átt. Ég er henni þess vegna andvígur og vænti, að aðrir nm. séu það líka, því að það er tilgangslaust að flytja till., ef hún er svo að engu gerð með samþykkt slíkrar brtt., sem hæstv. fjmrh. hefir flutt við hana.

Það eru nokkrar brtt. í frv. frá eldri löggjöf, sem a. m. k. orka tvímælis, hvort rétt sé að lögfesta. Það hefir ekki verið talað um þær brtt. í n., og ég ætla þess vegna ekki að orðlengja um þær að þessu sinni, en mun ræða um þær í n. áður en málið kemur til 3. umr. En sannleikurinn er sá, að n. hefir átt örðugt með að halda fundi, af því að fundartími n. er síðari hluta dags, en hefir oft verið eyðilagður með fundum í d. N. hefir því ekki haft þann tíma, sem hún hefði þurft til að athuga sín mál.

Ég skal geta um það til leiðbeiningar, að ég tel vafasamt, hvort rétt sé að gera þá breyt. frá gildandi l., að skattstjóra sé heimilt að leiðrétta framtal án þess að gera skattþegni aðvart um það. Hingað til hefir verið sú regla, að gera skattþegni aðvart, og ég held, að sé rétt, að sú regla haldist.

Ég held, að það orki líka tvímælis, hvort rétt sé að lögfesta það, að ef er ekki talið fram, þá geti skattstjórn lagt skattinn á án framtals, en ef það kemur í ljós, að skatturinn hefir verið reiknaður of lágt, má reikna skattinn upp aftur og taka þá 5 ár aftur í tímann. Þetta brýtur í bág við höfuðtilgang l., að taka af skattþegni nokkurn hluta þeirra tekna, sem hann á hverjum tíma hefir.

Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. kom inn á í samanburði sínum við útlönd, um þann mun, sem er á skattstiganum erlendis og hérlendis, þá hygg ég, að engar af þeim tölum, sem við minnihl.menn tilgreindum, verði vefengdar. Ég hefi þær tölur frá öruggum heimildum. Sérstaklega var það athyglisvert, að hv. frsm. skyldi færa þau rök til ágætis því, að beinir skattar væru hærri hér á landi en annarstaðar, að aðrar þjóðir væru miklu ríkari en Íslendingar og gætu þess vegna leyft sér að hafa skattstigann lægri en fátækar þjóðir gætu leyft sér. Það er að vísu rétt, að fátæklingar verða að leggja harðara að sér en þeir, sem efnaðri eru, en það er varhugavert að láta þessa hugsun ná inn á þetta sérstaka svið. Ég held, að það sé almennt viðurkennt, að því ríkari, sem þjóðin er, því frekara megi beita beinum sköttum. Aðalóttinn við beinu skattana er sá, að ef ríkissjóður eða það opinbera er of aðgangshart, þá dragi það úr framtaki manna og lami löngun til fjáröflunar, og það veit ég, að hv. meiri hl. sér, að hvergi er slík lömun eins skaðleg og í þjóðfélagi, sem er komið skammt á leið um fjársöfnun. Það er almennt viðurkennt, að í hverju þjóðfélagi verður að haga skattalöggjöfinni eftir því, hvað vel efnahagsstarfseminni hefir miðað áfram, og það er jafnviðurkennt, að því skemmra, sem þjóðfélag er á leið komið í þessum efnum, þeim mun varlegar verður að fara í því, að beita beinum sköttum.

Ég held, að ég hafi þá í meginatriðunum tekið fram, hvað það er, sem veldur höfuðágreiningnum milli meiri og minni hl., þó að mörg minni atriði liggi á milli hluta, af því að þau þykja ekki skipta svo miklu máli, að þau geti valdið afstöðu n. til málsins.

**Frsm. meiri hl. (Sigfús Jónsson):** Það skal ekki verða langt mál, sem ég segi.

Hv. frsm. minni hl. sagði í byrjun ræðu sinnar, að ég hefði aðhyllzt þá stefnu að eyða. Ég veit ekki, hvernig hann getur fengið það úr orðum mínum, því að ég tók það greinilega fram, að ég vildi fremur öllu lækka útgjöldin, ef unnt væri. Hann sagði, að sjálfstæðismenn væru einmitt á þeirri skoðun, að það ætti að gera. En ég hef ekki orðið var við neitt frá sjálfstæðismönnum í þá átt, að þeir komi með till. til lækkunar. En meðan það er ekki sýnt, að þeir vilji gera tilraun til þess, getur maður ekki tekið þetta sem alvöru. Aftur á móti hafa þeir viljað skerða mikið tekjur ríkissjóðs, t. d. með frv. um Skuldaskilasjóð, án þess að þeir jafnframt bendi á nokkra leið til öflunar tekna í staðinn. Má vel vera, að þeir hafi það á reiðum höndum, en það er ekki komið fram enn.

Svo er það, að ég býst við, að þeir hljóti að viðurkenna þá nauðsyn, að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem þarf til þess að geta staðið straum af sínum útgjöldum, ef ekki tekst að færa útgjöldin nægilega mikið niður.

Þá talaði hv. þm. um það, að þyrfti að afla bæjar- og sveitarfélögum tekjustofna. Ég skal viðurkenna, að það er mikilsvert mál, sem þarf að taka til bráðrar úrlausnar. En ég leit svo á, að þegar við hefðum þetta frv. til meðferðar, þá væri það ekki okkar hlutverk að sjá bæjar- og sveitarfélögum fyrir tekjum í sambandi við það, heldur að sjá ríkissjóði fyrir tekjum. Þess vegna álít ég ekki skylt að ganga inn á þá leið hér, þó að ég telji það mjög merkilegt og nauðsynlegt mál, en þetta tel ég enga úrlausn á því máli, heldur þvert á móti.

Um þessa útreikninga okkar, hve mikil þessi hækkun sé, skal ég ekki deila. Þeir miða við l. frá 1921, en við við ástandið eins og það er nú, og það tel ég réttara, því að það er enginn vafi, þar sem búið er að samþ. þetta þing eftir þing, þá hefði það haldið áfram alveg eins og orðið hefir með verðtollinn, því að þótt þessir skattaukar hafi ekki verið samþ. nema til eins árs, þá verður að gera það áfram um óákveðinn tíma. Þess vegna er réttara að breyta l. heldur en að á hverju þingi verði að samþ. skattaukalög.

Þá var það um þessar ívilnanir. Hv. þm. segir, að þær nái jafnt til smærri sem stærri hlutafélaga. Ég held, að þær nái meira til stærri félaga, því að þegar um töp er að ræða, þá eru þau stærri heldur en hjá smærri félögum. Annars fann hv. þm. þessu frv. flest til foráttu nema um töpin. Hann viðurkenndi, að sú brtt. væri til bóta, svo að í rauninni viðurkenndi hann það, sem hann var búinn að telja lítilsvirði áður.

Svo er eitt enn, sem hann sagði, að með þessu tekju- og eignarskattsfrv. væri lömuð löngun manna til fjársöfnunar. Þetta verður rétt, þegar svo langt er gengið, að ríkissjóður tekur kannske allt eða mest, sem menn fá. En meðan ekki er gengið lengra en að miða við það, sem er í ýmsum öðrum löndum, eins og gert er með þessu frv., þá þarf það ekki að lama áhuga manna til fjársöfnunar. Ég lít svo á, að fjársöfnun sé í sjálfu sér góð, en hún getur orðið óþarflega mikil, ef menn safna fé og safna, en vilja ekkert láta af hendi rakna til þeirra, sem þurfa fjárins með, því að að lokum fer svo, að ekki getur sá, sem safnar fé, notið þess, nema meðan hann er ofan moldar, og þá er ekki vitað, hvort féð fer í betri stað heldur en ef það færi til almenningsþarfa.

Annars tel ég enga ástæðu til að þjarka um þetta mál, en viðvíkjandi þessum brtt. frá minni hl. fjhn. skal ég taka það fram, að ég get ekki fallizt á hana. Eins og ég sagði, þá viðurkenni ég þörfina til að afla bæjar- og sveitarfélögum tekjustofna, en álít, að það geti ekki orðið í sambandi við þetta mál. Því legg ég til, að þessi brtt. verði felld.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. G.-K. vildi byggja afstöðu sína til þessa máls á því, að uppi væru tvær stefnur í afgreiðslu fjárl. á þessu þingi. Önnur stefnan væri sú, að hafa útgjöld há og þurfa þá um leið að hækka skatta og tolla. Hin leiðin væri sú, að spara, og þá að því er mér skildist svo mikið, að ekki þyrfti að bæta á þær byrðar, sem menn bera nú til ríkisþarfa. Út frá þessu vildi hv. þm. segja það, að Sjálfstfl. geti ekki fallizt á að fylgja því tekjuaukafrv., sem hér liggur fyrir. Nú held ég, að ef menn vilja skoða málið frá þessu sjónarmiði, þá geti menn ekki öðlast á því réttan skilning, vegna þess að það er óhætt að slá því föstu, að þótt Sjálfstfl. hafi haft aðstöðu til að ráða um afgr. fjárl. og annara þeirra mála, sem áhrif hafa á fjárhagsafkomu ríkissjóðs, mundi honum ekki hafa tekizt, eftir þeim till., sem fram hafa komið frá flokknum, að afgr. fjárl. með lægri útgjöldum en þeim, er felast í þessu fjárlagafrv. Það rökstyð ég með því að taka fram, að flokknum muni hér ekki takast að færa útgjöld á fjárlagafrv. niður sem nemi útgjaldahækkuninni í öðrum frv. Vil ég þar benda á 2 frv., sem flokkurinn stendur að, þar sem um er að ræða 900000 kr. útgjaldahækkun eða tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. Á þessu byggi ég það, að flokknum hefir ekki tekizt að afgr. þetta mál með lægri heildarútkomu eftir þeim till., sem fram eru komnar frá þingflokknum. Þess vegna er það ekki svo, þegar við erum að taka afstöðu til þessa máls, að við getum rætt það út frá því sjónarmiði, hvort hér sé um það að ræða, að taka þessar upphæðir í ríkissjóð, eða taka þær ekki, heldur hygg ég, að rétti grundvöllurinn fyrir umr. um þetta mál sé sá, að gera sér grein fyrir, hvort þessi upphæð, sem ríkissjóður hefir þörf fyrir, skuli tekin með þessari leið, sem bent er á í frv., eða með öðrum leiðum. Og þá kemur til greina, að bera saman þessa leið við aðrar þær leiðir, sem fyrir hendi eru. Nú eru tollar af óþörfum varningi, sem menn eru yfir-

leitt sammála um að hafa sem hæsta, svo háir, að í flestum tilfellum er þar ekki miklu á bætandi. Þá er annarsvegar um það að ræða að setja beina skatta eins og hér er gert, og hinsvegar að leggja einhverskonar gjöld á varning, sem er ekki með öllu óþarfur eða beinlinis þarfur. Það sem andmælendur frv. hafa aðallega fundið því til foráttu, er tvennt. Fyrst það, að það gengi allmjög á rétt bæjar- og sveitafélaga um rétt til tekjuöflunar, og hafa sumir gengið svo langt að halda því fram, að það geri þeim nær ókleift að afla nauðsynlegra tekna. — Hin mótbáran er sú, að með frv. sé boginn spenntur svo hátt með álagningu á tekjur manna, að það muni draga úr viðleitni þeirra að afla sér tekna, og þar af leiðandi úr löngun manna til fjársöfnunar. Út frá þessu vil ég minnast á þessar tvær mótbárur. Það eru aðallega tvær leiðir til að afla ríkinu tekna. Fyrst sú, að afla þeirra með beinum sköttum, en hin með tollum og óbeinum sköttum. Hér liggur það því fyrir að athuga, hvor þessara tekjuöflunarleiða komi verr við bæjar- og sveitarfélögin. Ég þori hiklaust að fullyrða, að með því að leggja á tolla í stað beinna skatta fara þau bæjar- og sveitarfélög verst út úr því, sem minnstar hafa tekjur og erfiðasta eiga afkomu. Aftur á móti borga þau sveitarfélög mest, sem bezt eru stæð, ef ríkið tekur tekjur sínar með beinum sköttum, en hin sleppa betur eins og vera ber. Það er því öldungis víst, að eins og tekju- og eignarskattur virðist réttlátastur gagnvart einstaklingunum, eins er hann réttlátastur þegar miðað er við bæjarfélögin. Með því að leggja hann til grundvallar, er fengin trygging fyrir því, að frá þeim sveitar- og bæjarfélögum, sem bezt eru stæð, koma mestar tekjur í ríkissjóðinn, án tillits til fólksfjölda. Þess vegna er það hin mesta blekking, þegar talað er almennt á móti frv. á þeim grundvelli, að með því sé verið að ganga á rétt þessara félaga; því verður þvert á móti ekki í móti mælt, að enn þá hefir ekki verið komið auga á skattstofn, sem réttlátlegar komi niður á bæjar- og sveitarfélögin en einmitt tekju- og eignarskatturinn. Það kemur því úr hörðustu átt að vera að slá því fram, að með honum sé verið að ganga á rétt þeirra. Hitt er rétt, að þau bæjar- og sveitarfélög, sem vel eru stæð, greiða á þennan hátt meira en ef farið væri eftir tollaleiðinni, en hjá því verður ekki komizt, ef skattarnir eiga að koma réttlátlega niður.

Í þessu sambandi hefir því verið haldið fram, að með hækkun tekju- og eignarskattsins eins og frv. fer fram á, sé verið að neyða bæjar- og sveitarfélögin til þess að hækka hjá sér óbeina skatta. En þetta er á algerðum misskilningi byggt, því að ef maður lítur á útsvarsálagningu á þeim stöðum, sem tekjuhæstir eru, eins og t. d. Rvík, og kröfur þær um tekju- og eignarskatt, sem felast í frv., þá dylst engum, að hér í Rvík er hægt að halda áfram að leggja útsvör á eftir þeim sömu reglum og verið hefir, og það er langt frá, að möguleikinn til þess að hækka þau sé tæmdur, og því til sönnunar vil ég benda á skýrslu, sem birt er í nál. hv. meiri hl. fjhn., þar sem bent er á, hve mikill skattur og útsvör verði samkv. stjfrv. á meðalfjölskyldu hér í Rvík af tekjum hennar. Ég skal láta nægja að nefna aðeins 3 dæmi. Það eru þá fyrst hjón með 6000 kr. hreinar tekjur, þau greiða 3,8% af tekjum sínum í skatt og útsvar, og tekjurnar eru reiknaðar út að frádregnum skatti og útsvari fyrra árs. Ég býst nú ekki við, að nokkur, sem þekkir til um útsvarsálagningu til sveita, telji ekki, að hægt sé að hækka útsvar undir þessum kringumstæðum.

Þá vil ég nefna annað dæmi, það eru hjón með 12 þús. kr. tekjur, eftir að skattur og útsvar frá f. á. hefir verið dregið frá, þau myndu þurfa að borga 15% af þessari upphæð í tekjuskatt og útsvar. Þetta myndi svara til 14 þús. kr. launa. Ég fæ nú ekki séð, að maður með meðalfjölskyldu og 14 þús. kr. laun geti ekki vel greitt 800 kr. skatt og 1000 kr. útsvar. Mér finnst m. a. s. vel hægt að hækka á honum dálítið.

Þá eru hjón með 20 þús. kr. tekjur, sömuleiðis að frádregnum skatti og útsvari f. á. Þau eiga samkv. frv. að greiða í skatt og útsvar um 5 þús. kr., eða um 24% af tekjum sínum. Um þau er alveg sama að segja og hin, að á öðrum eins vandræðatímum og nú virðist fullkomlega forsvaranlegt að hækka á þeim að einhverju leyti. Það kann nú að vera, að um einstaka bæjarfélag sé svo ástatt, að það eigi erfitt með að hækka útsvör, ef svona er lagt á, en það nær engri átt, að fyrir slíkar undantekningar eigi ríkissjóður að fara að falla frá beinu sköttunum og hverfa inn á tollaleiðina.

Þá vil ég í þessu sambandi minnast á brtt. á þskj. 308 frá hv. minni hl. fjhn., um að helmingur af tekju- og eignarskattinum, sem innheimtast samkv. l. þessum, renni fyrst um sinn í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem hann er innheimtur. Ég veit nú ekki, hvort hv. flm. hafa gert sér fulla grein fyrir því, hvað þeir fara fram á með brtt. þessari, og vil því í nokkrum orðum skýra það fyrir þeim og hv. þdm. Ef brtt. þessi yrði samþ., þá myndu tekjur ríkissjóðs lækka um 127 þús. kr. miðað við skattalögin frá 1921. En miðað við það, sem tekjur ríkissjóðs af þessum skattstofni voru á árunum 1932—'33, er farið fram á að lækka tekjur ríkissjóðs um ½ millj. á ári. M. ö. o., þessir hv. þm., sem ekki eru á móti því, að skattur þessi verði innheimtur með 40% álagningu, fara nú fram á, að tekjur ríkissjóðs af honum verði ½ millj. kr. lægri en vænta má, að þær verði í ár. Ég er ekki frá því, að það gæti komið til mála, þegar tekju- og eignarskatturinn væri orðinn mjög hár, að ætla bæjar- og sveitarfélögum einhvern hluta af honum, en meðan boginn er ekki spenntur hærra en gert er í þess frv. getur ekki verið um neitt slíkt að ræða.

Um hina mótbáruna, að beinu skattarnir verði of háir með þessu frv., get ég verið stuttorður. Að svo sé alls ekki nægir að vísa til skýrslu þeirrar, er fylgir frv. Með því að kynna sér hana getur hver maður gert sér grein fyrir, hvort of langt sé gengið eða ekki. En til þess að fyrirbyggja misskilning um það, hvenær skatt-

hækkunin byrjar, vil ég geta þess, að hér í Rvík byrjar hún við 6 þús. kr. tekjur, en utan Rvíkur við 5 þús. kr. tekjur. Hv. þm. G.-K. kvartaði strax um þennan mismun utan Rvíkur og kallaði það gífurlega skatthækkun. En sjá, það er orðin ein króna, sem hér er um að ræða, og það gæti vel komið til mála, að hægt yrði að semja við hv. þm., svo þessi 1 kr. félli niður.

Þá skal ég með örfáum orðum víkja að einstökum brtt., sem fyrir liggja, og þá fyrst að brtt. hv. meiri hl. fjhn. á þskj. 258. Brtt. sú, sem ég fyrst vil gera að umtalsefni, er hin 6. í röðinni og hljóðar um það, að rekstrartap megi færa á milli ára og jafna með því rekstrartekjurnar.

Eins og hv. þdm. munu eflaust muna, þá gat ég þess þegar við 1. umr. þessa máls hér í d., að ég væri fús til samninga um að reyna að draga úr þeirri áhættu atvinnufyrirtækjanna, sem misjöfn afkoma á milli ára getur valdið þeim, en ég tók það strax fram, að ég gæti ekki gengið inn á að jafna það að fullu, í fyrsta lagi sökum þess, að öll skattalöggjöf er byggð á því, að tekjur hvers árs skuli skattlagðar sérstaklega, og þó að maður hafi misjafnar tekjur, þá er gengið út frá því, að hvert ár sé lagt til grundvallar út af fyrir sig. Það getur því ekki komið til mála að jafna rekstrartapið alveg út. Eins og hér er ástatt, þá getur orðið gífurlegur gróði annað árið, en tap hitt árið. Þessi aðstöðumunur hér um afkomu atvinnuveganna, samanborið við ýmsar aðrar þjóðir, réttlætir það, að víkja frá þeirri reglu, sem viðurkennd er meðal allra þeirra þjóða, er tekjuskatt nota, að leggja skattinn á, miðað við hvert ár út af fyrir sig. Það er vegna þessarar sérstöku aðstöðu hér, að ég hefi borið fram brtt. á þskj. 283, sem hnígur í þá átt, að undanþegin skuli tekjuskatti helmingur þess hluta af hreinum tekjum skattgreiðenda, sem gengur til þess að jafna rekstrartöp þriggja síðustu ára og varasjóður hrekkur ekki fyrir. En ef af öðru því fé, sem aldrei er lagt í varasjóð, en varið er til að mæta tapi fyrri ára, á ekki að greiða neinn skatt, þá sé ég ekki betur en að það fyrirkomulag orsaki það, að löngun félaga til þess að leggja fé í varasjóð hljóti að minnka, ef ekki hverfa með öllu, ef félög eiga von á einhverju rekstrartapi.

Ég álít vera ósamræmi í því að undanþiggja frá skatti helming þess fjár, sem greitt er úr varasjóði upp í töp fyrri ára, en undanþiggja að fullu það fé, sem varið er af rekstrargróða til að mæta slíkum töpum og greitt er framhjá varasjóði. Þess vegna finnst mér rétt að samþ. mína brtt. á þskj. 283. Í till. er það takmarkað, að tapið megi ekki vera eldra en þriggja ára, sem bætt er upp með tekjuafgangi, til þess að skattivilnun geti komið til greina. Með því að miða þessa heimild við 3 ár, ætti það að verða keppikefli fyrir hlutafélög að leggja hæfilegan hluta af gróða sínum í varasjóð, af því að það fé, sem lagt er í varasjóð og síðan fer til að jafna töp félagsins, verður alltaf skattfrjálst að hálfu leyti hvað gamalt, sem tapið er. Aftur á móti verða þær tekjur, sem jafnað er upp í töp, ekki skattfrjálsar að hálfu, nema töpin séu frá síðustu 3 árum, og ætti það að hvetja menn til að leggja í varasjóð. En ástæðan fyrir því, að ég álít þetta verða hvöt fyrir félög að leggja í varasjóð, er fyrst og fremst sú, að ef félagið er búið að leggja fé í varasjóð, þá á það á hættu að þurfa að borga af því fullan skatt, ef það er útborgað úr varasjóði til hluthafa eða sett í eitthvað annað, og gerir það féð fastara í varasjóði. Af þessum tveimur ástæðum er till. komin fram, að skattleggja skal allar tekjur hvers árs fyrir sig, og hinsvegar vegna þess árekstrar, sem er á milli ákvæðanna um skattfrelsi þess fjár, sem lagt er í varasjóð, annarsvegar, og hinsvegar till. meiri hl. n. við 9. gr. Ég skal þó taka það fram, að ef n. getur ekki fallizt á mína till., þá mun ég reyna að fara þá leið, sem mér þykir miklu lakari, að bera fram brtt. við 3. umr. um það, að tap, sem ágóða má nota til að greiða, ef hann á að vera skattfrjáls, má ekki vera nema tveggja ára eða jafnvel eins árs eftir því, sem mér þykir hagkvæmara við nánari athugun. Annars verður að ganga út frá því, að tekjur hvers árs séu skattlagðar út af fyrir sig, þó að ég viðurkenni, að þessar undantekningar verði að gera vegna hinna sérstöku staðhátta hér á landi.

Um brtt. 296 frá hv. 2. þm. N.-M. við brtt. fjmrh. um það, að miða við tap tveggja síðustu ára í stað þriggja skal ég segja það, að mér finnst sanngjarnara að miða við þrjú ár eins og till. mín fer fram á, og legg ég því til, að hún verði samþ. óbreytt. Sama er að segja um brtt. sama hv. þm. á þskj. 274, að ég vil ekki samþ. hana. Mér finnst ekki sanngjarnt, að hér í Rvík sé sami persónufrádráttur og annarsstaðar vegna þess, að það er ómótmælanlegt, að hér er miklu dýrara að framfæra lífinu en annarsstaðar á landinu.

Hv. 8. landsk. leggur til með brtt. á þskj. 337 að veita undanþágu frá tekjuskatti fyrir arð af allt að 10000 kr. sparifjáreign. Ég verð að segja, að ég get ekki verið samþ. þessari till., þó að fyrir henni megi færa ýms rök. Það má náttúrlega um það deila, hvort rétt sé að skattleggja vexti af öllu sparifé. En ástæða fyrir því, að ég tel, að fella eigi þessa till., er fyrst og fremst sú, að það er ómögulegt að reikna út, hvaða áhrif till. hefði á frv. sem tekjuöflunarfrv. Í öðru lagi tel ég hæpið að leggja út á þá leið, að undanþiggja skattgreiðslu vexti af sparifjárinnstæðum, á sama tíma og skattur er tekinn af vöxtum af eign í atvinnufyrirtækjum, meira og minna áhættusömum, eins og gert er í frv. Mér finnst því, þó að æskilegt hefði verið að geta veitt slíka undanþágu með sparifé, að það mundi verða vafasöm leið með tilliti til þess skatts, sem þeir verða að greiða, er leggja fé sitt í hættu í fyrirtæki. Auk þess vil ég benda hv. flm. á það, að þessir vextir eru sízt minni en þeir, sem fé bundið í atvinnufyrirtækjum gefur af sér, hvort sem um er að ræða landbúnaðar eða sjávarútveg, sem eru nú aðalatvinnuvegirnir. Ég sé því ekki ástæðu til að samþ. þessa till. Ég er líka á móti síðara lið brtt. á sama þskj., um að hækka frádrátt úr 300 kr. í 500 kr. frá skattskyldum tekjum vegna lög-

boðinna tryggingargjalda eða lífeyris skattgreiðanda eða konu hans. Mér sýnist, að 300 kr. frádráttur sé það ríflegur í þessu tilfelli, að ekki sé ástæða til að hækka hann. Með 300 kr. má áreiðanlega greiða iðgjöld af allhárri líftryggingu og er því ekki ástæða til að hækka þá upphæð.

Ég skal svo ljúka hér máli mínu. Skal ég kannast við það, að ég hefi orðið nokkuð langorður, en ég stend fyrir það betur að vigi með að spara ræðutíma minn síðar við þessa umr. og mun þá aðallega takmarka mínar ræður við að svara þeim nýju atriðum, sem fram kunna að koma í málinu.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Mér þykir hlýða að fara örfáum orðum um þetta frv. Ég hefi átt sæti í þeirri n., sem um það hefir fjallað, af hálfu Alþýðuflokksins. Eins og komið hefir fram, er það eitt atriði í frv., sem veldur mestum ágreiningi, en það er skattstiginn sjálfur eða hækkun hans. Ég ætla því að fara nokkrum orðum um það atriði. Eins og hv. þdm. er mæta vel kunnugt, er skattstiginn allverulega hækkaður frá því, sem hann er eftir skattalögunum frá 1921 og jafnvel þó að talinn sé með sú viðbót við skattinn, sem gilt hefir hin síðari ár. Þessi hækkun skattstigans er því meginbreyt., sem frv. felur í sér, en þó má nefna annað, sem frá mínu sjónarmiði er einnig mjög mikilsverð breyt., og það er hækkun persónufrádráttarins. Til þessa hafa gilt þau ákvæði, að einstaklingur hefir 500 kr. skattfrjálsar af tekjum sínum, hjón 1000 kr. og fyrir hvert barn innan 14 ára aldurs hefir mátt draga 500 kr. frá tekjum foreldra eða þeirra, sem barnið framfæra. Með frv. er lagt til, að þessi persónufrádráttur hækki í Rvík fyrir hvern einstakling í 800 kr., en annarsstaðar á landinu í 600 kr. Fyrir hjón í Rvík verði hann 1500 kr., en annarsstaðar 1200 kr. Auk þess er persónufrádrátturinn fyrir börn, sem ekki er hækkaður, látinn ná til 16 ára aldurs í stað 14 ára. Þessi hækkun persónufrádráttarins gerir það að verkum, að hækkun skattstigans hefir mjög lítið að segja fyrir lægst launaða fólkið í landinu yfirleitt. M. a. s. þrátt fyrir hækkun skattstigans hafa þeir, sem lægra eru launaðir, minni skatt eftir frv. heldur en eftir núgildandi l. meðan tekjurnar eru undir vissu marki, þó komin sé inn í frv. 40% viðbótin, sem gilt hefir síðastliðin ár. Þannig hefir einhleypur maður með 3000 kr. nettótekjur lægri skatt en samkv. gildandi l. Sömuleiðis hafa barnlaus hjón með 4500 kr. nettótekjur lægri tekjuskatt eftir frv. en áður hefir verið, einnig hjón með eitt barn og 5000 kr. nettótekjur, hjón með 2 börn og 5500 kr. nettótekjur, hjón með 3 börn og 6000 kr. nettótekjur, hjón með 4 börn og 6500 kr. nettótekjur og hjón með 5 börn og 7000 kr. nettótekjur. Þessi breyt. á skattalöggjöfinni hnígur mjög í þá átt, sem Alþýðuflokkurinn hefir viljað stefna að um öflun ríkisteknanna þannig, að hlutfallslega hærri skattur sé tekinn af háum tekjum og stighækkandi. Jafnframt er með hækkun persónufrádráttarins girt fyrir það, að ekki séu skertar með tekjuskatti nema sem minnst svo kallaðar þurftartekjur. Hinn lági persónufrádráttur hefir verið mesti gallinn á núgildandi skattalöggjöf. Hann hefir gert það að verkum, að verkafólk með lágar tekjur hefir orðið að borga af þeim skatta, þó tekjurnar hafi varla hrokkið, og jafnvel alls ekki, til nauðsynlegustu þarfa. Nú er með þessu frv. nokkuð bætt úr þessu jafnframt því, sem tekjur ríkissjóðs eru auknar. Frv. þetta stefnir í þá átt, sem Alþýðuflokkurinn hefir viljað fara í skattamálum, og er því ekki að undra, þó að Alþýðuflokkurinn fylgi frv. Hæstv. núv. atvmrh. flutti fyrir nokkrum árum frv., sem fór í svipaða átt og þetta, en það náði ekki fram að ganga. Þessar tvær breyt. frv. frá núgildandi skattalöggjöf eru því eins og ég hefi áður sagt samkv. stefnu Alþfl. Og þar sem frv. þetta miðar einnig að því, að hækka tekjur ríkissjóðs, en það telur Alþýðufl. nauðsynlegt, svo hægt verði að verja meiru fé úr ríkissjóði til verklegra framkvæmda og aukinna atvinnubóta bæði í kaupstöðum og kauptúnum, þá er Alþýðufl. einnig af þeim ástæðum frv. fylgjandi. Af því, sem ég nú hefi sagt, legg ég að sjálfsögðu eindregið gegn brtt. hv. 2. þm. N.-M., sem gerir ráð fyrir að færa persónufrádráttinn í sama horf og nú er og með því kippa fótum að miklu leyti undan því réttlæti, sem felst í frv.

Minni hl. fjhn. hefir aðallega fundið það að frv., að það takmarki getu bæjar- og sveitarfélaga til þess að jafna niður þeim gjöldum, sem nauðsynleg eru til þess að standast sinn rekstrarkostnað. Ég ætla, að hæstv. fjmrh. hafi gert grein fyrir því, að sú viðbára hefir ekki við mikil rök að styðjast, og hið sama er sýnt með nál. hv. meiri hl. fjhn. á þskj. 258, því það er mjög vel hægt að nota sama skattstiga við álagningu útsvara í Rvík og notaður hefir verið, þó að frv. þetta verði samþ., því að hvorki sá skattstigi né frv. leggja neitt ýkja þungar kvaðir á hinar hærri tekjur í Rvík.

Það er eitt, sem ég vil minnast á, sem menn ekki athuga rétt og draga því af röng dæmi um hættu, sem stafi af háum sköttum og útsvörum, er leiði til þess, að menn hætti að vilja safna fé, en það eru ákvæði skattalaganna um rétt til þess að draga frá skattskyldum tekjum, áður en þær eru skattaðar, tekjuskatt og útsvar frá næsta ári á undan. Ef við tökum dæmi eftir töflunni, sem er fskj. með þskj. 258, um 100 þús. kr. hreinar tekjur, þá geri ég ráð fyrir, að mönnum ógni í fyrstu, hve há hundraðstala skattar og útsvar er til samans af þessari upphæð, en ef við nú útfærum þetta dæmi og gerum ráð fyrir fyrirtæki, sem hefir 100 þús. kr. í hreinar tekjur, eftir að frv. þetta er orðið að l., og sami útsvarsstigi, sem nú gildir hér í Rvík, er viðhafður, þá verður útkoman sú, að á fyrsta árinu þarf af þessum tekjum að greiða til bæjar 72415 kr. og verða þá eftir af hreinum ágóða 27585 kr. Þó að mörgum kunni nú kannske að finnast þetta lítill afgangur, þá held ég, að flestir verði nú að sætta sig við minna. En nú skulum við halda dæminu áfram. Við skulum nú segja, að þetta sé gott og „stabílt“ fyrirtæki og að það græði nú á næsta ári aðrar 100 þús. kr. Hver verður útkoman

þá? Þá verður byrjað á því að draga frá þessum 100 þús. upphæð, sem nemur skatti og útsvari síðasta árs, eða 72415 kr. og þá verða ekki skatt og útsvarsskyldar nema 27585 kr., og verða útsvar og skattur af þessum 100 þús. kr. um 10 þús. kr., og verður það ekki talið svo hátt, að það ætti að fæla einstaklinga frá því að safna háum tekjum, því eitthvað ætti að vera hægt að leggja til hliðar af þessum 90 þús. kr. (**ÓTh**: En hvernig fer svo þriðja árið?). Ef fyrirtækið hefir enn 100 þús. kr. hreinar tekjur þriðja árið, þá verður auðvitað fyrst byrjað á því að draga frá þeim þessar 10 þús. kr. og síðan lagður skattur á 90 þús. kr., og verður hann auðvitað næstum því eins hár og hann var fyrsta árið, en fjórða árið verður hann svo aftur lægri. Þannig verður ef tekið er meðaltal af tveimur eða fjórum árum, skatturinn engan veginn eins geigvænlegur og hv. andstæðingar frv. vilja vera láta. Ákvæðið um að draga skatt og útsvar síðasta árs frá hreinum tekjum áður en þær eru skattlagðar er sá öryggisventill, sem kemur í veg fyrir það, að skatturinn verði nokkurntíma óeðlilega hár, svo að gjaldþegn, sem hefir háar tekjur, hefir alltaf mikinn afgang fram yfir það, sem hann þarf sér til lífsviðurværis, sem hann getur notað í sinn atvinnurekstur eða lagt til hliðar. Þessu má ekki gleyma, þegar talað er um skattana, en því er oft gleymt, og þá þykir það geigvænlegt, að skattur og útsvar af 100 þús. kr. skuli vera 72 þús. kr., en það er ekki svo frá ári til árs, vegna frádráttarins.

Ég tel svo ekki ástæðu til að segja meira um frv. Ég vil endurtaka það, að ég tel hækkun skattstigans og hækkun persónufrádráttarins miða til aukins réttlætis í skattamálum.

**Pétur Halldórsson** óyfirl.: Ein af ástæðunum til þess, að ég verð að telja þessa hækkun á tekju- og eignarskatti varhugaverða, er sú, að það má kalla, að þessi tegund skatta sé sérsköttun á kaupstaði landsins, og þá sérstaklega á Rvík. Því hefir nú verið lýst, hvaða áhrif mjög mikil hækkun tekju- og eignarskatts hefir á gjaldstofna sveitar- og bæjarfélaga, og skal ég því ekki fara lengra út í það í þetta sinn. En þegar litið er á það, hvaðan ríkissjóður hefir fengið tekjur af þessari löggjöf, t. d. árið 1933, þá kemur það greinilega í ljós að þetta má kallast sérskattur á kaupstaðina.

Árið 1933 hefir skatturinn numið samtals kr. 1437000. Af þessari upphæð kemur á

| | | |
|---|---|---|
| Rvík | kr. | 1055000 |
| Ísafj.s. og Ísafjörð | — | 46900 |
| Siglufj.kaupstað | — | 27800 |
| Eyjafjörð og Akureyri | — | 91100 |
| N.-M. og Seyðisfj. | — | 10300 |
| Vestmannaeyjar | — | 23300 |
| Gullbr.- og Kjósars. | — | 91300 |
| Þetta er samtals kr. | | 1345700 |

Þannig er það ekki nema rúmar 90 þús. kr., sem öll önnur héruð borga í ríkissjóð með tekju- og eignarskatti, en kaupstaðirnir 1345700 kr. Þetta er greinilegur vottur þess, að þetta er sérskattur á kaupstaði landsins, og af því að svo er, er ákaflega varhugavert og ranglátt að hækka þennan sérstaka skatt upp úr öllu valdi og gera hann að stærri lið í tekjuöflun ríkissjóðs með ári hverju.

Þetta er ein af ástæðunum til þess að ég er á móti þessari tekju- og eignarskattshækkun, því að eitt af því, sem Alþ. á að hafa fyrir augum í álagningu skatta er vissulega það, að skattarnir komi nokkurnveginn hlutfallslega jafnt niður á landsfólkið, miðað við getu þess til þess að leggja skattana fram. Hæstv. fjmrh. var að vísu að tala um það, að sérstaklega væri óhætt að hækka þennan skatt í Rvík, vegna þess að það, sem Rvíkurbær tekur af þessum sama gjaldstofni, sé ekki svo ýkjamikið, og að Rvík muni kannske betur en aðrir kaupstaðir á landinu og önnur bæjar- og sveitarfélög geta unað þessum skatti, án þess að hann sé mjög tilfinnanlegur. Og hæstv. ráðh. talaði ennfremur um það, að það væri engin frágangssök fyrir bæjarfélögin að hækka útsvörin, þrátt fyrir það, þó þetta frv. yrði að l., og miðaði hann þá sérstaklega við það, að í Rvík væri töluvert af tekjum borgaranna eftir í þeirra höndum, þó þessi löggjöf yrði sett, og fannst mér hann miða sérstaklega við það þó, að þeir, sem hefðu 4—10 þús. kr. tekjur, borguðu ekki svo mikið með þessum skattstofni til sveitar- og bæjarfélaga og ríkissjóðs. Sama virtist mér skína út úr ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn., þar sem hann sagði, að þeir, sem nú hefðu miðlungstekjur, ættu samt eftir nokkuð mikið meira en skattinum nemur til lífsframfæris sjálfs sín og sinna. En mér finnst þetta ákaflega röng mælisnúra að fara eftir, því að aðalatriði málsins er það, að þjóðfélagið þolir ekki, að öllu aflafé og tekjum sé eytt á ári hverju. Þess vegna dugar það ekki að leggja á þann mælikvarða, að taka megi af tekjum allra borgara allt það, sem þeir ekki þurfa, að áliti þessara hv. þm., sjálfum sér og sínum til framfæris. Það er líka rangt mat þá um leið þegar talað er um það, að þeir, sem hafi 100 þús. kr. í tekjur eins og hv. 1. landsk. sagði, ættu eftir að þeir væru búnir að borga þennan skatt 27300 kr. til þess að lifa af. Ef þ. ætlar að leggja þetta eitt til grundvallar við ákvörðun skatta, þá hygg ég, að ekki sé langt að bíða, að erfiðleikar atvinnulífsins verði meiri en þeir þó eru orðnir nú, því það má ekki loka augunum fyrir því, að þjóðfélagið þarf á því að halda að geta auðgazt svo á ári hverju, að það geti veitt nýjum borgurum lífsframfæri. Það hefir verið reiknað út erlendis í iðnaðarlöndum, að það þurfi 20 þús. kr. höfuðstól til þess að láta einn nýjan borgara bætast við í hópinn og hafa lífsframfæri sitt með þjóðinni. — Þess vegna er það röng skoðun, að þeir, sem ekki nota allt það fé, sem þeir afla á ári hverju, séu fyrst og fremst fjandmenn þjóðfélagsins, því þeir geta í staðinn fyrir að nota þetta fé til eigin þarfa, lagt það til ríkisþarfa og til að auka og efla atvinnulíf þjóðarinnar, eftir því, sem henni fjölgar og fleiri þurfa á þeim höfuðstól að halda, sem þarf til þess að stunda atvinnu og að framleiðsla sé möguleg. Þess vegna má ekki leggja þann mælikvarða á, að menn eigi rétt

eftir til lífsframfæris, þegar þeir hafa borgað skatta sína, því þjóðfélagið þarf að spara á ári hverju til þess að atvinnulífið geti haldizt við, og það er sjálfsagt komið að því hér eins og víða annarsstaðar, að þessi sparnaður er ekki nægilega mikill — m. a. vegna hárra skatta — til þess að atvinnulífið geti þróazt og verið í fullu fjöri. Þetta er kannske ein af ástæðunum fyrir atvinnuleysinu og erfiðleikum viðskiptalífsins vor á meðal.

Hæstv. fjmrh. sagði líka, að ekki bæri að kveinka sér við að setja slíka löggjöf, þar sem þeir væru fáir utan Rvíkur eða kaupstaða landsins, sem hefðu yfir 5 þús. kr. tekjur. M. ö. o., hann býst við og telur það til meðmæla með frv., að litlar líkur séu fyrir því, að utan Rvíkur sé mikill sparnaður á ári hverju. Ég vil því segja, að hér sé beinlínis verið að hugsa um að taka í ríkissjóð allt, sem umfram það er, sem þessir hv. þm. kalla þurftarlaun. En ef þessi verður stefna Alþ. í þessum málum, þá er augljóst, að þetta þjóðfélag leggst fljótlega í rústir.

Það hefir verið deilt um það á undanförnum árum, hvort bæjarstj. Rvíkur misþyrmdi skattborgurunum með þeim útsvörum, sem tekin eru til bæjarþarfa, og hæstv. fjmrh. hefir verið einn í flokki þeirra manna, sem ávítar mjög þá stefnu, sem bæjarstj. Rvíkur hefir í þessum málum, og sem segja, að hér sé svo dýrt að lifa, m. a. af því, hvað skattaálögurnar séu þungar, og það sé að sliga þjóðfélagið, eins og þeir kalla það. En nú kemur það fram í ræðu hæstv. fjmrh., að það hafi aldrei verið meiningin að ávíta bæjarstj. Rvíkur fyrir það, hvað skattarnir hafi verið þungir, heldur fyrir það, hvað þeir hafa hækkað frá ári til árs. En *ég hélt, að þetta gæti varla verið ávítunarefni* hjá hæstv. ráðh., þegar tekið er tillit til þess, að á síðustu 15 árum hefir tvöfaldazt íbúatala bæjarins og þar með um leið þörfin til þess að hafa opinberar framkvæmdir í nokkru samræmi við framkvæmdir einstaklinganna. Nú hefir það verið svo í Rvík á síðustu árum, að bæjarstj. hefir hlíft við að hafa framkvæmdir bæjarsjóðs eins örar og þurft hefði, vegna þess að hún hefir álitið ennþá nauðsynlegra að byggja t. d. hús heldur en að gera góðar götur og fullkomnar meðfram þeim. En nú er það aftur á móti ávítunar- eða umkvörtunarefni, að opinber gjöld séu svo lág í Rvík, að þau séu miklu hærri víða annarsstaðar, og þá á að hlaupa í skarðið og taka þær tekjur með þessu frv. um hækkun á tekju- og eignarskatti, sem bæjarstj. hefir neitað sér um að taka af borgurunum.

Ein af þeim ástæðum, sem hv. 1. landsk. færði fyrir þessari hækkun á tekju- og eignarskattinum, var sú, að nú þurfi framar venju að halda uppi verklegum framkvæmdum í landinu. En getur ekki verið nokkurt samband milli þessa óhæfilega skattafargans í landinu og þess, að ríkissjóður verður að halda uppi opinberum framkvæmdum? Með þessari skattakúgun geta að sjálfsögðu framkvæmdir einstaklinganna ekki verið í samræmi við þeirra vilja og þarfir, vegna þess að þeir verða árlega að skila mestum hlutanum af sínu aflafé og ágóða til sveitarfélaga og ríkissjóðs. Nú vil ég spyrja, hvort ríkissjóður sé þess megnugur og hvort það sé vilji þessara hv. þm., að ríkið taki að sér að leggja atvinnulífið í rústir með því að skattleggja fyrirtæki landsmanna til þess að halda uppi góðgerðaframkvæmdum. Ég held, að viturlegra væri að láta þá, sem eiga þetta aflafé, halda því sem mestu til þess að auka og efla sín fyrirtæki og hafa framkvæmdirnar sjálfir heldur en að ríkissjóður taki fyrirtækin af þeim og ráðstafi þeim eins og hér er að verða venja.

Eitt er það enn, sem ég álít vera hættulegt í frv., og það er það, að misræmi skapast líka á annan hátt, með því að öll atvinnu- og fjáröflunarfyrirtæki, nema samvinnufélög, greiða þennan skatt, og því hærri sem hann er, því ójafnari verður sá leikur. Með þessari skattaálögu má beinlínis koma í veg fyrir og útrýma allri annari starfsemi en samvinnufélögum, ekki aðeins í verzlun, heldur líka í framleiðslu. Þetta er því yfirvofandi hætta með slíkri löggjöf, sem hér um ræðir.

Hæstv. fjmrh. sagði, að að vísu kæmu hæstar upphæðir í ríkissjóð frá Rvík samkv. þessum l. um tekju- og eignarskatt. Það er líka rétt, að það er mjög miklu hærri upphæð en frá nokkru öðru sveitarfélagi á landinu. En það er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að þessi löggjöf er svo ung, að *ekki hefir unnizt tími til þess að framkvæma hana svo*, að hún sé réttlát, og það hefir gengið lengst í Rvík í því efni að framkvæma hana svo, að eftir 10—20 ár gætu komið til skatts allar tekjur og eignir manna. En því er ekki til að dreifa annarsstaðar á landinu. Þess vegna er þessi löggjöf ranglát enn sem komið er. En ef það tækist á næstu áratugum — vegna þess að það *þarf langan tíma* til þess að allar tekjur og eignir náist til skatts með tekju- og eignarskatti — að samræma framkvæmdir l. á þennan hátt, þá er þó minna ranglæti í því að hækka skattstigann; en meðan þessu samræmi er ekki náð, er þetta þar að auki sérsköttun á Rvík.

Af þessum ástæðum, sem ég hefi nú talað um, tel ég þetta óheppilega og rangláta löggjöf fyrir utan það, að skattstiginn er orðinn svo hár, að það má heita vonlaust um stærri fyrirtæki í landinu, að þau geti nokkurntíma orðið öflug. Fyrirtæki, sem hefir 100 þús. kr. tekjur og borgar 72700 kr. til skatts, getur ekki orðið öflugt, þegar áhættan er öðrum megin svo mikil sem hér er yfirleitt við alla atvinnuvegi.

Mér finnst vanta hjá meiri hl. n. og hæstv. fjmrh. þá hugsun, sem er meira social en að vilja hafa þessa skattálögu sem hæsta, þá hugsun, að þjóðfélagið, hinn máttarminni borgari ekki síður en hinn máttarmeiri, verði að krefjast þess, að ríkisvaldið sjái um, að ekki sé útilokað, að þjóðfélagið eflist og auðgist. En það má heita útilokað, ef þessum sérstaka skatti er beitt svo miskunnarlaust sem hér er stefnt að. Þetta er hagsmunamál allra sameiginlega og það er miklu meiri social hugsun í því heldur en kemur fram í frv.

Af þessum ástæðum öllum verð ég að lýsa því yfir, að ég mun ekki fylgja frv. eins og

það er úr garði gert og greiði atkv. á móti því, af því að ég álít það ósocialt og til tjóns fyrir þjóðarheildina.

**Ásgeir Ásgeirsson** óyfirl.: Það er 6. brtt. n., sem ég ætla að gera nokkra grein fyrir. — Það er öllum ljóst, að þegar tekju- og eignarskattur er hækkaður, þarf að gera ráðstafanir til þess, að nokkur jöfnuður verði milli ára í landi, þar sem svo mikill munur er á árferði eins og hér á Íslandi. Þessi krafa hefir að vísu oft komið fram áður. Það var borin fram till. um það fyrir eitthvað 9 árum að leggja til grundvallar skatta meðaltal tekna á undanförnum 3 árum.

N. leizt nú samt ekki á að viðhafa þessa reglu, m. a. af þeirri ástæðu, að ef meðaltal tekna 3ja ára er lagt til grundvallar, getur svo farið, að borga þurfi tekju- og eignarskattinn á tapári og það er mjög erfitt um innheimtu, þegar svo stendur á. Við tókum því það ráð að bera fram till. um það, að tap, sem verður á einu ári, megi koma til frádráttar á næsta ári, og svo koll af kolli þangað til það er að fullu borgað. Það er vitanlega grundvöllur tekju- og eignarskatts, að hann sé borgaður af tekjum og eignum. En þessu verður ekki náð hér á landi, nema heimilt sé að færa tap a. m. k. að einhverju leyti á milli ára til frádráttar á væntanlegum tekjum.

Hæstv. fjmrh. hefir lagt áherzlu á það, að almanaksárið sé grundvöllur tekju- og eignarskattslöggjafarinnar. Hann lagði á þetta fullsterka áherzlu; að vísu er það rétt, að hingað til hefir verið gengið út frá almanaksárinu um okkar tekju- og eignarskattsálagningu, en þar fyrir er þetta tímabil ekki grundvöllur l. Grundvöllurinn er sá, sem ég sagði áðan, að skatturinn komi á raunverulegar tekjur, en ekki á töp. En hitt get ég fallizt á hjá hæstv. fjmrh., að um framkvæmd slíks tekjuskatts verður að leggja til grundvallar einhvern tíma. En sé svo, að eitt ár sé ekki öðru líkt, þá er árið ekki sú heppilegasta og einasta eining, sem kemur til greina. Þá verður maður að fallast á að taka einhverja lengri peróðu, sem gefur nokkurnveginn jöfnuð eins og afkoman er um lengra skeið hjá atvinnufyrirtæki. Ég get fallizt á, að það sé tæplega rétt eins og er í till. okkar að láta flutning tapa milli ára vera ótakmarkaðan, heldur sé rétt að ákveða eitthvert fast tímabil, sem vitanlega má aldrei vera styttra en 3 ár. Ég vil benda á það, að í sinni till. leggur hæstv. fjmrh. ekki almanaksárið til grundvallar, heldur vill hann heimila, að tekið sé tillit til 3ja ára.

Hv. þm. G.-K. og hæstv. ráðh. hafa báðir fundið það að þessari till. n., að hætt sé við, að hvötin til þess að leggja í varasjóð fari minnkandi, verði till. samþ. Ég vil þá fyrst benda á það, að varasjóður kemur ekki til greina nema í fáum af þeim tilfellum, sem hér er um að ræða, því að það er hvergi nærri allur atvinnurekstur í okkar landi rekinn af félögum, t. d. hlutafélögum. Þetta snertir því einungis nokkurn hluta af hinu stóra svæði atvinnurekstrarins, sem hér um ræðir. Mér skildist hæstv. ráðh. halda því fram, að ef félag legði í varasjóð, þyrfti það að greiða hálfan skatt, en ef það kysi að leggja ekki í varasjóð, þá myndu félagarnir, þegar að tapi kæmi, sleppa við allan skatt. Nú ber þess að gæta, að ef félag, sem hefir arð og á kost á að leggja í varasjóð, kýs að fara þá leið, að gera það ekki, heldur útdeila arðinum, þá kemur hann til skatts og er greiddur fullur skattur af honum, og ekki einungis það, heldur kemur hann líka til skatts hjá einstaklingunum, sem hans njóta. Svo að ef síðar ætti að taka til þessa fjár til að mæta tapi, þá er skaði að gera það með fé, sem búið er að greiða fullan skatt af, og það raunverulega tvöfaldan skatt. Hefði nú aftur á móti verið lagt í varasjóð, hefði verið hægt að mæta tapinu með fé, sem á sínum tíma var ekki skattskylt nema að hálfu leyti. En það er rétt, og það skal ég viðurkenna, að ef búið er að útdeila arði og þarf að grípa til hans aftur frá einstaklingunum, þá losnar félagið við tekjuskatt, sem nemur tapinu á því ári, sem það fyrst varð. En við getum þó aldrei áætlað, að félagið sem félag græði á þessu öllu meira en helming af tekjuskattinum móts við það, ef félagið hefði lagt í varasjóð. Og við verðum að athuga það, að móti þessum helming, sem við skulum segja, að félagið græði reikningslega, komi sá skattur, sem hinir einstöku félagsmenn hafa greitt, þegar þeir tóku arðinn. Þetta vegur nokkuð á móti, þótt e. t. v. megi segja, að ekki sé að fullu vegið á móti með því, en þegar maður bætir ofan á öllum þeim óþægindum, sem af því stafa, að hafa greitt af höndum allan arðinn og standa síðan uppi með tap, er fullt mótvægi fengið. Við verðum að ganga út frá því, að félögin hafi sjálfra sín vegna hvöt til þess að safna í varasjóð, og sú hvöt verður alltaf aðalorsökin til myndunar varasjóða, þótt hitt geti gefið nokkra aukahvöt, að varasjóðsféð sé að hálfu leyti undanþegið skatti, þá verður slíkt aldrei neinn grundvöllur í því efni. En úr því að talað er um það, að bætt sé við því, að félögin spekuleri í því að leggja ekki í varasjóði, vil ég benda á eina hættu, sem er í gildandi löggjöf um þetta efni. En hún er sú, að greitt er í tekjuskatt meira en helmingur af því fé, sem er útdeilt úr varasjóði til hluthafa. Þetta ákvæði er að vísu sett til þess, að það fé, sem á annað borð er búið að greiða í varasjóð, fari ekki þaðan aftur nema til þess að mæta tapi. En þetta getur samt auðveldlega verkað þannig, ef menn eru alltaf að spekulera í einhverri smávægilegri tekjuskattsniðurfærslu, að síður sé greitt í varasjóð, því að féð væri þá orðið fast, og kostaði meira að ná því þaðan aftur en að útdeila því upphaflega sem arði. Ég hygg, að hvöt félaganna til varasjóðseignar til þess að geta mætt sínu tapi jafnóðum muni vera nægilega sterk til þess að vega upp á móti þeirri óskynsamlegu spekulation um lækkun tekjuskattsins, sem af þessum till. ætti að leiða. En reynslan kann þó e. t. v. að geta orðið sú, að þetta dragi eitthvað lítilsháttar úr varasjóðssöfnun, en komi til þess, má með ýmsum ráðum setja undir lekann. Sýndu félögin nú þetta fyrir-

hyggjuleysi, mætti t. d. leggja aukaskatt ofan á venjulegan skatt á alla úthlutun arðs, meðan varasjóðurinn er ekki búinn að ná ákveðnu marki. Með því mætti koma nokkuð í veg fyrir, að arði sé útdeilt áður en varasjóðurinn er það, sem teljast verður hæfilegt. Sama mætti einnig gera um hlutafélög, sem hafa haft möguleika til söfnunar í varasjóð, að láta þau ekki hafa rétt til að draga tap frá tekjum sínum seinasta ár nema að svo miklu leyti sem tapið er greitt úr varasjóði. Það eru ýmsar slíkar aðferðir til, sem ekki þurfa að verða sérlega flóknar í framkvæmd, en ég hygg þó, að fyrst sé rétt að láta sýna sig, hvernig þessi aðferð gefst, sem meiri hl. fjhn. hefir nú lagt til.

Fjhn. getur ekki fallizt á till. hæstv. ráðh. um þetta sama efni. Það er bæði það, að hæstv. ráðh. leggur til, að ekki gangi nema helmingur af tekjum á móti tapi, sem áður hefir orðið. Þetta er vitanlega ókostur vegna þess, að það er annaðhvort rétt eða rangt að taka tillit til tapsins. Ef það er rétt að leyfa einstaklingum og félögum að draga frá tekjum sínum tap, allt að 3ja ára gamalt, þá á að leyfa þann rétt allan, en ekki hálfan. Og auk þess er ekkert lifandi samband á milli teknanna og tapsins, a. m. k. ekki í öllum tilfellum, og því myndi það svo verða, að ef einungis helmingur teknanna mætti ganga móti tapi fyrri ára, myndi í framkvæmdinni skapast mjög mikið misrétti. Ef menn vilja byggja á þeim grundvelli, sem fjhn. hefir gert, að tekjuskatturinn eigi að koma af tekjum, þá er rétt að fara alla leiðina eins og við höfum gert, þótt það mæli að vísu margt með því að tiltaka ákveðið tímabil, t. d. 3—4 ár, og það myndi ég fús að ganga inn á, þótt ég viti þar ekki um afstöðu allra fjhn.-manna. En þessi till. n. er mikilsverð í sambandi við þá hækkun, sem nú verður gerð á tekju- og eignarskattinum, og þá hækkun, sem orðið hefir á útsvörunum víðast hvar á síðasta áratug, því að þessi till. um að leyfa millifærslu taps á milli ára gerir allan atvinnurekstur í landinu öruggan a. m. k. gagnvart tekju- og eignarskattinum, og það öryggi er atvinnufyrirtækjunum mjög mikilsvert. Þessi till. fjhn. myndi auk þess sem hún eykur raunverulegt öryggi þeirra, sem leggja vilja út í atvinnurekstur, auka öryggi á þann hátt, að ekki væri hægt að telja mönnum trú um, að tekjuskatturinn og útsvörin séu orðin hærri en nokkur von sé um, að tekjurnar geti orðið. Það hefir verið algengt í þessu sambandi, hækkun tekju- og eignarskattsins, að vilja telja mönnum trú um, að nú sé skatturinn kominn upp fyrir tekjurnar. Þegar um það er að ræða, hvað skatturinn sé þungbær, þá er hægt að miða við þrennt: Skattskyldar tekjur, og það er hið venjulega, í skýrslum, umr. og löggjöf, hreinar tekjur, þ. e. a. s. tekjur, að frádregnum sköttum og útsvari, en það er hvorugt þetta, sem almenningur hefir í huga, þegar verið er að reikna út tekjuskattinn, heldur hið 3ja: Hvað menn hafi í tekjur, án þess að dregið sé frá útsvar eða skattur. Það er þetta, sem gerir mestan rugling á hugsun manna um það, hvað tekjuskatturinn sé þungbær, því að menn draga venjulega ekkert frá, ekki tekju- eða eignarskatt, útsvar eða persónufrádrátt, og halda, að skatturinn sé af brúttótekjum, þó að þær skrár og skýrslur, sem mönnum eru sýndar, séu miðaðar við nettótekjur, þar sem allt þetta er dregið frá. Ég vil taka undir það dæmi, sem hv. 1. landsk. kom með hér áðan, þar sem hann sýndi glögglega fram á það, að tekjuskattur og útsvar af 100 þús. kr. sem e. t. v. mun verða 72%, verður það ekki til lengdar, heldur jafnast þetta svo milli ára, að ef við tökum 3—4 árabil verður það miklu, miklu meira en 28%, sem einstaklingarnir hafa af sínum brúttótekjum. Dæmin, sem tekin eru, gefa venjulega skakkar hugmyndir til hins verra. En einmitt í þessu sambandi, þegar verið er að ræða um réttinn til þess að mega draga tapið frá, þá vil ég taka dæmi af þessu sama og áður. Ef einstaklingur græðir eitt ár 100 þús. kr., en tapar svo næsta ár, en græðir enn á ný 3ja árið 100 þús. kr., þá er honum samkv. gildandi l. ekki einungis óheimilt að draga tapið frá, heldur missir hann á þessu eina tapári réttinn til þess að mega draga skatta og útsvar frá tekjum næsta árs. Það getur ekki gengið til lengdar, að menn megi ekki draga frá tap, og miklu síður getur það gengið, að erfið ár, sem kunna að koma inn á milli, svipti menn réttinum til frádráttar sköttum og útsvari. Þessi rök renna undir það, að till. fjhn. um færslu taps milli ára verði samþ. Að öðru leyti skal ég ekki fara mörgum orðum um þetta mál. Eins og nál. sýnir, þá fylgi ég þessu frv. og tel það nauðsyn eins og fjárhag ríkisins er nú komið, að afla tekna sem þessu nemur og meira til, og þar sem nauðsyn er á tekjuöflun verður ekki öllu réttlátari leið fundin en tekju- og eignarskattshækkun. En hækkunin er ekki helmingshækkun frá því, sem nú er, heldur yfirleitt 10—60% á einstaklingum og frá 20—50% á meðalfjölskyldu. Til þess að afla þessara tekna, sem enginn getur borið á móti, að séu nauðsynlegar, væri e. t. v. hægt að fara tollaleiðina, en væri hún farin, hvernig myndi það verka á einstaklinga og bæjarfélög? Við þá athugun eigum við að leggja til grundvallar fjölskyldu, en ekki einstaklinga, eins og við tekjuskattinn. Tollaleiðin er nú þannig, að ef lagt er á nauðsynjar, sem talið er að allir þurfi að neyta, þá verður skatturinn því þyngri á fjölskyldunni því erfiðar, sem hún á uppdráttar. Einstaklingurinn sleppur e. t. v. með eina tolleiningu eða svo, en sá, sem á fyrir 5 manns að sjá, verður að greiða 6 tolleiningar. Þetta er á vissan hátt prógressivt eins og tekjuskatturinn, en á þann hátt, að því minni möguleikar til að standa undir byrðinni, því þyngri verður hún. Ég vil heldur, að farin sé sú leiðin, að byrðin þyngist því meir sem þrótturinn eykst til þess að standa undir henni. Og það er kosturinn við tekju- og eignarskattinn, og þess vegna fylgdi meiri hl. fjhn. frv. því, sem hér er til umr.

Ég skal minnast þess líka, að það hefir verið sagt hér, að tekjuskatturinn væri einskonar sérskattur á kaupstaðina, einkum Rvík. Ég vil hér sem fyrr leggja til grundvallar, að skatturinn á að hvíla á heimilunum, og engar sérreglur gilda í þessu sambandi fyrir Rvík eða

aðra kaupstaði. Þvert á móti eru sömu reglurnar alstaðar gildandi, að öðru leyti en því, að Rvíkingum er heimilaður nokkru meiri frádráttur en öðrum, þótt það sé naumast nógu mikið. Svo að því leyti sem sérreglur gilda, eru þær ekki Rvík til tjóns. Sannleikurinn er sá, að það dugar ekki að miða við Rvík og segja, að hún greiði svo og svo miklu hærri skatt en Hafnarfjörður og því sé um sérskatt að ræða. Ef við hugsum um tölur, myndi Rvík greiða meira en Hafnarfjörður vegna mannmergðar, og Rvík kemur auðvitað til með að greiða mestan tekjuskatt, af því að hér eru flestir efna- og tekjumenn. Fram hjá þessu verður aldrei komizt þegar um tekju- og eignarskatt er að ræða. Ég get trúað því, að þessi skatthækkun komi þyngra niður á ýmsum öðrum kaupstöðum en Rvík, og þyngst niður á einstöku sveitarfélögum, sem illa eru stödd. En í þessu efni er skylt að líta á það, að það er ekki Rvík, sem stendur hér með sama krafti undir 100-faldri fjárhæð við það, sem Hafnarfjörður og aðrir kaupstaðir þurfa að standa undir.

Það féll hér setning áðan hjá hv. 3. þm. Reykv. svo hljóðandi: Skattar eiga að koma hlutfallslega niður eftir getu. Það er enginn skattur, sem fullnægir þessu eins vel og tekju- og eignarskatturinn.

**Páll Zóphóníasson:** Ég get fyrst lýst yfir því, að þótt hinn stighækkandi skattur væri enn hækkaður töluvert, þá myndi ég fylgja frv. Það er því sjálfsagður hlutur, að eins og nú er fylgi ég því. Ég mun ekki koma með brtt. í hækkunarátt, en ekki er það fjarri mér að gera það.

Hv. 3. þm. Reykv. vildi halda því fram, að tekju- og eignarskatturinn samkv. frv. yrði sérskattur á Rvík. Þessu hefir verið svarað af hv. þm. V.-Ísf., en ég vil aðeins benda hv. 3. þm. Reykv. á að lesa þá skýrslu, sem prentuð er í Alþt. frá 1932, bls. 942 og áfram, þar sem hann getur séð skattskyldar eignir hinna einstöku hreppa og sýslufélaga ásamt skattskyldum tekjum. Beri hann síðan saman mat eigna í þessum skýrslum, mun hann sjá, að það er ekkert undarlegt, þótt það kjördæmi, sem á 60 millj. af öllum eignunum og hefir 35 millj. tekjur af öllum tekjunum fái mestan skatt á sig. Miðað við fólksfjöldann koma 1200 kr. tekjur á mann, en víða annarsstaðar ekki nema 400—600 kr. Af þeirri ástæðu, að hér eru mestar tekjurnar og mestar eignirnar, hlýtur mestur hluti hins hækkaða skatts að koma niður á Rvík, eins og það á líka að vera, vegna þess að það á að miða við greiðslugetu manna, eins og hv. þm. réttilega sagði. Það er því algerlega rangt hjá honum, að um sérskatt sé að ræða, vegna þess að hann lagði til grundvallar rangar forsendur.

Ég á hér tvær litlar brtt. Önnur er við brtt. frá hæstv. fjmrh., þar sem hann leggur til, að eftirgjöf, sem félög fái vegna taps, nái til 3 ára, en ég legg til, að ekki skuli miðað við nema 2 síðustu árin. Ég tel alveg nægilegt, að þetta verki einungis tvö ár aftur í tímann, enda er það léttara, þægilegra og skemmtilegra á allan hátt. Hin brtt. fjallar um það, að ég get ekki fallizt á það, sem hv. þm. V.-Ísf. minntist á, að farið sé að leyfa Reykvíkingum hærri persónufrádrátt en öðrum landsmönnum. Þetta nær ekki nokkurri átt. Ég skal fúslega viðurkenna, að hér er e. t. v. dýrara að lifa en annarsstaðar á landinu, því hér eru aðrar lífsþarfir, en það sýnir sig, að þrátt fyrir það er sótzt eftir að flytjast hingað. Og að fara svo að veita mönnum fyrir slíkt ívilnun í skatti, það nær ekki nokkurri einustu átt. Ég hefi því komið fram með brtt. um það, að frádrátturinn sé jafn hjá öllum landsmönum, hvar sem þeir nú eru búsettir á landinu, og eins og hann var í l. frá 1921. Það hefir sýnt sig, að þessi frádráttur er nægilegur til þess að lifa af og framfæra fjölskyldu á úti um sveitir landsins, og er þá ekki ástæða til að vera að hækka hann. Þó gæti það komið til mála, ef einhverjum þætti ég fara þarna of langt niður, að ég gæti gengið að því að hækka persónufrádráttinn fyrir alla jafnt, en alls ekki með því móti, að einstaklingum í einu lögsagnarumdæmi sé veitt leyfi til þess að hafa meiri frádrátt en öðrum (**ÁÁ:** Hvað kostar mjólkurlítrinn í sveitinni?) 25 aura. (**ÁÁ:** Og hér í Rvík?) 40 aura, en hann er enn dýrari sumstaðar annarsstaðar á landinu. Hér er líka kaupgjaldið 1,35 kr. pr. kl.stund. En hvð reynist, þegar farið er að reikna út kaup bóndans? Í sveitunum hafa menn bæði lengri vinnutíma og lægra kaup. Af þessum ástæðum hefi ég borið þessar brtt. fram. Vona ég, að menn sjái, að við eigum ekki hér á Alþ. að stuðla að því, að gefa einstökum mönnum og einstökum landshlutum sérréttindi, en það er gert með því að hafa frádráttinn misjafnan.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Það hafa nú verið fluttar hér svo langar og margar ræður um þetta mál, að mér virðist ekki miklu á bætandi, enda efa ég, að það séu margir af þeim, sem á hlýða, sem fylgjast sæmilega með aðalefni þeirra umræðna, sem hér hafa farið fram.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. taldi, að ég hefði farið rangt með, þegar ég bar honum það á brýn, að hann hefði talað hér um, að tvær stefnur lægju fyrir, sú, að leggja aðaláherzluna á að spara, og þar með að létta sköttum af þjóðinni, og hin leiðin væri, að leggja höfuðáherzluna á að láta ekki þá, sem njóta góðs af fyrirmælum fjárl., fara varhluta af þeim friðindum, sem þeim þar eru ætluð. Ég hygg, að ég hafi farið rétt með, og ekki á nokkurn hátt rangfært orð og ummæli hans, gert honum getsakir eða verið með illkvittni í hans garð, og ekki heldur lagt annað í hans orð en þau gáfu tilefni til.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að hann hefði ekki orðið þess var af sjálfstæðismönnum í fjhn. að þeir hefðu borið fram neinar till. um lækkun á útgjöldum ríkisins. Þess er ekki heldur að vænta. Við, sem erum í fjhn., eigum að taka ákvarðanir um þær hækkanir eða lækkanir á sköttum, sem fyrir n. koma, og við verðum að una því leiðinlega hlutskipti, að það er okkar aðalverkefni að segja já eða nei við nýjum tollum eða sköttum á þjóðina. Og við sjálf-

stæðismenn í fjhn. höfum sýnt nokkra og eðlilega tregðu við að samþ. nýjar álögur á þjóðina, af því að við teljum, að nú sé úr hófi gengið í þeim efnum, og af tvennu illu sé rétt að freista þess að gera niðurskurð á útgjöldunum. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri hlutverk Alþ. að afla ríkissjóði tekna. Þetta er rétt. Hann sagði samtímis, að það væri ekki hlutverk okkar hér á Alþ. að afla bæjarsjóðum tekna. Þetta er ef til vill rétt líka. En það er a. m. k. okkar hlutverk hér á Alþ., að reyna að haga tekjuöflun til ríkissjóðs á þann veg, að við ekki þar með brjótum niður þá möguleika, sem bæjar- og sveitarfélög ættu að hafa til þess að afla bæjar- og sveitarsjóðum tekna. En ég tel, að með slíkri beitingu beinna skatta sem hér er farið fram á, sé þetta gert.

Til andmæla orðum, sem ég lét falla í sambandi við breyt. á fyrirmælum l., um skattstiga hlutafélaga, sagði frsm. meiri hl., að hann teldi það enga goðgá, þó að smærri hlutafélög nytu fríðinda af fyrirmælum þessa frv., til jafns við þau stærri. Það tel ég ekki heldur, en það er ekki það, sem um er að ræða, heldur hitt, að rökrétt hugsun hefir verið brotin með því að láta smærri hlutafélög hafa hlutfallslega betri aðstöðu gegn ríkissjóði sem skattþegna heldur en hin stærri. Það er þetta, sem deilan stendur um. Að öðru leyti tel ég mig svo ekki hafa sérstakt tilefni til þess að andmæla því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, umfram það, sem ég gerði í minni fyrstu ræðu hér í dag.

Hæstv. fjmrh. fann hjá sér ástæðu til þess að reyna að hnekkja ummælum mínum, sem fram komu í sambandi við þær tvær höfuðstefnur í fjármálum, sem hér er talað um, þá stefnu, að knýja fram sparnað annarsvegar, og hins vegar að hlífa ekki gjaldþegninum, en hlífa þeim, sem njóta hlunninda samkv. útgjaldaliðum fjárl. Í því sambandi sagði fjmrh., að Sjálfstfl. hefði engan veginn séð sér fært að leggja fyrir þingið aðgengilegra fjárlfrv. heldur en hann hefði gert, og einkum af því, að Sjálfstfl. hefði flutt hér frv., sem næmi kr. 900000 tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, ef að l. yrði. Það er að vísu rétt, að ef þær till. ná fram að ganga, sem Sjálfstfl. hefir flutt hér til viðreisnar sjávarútveginum, þá varðar það allverulegri tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. En með því er ekki sagt, að Sjálfstfl. hefði ekki, ef hann hefði átt að bera ábyrgð á fjárl., séð sér fært að leggja fram aðgengilegra fjárlfrv. en hæstv. fjmrh. hefir gert. Það er af því, að Sjálfstfl. er sér meðvitandi þeirrar ábyrgðar, sem á hverjum tíma hvílir á stjórnarflokkum, um að hika ekki við að taka á sig eðlilegar óvinsældir af ráðstöfunum, sem gera verður og sá flokkur á að taka á sig, sem á hverjum tíma fer með völdin í landinu. Ég gæti vel bent á ýmsar sparnaðartill. viðvíkjandi fjárl., sem sjálfstæðismenn væru reiðubúnir að taka á sig óvinsældir af, ef þeir bæru ábyrgðina á fjárl. og gætu ráðið. En það er ekki hlutverk þess flokks, sem er í andstöðu við stj. og engu ræður á Alþ., að bera slíkar till. fram, sem eingöngu mundu skapa honum óvinsældir, en svo væri aftur á móti engin von um, að skynsamlegar niðurfærslutill. næðu fram að ganga. Þessi skylda hvílir á hverjum tíma á valdhöfunum og hvílir þess vegna nú á fjmrh., sem í fjármálum á að vera í fararbroddi fyrir þeim þingmeirihluta, sem stendur að baki ríkisstjórninni að þessu sinni.

Hæstv. fjmrh. sagði, að hér væri um tvær leiðir að ræða, sem sé, hvort ætti að leggja tolla á nauðsynjar almennings, eða hinsvegar að halda áfram á þeirri braut, sem haldið hefir verið inn á, eða m. ö. o. óeðlilega misbeitingu beinna skatta. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh. Það, sem um er að ræða, er hvort heldur beri að leggja skyldurnar af tollaálagningu og innheimtu á ríkissjóð, sem stendur bezt að vígi, eða á bæjarsjóði og sveitarsjóði. Um það ber raun vitni, að sú beiting beinna skatta, sem þegar fer fram samkv. l., er svo gífurleg og afleiðingarík, að sveitarfélögin neyðast inn á þá braut að beita tollum. Ef nú á að tvöfalda tekju- og eignarskattinn, þá leiðir af því, að sveitarfélög neyðast til þess að ganga lengra inn á þá braut, að beita tollum, eins og þegar hefir verið gert að undanförnu. Spurningin er frá mínu sjónarmiði eingöngu um það, hvor aðilinn sé bærari um að beita tollum, ríkisvaldið eða bæjar- og sveitarfélög. Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að það er eðlilegra, að ríkissjóður taki á sig þessa skyldu og þá annmarka, sem henni fylgja, vegna þess, að hann stendur betur að vígi í þeim efnum heldur en sveitar- og bæjarsjóðir. Og það hlægir mig að heyra hæstv. fjmrh. segja, að sveitar- og bæjarfélög standi ekki verr að vígi um að innheimta útsvör, þó að beinir skattar séu nú tvöfaldaðir. Hann, sem sjálfur hefir verið formaður í niðurjöfnunarn. Rvíkur, þar sem hann telur, að aðstaðan til þess að innheimta útsvör sé betri en annarsstaðar og samt sem áður hefir fyrstur manna lagt inn á þá braut, að leggja svokallað umsetningargjald til grundvallar fyrir útsvarsálagningu skattborgaranna, en umsetningargjaldið er ekkert annað en útflutningstollar og innflutningsgjöld af framleiðslu og neyzluvörum almennings.

Ég skal fúslega játa það, að sú brtt., sem ég og hv. 1. þm. Reykv. flytjum um það, að bæjar- og sveitarfélög fái helminginn af þessu gjaldi, hún er samningsgrundvöllur, sem við erum reiðubúnir til þess að ræða um, og ef samningar nást á þessum grundvelli, þá mun ekki standa á okkur að gera sanngjarna lækkun á hluta bæjar- og sveitarsjóða af þeim tekjum, sem aflað er með þessum stofni. En frá hinu vikjum við ekki, að við álítum alveg óverjandi að ganga svo frá þessari löggjöf, að bæjar- og sveitarsjóðum séu engar tekjur ætlaðar af þessum gjaldstofni. Og mér þykir það hljóma undarlega, þegar hæstv. ráðh. segir, að það komi ekki til mála á meðan ekki séu tilskildar ríkissjóði til handa meiri tekjur af þessum gjaldstofni en gert sé með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að ætla bæjar- og sveitarsjóðum tekjur af honum. Og þó er það upplýst, að hér er krafið ríkissjóði til handa allt að 120% meira en nágrannaþjóðir vorar gera, sem

þó hafa við miklu betri efni að búa en ísl. ríkið og ísl. skattborgarar.

Allur útreikningur hæstv. fjmrh. er skakkur og allar tölur hans rangar, alveg af sömu ástæðu og hjá hv. frsm. meiri hl., en ástæðan er auðvitað sú, að þeir miða samanburðinn við bráðabirgðaákvæði, sem gerð hafa verið gegn yfirlýstum vilja meiri hl. Alþ. Það er vitanlegt, að menn gengu nauðugir að þeirri álagningu og eingöngu um stundarsakir.

Ég skal viðurkenna, að sumt af því, sem hæstv. fjmrh. sagði í sambandi við 6. brtt. n. við 11. gr. frv., á við rök að styðjast. Það er vitanlega misrétti, sem skapast þar. Ræðu hans hefir verið vel svarað hvað þetta snertir, af öðrum hv. þm., þ. á m. hv. þm. V.-Ísf., og ég vil því aðeins bæta því við hér, að ef það vakir fyrir hæstv. fjmrh. að ráða bót á þessu misrétti, þá er frá mínu sjónarmiði til ein þráðbein leið til þess, og hún er sú, að láta þessa reikninga vera algerlega aðskilda frá varasjóðum, og án áhrifa af því, hvort varasjóður er til eða ekki, og heimila skattþegninum að færa á sérstakan reikning á hverjum tíma þá upphæð, sem hér um ræðir, það tap, sem hann kann að hafa haft, og þar komi til frádráttar, án tillits til varasjóðs og gróða, sem hann síðar kann að hafa. Ef þessi leið er farin, þá er þessi agnúi, sem hann réttilega benti á í sinni ræðu, algerlega afnuminn.

Hitt er rangt hjá hæstv. ráðh., að á Íslandi sé það viðunanlegt hvað þá heldur ákjósanlegt, að tekjuskattur byggist á því, að menn skili tekjuskatti til ríkissjóðs árlega og eingöngu út frá því, hvernig sú ársafkoma hefir verið. Það hefir verið sýnt fram á það hér á Alþ., að það er nauðsynlegt, ef ísl. skattalöggjöf á að vera sambærileg við skattalöggjöf annara ríkja, að færa megi til milli ára, vegna þess að atvinnuárferði hér er óvenjulega misjafnt og með öðrum hætti en gerist í nágrannalöndunum.

Hv. 1. landsk. fann til þess, að hann þyrfti að gera einhverja afsökun fyrir hönd Alþýðufl. í þessu máli. Mér fannst honum fara það illa úr hendi. Ræða hans bar vott um það, að honum er það ljóst sem skattborgara í Rvík og meðlimi í bæjarráði og bæjarstj. Rvíkur, að hér er of langt gengið á rétt bæjarins af hendi ríkissjóðs og með því skertir tekjuöflunarmöguleikar þessa bæjar og annara bæjar- og sveitarfélaga. Ræða hans var frá mínu sjónarmiði gleðilegur vottur þess, að honum er þetta ljóst, og ég á enga aðra ósk fram að bera hans vegna en að hann taki afleiðingunum af þeirri skoðun, sem lá til grundvallar fyrir ræðu hans.

Að öðru leyti sé ég svo ekki ástæðu til þess að gera aths. við einstakar firrur, sem ég tel, að fram hafi komið í ræðum andstæðinga minna í sambandi við þetta mál. Ég lagði mína skoðun fram, skýrt og greinilega, í frumræðu minni, og hefi gert aths. við veigamestu missagnir andstæðinga minna, en hitt væri svo ótæmandi verkefni ef maður ætti að leiðrétta til þrautar einstök atriði, sem fram hafa komið. Þetta mál er að mörgu leyti flókið, og það er tæplega hægt að búast við því, að hv. þdm. skapi sér afstöðu til málsins með því einu að hlusta á umr., ef þeir ekki hafa lagt þá vinnu fram við athugun málsins í einrúmi, sem nauðsynleg er til þess að öðlast á því fullan skilning. Og þeim mun síður er ástæða til þess að flytja hér langar hrókaræður um málið, þar sem margir hv. þdm. hafa verið og eru fjarverandi. Ég ætla því að láta þessar aths. nægja og treysta því að menn reyni, eftir því sem þeir hafa tíma til, að grandskoða þetta mál í einrúmi, með þeirri athugun, sem menn hafa betri aðstöðu til þess að gefa því, við lestur og samanburð á frv. og gildandi l., annarsstaðar en hér.

Fram kom brtt. á þskj. 386. Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Hannes Jónsson:** Brtt., sem ég ber fram hér á þskj. 359, fara í mjög svipaða átt að nokkru leyti eins og brtt. frá hv. 2. þm. N.-M., og eru um persónufrádráttinn. Ég geri hann jafnan alstaðar á landinu og tek aðeins þann frádrátt, sem gert er ráð fyrir í frv. sjálfu, að eigi að gilda fyrir Rvík. Ég gæti vel gengið inn á það, að einhver önnur tala ætti að gilda, en hefi tekið töluna, sem í frv. er gert ráð fyrir, að gildi fyrir Rvík. Því hefir verið haldið fram, að frádrátturinn ætti ekki að vera miklu hærri hér í Rvík en annarsstaðar. Þegar hv. 2. þm. N.-M. var að mæla fyrir þessari skoðun sinni, þá var gripið fram í fyrir honum og hann var spurður um mjólkurverðið hér í Rvík. En ég vil nú aftur spyrja um, hvað mjólkurverðið sé t. d. í Hafnarfirði og á Ísafirði o. fl. stöðum. Það er ekki lægra á þessum stöðum en í Rvík. En vitanlega getur ekki persónufrádrátturinn farið eftir því, hve mjólkurverðið er hátt á hverjum stað. (ÁÁ: Hver er húsaleigan í Rvík?) Þá verð ég að spyrja hv. þm. V.-Ísf. um það, hver þau þægindi séu, sem þeir, sem hér búa, njóta fram yfir aðra, fyrir að borga hærri húsaleigu en aðrir. Þau eru mikil. Þá er sagt, að þeir sem búi í lélegum kofum úti um sveitir landsins, þeir komist ódýrara af, og þess beri að taka tillit til, þegar um persónufrádráttinn er að ræða. (**Fjmrh:** Það eru til lélegir kofar í Rvík.). Nei, þeir eru ekki til hér í Rvík, og þess vegna er ekki um samanburð að ræða. Svo eru það margskonar önnur þægindi, sem þeir menn hljóta, sem hér búa, fram yfir þá, sem búa úti um byggðir landsins, og þó að af þeim ástæðum verði dýrara að lifa í Rvík, þá á ekki að nota það til þess að hækka persónufrádráttinn. Því að þeir, sem ekki hafa þau þægindi, sem hér eru á boðstólum, verða að hafa eitthvað í staðinn, og þá virðist ekkert óeðlilegt, að þeir hafi þá heldur meiri afgang í sambandi við persónufrádráttinn. Þetta á við a- og b-lið frv.

En svo er það c-liður frv. Þar er talað um frádrátt vegna barna og skylduómaga. Í till. minni reyni ég að færa þetta meira út, og að frádráttur verði leyfður vegna annara skyldmenna, sem eru á framfæri hjá ættingjum sínum. Það er alveg fráleitt að leyfa ekki slíkan frádrátt, ef t. d. systkini framfæra hvert annað eða nánustu vandamenn, því að með því móti

er því opinbera, sveitar- og bæjarfélögunum hlíft við útgjöldum, sem þau annars mundu hafa af því að sjá um framfærslu þessa fólks. Mér virðist fyllsta ástæða til þess að taka þetta til greina og viðurkenna rétt þessara manna, með því að bæta þessu inn í frv. og gera þessa ómaga jafnréttháa skylduómögum. Þetta er það, sem ég vildi segja um brtt. minar, en af því að tími er naumur nú og tækifæri gefst til þess við 3.umr. málsins að ræða einstök atriði frv. nánar, þegar maður hefir séð, hver verða afdrif þeirra brtt., sem nú liggja fyrir, sem margar hverjar hafa mjög mikil áhrif á verkanir frv., þá get ég látið þetta duga í þetta sinn, en vil eindregið hvetja hv. þdm. til þess að greiða brtt. minum atkv., því að þær eru sanngjarnar.

**Emil Jónsson:** Það eru aðeins tvö atriði, sem mig langar til að minnast á í sambandi við þetta frv. Ég get lýst yfir því, að ég er yfirleitt samþ. frv. Í aðalatriðum fer það í þá átt, sem við Alþýðufl.menn viljum fara í skattamálum. Í frv er gert ráð fyrir, að skattur á lágtekjum fari lækkandi, en hækki á hátekjum. Þetta er til bóta. Og ennfremur sú hækkun á persónufrádrætti, sem gert er ráð fyrir, þetta er í beinu samræmi við stefnu Alþ.fl., sem heldur því fram, að þurftarlaun manna eigi að vera skattfrjáls. Minni hl. allshn. heldur því fram í nál. sínu, að með frv. þessu sé verið að leika loddaraleik, það sé verið að gera bæjar- og sveitarfélögum ómögulegt að innheimta tekjur sínar og yfirleitt sé verið að neyða þau til að fara inn á braut óbeinna skatta eða tolla. Það hefir verið vísað til Akureyrar og Vestmannaeyja í þessu sambandi. Ég vil taka fram, að í þessu felst engin stefnubreyt. hjá okkur Alþýðufl.-mönnum, því að við erum ekki í meiri hl. í þessum bæjarstj. Það eru aðrir, sem þar ráða. Það er því ekki um neitt ósamræmi að ræða hjá okkur, er gefi tilefni til þess að kalla þetta loddaraleik.

Það hefir verið og er okkar stefna, að þurftarlaun eða þurftartekjur bæri að undanþiggja skatti. En hitt, sem fram yfir er, ætti að skattleggja hærra, það er sú eðlilega tekjuöflunarleið, því þá borga þeir, sem geta. Þau tvö atriði, sem mig langar til að minnast á sérstaklega, eru þurftarlaunin, og hvort bæjarfélögunum sé stefnt í voða með því að líkur séu til, að þau nái ekki inn nauðsynlegum tekjum.

Um fyrra atriðið er það að segja, að ég hefði kosið, að persónufrádrátturinn hefði verið hærri en gert er ráð fyrir í frv. þessu, og að honum hefði verið hagað á nokkuð annan hátt. Frv. þetta virðist vera sniðið eftir frv. því, sem núv. hæstv. atvmrh. flutti á þingi 1930 og var árangur af starfi hans í mþn. í skattamálum. Þetta frv. fer svo nærri hvað snertir skattaálagningu á lágar tekjur, að segja má að fylgist að um skattstigann upp að 14. þús. kr. tekjum. En í frv. hæstv. atvmrh. var gert ráð fyrir hærri persónufrádrætti. Í Reykjavík 1200 kr. fyrir einstakling, í öðrum kaupstöðum 1000 kr. og í sveitum 800 kr., en fyrir hjón í Rvík 2200 kr., í öðrum kaupstöðum 1800 kr. og í sveitum 1500 kr. Þetta kann sumum að finnast nokkuð hátt, ég skal ekki um það segja, en ég get ekki fallizt á, að þurftarlaun séu ekki hærri en það, sem gert er ráð fyrir í frv. Mér finnst það ekki sómasamlegt, að frádráttur fyrir einstaklinga sé í Rvík kr. 800 og kr. 600 annarsstaðar á landinu og fyrir hjón í Rvik kr. 1500 og kr. 1200 annarsstaðar, en frádráttur fyrir börn kr. 500 alstaðar jafnt. Mér þykir fyrst og fremst gerður of lítill munur á Rvík annarsvegar og öðrum kaupstöðum og sveitum hinsvegar. Það er ómótmælanlega rétt, að dýrtíðin er mismunandi í landinu, mest í Rvík, minni í öðrum kaupstöðum og minnst í sveitunum. Mér finnst því allt mæla með því, að persónufrádrættinum sé mismunað eftir þessum þremur stigum. Hv. 2. þm. N.-M. hélt því fram, að það væri að vísu dýrara að lifa í Rvík, en þar fengju menn hærri laun fyrir sína vinnu og nytu meiri þæginda, og vildi hann réttlæta með því, að persónufrádrátturinn væri eins um allt land. Ég vil fullyrða, að sömu þægindi séu keypt mismunandi verði, svo að þetta getur ekki staðizt, því að ef dýrara er að lifa í einum stað, en persónufrádrátturinn er hinn sami, þá er greiddur hærri skattur af raunverulega sömu tekjum, þegar dregið er frá sem nauðþurftartekjur sama upphæð án tillits til mismunandi dýrtíðar. Hv. þm. V.-Húnv. vildi rökstyðja þetta sama með því, að menn nytu hér meiri þæginda en fólkið í sveitinni, og að hærri framfærslukostnaður hér lægi í því, að hér hefði fólkið meiri þægindi. Ég vil leyfa mér að fullyrða, að sömu þægindi eru keypt mismunandi dýru verði hér og annarsstaðar á landinu, svo að frádráttar mismunur er réttlátur. Ég skal t. d. benda á, að húsaleiga er mjög misjöfn, dýrust í Rvik, ódýrari í öðrum kaupstöðum og þorpum og ódýrust í sveit. Ýmsar aðrar nauðsynjar eru með mismunandi verði, t. d. mjólkin, sem hv. þm. minntist á, það er alveg rétt, að sama verð er í Rvík og Hafnarfirði, en ódýrara annarsstaðar á landinu, og þó ódýrast í sveitum. Og þess eru mörg dæmi, að sami hluturinn er seldur mismunandi verði á þessum þremur stöðum. Mér finnst því öll sanngirni mæla með því, að frádráttur, bæði fyrir hjón og einstaklinga, sé mismunandi á þessum þremur stöðum. Hvort hann er hafður eins og gert var ráð fyrir í frv. Haralds Guðmundssonar 1930 eða farinn verður einhver millivegur milli þess og frv. hæstv. fjmrh. geri ég ekki að kappsmáli. Grundvallaratriðið er, að þurftartekjur séu ekki skattaðar, en það, sem er yfir visst lágmark sé skattað þeim mun meira, því það á að taka skattinn hjá þeim, sem geta borgað, en ekki gera mönnum dýrara en þarf að lifa fábrotnu lífi við einföldustu lífnaðarhætti. En það virðist mér vera gert með frv. hæstv. fjmrh. Það er enginn efi á því, að með 800 kr. tekjur mun fullerfitt að draga fram lífið hér í Rvík.

Ég mun ekki koma fram með brtt. nú, en geri það við 3. umr. Ég tel, að þetta mætti færa til betri vegar, án þess að skerða þennan tekjustofn ríkissjóðs til muna.

Hitt atriðið, sem minnzt hefir verið á hér,

að gjaldþol bæjanna væri rýrt með frv. þessu og stæði voði af, hefir verið tekið rækilega til meðferðar af hæstv. fjmrh. og hv. þm. V.-Ísf. Það hefir verið sýnt fram á það, að í rauninni skerðir öll tekjuöflun ríkisins gjaldþol bæjarfélaganna eða rýrir þær tekjur, sem þau geta lagt á, og torveldar innheimtu þeirra. Ég álít, að þessi aðferð, álagning tekjuskatts, sé engu óheppilegri né komi harðara niður en t. d. tollaálagningar. Þessi lög hafa þá afleiðingu, að það eru efnaðri mennirnir, sem greiða mest, og það er réttlátt. Það er annað mál, að bæjarfélögunum verður að hjálpa á einhvern hátt. Kemur þá tvennt til greina. Annað er að sjá fyrir nýjum tekjustofnum, eins og ein brtt. fer fram á, sem komin er fram við þetta frv. um að helmingur tekjuskatts renni til bæjanna. Hitt er að létta af bæjar- og sveitarfélögum þeirri gjaldabyrði, sem á þeim hvílir nú að einhverju leyti.

Við hv. 6. landsk. þm. höfum flutt frv. um framfærslulög, sem, ef að lögum verða, mun létta undir með bæjar- og sveitarfélögum hvað snertir fátækraframfæri og kemur þeim gjaldalið á fastari grundvöll. Mér finnst að mörgu leyti betur farið, að bæjarfélögin fengju að losna við þau útgjöld til nokkurra muna, heldur en ef þeim væru skaffaðir nýir tekjustofnar af þessu tægi. Það má kannske segja, að komi í sama stað niður, hvort tekjurnar eru hækkaðar eða gjöldin lækkuð. En ég hallast heldur að þeirri tilhögun, að bæjunum sé bjargað úr því öngþveiti, sem þeir eru nú í með fátækraframfærið, eins og reyndar einnig mörg sveitarfélög landsins.

Í trausti þess, að bæjarfélögunum verði hjálpað, m. a. með því, að frv. okkar um framfærslu nái fram að ganga, mun ég greiða atkv. móti brtt. þeirri, sem fram er komin um, að nokkur hluti tekjuskattsins renni beint í bæjarsjóði, þó að það sé æskilegt, ef unnt væri að hækka tekjur bæjarfél. En ég sé ekki fært að skerða þessar tekjur ríkissjóðs, nema séð sé, hvort ríkissjóður getur komizt af án þeirra. — Annars er önnur leið, sem ég get bent á, að mætti fara, til leiðbeiningar hv. flm. brtt., og hún er sú, að samþ. í lögum þessum eitthvað svipað ákvæði og var í síðustu gr. frv. þess, er Haraldur Guðmundsson flutti 1930, þar sem heimilað var að leggja á viðbótarskatt allt að 50%, er rynni í bæjarsjóðina. Þó að þetta frv., er hér liggur fyrir, þræði það frv. að miklu leyti, þá er þó sleppt þessari síðustu gr. og tel ég það verr farið.

Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa till. úr frv. frá 1930, sem þá kom til álita, en gæti eins vel átt við nú. Hún hljóðar svo: „Heimilt er sveitar- og bæjarstjórnum, meðan Alþingi hefir ekki sett lög um almannatryggingar eða á annan hátt létt að verulegum mun af héruðum kostnaði við fátækraframfærslu, að hækka skattgjald það, sem um ræðir í 6. gr., um 50% í umdæmum sínum. Skal innheimta viðbótarskatt þennan samtímis skattgjaldinu til ríkissjóðs og af sömu mönnum, og rennur hann allur til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs. Jafnframt rennur þá og til sömu sjóða ⅓ skattgjaldsins samkv. 15. gr. úr hlutaðeigandi héruðum“. Þetta atriði, að hækka skattinn að nokkrum hluta, sem rynni svo til bæjar- og sveitarsjóða, gæti vel komið til álita. Það gæti verið heppilegt að binda hluta af útsvörunum á þennan hátt, og ég gæti fallizt á, að farið væri inn á þessa braut, ef létta þyrfti á framfærslukostnaði bæjar- og sveitarfélaga að einhverju leyti. Tel ég, að þessi leið sé betri en sú, sem farið er fram á í brtt. 308. Ríkissjóður fengi þá það, sem honum ber, en bæjar- og sveitarsjóðir fengju heimild til að taka sinn hlut á þennan hátt. Hitt, að taka af ríkisjóði þann möguleika, sem hann hefir þarna til að jafna sinn status, er ekki fært nema benda á aðrar fjáraflaleiðir í staðinn handa ríkissjóði. E. t. v. mætti segja, að hér væri gengið nokkuð langt, en útsvörin ættu þá að geta orðið nokkru lægri, og mér virðist þetta atriði vel þess vert, að það væri athugað nánar. Það eru sjálfsagt ýms atriði, sem til greina gæti komið að athuga betur, en ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í það nú.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég þarf ekki að vera langorður. Um það hefir aðallega verið deilt í sambandi við þetta frv., hvort með því væri gengið á rétt bæjar- og sveitarfélaga til að afla tekna. Minni hl. heldur því fram, að frv. gangi of langt í þessu efni og hljóti að skerða um of álagningarmöguleika sveitar- og bæjarfélaga. Um þetta atriði hafa nú þegar komið fram svo greinileg rök bæði frá stj. og frá hv. þm. V.-Ísf., hv. þm. Hafnf. og hv. 2. þm. N.-M., að ég sé ekki ástæðu til að fara út í það frekar. Ég sé ekki heldur ástæðu til að fara út í önnur atriði, sem hér hafa verið þrautrædd, enda eru nú fæstir þeirra mættir, sem tekið hafa þátt í þeim umr. En ég vildi með fáum orðum víkja að tveimur brtt., sem hér liggja fyrir. Önnur er á þskj. 386, frá hv. 7. landsk. Ég get sagt það strax, að ég mæli með því, að sú brtt. verði samþ., því að ég tel, að sú aðferð, sem þar greinir, um mat á búpeningi, sé hentugri en það, sem frv. gerir ráð fyrir um þetta atriði, enda er þessu hagað svo, þar sem bezt lag er á framtali. En um brtt. á þskj. 359 er það að segja, að ég legg á móti því, að hún verði samþ., og get ég að mestu vísað til þeirra raka, sem ég færði gegn brtt. hv. 2. þm. N.-M., sem gengur í svipaða átt, þ. e. a. s. að gera engan mun á persónufrádrætti í Rvík og annarsstaðar. Ég get bætt því við þau rök, sem þegar eru komin fram, að það gefur að skilja, að það er ávallt ódýrara að lifa á þeim stöðum, þar sem fjölbreytt matvælaframleiðsla fer fram. Þar sem svo hagar til, fást matvælin með lægra verði heldur en þar, sem greiða verður fyrir þau til viðbótar flutningskostnað, verzl.ágóða o. s. frv. Þessi mismunur á verði matvælanna kemur því greinilegar fram sem um stærri kaupstaði er að ræða, og er því full ástæða til að gera mun á Rvík og öðrum stöðum á landinu í þessu efni. Hér er minna um matarframleiðslu en annarsstaðar, og verða menn því að kaupa allar matvörur með álögðum kostnaði. Það liggur í augum uppi, að það hlýtur alltaf að verða dýrara

að lifa í stórum kaupstað heldur en þar, sem menn geta framleitt matvæli handa sjálfum sér að meira eða minna leyti. Það er kunnugt, að landverð er hærra hér en annarsstaðar, sömuleiðis byggingakostnaður, og kemur það fram í hærri húsaleigu. Menn verða yfirleitt að kaupa bæði neyzluvörur og lífsþægindi hærra verði hér en annarsstaðar, og stuðlar þetta allt að því að gera mismuninn á framfærslukostnaðinum hér og annarsstaðar eðlilegan. Viðvíkjandi c-lið till. mætti segja, að nokkur sanngirni mælti með því að samþ. hann, en hann ræðir um persónufrádrátt fyrir ættingja og vandamenn. En í skattalögunum er litið svo á, að það, sem þannig er látið af hendi án þess að bein skylda komi til, verði að teljast gjafir, en gjafir koma ekki til frádráttar. Það er að vísu rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að þessi framlög eru sérstaks eðlis og geta létt gjöldum af hinu opinbera. En ef útfæra ætti frádrátt eftir þessu, mundi ekki nægja, að aðeins vandamenn kæmu þar til greina, heldur yrði það að ná til allra, sem heimilisfaðir hefir á framfæri sínu, hvort sem venzlamenn ættu í hlut eða vandalaust fólk. En það er sérstaklega eitt, sem mælir á móti þessari till., auk þess sem það fer í bága við almennar reglur skattlaganna, og það er það, að þar sem mannmargt er, eins og t. d. hér í Rvík, yrði erfitt og jafnvel ókleift að hafa eftirlit með framtölum manna í þessum atriðum. Það er kunnugt, að menn eru hneigðir til að telja fleiri á framfæri sínu en raunverulega er, og það getur jafnvel orðið tafsamt að skera úr, hvort börn eru rétt fram talin, hvað þá ef við bættust ættingjar og vandamenn, sem ganga þyrfti úr skugga um, hvort raunverulega væru á framfæri heimilisföður. Þetta yrði kannske ekki miklum erfiðleikum bundið í fámenni, en í stórum bæjum, og þá ekki sízt hér í Rvík, yrði það erfitt, ef ekki ókleift með öllu. Ég verð því að leggja til, að þessi till. verði ekki samþ., þó að hægt sé að færa fyrir henni ýms rök. Læt ég þetta svo nægja að sinni.

**Jón Sigurðsson:** Ég á eina litla brtt. á þskj. 386, sem hæstv. fjmrh. hefir minnzt á, og hefir hann tjáð sig aðhyllast hana. En ég tel mér skylt að gera grein fyrir henni til skilningsauka þeim, sem e. t. v. eru ekki þessu atriði svo kunnugir sem skyldi.

Eins og þetta atriði er orðað í frv. stj. má með fullum rétti segja, að það sé óframkvæmanlegt. Hv. fjhn. hefir skotizt yfir þetta og sömuleiðis hæstv. fjmrh., enda mun hann ekki eins kunnugur framkvæmd þessara laga í sveitum eins og hér í Rvík, svo sem eðlilegt er. Það stendur hér í frv., að búpening skuli verðleggja eftir gildandi verðlagsskrám. En þegar athugað er hvenær slíkar skrár eru samdar, kemur í ljós, að matið yrði að byggjast á tveggja ára gömlu verðlagi, og er augljóst, að slíkt getur alls ekki gengið, þar sem talsverðar verðlagsbreyt. geta átt sér stað á þeim tíma. Þá er og á það að líta, að sú verðlagsskrá, sem fara ber eftir, tilgreinir ekki nema örfátt af því, sem um er að ræða. Þar er aðeins tilgreindur fullorðinn peningur, kýr, hestar, hryssur og ær, en ekki gemlingar, tryppi, kálfar og annað ungviði, auk margs annars. Skattanefnd væri því jafnnær, þó að vísað væri á þetta ákvæði. Matið hlyti að verða af handahófi og sitt verðlagið í hverjum hreppi. Ég legg til, að yfirskattan. verði lögð sú skylda á herðar að leita tillagna undirskattan. í sínu umdæmi og taki svo meðaltal af verðlaginu, sem gildi fyrir skattumdæmið eins og gert er við samningu verðlagsskránna. Þessi aðferð er nú þegar upp tekin í allmörgum sýslum, t. d. í Skagafjarðarsýslu, og hefir gefizt vel. Tel ég því, að hyggilegt væri að breyta ákvæði frv. í þessa átt. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta atriði. Hæstv. fjmrh. telur, að þessi breyt. miði til bóta, og er því þess að vænta, að till. mín verði samþ. En úr því að ég stóð upp, vildi ég með fáum orðum minnast á brtt. hv. þm. V.-Húnv. á þskj. 395. Mér virðist full sanngirni mæla með henni, sérstaklega síðari hluta hennar. Ég hefi nokkrum sinnum rekið mig á það hróplega ranglæti, að foreldrar fá frádrátt fyrir unglinga um eða yfir fermingaraldur, en hinsvegar ekki fyrir karlæg gamalmenni, nákomin bónda og að öllu leyti upp á hans hjálp komin. Það er ekki ótítt, að skattgreiðendur taki slíka vandamenn að sér og ali önn fyrir þeim að öllu leyti og bjargi þannig sveitarfélaginu frá stórkostlegum útgjöldum. Virðist mér bæði sanngjarnt og sjálfsagt, að tillit sé tekið til þessa í ákvæðunum um persónufrádrátt.

Ég skal svo láta þetta nægja, en mun sýna afstöðu mína til annara brtt. við atkvgr. Vil ég að lokum vænta þess, að mín brtt. fái góðar undirtektir og verði samþ.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Ég bjóst við að heyra hv. þm. Hafnf. minnast á þá stefnu, sem kom fram hjá minni hl. fjhn., þó að hann vildi ekki taka að sér þá till. eða veita henni fylgi, því að það var augljóst, að hann taldi fulla sanngirni mæla með þeirri breyt, sem þar er farið inn á. Því til stuðnings vísaði hann til frv., sem núv. hæstv. atvmrh. bar fram á þinginu 1930, þar sem gefin var heimild til að hækka tekju- og eignarskatt um 50% til þarfa bæjar- og sveitarfélaga. Hv. þm. Hafnf. lét svo um mælt, að hann vildi gjarnan, að þessi leið yrði athuguð, svo að vel mætti hugsa sér, að um þetta næðist samkomulag. Ég vil vekja athygli á því, að minni hl. fjhn. hafði hugsað sér sína till. sem samningsgrundvöll, af því að meiri hl. n. þvertók fyrir að taka til athugunar þá aðferð, sem vakti fyrir minni hl. til þess að koma á þessum félagsskap milli sveitar- og bæjarsjóða annarsvegar og ríkissjóðs hinsvegar, um tekjuöflunina. Minni hl. sá ekki ástæðu til að svo stöddu að gera nánari grein fyrir því, hvernig hann hugsaði sér þessa skiptingu eðlilegasta og sanngjarnasta, heldur bar hann till. fram fyrst og fremst til að sýna, hvert hann stefndi. Ég teldi vel farið, ef samherjar hv. þm. Hafnf. vildu fara að hans dæmi og taka þetta atriði til yfirvegunar á ný. Það væri a. m. k. skaðlaust að samþ. till. við þessa umr., því að sá meiri hl., sem það gerði, sýndi aðeins þá afstöðu sína, að vilja fara inn á þessa

braut. Síðan er hægt að breyta þessu við 3. umr. eða fella niður aftur, ef ekki næst samkomulag. Ef hv. þm. Hafnf. hefir meint það, sem hann sagði, ætti hann að greiða atkv. með till. okkar, svo að hægt væri að taka hana til nánari athugunar. Ég get fyrir mitt leyti sagt, að ég hafði hugsað mér, að skiptingin milli sveitar- og bæjarsjóða og ríkissjóðs yrði á annan veg en hér er gert ráð fyrir, sem sé, að hlutdeild sveitar- og bæjarsjóða yrði því meiri sem þessi skattur væri hærri. Þetta er sá eini löglegi tekjustofn, sem sveitarfélögin hafa og er því rétt að vera vel á verði, að ekki sé gengið of nærri rétti þeirra. Og þess vegna teldi ég æskilegt, að því hærri sem skattarnir væru því meiri hlutdeild fengju bæjar- og sveitarfélögin. Hv. þm. Hafnf. var að vísa til frv., sem hæstv. núv. atvmrh. hefði borið fram fyrir nokkrum árum, um að heimila sveitarfél. að leggja á allt að 50% aukatekjuskatt. En þetta er ófullnægjandi. Ríkið getur farið svo hátt með skattalögur, að ómögulegt sé fyrir sveitarfél. að ná viðbótartekjum með beinum sköttum, en verði að ganga inn á tollaleiðina. Hv. stuðningsmenn stj. og þeir hv. þdm., sem tekið hafa frv. að sér, hafa haldið því fram, að það sé fjarstæða, sem við andstæðingarnir höfum staðhæft, að þar sé of nærri gengið sveitar- og bæjarfél. Um þetta hafa mörg vizkunnar orð fallið hjá hv. þm. V.-Ísf., sem virðist til þess kjörinn af stjórnarliðinu að finna púður í ýmsum málum. Hann hefir látið hér ljós sitt skína og sagt, að hvernig, sem gjöldin til ríkissjóðs séu tekin verði það til að skaða gjaldþol til bæjar- og sveitarfél. Þetta er alveg rétt og hefir verið viðurkennt og sannað af öllum flokkum, Sjálfstfl., Framsóknarfl. og Alþýðufl., og jafnvel fjmrh. sjálfum, að of nærri hafi verið gengið gjaldþoli skattþegnanna. Öll þau ár, sem hæstv. fjmrh. var skattstjóri hér í Rvík, sá hann sér ekki fært að jafna öllum gjöldunum niður á eignir og tekjur, heldur var tekinn nokkur hluti þeirra með svo köllu̇ðu rekstrargjaldi, sem lagt var á án nokkurs tillits til þess, hvernig atvinnan bar sig — jafnvel á tap og eignaleysi. Ég get t. d. nefnt dæmi, sem ekki verður mótmælt, að hér í bænum voru lagðar 16 þús. kr. á fyrirtæki, sem tapaði á árinu. Hvers vegna er þetta gert? Er það vegna þess, að það þyki sanngjarnara en leggja á eignir og tekjur? Nei. Það er vegna þess, að þeir, sem lögðu gjöldin á, hafa ekki treyst sér til að ná þeim inn með því að leggja þau öll á eignir og tekjur. Því samkv. kenningum hæstv. fjmrh. og hv. þm. Hafnf. og annara þeirra fylgjenda á að leggja gjöldin á eignir og tekjur, en ekki tap. Sú leið hefði því ekki verið farin, ef annars hefði verið kostur. Eða vilja þeir heldur, fyrst þeir ekki fylgja fram sínum eigin kenningum viðurkenna, að þær séu rangar. Hv. þm. Hafnf. sagði, að Alþýðufl. stæði ekki að þessu. Þetta hefir verið gert í Vestmannaeyjum, og nú sækir bæjarstj. Akureyrar til Alþ. um heimild til þess að fara sömu leið. Og a. m. k. á Akureyri hafa allir flokkar skrifað ágreiningslaust undir þessa beiðni. Hv. 6. landsk. lýsti á dögunum því öngþveiti, sem bæjarfélögin væru að komast í við að leggja á fyrir öllum þörfum, því að útgjöldin vaxa stöðugt. Hv. þm. Hafnf. sagði, að um fleiri leiðir gæti verið að ræða en veita bæjar- og sveitarfél. hlutdeild í ríkistekjunum, t. d. að létta af þeim nokkrum hluta af gjaldabyrðinni. Þetta gæti komið til mála, en það bólar ekkert á tilboðum í þá átt ennþá. Það verður því að tala um hlutina eins og þeir eru. Og þeir eru þannig, að bæjarfélögin hafa engin ráð með að skaffa sér þá tekjustofna, sem þeim eru nauðsynlegir, nema leita til þess aðstoðar Alþ. En þetta frv. og hæstv. ríkisstj. stefna að því að láta bæjar- og sveitarfélögin eiga sig og sjá fyrir sér sjálf. Hæstv. fjmrh. og hans fylgjendur segja, að enn séu eftir svo og svo mörg % af þeim gjaldstofnum, sem notaðir hafa verið og því sé hægt að nota þá áfram. En í verkinu viðurkenna þeir, að ekki sé hægt að leggja á allar þarfirnar. Það hefir verið sagt, að hér í Rvík væru útsvörin tiltölulega lægri en víða annarsstaðar, miðað við eignir og tekjur. En þetta er í raun og veru rangt, því mikið af útsvörunum er tekið eftir öðrum leiðum, t. d. með rekstrargjaldi. Ég tók svo eftir hjá hv. frsm., að hann segði, að í Danmörku væri tekjuskattur af lágum tekjum hærri en hér í Rvík. Hinsvegar er það upplýst í nál. minni hl., að gjöld til ríkis og sveitarfélaga samanlagt eru 120% hærri hér í Rvík en í Kaupmannahöfn. Hvað kemur svo í ljós við þennan samanburð: Að skoðanabræður þeirra manna, sem hér ráða, telja ómögulegt að taka öll gjöldin með beinum sköttum. Það er augljóst, að ef skattur til ríkis er lægri hér en í Danmörku, en samanlögð gjöld til ríkis og bæjarfélagsins hér í Rvík 120% hærri en í Kaupmannahöfn, þá verður ríkið að ætla bænum ákveðna skattstofna, og veita honum heimild til að nota þá. Það er náttúrlega nánast sagt grátbroslegt að heyra hv. jafnaðarmenn standa hér upp og vitna, að þeir vilji leggja skattana á tekjur og eignir, þegar þeir vita jafnframt, að því meira sem ríkið tekur af beinum sköttum verður að hækka tollana til þess að fá fé í bæjarsjóðina. Þá kem ég að því visdómsorði hv. þm. V.-Ísf., að það gildi einu hvar gjöldin séu tekin, þau skerði alltaf gjaldþolið. Ef svo er komið, sem virðist augljóst, að skattahækkanir til ríkisins leiði af sér tollahækkanir í kaupstöðunum, er of langt gengið. Það liggur fyrir umsögn hæstv. ríkisstj. um, að ekki sé hægt að lækka útgjöld ríkissjóðs. Það liggur því í augum uppi, að þurfi að halda þessari stefnu að hækka stöðugt skattana þing eftir þing, leiðir það til þess, að þeir innheimtast ekki eða gjaldabyrðin verður svo þung, að fólkið þarf að fá allskonar styrki í staðinn. Hæstv. fjmrh. sagði, að till. okkar minni hl. skerti tekjur ríkissjóðs um a. m. k. ½ millj. kr. Þetta mun vera rétt samkv. l. frá 1921, að viðbættum 40% skattaukanum. En ég benti á, að till. okkar væru aðeins grundvöllur til samkomulags, sem við værum reiðubúnir að semja á. Ef gengið er inn á sameiginlega skattálagningu til ríkis og bæjarfélaga, munum við jafnvel geta gengið inn á að hækka skattinn frá því, sem nú er. Hinsvegar er ég þeirrar skoðunar, að hér verði að láta staðar numið, og ekki sé hægt að hækka beinu skattana, en

verði að fara aðrar leiðir. Hitt er alveg sama og halda því fram, að hægt sé að bæta úr þörfum fólksins með því að hækka verðið á vörunum. En það á sín ákveðnu takmörk. Hækkuðu verði þarf að fylgja vaxandi kaupgeta. Ef boginn er spenntur of hátt, er skammt að bíða þess, að hann bresti.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ég skal ekki verða langorður, aðeins víkja að brtt. á þskj. 337. Ég geri þar að till. minni, að vextir af sparisjóðsinnstæðu, sem er undir 10 þús. kr., verði undanþegnir tekjuskatti. Ég lít svo á, að löggjafarvaldið þurfi að örva fólk til þess að leggja fé sitt í banka og sparisjóði. Þetta munar að vísu einstaklinginn litlu, en ríkið því minna, en örvar fólk að leggja fé sitt í sjóði. Um þetta má taka það fram, að margir standa í þeirri meiningu, að það séu hinir svo nefndu burgeisar, sem eigi spariféð. En þetta er misskilningur. Spariféð er eign almennings. Þeir, sem nefndir eru burgeisar, hafa yfirleitt sitt fé í veltu, sem kallað er — leggja það í ýmiskonar fyrirtæki. En hinir almennu skattborgarar hafa fé sitt sjaldan í áhættufyrirtækjum, heldur leggja það inn í sparisjóð. Ef þessi leið yrði farin, væri stigið rétt spor í þá átt, að örva fólk til þess að leggja fé sitt inn í sparisjóði og banka og afla þeim stofnunum með því meira veltufjár. Mundi þeim þá jafnframt vera gert mögulegt að lána út gegn lægri vöxtum. Þetta er ekki mikið atriði, en ég tel það rétt, og það munar ríkissjóðinn litlu. Þá vil ég taka það fram, að ég tel ekki rétta þá aðferð, sem nú er viðhöfð, að skylda bankana til að gefa upp innstæður manna, heldur ættu bankarnir að greiða til ríkissjóðs vissa % af öllum innstæðum. Þetta gæti svo komið fram á innlánsvöxtunum. Mun sannast, að ef þetta verður tekið upp, mun spariféð vaxa.

Þá á ég hér aðra till., um að hækka skattfrjálst iðgjald af líftryggingum úr 300 kr. í 500 kr. árlega. Þessi hækkun munar litlu á skattinum, en mér er kunnugt um, að 300 kr. er of lágt, t. d. fyrir skólapilta, sem oft verða að taka háar líftryggingar og setja polisuna að veði fyrir lánum. Sama er að segja um marga, er líftryggingar kaupa vegna konu og barna, og ætti löggjafinn að örva það, en ekki knífa. Vona ég, að till. þessi verði samþ.

Ég ætla ekki að blanda mér hér inn í umr., en get þó ekki stillt mig um að benda á, að sósialistarnir hafa með framkomu sinni fallið frá stefnuskrá sinni um beina skatta. Þetta hafa þeir viðurkennt, þar sem þeir, ásamt Framsókn, hafa undanfarin ár verið í meiri hl. í niðurjöfnunarn. Rvíkur og tekið þó allmikinn hluta af gjöldunum með rekstrarútsvörum.

Í máli, sem hæstv. ráðh. hafði hér fyrir rétti, upplýstist að kaupmaður greiddi þannig 2‰ af veltunni. Þetta verður því óbeinn skattur, því þegar kaupmenn vita, að þetta verður lagt á, færa þeir þessi 2‰ yfir á kaupendurna með hækkuðu vöruverði. Heimild fyrir slíkri álagningu mun hæstv. fjmrh. telja, að sé falin í 3. lið 4. gr. útsvarsl. frá 15. júní 1926. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, að taka skuli til greina:

„Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem fjölskyldu hans, heilsufar hans og þeirra, sem á vegum hans eru, höpp eða óhöpp, sem hann hefir orðið fyrir, svo sem slys, dauðsföll, fjárskaða af sjó, veðri eða vötnum, sérstakan uppeldis kostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan, tap á ábyrgðum og sér hvað annað, er telja má, að máli skipti um gjaldþol hans og með sanngirni má taka til greina til hækkunar útsvars hans eða lækkunar". (**Fjmrh.**: Ég hélt, að við hefðum alltaf verið sammála). Já, sammála um, að þetta væri juridiskt heimilt, en ekki, að það væri heppilegt. En ég verð að segja, að það væri betra að hafa um þetta fastara form. Og það verður að krefjast þess af löggjafanum, að hann setji fyrir því fast form, hvernig álagningin skuli fara fram. Þetta hefir hæstv. fjmrh. viðurkennt með því að setja reglur, sem hann ætlast til, að farið sé eftir. En þessum reglum hefir ekki verið fylgt, vegna ákvæðanna í 4. gr. um heimild til að leggja á eftir efnum og ástæðum, sem má teygja endalaust, eftir tilhneigingu skattayfirvaldsins. Það má lengi deila um, hvort hækka eigi á þessu fyrirtækinu um 1—2‰ eða lækka á hinu. Við þetta er hætt við, að komi fram misrétti, því að þeir, sem með völdin fara, eru oft misjafnlega vinveittir í garð einstakra manna, misjafnlega samvizkusamir, og getur því leikið hætta á, að þeir misbeiti sín valdi. Þetta tel ég illa farið og vil átelja.

Ég skil ekki annað en hæstv. fjmrh. viðurkenni, að þetta ákvæði er aðeins til að koma af stað misrétti. Að vísu er það svo, eftir orðanna hljóðan, að niðurjöfnunarn. á að taka tillit til ýmissa þeirra ástæðna, sem henni eru kunnar. En ef n. tekur sér vald til að láta einstaklinga greiða 1—2‰ af umsetningu, er komið lengra en hóflegt er og jafnvel í það horf, að hún taki sér vald til að haga álagningu útsvaranna hverju sinni eftir því, sem henni þóknast.

Ég veit, að hæstv. fjmrh. viðurkennir það, sem hv. 3. þm. Reykv. tók fram áðan, að það hefir verið lagt útsvarsgjald í Rvík svo tugum þús. kr. hefir skipt á gjaldanda, sem hefir rekið sitt fyrirtæki með tugum þús. kr. tapi, svo að bæjarstj. Rvíkur hefir orðið að fella útsvarið nærri alveg burt. Þetta dæmi sýnir aðeins, að það er komið út í algert handahóf og leiðir vitanlega til þess, að það er ljóst, að álagning útsvara hér í Rvík er orðin svo mikil og útsvarsgjaldendur eru orðnir svo þrautpíndir, að jafnvel þeir, sem með þessi mál fara í skattanefndinni, sem hefir allar skýrslur, sjá sér ekki fært að leggja útsvör á með meiri rétti en það, að útsvör eru lögð á félög og einstaklinga, sem ekki hafa haft einn eyri í arð undanfarið ár, heldur jafnvel stórtap.

Út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, vil ég benda á það, að sósialistar eru búnir, með því að taka þátt í niðurjöfnun útsvara, að viðurkenna, að þeirra eigin kenning um beina skatta er ekki einhlít, og þeir hafa orðið að fara leið óbeinna skatta, sem þeir segja að brjóti í bága við sín prinsip.

**Jón Pálmason:** Það er í sjálfu sér óviðfelldið að tala yfir þeim fáu hv. þm., sem eru hér í deildinni, en nokkur atriði í þessum umr. hér í dag valda því, að ég vil ekki láta þessar umr. fram hjá mér fara, án þess að leggja orð í belg. Fyrst og fremst vil ég minnast á það, að hæstv. fjmrh. sagði hér í kvöld, að það væri misskilningur, að fulltrúar sveitahéraðanna væru *mótfallnir* því, að beinir skattar hækkuðu frá því, sem nú er, vegna þess, að beinu skattarnir kæmu lítið niður á þeim og þeirra kjördæmum.

Ég hlaut að taka þetta til mín, því að ég lýsti yfir því við fyrri umr., að ég væri því aðeins meðmæltur því, að ganga inn á þá braut, að *skattinum skuli skipt milli sveitar- og bæjarfélaga annarsvegar og ríkissjóðs hinsvegar.*

Ég vil svara því, sem fram kemur hjá hæstv. fjmrh. í þessum ummælum, því að þar kemur greinilega í ljós hugsunarháttur sá, sem ríkt hefir hér á hv. Alþ. undanfarin ár og virðist vera algengur, sem sé sá, að það sé óhætt að *taka gjöld, ef þau koma ekki niður á hlutaðeigandi mönnum eða þeim skjólstæðingum,* sem þeir eru fulltrúar fyrir. Þessi hugsunarháttur hefir leitt út í þær öfgar í skattaálögum til ríkis og á annan hátt, að hann, ásamt fleiri ástæðum, er kominn vel á veg með að drepa allt atvinnulíf í landinu. Þessi hugsunarháttur er *mjög óheilbrigður og skaðlegur. Hvað mig sjálfan* snertir hef ég viljað líta á þessi mál sem önnur með alþjóðarhag fyrir augum, en ekki með tilliti til þess, hvað mér sjálfum kæmi bezt.

Í þessu sambandi vil ég víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 5. þm. Reykv. Hann hélt því fram, sem er í samræmi við ræðu hæstv. fjmrh., að tekju- og eignarskatturinn væri að miklu leyti sérskattur fyrir Rvík og kaupstaðina. Hann dró þá ályktun, að þetta stafaði af því, að það kæmu ekki fram tekjur og eignir til skatts í öðrum héruðum landsins, og átti hann þar sérstaklega við okkar sveitahéruð. Frá mínu sjónarmiði liggur mikill misskilningur í þessu, sem ég hygg ekki munu stafa af þekkingarskorti hv. þm. á ástandinu í sveitum okkar. Það er algerlega röng ásökun, að mismunurinn á skattgjaldi sveita og kaupstaða stafi af rangri framtalningu í sveitum. Það er að vísu ekki unnt að fullyrða neitt almennt um þetta, en það, sem skapar þennan mismun, eru aðrar orsakir. Til þessa liggja sérstaklega tvær orsakir. Önnur er sú, að undanfarin ár hafa tekjur almennt verið nálega engar og stundum jafnvel tap, í sveitum landsins, þrátt fyrir það þó að tekjur hafi verið nokkrar í kaupstöðunum. Hin orsökin hygg ég að liggi í því, að það tíðkast öllu meir í kaupstöðunum, e. t. v. sérstaklega í Rvík, heldur en í sveitunum, að lagt er á tekjur, sem engar eru til.

Það er þetta atriði, sem gerir það að verkum, að ég tel nauðsynlegt að fara varlegar í þessu efni með þennan skatt en ella mundi þurfa að gera. Bæði hæstv. fjmrh. og aðrir tala um, að ekki sé svo langt gengið í þessu efni hér í Rvík, þegar jafnmikið sé eftir af tekjum, þegar búið sé að leggja útsvör og skatta eins og til sé tekið.

Þetta má e. t. v. til sanns vegar færa, ef það er víst, að til sé jafnmikið af tekjum og tilgreint er. En það vantar mikið á, að svo sé, og það stafar af því, hvernig skattaálagningunni er hagað, og þá kem ég að því atriði, sem hér virðist vera deiluatriði í sambandi við þetta frv. og hefir verið deiluatriði undanfarin ár í sambandi við skattalögin. Það er, hvort eigi að vera mismunandi persónufrádráttur, þegar skatturinn er ákveðinn.

Vitanlega er það rétt, að það er dýrara að lifa í Rvík og kaupstöðunum heldur en annarsstaðar á landinu, vegna þess að frádrátturinn nægir ekki fyrir því, sem menn eru neyddir til þess að eyða. Þarna er veigamikið atriði, sem gerir það að verkum, að lagt er á tekjur, sem engar eru til. Hv. þm. N.-M. vildi rökstyðja, að þetta væri eðlilegt, með því að kaupgjaldið hér í Rvík væri hærra, og þess vegna ætti ekki að hafa frádráttinn mjög háan. Þetta sýndi, að það var ríkisskattanefndarmaður, sem talaði. Þetta er ekki á sterkum rökum reist. Ríkisskattan. *hefir reynt á þessu ári að fara inn á sömu braut,* með því að koma því til leiðar, að búnar væru til tekjur hjá bændum, sem engar eru til. Sumar till. eru svo mikil fjarstæða, að ég býst ekki við, að nokkur skattan. fari eftir þeim, nema þá að nafninu til.

Hvað persónufrádrátt snertir þá er *sanngjarnt að hafa hann mismunandi háan, ef* málið kemst þá ekki við það inn á ósanngjarnari braut. Eins og hv. þm. V.-Húnv. tók fram, er það augljóst, að ef hærri persónufrádráttur er í Rvík en annarsstaðar, sem að vísu er rétt, þá verður árekstur, því að mismunur á lífsframfæri er svo mikill, að örðugt er að komast að *réttri niðurstöðu í þessu efni.* — *Jafnvel þótt* aðferð hv. þm. Hafnf. væri viðhöfð, um að skipta í 3 stig, þannig að Rvík væri höfð sér, kaupstaðirnir sér og önnur héruð sér, væri samt ranglæti í þessu efni. Ég skal taka til dæmis eitt kauptún hér nærri, Akranes. Þar er áreiðanlega dýrara að lifa en í sumum kaupstöðum úti á landi. *Þannig er í ýmsum tilfellum í þessu efni,* ef á að hafa persónufrádráttinn mismunandi, sem í rauninni er sanngjarnt, ef hægt er að koma honum á heppilegan grundvöll.

Eina röksemdin fyrir því, að heppilegt sé að hafa persónufrádráttinn jafnan, er sú, að ekki sé unnt að komast á sanngjarnan grundvöll í þessu efni, en þetta eitt sannar það, að með þeim hætti er komið inn á þá braut, að annaðhvort verði persónufrádrátturinn það hár, að hann sé hærri en efni standa til í sveitum landsins, eða of lágur í kaupstöðum, svo að ekki verði lagt á tekjur, sem engar eru til, því að hér væri auðvitað um hreinar tekjur að ræða, en ekki brúttótekjur.

Ég vænti þess, að hv. þdm. skilji það, að það er ekkert óeðlilegt, þótt ég og aðrir, sem standa álíka að vígi, þannig að okkar héruð borga ekki háan skatt, vilji fara varlega, þegar um hækkun þessa skatts er að ræða, eins og hér virðist vera stefnt að, þótt það komi niður á öðrum mönnum, því að hér er ekki farið með peninga, sem eru í hendinni, heldur eru þeir oft aðeins tilbúnar tölur, reiknaðar eftir því,

hvernig skattstjóri á þessum og þessum stað framkvæmir sitt verk.

Ágreiningur sá, sem er á milli sjálfstæðismanna annarsvegar og t. d. sósialista hinsvegar, er fyrst og fremst fólginn í því, að við viljum taka tekjur í ríkissjóðinn af eyðslu, og einkum og sér í lagi þeirri eyðslu, sem hægt er að vera án, með háum tollum, en fara aftur varlega með beitingu beinna skatta, því að það er áreiðanlegt, að þeir koma mjög hart niður á framleiðslunni, fyrr eða síðar; það er ekki annað að taka, því að framleiðslan er tekjur þjóðarinnar. Frá þessu sjónarmiði séð vona ég, að menn sjái, að það er ekkert óeðlilegt, að ég og aðrir vilji ekki samþ. þetta frv. á öðrum grundvelli en þeim, að reynt verði með einhverju móti að jafna þessum skatti milli sveitar- og bæjarfélaga annarsvegar og ríkissjóðs hinsvegar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 258,1 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 258,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 258,3 (7. gr. falli burt) samþ. með 27:1 atkv.
— 258,4 samþ. án atkvgr.
8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 258,5, a og c samþ. með 22 shlj. atkv.
— 258,5,b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 258,5,d samþ. með 17:7 atkv.
— 337,1 felld með 19:7 atkv.
— 258,6 samþ. með 24:3 atkv.
— 296 og 283 koma ekki til atkv. eftir atkvgr. um brtt. 258,6.
9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 337,2 samþ. með 16:3 atkv.
11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 274 felld með 23:3 atkv.
— 359, a og b felld með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JG, PZ, PO, SK, ÞorbÞ, BJ, BB, GÞ, HannJ, JJós, JÓl, JónP, JS, JörB.
**nei:** ÓTh, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, StJSt, TT, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍ, GTh, HV, JakM.
GSv greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MT) fjarstaddur.
Brtt. 359,c samþ. með 17:7 atkv.
13. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.
14. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
15. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 17:4 atkv.
Brtt. 258,7 (16. gr. falli burt) samþ. með 22 shlj. atkv.
17.—20. gr. (verða 15.—18. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 386 samþ. með 23:1 atkv.
21. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
22.—23. gr. (verða 20.—21. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
24.—31. gr. (verða 22.—29. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 258,a—b samþ. með 22 shlj. atkv.
32. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
33.—47. gr. (verða 31.—45. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
48.—56. gr. (verða 46.—54. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
57. gr. (verður 55. gr.) samþ. með 17:11 atkv.
Brtt. 308 felld með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** GÞ, GSv, GÍ, JakM, JJós, JónP, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.
**nei:** EmJ, EystJ, FJ, GG, GTh,[1]) HannJ, HV, JÓl, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, JörB.
JS greiddi ekki atkv.
Einn þm. (MT) fjarstaddur.
58.—59. gr. (verða 56.—57. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:8 atkv.

---

Á 35. og 36. fundi í Nd., 13. og 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 398, 402, 404, 415, 421, 426, 432, 438, 441, 451).

**Jakob Möller** (óyfirl.): Það eru hér brtt. á þskj. 432, sem við flytjum fjórir fjhnm. Þær eru ekki sérlega áhrifamiklar fyrir fjárhag ríkissjóðs, en þær eru til þess fallnar að sætta menn betur við framkvæmd l. í þeim atriðum, sem þær fjalla um. Það er kunnugt og almennt viðurkennt, hve mikið misrétti á sér stað í því, að kvæntur heimilisfaðir fær fullan frádrátt fyrir sig og konu sína, eða 1500 kr. eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., en ókvæntur heimilisfaðir með fjölskyldu fær aðeins frádrátt fyrir sjálfan sig. Slíkir menn þurfa þó að kaupa aðstoð til heimilishaldsins. Verður því heimiliskostnaður þeirra jafnvel meiri en hinna, en þrátt fyrir það fá þeir minni frádrátt. Þetta virðist vera augljóst ranglæti, og væntum við því þess, að deildin geti fallizt á, að kaup bústýru komi til frádráttar. Þetta verður svo lítið í heild, að það getur ekki haft

1) **GTh:** Ég get verið því samþykkur, að bæjar- og sveitarfélög fái hluta af tekju- og eignarskattinum, þegar hann er hækkaður svo mjög sem frv. fer fram á. En hins vegar tel ég of langt gengið með þessari till. og segi því nei.

nein veruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs af lögunum.

Næsta brtt. er við 34. gr. frv., og er farið fram á, að í þeim tilfellum, sem skattan. er heimilað að breyta framtölum, skuli breyt. tilkynnt framteljanda. Það kann að þykja óþarft að skýra frá slíku, ef framtalið er í ósamræmi við gildandi l. En þó að skattan. kunni að telja sig hafa óyggjandi upplýsingar um, að slík breyt. sé réttmæt, er seint hægt að fullyrða, að slíkar upplýsingar séu í raun og veru óyggjandi, og því teljum við rétt, að skattgreiðanda sé gert aðvart þegar breyt. fer fram. Nú hefir hæstv. fjmrh. borið fram brtt. við brtt. okkar, um að aðskilja þetta tvennt þannig, að skattan. sé heimilt að gera breyt., ef framtalið er í ósamræmi við gildandi l., en hinsvegar sé henni skylt að gera aðila aðvart um aðrar breyt., þó að telja megi, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi. Ég hefi ekki borið mig saman við meðnm. mína um þessa brtt., en ég tel fært að ganga inn á hana með þeim skilningi, að ekki sé breytt án vitundar skattgreiðanda, nema það sé tvímælalaust og beinlínis tölulega sannað, að framtalið sé ekki í samræmi við gildandi fyrirmæli, en skattgreiðanda hinsvegar gert aðvart, þegar öðruvísi stendur á, þó að skattan. telji sig hafa óyggjandi upplýsingar um viðkomandi atriði.

Þriðji liður brtt. er við 45. gr., um að lækka dráttarvexti úr 1% í ½%. Það er að vísu rétt, sem sagt er í grg. frv., að þetta er nálægt því sem tíðkast í Rvík um innheimtu bæjargjalda. En ég og meðnm. mínir vorum sammála um, að þessir dráttarvextir væru ósanngjarnlega háir. Hinsvegar hefir innheimta þessa skatts svo mikið aðhald í því, að því aðeins er heimilt að draga skattgjaldið frá í framtali næsta árs, að það sé greitt fyrir áramót. Það er því áminning til allra, sem geta, að greiða fyrir áramót. Það lætur nærri, að ½% á mánuði eða 6% á ári svari til þeirra vaxta, sem ríkissjóður þyrfti að greiða, og gjaldendur myndu sama sem enga vexti spara með þeim drætti. Virðist því sanngjarnt, að dráttarvextirnir séu ákveðnir ½%.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Málið hefir verið mikið rætt við 1. og 2. umr. og við sjálfstæðismenn lýstum þá greinilega okkar afstöðu og er eigi þörf á að endurtaka það. Undirtektir utan þingsins sýna, að okkar rök eru rétt, og Alþ. verður að sjálfsögðu að taka afleiðingunum af þessu frv., með því að sjá sveitar- og bæjarsjóðum fyrir öðrum tekjustofnum í stað þess, sem þeir nú eru sviptir. Viðvíkjandi till. Alþýðufl.manna á þskj. 426 um að heimila að leggja 50% ofan á þennan skatt í þeim bæjar-og sveitarfélögum, sem þess óska, er það að segja, að það er aðeins skripaleikur, sem ekki kæmi að neinu gagni. Slík tvískipting útsvaranna væri bæjar- og sveitarfélögum engin hjálp. Mun ég hiklaust greiða atkv. móti þessari brtt., því að ég tel, að hún mundi frekar gera ógagn. Slík kákbreyting mundi einungis verka sem einhverskonar svefnþorn á Alþ. og tefja fyrir því, að bætt yrði úr þörf bæjar- og sveitarsjóða á þann hátt, sem að gagni kæmi.

**Emil Jónsson:** Ég á 2 brtt. á þskj. 421, sem að vísu eru ekki á dagskrá, en ég vona, að þær verði teknar með. Aðalbreyt., sem farið er fram á í fyrri brtt., er sú, að við 10. gr., þar sem talað er um frádrátt af tekjum, skuli bætt við iðgjöldum til stéttarfélaga. Áður mátti draga frá iðgjöld til atvinnuleysissjóða, en mér finnst sanngjarnt, að tekin séu einnig með iðgjöld til stéttarfélaga, t. d. verkamanna eða hverra annara, sem í stéttarfél. eru.

Í sumum stéttarfél. hér í Rvík eru þessi gjöld mikil upphæð, um 100 kr. á ári. Þau eru um leið tryggingargjöld fyrir þá, sem í fél. eru, sem félagsmenn hljóta hjálp fyrir, ef þeir þurfa þess með. Þess vegna álít ég rétt, að þessi iðgjöld séu einnig dregin frá.

Það er einnig önnur smábreyt. við þennan lið, sem fer fram á það, að iðgjöldin megi vera allt að 4% af hreinum tekjum aðila, í stað 2%, sem til frádráttar koma.

Það virðist vera sanngjarnt, að menn, sem falla undir þennan lið, fái að draga frá a. m. k. hlutfallslega við það, sem þeir fá að draga frá, sem eru í næsta lið fyrir ofan, þar sem þeir, er vátryggja sig, fá að draga frá 500 kr. á ári.

Ef venjulegur iðnaðar- eða verkamaður, sem hefir 3—4 þús. kr. á ári, ætti ekki að fá að draga frá nema 2%, þá næmi frádrátturinn ekki nema 60—80 kr.

Ef maður, sem hefir 3500 kr. um árið, fær að draga frá 4%, nemur frádrátturinn um 140 kr., og það er það minnsta, sem hægt er að sætta sig við.

Þá kem ég að 2. brtt. við 12. gr. l. Eins og ég tók fram við 2. umr., er rétt að gera greinarmun á því, hvar skattaframtalið fer fram, hvort það er hér í Rvík, í sveitum landsins eða í stærri kauptúnum og kaupstöðum. Það er vitanlega mikill munur á framfærslukostnaði á þessum þremur stöðum.

Ég hefði viljað hækka persónufrádráttinn nokkuð meir, en það gerði ég ekki, í trausti þess, að þessi hækkun yrði þá samþ., að minnsta kosti. Mér er það fullkomlega ljóst, að þessi persónufrádráttur þyrfti að vera hærri, en vegna þess, að ríkissjóður þarf að fá sitt, svo að tekjur hans minnki ekki, er ekki farið hærra með þennan frádrátt. Breyt. er aðeins fólgin í hækkun persónufrádráttar í kaupstöðum og kauptúnum upp í 700 kr. Til þess að kauptún, sem eru jafnstór og minnstu kaupstaðirnir, séu ekki beitt órétti, þannig að þau fengju ekki sama persónufrádrátt og jafnstórir kaupstaðir, þá er þetta ákvæði einnig látið ná til þeirra kauptúna, sem hafa yfir 1000 íbúa.

Hv. þm. Snæf. hefir borið fram brtt. á þskj. 438 við þessa brtt. mína. Þar er farið fram á, að þessi hærri persónufrádráttur sé látinn ná til kauptúna, sem hafa 300 íbúa. Ég fyrir mitt leyti er á móti þessu, sökum þess að ég tel það ekki réttlátt. Það er viðurkennt, að framfærslukostnaður í kauptúnum, sem hafa 3—600 íbúa, er miklu minni, heldur en í kauptúnum, sem hafa 1000 íbúa eða meira. Ef tilgangur þessarar brtt. á að nást, má því ekki ganga svo langt í þessu efni, að miðað sé við framfærslukostnað, sem er eins lágur og í sveitunum.

Í samræmi við það, sem nú er nefnt, kem ég fram með till. um hækkun persónufrádráttar fyrir hjón, að 1200 kr. skuli hækkaður upp í 1400 kr. Þetta er vitanlega sjálfsagt. Það er óþarfi að fara frekar út í það.

Hv. 2. þm. N.-M. virðist ekkert hafa lært og engu gleymt síðan við 2. umr. málsins. Hann er ennþá með brtt. um það, að persónufrádráttarinn sé hafður jafn um land allt. Ég tel óþarfa að fara aftur út í þetta atriði. Ég hefi áður sýnt fram á hinn mismunandi framfærslukostnað.

Ég hefi ennfremur borið fram brtt. á þskj. 426 með hv. 6. landsk. og hv. þm. Ísaf. Hún fer fram á það, að bæjar- og sveitarsjóðum sé skapaður möguleiki til tekjuöflunar með því að leggja nokkur prósent á tekju- og eignarskattinn.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram í ræðu sinni, að þetta væri aðeins skripaleikur, en engin hjálp handa bæjunum. Mér kemur þessi skoðun hv. þm. á óvart, því að við 2. umr. málsins sagðist hann vera þessu fylgjandi, og þá hélt hann því fram, að þetta miðaði í rétta átt. Hann bar líka sem minni hl. fjhn. fram till., sem hneig í sömu átt, enda þótt hún væri að vísu frábrugðin í sumum atriðum. Þar er farið fram á, að helmingurinn af tekju- og eignarskatti renni til bæjar- og sveitarsjóða. Ef hann telur það skripaleik, að farið sé fram á, að ⅓ af tekju- og eignarskatti renni í bæjar- og sveitarsjóði, þá er það skripaleikur hjá honum sjálfum að fara fram á það, að ½ renni í þessa sjóði. Þetta er rökrétt ályktað. Það er nú þannig komið, að Vestmannaeyjar hafa fengið leyfi til þess að innheimta vörugjald, og Akureyri hefir komið með svipaða kröfu. Í dag hefir verið útbýtt frv. um heimild fyrir Siglufjörð að gera hið sama. Þetta sýnir, að kaupstaðirnir þurfa nýjan skattstofn. Þessir kaupstaðir hafa valið þá leið, að jafna þessu með einskonar nefskatti á bæjarbúa. Við flm. þessarar till. vildum heldur jafna gjaldinu eftir sömu reglum og eignarskatturinn er ákveðinn, og álít ég það rétta leið.

Ég gat þess við 2. umr., að till. í svipuðu formi hefði komið fram fyrst á þinginu 1930 frá minni hl. milliþn. í skattamálum.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta, en ég vil taka það fram, að ég tel réttara að fara inn á þessa braut beinna skatta fyrir kaupstaðina heldur en að taka nefskatt, sem er jafnhár, hvort sem um ríka eða fátæka bæi er að ræða. Það má vera, að hv. 3. þm. Reykv. sjái skripaleik í þessu, en í mínum augum er það allt annað.

**Forseti (JörB):** Það eru ekki prentaðar tvær brtt. á dagskránni. Þær eru á þskj. 415 og 421. Þær liggja einnig hér fyrir.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég hefi borið fram 3 brtt. á þskj. 404. Sú fyrsta er við 10. gr. b. Við 2. umr. var samþ. sú breyt., að tap á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, sem nemur meiru en varasjóði, mætti flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það væri að fullu greitt. En ég vil breyta þessu. Eftir þessari brtt. er gengið út frá því, að varasjóður gangi til taps unz hann er eyddur.

Ég hefi heyrt ýmsa hv. þm. segja, að til þessa sé ætlazt með stofnun varasjóðs og ekki annars. Þetta er ekki rétt. Það er um mörg önnur verkefni að ræða fyrir varasjóði félaga, t. d., að safna því rekstrarfjár með því að lagt sé í varasjóð. Það er heppilegt frá þjóðarinnar sjónarmiði, að félög leggi í varasjóði, til þess að tryggja atvinnureksturinn ár frá ári.

Á þann hátt, sem þessu er nú fyrir komið í frv., er stefnt að því, að hluthafarnir láti úthluta sem mestum arði handa sér til þess að forðast að greiða hálfan skatt af töpunum, sem þeir mundu gera með því að leggja í varasjóð. Þessu vil ég breyta með brtt. á þskj. 404, á þann hátt, að það megi jafna töpunum milli ára, en ekki sé gengið út frá ótakmörkuðu árabili, eins og gert er ráð fyrir í frv., því að það getur valdið ruglingi. Það er réttlátara að haga þessu þannig, að það megi aðeins flytja um 2 áramót, þannig að við 3. árið sé kominn jöfnuður á. En hinsvegar hefi ég ekki sett ákvæði um það, að varasjóðurinn gangi fyrst til þess að mæta töpunum, heldur sé töpunum jafnað milli ára án tillits til varasjóðsins. Ég vil líka setja það skilyrði, að á þessu tímabili sé ekki úthlutað arði til hluthafanna.

Ég vil geta þess í sambandi við þetta mál, að mér þætti rétt að breyta löggjöfinni um hlutafél. frá því, sem nú er, enda þótt frv. um það geti ekki komið fram á þessu þingi, í þá átt, að skylda félögin til þess að takmarka úthlutun arðs, en leggja sem mest í varasjóð. Hlutafélög eiga ekki að vera bundin við líf einstakra manna og eru í mörgum tilfellum betra atvinnuform en rekstur einstaklinga. En löggjöfin þarf að búa svo um hnúta, að sem mest trygging verði fyrir því, að atvinnureksturinn geti gengið sem jafnast.

Hin brtt. er við 19. gr., við d-lið. Það er aðeins nánari skilgreining á því, hvernig meta skuli verzlunarvörur. Eftir gildandi ákvæði frv. eru þær metnar eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað, en það er ekkert getið um, á hvaða tíma. Ég vil bæta því við, að miðað skuli við verðið í árslok. Hjá fyrirtækjum, sem ekki gera upp við áramót, skal miðað við þann tíma, sem þau gera upp á. Skattstofan gerir þetta venjulega, en ég tel rétt, að þetta komi fram í l., því að meiningin með l. er ekki önnur en að ákveða sem nánast, hvað sé hreinar eignir og tekjur, og taka svo skattinn af því, en ekki öðru, hvorki meira né minna. Brtt. við e-lið er einnig nánari skilgreining á mati verðbréfa. — Undanfarin ár hefir skattstofan í Rvík fylgt svipuðu fyrirkomulagi, a. m. k. að því er snertir hlutabréf, en hefir nokkuð brugðið frá því á þessu ári. Samkv. frv. er fyrst og fremst ætlazt til þess, að hlutabréf séu talin til eigna með gangverði, ef það hefir verið skráð opinberlega.

Mér finnst óþarfi að taka sérstaklega fram um skráninguna, þar sem hún á sér hvergi stað opinberlega.

Á síðastl. ári hafa hlutabréf verið metin af

skattstofunni samkv. efnahagsreikningi félagsins, eins og hann var samþ. á síðasta aðalfundi þess. Þetta er rangt, sökum þess að efnahagsreikningur félagsins sýnir sjaldnast, hvers virði eignir félagsins eru. Þar er margs annars að gæta, t. d. hve arðberandi eignirnar eru, framtíðarhorfur o. fl. En söluverðið á bréfunum er rétta matið á þeim, ef sala fer fram milli óskildra manna gegn staðgreiðslu. Þess vegna hefi ég sett í brtt. mína, að þau skuli metin eftir söluverði, er seld eru minnst 2% af hlutafénu á árinu. Einhver takmörk verður að setja fyrir því, hvað mikil sala geti ákveðið verðið í byrjun. En ef engin sala er fyrir hendi, þá verður að áætla söluverðið, og taka tillit til síðustu hlutabréfasölu, arðsúthlutunar og efnahagsreiknings fél. — Ekkert eitt af þessu getur ákveðið verðið í byrjun, en allt til samans getur gert það. Það hefir verið gert af skattstofunni áður.

Þá vil ég geta þess, að ég hefi komið með brtt. um veðdeildarbréf þess opinbera, sem samkv. frv. eru metin eftir nafnverði. Flest verðbréf ganga kaupum og sölum mann frá manni, svo að það er auðvelt fyrir skattstofuna að fá að vita um verð þeirra og setja það á þau. Ég tel réttara, að á þann hátt séu metnar verðbréfaeignir, heldur en á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

**Thor Thors:** Ég hefi leyft mér að bera fram 2 brtt. við þetta frv. Þær eru á þskj. 438 og 441. Brtt. á þskj. 438 er brtt. við brtt hv. þm. Hafnf. á þskj. 421. Hann gerir það að till. sinni, að persónufrádrátturinn sé hækkaður fyrir menn, sem búa í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 1000 íbúa.

Ég vil gera þá breyt., að þessi frádráttur komi til góðs þeim mönnum, sem búa í kaupstöðum landsins, hvar sem er, eftir því sem hagstofan hefir skilgreint orðið „kauptún". Hún miðar kauptúnin við 300 íbúa og eftir því skiptingu manna í sveitamenn og kaupstaðabúa. Fyrst verið er að hækka persónufrádráttinn á annað borð hjá þeim, sem í kauptúnum búa, sem ég tel alveg rétt, þá tel ég sjálfsagt, að sú hækkun sé látin ná til allra þeirra, sem í kauptúnum búa. Framfærslukostnaðurinn í kauptúnum er talsvert hærri en í sveitum. Þess vegna er rétt að hafa persónufrádráttinn hærri þar. Þó að það megi segja, að dýrara sé að lifa í Hafnarfirði en mörgum smærri kauptúnum, þá verða samt engin glögg mörk fundin til þess að miða við, þegar á annað borð er farið inn á þá braut, að leyfa kauptúnum að hækka persónufrádrátttinn. Samkv. till. hv. þm. Hafnf. eru það aðeins kauptúnin Akranes og Keflavík, sem nú falla undir þetta ákvæði. Það er þó, t. d. ekki ódýrara að lifa á Sauðárkróki, en þar eru um 800 íbúar. Samkv. skýrslu frá 1930 voru 779 íbúar á Sauðárkróki það ár, á Eskifirði 738 og á Húsavík 871. Fyrst á annað borð er viðurkennt, að dýrara sé að lifa í kauptúnum en í sveitum, þá er að sjálfsögðu réttlátt að leyfa þessa hækkun persónufrádráttar í öllum kauptúnum landsins.

Mér finnst, að allir þeir, sem álíta hér of langt gengið af hálfu ríkisvaldsins á skattabrautinni, geti verið minni brtt. samþ., því að hún heimilar a. m. k. nokkurum hluta landsbúa að bera hönd fyrir höfuð sér gagnvart þessari skattaáþján.

Hvað brtt. minni á þskj. 441 viðvíkur, þá miðar hún að því að hvetja atvinnurekendur og aðra stjórnendur fyrirtækja til þess að leggja inn á þá braut, að veita verkamönnum sínum og starfsmönnum fyrirfram ákveðna launauppbót eða ágóðahlutdeild. Hér er átt við skipulag, sem reynt hefir verið víða erlendis með góðum árangri og kallað er á enskri tungu „profit sharing". Þetta skipulag hefir verið reynt í Englandi, Frakklandi og Þýzkalandi og nær til fjölda verkamanna í ýmsum iðngreinum. Árið 1927 náði þetta skipulag til 208000 verkamanna í Englandi. Það hefir reynzt vel. Það tengir saman hagsmuni vinnuveitenda og verkamanna og tryggir betri samvinnu milli þeirra en ella. Ég tel hér tvímælalaust vera merkilegan félagsskap á ferðinni, sem er atvinnulífi þjóðanna til bóta. Ég vil þess vegna, að það komi fram í löggjöf þjóðarinnar, að það þyki ástæða til þess að það sé a. m. k. ekki spornað við því, að slíkur félagsskapur sé tekinn upp, einnig með vorri þjóð. Þetta hefir ekki verið reynt hér enn. En ég hygg, að þess verði ekki langt að bíða, að gerðar verði tilraunir í þessa átt. Þegar það hefir verið gert og nokkur reynsla hefir skapazt í þessu efni, er kominn tími til þess að skipa þessum málum í kerfi, skipa þessum félagsskap og þeim atvinnufyrirtækjum, sem á honum grundvallast með löggjöf, á ákveðinn stað í félagsmálum þjóðarinnar.

Ég ber fram þessa brtt. af því að ég vil, að löggjafinn hvetji menn til að leggja inn á þessa braut og af því að ég veit, að slík þóknun er nú ekki skattfrjáls, heldur er hún talin vera hagnaður fyrirtækisins, sem slíka uppbót veitir. En það tel ég rangt. Þessi brtt. ákveður, að þessi launauppbót þurfi að vera fyrirfram ákveðin. Það er gert til þess, að verkamenn megi vita, hverju þeir eiga von á, ef vel gengur, og ætti það að verða til þess að vekja áhuga þeirra fyrir fyrirtækjum þeim, sem þeir vinna við. Þeir vita, á hverju þeir eiga von, ef atvinnuvegurinn gengur sæmilega. Það er þeim og hvöt til þess að stuðla að því eftir bezta mætti, að fyrirtæki það, sem þeir vinna við, gangi sem bezt.

Það er ætlazt til, að launauppbótin nái til starfsmanna og verkamanna. Það er ekki beinlínis tekið fram, að þetta nái til sjómanna, en svo á að sjálfsögðu að vera. Í þessu tilfelli teljast þeir til verkamanna almennt, og hefir því eigi þótt ástæða til að nefna þá sérstaklega. Það er tekið fram, að einu gildi, hvort uppbót þessi sé greidd í peningum eða hlutabréfum. Þessi aðferð tíðkast erlendis, og er verkamönnum í sjálfsvald sett, hvort þeir kjósa fremur.

Með því skipulagi, sem hér er ymprað á, yrði atvinnufyrirtækjunum tryggð betri vinnubrögð, og jafnframt myndi verða betra samstarf milli verkamanna og vinnuveitenda innan einstakra atvinnufyrirtækja.

Ég vil nú leyfa mér að vænta þess, að háttv.

dm. samþ. þessa brtt., því að hún er til bóta, þar sem hún miðar til þess að hvetja atvinnurekendur til þess að leggja inn á nýja braut á sviði félagsmálanna, sem getur orðið heillavænleg atvinnulifi þjóðarinnar í heild, ef þetta skipulag kynni síðar að verða almennt tekið upp.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti! Ég á eina brtt. á þskj. 415, sem ég vil fara fáum orðum um. Ég bar fram brtt. við frv. við 2. umr., um að persónufrádráttur yrði hinn sami og verið hefir, en eins og frv. ber með sér vill meiri hl. hér í hv. þd., að hann sé misjafn, eftir því hvar á landinu skattþegn á heima. Ég tel þetta atriði út af fyrir sig, að persónufrádrátturinn er misjafn, ekki vera rétt. Gildandi skattalög voru sett 1921. Hagstofan hefir síðan 1914 reiknað út, hvað kostaði lífsframfæri miðað við verðlag 1914. Það var 1921 miðað við 100 1914 447, og þá voru allir sammála um að persónufrádráttur sá, sem í lögin var settur og hefir staðið síðan, væri nógu hár. Árið 1925 var l. breytt, þá er vísitalan komin úr 447 niður í 326, vísitalan er hlutfallstala af lífsframfærslukostnaði 5 manna fjölskyldu í Rvík, og þá er persónufrádrættinum ekki breytt. Síðan hefir vísitalan enn lækkað og er nú komin niður í 234. Þá finnst mönnum ástæða til að auka persónufrádráttinn, af því lífsþurftir manna hafi hækkað. Annað hvort er nú, að miðað er við allt aðrar lífsþarfir nú heldur en 1914, eða þá að útreikningar hagstofunnar eru vitlausir. Nú sitja á þingi 15 hv. þm., er sátu hér 1925, en 8 hv. þm., er sátu á þingi 1921. Þessir hv. þm. hafa samþ. að hafa jafnan persónufrádrátt í bæði þessi skipti og þótt hann hæfilegur 500 kr. á mann. Nú langar mig til að spyrja þessa hv. þm., hvað réttlæti það, að persónufrádrátturinn eigi að hækka nú, og ég hefði gaman af að sjá nýja ástæðu, sem réttlætti það, að persónufrádrátturinn verði gerður misjafn eftir landshlutum. Ég býst við, að einhverjir hafi verið á móti mínum till. um daginn, af því að þeim hafi þótt upphæðin í þeim of lág. Ég flyt því brtt. nú, ásamt hv. þm. V.-Húnv. um 100 kr. hærri persónufrádrátt. Hv. meðflm. minn flutti við 2. umr. brtt. um jafnan persónufrádrátt, en allmikið hærri en við flytjum nú og munu einhverjir hafa verið á móti þeirri till., af því að þeim þótti persónufrádráttur eftir henni of hár, en þeir ættu nú aftur að geta fylgt þessari brtt. okkar nú.

Tveir hv. þm. hafa mælt á móti okkar brtt., en með sínum brtt. Hv. þm. Hafnf. vill skipta þjóðinni í þrennt og láta menn hafa þrennskonar mismunandi persónufrádrátt, 600 kr., 700 kr. og 800 kr., en ég get ekki séð, að það sé rétt. Ef miða ætti við raunverulegar þurftartekjur einstaklinga, þá held ég, að tröppurnar þyrftu að vera eins margar og gjaldendurnir eru margir. Það er laukrétt hjá hv. þm. Snæf., að ekki sé hægt að draga markliníu milli kaupstaða, sem hafa 1000 íbúa, og kaupstaða og kauptúna, sem hafa lægri íbúatölu. Það er í þessum efnum ekki hægt að finna nein glögg takmörk, og þó að einhver takmörk væri hægt að finna, þá hefir reynslan sýnt, að þjóðin sækist mest eftir að vera þar, sem dýrast er að lifa. Og þegar verið er með samanburði að gera það eðlilegt, að misjafnlega dýrt sé að lifa á ýmsum stöðum, þá gá menn ekki að því, að það er ekki miðað við sömu kröfur og sömu þarfir í Rvík og úti um landið. Það eru aðrar kröfur, sem verið er að mínusa fyrir í Rvík heldur en úti um landið, en það er ranglát aðferð. Ég á bágt með að trúa því, að þeir hv. þm., sem tvívegis áður hafa greitt atkv. með því, að persónufrádrátturinn væri jafn, hafi nokkra skynsamlega ástæðu til að álita, að nú eigi hann að verða ójafn, og ég á líka bágt með að trúa því, að þeim takist að sanna, að reikningar hagstofunnar séu skakkir. Ég vona því, að hv. d. sýni það með atkvgr., að réttlætið á að gilda jafnt fyrir alla þegna þjóðfélagsins og að þeir, sem ekki fá notið þægindanna í Rvík, verði ekki látnir gjalda þess, með því að þeim sé ætlaður lægri persónufrádráttur og þarafleiðandi hærri skattar.

Ég mun sýna við atkvgr. aðstöðu mína gagnvart öðrum brtt., sem hér liggja fyrir, en ég álít, að lagt sé út á ennþá hálli braut í till. hv. þm. Hafnf. og hv. þm. Snæf., að flokka þjóðina enn meira niður heldur en þó að Rvík ein væri tekin út úr. Ég held, að við ættum ennþá að halda okkur við það, að láta sama rétt og sömu skyldur hvíla á öllum þjóðfélagsborgurum þessa lands, en ekki mismuna þeim eins og gert er í l. eftir því, hvar þeir búa.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins segja nokkur orð um þær brtt., sem fyrir liggja og mér finnst ástæða að minnast á.

Á þskj. 432 eru þrjár brtt. frá fjórum hv. þm. Fyrsta brtt. gengur í þá átt, að frádráttarbært sé kaup ráðskonu, eða sá kostnaður, sem ógiftur skattþegn, er heimili hefir, þarf að gjalda til heimilisstjórnar.

Ég hefi dálitið við þessa till. að athuga, því að eins og hún er framsett, er það dálítið vafasamt, að samkv. henni geti orðið dregið frá fyrir framfærslu þeirra kvenna, sem annast heimilisstjórn og ekki fá kaup. En ég vildi a. m. k. láta koma fram hér við umr. þann skilning á þessari till., að mér finnst, að undir þennan frádrátt ætti að koma framfærsla þeirra kvenna, sem annast heimilisstjórn, og ekki fá kaup, heldur aðeins framfærslu sína fyrir starfið. Því að það er oft þannig, að maður og kona búa saman, þótt þau séu ekki gift, og er þá venjulega, að konan fær ekki beina kaupgreiðslu, heldur eins og eiginkona á heimili, framfærslu sína fyrir það starf, sem hún leggur fram. Af þessum skilningi mínum á till. leiðir svo það, að ég sé ástæðu til að flytja skrifl. brtt. við þennan lið, um það, að frádráttarbær kostnaður við heimilisstjórn megi ekki fara fram úr lögleyfðum frádrætti vegna eiginkonu, samkv. 12. gr. Mér finnst sanngjarnt, að sá búandi maður, sem er ókvæntur og hefir konu sér til aðstoðar, fái sama frádrátt fyrir framfæri þeirrar konu eins og giftur maður fær fyrir sína konu. Þá er líka fyrirbyggt, ef till. verður samþ., að ógiftur maður, sem hefir konu

til að annast heimilisstjórn, fái meiri frádrátt vegna kostnaðar við heimilisstjórn, heldur en kvæntur maður fær. Samkv. frv. er hér í Rvík 750 kr. frádráttur vegna heimilisstjórnar kvongaðs manns, en 600 kr. annarsstaðar á landinu.

Um annan lið brtt. á þskj. 432 vil ég segja nokkur orð til viðbótar því, sem hv. frsm. till. sagði.

Ég hefi flutt við þennan lið brtt., sem er á þskj. 451. Þessi brtt. mín felur það í sér, að það sé ekki skylt að tilkynna skattgreiðanda leiðréttingu á framtali hans, sem gerð er vegna þess. að framtalið er að einhverju leyti í ósamræmi við gildandi l. — Það er svo, að fjöldi af leiðréttingum á framtali eru gerðar eftir beinum fyrirmælum laga og reglugerða. Má benda á. að hér í Rvík og víða annarsstaðar þar, sem sæmilegt lag er á þessum hlutum, er leiðrétt fasteignamat á öllum fasteignum og sömuleiðis leiðrétt brunabótamatið. Það væri því óvinnandi verk, t. d. hér í Rvík, að senda tilkynningar frá skattstofunni um allar slíkar breyt. Hinsvegar get ég fallizt á, að rétt sé og í samræmi við gildandi lög, að tilkynna, ef öðrum atriðum er breytt, jafnvel þó að óyggjandi sannanir liggi fyrir, að dómi skattstjóra eða skattan., um viðkomandi atriði. Ég geri ráð fyrir, að undir þennan lið mætti koma mörgum leiðréttingum, með því að setja reglugerðarákvæði um þau atriði.

Um 3. lið þessarar brtt. þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Ég get vel fallizt á að lækka þessa dráttarvexti niður í ½% á mánuði. Þó þykir mér það heldur lágt, en vil ekki gera ágreining út af því og mun verða því fylgjandi.

Um brtt. á þskj. 441, frá hv. þm. Snæf., vil ég segja það, að ég tel hana óþarfa vegna þess, að eftir fyrirmælum skattal. er tvímælalaust frádráttarbær launauppbót, greidd öllum starfsmönnum og verkamönnum, og sömuleiðis, þó að uppbótin gangi til kaupa á hlutabréfum í fyrirtækjum. Eftir frv., sem hér liggur fyrir, er slík greiðsla frádráttarbær að mínum skilningi. Ég vil í því sambandi benda mönnum sérstaklega á það, að þó þetta stæði ekki í l. og gerður er samningur við starfsmenn hjá einhverju fyrirtæki, að svo og svo mikið af kaupinu gangi til kaupa á hlutabréfum fyrirtækisins, þá væri sú launagreiðsla, sem gengi til þessara hlutabréfakaupa, alveg jafnt frádráttarbær og önnur launagreiðsla. Ef sýndist einhver vafi á þessu, þá mætti láta það fara fram á þann hátt, að mennirnir fengju peningana í sínar hendur og afhentu þá aftur og fengju hlutabréf í staðinn. Á þann hátt er kaupið útborgað og gengið aftur til kaupa á hlutabréfum. Ég vil biðja hv. flm. þessarar till. að athuga það, að samkv. henni er frádráttarheimildin miðuð við að launauppbótin, hvort sem hún er greidd í peningum eða hlutabréfum, nemi eigi meiru en 10% af árlegu kaupgjaldi hvers starfsmanns. Ég sé ekki ástæðu til að meina fyrirtæki að draga frá sem rekstrarkostnað það, sem fólk kynni að láta af hendi umfram 10%.

Ég held því, að þessi till. sé alveg óþörf og að því leyti dálítið varhugaverð, að með henni er slegið föstu, að ekki megi meira en 10% af kaupi starfsmanna og verkafólks ganga til kaupa á hlutabréfum, án þess að það verði til þess, að viðkomandi fél. fái ekki að draga það frá tekjum sínum.

Það kann að vera, að ég hafi ekki skilið þetta alveg rétt, en ég er ekki í vafa um, að ef svona tilfelli hefði komið fyrir meðan ég var skattstjóri hér í Rvík, þá hefði ég álitið, að þessi greiðsla félaganna væri frádráttarbær. Þess vegna held ég, að væri athugandi, hvort ekki mætti taka þessa till. aftur.

Um brtt. á þskj. 426 frá þremur alþýðufl.-mönnum vil ég segja það, að ég er í raun og veru því meðmæltur, að slík brtt. verði samþ., því að ég álít, að það gefi sveitar- og bæjarfél. nokkurt aðhald um það, hvernig þau jafna niður nokkrum hluta af tekjuöflun sinni á íbúa sveitar- og bæjarfél. Verði þetta samþ. og sveitar- eða bæjarfélög óska að gera þetta, þá eru þau þar með bundin við að jafna niður eftir tekjuskattstiga ríkissjóðs, sem svarar til helmings af greiðslu til ríkissjóðs. Það álít ég spor í rétta átt, því að það er mín skoðun, að tekjuskattstiginn sé réttlátur hvað stighækkun snertir. Hinsvegar má geta þess, að sveitar- og bæjarfél. þurfa ekki að fá í l. neina heimild til að fara eftir þessu að meira og minna leyti, þeim er það í sjálfsvald sett, ef þau vilja. En til þess að sýna það, að Alþ. álíti það eðlilega leið, að sveitar- og bæjarfél. fari að einhverju leyti eftir þessum skattstiga, þá er ég því meðmæltur, að þessi till. verði samþ.

Um brtt. á þskj. 402 frá mér vil ég segja nokkur orð. Menn vildu ekki fallast á brtt. um sama efni, sem ég flutti við 2. umr. þessa máls, er fór fram á það, að ef tap væri fært milli ára, þá skyldi ekki vera skattfrjáls nema helmingur af þeim tekjum, sem gengju til þess að jafna það. Ég hefi þess vegna fært mig í áttina til þess, sem menn vildu, og flyt nú till. um að allar þær tekjur, er ganga til þess að jafna tap, skulu undanþegnar tekjuskatti, en jafnframt felst í till. minni takmörkun um það, að tap megi ekki vera eldra en þriggja ára. Mér fannst sjálfsagt að takmarka, hvað tapið mætti vera gamalt og tók þann kost að miða það við 3 ár.

Hv. 2. þm. Reykv. flytur brtt. á þskj. 404, sem fer í svipaða átt. Munurinn á hans till. og minni er fólginn í tvennu. Annarsvegar í því, að hann vill ekki hafa tapið nema tveggja ára gamalt, til þess að undanþága fáist fyrir þær tekjur, sem ganga til að jafna það. Hinsvegar er munurinn fólginn í því, að hann vill ekki, að varasjóður sé látinn ganga upp í tapið áður en til þessarar almennu undanþágu kemur. Þar skilur á milli okkar, því að ég lít svo á, að varasjóður sé fyrst og fremst til þess að mæta rekstrartapi, og því sé rétt, að hann gangi til þess að jafna tapið, áður en gripið er til annars fjár, sem kann að vera í vörzlum viðkomandi fél. eða einstaklings. Þess vegna finnst mér eðlilegt, að það sé skilyrði fyrir skattundanþágu, að tekjur varasjóðs séu fyrst látnar ganga til þess að jafna tapið.

2. brtt. frá mér á þskj. 402 stendur í beinu sambandi við þá fyrri. Er hún um það, að fella niður málsgr. um sama efni, sem sett var í frv.

við 2. umr. málsins. Leiðir það af sjálfu sér, ef fyrri brtt. verður samþ., að þá verður sú síðari samþ. til samræmis.

Um brtt. á þskj. 409, frá hv. 2. þm. Reykv., þarf ég fátt eitt að segja. Ég er þegar búinn að minnast á þá fyrri og þarf ekki meira um hana að segja.

Um aðra brtt. get ég sagt það, að ég get verið henni samþ. og fellst að mestu leyti á þau rök, sem hv. flm. brtt. færði fyrir henni.

Um brtt. á þskj. 415 vil ég aftur á móti segja það, að gagnvart henni er ég sama sinnis og við 2. umr., að ég tel ósanngjarnt að hafa frádráttinn misjafnan eftir því, hve dýrt er að lifa í þeim landshluta, sem í hlut á. Ætla ég ekki að endurtaka neitt af þeim rökum, sem ég færði fram þessu viðvíkjandi við 2. umr. málsins. Ég sýndi þá fram á, að það er dýrara að uppfylla sömu þarfir í Rvík en annarsstaðar á landinu. Þessu verður ekki á móti mælt, hvernig sem menn reyna að færa það til verri vegar. Það, sem sker úr um það, hvort þörf er á að hafa persónufrádráttinn misjafnan, er það, hvort dýrara er á einum stað en öðrum á landinu að afla sér sömu lífsþæginda og lífsþarfa. Ég fullyrði, að það sé dýrara að afla sér sömu matvæla hér í Rvík heldur en í sveitum landsins, vegna þess, að meginið af þeim matvælum, sem notuð eru í sveitinni, eru framleidd á heimilunum sjálfum. Einnig vil ég fullyrða, að dýrara sé að afla sér jafngóðs húsnæðis hér en í sveitum landsins. Þessar tvær ástæður álít ég nægileg rök fyrir því, að sanngjarnt sé að gera þennan mismun, en annars mætti fleira til tína.

Hv. 2. þm. N.-M. var að tala um, að þetta mundi fram komið vegna þess, að menn veittu sér meiri lífsþægindi hér í Rvík en annarsstaðar á landinu. En þetta er atriði, sem ekki má taka til greina, heldur aðeins, að það er dýrara að afla sér sömu lífsþæginda hér en annarsstaðar.

Viðvíkjandi því, að ekki sé ástæða til að gera þetta nú, af því að það var ekki gert 1921, þá vil ég segja, að það er ekki neitt atriði í mínum augum, hvað gert hefir verið 1921. Aðalatriðið er, hvernig menn taka á þeim viðfangsefnum, sem liggja fyrir, þó að einhver vitleysa hafi verið gerð 1921 þá er engin nauðsyn að láta hana standa eða endurtaka hana.

Um brtt. á þskj. 421 frá hv. þm. Hafnf. vil ég segja nokkur orð. Fyrri lið þeirrar brtt. er ég í raun og veru ekki mótfallinn og mun ekki beita mér gegn því, að sett séu inn í frv. sem frádráttarbær útgjöld iðgjöld til stéttarfélaga, Hinsvegar álít ég, að það sé óþarfi að hækka þennan leyfða frádrátt úr 2% upp í 4%. Ég mun því flytja brtt. við þennan lið um, að þessi frádráttur verði færður niður í 2% eins og er í frv.

Viðvíkjandi 2. brtt. á sama þskj., þar sem farið er fram á, að gerður sé munur á stærri kauptúnum og sveitum, vil ég taka það fram, að ég get fallizt á hana. Hún er spor í rétta átt, því að ég lít svo á, að eftir því, sem bæirnir eru stærri, eftir því verði að öðru jöfnu dýrara að afla sér lífsþæginda, af þeim ástæðum, sem þegar eru komnar fram í þessu máli af hálfu þeirra manna, sem halda fram réttmæti þessa misjafna frádráttar. Hinsvegar sé ég ekki ástæðu til að færa þessa markalínu niður í kauptún með yfir 300 íbúa.

Það er rétt hjá hv. þm. Snæf., að það er aldrei hægt að finna fyllsta réttlæti í þessu máli. Það er aldrei hægt að vera viss um, að línan sé dregin á nákvæmlega réttum stað, en ég lít þannig á, að í smærri þorpum sé líkt háttað með lífsþarfirnar og í sveitum, og að ekki sé ástæða til að gera mun á þessu fyrr en kemur í stærri þorp á okkar mælikvarða. Þess vegna fylgi ég brtt. hv. þm. Hafnf. eins og hún er, en sé ekki ástæðu til að samþ. brtt. við hana frá hv. þm. Snæf.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Ég þarf í raun og veru ekki að gera stórvægilegar aths. út af þeim brtt., sem hér liggja fyrir í hv. d., sumpart af því að hv. 3. þm. Reykv., sem er fyrsti flm. þeirrar brtt., sem við 4 fjhnm. flytjum á þskj. 432, hefir gert grein fyrir þeim brtt., svo að ég hefi engu þar við að bæta, og sumpart af hinu, að þær umr., sem hafa orðið um aðrar brtt., sem fyrir liggja, hafa ekki gefið mér mikið tilefni til aths. Þó vil ég með fáum orðum minnast á sumar þeirra eða kannske flestar, aðeins til þess að taka fram, hvaða afstöðu a. m. k. ég og hv. 3. þm. Reykv. höfum til þeirra tillagna.

Um till. hv. þm. Hafnf. á þskj. 421, þ. e. a. s. 2. till. hans, vil ég segja það, að ég hygg, að um hana megi segja það sama og um till. hv. þm. Snæf., að sjálfsagt er hvorug þeirra í rauninni réttlát. Og það er af því, sem hæstv. fjmrh. talaði um í sinni ræðu, að það er dýrara að afla sér sömu lífsþæginda hér í Rvík heldur en annarsstaðar. Það er sérstök ástæða til að taka Rvík eina út úr í því sambandi. Samt sem áður, þótt þessar brtt. bæti ekki úr réttlætinu, þá miða þær báðar, bæði brtt. hv. þm. Hafnf. og brtt. hv. þm. Snæf., að því að létta af skattborgurunum þeim óhæfilega þunga, sem á þá er lagður með þessum l. Út frá því sjónarmiði mun ég greiða atkv. með báðum þessum brtt., en eingöngu út frá því sjónarmiði. Um hina brtt. hv. þm. Hafnf., á þskj. 426, get ég að mestu leyti tekið undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um hana. Hún er allt annars eðlis og geröskyld þeim till., sem hann ásamt mér flutti hér við 2. umr. þessa máls. Fyrir okkur vakti þá það, að tryggja hagsmuni sveitar- og bæjarfél. með skiptingu þeirra tekna, sem af frv. leiða eins og það liggur fyrir, því að með hækkun tekju- og eignarskattsins var svo mjög gengið á rétt sveitar- og bæjarfél. um tekjuöflun þeim til handa með útsvörum. Þetta var gert í viðurkenningu þess sannleika, að áður en skatturinn er hækkaður, er þegar komið í ljós, að bæjar- og sveitarfél. geta blátt áfram ekki uppfyllt tekjuþörf sína með útsvarsálagningu. Það er því augljós sannleiki, að þegar búið er enn á ný að hækka tekju- og eignarskattinn, þá bresta þær stoðir gersamlega undan sveitar- og bæjarfél. En með brtt. hv. þm. Hafnf. er hinsvegar farið fram á, að eftir að ríkið er búið að rýja skattþegnana á þann hátt, sem frv. mælir fyrir, til sinna þarfa, þá mega hlutaðeigandi

sveitar- eða bæjarfél., ef þau óska þess, beita þessari tekjuöflun bæjar- eða sveitarsjóðum til handa. Þessi leið ræður enga bót á því meini, sem við ætluðum að bæta og er eingöngu önnur leið til útsvarsálagningar fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfél. en nú er farin. Ég sé ekki, að sveitar- eða bæjarfélögin fái á nokkurn hátt bætta aðstöðu með álagning beinna skatta, þó að þessi till. verði samþ. Mér sýnist að því er Rvík áhrærir, að breyt. engin vera önnur en sú, að ef nokkur hluti þeirrar fjárhæðar, sem annars er aflað með útsvörum, er tekin á þennan hátt, þá sé, að svo miklu leyti sem tekjur koma inn með þessu móti, hinum hærri tekjum heldur ívilnað. Og það er af því, að stiginn, sem niðurjöfnunarn. hér í Rvík fer eftir við úthlutun útsvara, er hærri á háum tekjum heldur en stiginn, sem lagður er til grundvallar í frv. Ég held því, að hér sé alveg skotið framhjá markinu. að hér sé á engan hátt bætt aðstaða bæjar- og sveitarsjóða. Það er engu um þokað, að öðru leyti en því, að nokkur hluti útsvaranna er tekinn með annari aðferð, sem a. m. k. hér í Rvík hlífir háum tekjum meira en áður. Þess vegna greiði ég atkv. á móti þessari till. Hv. þm. Hafnf. taldi henni það til gildis, að hún hefði verið þrauthugsuð af fleirum en sér, og vitnaði í það, að hæstv. núv. atvmrh. hefði einu sinni borið fram svipaða till. Það er nú auðvitað enginn hæstiréttur fyrir okkur suma hér í d., þó hæstv. atvmrh. hafi einhverntíma borið svipað fram, meðan hann bar enga ábyrgð á stjórnartaumunum. Og ég vil benda hv. þm. Hafnf. á það, að þessi till. hæstv. núv. atvmrh. var um 50% álagningu á tekju- og eignarskatt, sem leggja átti á eftir öðrum og lægri skattstiga heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil ennfremur segja það út af hugleiðingum hv. þm. Hafnf. út af þessari till. hans, að ég held, að hann fari villur vegar, þegar hann telur, að með þessu móti geti hann girt fyrir, að bæjarfél. gangi lengra inn á þá braut heldur en þegar er komið, að leggja á vörugjöld, sem ekki eru annað en útflutningsgjald af framleiðsluvörum og tollur af neyzluvörum. Og það er af því, að reynslan hefir sýnt, að beinu skattarnir eru orðnir svo háir áður en þessi hækkun kemur til, að bæirnir hafa neyðzt til að fara inn á þessa braut, m. a. Rvík, undir forustu hæstv. núv. fjmrh., sem þá var formaður niðurjöfnunarn. Hv. þm. mega því ekki lifa í þeim hillingum, að þetta gjald geti komið í staðinn fyrir vörugjald; hér er aðeins um að ræða breyt. á aðferð, og það sáralitla breyt., við beitingu beinna skatta.

Um þær brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. flytur á þskj. 404, þarf ég lítið að segja, því ég er honum sammála um flest, sem hann sagði. Merkilegust er fyrsta till., sem er við 10. gr. Hún hnigur að því að nema burt agnúa, sem var á brtt. þeirri, er fjhn. öll flutti við 2. umr. og hné að mjög merkilegri leiðréttingu á einu veigamesta atriði allrar þessarar löggjafar, þ. e. a. s. gerði atvinnurekendum þessa lands kleift að létta að nokkru leyti af sér afleiðingum hins misjafna atvinnuárferðis. Sá agnúi var á till. n., að þetta ætti ekki að koma til framkvæmda fyrr en varasjóður fyrirtækjanna væri uppétinn. Það er mjög veigamikill galli, sem hv. þm. fer nú fram á, að leiðréttur sé. Enda þótt sá böggull fylgi skammrifi, að hann vill ekki láta þennan jöfnuð ná nema til þriggja samliggjandi ára, tel ég till. samt til mikilla bóta og mun greiða henni atkv. ásamt öðrum brtt. á sama þskj.

Um brtt. hv. þm. Snæf. á þskj. 438 hefi ég þegar talað í sambandi við till. hv. þm. Hafnf. á þskj. 431. Ég tel þessa till. út af fyrir sig ekki réttláta, en hún er að því leyti til bóta, að hún léttir á vissum skattborgurum það ok, sem á þá er lagt með þessum l., og mun ég því greiða henni atkv. Sömuleiðis mun ég greiða atkv. brtt. sama hv. þm. á þskj. 441. Hann svarar væntanlega sjálfur þeirri staðhæfingu hæstv. fjmrh., að till. sé óþörf vegna þess að í framkvæmdinni hafi þetta verið eins og till. gerir ráð fyrir. Hæstv. ráðh. veit vafalaust sjálfur, að þetta er ekki rétt hjá honum, og um það eru til óyggjandi gögn, sem hv. þm. væntanlega leggur fram.

Um brtt. hæstv. fjmrh. á þskj. 402 er ég í raun og veru búinn að ræða í sambandi við till. hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 404. Þar sem ég er algerlega meðmæltur brtt. hv. 2. þm. Reykv. og þar sem till. hæstv. fjmrh. hnígur alveg í öfuga átt, þá liggur í hlutarins eðli, að ég er henni mótfallinn.

Viðvíkjandi hinni brtt. hæstv. fjmrh., á þskj. 451, er það að segja, að ég tel réttlátt og í raun og veru nauðsynlegt, að skattanefndir geri skattþegnum aðvart, ef þær breyta framtali þeirra. Það er hinn minnsti réttur, sem skattþegn getur farið fram á undir slíkum kringumstæðum. Og ég veit til þess, að skattan. hafa stundum breytt framtali án þess að gera hlutaðeigenda aðvart, og breytt því skakkt, þannig að leiðrétting hefði fengizt, ef lögbundin hefði verið sú skylda, að gera hlutaðeiganda aðvart. Ég er því mótfallinn þessari till.

Um brtt. hv. þm. N.-M. og hv. þm. V.-Húnv. á þskj. 415 er það að segja, að ég er þeim andvígur, af þeim ástæðum, sem áður hafa komið fram, að það er ekki sanngjarnt, að persónufrádráttur sé hinn sami, hvar sem skattþegninn er búsettur á landinu.

Þá hefi ég lokið þeim aths., sem ég þarf að viðhafa í sambandi við einstakar brtt., sem hér liggja fyrir. En af því að þetta er síðasta umr. málsins hér í d., þá þykir mér rétt að vekja athygli á því áður en ég lýk máli mínu, að bæði hér í d. og blöðum landsins hafa verið gerðar mjög harðvítugar og margítrekaðar tilraunir til þess að telja mönnum trú um, að ég hafi farið með blekkingar í þeim tölum og skýrslum, sem ég hefi fært fram máli mínu til sönnunar. Hæstv. fjmrh. hefir sjálfur gengið fremstur í þeim fullyrðingum, og hann hefir látið sér lítilsigldari menn segja það í nafnlausum greinum, sem hann hefir ekki treyst sér til að bera fram undir sínu eigin nafni. Allt hefir þetta hnigið að því að telja blaðlesendum og áheyrendum trú um, að mínar tölur og ályktanir séu byggðar á fölskum forsendum og séu því tómar blekkingar. **(Fjmrh.:** Hvenær hefi ég sagt

það?). Ég er nú hér með hið merkilega blað „Tímann" fyrir framan mig. Þar eru greinar eftir hæstv. fjmrh. sjálfan; það er nú það skárra af þeim óþverra, sem þar er fram borinn. Ein þeirra heitir „Tekjuskatturinn og Ólafur Thors" og birtist 16. okt. Þar stendur m. a.: „Ómögulegt virðist að fá Ólaf til þess að ræða eða rita um þessi mál blekkingarlaust ..." Síðar segir svo, þegar birt hefir verið tafla hæstv. ráðh.: „Í töflu þessari er yfirlitið um hundraðstöluhækkunina miðað við skatt á lagðan með 40% álagi eins og gert var árið 1933, m. a. fyrir atbeina Ólafs Thors, og eins og gert verður í ár. Það tel ég hiklaust núverandi ástand ..." Öll greinin er ádeila á mig og allt, sem ég hefi sagt um þetta mál, út frá þeirri forsendu, að ég hafi gert vísvitandi tilraun til þess að blekkja menn með röngum tölum. Ekki fer betur fyrir þeim, sem fara að reikna eins og ég í þessu efni. Þeir fá e. t. v. ennþá verri dóm af ennþá verri mönnum heldur en hæstv. fjmrh. er þó, og í því sambandi vil ég lesa kafla úr nafnlausri grein, sem birtist 7. nóv.: „Í síðasta tölublaði „Framsóknar" er ráðizt á tekju- og eignarskattsfrv. stj. mjög á sama hátt og gert hefir verið af Morgunblaðinu og Ólafi Thors og samskonar málfærslu beitt. Birtir blaðið „töflu", sem ætlað er að sýna mismuninn á skattgreiðslunni eða skatthækkunina, sem í vændum sé. Um töflu þessa er það að segja, að hún er byggð á sama rammskakka grundvelli og útreikningar Ólafs Thors, sem marghraktir hafa verið hér í blaðinu. Skattbreyt. er miðuð við skattlögin frá 1921 og 40% álagsins, eða hinnar raunverulegu skattgreiðslu, hvergi getið í þessu sambandi". Þetta er aðeins lítið sýnishorn af þeim umr., sem verið hafa um þetta mál af hendi hæstv. fjmrh. og hans málsvara. Og eins og menn veita athygli er öll ádeilan á mig út af því, að ég hefi byggt mína útreikninga og tölur á samanburði á ákvæðum skattlaganna frá 1921 og frv. stj. eins og það liggur hér fyrir. Slíkt hefir verið talin fíflsskapur og blekkingartilraunir. Svo er náttúrlega sagt frá í þessu sama blaði, hvernig hæstv. fjmrh. hafi með sinni alkunnu speki gert mig að athlægi hér í d. (**Fjmrh.**: Ég held, að hv. þm. hafi hlotið að gera það sjálfur). Ekki er þess getið í „Tímanum". Það þykir víst mannalegra að láta hæstv. ráðh. vera þann mikla bardagamann, sem alla beygir með rökum sínum og málsnilld. Ókunnugum er ætlað að trúa því, þó þm. viti betur.

Ég hefi áður sýnt fram á, að allur minn málaflutningur er réttur, og fært fyrir því rök, sem aldrei hafa verið hrakin, af því að það er ekki hægt að hrekja þau. En nú langar mig einungis að leggja eina spurningu fyrir hæstv. fjmrh. í þessu sambandi, og ef hann svarar henni undanbragðalaust og hispurslaust, vænti ég, að hann þar með felli fullkominn Salomonsdóm í þessu máli. Mig langar til að spyrja hann, þann mann, sem semur og leggur fyrir Alþ. fjárlagafrv., sem á að sýna rétta mynd af því, hverra tekna megi vænta af hinum mismunandi gjaldstofnum, sem ríkissjóður hefir heimild til að innheimta af sínar tekjur, hvort hann hefir áætlað tekjur af tekjuskattinum eftir l. frá 1921 eins og ég, eða eftir þeim l. að viðbættum 40% álaginu eins og ráðh. nú gerir. Hafi hæstv. ráðh. reiknað tekjurnar, sem ríkissjóði er ætlað að hafa af þessum gjaldstofni, eftir l. frá 1921, þá er hann mér sammála, en þá er líka allt þvættingur, sem hann og peð hans hafa sagt í þessu máli. En hafi hann ekki gert það verður að viðurkenna, að hann hefir frá öndverðu gert skekkju, en ekki byrjað að fara með óhróður og ósannar sagnir í þessu máli, þegar hann þurfti að verja sig og koma sér úr þeirri gildru, sem ég var búinn að koma honum í. Það er nú bezt, að hæstv. ráðh., sem allt af getur talað þegar hann vill, svari þessu, og ég vona, að hann verði fljótur að rannsaka það, hvort það er ég, sem hefi farið með blekkingar í þessu máli, eða hvort það er hann sjálfur. Ég bið menn að veita því athygli, að hann hefir nú aðstöðu til að vera dómari um, ekki einungis hvað ég álít og kann að vera rétt út af fyrir sig, heldur einnig, hvað hann sjálfur áleit áður en hann komst í þann geðofsa, sem ég kom honum í við 1. umr. þessa máls.

Ætla ég svo að tylla mér niður meðan ég hlusta á úrskurð hins mikla fjármálaspekings.

**Thor Thors:** Hæstv. fjmrh. vék að brtt. þeirri, sem ég ber fram á þskj. 441 og vildi telja hana óþarfa með öllu, vegna þess að það sem hún fer fram á, fælist tvímælalaust í gildandi lögum. Ég verð að segja, að samkv. orðalagi frv. er þetta a. m. k. mjög vafasamt, því að slík launauppbót, sem hér er talað um, getur varla talizt til almenns rekstrarkostnaðar samkv. almennri málvenju. Og þegar litið er á síðasta lið 10. gr. frv. finnst mér það ennþá vafasamara, hvort hægt sé að heimfæra slíka launauppbót undir l. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar, án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé eða heimilisstjórnar (kaup ráðskonu), til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er".

Það er a. m. k. vafasamt, hvort þær launauppbætur, sem talað er um í brtt., má ekki frekar telja til gjafa heldur en rekstrarkostnaðar, þar sem þær eru framyfir alla gildandi kauptaxta og umfram alla venju. Og þó þetta sé óljóst í l., og vafasamt, hvort ekki er nauðsynlegt að kveða skýrara á um þetta, þá verður ennþá ljósara, að ástæða er til að bera fram þessa brtt. þegar athugað er, hvernig þeir, sem tekjuskattslögin eiga að framkvæma, hafa tekið í þetta mál undanfarið. Mér er það dálítið kunnugt af eigin reynslu, og ég vil þá benda á það, að árið 1930 komu menn frá skattstofunni hér í Rvík til þess að endurskoða bækur og skattaframtal þess félags, sem ég vinn við. Þeir gerðu sérstaklega og nær eingöngu þá aths. við framtalið, að með tekjum fél. hefðu ekki verið taldir ýmsir liðir, sem gengu í þessa átt, sem sé til launauppbóta og þóknana til einstakra

starfsmanna og verkamanna fyrirtækisins. Við kærðum yfir þessu framferði þeirra manna, sem skattstofan sendi, en annar þeirra hygg ég, að hafi verið núv. skattstjóri. Þáv. skattstjóri vildi ekki taka kæru okkar til greina, nema að litlu leyti. Hann svaraði með bréfi dags. 15. maí 1930, þar sem hann lætur þess getið, að fjórir liðir í umkvörtunum okkar verði ekki teknir til greina, en allir þeir liðir vörðuðu launauppbætur fyrirtækisins. Sá skattstjóri, sem þannig skrifaði okkur, heitir Eysteinn Jónsson, og er nú hæstv. fjmrh. Vona ég, að þetta sannfæri hæstv. fjmrh. um, að það er ekki að tilefnislausu, að ég álít nauðsynlegt að kveða skýrara á um þetta í löggjöfinni.

En við létum okkur ekki nægja þetta svar, heldur fórum með málið til yfirskattan., og hún féllst loks á, að slíkar launauppbætur og þóknanir skyldu dregnar frá, þegar tekjur eru gefnar upp.

Ég þykist nú hafa gert grein fyrir, að ástæða hafi verið til að bera þessa brtt. fram. Og úr því að hæstv. fjmrh. vill nú taka svona höfðinglega í þetta mál og ekki binda þetta við 10%, þá sé ég enga ástæðu til að vera að verja ríkissjóð og get fallizt á að fella þessa takmörkun niður. Mun ég bera fram skrifl. brtt. um það efni, úr því þessar uppbætur eiga nú þessum vinsældum að fagna hjá hæstv. fjmrh. Ég var þarna aðeins að hugsa um það, að ef ekkert takmark væri, gæti orðið um verulegan tekjumissi fyrir ríkissjóð að ræða, en eins og nú standa sakir er það miklu fremur skylda hæstv. fjmrh. að gæta ríkissjóðs; ég skal láta mér vel lynda að draga hér taum verkamanna, sem þessa gætu notið.

Ég vænti, að hv. dm. sé nú ljóst af orðum mínum, að það er full ástæða til þess, að þetta sé sérstaklega ákveðið í l., þar sem komið hefir upp deila um það milli atvinnurekenda og skattaframkvæmdavaldsins, hvort þetta skuli vera heimilt.

Um hinar aðrar brtt. minar, á þskj. 438, um nokkra hækkun á persónufrádrætti í kauptúnum landsins, er það að segja, að mér virtist hæstv. fjmrh. viðurkenna að það væri erfitt að draga markalínu í þessu efni, þegar á annað borð væri farið að leyfa kauptúnum hækkaðan persónufrádrátt. Verður því að taka tillit til allra kauptúna í landinu, enda er það víst, að það er mun dýrara að lifa í kauptúnum yfirleitt heldur en í sveitum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég ætla að byrja með því að svara hv. þm. Snæf. út af brtt. hans á þskj. 441.

Eins og menn muna, þá tók ég fram, að hún væri óþörf, þar sem framkvæmd skattalöggjafarinnar hefir hnigið í þá átt, að launauppbót hefir verið talin frádráttarbær. Hv. þm. Snæf. segir, að það sé mjög vafasamt, að launauppbót sé frádráttarbær samkv. frv. eins og það er nú. En ég álít, að þetta sé ekki vafasamt, því að skýlaus ákvæði eru um það í frv., að öll gjöld vegna launagreiðslu séu frádráttarbær. Þá er ekki hægt að undanskilja neinn hluta launanna, jafnvel þó að sá hluti sé ákveðinn eftir að starfstímabilinu, sem launin eru greidd fyrir, er lokið. Það er sá einn munur á fyrirfram umsömdum launum og launauppbót, að uppbótin er ákveðin í lok starfstímabilsins, en hin launin fyrirfram. Það er því ekki nokkur vafi á því, að uppbótin er rekstrarkostnaður atvinnurekenda, þó að hann sé greiddur til starfsmanna sem t. d. 200—300 kr. launauppbót í lok starfstímabils.

Þá vildi hv. þm. Snæf. halda því fram, að ástæðan fyrir því, að hann kom fram með þessa brtt. hér, væri sú, að ég hafi árið 1930, þegar ég var skattstjóri, kveðið upp úrskurð, sem sýndi, að ég hafi þá álitið, að launauppbótin ætti ekki að vera frádráttarbær. Þetta mun til komið hjá hv. þm. þannig, að ég sendi endurskoðendur skattstofunnar til Kveldúlfs til þess að athuga bókhald fél. í sambandi við skattaframtalið. Þessir endurskoðendur gerðu þá aths. við þá liði, sem þeim þótti vafi leika á um, hvort væru frádráttarbærir, og einn af þessum liðum var launauppbót og gjafir. Nú höfðu endurskoðendur fært þetta til viðbótar tekjum og þannig meinað félaginu að draga þessa liði frá tekjunum. Þannig fór þetta til fyrsta útreiknings á skatti. Þegar hinsvegar Kveldúlfur kvartaði yfir þessu, þá tók ég það strax til greina og lét það koma til frádráttar, sem var hrein launauppbót. En þeir liðir, sem þá stóðu eftir, voru liðir, sem alveg voru á takmörkunum með að vera gjafir. Það voru ýmsar þóknanir til manna, sem voru alveg á takmörkunum með að vera frádráttarbærar. Ef hv. þm. hefði sagt nákvæmlega rétt frá þessu atriði, þá hefði það sýnt og sannað, að á meðan ég var skattstjóri, hefi ég alltaf úrskurðað, að hreina launauppbót sé sjálfsagt að telja til frádráttar. Ég veit, að þeim, sem hafa talið fram hér í Rvík, eru kunnug þessi atriði, og þeir vita vel, að launauppbót er alltaf úrskurðuð til frádráttar eins og aðallaunin sjálf. Hitt hefir af skattayfirvöldum verið deilt um, hvort risna sé frádráttarbær. Og vegna þess að nokkur hluti af þessum liðum var risna (TT: Þar var engin risna). Það var mikill vafi á því, hvort ætti að telja sumt í þessum liðum launauppbót eða risnu, og því var vísað frá að telja það frádráttarbært. Það, sem ég nú hefi tekið fram, er sönnun þess, hver afstaða mín var til launauppbótar, þvert öfugt við það, sem hv. þm. vill vera láta. Þess vegna álít ég ástæðulaust að setja efni þessarar till. inn í l. Hinsvegar er leiðinlegt að fella hana, og væri því eðlilegast, að hún væri tekin aftur.

Mér finnst ekki ástæða til þess að meina atvinnurekanda að telja til frádráttar á tekjum það af verkalaunum, sem hann greiðir og gengur til kaupa á hlut í atvinnufyrirtæki atvinnurekandans, sem ekki nemur meiru en 10% af árlegu kaupgjaldi hvers einstaks verkamanns.

Þá vil ég svara nokkrum orðum ræðu hv. þm. G.-K. Þessi hv. þm. var óvanalega prúður við 2. umr. þessa máls, svo að alla undraði. Það var því eðlilegt, að hann gusaði nokkuð úr sér við þessa umr., eftir því sem hans er vani.

Hann las nú upp úr Tímanum úr greinum,

sem ég hafði skrifað í ritdeilu út af skattafrv. því, sem hér er til umr. Hann kvartaði einnig yfir því, að ég hefði borið honum það á brýn í þeim deilum, að hann hefði farið með blekkingar. Svo las hann upp ávítur til blaðsins Framsóknar út af því, hvernig það hefði tekið á málinu. Það er ekki í fyrsta skipti, sem þessi hv. þm. tekur upp skjöldinn fyrir bændastétt landsins og það, sem bændum við kemur. T. d. var þessi hv. þm. fyrir nokkrum dögum, að ég hygg í sambandi við áburðareinkasölu, að hjálpa hv. þm. V.-Húnv. Það virðist vera eitthvert náið samband bæði á milli þm. bændaflokksins og blaðs bændaflokksins annarsvegar og þessa hv. þm. hinsvegar, því að ef hnýtt er í þm. eða blað þess flokks, þá rýkur þessi hv. þm. strax upp til andsvara. Þetta er ekkert undarlegt frá sjónarmiði þeirra, sem þekkt hafa til stjórnmálanna hér á síðasta ári.

Hv. þm. G.-K. sagði, að ég hefði borið það fram sem rök fyrir því, að hann hefði farið með blekkingar, að hann hefði meðað samanburð á skattagreiðslum nú og áður við samanburð á þessu frv. við skattalögin frá 1921. Það er rétt, að ég miðaði við þetta.

Annað atriði hjá hv. þm. var, að hann var að streitast við að komast hjá því að miða skattaupphæð við hreinar tekjur, og var hann því að böggIast við að reikna út, hvað skattálagning af þessum eða hinum tekjum ætti að vera, og að þessu var hann aðeins til þess að hafa lægri tekjuupphæð til þess að tala og rita um og til þess að menn skildu blekkjast til að halda, að hluti af því, sem taldar væru hreinar tekjur hans, væri laun manna, sem hann hefði að réttu átt að fá að telja til frádráttar. Þessi hv. þm. sá það, að ef miðað væri við hreinar tekjur í þessu efni, þá sýndi sig það, sem hv. þm. vildi ekki, að kæmi í ljós, að skattbreyt. samkv. þessu frv. verða þannig, að skattur er lækkaður á öllum lágtekjumönnum, en ekki hækkaður, eins og hann þó hélt fram.

Ég hélt, að þetta atriði hefði verið útrætt okkar á milli hér við fyrri umr. þessa máls og í blaðadeilum. En það lítur nú út fyrir, að hv. þm. sé ekki ánægður með sinn hlut, fyrst hann fer nú að tönnlast á þessu hér. Tek ég þetta sem yfirlýsingu frá honum um, að hans hlutur hafi verið þannig, að það hafi þurft að rétta hann við. Hann reynir að rétta hlut sinn með því að gera fyrirspurn um, hvort ég hafi í fjárlagafrv. reiknað með þessari 40% skattaviðbót. Það veit hv. þm. vel, að ég gerði ekki, af þeirri ástæðu, að þegar fjárlagafrv. var lagt fram, þá var ekki búið að samþ. 40% álagið. Og rökstuðningur minn um það, að hv. þm. hafi ekki farið með rétt mál, heldur blekkingar, var sá, að hans flokkur var með því, ásamt þeim flokki, sem hann stóð í sambandi við, að samþ. þennan skattstiga á þingi 1933. Ennfremur virðist svo sem þessi hv. þm. og hans flokkur hafi gengið frá fjárlagafrv. fyrir árið 1934 með tilliti til þess, að 40% álagið héldist áfram. M. ö. o.: þetta 40% álag átti að gilda fyrir árið 1934, þó að það væri ekki formlega samþ. þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Þetta var hið raunverulega ástand um skattaálagningu 1933 og 1934 og því hin eina rétta leið til þess að hjálpa mönnum til að átta sig á breyt., að miða breyt. við þetta viðurkennda ástand. Enda hefir það komið í ljós á þingi, að þegar rætt hefir verið um þetta 40% álag, þá hefir Sjálfstfl. ekki treyst sér, þrátt fyrir bezta vilja, til þess að ganga á móti álaginu, vegna þess að sá flokkur við samþ. fjárlfrv. fyrir árið 1934 gekk út frá því, að þetta álag væri látið haldast fyrir það ár.

Þegar hv. þm. skrifaði síðustu grein sína um þetta mál, þá er búið að samþ. þetta álag, sem hér er um að ræða; eða þó a. m. k. þegar hann var síðast að ræða um málið í þessari hv. d. Þetta var því fast og vitað ástand.

Annars er það ekki stórfellt atriði, hvort miða beri við þetta eða hitt í þessu sambandi, því að það átti fyllilega rétt á sér að miða við hvorttveggja, sem til greina kom.

Ég vil nú ekki eyða tíma hv. d. með því að skattyrðast við hv. þm. G.-K. um þetta atriði. Ég ætla, að það liggi svo ljóst fyrir, að hver heilvita maður, sem vill kynna sér það, geti um það dæmt.

**Páll Zóphóníasson:** Vegna þeirra aths., sem komið hafa fram viðvíkjandi brtt. minni, vil ég benda á það, að hv. þm. G.-K. talaði um, að sjálfsagt sé að samþ. brtt. á þskj. 432, 2 lið, þar sem lagt er til, að skylt sé að gera framteljanda aðvart um breyt., sem skattan. gerir á framtali hans. En sá hv. þm. hélt því fram, að ekki beri að samþ. brtt. hæstv. fjmrh., sem gerir ráð fyrir, að skattan. geri framteljanda ekki aðvart um þessar breyt., þegar það liggur alveg augljóst fyrir, að um skekkju í framtali sé að ræða.

Ég skal taka dæmi, og ég bið svo hv. þm. G.-K., sem ég geri ráð fyrir, að þekki dæmið, að svara því, hvort þörf sé að tilkynna hlutaðeigandi breyt. í slíku tilfelli. Nú gleymir einhver að telja fasteign, sem hann á, fram til eignar, t. d. eina jörð af 18. Er þá ekki nóg að bæta þessari eign við á framtalsskýrslu hans, ef nægar upplýsingar eru fyrir hendi um rétt hans til eignarinnar?

Hv. þm. G.-K. sagði, að hann mundi verða með brtt. frá hv. þm. Snæf. á þskj. 438 og brtt. hv. þm. Hafnf. á þskj. 421, og svo bætti hann við, að þetta mundi hann gera eingöngu vegna þess, að skattar væru nú of háir, og þetta væri því til þess að lækka skattabyrðina. Ég vil biðja þennan hv. þm. að útskýra fyrir okkur það réttlæti, sem í því er fólgið, að taka fyrir helming þjóðarinnar og létta sköttum af þeim skattþegnum, án þess að létta skattabyrðar hins helmings þjóðarinnar. En þetta er það, sem hv. þm. vill gera. Þetta er hans réttlæti og jöfnuður.

Ef skattstiginn er nú of hár, þá á hann að lækka, og skyldi ég þá glaður vera með þeim breyt., þegar búið væri að sannfæra mig um það, að hann væri of hár. En það er ekkert vit í því að létta sköttum af nokkrum hluta þjóðarinnar með því að hækka persónufrádrátt hjá þeim hlutanum, en láta þennan frádrátt standa óbreyttan hjá hinum hluta þjóðarinnar.

Hæstv. fjmrh. talaði um það, að þar sem menn kostuðu misjafnlega miklu til sinna lífs-

þæginda, þá væri sjálfsagt að hafa persónufrádráttinn misjafnan eftir því. En það verður að bera saman samkynja lífsþarfir, annars verður samanburðurinn ekki réttur. Þetta er ekki gert. Vill ekki hæstv. ráðh. skýra mér frá því, hvar annarsstaðar á landinu hann getur fundið sambærilegar þarfir við þær, sem menn hafa hér í Rvík. Hvar á landinu eru þær? Hvar? Hvar annarsstaðar á landinu eru mörg þau lífsþægindi, sem hið opinbera skapar okkur hér í Rvík? Hér stígum við út úr dyrunum á asfalteraða götuna, hér stígum við upp í strætisvagninn þegar við viljum, hér fáum við póstinn borinn heim til okkar oft á dag o. s. frv. Þess vegna er ekki hægt að finna neitt réttlæti í því að hafa frádráttinn misjafnan á þessum grundvelli. Það á að bera saman samkynja þarfir.

Hæstv. fjmrh. talaði um, að hinar algengu lífsnauðsynjar manna væru dýrari hér í Rvík en annarsstaðar á landinu. Það er nú svona upp og ofan. Hvort kosta t. d. kol meira hér á hafnarbakkanum eða þegar búið er að flytja þau 180 km. upp í sveit? Hvort kostar hveiti eða haframjöl meira hér á hafnarbakkanum eða þegar búið er að flytja það héðan út um landið? Hvort kostar meira, að baka brauð við kolin hér eða þegar búið er að kosta til flutnings á þeim út um landið? Það kann nú e. t. v. einhver að segja, að í sveitum sé hægt að nota til bökunar mó. En einn hv. fyrrv. fulltrúi Sjálfstfl., formaður hans, Jón Þorláksson, hefir sýnt, að mór getur orðið nokkuð dýr. Og fyrst honum auðnaðist ekki að geta látið vinna hann ódýrara en kol, þá býst ég ekki við, að hv. sjálfstæðisþm. treysti bændum almennt til þess.

Hinsvegar er það satt, að einstakar lífsnauðsynjar eru dýrari hér í Rvík heldur en annarsstaðar á landinu. En það, að sumt er dýrara hér en annarsstaðar á landinu og sumt aftur ódýrara, það étur hvað annað upp, þegar um nauðþurftir er að ræða.

En hér í Rvík eru vitanlega til þarfir, sem ekki eru til annarsstaðar á landinu, sem menn hafa búið til og sem villa mönnum sýn, og þeirra vegna vilja menn hafa persónufrádrátt meiri hér en annarsstaðar á landinu. Þegar það er athugað, hvaða tekjur fólk hefir úti um land, hver treystir sér þá til að fullnægja þar þeim kröfum, sem hér í Rvík eru gerðar til lífsins? Og hvað kostar að fullnægja þeim kröfum hér, sem fólk úti um land yfirleitt gerir nú til lífsins?

Miðað við það, að lífsþarfirnar eru nú að verðlagi komnar niður í 234, en voru 446 árið 1925, þá er hér um verulega hækkun á frádrætti að ræða. Og ég á bágt með að trúa því, að þeir 15 þm., sem voru með því á þinginu 1925, þegar skattalöggjöfinni var síðast breytt, að hafa frádráttinn jafnan alstaðar á landinu, hafi nú fundið nokkra gilda ástæðu fyrir því, að rétt sé að lögfesta nú að hafa hann ójafnan, — ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að hv. þm. sýni það ranglæti og fari að láta sín ákvæðin gilda í hvoru, kaupstöðum og sveitum, og þar með ívilna þeim mönnum, sem í kaupstað búa, í skatti.

**Bjarni Bjarnason:** Ég er í höfuðatriðum sammála síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. N.-M., og get því fallið frá orðinu.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Ég finn mig engan mann til þess að mæta hv. 2. þm. N.-M. Ég ætla að láta jötuninn, sem situr í fjármálaráðherrastóli svara honum, því að kunnugir bítast bezt. En hæstv. fjmrh. ætla ég að svara nokkrum orðum.

Hæstv. ráðh. var að bera mér það brýn, að ég væri illkvittnislegur í ádeilu minni á hann nú, en það hefði ég ekki verið við 2. umr. þessa máls. Það er ekki karlmannlegt af þessum mönnum, sem standa að ógeðslegustu sorpblöðum landsins að kveina og emja, ef á þeim er tekið vettlingalaust. Ég var auk þess mjúkhentur á hæstv. ráðh. að þessu sinni. Ég læt það ekkert draga úr mér að hirta þessa þm. öðru hvoru, þó að þeir kveini undan því og kalli það strákskap. Það verður ekki hjá því komizt að segja þeim til syndanna. En slíka menn þarf að taka sterkari tökum en æskilegt er að þurfa í þingsölunum.

Hæstv. ráðh. kvað þetta útrætt mál okkar í milli. Það getur vel verið. En mér þótti gaman að því eftir umr., að dómur félli í þessu máli, og að hæstv. ráðh. væri sjálfur dómarinn. Það var tilraun, sem ég gerði í minni fyrri ræðu, tilraun, sem tókst og ég get verið fyllilega ánægður með. — Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði ekki í fjárlfrv. byggt útreikning sinn á þeim tekjum, sem tekju- og eignarskatturinn færði, ef 40% álagningin skyldi gilda. Hann sagði, að þetta hefði verið af því, að ekki hafi verið búið að ákveða, hvort hún skyldi gilda eða ekki. Þetta er rétt. En ef þetta er rétt hjá hæstv. ráðh., þá er líka allt rétt sem ég sagði í málinu. Hæstv. ráðh. getur ekki búizt við, að ég byggi útreikninga mína á öðru en hann, þegar hann er að flytja Alþ. boðskap sinn um þá tekjuvon, sem til greina komi. Hæstv. ráðh. færir þau réttu rök fyrir því, að hann hafi ekki leyft sér að byggja á 40% álagningunni, að hún hafi ekki verið lögfest. Af sömu rökum var mér ekki heimilt að byggja á henni.

Þegar nú hæstv. ráðh. er búinn að kveða upp yfir sjálfum sér þann dóm, að allt, sem hann hafi sagt, sé dautt og ómerkt, en þann dóm hefir hann ekki áður fengið, enda þótt sumir aðrir þdm. hafi stundum orðið að sæta slíkum dómi og fjársektum með, þá fer að slá út í fyrir honum. Hann fer að draga úr og færa það til afsökunar, að ég og Sjálfstfl. hafi á þingi 1933 lofað, að 40% viðaukinn skyldi gilda áfram. Þetta væru tyllirök, þó að það væri satt. Ef hæstv. ráðh. taldi þessi loforð ekki þess virði, að þau gæfu tryggingu í þessu efni, þá var ekki heldur ástæða til fyrir mig að leggja nokkuð annað til grundvallar mínum útreikningum en hann gerði. Auk þess er staðhæfingin röng. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, rifja upp fyrir honum nokkur ummæli, er sýna þetta. Frv. um 40% viðaukann var lagt fyrir Alþ. í lok reglulegs þings 1933, sem sé síðasta dag þingsins. Af hendi Sjálfstfl. tóku aðeins þrír til máls, Magnús Guðmundsson, Magnús Jónsson og ég.

Magnús Guðmundsson var þá ráðh. Hann sagðist aðhyllast frv. til bráðabirgða og einungis af nauðsyn. Ég sagðist vera frv. mótfallinn og samþ. það nauðugur. Og Magnús Jónsson sagði: „... ég mun ekki greiða atkv. með þeim hluta þessarar till., sem er um viðauka við tekjuskattinn. Ég álít, að það mesta, sem geti komið til greina í því efni, sé, að tekjuskatturinn sé innheimtur með sama viðauka og á síðasta ári ...“ (Alþt. 1933, B, d. 1287).

Sjálfstfl. hefir því ekki einu sinni gefið hæstv. ráðh. átyllu, hvað þá öryggi um, að hann mætti byggja á slíku loforði flokksins. Og dómur hæstv. ráðh. í málinu er skýr. Hann telur sér ekki heimilt að reikna með 40% álagningunni, þegar tekjur eru áætlaðar. Það eina, sem heimilt er að byggja á, eru l. frá 1921, segir hæstv. ráðh., þangað til búið er að samþ. 40% viðaukann. Þar með hefir hæstv. ráðh. staðfest, að allt, sem ég hefi sagt, sé rétt, og að jafnframt sé það rangt, sem hann hefir haldið fram. Þessi játning, sem í fyrsta lagi kemur fram skýr og ótvíræð í gerðum hæstv. ráðh., þegar hann semur fjárl.frv., var endurtekin í ræðu hans með lélegri tilraun til að breiða yfir allt saman. Er það ánægjulegt fyrir mig, eftir að hafa staðið í hörðum deilum við hæstv. ráðh. um þetta atriði, bæði í blöðum og hér í d., að geta nú lokið þeirri deilu með því að láta sjálfan sökudólginn fella þennan dóm um ágreiningsatriði okkar.

Að hæstv. ráðh. lýkur ræðu sinni á þeim orðum, að þetta sé ekki mikilvægt atriði, sýnir, að hann er nú að gugna á því að verja rangan málstað. Þetta atriði hefir nefnilega verið meginundirstaðan undir öllum okkar ágreiningi. En eftir að ég hefi knúið hann til að kveða upp þennan dóm, endar hann með að segja, að þetta sé ekki mikilvægt atriði.

Ég get endað mál mitt með því að lýsa tvöfaldri ánægju minni yfir niðurstöðu þessarar deilu. Í fyrsta lagi ánægju yfir því, að ég hefi getað sannað minn málstað með orðum hæstv. ráðh. sjálfs, og í öðru lagi yfir því, að þessi ungi maður hefir nú í fyrsta skipti, svo að ég viti til, gugnað á því að verja rangan málstað. Hefi ég ekki séð það fyrr en nú, og er ánægjulegt fyrir mig að hafa fyrstur orðið til að vekja sómatilfinningu hans. Vona ég, að hann haldi nú áfram á þeirri braut, að láta rétt rök ráða, og venjist því æ betur, eftir því sem aldur færist yfir hann. Hafi mér tekizt að valda algerðum sinnaskiptum í huga þessa unga ráðh., tel ég mig hafa unnið þarft dagsverk, því að ég hefi alltaf haft von um, að nokkurs mætti af honum vænta, ef hægt væri að leiða hann á rétta götu, en um það atriði hefi ég annars alltaf verið heldur vondaufur. Og mun ég nú með góðri samvizku njóta hvíldar eftir vel unnið og mikið dagsverk.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er auðheyrt á hinni löngu ræðu hv. þm. G.-K., að hann leggur mikið upp úr því, hvernig þessi deila endar. Er það ljóst af öllu, að hv. þm. er ekki ánægður með þann hlut, er hann ber frá viðskiptunum.

Hv. þm. heldur því fram, að ég hafi, með því að taka ekki tillit til 40% viðaukans við samningu fjárl. fyrir 1935, viðurkennt, að það væri ekki núv. ástand að leggja á tekjuskatt með 40% viðauka. Kringum þetta var svo vafið miklu af útúrsnúningum, sem erfitt var fyrir hlustendur að átta sig á.

Það er, eins og kunnugt er, ekkert nýmæli, sem hér um ræðir, að ekki sé í fjárl. reiknað með tekjustofni, sem þó er öruggt, að samþ. verði. Ég hefi aldrei haldið því fram, að þetta hafi verið gildandi l., þegar fjárl.frv. var samið, en hitt hefi ég sagt, að flokkur hv. þm. var búinn að ganga svo frá málinu, að öruggt átti að mega telja, að það yrði l.

Í fjárl.frv. er aldrei reiknað með tekjuöflunarfrv., sem lögð eru fram jafnhliða, enda þótt þeim sé tryggður framgangur. Ég reiknaði heldur ekki með tekju-og eignarskattsfrv., þótt öruggt væri, að það gengi fram. Þetta veit hv. þm., að er föst venja. Í þessu eru engin úrslit fólgin á deilu okkar.

Hv. þm. segir, að Sjálfstfl. hafi ekki ætlað að framlengja 40% viðaukann fyrir 1934, enda þótt yfirlýst sé af fyrrv. fjmrh., að gert hefði verið ráð fyrir því sem vísu, að hann yrði framlengdur fyrir það ár. Hv. þm. veit, að flokkur hans beitir sér ekki á móti þessu máli nú, af því að hann skoðar sig ábyrgan fyrir því, að þetta tillag verði innheimt. Þetta vita allir. Að Magnús Jónsson, hv. 1. þm. Reykv., var ekki með málinu, þarf engan að undra. Það er bara algengt fyrirbæri innan Sjálfstfl., að einn maður fær að taka sig út úr, ef óhætt er að öðru leyti, til að lofa honum að taka sig út í augum kjósenda. Þessi afstaða kom sér vel fyrir Magnús Jónsson, enda reið ekki þá á atkv. hans. Yfirlýsingar flokks, sem þannig hagar starfi sínu, og einstakra manna innan hans, eru að engu hafandi.

Það, sem ég hefi sagt, er því rétt. Núv. ástand var það, að innheimta skattinn með 40% álagningu, enda þótt það væri ekki formlega samþ. þá, því að vitað var, að það myndi verða samþ. Hv. þm. vill láta líta svo út sem deila okkar hafi staðið um þetta atriði, en svo er ekki. Hún stóð um það, hvort hækkaður væri skattur á lágtekjumönnum eða ekki. Hann hélt því fram, að skatturinn væri hækkaður á lágum tekjum, og notaði til þess hin og þessi brögð, vildi m. a. ekki viðurkenna núv. ástand í þessum efnum. En nú er lækkaður rostinn í hv. þm. Hann er hættur að halda því fram, að með frv. sé hækkaður skattur á lágtekjumönnum og hlutfallslega meira en á hátekjumönnum. Hann hefir sem sé fengið skömm í hattinn hjá flokksmönnum sínum, hátekjumönnunum, fyrir að vera að tala um, að skatturinn væri ekki hækkaður nægilega á þeim. Síðan hefir hann ekki ymprað á þessu atriði. Annars sá ég ekki, að hann greiddi því atkv., að skattur yrði hækkaður á hátekjumönnum, enda þótt hann talaði um það af mikilli vandlætingu við fyrri umr., hvílíkt ranglæti frv. gerði lágtekjumönnum.

Hv. þm. hefir fengið snuprur hjá kjósendum sínum, hátekjumönnunum í Sjálfstfl., og

verð ég að segja það honum til hróss, að hann hefir haft vit á að fara þar eftir.

**Emil Jónsson:** Ég ætla að segja nokkur orð út af ummælum, sem komið hafa fram um brtt. þær, sem ég ber fram eða flyt ásamt öðrum.

Hv. þm. Snæf. ber fram brtt. við mína brtt., þess efnis, að persónufrádráttur sé gerður jafn í öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins utan Rvíkur, sem hafa yfir 300 íbúa. En þetta væri ekki réttlátt. Það, sem réttlætir, að kaupstöðunum sé mismunað í þessu tilliti, er það, að misdýrt er að lifa í þeim. Hlýtur þetta þá alstaðar að miðast við fólksfjölda þann, sem á þessum stöðum er saman kominn, því að fólksfjöldi skapar öðru fremur dýrtíð. Ég tók með kauptún með yfir 1000 íbúa, til þess að gera þeim ekki órétt, því að það eru til kauptún með yfir 1000 íbúa, eins og til eru kaupstaðir með allt niður í 900 íbúa.

Hv. 2. þm. N.-M. heldur því fram í alvöru, að ekki eigi að gera mun á persónufrádrætti á ýmsum stöðum landsins. Hann bendir á, að samkv. útreikningi Hagstofunnar hafi visitalan fyrir 5 manna fjölskyldu 1921 verið 446 miðað við 1914, það hafi því verið 4½ sinnum dýrara að lifa 1921 en 1914. Aftur sé visitalan nú 234. Þetta vill hann nú nota sem rök fyrir því, að persónufrádrátturinn eigi ekki að hækka, að framfærslukostnaður sé nú minni en 1921. Það er rétt, að nú er ódýrara að lifa en 1921, en staðhæfingin er röng að því leyti, að persónufrádráttur var of lágt reiknaður 1921. Með persónufrádrætti er átt við það, að leggja skuli skatt á þær tekjur, sem eru umfram það, sem maður þarf til að fleyta sér og sínum. Þessi grundvallarhugsun hefir alltaf verið höfð til hliðsjónar, þegar jafna skyldi niður tekju- og eignarskatti. En röksemd hv. þm. stenzt ekki, því að með þeim frádrætti, sem nú er gert ráð fyrir, er ekki enn komið að því marki, sem táknar það, hverja upphæð þarf til að geta framfleytt lífinu nokkurn veginn sómasamlega. Og hv. þm. veit, að það er misjafnt, hvað maður þarf sér til lífsviðurværis í sveitum og kaupstöðum hér á landi. Hv. þm. segir, að taka verði tillit til þess, að lífsþægindi eru meiri í Rvík en úti um land, og er það rétt, að lífsþægindi eru hér meiri, en það er ekki þetta, sem til greina kemur, heldur verð nauðsynjanna. T. d. er húsaleiga ein oft meira en 100% dýrari í Rvík en í sumum kauptúnum og sveitum, miðað við samskonar húsakynni.

Hv. þm. Snæf. sagði, að ekki væri auðvelt að setja glögg mörk í þessum efnum. Það er rétt, en einhversstaðar verður þó að setja mörkin. Ég gæti gengið inn á það, að fella niður kauptúnin úr till. minni, ef það gæti orðið til samkomulags.

Þá minntist hæstv. fjmrh. á, að hann gæti fallizt á að taka til greina till. um, að stéttarfélögin yrðu tekin með, enda er það sanngirnismál. En ekki get ég viðurkennt staðhæfingu hans, að óþarft væri að hafa frádráttinn hærri en 2%. Mér er kunnugt, að í sumum stéttarfélögum í Rvík eru félagsgjöld allt að 100 kr. (Rödd: Það eru pólitísk félög). Nei, það er t. d. félag járniðnaðarmanna, sem allra flokka menn eru í. Þetta tillag greiða þeir aðallega til sinna tryggingasjóða. Þurfa þeir að hafa 5 þús. kr. laun til þess að fá þennan eina frádrátt frían, miðað við 2%. Þá eru ótalin tillög til sjúkrasjóða og annara styrktarsjóða, sem þeir kunna að greiða. Og samskonar tillög til stéttarfélaga erlendis eru frádráttarhæf, hversu há sem eru, og þó eru slík tillög hærri í þeim löndum, sem hafa fullkomnari fagsambönd heldur en hér á sér stað. En ef við eigum að setja hámark, sem aðrar þjóðir gera ekki, sé ég ekki, að það megi vera lægra en 4%.

Þá vil ég minnast á brtt. á þskj. 426 og ummæli hv. þm. G.-K. Hann hvað hana gerólíka till. fjhn. Ekki veit ég í hverju sá mismunur liggur. Báðar gera ráð fyrir, að nokkur hluti af sama tekjustofni renni til bæjar- og sveitarfél., og það jafnhár hluti. Þar gerir önnur till. ráð fyrir 50% viðauka, en hin, að þessi hluti sé tekin samkv. frv. eins og það var. Mig minnir, að ég tæki fram við 2. umr., að ég gæti ekki fylgt þeirri brtt., af því að ekki er séð fyrir, hvernig ríkissj. ætti að fá tilsvarandi tekjur á annan hátt, en ekki af því, að ég væri á móti þessu í sjálfu sér. Mér virðist enginn eðlismunur annar en sá, að við gerum ráð fyrir, að þetta sé viðbót við þann tekjuskatt, sem var.

Þá sagði hv. þm., að verið væri að hlífa hátekjunum. Ekki fellst ég á það. Hér er bent á þá braut að taka nokkuð af útsvörum, gjöld, sem bæjarfél. þurfa að fá í Rvík og annarsstaðar, á þennan vissa, lögákveðna hátt. Þar með er líka útilokað, að bæirnir geti tekið þennan hluta tekna sinna sem t. d. rekstrarútsvar en aðeins af tekjum og eignum. Það er alkunnugt, að lögð eru á í Hafnarfirði og eins í Rvík, að ég ætla, útsvör á þær stofnanir, sem ekki hafa gefið tilefni til þess með tekjum og eignum einum, heldur rekstrarútsvör, eins og það er almennt kallað. Þetta er fellt niður að þessum hluta með þessu móti, og ætla ég það vera í samræmi við það, sem hv. þm. G.-K. hefir um þau mál sagt.

Frv. núv. hæstv. atvmrh. 1930 var árangur af starfi milliþn. og ætti því að vera betur hugsað en frv. einstakra þm., sem hafa takmarkaðan tíma. En hv. þm. kvað það ekki sambærilegt við það frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess að skattstiginn væri ekki eins. Ég held aftur á móti fram, að þeir séu líkir. Hefi ég athugað þetta betur síðan þessi ummæli féllu, með þeirri niðurstöðu, að allt upp í 12 þús. kr. tekjur munar á skattinum eftir frumvörpunum frá 10 til 20 kr. eftir því, hvar í stiganum er, 20 kr. á 12 þús. kr. Á hærri en 12 þús. kr. tekjum er mismunurinn meiri, en sannast að segja þar ég ekki eins mikla umhyggju fyrir að reikna út hærri tekjurnar. En mismunurinn er til lækkunar, en ekki hækkunar á lægri tekjunum. Persónufrádrátturinn var að vísu nokkru hærri samkv. frv. 1930. Það gerir nokkurn mun, en ekki verulegan. Þess vegna er útkoman sú, að frumvörpin eru vel sambærileg um skattstigann, a. m. k. allt upp í 12 þús. kr.

Ég ætla, að það væri hv. 3. þm. Reykv., sem sagði, að Alþýðufl. væri horfinn frá þeirri götu,

sem hann þóttist vera á, að taka beina skatta, og lagður inn á leið hinna óbeinu skatta. Þetta er ekki rétt, og er þetta frv. fram komið til þess að undirstrika þá stefnu, sem Alþýðufl. hefir. Enda býst ég við, að flestir í Alþýðufl. séu þeirrar skoðunar, að hinir ýmsu kaupstaðir hafi ekki lagt út á heppilega leið með álagningu vörugjalds á nauðsynjavörur.

Að lokum vil ég vænta þess, að þeir þm., sem telja það ekki réttmætt að hafa persónufrádráttinn mismunandi á ýmsum stöðum á landinu, hugsi sig vel um, áður en þeir greiða atkv. móti því. Hér er áreiðanlega um réttmætt atriði að ræða, og það er ekki af neinni tilhneigingu til að lækka skattstigann, eins og virtist skína í hjá hv. þm. G.-K., heldur þvert á móti aðeins til að færa frádráttinn í réttlátara horf.

**Thor Thors:** Hæstv. fjmrh. hefir nú orðið að viðurkenna, að sú staðhæfing, sem hann slóð fram í sinni ræðu, að brtt. mín sé óþörf, á ekki við rök að styðjast. Ég hefi bent honum á framkomu hans sjálfs sem skattstjóra. Hann vildi reyna að verja sig með því, að hann hefði tekið til greina upplýsingar frá okkur. Og hann benti á þann lið, sem hann vildi kalla launauppbót. En það var nú svo, að hæstv. fjmrh. sá ekki ástæðu sem skattstjóri til að taka til greina nema einn af fimm liðum, sem við tilfærðum undir þessu nafni, launauppbót og þóknanir. Við urðum því að halda málinu áfram til yfirskattan., sem féllst loks á, að þetta væri rétt hjá okkur. Hæstv. fjmrh. tók sem skattstjóri aðeins til greina einn lið, að upphæð um 3600 kr., en neitaði fjórum liðum, alls um 14 þús. kr. Hæstv. fjmrh. vildi láta líta svo út, sem hér hafi verið um risnu að ræða. En þetta er alrangt. Þetta voru eingöngu launauppbætur og þóknanir til starfsmanna og verkamanna, enda sannar úrskurður yfirskattan., að svo var. Annars hefði hún ekki breytt úrskurði skattstjórans og talið alla þessa liði frádráttarbæra. Þetta sýnir, að full ástæða er til að kveða skýrt á um þessa hluti í lögum, þegar skattayfirvöldin greinir jafnmikið á í þessu máli eins og ljóst er af þessu eina dæmi.

Ég skal ekki fara út í rökræður við hv. þm. Hafnf. um réttmæti till. minnar, að miða persónufrádráttinn við öll kauptún. Hann hefir sjálfur orðið að viðurkenna, að það er ekki hægt að finna neina allsherjarréttlætislínu í þessu máli, úr því að annars er farið inn á þessa braut. En ég vil benda honum á, að liðir eins og húsaleiga er mjög svipaður í öllum kauptúnum landsins, hvort sem þau eru stór eða smá. **(EmJ:** Nei). Jú, þetta er staðreynd, sem má sýna með tölum. Ýmsir aðrir liðir til lífsframfærslu eru líkir í hinum ýmsu kauptúnum landsins.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Hv. þm. Hafnf. sagði, að sér væri ekki ljóst, í hverju lægi munur á þeirri till., sem hv. 3. þm. Reykv. og ég fluttum við 2. umr., og þeirri, sem hann flytur ásamt fleiri þm. við þessa umr. Munurinn er ákaflega mikill og ákaflega greinilegur, og þessi hv. þm. skilur hann fullkomlega vel, hann er það glöggur í hugsun.

Það, sem fyrir okkur vakti, var það, að reyna að gera tilraun til þess að bjarga handa bæjar- og sveitarfél. þessum gjaldstofni að nokkru leyti. Þetta mistókst. Þar með er allur höfuðtilgangur okkar útilokaður. Þessi hv. þm. fer hinsvegar fram á, að lagður sé á borgarana viðbótarskattur, er falli bæjarsjóði. Þetta er sá stóri munur á okkar till. og hans. Það, sem eftir er, er þá ekki annað en mismunandi leiðir til að leggja á útsvör eftir efnum og ástæðum. Í sambandi við það, sem hv. þm. sagði út af frv. því, sem hæstv. núv. atvmrh. lagði fyrir Alþ. 1930, vek ég athygli hans á því, sem hann drap á sjálfur, að höfuðmunur þess frv., einmitt að því er snertir lágtekjurnar, var sá, að það ætlaðist til, að persónufrádráttur væri miklu hærri. Þannig átti frádráttarheimild fyrir hjón í kaupstað að vera 2200 kr., í stað 1 þús. kr. áður og eftir þessu frv. 1500 kr. Þetta er ákaflega mikill munur. Og þetta út af fyrir sig gerir frv. og skattstigana allt að því ósambærilega í þessu sambandi, sem við deilum um.

Ég má svo ekki vegna hæstv. forseta tala lengra mál til hv. þm.

Ég hefi í sjálfu sér ástæðu til að víkja nokkrum orðum að hæstv. fjmrh., þó ekki vegna þess, að það geti verið lengur neinum manni dulið, að hann hefir farið villur vegar í öllum höfuðatriðum í okkar deilu. Hann játar bert með samningu fjárl., að allt hans hjal um það, hvort Sjálfstfl. hefir lofað meira eða minna um framlengingu á 40% viðaukanum kemur ekki þessu máli við. Höfuðatriðið er það, að sjálfur hæstv. ráðh. telur sér ekki heimilt að reikna með þeirri álagningu fyrr en búið er að samþ. þá álagningu á þessu þingi. Af alveg sömu ástæðu er mér það óheimilt, því að ekki var búið að samþ. viðaukann þegar okkar deila stóð. Þetta er kjarni málsins, sem hæstv. ráðh. þýðir ekkert að skjóta sér á svig við, með því að segja, að það komi ekki okkar deilu við. Við deildum um, hvort hækkaður væri skattur á lágtekjum eða ekki, og mátti þá hæstv. ráðh. skilja, að ekki var deilunni óviðkomandi, hvort miðað var við 40% álag eða ekki. Grundvöllurinn undir okkar rökræðu stendur og fellur með því, hvort miða megi við 40% viðaukann eins og hann gerir, eða eigi að miða við l. frá 1921, eins og ég geri. Sjálfur hefir hann kveðið upp þann dóm í málinu, með samningu fjárl., að mín aðstaða sé rétt, en hans röng.

Af þeim yfir hundrað villum, sem hæstv. ráðh. gerði í þessu fjárlfrv. og við þurftum að leiðrétta — og allar voru leiðinlegar — var ein síðust, verst og mest. Ég var nefnilega búinn að koma þessum hæstv. ráðh. á götu sannleikans. En skjótlega veik hann aftur út af þeirri götu. Það er versta villan, sem hann hefir gert í þessu sambandi.

Ég þarf ekki að ræða meira um þessa deilu. Játning hæstv. ráðh. liggur nú þegar fyrir skrifl. opinberlega. Reyni hann að breyta þeim ræðum, sem hann hefir flutt, með því að aflaga hin góðu handrit háttv. þingskrifara, þá

skal ég sjá um, að minar ræður verði réttar. Og það skal koma fram, hvaða dóm hann hefir kveðið upp í fjárl.

Að lokum vil ég segja, að það er leiðinlegt að heyra þau orð úr ráðherrasæti, að yfirlýsing einstaks þm. úr Sjálfstfl. séu ómerk orð, vegna þess að ekki sé víst, að allur flokkurinn sé sömu skoðunar. Hæstv. ráðh. á að láta sér nægja að hafa sjálfur gengið undir það ok að hafa enga aðra sannfæringu en þá, sem meiri hl. hans flokks segir honum að hafa, og að hafa tekizt að miklu leyti að afvegaleiða aðra mæta menn í sínum flokki inn á þessa sömu braut. En hann ætti að láta vera að bera fram kveinstafi yfir því, að enn séu á Alþingi Íslendinga menn, sem hafa skoðanir og þora að láta þær í ljós, þótt ekki séu hópskoðanir eins og verða að vera í því sálufélagi, sem hann sjálfur lifir nú og hrærist í.

Ég vildi ekki láta hjá líða að ávíta hæstv. ráðh. fyrir þessi ummæli. Þau eru þess eðlis, að þau gæfu tilefni til að veita honum lengri og alvarlegri leiðbeiningar, þar sem hann nú í ungæðishætti sínum er að leggja út á sína lífsbraut, en loforð mitt við forseta leyfir það ekki í þetta skipti. Og svo er hitt, að úr því að hæstv. ráðh. iðrast nú eftir að hafa iðrast sinna misgerða, þá er þessi maður e. t. v. það forhertur orðinn, að það þýðir lítið fyrir mig að vera að tala við hann.

**Forseti (JörB)**: Mér hafa borizt 2 skrifl. brtt. Önnur er frá hæstv. fjmrh., við brtt. á þskj. 421, 1. lið, að í stað „4%“ komi: 2%. Hin er frá hv. þm. Snæf. við brtt. á þskj. 441, um að orðin „enda sé hún“ o. s. frv. til enda málsgr., falli niður. Þessar brtt. eru of seint fram komnar og auk þess skrifl., og þarf því tvennskonar afbrigði til þess að þær megi koma hér til umræðu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 477 og 478) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., 16. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 402,1 felld með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JÓl, MT, PZ, SigfJ, StJSt, ÞorbÞ, JörB.

nei: GTh, HannJ, HV, JakM, JJós, JónP, JS, JG, ÓTh, PÞ, PHalld, PO, SE, SK, TT, GÞ, GSv.

GÍ greiddi ekki atkv.

Brtt. 402,2 tekin aftur.

— 478 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 441, svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.

— 404,1 samþ. með 25:1 atkv.

— 477 samþ. með 19:8 atkv.

— 421,1, svo breytt, samþ. með 18:5 atkv.

— 432,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 470 samþ. með 25 shlj. atkv.

— 415,a—b felld með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorbÞ, BJ, BB, HannJ, JÓl, JS, MT, PZ, PO, JörB.

nei: SE, SK, StJSt, TT, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, GTh, HV, JakM, JónP, JG, ÓTh, PÞ, PHalld.

JJós, SigfJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 438 samþ. með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TT, BJ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SE, SK, JörB.

nei: StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ.

Brtt. 421,2a—b, svo breytt, samþ. með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HV, JakM, JJós, JÓl, JónP, JG, ÓTh, PÞ, PHalld, SE, SK, StJSt, TT.

nei: ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, GG, HannJ, JS, MT, PZ, PO, SigfJ, JörB.

Brtt. 404,2a samþ. með 18:1 atkv.

— 404,2b samþ. með 21:1 atkv.

— 451 samþ. með 17:8 atkv.

— 432,2, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

— 432,3 samþ. með 21:3 atkv.

Brtt. 426 felld með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, JörB.

nei: GÞ, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, PO, SigfJ, SK, TT, ÁÁ.

GSv greiddi ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:10 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 41. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 493).

Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 493, n. 640 og 666).

**Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson)** [óyfirl.]: Fjhn. hefir athugað þetta frv. eftir föngum, og er eins og sjá má á nál. meiri hl. n. klofin um málið. Minni hl., hv. 1. þm. Reykv., er andvígur frv., en meiri hl. vill samþ. það með nokkrum smábreyt.

Ég ætla ekki við þessa umr. að tala um stefnu þá í skattamálum, sem í frv. felst, en vík aðeins að þeim atriðum frv., sem brtt. eru gerðar við.

Ég hefi svo oft áður fengið tækifæri til að ræða um stefnur í skattamálum, að ég get látið það vera í þetta sinn, enda telst það ekki við eiga samkv. þingsköpum, að ræða málin almennt við 2. umr. Aðalbreyt., sem n. vill gera

á frv., er fólgin í 1. brtt. hennar á þskj. 640, við 10. gr. b., um útistandandi skuldir skattþegna, sem vitanlegt þykir, að séu tapaðar. N. fannst það nokkuð fortakslaust orðað í frv.-gr., að heimtaðar skyldu sannanir fyrir því, að skuld sé töpuð. Ef skattan. framfylgdi þessu bókstaflega, þá gæti orðið erfitt fyrir framteljanda að sanna það fyrir n., nema dómur hafi þegar verið um garð genginn yfir þeim manni, sem skuldin stóð hjá eða gjaldþrotaskipti farið fram. N. leggur því til, að orðalagið á þessum lið gr. verði nokkru mildara. Og ætla ég raunar, að það hafi nú verið tilgangurinn hjá þeim, sem samdi frv., að framkvæmdin verði í samræmi við það, sem n. leggur til. Skattan. eru yfirleitt svo fróðar um þessa hluti og kunnugar efnahag skattþegna í sínu umdæmi, að þær vita um skuldatöp þeirra, þó að ekki sé hægt að færa fram fullnægjandi sannanir fyrir því í hverju einstöku tilfelli, ef þess væri stranglega krafizt og hart eftir því gengið; slíkar sannanir er tæplega hægt að leggja fram nema samkv. dómi. N. telur það nægilega fast að orði kveðið í l. um tapaða skuld, ef vitanlegt þykir, að dómi skattan. að hún sé töpuð.

Þá er ennfremur litilsháttar brtt. við 11. gr., um skattgreiðslu hjóna, sem eru samvistum, en annað þeirra hefir séreign eða sératvinnu. Í 10. gr. er gert ráð fyrir, að bóndi hafi endurkröfurétt á skatti hjá konu sinni, sem lagður hefir verið á séreign hennar, en 2. brtt. okkar lýtur að því, að þessi réttur verði gagnkvæmur, þannig að konan geti einnig krafizt endurgreiðslu á skatti af séreign bónda síns, ef aðalskattur hjónana hefir verið lagður á hana. Þetta leiðir til fyllra samræmis á ákvæðum gr. Brtt. n. við 12. gr. er borin fram samkv. bendingu frá yfirskattan. til fjmrh. Þótti það of óákveðið orðalag, að leyfa skattþegni að draga frá fyrir vandamönnum sínum, systkinum og ættingjum, enda gæti þá orðið vandasamt og erfitt að skilgreina, hverjir væru á framfæri hans. En ef í staðinn fyrir þessa upptalningu er notað orðið skylduómagar, eins og n. leggur til, þá er það skilgreint í l., hvað meint er með því. Þessi breyt. er gerð samkv. bendingu frá yfirskattan. í Rvík.

Þá kem ég að brtt. n. við 19. gr. frv., þar sem lagt er til, að breytt verði orðalagi á þeim lið, í samræmi við 1. brtt. n., og nokkuð linað á orðunum, um framtal á útistandandi skuldum. N. ætlast ekki til, að þær verði taldar með nafnverði, ef vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu. En samkv. frv. er ætlazt til, að færðar séu sönnur á þetta.

Brtt. við 21. gr. er aðeins leiðrétting. Í 2. málsgr. stendur, að „upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100". N. leggur til, að í staðinn fyrir „upphæð" komi krónutala sú o. s. frv.

6. brtt. n. við 33. gr. er ekkert annað en leiðrétting, að í stað „gjaldþegn" komi: gjaldþegns.

Þá er það 7. brtt., við 35. gr. Hún er borin fram af ríkisskattan. og flutt hér samkv. ósk hæstv. fjmrh., þess efnis, að aftan við gr. bætist: „Yfirskattanefndir geta og, eftir tillögum undirskattanefnda, leyft persónufrádrátt allt að 500 krónur fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um, að skattþegn hefir á framfæri sínu".

8. brtt. n. er ofurlítil leiðrétting á upphafi 37. gr. En þar stendur: „Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru", o. s. frv. Samkv. þessu orðalagi ætti hver skattþegn, sem er óánægður, að vera lagalega skyldur til að kæra. En vitanlega eru margir óánægðir með ákvörðun skattan., án þess að þeir kæri út af því. N. leggur því til, að upphaf gr. orðist svo: „Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn af skattanefnd, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til formanns skattanefndar eða skattstjóra", o. s. frv.

Þetta er aðeins lagfæring á orðalagi en ekki efnisbreyt. frá því, sem meint er í frvgr.

Síðasta brtt. n. er við 49. gr., þess efnis, að í staðinn fyrir „5 ár" komi 3 ár. En gr. fjallar um það, að ef skattþegn vantar á skrá og hefir sloppið við skattgreiðslu, þá má gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra en 5 ár aftur í tímann, en n. telur nægilegt að reikna með þremur árum. Það er mjög óvenjulegt hér á landi, að skattþegnum sé skotið undir þessa lagaheimild. Það gæti verið hugsanlegt um einstaka lausamenn í sveitum, að þeir slyppu máske undan skatti í nokkur ár. En það er ekki ómaksins vert fyrir ríkisstj. að vera að elta þá með slíkum skattaálögum 5 ár aftur í tímann. N. leggur til, að það verði aðeins 3 ár.

Þá hefi ég lokið við að minnast á það, sem n. gerir brtt. um. En ég vildi að eins drepa á eitt framkvæmdaratriði tekju- og eignarskattsl. um skyldu lánsstofnana og sjóða til þess að gefa skattanefndum upp inneignir manna. Reglan hefir verið sú, að þegar spurzt hefir verið fyrir um einstaka menn, þá hafa lánsstofnanir svarað því, og gefið upp innstæður þeirra. En ég tel það heldur óheppilegt, að þetta sé gefið upp fyrirfram, áður en skattaframtöl einstaklinga eru gerð. Ef gefnar væru út fyrirfram til skattan. slíkar skrár um innstæður einstaklinga í bönkum, þá mundi það trufla skattaframtöl manna, þannig að þeir yrðu tregari til að telja fram. Enda yrði þessi skýrslugerð ódæmamikið verk fyrir sumar lánsstofnanir, t. d. Landsbankann. En ég hefi skilið það svo, að framkvæmdinni muni verða hagað í þessu efni, líkt og áður hefir tíðkazt, að innlánsstofnanir gefi upp, hvaða inneignir viðkomandi á þar, þegar spurt er um einstaka menn eða stofnanir. En hitt teldi ég of langt gengið, enda mun ekki vera til þess ætlazt, að ég hygg, þó að þetta atriði sé orðað dálítið öðruvísi en áður hefir verið í þessum l.

Að öðru leyti eru mörg atriði fyllra orðuð og ljósari í þessu frv. heldur en áður var í l., og geri ég ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. eigi frumkvæði að því, þar sem hann er svo kunnugur framkvæmd þessara l. frá sínu fyrra starfi. Ég get ekki betur séð en að þær breyt. séu allar til bóta. Að vísu er um talsvert mikla hækkun að ræða á tekjuskattinum samkv. þessu frv.

En meiri hl. fjhn. hlýtur að játa það, að tekjuþörf ríkisstj. er mikil, og ekki um annað að gera en reyna að fullnægja henni, og hann fær ekki annað séð en að þetta sé einmitt heppileg leið til þess.

Hv. minni hl. n. hefir skilað áliti sínu á þskj. 666 og flytur þar eina brtt. við frv., samhlj. þeirri, er kom fram í Nd. frá sjálfstæðismönnum. Mér er óhætt að lýsa yfir því nú þegar, f. h. meiri hl. n., að hann getur ekki fallizt á þessa brtt., þó ég hinsvegar verði að játa, að það hefði verið gott innlegg fyrir bæjarfél., að fá til sinna þarfa þriðjunginn af tekju- og eignarskattinum. En ég er því mótfallinn, af því að ríkisstj. má ekki við að missa það.

Ég hefi í sambandi við annað mál hér í d. borið fram till. um að veita bæjar- og sveitarfél. heimild til að auka tekjur sínar um 25% *af einkasöluágóða bifreiða og mótorvéla*, og kemur það að notum, ef það frv., sem afgr. hefir verið héðan úr d., verður að l.

Ég get sparað mér frekari umr. um þetta mál og þarf ekki að taka til máls aftur, þó að hv. 1. þm. Reykv. geri grein fyrir afstöðu sinni; ég býst við, að hún verði svipuð og hjá flokksbræðrum hans í Nd.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** óyfirl.: Ég hefi fylgzt með í starfi n. við athugun á þessu frv. N. bar það saman við gildandi l. um sama efni, og get ég sagt, að brtt. hv. meiri hl. er ég samþykkur, að ég held öllum, enda var um þær rætt sameiginlega í n. Það gæti hugsazt, að ég hefði gjarnan óskað eftir fleiri breyt. á smærri atriðum í frv. en till. eru fluttar um, en það er í sjálfu sér aukaatriði í þessu máli fyrir mér. Ég hefði t. d. óskað, að n. hefði flutt brtt. við þá ákvörðun í frv., sem hv. frsm. meiri hl. drap nokkuð fast á og þótti aðfinnsluvert, en það er um að skylda lánsstofnanir til að gefa skattn. skýrslur um innstæður einstaklinga. Ég hygg, að það sé alveg rétt að girða fyrir, að þeir gefi slíkar skýrslur í heild til skattan. Það er ákaflega vafasamt að halda þessari skyldu fast að lánsstofnunum. Innlánsfé er yfirleitt svo mikið hnoss fyrir bankana, það er langbezta og ódýrasta starfsfé, sem þeir hafa í sínum vörzlum, fyrir utan seðlana, sem seðlabankar hafa í veltu. Ég veit ekki, hvort ég ber fram brtt. um þetta við 3. umr., en mun ræða um það við samflokksmenn mína.

Ég skal gjarnan segja það nú þegar, að það er ýmislegt í þessu frv. til nokkurra bóta frá því, sem er í gildandi skattal. Orðalag hefir víða verið bætt, þannig að þar sem áður var ónákvæmni í l., er nú tekinn af allur efi, og ýms vafaatriði úr eldri l. eru nú skýr og ljós í frv. Það er augljóst, að um frv. hefir verið fjallað af þeim, sem höfðu reynslu af framkvæmd tekju- og eignarskattsl. í Rvík. Frv. er fyllra og skýrara en þau.

Í Nd. hefir verið aukið inn í frv. einu atriði, sem ég tel til stórbóta, og samkv. því er t. d. hlutafél. heimilað, ef þau verða fyrir verulegum töpum, að færa þau á milli ára, þó aldrei meira en tveggja. Af þessu leiðir það, að skattaálögur á þessum fél. verða að nokkru leyti heilbrigðari og réttlátari en verið hefir. Ég skal svo ekki tala um þetta frekar, enda er hv. þdm. það kunnugt.

En það hefir líka verið gerð önnur stórvægileg breyt., sem mikið má deila um, og hún er sú, að tekjuskattur skuli lagður eftir sömu reglu á einstaka menn og hlutafélög, en um það hafa áður gilt allt aðrar reglur. Nú á skattstiginn að vera hinn sami fyrir einstaklinga og félög og skatturinn reiknaður út á sama hátt, í stað þess að áður var tekjuskattur hlutafélaga reiknaður út eftir hlutfallinu á milli teknanna og hlutafjárins. Ég verð einnig að telja þessa breyt. fremur til bóta frá því, sem verið hefir í l. En það, sem gerði það að verkum, að ég gat ekki fylgt meiri hl. n. og gerði ágreining um þetta frv., er meginhluti málsins, hin mjög svo mikla hækkun á tekjuskattinum. Mér þykir of langt gengið í því með þessu frv. að innheimta skatt af tekjum. Ég skal ekki breyta hv. þd. með langri ræðu um stefnumismun í skattamálum, þó að full ástæða sé til þess hér við aðra umr., þar sem þetta ágreiningsatriði er svo veigamikið; en það hefir svo oft verið gert hér á Alþ., bæði af mér og öðrum. Eina ástæðu vil ég þó benda á. Ég tel það sérstaklega hættulegt fyrir fátækt þjóðfél. að leggja þunga skatta á beinar tekjur, einkum þar sem það hefir margskonar möguleika til þess að afla ríkissjóði tekna með tollum. Slíkt þjóðfél. á einmitt að hvetja einstaklingana, og verðlauna þá með öllu móti til þess að auka efni sín. Eitt *allra mesta vandræðamál okkar* þjóðfél. er, hvað við eigum lítið kapital og þurfum að sækja mestallt veltufé til annara landa, svo að hægt sé að halda atvinnutækjunum gangandi. Nú er það vitanlegt, að mikill tekju- og eignarskattur er beittasta vopnið gegn því, að auðmagn og veltufé safnist í landinu. Og tekju- og eignarskatturinn er vel til fundin aðferð til þess að draga undir ríkið efni einstakra manna og fél.

Það eru Englendingar, sem hafa einkum gengið á undan öðrum þjóðum í þessum efnum. Þar höfðu safnazt miklar tekjur á hendur einstökum mönnum og fél. fyrir og eftir heimsstyrjöldina, en skuldir hlóðust á ríkið vegna herkostnaðarins. Eftir stríðið lögðust skattarnir því mjög þungt á þessar uppspöruðu tekjur gjaldþegna þjóðfélagsins. Hér á landi er engu líku fjársafni til að dreifa. Allt sparifé er bundið í atvinnutækjum og rekstri atvinnurekendanna sjálfra, og þeir, sem geta ekki lagt sér það til sjálfir, hafa fengið sparifé annara að láni í bönkunum til rekstrar atvinnuvegunum. Ég tel því mjög óheppilegt, að þetta fé sé tekið frá atvinnurekstrinum til tekna ríkissjóði og steypt í eyðsluhít þess opinbera.

Í kosningaagitationum er þetta af mörgum talin ákjósanlegust leið til tekjuöflunar fyrir ríkisjóð, og í fljótu bragði kann það að virðast fremur sanngjarnt, þegar því er á svipstundu varpað fram fyrir fjöldann og spurt, hvort það sé ekki eðlilegra að taka tekjur til ríkissj. hjá þeim, sem eitthvað eiga, heldur en hjá hinum sem berjast í bökkum með að fleyta sér. En

við nánari athugun er það ekki alveg víst, hvort það þykir réttlátara, að ríkisvaldið hagi sér eins og víkingur og taki tekjurnar þar sem auðveldast þykir að grípa til hendinni heldur en þar sem þjóðfélaginu kemur betur, frá öðrum sjónarmiðum séð.

Ég er þeirrar skoðunar, að ríkisvaldinu beri að skattleggja eyðsluna fremur en tekjuöflunina. Þjóðfélaginu ber engin nauðsyn til að halda verndarhendi yfir eyðslunni, það á að höggva í hana eftir föngum, en láta tekjuöflunina í friði. Með stighækkandi tollum á óþarfavarningi og munaðarvörum næst mjög vel til eyðsluklónna í þjóðfélaginu. Og þar næst á að koma verðtollur á erlendum vörum. Hann er um leið nokkurskonar tekjuskattur og stighækkandi, af því að hann getur verið langhæstur á þeim vöruteg., sem vænta má, að þeir eyðslusömustu kaupi mest af. — Ég skal svo ekki fara lengra út í þessar almennu umr. um skattamálin.

Ég hafði gaman af að lesa fjármálaræðu fjármálaborgarstjórans í Khöfn, sem mér barst í hendur fyrir skömmu, þar sem hann gerði grein fyrir fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir næsta ár. Ég man ekki, hvort hann er sósíalisti eða úr flokki radikala. En hann virðist skilja ákaflega vel þörfina fyrir kapitalmyndun eða fjársöfnun í þjóðfél., því að hann segir, að það sé ekkert, sem ríði meira á en það. Og enn fremur, að það verði fyrst og fremst að koma í veg fyrir, að þróun fjármagnsins og fjársöfnunarhvöt einstaklinganna stöðvist. Þá kemur hann einnig að því, hversu nærri sé gengið einstökum bæjarfél. og eignum manna með álögum til ríkisþarfa. Ég þarf ekki að fara langt út í þá sálma, það er búið að lýsa því, í umr. um þetta frv., hversu þar er gengið nærri tekjustofnum bæjar- og sveitarfél. hér á landi og ekkert tillit tekið til þarfa þeirra aðilja. Og hv. frsm. meiri hl. n., 4. landsk. þm., lýsti því nú yfir, í lok ræðu sinnar, að hv. stjórnarfl. myndu ekki gera neitt með þessa brtt. mína, sem á að tryggja rétt bæjarfél., til að halda sínum skattstofnum fyrir sig. Ég vil benda á aðra sönnun fyrir því, hversu bæjarfél. eru aðþrengd í þessum efnum, eins og reynslan sýnir; því að nú rignir yfir þingið frv. og óskum frá þeim um að þau fái leyfi til að afla bæjarsjóðunum tekna með tollum á vörum, sem þangað eru fluttar. Alþ. getur náttúrlega bannað þeim að taka sínar tekjur á þann hátt og svarað þeim að öðru leyti með því að hækka tekju- og eignarskattinn til ríkissj. Ég hefi heyrt, að eitt lítið tolltekjufrv. frá Akureyrarkaupstað hafi verið drepið í hv. Nd. í gær. Og slíkar aðferðir getur meiri hl. Alþ. náttúrlega látið sér sæma. En bæjarfél. eru bara í standandi vandræðum. Þessar raddir eru ótvíræð sönnun fyrir vandræðum bæjanna. Ég vil fyrir mitt leyti segja það, þótt þau mál liggi ekki nema óbeint fyrir í þessu sambandi, að ég tel þá aðferð, að bæjarfél. taki toll af vörum, ákaflega óheppilega. Það er augljóst, að ríkið eitt, sem varðar alla þegna landsins, getur tekið sínar tekjur á þann hátt, því að það er ómögulegt að segja, hve vítt tollarnir kunna að verka. Og bæirnir, sem eiga að skattleggja sína íbúa og aðra ekki, geta aldrei fengið sínar tekjur á réttlátan hátt með tollum. Tollarnir bitna alltaf á öðrum líka heldur en þeim borgurum, sem þeir einungis eiga að koma niður á. Af þessum ástæðum er sveitar- og bæjarfél. vísað á tekju- og eignarskattinn sem tekjustofn. Ég álít því mjög óheppilegt að veita sveitar- og bæjarfélögum slík leyfi og skal af þeim ástæðum ekki hafa mikið á móti því, þótt eitt svona frv. hafi verið fellt í hv. Nd., en þess verður þá að gæta, að bæjar- og sveitarfélögin séu ekki svipt möguleikunum til þess að geta komizt af með beinu skattana. En það er gert með þeirri hækkun skattsins, sem hér er farið fram á. Það er fyrir sig að hækka tekju- og eignarskattinn, ef sveitar- og bæjarfélög fá sinn hluta af honum. Það hefir verið talað um það, hvort ekki væri rétt í bæjunum, og sérstaklega Rvík, að innheimta tekjuskattinn og aukaútsvör í einu lagi sem einn skatt og skipta í þeim hlutföllum, sem reynslan hefir sýnt, að þarf að skipta. Það er í samræmi við þetta, að ég hefi borið fram brtt. þess efnis, að ⅓ hluti tekju- og eignarskattsins skuli renna til sveitar- og bæjarfélaga þar sem skatturinn er innheimtur. Samskonar till. kom fram í hv. Nd., en þar var farið fram á helming, en hér ekki nema ⅓. Ég get játað það fúslega, að það, að heimta helming skattsins til sveitar- og bæjarfélaga, er freklega í farið. Því að eins og nú er ástatt, þá er naumast von, að hæstv. fjmrh. þykist geta rýrt þennan tekjustofn ríkisins verulega, sem svo myndi verða til móts við þann skatt, sem innheimtur hefir verið fram að þessu með 40% álagningu. En hækkunin samkv. þessu frv. mun það mikil, að ríkissjóður myndi bera góðan hlut frá borði, þótt þriðjungur skattsins væri eftirlátinn sveitar- og bæjarfélögum. Ég skal svo ekki deila mikið um þetta að sinni, en vil minnast á eitt atriði, sem gott væri að fá í sambandi við tekju- og eignarskattinn, en ég satt að segja treysti mér ekki til að undirbúa eða vinna út í einstökum atriðum, en veit þó ekki nema ég geti um það borið fram einhverja till. við 3. umr. Ég held nefnilega, að í tekju- og eignarskattsl. ættu að vera ákveðin einhver hlunnindi til handa þeim mönnum, sem innleiða hjá fyrirtækjum sínum starfsmannahlutdeild einhverskonar. Það hafa verið gerðar tilraunir með það víðsvegar í heiminum að koma atvinnurekstrinum í það form. Í heiminum hefir verið heldur brak og brestir út af viðureign fjármagnsins annarsvegar og vinnunnar hinsvegar. Stórfelld verkföll hafa geysað og nálega komið sumum þjóðfél. á kné. Því hefir verið reynt að finna leiðir til þess að samrýma þetta tvennt og láta þá, sem við fyrirtækin vinna, njóta eða gjalda nokkuð, hvernig reksturinn gengur, þ. e. a. s. láta hagsmuni vinnu og kapitals fara saman. Þetta er gert á ýmsan hátt, t. d. með því að láta starfsmennnina fá vissan ágóðahluta, líka með því að styðja þá í því að kaupa venjulega hluti í fyrirtækjunum, eða þá að láta vinnuna gilda sem einskonar hlutafé. Þetta er sem sagt gert með ýmsu móti og er afarheilbrigt, og vafalaust stefnir að því í framtíðinni, að þessi tvö nauðsynlegu framleiðsluöfl, vinna og fjármagn,

verði sameinuð á þennan hátt. Ég teldi mjög æskilegt, að því væri komið inn í tekjuskattslöggjöfina, að það væri séð við þá menn, sem slíkri tilhögun kæmu á hjá sér. Ég get ósköp vel játað, að ég treysti mér ekki að undirbúa þetta svo að forsvaranlegt sé að setja í l., en mun þó athuga það fyrir 3. umr. Gæti líka verið og er sennilega heppilegast bara að bera fram till. til þál. um að skora á stj., að athuga þetta og undirbúa löggjöfina. Ég veit um dæmi þess, að slík ákvæði hafa verið sett í tekjuskattslöggjöf a. m. k. eins lands, en ég hefi ekki kynnt mér það í nægilega mörgum tilfellum.

Ég mæli sem sagt með þessari brtt. minni. Í nál. hefi ég viljandi siglt fram hjá því, að leggja með eða móti frv., vegna þess að fylgi mitt við það mun velta á því, hvernig um þessa brtt. fer. Verði hún felld, hlýt ég að greiða atkv. gegn frv. Verði hún samþ., mun ég mjög skoða huga minn áður en ég verð á móti frv., því að í sjálfu sér tel ég það hafa ýmsa kosti fram yfir gildandi lög.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég skal reyna að vera ekki langorður. Ég vil segja nokkur orð um brtt. á þskj. 640 og taka það fram, að ég er mótfallinn till. frá minni hl. n., um að sveitar- og bæjarfél. fái hluta af tekju- og eignarskattinum. Það er búið að tala fyrir till. á þskj. 640 og fer ég ekki að rekja það aftur, en vil taka það fram, að ég felst á röksemdir hv. frsm. meiri hl. n. — Nokkrum orðum verð ég að víkja að andmælum hv. 1. þm. Reykv. í þessu máli, án þess þó að ræða við hann um þau grundvallaratriði, sem þessi l. byggjast á. Það yrði of langt mál. Hv. þm. taldi rangt að lögleiða þennan skatt, af því að hann kæmi í veg fyrir auðsöfnun. Vera má, að það geti komið til greina í vissum tilfellum. En hvort þessi ástæða á að standa í vegi fyrir hækkun skattsins fer mjög eftir því ástandi, sem er í hverju þjóðfél., eins og hv. þm. kom inn á, þótt hann tæki það frá nokkuð öðru sjónarmiði en ég ætla að gera. Þegar tekið er tillit til þess, hvort þetta sjónarmið skuli valið, að tekju- og eignarskatturinn sé ekki hækkaður, þá ber að líta á það annarsvegar, hver þörf er fyrir aðgerðir af hálfu hins opinbera til þess að jafna kjör þegnanna í þjóðfél. Ef það er svo og svo mikill hluti þegnanna, sem býr við það lök kjör, að aðstoð hins opinbera þurfi að koma til, þá er ekki hægt að taka þessa mótbáru hv. 1. þm. Reykv. til greina, þ. e. a. s. að tekju- og eignarskattahækkun geti valdið því, að auðsöfnun minnki. Ef hinsvegar ekki er þörf fyrir það, að hið opinbera jafni kjörin, þá er réttara að fara varlegar í hækkun tekjuskattsins með það fyrir augum að örva menn til söfnunar sparifjár. Þar sem nú er mikil þörf fyrir aðstoð hins opinbera og ríkið þarf mikið fé, er fullkomin ástæða til þess að hækka tekjuskattinn, og eðlilegt, að sú tekjuöflunaraðferð sé viðhöfð, því að hún kemur réttlátlega niður, þótt hún undir vissum kringumstæðum geti dregið nokkuð úr myndun nýs starfsfjár eða „kapitals“ á vondu máli. Auk þess má taka tillit til þess, að háu tekjurnar eru ekki hjá þeim mönnum, sem framleiðsluvinnu stunda, því að hún hefir gengið svo illa undanfarin ár, að lítil líkindi eru til, að slíkur atvinnurekstur gjaldi þessarar hækkunar, heldur þeir, sem hafa fastar tekjur og reka verzlun og hafa hærri tekjur en almenningur í landinu. Ég fer ekki nánar út í það hér, en vildi einungis skjóta því fram. — Þá segir hv. þm., og þá hlið málsins snertir brtt. hans, að með þessum skatti séu þrengdir svo kostir sveitar- og bæjarfél., að rétt sé, að þau njóti nokkurs af skattinum. Um þetta atriði hefir verið ýtarlega rætt í hv. Nd., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þær umr. hér. Ég geri ráð fyrir, að flestir dm. hafi fylgzt með því, sem þar fór fram, og sé því þetta sjónarmið nokkuð kunnugt. Það er ekkert sérstakt með þennan tekju- og eignarskatt, að hann þrengi kosti sveitar- og bæjarfél. Þetta gera allir skattar og tollar, sem á eru lagðir, hvort sem þeir eru miðaðir við vörukaup eða tekjur manna og eignir. Fjármunir eru í öllum tilfellum dregnir úr sveitar- og bæjarsjóði í ríkissjóðinn, en það, sem hv. þm. mun eiga við, er það, að þetta skuli vera tekið með sömu aðferð og útsvör venjulega, þ. e. a. s. miðað einungis við tekjur og eignir. En ég vil benda á það, að á sama hátt og tekju- og eignarskatturinn er réttlátur gagnvart einstaklingunum, er hann einnig réttlátur gagnvart einstökum sveitar- og bæjarfél., því að eftir honum greiða þeir mest í ríkissjóð, sem mestar hafa tekjurnar og eignirnar til að leggja á. Ef hinsvegar tollum er beitt, þá er engin trygging fyrir því, að mest komi frá þeim, sem mesta og bezta hafa getuna til að borga. Það gæti farið svo, að ef um nauðsynjavörutolla væri að ræða, yrðu hinir illa stöddu að greiða fullt eins mikið eða meira en hinir vel stöddu. Kosturinn við þessa skattaðferð er sá, að hún kemur eins fram við einstök sveitar- og bæjarfélög og gagnvart einstaklingunum. Þar sem fjármunir eru mestir fyrir fæst mestur skattur. Þegar litið er á málið í heild, verður því ekki annað séð en þetta komi mjög réttlátlega niður. Það má ekki einungis tala hér um einstök bæjarfél., það verður að tala bæði um sveitar- og bæjarfél. í heild. — Hv. frsm. minni hl. benti á það, að samkv. till. sinni um að $\frac{1}{3}$ hluti þessa skatts renni til sveitar- og bæjarfél., myndi ríkissjóður fá litlu minni skatt en hann hefir fengið undanfarin ár, þótt innheimt hafi verið með 40% álagi. Ríkissjóður myndi fá um 200 þús. kr. minni skatt með þessu móti en verið hefir undanfarið. En um þá reglu, að taka af tekju- og eignarskattinum til handa sveitar- og bæjarfél., þá getur það vel komið til mála að einhverju leyti. En eins og skatturinn er samkv. þessu frv., er hann ekki það hár, að þetta sé eðlilegt. En ég myndi geta fylgt því, að 50% yrði bætt ofan á þennan skatt, og sú hækkun látin ganga til sveitar- og bæjarfél. En af þessum skatti, sem frv. gerir ráð fyrir, get ég ekki fallizt á, að nokkuð sé látið renna til sveitar- og bæjarfél. Hv. þm. talaði um það, að æskilegt væri, að þeim fyrirtækjum, sem tækju upp starfsmannahlutdeild, yrði sköpuð sérstaða hvað snertir tekju- og eignar-

skatt. Mér var ekki alveg ljóst, hvað fyrir hv. þm. vakti. Þótt eitthvert fyrirtæki ráði menn t. d. upp á hlutdeild í nettóarði, þá gerir það ekki þess aðstöðu verri gagnvart skattalöggjöfinni en þótt greitt væri kaup á venjulegan hátt, því að þetta kemur til frádráttar á sama hátt og starfsmannakaup, svo að til skatts kæmi einungis það, sem eftir væri, þegar ágóðahluti hefði verið greiddur. En ef það hefir vakað fyrir hv. þm., að þessi fyrirtæki ættu að vera rétthærri vegna þess að þau létu menn hafa þessi hlunnindi, þá getur það auðvitað verið til athugunar. En ég vil benda hv. þm. á það, að þau fél., sem gera mest að þessari starfsmannahlutdeild, eru einmitt samvinnufél., sem skipta ágóðanum eftir gerð viðskipti, eða ef um útgerð er að ræða, skipta þá ágóðanum miðað við framlagða vinnu. Þar er þessi aðferð útfærð til hlítar. En mér er það ekki kunnugt, að hv. 1. þm. Reykv. eða hans flokksbræður hafi verið því sérlega fylgjandi hingað til, að láta samvinnufélögin hafa sérstök friðindi. En það er náttúrlega gott, að hann viðurkennir, að þeim beri nokkur sérstaða, því að ef fyrirtæki á að fá hlunnindi fyrir að hafa nokkra starfsmannahlutdeild, þá ætti ekki að veita þeim minni friðindi, sem beita þessari aðferð til fulls. Þetta er sjálfsagt að athuga, hvaða sérstaða félögunum ber í skattalöggjöfinni. Ég mun ekkert láta uppi um mína aðstöðu að svo stöddu, en ég vil einungis benda á það, að þau einu hlunnindi, sem samvinnufél. hafa eftir tekju- og eignarskattslöggjöfinni, ef frv. þetta verður samþ. óbreytt, að þau greiða fastákveðinn hundraðshluta af hreinum tekjum sínum, án tillits til þess, hvort hann er mikill eða lítill. Ég er ekki viss um, að þegar allt kemur til alls séu þetta hlunnindi fyrir samvinnufél., því að smákaupfél., sem hafa lítinn arð, greiða miklu hærri skatt en þau myndu gera, ef hin almennu ákvæði giltu einnig um þau. Eftir gildandi l. þurfa kaupfél. að hafa 10—11 þús. kr. hreinar tekjur til þess að þau greiði ekki hærri skatt en kaupmenn myndu gera. Aftur á móti kemur fram hagnaður þegar hærra kemur, en ég efast mikið um, að skatturinn yrði hærri, þótt fél. féllu undir almennar reglur. En hinsvegar mun þetta hafa verið hugsað sem hlunnindi, og er það náttúrlega fyrir stærri fél., sem hafa töluverðan ágóða, en fyrir hin smærri er það ekki. En ég er sem sagt reiðubúinn að tala um það við hv. þm., hvað skuli gert fyrir þau fél., sem hafa starfsmannahlutdeild. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, en gat ekki stillt mig um að minna hv. þm. á aðstöðu hans og flokksmanna hans til þessara mála áður. En það er gleðilegt, að þetta skuli nú vera komið í annað horf.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** óyfirl.: Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að á því gæti verið munur, hvernig hár tekju- og eignarskattur verkaði. En hann vildi ekki ganga inn á mitt sjónarmið, að tekju- og eignarskattur ætti betur við í þjóðfél., þar sem mikil auðsöfnun er þegar komin, þar sem þjóðirnar eru mikið hættar að berjast í framkvæmdum, landið er ræktað (**Fjmrh.**: Þetta kemur líka til greina.) og þjóðirnar farnar að lifa af eignum sínum, eins og Englendingar á bankastarfsemi og verzlun og hreint og beint á eignum sínum, þar sem þeir eiga þúsundir milljóna útistandandi hjá öðrum þjóðum. Þetta er stóri munurinn. Hjá slíkum þjóðum á tekju- og eignarskatturinn að vera hæstur, en lægstur hjá þeim, sem litla hafa auðsöfnun, en mikla möguleika, lítt unnar auðsuppsprettur og þurfa að hafa mikið í veltunni. Þar sem kjarkur, framtak og áhugi verður að vera mikill og getur borgað sig, þar á auðvitað að leggja sem minnst bönd á, sérstaklega ekki með háum tekju- og eignarskatti. Hitt viðurkenni ég svo, hans sjónarmið, að hæstan beri að hafa skattinn þar sem munur þegnanna í þjóðfél. er mjög mikill hvað auðlegð snertir, og nota þarf mikið fjármagn til þess að dreifa meðal þegnanna. En ég held nú, að það henti ekki fyrir okkur þetta sjónarmið. Þrátt fyrir misskipting „auðs" hér, þá hygg ég nú, að í fæstum löndum sé jafnlítill munur á tekjum manna og eignum og hér, sérstaklega lítill munur á tekjum manna. Ég skal viðurkenna, að það er til einstaka maður, sem hefir nokkuð háar tekjur. Og þar sem atvinnuleysið gerir vart við sig eru hjá sumum litlar tekjur, en allur þorrinn hefir mjög svipaðar tekjur, t. d. verkamenn og embættismenn. Verkamaður, sem hefir vinnu allt árið, hefir mjög svipaðar tekjur og skólakennari með góð laun. Ég hefi talað við verkamann, sem aldrei hefir misst dag úr, og hann hefir byrjunarlaun prófessora með dýrtíðaruppbót. Ég veit ekki, hvar getur verið minni ástæða til þess að gera sérstakar ráðstafanir til þess að jafna auðnum. Prófessorarnir eru búnir að búa sig með ærnum kostnaði undir starfið í 12—13 ár, og e. t. v. eru það aðeins 2—3 menn, sem valdir eru úr fjölmennri embættisstétt til þess að gegna þessum störfum. Svo er launamunurinn ekki meiri en það, að þeir hafa laun eins og ófaglærðir verkamenn, sem alltaf hafa atvinnu. Hér er því ekki um neina augljósa misskipting auðsins að ræða. Nú viðurkennir hæstv. ráðh. það, og það er rétt, að menn, sem hafa fastar tekjur frá 4—10 þús. kr., það er enginn embættismaður, sem kemst þar nálægt, að l. bitni sérstaklega á þeim, og þá verkamönnunum, sem altaf hafa fasta atvinnu, og góðum handverksmönnum, sem geta komizt þetta hátt í tekjum. (**Fjmrh.**: Þetta snertir engan verkamann). Það er ekki rétt. (**Fjmrh.**: Gæti komið til mála með einhleypa verkamenn). Hækkunin er mikil á þeim tekjum, sem verkamenn geta haft, ef þeir missa aldrei dag úr. Þetta, sem ráðh. sagði, að framleiðslan væri í því ástandi, að hækkunin kæmi lítið sem ekkert við hana sýnir bezt, hvílík fjarstæða það er, að hægt sé að taka stöðugt meiri og meiri tekjur í ríkissjóð með tekju- og eignarskatti.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri sama, hvernig tekjurnar væru teknar. En það er ekki tilfellið. Mér dettur í hug gamla spakmælið, er hljóðar þannig, að menn skuli plokka gæsina svo, að hún skræki sem minnst. Það má fá menn til þess að borga stórar upphæðir með ljúfu geði, smám saman og með ýmsu móti, sem menn

mundu hljóða undan, ef þeir ættu að borga það út í einu. Sem dæmi upp á það, hvað slík atriði hafa mikið að segja, skal ég benda á það, að með því að flýta klukkunni má reka hvaða sláping sem er fyrr í rúmið og úr því aftur. Hvers vegna má ekki eins gefa opinberar fyrirskipanir um fótaferð og háttatíma og að flýta klukkunni? Svona er það líka með skattaálögurnar, það verður að fara að mönnum eins og þeir eru. Og það er staðreynd, að mönnum finnst sem þessar álögur komi léttara við sig, ef þeir fá að greiða þær í mörgu lagi. Þar að auki hefir tekju- og eignarskattur þann galla, að álögurnar koma ekki réttlátt niður, því að alltaf er meira og minna athugavert við framtöl manna. Um það, hvernig skatturinn skuli reiknaður, má setja hvað nákvæmar reglur sem menn vilja, það næst bara aldrei fullkomið réttlæti með þessu móti. Svo er þessi skattur reiknaður í krónum, en þær hafa mismunandi gildi eftir því, hvar á landinu er. Ég skal taka sem dæmi, að verkamaður, sem hefir vinnu árið um kring, verður að borga jafnmikið í tekjuskatt eins og borgað er úr tveimur til þremur hreppum, þar sem vitað er, að margir búa við sæmilega afkomu. Og enginn getur haldið því fram með nokkurri sanngirni, að gjaldamöguleikar allra íbúa þessara hreppa séu jafnir gjaldamöguleikum þessa eina manns. (**Fjmrh.**: Þeir lifa verra lífi). Nei, þeir lifa ekki verra lífi, þessi aðferð er bara ekki rétt. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að samanburður sá, sem oft er verið að gera í blöðum á afkomu manna í sveitum og kaupstöðum, er af þessum ástæðum rangur. Hæstv. ráðh. taldi þessum skatti það til gildis, að með honum væri mest tekið af þeim sveitar- og bæjarfél., sem mest hefðu undir höndum. Ég er ekki svo viss um, að þetta sé kostur. Að sumu leyti er það óheppilegt, að leggja mjög þungar byrðar á þau bæjarfélög, sem mest hafa undir höndum, þau standa þá venjulega líka í ýmsum þeim stórræðum, sem verða til auðsöfnunar. Þó að standi 20 millj. í eignum í einum stað, en 5 millj. í öðrum, þá er ekki þar með sagt, að réttlátt sé að leggja fjórum sinnum meira á þann fyrrnefnda. Þetta fé getur staðið í þörfum fyrirtækjum og verið erfitt að losa það þaðan til að greiða slíka skatta. Ég skal svo ekki lengja umr. um þetta mál meira en orðið er. En ég vil undirstrika það, að með þessari hækkun tekju- og eignarskattsins er verið að gera sveitar- og bæjarfél. stórum erfiðara fyrir með að ná inn tekjum sínum. Og áskoranir bæjarfél. til Alþ. um leyfi til að taka tekjur sínar á annan hátt stafa vitanlega af því, að þau sjá fram á erfiðleika með að ná tekjum sínum á venjulegan hátt. — Umr. um starfsmannahlutdeildina tel ég mig geta sleppt að þessu sinni, þar sem ég geri ráð fyrir að bera fram brtt. um það efni, og gefst þá tækifæri til þess að ræða betur það atriði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 640,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 640,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 640,3 samþ. með 8:1 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
13.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 640,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 640,5 samþ. án atkvgr.
21. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
22.—32. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 640,6 samþ. án atkvgr.
33. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 640,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
36. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 640,8 samþ. með 11 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
38.—48. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 640,9 samþ. með 12 shlj. atkv.
49. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
50.—54. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
55. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 666 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** MJ, PM, ÞÞ, GL, JAJ,
**nei:** PHerm, SÁÓ, ÞBr, BSt, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna.
Tveir þm. (MG, HG) fjarstaddir.
56.—57. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 672, 678).

**Forseti (EÁrna)**: Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Dal., um að aftan við 24. gr. b. bætist nýr liður svo hljóðandi: „Yfirskattanefndarmenn þeir, sem nú eru, halda starfi sínu þar til 6 ára skattanefndartími þeirra er útrunninn". Till. er skrifl. og þar að auki of seint fram komin. Þarf því tvennskonar afbrigði. Vil ég spyrja hæstv. stj. hvort hún heimilar afbrigði og þar að auki bera það undir þd.

ATKVGR
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 708) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Sigurjón Á. Ólafsson**: Ég hefi leyft mér að bera hér fram nokkrar brtt. á þskj. 678. Þær eru eiginlega allar í sambandi hver við aðra, og ganga allar út á það að lengja frestinn til þess að fá komið fram kærum út af skattinum. Ástæðan er sú, að samkv. reglunni undanfarin ár eru sjómenn yfirleitt oft útilokaðir frá að koma slíkum kærum á framfæri. Mér er þetta kunnugt, þar sem ég hefi að mestu haft með slíkar kærur að gera í forföllum þeirra. Í þessu frv. er kærufresturinn ákveðinn eins og í gildandi lögum, aðeins hálfur mán. Ég þarf ekki að rekja það ýtarlega, að þetta er á þeim tíma

árs, sem sjómenn eru fjarri heimilum sínum á skipum úti, og koma oft ekki heim til sín, t. d. hingað til bæjarins, á hálfsmán.fresti, og farmenn með skemmst 3ja vikna millibili. Þeir sjómenn, sem dvelja í öðrum veiðistöðvum úti á landi, koma vitanlega ekki heim á svo stuttu tímabili. Ég hefi því leyft mér að leggja til, að kærufresturinn yrði lengdur upp í 4 vikur., og að öðrum atriðum í frv., sem tilheyra kærufrestinum, verði breytt í samræmi við þetta. Ennfremur legg ég til, að karufrestur til yfirskattan. verði lengdur um jafnlangan tíma, enda leiðir það af hinu.

Ég sé að vísu, að með ákvæði í 38. gr. frv. muni eiga að bæta úr þessu, en mér þykir það ekki nægilega skýrt. Undanfarin ár hefir það verið svo, að ef viðkomandi maður hefir ekki kært skatt sinn fyrir undirskattan., þá hefir yfirskattan. ekki talið sér skylt að taka kæru hans til greina. Og margar af þeim kærum, sem ég hefi skrifað fyrir sjómenn, hefir orðið að fara með til bæjarstj. til þess að reyna að fá lækkun á útsvarinu. En með skattakærur þýðir hvorki að fara til bæjarstj. né ríkisstj., því að þær munu ekki telja sér skylt né fært að gefa nokkuð eftir af honum. Ég held því, að allir geti orðið sammála um, að ekki sé um annað að ræða en að lengja kærufrestinn að nokkru, svo að hann geti komið öllum stéttum jafnt að notum. Það er hið eina, sem ég meina með þessari brtt. — Ég hefi þá skýrt hana nægilega. Sjálfur hefi ég mikla reynslu fyrir mér í því, hvernig gengur að koma skattakærum á framfæri, og hefi fulla þekkingu á þeim örðugleikum, sem þar er við að etja. Ég mælist því til þess, að hv. þd. fallist á þessa brtt., úr því að frv. þarf aftur til Nd. hvort sem er.

**Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson)** [óyfirl.]: Þó að þessar brtt., sem hér liggja fyrir, séu fyrir nokkru fram komnar, þá hefir fjhn. ekki fengið tækifæri til að bera sig saman um þær. En mér hefir þó skilizt, að meðnm. minir í meiri hl. muni ekki geta fallizt á þær. Ég skal fúslega játa, að ég er efnislega samþ. því, að kærufrestur þyrfti að vera lengri en ákveðið er í frv., en ég er hræddur um, að það valdi meiri erfiðleikum á framkvæmd l. og innheimtu á skattinum. En það er að nokkru úr þessu bætt með fyrirmælum í tilskipun frá 12. apríl 1929, sem gefin var út af þáv. fjmrh., og að ég ætla fyrir tilstilli hv. flm. þessara brtt., út af samskonar tilefni og hann hefir nú lýst. Þar er það tekið fram, að kærur þeirra skattgreiðenda, sem geta gert það sennilegt, að þeir hafi verið fjarverandi, þegar kærufrestur var útrunninn og því ekki getað athugað álagningu skattan., megi yfirskattan. taka til greina. Ég skal lesa upp úr tilskipuninni það, sem hér á við, með leyfi hæstv. forseta: „Þó er yfirskattanefnd heimilt að taka til greina kærur, er síðar koma fram, ef kærandi gerir sennilegt, að hann hafi vegna fjarveru eða annara forfalla eigi getað kært áður en kærufrestur var úti".

Þetta á hreint og beint við um sjómenn, bæði þá, sem eru fjarverandi í verstöðvum eða á skipum, sem koma sjaldan í höfn, og um farmenn og aðra, er hafa svipuð forföll. Og ég ætla, eftir því sem þáv. skattstjóri og núv. fjmrh. segir, að þetta hafi að jafnaði verið tekið til greina. Ennfremur vil ég benda á, að í 38. gr. frv. er nákvæmlega hið sama tekið fram og það, sem ég las upp úr tilskipuninni. Hér ber því allt að sama brunni, og skilst mér að frv. heimili þetta fyllilega. Auk þess finnst mér, að ef eingöngu ætti að ganga út frá þeim hálfsmánaðarkærufresti, sem ákveðinn er í frv., þá geti einnig svo farið, að sá kærufrestur, sem til tekinn er í brtt. — 4 vikur — reynist ekki heldur nógu langur, ef eingöngu á að byggja á honum. Ég ætla því, að undantekningarákvæði tilskipunarinnar og 38. gr. frv. verði happasælast fyrir skattkærendur. Ég vonast til, að hæstv. fjmrh., sem nú er staddur hér í þd., gefi yfirlýsingu um, að l. verði framkvæmd á þann hátt, að tekið verði fullkomið tillit til sjómanna og annara, sem tímunum saman eru fjarverandi frá heimilum sínum og hafa því ekki tök á að kæra skattinn áður en kærufrestur er útrunninn. Um útsvarskærur er það að segja, að menn geta sent þær til bæjarstj., og ég býst við, að hv. 4. þm. Reykv. viti það, að þær eru í flestum tilfellum teknar til meðferðar og athugunar. Ég vildi því mælast til þess, að hv. 4. þm. Reykv. tæki aftur þessar brtt. sínar og léti sér nægja það, ef hæstv. fjmrh. gefur yfirlýsingu um, að framkvæmd þessara atriða skuli byggð á fyrirmælum tilskipunarinnar frá 1929, sem hv. flm. átti sjálfur þátt í, og 38. gr. frv.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég fæ ekki skilið, að hverju leyti það getur valdið örðugleikum á framkvæmd skattal., þó að samþ. verði þessi framlenging mín á kærufrestinum um 2 vikur frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Að vísu seinkar þetta ákvæði öllum framkvæmdum þeirra um 2 vikur. En síðast í frv., 40. gr., er ákveðinn síðasti úrskurðarfrestur ríkisskattan., og hann er ekki lengdur með brtt. minum; hún á að ljúka úrskurðum á kærum utan Rvíkur fyrir nóvemberlok. Það eina, sem breytist hér í Rvík samkv. till. minum, er, að gert er ráð fyrir, að úrskurður skattan. um kærur verði felldur fyrir 30. júní, en samkv. frv. á það að vera fyrir 15. júní. Og úrskurðir yfirskattan. færast sömuleiðis aftur um 2 vikur. Ég þarf ekki að skýra þetta frekar, en get bara ekki skilið, hvaða erfiðleikum þetta þarf að valda á framkvæmd tekjuskattsl. almennt. En hvað hitt atriðið snertir, heimildina í 38. gr. frv. og tilskipuninni frá 1929, þá held ég, að það sé mjög vafasamt, að skattan. telji sér skylt að taka hana til greina. Þær geta a. m. k. alltaf borið því við, að umkvartanir kærenda séu ekki á þeim rökum byggðar, að það eigi við að nota heimildina. Enda er þetta m. ö. o. alveg á valdi skattan., hvort kærur verða teknar til greina; þær geta vísað þeim frá, þó það sé algerlega rangt. Og ég hefi enga tryggingu fyrir því, þó að hæstv. fjmrh. gefi um þetta yfirlýsingu, að skattan. telji sér skylt að hlíta því.

Ég skal játa, að þessi heimild er til í 38. gr. frv., en hún er ákaflega veik. Ég fann ekki til-

skipunina í þeim árgangi stjtíð., sem ég leitaði í, en hún mun vera frá 1929. Mér er vel kunnugt um það af reynslu, að skattan. hér í Rvík hafa litið svo á, að þeim bæri engin skylda til að fara eftir henni. Þetta hefir komið berlega í ljós, og gæti ég tilfært ýms dæmi þess, að skattan. hér í bænum hafa í ýmsum tilfellum ekki viljað sinna kærum, sem komið hafa að liðnum kærufresti, þó að sá dráttur hafi beinlínis stafað af fjarvistum manna. Það er einmitt af þessum orsökum, sem ég hefi álitið rétt, að þessi brtt. kæmi fram. Og ég játa það, að ég vil heldur láta drepa brtt., ef hv. þdm. sýnist svo, heldur en að byggja á ekki sterkari heimild en þeirri, sem felst í 38. gr. frv. og tilskipuninni.

Ég minntist á framkvæmd útsvarsl., og þó að þau séu ekki hér til umr., þá vildi ég geta þess, að það er jafnan síðasta úrræðið fyrir kærendum að skrifa til bæjarstj., ef kærurnar hafa borizt of seint til skattan. og hún ekkert viljað sinna þeim. Í sumum tilfellum hefir þetta borið nokkurn árangur, en í öðrum ekki. Enda eiga bæjarstj. ekki um þetta að fjalla, heldur skattan., og ég get ekki betur séð en að það sé útlátalaust fyrir þær að gera það.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Um brtt. á þskj. 678 vil ég aðeins segja það, að ég vona að hún verði ekki samþ. Því er nú svo háttað, að þessum frestum, sem mönnum eru ætlaðir til kæru á skattinum, er miðlað niður á skattan., sem hafa málin til meðferðar. Og ég álít, að afgreiðsla þeirra megi ekki dragast lengur fram á árið en nú er gert. Hinsvegar vil ég benda hv. 4. þm. Reykv. á, að í 38. gr. er skattan. heimilað að taka sérstakt tillit til þess, að sjómenn eiga erfitt með að komast af með þennan kærufrest; og mundi ég vilja beina því til yfirskattan. að taka þessa heimild til greina, sérstaklega gagnvart sjómönnum, sem eru fjarstaddir. Enda hefir það verið gert hér í Rvík af yfirskattan., af því að í tilskipun þeirri, sem verið hefir í gildi síðan 1929, er fullkomin heimild til þess.

Um skrifl. brtt. frá hv. þm. Dal. vil ég aðeins lýsa því yfir, að ég get eftir atvikum verið meðmæltur, að hún verði samþ. Það er ekki ljóst fram borið í frv., að yfirskattan. skuli skipaðar af nýju, þegar þessi lög ganga í gildi og koma til framkvæmda, og ég get fallizt á, að þær verði látnar sitja út sinn kjörtíma.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég þarf ekki að vera margorður um brtt. mína, því að hæstv. fjmrh. hefir fallizt á, að hún verði samþ. Ég vildi aðeins, að það kæmi skýrt fram í l., hvort það ætti að skipa yfirskattan. af nýju, eða að þær, sem nú eru, væru látnar sitja sinn lögákveðna tíma. Samkv. frv. eru hin eldri l. um tekju- og eignarskatt numin úr gildi um leið og það verður að l., þannig að ákvæði þeirra hætta að verka, og þá virtist mér svo sem umboð núverandi yfirskattan. félli einnig niður. Brtt. á að bæta úr því, og vænti ég, að hún fái góðan byrr, þar sem hún er svo sanngjörn og sjálfsögð. Enda hefir sá aðili, sem þetta kemur mest við, hæstv. fjmrh., lýst yfir því, að hann væri henni samþykkur.

En úr því að ég er staðinn upp, þá ætla ég að minnast á 3. brtt. hv. meiri hl. fjhn. á þskj. 640, sem ég get ekki verið samþykkur. (**JBald** og **JAJ:** Þær voru afgreiddar við 2. umr.). Þá bið ég afsökunar á því og hefi þá ekki meira að segja.

ATKVGR.

Brtt. 678,1 felld með 9:4 atkv.
— 678,2—5 teknar aftur.
— 708 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv. og endursent Nd.

---

Á 54. fundi í Nd., 8. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 709).

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 746).

## 23. Kreppulánasjóður (stjfrv.).

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð** (stjfrv., A. 35).

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., felur í sér þá breyt. á l. nr. 78 frá 1933, um Kreppulánasjóð, að lánskjörum er breytt þannig, að ársgreiðslur á lánum verða jafnar, í stað þess, að gert er ráð fyrir því í l., að afborganir séu jafnar, en af því leiðir, að vaxtagreiðslur og afborganir fyrstu árin verða svo háar, að það er til mikilla óþæginda fyrir lántakendur. Stj. sá sér ekki annað fært en að setja bráðabirgðal. um þetta efni, vegna þess hve margir lántakendur biðu eftir þessari breyt.

Ég vænti þess, að þetta frv. þurfi svo ekki ferkari skýringar við. Það má frekar líta á þessa breyt. sem leiðréttingu á l. um Kreppulánasjóð, sem margir þm. munu hafa ætlazt til, að fælist í frv. frá upphafi.

Ég geri svo að till. minni, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og landbn.

**Garðar Þorsteinsson** (óyfirl.): Ég ætla ekki að tala langt mál um þetta frv., sem ekki er nú stórt að mínu viti. En ég get þó ekki látið hjá líða að láta í ljós undrun mína yfir því,

að stj. skuli hafa getað fengið sig til að gefa út bráðabirgðal. um þetta efni, sem hér er til umr. Menn hafa sjálfsagt tekið eftir því, að þessi stj. hefir verið mjög fús á að gefa út bráðabirgðal. um ýms efni, og þau l. eru svo mörg, að ég get ekki komið tölu á þau. En ég skal líka játa, að það getur alltaf verið matsatriði, hvenær nauðsynlegt er að gefa út bráðabirgðal., en hitt getur engum dulizt, að í 23. gr. stjórnarskrárinnar er ætlazt til þess, að mjög sé takmörkuð útgáfa bráðabirgðal. Bráðabirgðal. á ekki að gefa út nema brýn nauðsyn beri til, en það verður vitanlega í hverju einstöku tilfelli að metast af viðkomandi ráðh., hvort hún sé fyrir hendi eða ekki. En almennt séð er áreiðanlegt, að ráðh. verða að vera mjög gætnir í þessum efnum, vegna þess að útgáfa bráðabirgðal. er vitanlega ekki annað en það, að taka valdið frá Alþ. að nokkru leyti eða öllu. Ég skal ekki dæma um það, hvort sum hinna annara bráðabirgðal., sem stj. hefir gefið út, séu brot á stjórnarskránni, en ég þori að fullyrða, að þessi bráðabirgðal. eru skýlaus brot á 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, er efni þessa frv. það eitt, að í stað þess, að höfuðstóll lántakanda greiðist með jöfnum afborgunum auk vaxta á 40 árum, þá eigi árlegar greiðslur að vera jafnar. Það hefir verið reiknað út og birt í einu blaði hér nýlega, að af 1 þús. kr. láni mundi þetta nema á fyrsta ári 14 kr., og þessi mismunur fer vitanlega lækkandi eftir því, sem lánin eru afborguð. Þessi mismunur er svo lítill, að ég fæ ekki séð, að þess vegna hefði stj. þurft að gefa út bráðabirgðal. En það, sem þó í mínum augum tekur af allan vafa um þetta mál, er það, að á síðasta þingi var einmitt þetta atriði til athugunar, eins og menn mega sjá í Alþt., og þessi leið, að hafa ársgreiðslur jafnar, var athuguð af þm., og meiri hl. þingsins komst að þeirri niðurstöðu, að það væri heppilegast að hafa lánskjörin á þann veg, sem l. frá 1933 segja til um.

Hæstv. forsrh. sagði, að nauðsynlegt hefði verið að gefa út þessi l. vegna þess, að lántakendur hefðu ekki viljað skrifa undir skuldabréfin með öðrum hætti. Ég skal ekki segja, í hvað stórum stíl þetta hefir verið, en einn bankastjóri búnaðarbankans hefir tjáð mér, að að vísu hafi nokkrir lántakendur talað um, að þeir kysu heldur hinn greiðslumátann, en að það hafi verið í svo stórum stíl, að gefa hefði þurft út bráðabirgðal., áleit hann að ekki hefði komið til mála. Loks vil ég benda á það, að ég er í nokkrum vafa um, hvort ekki hefði verið hægt að breyta þessu með reglugerð, og þess vegna var enn síður ástæða til að gefa út bráðabirgðal. rétt fyrir þing. Einnig vil ég benda á það, að ráðh., sem gaf út reglugerðina samkv. þessum nýju l., hefir í raun og veru viðurkennt það, að ekki hefði borið brýn nauðsyn til þess að gefa út þessi l., þar sem hann segir, að lántakandi geti valið um hvora leiðina, sem hann vill. Einmitt þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. í reglugerðinni bendir til þess, að hann hafi sjálfur verið á þeirri meiningu, að lántakendur myndu skiptast í mjög svo jafna flokka um það, hvora aðferðina þeir heldur vildu nota. Þess vegna gefur hann þetta frjálst, en ef hæstv. ráðh. hefði vitað það fyrir víst, að lántakendur vildu fremur hafa þá lánsaðferð, sem segir í bráðabirgðal., þá hefði hann vitanlega ekki þurft að hafa hina leiðina opna.

Ég sem sagt gat ekki látið hjá líða að taka það fram, að ég undrast yfir því, að nokkur stj. skuli vera svo svipt ábyrgðartilfinningu gagnvart Alþ., að hún fái sig til þess að gefa út bráðabirgðal. um eins ómerkilegt atriði sem þetta, þar sem þing átti að koma saman rétt á eftir, auk þess sem engar afborganir af skuldabréfum falla í gjalddaga fyrr en löngu eftir þetta þing, og þá hefði mátt setja almenn l., sem heimiluðu lántakanda að velja hvora leiðina, sem hann vildi.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég sé ekki ástæðu til að lengja mjög umr. um þetta frv., en vil aðeins svara hv. 8. landsk. nokkrum orðum. Það, að nauðsynin fyrir bráðabirgðal. hafi ekki verið fyrir hendi, er byggt á mesta misskilningi og þekkingarleysi. Það lágu fyrir fjöldi af lánbeiðnum, og margir þessara manna voru þannig stæðir, að þeir sáu sér ekki fært að taka lánin með þeim kjörum, sem ákveðin voru í l., að greiða jafnar afborganir og þá háu vexti, sem eðlilega eru á fyrstu árunum og kæmu einmitt harðast niður á þeim á kreppuárunum. Hér er því ekki gert annað en það, sem gert er í veðdeildum, þar sem ársgreiðslur eru jafnar. Það var þess vegna ekki um nema tvennt að gera, annað hvort að þeir menn, sem báðu um lán, biðu með að skrifa undir samningana þangað til þing kæmi saman og þannig tefja afgreiðslu lánbeiðnanna, eða að gefa út bráðabirgðal. Þriðja leiðin var vitanlega fær, að þvinga lánbeiðendur til að taka lánin með þessum kjörum, af því að þeim lá á að fá þau sem fyrst. Það var því nauðsynlegt að setja bráðabirgðal., en það verður vitanlega alltaf matsatriði, hvenær nauðsynlegt er að setja þau, og fer það eftir því, hvaða augum maður lítur á hagsmuni þeirra manna, sem hlut eiga að máli. Get ég trúað því, að hér skiptist leiðir milli mín og hv. 8. landsk. um þetta atriði.

Þá minntist hv. 8. landsk. á, að þetta væri ekki veruleg breyt. á l. frá því, sem nú er ákveðið í l. Þetta byggist einnig á misskilningi, því það hefir verið reiknað út, að það munar hátt á 2. millj. kr. á afborgunum og vöxtum á fyrstu 15 árunum. Afleiðingin af þessari breyt. er sú, að greiðslur skiptast jafnar niður á öll árin, í stað þess, að þær komi þyngst niður á fyrstu árin.

Þá kom það fram hjá hv. 8. landsk., að rangt hefði verið að setja þessi l., vegna þess að einmitt hefði verið rædd þessi leið á þinginu 1933, að hafa ársgreiðslur jafnar, en svo kemur hann aftur að því, að ekki hefði þurft annað en að setja reglugerð til þess að breyta þessu ákvæði. Þetta er, eins og menn sjá, hreinasta mótsögn. Það er alveg misskilningur, að það sé ákveðið í l., hvernig lánin skuli veitt. Það er einungis ákveðið, hvernig bréfin skuli dregin inn. Sjóð-

stj. er gefin heimild til þess að haga lánunum eins og hagkvæmt er fyrir lántakendur.

Ég vil þess vegna mótmæla því eindregið, enda tel ég það sagt móti betri vitund, að ekki hafi verið ástæða til að setja um þetta bráðabirgðal.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ég veit, að hæstv. forsrh. hefir mikla þekkingu á landbúnaðarmálum eftir allt sitt ferðalag í Strandasýslu í vor, en mér er ekki kunnugt um, að hann hafi betri aðstöðu til þess að setja sig inn í þau mál heldur en hver annar. Ég verð vitanlega að þola það, að hann beri mér á brýn þekkingarleysi á þessum málum, en ég hefi ástæðu til að ætla, að bankastj. þeirrar lánstofnunar, sem fer með þessi mál, hafi engu síður skilning á þessum kjörum bænda en hæstv. forsrh. Og eins og ég tók fram áðan, hefir einn bankastj. búnaðarbankans skýrt mér frá því, að aðeins örfáir lántakendur hafi óskað frekar eftir þessari breyt., en ekki hafi verið nein ástæða til, þess vegna, að gefa út bráðabirgðal. Ég tók það líka fram áðan, að það væri að mínu áliti því minni ástæða til að gefa út bráðabirgðal., þar sem þessi leið var opin fyrir löggjafann 1933. Og einmitt það, að löggjafinn velur þessa leið, á að vera hömlur á þann ráðh., sem tekið hefir við eftir að það þing hætti störfum, að gefa út bráðabirgðal., sem ganga í bág við þau l., sem það hafði gefið út.

En það felst engin mótsögn í þeim ummælum mínum, að ég teldi það nokkurt vafamál, hvort ekki hefði mátt breyta þessu með reglugerð. Og ég held, að það sé misskilningur hjá hæstv. forsrh., ef hann heldur því fram, að hvergi sé ákveðið í l. um greiðslumáta lántakanda. Ég skal útskýra það, hvað ég á við með því, að þessu hefði mátt breyta með reglugerð. Í 2. gr. l. nr. 78 1933 er ákveðið um gerð þeirra bréfa, sem Kreppulánasjóður gefur út; vextir af þeim skulu vera 4½% á ári, og skulu þau innleysast á 40 árum.

Svo stendur í síðustu málsgr.: Færi svo, að reiðufé Kreppulánasjóðs reyndist eigi nægjanlegt til að greiða skuldbindingar hans, skal ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, og skulu þá þau framlög síðar endurgreiðast af eignum sjóðsins, ef þær hrökkva til".

Þessi síðasta málsgr. veitir stj. heimild í því einstaka tilfelli til þess að greiða úr ríkissjóði fé, ef reiðufé Kreppulánasjóðs er ekki fyrir hendi. Í 19. gr. er aftur rætt um bréf, sem lántakendur gefa út. Þar er talað um, að lánstíminn megi ekki vera lengri en 42 ár og að vextir skuli vera 4%. Svo stendur í þessari gr.: „— Afborgunarskilmálum skal eftir því, sem unnt er, haga svo, að Kreppulánasjóður geti staðið straum af innlausn skuldabréfa sinna samkv. 2. gr.".

Í 19. gr. er ætlazt til, að afborganir nægi til þess að standa straum af innlausn skuldabréfa, „ef unnt er", en í 2. gr. er gefin heimild til þess fyrir ríkissjóð, ef það er ekki unnt að leggja fram það fé, sem á vantar. M. ö. o., ef sjóðstj. hefir álitið það heppilegt að leyfa lántakanda að greiða sína skuld á 40 árum með jöfnum greiðslum, þá hefir að vísu vantað nokkuð til þess, að Kreppulánasjóður gæti staðið straum af þeim bréfum, sem hann hefir látið af hendi. En þá er heimild fyrir ríkissjóð að borga mismuninn. Þess vegna álít ég vafamál, hvort ekki hefði mátt breyta þessu með einfaldri reglugerð. Og vitanlega var síðasta Alþ. það jafnljóst og núv. Alþ. og þessari stj., sem nú situr, að veðdeildarlán eru þannig, að menn borga veðdeildarskuldir með jöfnum árlegum greiðslum, svo það sannar ekki nauðsynina fyrir því að breyta þessu í sama horf. —

Hæstv. ráðh. sagði, að hér skildi milli okkar, hann bæri hagsmuni lántakenda fyrir brjósti, en ég ekki. Að mínu áliti er það allt annað, sem skilur á milli okkar. Það eru aðrir hagsmunir, sem hæstv. ráðh. ber fyrir brjósti en hagsmunir lántakendanna. Í Tímanum hefir nýlega verið talað um þessa brýnu nauðsyn á að breyta þessum lánskjörum, til þess að gefa tilefni til að ráðast á þá stj., sem fer með þessi mál, sem er í andstöðu við hæstv. stj. Hæstv. ráðh. tekur löggjafarvaldið í sínar hendur til þess að fullnægja löngun þeirra, sem að útgáfu Tímans standa, til þess að ráðast á þá menn, sem með þessi mál fara, en það eru ekki hagsmunir bænda, sem hann er að hugsa um, því enginn trúir því, að bankastj. búnaðarbankans hafi ekki bæði vit, þekkingu og vilja til þess að gæta hagsmuna bænda eins og sá maður, sem nú situr hér í ráðherrastóli.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Ég nenni varla að vera að karpa þetta við hv. 8. landsk. Ræða hans var ekki svo merkileg, en ég vil bara endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það væru heil héruð, sem óskuðu eftir þessum breyt., eins og fleirum en mér er kunnugt um. Það er því leiðinlegt að þurfa að standa upp hvað eftir annað til þess að karpa um atriði, sem er jafnvitanlegt og þetta.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, að það hefði mátt breyta þessu með reglugerð og haga lánunum þannig, að þau væri lántakendunum sæmilega viðunandi, þá er það rétt, að það mætti gera með því að leggja fram stórfé úr ríkissjóði, en það er ekki hægt að breyta reglugerðinni á þann hátt, að lánskjörin séu viðunandi, ef sjóðurinn á að standa undir sér sjálfur. Ég er ekki í neinum vafa um það, að sú leið, sem stj. nú hefir valið, er miklu heppilegri en sú leið, sem hv. þm. hefir bent á, ekki sízt eins og nú er komið fyrir ríkissjóði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að karpa um þetta mál meira.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 64).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)**: Mál þetta var rætt talsvert við 1. umr., og ég sé ekki ástæðu til að bæta miklu við það, sem þá kom fram í

málinu. Eins og kunnugt er, eru aðalatriðin í lögum þessum breyt. á greiðslum til Kreppulánasjóðs, frá því, sem upphaflega var ákveðið, sem sé þannig, að úr því að vera jafnar afborganir allan lánstímann, breytist það í jafnar ársgreiðslur. Þetta hefir það í för með sér, að afborganir lána verða minni framan af greiðslutímanum og meiri þegar á líður, en afleiðingin af því er aftur sú, að ekki er hægt að greiða bréfin eins ört og ætlazt var til í l. Kemur greiðslan þá vitanlega að langmestu leyti á seinni hluta lánstímabilsins. N. er öll sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, og litur þannig á, f. h. lántakenda, að breytt hafi verið til bóta, þannig að lánskjörin séu hagkvæmari en ella hefði orðið. Hinsvegar hafa þrír nm. skrifað undir nál. með fyrirvara, og munu þeir lýsa honum sjálfir, en ég hygg, að sá fyrirvari sé aðallega fólginn í því, að þeir hafi ekki talið nauðsyn á að setja um þetta bráðabirgðal. Um það þýðir ekki að deila úr því, sem komið er, og þar sem líka allir eru sammála um, að þessi lög skuli samþ., þá er það aðalatriðið. Á það ber að líta, að mikil þörf, ef ekki fullkomin nauðsyn, var fyrir hendi, til þess að þetta yrði gert eins fljótt og auðið var. Fjöldi manna var þá þegar búinn að ná samningum um skuldaskil við Kreppulánasjóð og beið eftir að geta tekið lánið, og þar sem kröfur komu fram um þetta og það lá í loftinu, að breyt. yrði gerð, þá virðist mér, að það hafi verið alveg rétt að breyta þessu sem fyrst. Það gat valdið mjög miklum óþægindum fyrir menn, að þurfa að bíða með lántöku þangað til seinni hluta vetrar, þegar þetta var orðið að lögum fyrir afskipti Alþ. Fyrir mitt leyti álít ég vel farið, að þessi bráðabirgðal. voru sett, og n. leggur öll til, að þessi l. verði samþ., eins og þau nú liggja fyrir.

**Jón Pálmason:** Eins og hv. frsm. gat um, hefi ég og tveir aðrir nm. skrifað undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari tekur ekki til þess, eins og frsm. gat um, að við séum mótfallnir þessu máli, því að n. er sammála um, að þessi breyt. sé til bóta, þegar tekið er tillit til þeirra lánskjara, sem hér um ræðir. Hinsvegar álítum við, þessir þrír nm., sem erum meiri hl. n., að það hafi verið með öllu óþarft að gefa út bráðabirgðal. um þetta efni. Þau eru undirskrifuð 14. ág., en Alþ. átti að koma saman 1. okt., og við teljum, að í þeim efnum, þegar ekki beri nauðsyn til að gefa út bráðabirgðal., þá sé verið að óvirða Alþ. með því að gera slíkt rétt áður en það kemur saman. Í þessu tilfelli má athuga það, að einmitt sú stofnun, sem þetta frv. nær til, hefir að mjög miklu leyti frestað sinni starfsemi frá því í ág. og til septemberloka, og þess vegna hefir útgáfa þessara bráðabirgðal. ekki komið að miklu haldi.

Ég vildi aðeins taka þetta fram til þess að skýra í hverju það liggur, að ég sem nm. hefi skrifað undir nál. með fyrirvara.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil aðeins taka undir þann fyrirvara, sem hv. þm. A.-Húnv. gat um. Ég er líka á þeirri skoðun, að ekki eigi að setja bráðabirgðal., nema brýn og óhjákvæmileg nauðsyn sé fyrir hendi, og hún var ekki fyrir hendi í þessu tilfelli, auk þess sem það er mjög óviðkunnanlegt, að á skuldabréfum Kreppulánasjóðs skuli þurfa að vitna í bráðabirgðal.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég hefi svarað þeirri aðfinnslu nægilega við fyrri umr. þessa máls, að óþarft hafi verið að gefa út bráðabirgðal. um þetta efni, en vil samt ekki láta þeirri firru ósvarað nú, af því að hún er sögð út í bláinn og meira til þess að fá tækifæri til að tala hér á Alþ. heldur en að menn séu hér að tala um það, sem þeir vita um. Það lágu fyrir beiðnir hjá sjóðnum frá heilum héruðum um að lánskjörunum yrði breytt. Svo átti að segja við bændur, sem voru að biðja um þessi lán: Þið getið beðið þangað til Alþ. er búið að samþ. l., ykkur liggur ekkert á, eða þá: Farið og gangið að þessum kjörum, þó að óaðgengileg séu og fyrirsjáanlegt sé, að þið getið ekki staðið í skilum fyrstu árin.

Það var því hin fullkomnasta nauðsyn fyrir bráðabirgðal., þ. e. a. s. brýn nauðsyn til þess að breyta þessu ákvæði l., og þess vegna er það ákaflega einkennilegt, þegar þessi l. hafa verið sett af stj., sem vitanlega var kunnugust þeirri knýjandi nauðsyn, sem var á þessum l., að heyra þá skoðun aftur og aftur, og það frá fulltrúum sveitanna, eð ekki hafi verið full nauðsyn fyrir hendi fyrir þeim.

**Héðinn Valdimarsson:** Það mun hafa verið úr tveimur kjördæmum, sem beiðnir komu um að breyta þessum lánskjörum, og ég veit ekki betur en að það sé oft syndgað á móti fleiri kjördæmum en tveimur.

**Ólafur Thors:** Ég vil taka undir þá skoðun, sem hér hefir komið fram, bæði frá hv. þm. A.-Húnv. og 2. þm. Reykv., og ég vil nota þetta tækifæri til að láta í ljós undrun mína yfir því, á hvern hátt, og ég vil heldur orða það þannig, á hve óviðfelldinn hátt hæstv. forsrh. hefir mætt þeim alveg rökréttu aðfinnslum, sem hann hefir orðið fyrir hér í d. Hv. 8. landsk. þm. færði mjög sterk rök að því, og sýndi berlega fram á það með lögfræðilegri þekkingu, að hér er um að ræða alveg tvímælalaust brot á anda stjórnarskrárinnar. En allt, sem hann hafði upp úr þessum leiðbeiningum sínum var, að hæstv. forsrh. rauk upp eins og gikkur, og viðhafði óþingleg orð, og með hroka, sem er fullkomlega vítaverður. Það sama lýsti sér í svari hans við ræðu hv. 2. þm. Reykv. Þessi óþingvani forsrh. ætti að temja sér að leggja nokkur bönd á sitt ríka og ótamda skap. Ég skil ekki í því, að hæstv. forsrh. skuli ekki geta gert sér það ljóst, með jafnaugljósum bendingum og leiðbeiningum og hann hefir fengið, að það er sitt hvað, hvort þessi l. eigi við þau rök að styðjast, að um sé að ræða nauðsynlegar bætur á lántökuskilyrðum þeirra bænda, sem æskja eftir lánum úr Kreplánasjóði, eða hitt, sem hér ræðir um, hvort nauðsyn var á að koma þessu í framkvæmd með

bráðabirgðal. Hæstv. forsrh. rökstyður mál sitt á þennan hátt: „Þið getið trútt um talað, sem hafið ekkert vit á þessu máli". — Það er formaður Alþýðufl., sem fær þetta. Og ennfremur segir hann, að eftir þessu láni hafi margir menn beðið, og spyr svo, hvort átt hafi að reka þá á gaddinn og segja þeim að bíða til nýjárs. Nei, hæstv. forsrh. átti ekki að gera þetta, og fyrst og fremst af því, að hann þurfti þess ekki. Hann gat látið sér nægja að segja: „Ég, landbrh., ég sjálfur — og það er ekki lítið — ætla mér að bera fram frv. á þingi um, að þessu verði breytt, og ég sjálfur ræð svo miklu á Alþ., að öruggt er, að þessi l. fái þar staðfestingu". Þetta gat hann sagt. Undirtektir hv. þdm. á málinu sýna, að honum var óhætt að segja þetta. En því gerði hann það ekki? Með því var vandinn leystur, og þá hefði hann ekki brotið anda stjórnarskrárinnar. En nú hefir hann gert það, og svo, í stað þess að koma hér sem iðrandi syndari, þá kemur hann sem hrokafullur ráðh. Þetta má ekki ciga sér stað hér á Alþ., og þó að hæstv. forsrh. sé nýr af nálinni hér í þingsölunum, ætti hann að hafa nokkra reynslu, þar sem hann hefir verið lögreglustjóri í Rvík og er auk þess lögfræðingur. Ég vildi ekki láta hjá líða að beina þessum áminningum til hæstv. forsrh.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég þarf ekki að svara miklu í ræðu hv. þm. G.-K., en vil þó segja honum það, að hans föðurlegu áminningar munu hafa jafnlítið að segja hér eftir eins og hingað til. Ég mun ekki fara þar í skóla til að læra siðfræði eða mannasiði.

Að öðru leyti er nákvæmlega það sama að segja um þetta, sem nú hefir komið fram í málinu, og það sem áður hefir komið fram í því, að rökin fyrir því, að ekki hafi þurft að setja bráðabirgðal. fá ekki staðizt. Þau rök, sem hv. þm. eru að reyna að færa fram fyrir máli sínu, eru þessi, að við þá bændur, sem eftir lánunum biðu, hefði átt að segja: „Þið getið beðið þangað til Alþ. er búið að ganga frá þessum l., því að ykkur liggur ekkert á að taka lánið fyrr". Nú er það vitað, að meirihlutafylgi var fyrir því hér á Alþ. að fá l. breytt og gera lánskjörin aðgengilegri. Um það má deila aftur og fram, hvenær brýn nauðsyn sé fyrir hendi til að setja bráðabirgðal., en eins og á stóð og á stendur fyrir bændum, og þegar litið er á þá töf, sem hefði orðið á framkvæmd l., ef þetta hefði ekki verið gert, þá lít ég svo á, að um mjög brýna nauðsyn hafi verið að ræða. — Þá vil ég líka segja hv. þm. G.-K. það, að hann hefir sjálfur sett k. um fiskeinkasölu, l. sem gerðu ekki minna til að taka fram fyrir hendur einstaklinga heldur en þessi l., nema síður sé, og ég vil segja, að undir þeim kringumstæðum, sem þá voru, hafi verið um nokkuð vafasamari nauðsyn að ræða heldur en nú.

Það fer eftir því, hvern mælikvarða menn leggja á þetta mál, hvort þeir telja, að bráðabirgðal. hafi verið þörf eða ekki. Ég er ekki í nokkrum efa um það, að hér var brýn nauðsyn fyrir hendi, og aðfinnslur við stj. fyrir setningu l. eru því gersamlega ástæðulausar. Og hvað mig snertir, þá mundi ég ekki hika við að setja bráðabirgðal. hvenær sem væri, ef ég teldi þess eins brýna nauðsyn og með þau l., sem hér um ræðir. Því að það er í anda stjskr.

**Jón Pálmason:** Hæstv. forsrh. sagði í fyrri ræðu sinni, að við hv. 2. þm. Reykv. hefðum farið með firrur einar, og mundum hugsa meira um að fá að tala á Alþ. en að fara með rétt mál. Þótt það sé sjálfur hæstv. forsrh., sem segir þetta, þá verð ég að nefna þessi ummæli hreinustu ósvífni. Og ekki sízt þar sem ég fór einmitt með rétt mál. Hér er um að ræða, að stj. hefir algerlega að óþörfu gripið til þess að gefa út bráðabirgðal. Og þó að það sé rétt, að l. þessi miði að umbótum á þeim lánakjörum, sem þau fjalla um, þá er ekki þar með sagt, að nokkur nauðsyn hafi verið á að koma þeim á hálfum öðrum mánuði áður en þing kom saman, ekki sízt þar sem Kreppulánasjóður mun mjög fá lán hafa afgreitt á þessu tímabili. Nú eins og áður kom greinilega í ljós sá hugsunarháttur hæstv. forsrh., að hann einn vissi allt, við hinir ekkert. Ef honum er mótmælt, fer hann strax að tala um heimsku og firrur og þar fram eftir götunum. Það eru rökin.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. taldi það ekki ómaksins vert að gera tilraun í þá átt að læra mannasiði. Það mun líka orðið nokkuð seint. Hæstv. forsrh. er fullorðinn, og mönnum á hans aldri gengur illa að læra það af nýju, sem þeir ekki hafa tamið sér í æsku. Annars talaði hæstv. ráðh. svo um þetta mál, að það væri í daglegu tali kallað að „tala svart". Hann botnar sýnilega ekkert í því, sem hann er að fara með. Hann var að reyna að sanna nauðsyn þessara bráðabirgðal., og taldi það einkum til, að bændum hefði legið svo á að fá lán með þessum kjörum. En nú hafa auðvitað allir þeir, sem sótt hafa um lán, gengið út frá gömlu lánakjörunum, enda var hægurinn hjá fyrir hæstv. ráðh. að segja við þessa lánbeiðendur: Þið getið orðið aðnjótandi allra hlunninda nýju lánakjaranna án þess að nokkur bráðabirgðal. séu gefin út. Það er hægt að gefa út l. á Alþ., sem færir ykkur öll þessi friðindi, — þó að þið séuð búnir að taka lánið, má breyta lánskjörunum eftir á. — Þetta veit hæstv. ráðh., því að í þessum l. er slík heimild handa eldri lántakendum, og mér er óskiljanlegt, hvernig hæstv. ráðh. fer að fóðra það, að þetta hafi ekki eins verið hægt með þau lán, sem tekin voru í ágúst, september og október.

Hæstv. ráðh. talaði um bráðabirgðal., sem ég hefði gefið út og sambærileg væru við þessi. Þetta er misskilningur. Ég gaf út 5. des. bráðabirgðal. þess efnis, að ekki mætti selja saltfiskafla komandi árs né flytja út, nema með sérstöku leyfi. Þarna stóð svo á, að vertíð var að byrja, og ekki var hægt að bíða eftir Alþ., sem kom ekki saman fyrr en í febrúar. Þessum l. mætti því e. t. v. líkja við önnur bráðabirgðal. þessarar hæstv. stj., en það eru kjötsölul., a. m. k. er það sameiginlegt með þeim, að nauðsyn til framkvæmda áður en Alþ. kom saman var mjög brýn.

Ég vil að endingu vekja athygli stuðningsmanna þessa hæstv. ráðh. á þeim orðum hans, að hann mundi gefa út bráðabirgðal. hvenær svo sem honum sýndist. Það er m. ö. o. hótun um að brjóta stjskr. eins oft og honum þóknast. Mér þætti ekki nema eðlilegt, þó að stuðningsmenn ráðh. svöruðu þessum ofstopa á þann hátt, að þeir sýndu honum vilja sinn til þess að löggjafarvaldið væri áfram hjá Alþ., með því að samþ. vantraust á þennan hæstv. ráðh.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég hefi ekkert við það að athuga, þó að hv. þm. G.-K. vilji beita sér fyrir því að bera fram vantrauststill. á mig eða stj. mína. — Ég vil biðja hv. þdm. að taka eftir þeim rökum, sem hv. þm. færir gegn þessum bráðabirgðal. Hann segir, að forsrh. hefði átt að segja bændum, sem lán vildu fá, að þeir skyldu óhræddir taka lán eftir gömlu lánskilmálunum, og síðan mundi Alþ. samþ. l., sem veitti þeim álíka umbætur á lánskjörunum og bráðabirgðal. gerðu. Hv. þm. athugar það ekki, að jafnhliða lánunum hefir verið úthýtt bréfum úr Kreppulánasjóði með þeim kjörum, að þau skuli dregin inn með jöfnum afborgunum, svo að bréfin séu öll innleyst á 40 árum. Breyt. var ekki hægt að koma á eftir á, nema með því móti, að bréfin væru dregin inn í samræmi við lánskjörin. Það hefði því kostað Alþ. stórfé úr ríkissjóði árlega, ef lánskjörunum hefði verið breytt eftir á. Ef bráðabirgðal. hefðu ekki verið gefin út, hefði verið lokuð leiðin til breyt. á lánskjörunum, nema það kostaði ríkissjóð mikil fjárútlát.

**Hannes Jónsson:** Án þess að ég ætli að öðru leyti að blanda mér í þær umr., sem hér hafa orðið, vil ég þó benda hæstv. forsrh. á það, að bráðabirgðal. hefði ekki þurft að setja lántakenda vegna, eins og virðist vera skoðun hans. Þeir, sem lánin taka, fá sjálfir enga peninga úr Kreppulánasjóði, en þeir, sem eiga kröfur á hendur þessum lántakendum, eiga aðgang að sjóðnum. Hér getur því ekki verið um það að ræða að létta fyrir þeim, sem lánin fá, heldur í hæsta lagi fyrir þeim, sem eiga kröfur á þessa menn. Ég veit, að menn hafa óskað eftir því, að skuldabréfin yrðu ekki undirskrifuð fyrr en eftir 15. nóv., en Kreppulánasjóður færist ekki undan því, að þessi lán séu uppgerð fyrir þann tíma, ef skuldheimtumennirnir óska eftir því. En það er gert í þágu skuldakröfuhafanna, en ekki lántakenda. Ef hæstv. ráðh. hefði farið þá leið, að óska eftir því, að Kreppulánasjóður borgaði ekki út meiri lán um tíma, en bíði eftir l., sem væntanlega yrðu samþ. á næsta Alþ. um lánskilmála, býst ég við, að stofnunin hefði orðið við þeim tilmælum. — En ég vil undirstrika það, að bráðabirgðal. var ekki þörf vegna lántakenda, þau gera enga þá breyt. á högum þeirra, sem ekki hefði getað beðið eftir lagasamþ. á venjulegan og eðlilegan hátt.

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég var einn af þeim þm., sem fóru fram á það við hæstv. stj., að hún setti bráðabirgðal. um þetta efni, og ætla ég því að segja nokkur orð. Í umr. hefir komið fram sú skoðun, að ekki hafi verið þörf á bráðabirgðal. þessum. Ég held, að það álit sé þannig til komið, að flytjendur þess hafi ekki kynnt sér nægilega, hvað hér er um að ræða, og e. t. v. ekki haft tækifæri til þess. Ég get upplýst það, að í því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, var það mjög ákveðin ósk bænda, að þessi breyt. yrði gerð. Og eitt af því, sem ég var beðinn um, þegar ég fór úr kjördæminu að afstöðnum kosningum, var að færa það í tal við stj. tilvonandi, hver sem hún yrði, hvort ekki væri hægt að fá þessu atriði breytt fljótt. Svo stóð á því, að ýmsir bændur úr Þingeyjarsýslum og víðar, sem samið höfðu um lán úr sjóðnum í marz og aprílmán., ráku sig á það, að stj. Kreppulánasjóðs leit svo á l. frá 1933, að samkv. þeim ættu árlegar afborganir af lánunum ekki að vera jafnar. Þessu höfðu bændur ekki búizt við. Og þarna er vitanlega um mikið hagsmunamál lántakenda að ræða, hvort afborgunum verður skipt jafnt niður á talsverðan árafjölda, eða hvort þeir þurfa að greiða langmesta upphæð strax. — Það hefir verið sagt hér í umr., að þessar ráðstafanir hefðu mátt bíða þingsins, og bráðabirgðal. væru því óþörf. Án þeirrar lagasetningar hefðu tvær leiðir legið fyrir. Önnur var sú, að bændur hefðu beðið með lántökur sínar í von um hagkvæmari lánsskilyrði, sem Alþ. mundi setja. Og þrátt fyrir ummæli hv. þm. V.-Húnv. er ég viss um, að það hefði orðið tilfinnanlegt fyrir marga bændur. Það mun rétt, að sumir lánbeiðendur vilji nú draga að taka lánið fram yfir 15. nóv., en ýmsar ástæður gátu þó legið til þess, að þeir vildu fá lánið strax. T. d. gátu þeir átt það á hættu, að gengið yrði að veðum fyrir veðskuldir, sem mjög gat orðið bagalegt. Hin leiðin var sú, sem nefnd hefir verið hér í umr., að lánin væru tekin til bráðabirgða, og gefin út skuldabréf fyrir þeim. Þetta hefði heldur ekki verið ákjósanleg leið. Hún hefði haft það í för með sér, að öllum lánum, sem tekin hefðu verið frá því í ágúst í sumar, hefði orðið að breyta í það horf, sem nýja fyrirkomulagið krafðist, í okt-óber—desembermán. Þetta hefði kostað stj. Kreppulánasjóðs mjög mikið verk og tilkostnað.

Ég held því, eins og ég áður hefi tekið fram, að áminningar til stj. fyrir að gefa út þessi bráðabirgðal., séu á því einu byggðar, að þeir, sem þær flytja, hafi ekki átt kost á því að kynna sér málið nægilega.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ég mun ekki fara mörgum orðum um mál þetta. En í áframhaldi af orðum mínum við 1. umr. vildi ég ekki láta hjá líða að vekja athygli hv. dm. á því, hvílíka meðferð hæstv. forsrh. hefir fengið í þessu máli. Ég drap á það þá, að þessu máli væri svo varið, að engin þörf hefði verið á bráðabirgðal. um það, og með setningu þeirra hefði hæstv. stj. brotið bæði anda og ákvæði 23. gr. stjskr. Hæstv. ráðh. rauk þá upp með öllu því veldi, sem staða hans í þjóðfélaginu veitir honum, lýsti því yfir, að ég hefði ekkert vit á málinu. Ég er nú helzt á því, að hæstv. ráðh. muni lítið hafa kynnt sér þetta mál, nema ef vera skyldi í sinni einu ferð til Stranda

í vor. Og mér þótti vel til hlýða, að þegar rödd kom upp honum til hjálpar, var það frá hv. þm. N.-Þ. Mér skilst það vera vottur um góðan málstað og gáfulega röksemdafærslu, þegar þessir tveir hv. þm. eru sammála og berjast hvor við annars hlið. (GG: Laukrétt!). Bankastjóri búnaðarbankans hefir sagt mér, að ekki hefðu komið tilmæli um lántöku nema frá Þingeyjarsýslu yfir þennan tíma, og má undarlegt heita, ef breyt. eru svo nauðsynlegar sem af er látið, þar sem ekki koma raddir um það nema frá einni sýslu á landinu. Nú er vitað, að hv. þm. N.-Þ. hefir hvað eftir annað notað þetta í Tímanum til árása á stj. Kreppulánasjóðs. Og mikil líkindi eru til, að þessar ráðstafanir séu gerðar til þess að vera í samræmi við þessa rödd í Tímanum og eigi að vera sem liður í pólitískri agitation gegn stj. Kreppulánasjóðs. Þetta skýrist enn betur, ef það er athugað, að meðallán úr Kreppulánasjóði mun vera 3000 kr. Lántakandi yrði þá að borga 42 kr. meira fyrsta árið með gamla fyrirkomulaginu en hann þyrfti samkv. bráðabirgðal. Og þó að fjárhagur lántakenda sé yfirleitt mjög bágborinn, er þetta ekki það stór fjárupphæð, að hún geti skipt svo miklu máli sem hæstv. stj. vill vera láta. Ennfremur má geta þess, að eftir að bóndi hefir sent lánbeiðni til Kreppulánasjóðs, má ekki ganga að honum með löghaldi eða fjárnámi, og þarf hann því ekki að óttast neinar truflanir á búrekstri sínum af þeim sökum. Svo að ekki gat legið á lánunum af þeim sökum.

Eitt atriði vil ég benda á til sönnunar því máli mínu, að hæstv. forsrh. muni ekki vera sem bezt kunnugur þessum málum, að hann hélt, að bændur fengju lán þessi beint og hefði því legið á þeim. Þetta eru engin peningalán, heldur er því svo fyrir komið, að skuldir lántakenda eru borgaðar sumpart í peningum og sumpart í bréfum frá Kreppulánasjóðnum. Þetta virðist hæstv. forsrh. ekki vita. En þó skiptir það meira máli, að meiri hl. n. þeirrar, er fékk þetta mál til athugunar, var sammála um það, að með þessum bráðabirgðal. hefði hæstv. forsrh brotið anda 23. gr. stjskr., og einn stuðningsmaður stj. hefir staðið hér upp og lýst því yfir, að hann teldi, að svo væri. Það er í fyllsta máta óviðkunnanlegt, að eftir þessa ádrepu stendur hæstv. forsrh. upp og segist skulu gera þetta sama aftur hvenær sem honum þóknist. Hitt hefði legið nær, að hæstv. forsrh., sem þar að auki er lögfræðingur, hefði eftir slíka ádrepu frá meiri hl. Alþ. staðið upp, viðurkennt, að hér hefði hann framið lögleysu og lofað að gera það aldrei aftur.

**Ólafur Thors:** Ég ætla nú ekki að fara út í neinar stælur um þetta mál, en sé þó nauðsyn bera til að áminna hæstv. forsrh. um að sýna meiri varfærni framvegis en hingað til. Og ég vildi leiða athygli hv. þdm. að því, hve veik rök hæstv. ráðh. færði fyrir þessu broti sínu á anda stjskr. Fyrst kom hann með það, að bændur hefðu þurft lánanna svo fljótt, að ekki hefði mátt bíða þingsins þess vegna. Búið er að sýna fram á, að þetta er tóm vitleysa. Þá voru talin vandkvæði á því að breyta lánskjörunum eftir að lánin voru tekin.

Ég mun leiða hjá mér að rökræða hinn spaugilega ef ekki sorglega skilning hv. þm. N.-Þ. á þessu máli. Hann sagði, að með bráðabirgðal. væri komið í veg fyrir aukið erfiði og tviverknað, og þá gerði svo sem minnst til, eftir hans skilningi, hvað stjórnarskráin segði. En ég skal segja honum í fullri alvöru, að ég lít svo á, að stjórnarskráin sé meira en glingur eitt, sem hægt sé að breyta eftir geðþótta uppi í Sambandshúsi, eða annarsstaðar. Ég hygg að það muni þykja eftirtektarvert, hvernig skilning þessir herrar, hv. þm. N.-Þ. og hæstv. forsrh., hafa á stjórnarskránni. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir áðan, eftir að hann hafði fengið maklegar ávítur fyrir þessa meðferð á stjskr., að þetta sama mundi hann gera hvenær, sem sér sýndist. Ég verð að segja, að ef þessi andi á að verða ríkjandi hér, það hnefaréttarlögmál, að „sá lýgur, sem liggur", þá er eins gott að loka þinginu þegar í stað.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** (óyfirl.): Ég sé ekki ástæðu til að lengja mikið þessar ómerkilegu umræður. Það má auðvitað deila endalaust um það, hve brýn nauðsyn hafi verið á því að gefa út þessi bráðabirgðal. Skoðanir á því atriði byggjast vitanlega einkum á því, hvaða augum litið er á hagsmuni hlutaðeigenda.

Ég skal aðeins leiðrétta örfátt af þeim villum, sem fram hafa komið, t. d. það, sem hv. þm. V.-Húnv. var að tala um, að þessi breyt. væri einkum gerð með hagsmuni skuldareigenda fyrir augum. En breyt. er í því fólgin, að lánin greiðast hægar fyrstu árin. Þetta er vitanlega óhagur skuldareigendum, en hagur lántakendum. Hv. þm. V.-Húnv. hefir því snúið þessu alveg við. Breyt. er gerð með hagsmuni lántakenda fyrir augum, og ég hefi orð eins af búnaðarbankastjórunum fyrir því, að bændur hafi talið mikla nauðsyn á að fá þessa breyt.

Út af því, sem hv. 8. landsk. var að segja, að ég mundi ekki hafa kynnt mér, að þetta væru ekki peningalán, heldur bréf, er því til að svara, að hv. þm. veit vel, að þessi bréf gilda sem peningagreiðsla á öllum skuldum, sem stofnaðar eru fyrir vissan tíma.

Hv. þm. G.-K. var enn með þá villu, að hægt hefði verið að veita lánin með þeim kjörum, sem ákvæðin eru í eldri l. og breyta síðan þeim ákvæðum á Alþ. (**ÓTh:** Margar leiðir opnar til lausnar!). Það getur verið, að þeim virðist margar leiðir opnar, sem ekki vita, hvernig þessu er fyrir komið. En það liggur í augum uppi, að þegar búið var að veita lánin og afhenda bréfin, gat Alþ. ekki breytt afborgunarákvæðunum nema á þann hátt að leggja fram peninga til jafns við það, sem eldri l. gera ráð fyrir hraðari afborgunum en bráðabirgðal. Hér hefði því komið nýr og ekki óverulegur útgjaldalið**ur á ríkissjóð samkv. þessum ráðagerðum hv. þm. G.-K., því að vitanlega hefði orðið að fara eftir þeim ákvæðum, sem í bréfunum stóðu, eftir að þau komu í hendur skuldareigendum. Allt skraf hv. andstæðinga um þetta er byggt á skökkum forsendum, af því að þeir**

hafa ekki gert sér ljóst, hvernig þessum málum er fyrir komið. Er því ekki ástæða til að taka áminningar þeirra og aðfinnslur hér í d. mjög hátíðlega.

**Hannes Jónsson:** Ég hafði ekki ætlað mér að lengja hér umræður. En mér finnst undarlegt, ef hæstv. stj. og þeir, sem hana styðja, þurfa að vera að færa fram rök, sem enga stoð hafa. Það er rétt hjá hæstv. stj., að hér er um að ræða breyt. til bóta fyrir lántakendur, og er því ástæðulaust að vera með nokkrar falskar umbúðir. Hv. þm. N.-Þ. sagði, að þurft hefði að flýta lántökum bænda, svo að eigi væri gengið að fasteignaveðslánum. En þetta kemur þeim lánum ekkert við, því að það er eins hægt að ganga að þeim, þó að búið sé að undirrita kreppulánabréfin. Ég veit dæmi þess, að það hefir verið gert, og slíkt er ekki hægt að hindra, þó að kreppulánabréf séu gefin út um leið og sótt er. Fasteignaveðslánin snerta þetta ekki nema að því leyti sem eigendur fasteignaveðskrafna ganga inn á að taka greiðslu í kreppulánasjóðsbréfum, og ef fasteignaveðslánin fara fram úr fasteignamati, en þau tilfelli eru fá.

Því er haldið fram, að mikill kostnaður mundi hafa fylgt því að breyta lánunum samkv. nýju l. Það er rétt hjá hæstv. forsrh., að nauðsynlegt hefði verið að stöðva útborganir úr Kreppulánasjóði til þess að forða ríkissjóði frá of miklum þunga af inndrætti bréfanna. Annars held ég, að kostnaður ríkissjóðs af þessu hefði aldrei valdið miklum straumhvörfum. En ef hæstv. stj. hefði snúið sér til stj. Kreppulánasjóðs og skýrt henni frá, að hún hefði í hyggju að bera fram löggjöf um breyt. á greiðslukjörunum, og óskað eftir, að stj. sjóðsins borgaði ekki út fyrst um sinn þau lán, sem búið væri að samþ., þá hefði náðst sama takmark og bráðabirgðal. stefna að. Þetta hefði verið miklu eðlilegri gangur málsins, þó að ég vilji hinsvegar ekki að öllu leyti taka undir það ámæli, sem stj. hefir hlotið af þessum bráðabirgðal.

**Gísli Guðmundsson** (óyfirl.): Ég skal ekki lengja mikið umræður. Hv. þm. V.-Húnv. vildi ekki gera mikið úr þeim kostnaði, sem af því hefði leitt, að breyta lánskjörunum. En það liggur þó a. m. k. í augum uppi, að bæði hefði verið óviðkunnanlegt og óþarft að gefa út fjölda lánsskjala, sem óhjákvæmilegt var að breyta eftir fáa mán.

Viðvíkjandi fasteignaveðslánunum svaraði hv. þm. í síðari hluta ræðu sinnar því, sem hann sagði í fyrri hlutanum, svo að ég þarf þar engu við að bæta.

Þá vil ég víkja lítilsháttar að hv. 8. landsk. Ég get þakkað honum ummæli hans um mig, sem mátti skilja á þann veg, að ég væri svo vinsæll í kjördæmi mínu, að kjósendur mínir bæru fram kröfur sínar aðeins mín vegna. Hinsvegar þykir mér skrítið, að hv. þm. skuli leyfa sér að halda því fram, að menn utan af landi beri fram kröfur sínar aðeins til þess að þóknast ákveðnum stjórnmálamönnum eða þeim, sem í blöð skrifa. Hann segir, að bændur norður í Þingeyjarsýslu geri kröfur um, að lánskjörunum sé breytt, aðeins til þess að þóknast sérstökum mönnum, sem vilji nota þetta mál til árása á stj. Kreppulánasjóðsins. Jafnframt eru menn hér á einu máli um það, að þörf hafi verið á þessari breyt. Það lítur því út fyrir, að allir vilji ná sér niðri á stj. Kreppulánasjóðsins, og sjá nú allir, hvílíka röksemd hv. 8. landsk. ber fram. Annars hefir hv. 8. landsk. hér nokkra sérstöðu, því að hann efast um, að þessi breyt. sé til bóta. Aðrir hyggja, að svo sé, en deila aðeins um það, hvort rétt hafi verið að gefa út þessi bráðabirgðal.

Hv. 8. landsk. var að bollaleggja um það, að hér væri um svo lítið bætt lánskjör að ræða, að það munaði lántakendur nauðalitlu. En hv. þm. ætti að fara norður í Eyjafjörð og spyrja Eyfirðinga, sem hann var að biðja að kjósa sig, hvort þeir séu honum samdóma um það.

Út af ræðu hv. þm. G.-K. vil ég aðeins segja það, að mér þótti niðurlagið hjá honum talsvert smellið, en hann endaði með snjallyrðinu: „Sá lýgur, sem liggur“. Virðist ekki illa til fallið að heimfæra þetta spakmæli hans upp á kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins í vor og úrslit hennar.

**Sigurður Einarsson:** Það var eigi ætlun mín að taka til máls að þessu sinni, en það var út af tveim atriðum, sem hér hafa komið fyrir, að ég kvaddi mér hljóðs.

Um það er deilt, hvort rétt hafi verið að setja þau bráðabirgðal., sem hér er um að ræða. Ég verð að taka það fram, að röksemdir hæstv. forsrh. og annara fyrir nauðsyn þessarar lagasetningar hafa ekki verið eins skýrar og þörf hefði verið á. Munu þeir margir, sem fremur hefðu kosið venjulega meðferð þingsins á þessu máli. En þó að ég telji, að röksemdirnar hefðu mátt vera skýrari og fyllri af hálfu stj., verð ég að segja, að röksemdir andstæðinganna hafa verið stórum mun léttvægari.

Annað mjög eftirtektarvert hefir komið hér fram, sem gefur tilefni til að spyrja: Á að láta hugsanlega galla á meðferð stj. á þessu máli bitna á málinu sjálfu? Ég er sannfærður um, að meiri hl. hv. þm. er því andvígur, að slík aðferð sé við höfð. Annars kemur víst engum á óvart þetta þóf og nudd sjálfstæðismanna. Þetta er þeirra siður. Og að því er snertir formann Sjálfstæðisfl., hv. þm. G.-K., þá hygg ég, að honum muni fyrirgefið það í þetta sinn, þó að hann um síðir sýni viðleitni sína og hæfileika til þess að ala upp ráðherra og innræta þeim góða og fagra siði. En þetta þarfa og góða skólahald hefði hann átt að hefja fyrr, meðan einhver von var um, að það bæri árangur. Hann getur sem sé ekki búizt við, að andstæðingar hans hafi að miklu ráð hans í þeim efnum, úr því flokksmenn hans í ráðherrastöðum hafa ekki viljað nýta þau. Ég býst nú raunar við, að það hefði verið sama, hvað stj. hefði gert í þessu máli að því leyti, að það hefði alltaf orðið árásarefni frá þessum hv. þm. Hér er það aðalatriðið fyrir andstæðingunum að deila á stj.,

hitt er aukaatriði í þeirra augum, hvað hún var að gera, og hverjum það var til gagns.

Hv. þm. G.-K. var að tala um anda stjórnarskrárinnar, og hann lagði áherzlu á, að stjskr. væri ekkert glingur, sem menn hefðu leyfi til að brjóta eftir vild uppi í Sambandshúsi. En ég vildi mega benda þessum hv. þm. á það, að eitt hús er ekki öðru betra í þessu tilliti, og mörgum leikur grunur á, að sjálfstæðismennirnir hafi notað sjálft stjórnarráðshúsið til þess að brjóta anda stjórnarskrárinnar, því að vissulega er enginn flokkur sekari í því efni en Sjálfstæðisfl. En auðvitað er þetta ekki annað en draugur, sem þeir hv. 8. landsk. og hv. þm. G.-K. hafa vakið upp til sendinga hér í d., og er þess að vænta, að þeir, sem hafa vakið hann upp, kunni svo vel tökin á honum, að hann verði eigi áheyrendum að slysi eða snúist gegn þeim sjálfum, eins og við bar um þjóðsagnadraugana, ef klaufalega var með þá farið.

Öll þjóðin veit, hvað er á seyði, þegar Sjálfstæðisfl. fer að túlka l. Ófullkomin eru l., en ófullkomnari er túlkun Sjálfstæðisfl. á anda þeirra. Ef það er nokkur hlutur, sem þjóðin fráþað sér innilega í síðustu kosningum, þá var það túlkun sjálfstæðismanna á anda laganna.

**Hannes Jónsson:** Það er hálfergilegt að þurfa að standa í orðadeilum við menn, sem vaða úr einni vitleysunni í aðra, þegar dellan er rekin ofan í þá, eins og raun er á orðin um hv. þm. N.-Þ. Það ætti hv. þm. að vita, að menn geta fengið greitt vaxtatillagið frá ríkissjóði, þó þeir hafi ekki fengið kreppulán. En hér kemur fram sama tilhneigingin og hjá hv. 9. landsk., að vaða elginn úr einu í annað um alla hluti milli himins og jarðar, án þess að koma nokkurn tíma nærri efninu. Það sýnir bara, hvað þeir hafa ríka þörf fyrir að tala. Hv. þm. hélt því fram, að hann þyrfti engu að svara, vegna þess, að ég hefði sjálfur rekið ofan í mig í seinni hluta ræðu minnar það, sem ég hélt fram í fyrri hlutanum.

Ég benti hv. þm. á, að þessi eina undantekning um fasteignalánin, sem hann minntist á í ræðu sinni, raskar ekki höfuðreglunum. En af því að það verður að kenna þessum mönnum alveg eins og ungbörnum, vildi ég benda hv. þm. á, að fasteignalán standa ekkert í sambandi við lán úr Kreppulánasjóði, og það er opin leið fyrir hlutaðeigandi veðhafa að ganga að hverjum manni, þó að hann hafi fengið kreppulán. Ég skal svo ekki lengja þessar umræður mikið úr þessu. Ég veit, að hv. þm. N.-Þ. finnur nýja leið til að þvæla málið, og hv. 9. landsk. finnur nýtt vað til að vaða elginn.

**Gísli Guðmundsson:** Ég get gengið inn á það með hv. síðasta ræðumanni, að það sé ekki ástæða til að eyða mörgum orðum á þá, sem vaða úr einni vitleysunni í aðra, og þess vegna ætla ég ekki að eyða mörgum orðum á hann. Hv. þm. hefir misskilið það, sem ég sagði um vaxtatillagið. Það mun öllum hv. þm. kunnugt, að Kreppulánasjóður lánar einnig til vaxtagreiðslu. Það ætti hv. þm. að vera sérstaklega vel kunnugt, þar sem hann hefir verið umboðsmaður fjölda lántakenda úr Kreppulánasjóði, að þar er samið frv. til skuldaskila á peningalánum og greiðslu vaxta. Ég held bara, að hv. þm. blandi saman vaxtagreiðslu ríkissjóðs samkv. sérstökum l. og Kreppulöggjöfinni, en þetta sýnir, að það er einmitt hann, sem ekki veit, um hvað hann er að tala.

**Þorbergur Þorleifsson:** Ég hefi veigrað mér við að taka til máls í þessu máli, vegna þess, að mér er það ljóst, að þingið gæti staðið í fleiri mánuði eða jafnvel heilt ár, ef slíkt málþóf væri við haft í öllum málum eins og hér hefir átt sér stað.

Mig furðar ekki svo mjög á því, þó hv. þm., sem ekki eru bændur, haldi því fram, að ekki hafi verið þörf á bráðabirgðal. um þetta efni, en mig furðar á því, að hv. þm. V.-Húnv., sem er bóndi, skuli halda slíku fram. Það má öllum vera ljóst, að mikill þungi hvílir nú á bændum, og í hvílíkt öngþveiti hag þeirra var komið. Mér er það kunnugt, að það voru ekki bændur í einni sýslu, heldur bændur um allt land, sem voru mjög kvíðandi yfir því, ef greiðslur þessara lána yrðu hærri en búizt var við í fyrstu. Það er því alveg víst, að þegar hæstv. forsrh. gaf út bráðabirgðal. þessi, þá var létt þungum áhyggjum af þeim mönnum, sem áttu að njóta umbótanna. Og ég vil spyrja, á hverju er meiri þörf en létta áhyggjum og kvíða af þeim mönnum eða stéttum, er við mesta erfiðleika eiga að stríða, svo að þeir verði bjartsýnni og öruggari í lífsbaráttunni? Mér er óhætt að segja, að bændur almennt glöddust yfir þessari ráðstöfun.

Ég er ekki lögfræðingur og skal ekki deila um lögfræðilega hlið þessa máls, en það er alveg víst, að hæstv. forsrh. fær þakkir allra bænda, sem hér koma til greina og við l. þessi eiga að búa. Það er álit bændanna, að nauðsyn hafi verið að gefa út bráðabirgðal., en þeir, sem eru andstæðir bændum, telja, að þess hafi ekki verið þörf.

**Ólafur Thors:** Ég vil sérstaklega beina því til hv. þm. N.-Þ., þegar hann í fyrramálið skrifar í blað sitt um málþóf það, sem við sjálfstæðismenn höfum haldið uppi í þessu máli eins og öðrum, að minnast þess um leið, að hv. þm. A.-Sk. stóð upp til að tala, án þess að hafa ætlað sér það, og sannaði svo með ræðu sinni, að hann hafði ekkert að segja. Ég treysti honum til að geta þess vel og rækilega, svo alkunn er tilhneiging hans til að segja sannleikann á sinn hátt. Það var ástæðulaust fyrir hann að snúa út úr þeim orðum mínum, að annaðhvort yrði stjórnarskráin að gilda eða þá eitthvað annað, t. d. hnefarétturinn. Hann kemur enn með þá firru, að Sjálfstæðisfl. hafi legið svo eftirminnilega í kosningunum. Sannleikurinn er sá, að Sjálfstæðisfl. fékk fleiri atkv. en nokkur annar flokkur á Íslandi hefir nokkru sinni fengið. En flokkur þessa hv. þm., Framsóknarfl., fékk til muna færri atkv. nú en t. d. 1931. Það er hans flokki, sem hefir hrakað, og því sanni næst, að það sé hann, sem ljúgi, ef heimfæra á orðtakið: „Sá lýgur, sem liggur“.

Meðan hv. þm. hélt þessa ræðu sina, sat ég hér inni í ráðherraherberginu milli tveggja ágætra manna, þeirra séra Sveinbjarnar Högnasonar, frambjóðanda Framsóknarfl. í Rangárvallasýslu, og Þóris Steinþórssonar, frambjóðanda sama flokks í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Ég fann það, að þeim þótti það óviðfelldið að vera þannig borið á brýn, að þeir hefðu logið, fyrst þeir lágu.

Hv. 9. uppbótarþm. var með gleiðgosalegar skattyrðingar í minn garð og Sjálfstæðisfl. Ég verð að þakka honum fyrir að játa nauðsyn þess, að ég héldi uppi ráðherraupplýsingaskóla. — Ég verð að upplýsa hann um það, að Sjálfstæðisfl. þarf ekki að kvarta yfir því, að þjóðin hafi frábeðið sér afskipti hans af málum þjóðarinnar, en þjóðin hefir frábeðið sér afskiptasemi þessa hv. þm. af málefnum sínum. Sjálfstæðisfl. frábað sér hann, jafnvel eftir að hann hafði veitt mér liðsinni til kosninga í G.-K., móti þeim mæta manni, Har. Guðmundssyni. Framsóknarfl. frábað sér hann, eftir að hafa haft hann í kjöri í Barð. Alþýðufl. frábað sér hann eftir að hafa haft hann í kjöri í V.-Ísf., og nú loksins flaut hann inn á þingið eftir andlát Vilmundar Jónssonar, og hefir nú hlotið þá upphefð að vera kallaður þm. Bolvíkinga.

**Gísli Guðmundsson:** Það var ekki rétt hjá hv. þm. G.-K., að ég hefði haldið því fram, að sá lygi, sem lægi, heldur var það hann, sem tók það fram í sinni ræðu.

**Sigurður Einarsson:** Hv. þm. G.-K. notaði síðustu orð ræðu sinnar til að láta í ljós margra ára harm og gremju íhaldsins yfir því, að það skyldi ekki hafa notið mín til neins síðan ég komst til vits og ára. Þessi gremja þeirra íhaldsmannanna er þó lítt skiljanleg, þar sem ég sé ekki, að þeir hafi ástæðu til að sakna mín. En þessi gremja og vonbrigði í minn garð hafa komið fram ár eftir ár, og mun engum dyljast, sem lesið hefir blöð flokksins á þeim tíma. Hér koma fram sömu eymslin og vonbrigðin hjá hv. þm. G.-K., en af því ég veit, að þessi hv. þm. er nokkuð lífsreyndur maður og hefir fengið harðan mótbyr, þó skammt sé síðan hann varð formaður Sjálfstæðisfl., þá hefði ég viljað mega vænta af honum nokkru meiri karlmennsku en lýsir sér í þessum kveinstöfum hans yfir því, að ég skuli hafa orðið íhaldinu frekar til óþurftar síðan ég fór að taka þátt í opinberum málum heldur en hitt. Og það er ósköp hætt við, að ég verði að hryggja hann með því, að vera það framvegis. (**ÓTh:** Er þá þm. kominn til vits og ára?).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 12. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 35).
Á 16. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 260).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Það er hið sama að segja um þetta frv. og hin tvö næstu á undan, að það er staðfesting á bráðabirgðal. Það hefir einnig legið fyrir Nd. og verið samþ. þar mótatkv.laust.

Efni frv. hefir verið töluvert rætt og er því mönnum kunnugt. Í l. um Kreppulánasjóð frá 1933 er gert ráð fyrir, að lántakendur úr Kreppulánasjóði greiði lán sín með jöfnum afborgunum árlega, en í frv. er ætlazt til þess, að skuldunautar greiði jafnar upphæðir árlega í vexti og afborganir. Þetta hefir það í för með sér, að greiðslurnar verða lægri fyrstu árin, en hærri hin síðari. Það mun vera álit flestra, að eins og nú er ástatt, sé þessi breyt. ekki aðeins hentug, heldur nauðsynleg, enda fór frv. í gegnum Nd. án nokkurs verulegs ágreinings að þessu leyti.

Þá hv. 10. landsk. og hv. 2. þm. Rang. vantaði sökum veikinda á nefndarfund, er málið var afgreitt, en meiri hl. n. mælir eindregið með því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed. 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Ed., 7. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 35, 671).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Landbn. hefir borið fram brtt. á þskj. 671 við 1. gr. frv. Það kom í ljós við nánari athugun á þessari gr., að sumir töldu vafa geta leikið á því, hvernig hagað skyldi innlausn kreppubréfanna. Brtt. er til þess að taka af allan vafa um það. Segir hún aðeins, að notarius publicus hér í Rvík skuli annast útdrátt bréfanna, eins og yfirleitt er reglan. Býst ég við, að gr. hefði verið framkvæmd þannig óbreytt, en n. þótti réttara að taka þetta skýrt fram.

ATKVGR.
Brtt. 671 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 54. fundi í Nd., 8. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 705).
Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 748).

---

## 24. Þungunarvarnir og fóstureyðingar.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar** (stjfrv., A. 19).

Á 5. og 6. fundi í Nd., 9. og 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Frv. þetta flytur algert nýmæli í íslenzkri löggjöf. Aðalefni þess er fólgið í þeim fjórum atriðum, er nú skal greina. Í fyrsta lagi er læknum lögð sú skylda á herðar, viti þeir til þess, að kona sé sjúk á þann hátt, að heilsufars hennar vegna sé hættulegt fyrir hana að verða barnshafandi og ala barn, að láta konuna vita af þessu og gefa henni leiðbeiningar um það, hvernig hún geti varizt því að verða barnshafandi. Í öðru lagi er ætlazt til þess, að hvaða kona sem er geti fengið upplýsingar og leiðbeiningar hjá læknum eða sérfræðingum í kynsjúkdómum um varnir gegn barnshöfn. Í þriðja lagi er læknum leyft, ef lífshætta er á ferðum, og jafnvel þó minni hætta sé, að gera þær aðgerðir á konum, sem komi í veg fyrir, að þær geti orðið barnshafandi. Í fjórða lagi er læknum heimilað og skylt að eyða fóstri eða taka barn af lífi í fæðingu, ef líf móðurinnar liggur við.

Um þrjú fyrstu atriðin mun ekki orka tvímælis, að sjálfsagt sé að lögfesta. Um rétt lækna til að eyða fóstri og taka líf barns í móðurkviði býst ég við, að skoðanir kunni að verða skiptar. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta, en vil aðeins undirstrika það, að þarna er ekki gengið lengra en svo, að þetta er því aðeins heimilað í l., að lífi móðurinnar sé bein hætta búin, og settar strangar skorður við því, að þetta verði gert án þess að fullt tilefni sé til.

Því er ekki að leyna, að þótt hér sé um nýmæli að ræða hvað löggjöf snertir, þá er þetta samt ekkert nýmæli hvað verknað læknanna áhrærir. Það er fullvíst samkv. opinberum skýrslum, að læknar hér hafa undanfarin ár gert talsvert mikið að því að eyða fóstrum. Samt býr íslenzka löggjöfin svo rammbyggilega um hnútana í þessu efni, að slíkt varðar allt að 8 ára fangelsi, bæði fyrir móðurina, sem óskar verknaðarins, og lækninn, sem framkvæmir hann. Og þar sem talsvert mikið er að þessu gert, þrátt fyrir svona ströng viðurlög, má öllum augljóst vera, hvílík nauðsyn er á þessum l. Nú verða læknar, sem ætla að eyða fóstri eða deyða barn í fæðingu til þess að bjarga móðurinni, að skjóta sér undir reglurnar um nauðvörn, og er það óneitanlega nokkuð langt sótt. Og allur almenningur á bágt með að átta sig á þessu. Fólk veit ekki betur en að allar fóstureyðingar séu ólöglegar, en veit þó, að þær eru framkvæmdar í allstórum stíl, og stundum án þess að full nauðsyn beri til. Með þessum lögum eru settar ótvíræðar reglur um það, hvenær fóstureyðingar eru leyfðar og hvenær þær skuli bannaðar, og víti lögð við, sé út af brugðið.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv., en vísa til grg., sem er mjög ýtarleg og fróðleg. Eins og grg. ber með sér, er frv. samið af landlækni og flutt eftir óskum hans. Og ég vil taka það fram, að hvað aðalefni frv. snertir er fullt samkomulag milli landlæknis og Læknafél. Reykjavíkur, en í enda grg. er skýrt frá þeim smáatriðum, sem ekki hefir náðst fullt samkomulag um. Ég geri svo að till. minni, að málinu verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 90).

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég þarf lítið um þetta frv. að segja að þessu sinni. N. hefir athugað það og orðið sammála um að leggja til, að það yrði samþ. Frv. er borið fram að tilhlutun landlæknis og hefir verið sent Læknafélaginu til athugunar, og hafa flestar eða allar aths. þess verið teknar til greina.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 15. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 19, 146).

**Magnús Torfason:** Ég hefi leyft mér að bera hér fram brtt. við 1. gr. frv. Ástæðan til þess er sú, að ég tel 2. málsl. þessarar gr. alveg ó-

þarfan, þar sem ég lít svo á, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, muni rata leiðina án lagaleiðbeininga. Ég tel ekki heldur rétt að skylda lækna til að gefa slíkar leiðbeiningar, og þykir jafnvel vafasamt, að það sé unnt, svo víðtæk sem þessi skylda á að vera, þar sem hún á ekki aðeins að ná til héraðslækna, heldur og allra annara lækna og sérfræðinga. Ég er ekki viss um, að þeir séu skyldugir til þess að inna þetta af hendi, sízt þar sem ekki er til tekið í frv., að þeir eigi að fá neina þóknun fyrir.

Ég skal játa, að mér er að vísu ókunnugt um, í hverju slík leiðbeiningarstarfsemi er fólgin eða hve mikilvæg hún er, en þær ástæður, sem ég nú taldi, eru til þess, að ég vil ekki láta lögleiða slíka leiðbeiningarskyldu hér, sízt þar sem grg. frv. bendir til þess, að slík skylda tíðkist hvergi í Guðs kristni.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að löggleiðing slíks ákvæðis sem þessa myndi leiða til mikilla skemmda á þeim hluta mannkynsins, sem hér á hlut að máli, og jafnvel hinum líka. Ég er t. d. í engum vafa um það, að kynsjúkdómar myndu aukast stórkostlega, ef þetta væri í lög leitt, og ég vil benda á það, að sveitirnar eru alveg varnarlausar gagnvart þeim vágesti. Og þess verður að krefjast, að verði þetta ákvæði að lögum, verði um leið lögfestar reglur og fyrirskipanir til hjálpar gegn kynsjúkdómum, enda gæti ég trúað, að löggjöf um þau efni væri nú þegar fullt eins aðkallandi.

Ég gat þess, að ég vissi ekki til, að slíkt væri í lög leitt neinsstaðar annarsstaðar, og liggja til þess mikilvægar ástæður.

Það er ekki annað sýnna en að löggjöfin sé hér sérstaklega að vinna að því, að hér hefjist mikil mannfækkunaröld. Menn hafa að vísu haft ýmsar skoðanir á þessu atriði, en þó er það svo, að jafnvel þjóðir, sem byggja þéttbýl lönd og eiga fullt í fangi með að sjá fyrir sínum, hafa ekki gripið til þeirra ráða að fækka mannfólkinu á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Að vísu liggja oft til þessa þær sérstöku ástæður, að þau vilja hafa sem flesta þegna til varnar sínu landi. Þá ástæðu getum við ekki borið fram hér, þar sem landið er hlutlaust. En við höfum sannarlega stríð að heyja fyrir því. Þetta stóra land, sem allt er óræktað að heita má, en þó fullt af möguleikum, byggja 100 þús. sálir. Og þó er löggjöfin að gera gildringar til þess með frv. eins og þessu, að fólki fækki en fjölgi ekki. Einnig frá þessu sjónarmiði er mjög varhugavert að leiða þau ákvæði frv., sem lengst ganga, í lög.

Í allri vorri sjálfstæðisbaráttu hefir undirstaðan verið sú, að þessi þjóð ætti sér mikla framtíð fyrir höndum. Þessi trú hefir gert það að verkum, að vér höfum tekið þá ábyrgð á oss að verða sjálfstæð þjóð. Hefðum vér séð fram á það þá, að þessi þjóð ætti ekki fyrir höndum að vaxa, hefðum vér verið mjög varkárir í því að taka á oss slíka ábyrgð. Enginn vafi er á því, að þjóðin ætti með réttu að geta gert sér vonir um að stækka í þessu landi, og einmitt þess vegna njótum við virðingar meðal annara þjóða, þótt sú virðing megi að vísu ekki minni vera, en nú er verið að draga úr eða jafnvel eyða þessum vonum.

Ég vænti þess því, að hv. þdm. sjái, að það er ekki að ástæðulausu, að þessi brtt. er borin fram. Ég vil að lokum geta þess, að mér virðist 3. málsgr. í 1. gr. vera næg til þess að ná takmarki laganna og í meira samræmi við höfuðtilgang þeirra að vissu leyti en 2. málsgr. Ég hefi ástæðu til að ætla, að höfundur laganna líti svo á, að fyrirmæli 2. málsgr. séu enginn höfuðtilgangur. Í 3. málsgr. er sagt, að „ráðherra gefi út og landlæknir fái læknum í hendur leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi". Þetta lít ég svo á, að sé alveg nægilegt og rétt að það standi, einkum þar sem ekki verður séð annað en að landlæknir hafi ekki treyst læknum til að gefa leiðbeiningar sínar leiðbeiningalaust.

Vænti ég þess, að hv. deild taki brtt. mínar til greina, þar sem hún getur ekki skaðað aðaltilgang frv. að neinu leyti, en þingið kemst jafnframt hjá að lögleiða atriði, sem a. m. k. geta orðið mjög deildar skoðanir um.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Það er rétt, að frv. stendur jafnt eftir sem áður, þótt brtt. hv. 2. landsk. verði samþ., en ég álít þó ekki rétt að gera þessa breyt. á frv. Í grg. segir svo um þetta atriði:

„Við 2. málsgr. óskaði Læknafélagið þeirrar breytingar, að hún næði til lækna almennt, en hinsvegar væri enginn læknir skyldaður til að láta í té þessar leiðbeiningar, heldur eingöngu veitt heimild til þess. Á þetta verður ekki fallizt. Grundvallandi atriði frumvarpsins er að veita konum áreiðanlega fræðslu og sem öruggastar leiðbeiningar um varnir gegn barngetnaði. Og að þeirri fræðslu og þeim leiðbeiningum eiga konur að eiga vísan aðgang hjá lækni sínum. Það verður að vera læknisskylda hans að sinna þeirri efirleitan. Undan þeirri skyldu þykir þó sjálfsagt að skilja lækna, er ekki fást við lækningar, svo og þá, sem aðeins starfa að sérgreinum, sem þessum efnum eru óskyldar, svo sem augnlækna, geislalækna o. fl. Engin lög þarf að setja til að heimila læknum að láta slíkar leiðbeiningar í té, með því að ekki hefir verið dregið í efa, að slík leiðbeiningastarfsemi væri hverjum einum heimil".

Ef þessi málsgr. væri ekki,mætti búast við, að til væru læknar, sem ekkert vildu við þetta eiga og teldu mannfjölgunar þörf eins og hv. 2. landsk. Um það atriði má auðvitað deila, en þó er það frá mínu sjónarmiði þjóðinni meira virði að ala upp nýta og heilbrigða menn og sjá vel fyrir þeim en ala upp sem flesta menn án þess að sjá fyrir þeim, eins og atvinnuleysi síðustu ára ber ljósastan vott um. Út af fyrir sig er það ekkert keppikefli, að fólkinu fjölgi ört, ef lífsskilyrðin eru léleg. Það vita allir, að mörg börn fæðast hér á landi við svo slæm skilyrði, að allir geta verið sammála um, að betur hefði farið, að þau börn hefðu ekki fæðst, enda oft og tíðum í heiminn kominn gegn vilja hlutaðeigandi foreldra. 2. málsgr. 1. gr. tryggir það, að karlar og konur, sem telja sig þurfa upplýsingar í þessum efnum, hafi að-

stöðu til þess að fá þær fyrirstöðulaust. Ég vænti því, að hv. þd. samþ. þetta frv. óbreytt.

**Magnús Torfason:** Ég verð að játa það, að hv. 2. þm. Reykv. er sjálfsagt kunnari þessum leiðbeiningum en ég, og dettur mér ekki í hug að jafna minni þekkingu á við hans í þessu efni. En að öðru leyti fannst mér hann ekki hnekkja neinu af því, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, ýmist svaraði hann því ekki, eða það, sem hann sagði, voru alls ekki fullnægjandi ástæður gegn þeim rökum, sem ég hafði fært fram.

Hann var að tala um skyldu lækna í þessu sambandi. Ef ganga á út frá því, að hún sé sjálfsögð, þá yrði líka að ganga út frá rétti kvenna á þessu sama. Ég skal ekki fara út í þá sálma nánar, en bara geta þess, að það er ósannað mál af hans hendi, að þar sé um þennan rétt að ræða. Hann svaraði því ekki heldur neinu, hvort unnt væri að framfylgja þessum lögum, — að unnt væri að skylda lækna til þess að gera þetta. Ég veit ekki, hvers vegna hann álítur, að þetta sé hægt. Ástæðan til þess ætti þá sérstaklega að vera sú, að læknar eins og aðrir skólagengnir menn, sem hafa notið mikillar kennslu ókeypis af ríkisins hálfu, ættu að borga þá skuld með því að rækja þessa skyldu. En ég fyrir mitt leyti tel ekki, að þjóðin muni hafa neinn sérstakan hag af þessu.

Þá var hv. þm. að tala um atvinnuleysi í þessu sambandi. En ég lít á þetta öðrum augum en hann. Það er ekki um neitt verulegt atvinnuleysi að ræða hér á landi, a. m. k. ekki í neinum samjöfnuði við það, sem er í öðrum löndum. Við vitum, að á vetrum ber nokkuð á atvinnuleysi hér á landi, en það verður aldrei hægt að komast hjá því meðan atvinnuvegirnir eru þeir, sem nú eru, landbúnaður og sjómennska aðallega, því að veturnir eru ekki lagaðir til þeirra starfa. Við þurfum ekki að ætla okkur þá dul, að hver maður geti fengið atvinnu þann tíma. Við verðum vissulega að fylgja því náttúrulögmáli, sem legu landsins fylgir, og það er, að við verðum að reyna að vinna fyrir okkur á sumrin til þess að geta lifað yfir veturinn.

Þegar talað er um þetta atvinnuleysi, þá vil ég benda hv. 2. þm. Reykv. á það, að bæði Frakkar og Ítalir borga verðlaun fyrir barnsfæðingar í sínum löndum, þó að þar sé fullt af fólki og mikið atvinnuleysi. Og núna nýlega las ég það í blaði, að einn milljónamæringur hefði ráðstafað 2 milljónum króna til verðlauna þeim konum í sínu landi, sem eiga flest börn á næstu 10 árum. Þannig líta þessir menn á þetta mál.

Ég held satt að segja, að ef út í þessa sálma er farið, þá séu öll önnur meðul réttari til þessa heldur en hér um ræðir.

Yfirleitt hélt ég, að leiðin til þess að bæta úr þessu böli væri að beina hugsunarhættinum á aðra braut heldur en nú er, — að beina hugsunarhættinum í þá átt, sem á að vera, að sú kona sé í heiðri höfð, sem fjölgar mannfólkinu, og það jafnvel hvernig sem barnið er komið undir. Og því er ekki að neita, að hugsunarháttur manna hefir mikið breyzt í þessu efni. Það hefði getað verið ástæða til þess að biðja lækna og aðra góða menn, sem mikið tal hafa af almenningi, eða jafnvel að skylda þá til þess að telja um fyrir mönnum í þessu efni, bæði konum og körlum.

Ég þarf ekki að tala frekar um þetta, en hvað sem öðru líður, þá vildi ég með þessu hafa sýnt, að ég er ekki sammála slíku, sem hér er farið fram á; og vil ekki bera ábyrgð á því gagnvart komandi kynslóð.

ATKVGR.

Brtt. 146 felld með 20:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BJ, GSv, JónP, JS, MT, PZ, PHalld, PO, SigfJ, JörB.

**nei:** StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GÞ, GG, GÍ, GTh, HV, JakM, JJós, JG, ÓTh, PÞ, SE, SK.

Þrír þm. (JÓl, FJ, HannJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 19. fundi í Ed., 23. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 19).

Á 21. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég hafði búizt við því, að hæstv. atvmrh. myndi fylgja frv. þessu úr garði hér í deildinni, og hefði ég þá geymt aths. mínar við frv. þangað til hann hefði lokið máli sínu. En ég sé hæstv. ráðh. ekki hér í d., og af því hér er um alvarlegt og þýðingarmikið mál að ræða, mun ég ekki láta það fara framhjá mér að þessu sinni án þess að fara um það nokkrum orðum. Satt að segja furðar mig stórlega á því, hve litlar umr. urðu um þetta alvörumál í hv. Nd.

Þótt ég játi það, að úr því, sem komið er í þeim efnum, sem frv. fjallar um, er frv. þetta virðingarverð tilraun til þess að laga verstu gallana, þá verð ég hins vegar að segja það hreinlega, að ég varð steinhissa, þegar ég las frv., og þó einkum grg. þess og aths. þær, sem fylgja því.

Að vísu hefir heyrzt áværingur af því öðru hverju, að siðferðisástandið vor á meðal væri ekki sem bezt, en að við værum komin svona langt út á hina glerhálu braut fóstureyðinganna, því hefði hvorki ég né margir aðrir trúað, ef ekki lægi hér fyrir opinber skýrsla, sem sannar þetta.

Fyrir tiltölulega fáum árum hefði verið alveg óhugsandi, að slíkt mál sem þetta lægi fyrir Alþingi. Þá var það almennt álitinn tvímælalaus glæpur að fremja fóstureyðingu. Og það eru ekki mjög mörg ár síðan seinasti kvenfanginn sætti fangelsi fyrir slíkan verknað eða honum skyldan. Það vakti þá almenna hryllingu og viðbjóð að hugsa til þess, að ung stúlka skyldi fyrirfara barninu sínu í fæðingunni, — en var nú allur munur á þeim verknaði og því, sem nú er að gerast vor á meðal samkv. frásögn landlæknis í skýrslunum, sem við höfum öll lesið?

Eitt af því fyrsta, sem mér datt í hug, þegar ég las þessar skýrslur, var það, hvort þetta

þlagg hefði í rauninni fremur átt erindi til lögreglu þjóðarinnar en lögréttu hennar. Og furðulegt þykir mér það, að sá óþrifnaður, sem þar er skýrt frá, skuli hafa fengið að þrífast undir handarjaðri heilbrigðisstjórnar og landlæknis, eins og raun ber vitni um.

Það er öllum kunnugt, að til skamms tíma hefir læknum, a. m. k. erlendis, verið hegnt stranglega fyrir fóstureyðingar. Því hefir það vafalaust komið mörgum á óvart, þegar fram kemur, að til séu læknar á Íslandi og sjúkrahús, sem reka í allstórum stíl þá iðju, sem vor *eigin lög skipa á bekk með glæpaverkum*. En nú er þetta skjalfest hér af sjálfum landlæknunum í aths. við frv. þetta.

Þessar aths. bera það með sér, að einhverjir læknar hafa, að því er virðist óátalið, eytt fóstrum *í tugatali*, og við það orðið sekir við hegningarlög vor, sem eru í fullu lagagildi enn í dag. Þetta virðist óafsakanlegt, og illa hægt fyrir hlutaðeigendur að skjóta sér undir þá afsökun, að lögin séu orðin úrelt og ósamrýmanleg hugsun og *lífi nútíðarmanna, og því síður* að afsaka sig með ásókn af hendi kvenna í þessum efnum, en um slíkt eru konur sakaðar allfreklega í aths. frv., svo sem menn geta lesið á 5. bls. skjals þessa, og á ég satt að segja bágt með að trúa því, sem þar segir, þótt ég skuli ekkert um það fullyrða, hverju villimennskan í hugsun og háttum getur til vegar komið.

Hér blasir við oss hin hræðilegasta alvara, sem sérhverjum sómakærum manni hrýs hugur við, og vér göngum þess ekki dulin, að verði áframhaldið eftir því, sem hér er skýrt frá, þá siglir íslenzka þjóðin bráðbyri til tortímingar. Vafalaust hefir þetta líka verið skoðun þeirra, sem frv. hafa samið, og vissulega vil ég taka undir þá ósk landlæknisins, að frv. megi nægja til þess að ráða bætur á ástandinu, nægja til þess að *koma í veg fyrir*, að þjóð vor strandi á hinu hættulega blindskeri fóstureyðinganna. En mér þykir ráðið, sem hent er á í frv., ekki allskostar viturlegt, a. m. k. ekki ef við viljum halda áfram að vera þjóð og halda áfram að *byggja landið*. Ráðið er *sem sé sem öruggastar* varnir gegn barngetnaði yfirleitt. En það kalla ég tvieggjað sverð, skoðað frá þjóðfélagsins sjónarmiði, og svo hefir það reynzt öðrum þjóðum fjölmennari en oss.

Eða hvernig var það með Frakka hérna á árunum, þegar svo var komið, að konur vildu ekki lengur vera mæður? Sú hætta vofði þá yfir þessari glæsilegu menningarþjóð, að hún týndi tölunni og týndi þá vitanlega einnig getu sinni og glæsimennsku. Menn muna það kannske, að þá var það tekið til bragðs af ríkinu að verðlauna barneignir. Mér er ekki alls kostar kunnugt um, hvernig þau verðlaun gáfust, en hitt er auðskilið að valdamenn og forráðamenn þjóðarinnar hafa séð, í hvaða óefni stefndi, og á þennan hátt gert tilraun til að koma í veg fyrir hnignun þjóðarinnar.

Allar þjóðir telja sér mannfækkun hið mesta tjón og líta á hana sem afturfararmerki, eins og hún auðvitað er. Hið ákjósanlegasta í hverju þjóðfélagi er auðvitað margt fólk, heilbrigt fólk og vel uppalið fólk. En við hverju er að búast, fari menn almennt að nota sem öruggastar varnir gegn barngetnaði?

Við Íslendingar erum fámenn þjóð, sem byggir víðáttumikið land, sem rúmar og framfleytir miklu fleira fólki en nú býr á því. Við höfum því enga ástæðu til að stuðla að fólksfækkun. Við megum ekki við henni. Ég veit, að stöku rödd hefir í þessu sambandi bent á það atvinnuleysi, sem nú leikur þjóðina allhart, til réttlætingar mannfækkun. Um þessa skoðun hefir kunnur þýzkur jafnaðarmannaforingi kveðið svo að orði, að fæðingatakmarkanir vinni þjóðunum stórtjón, með því að þær eyði krafti þeirra ogýti undir innflutning útlendinga.

Þá má benda á aðra hlið þessa máls, sem ekki er síður alvarleg. Hvarvetna þar, sem fæðingatakmarkanir hafa orðið algengar, hefir *fylgt þeim aukin lausung og óskirlífi*, og kynsjúkdómshættan þannig aukizt stórum, auk alls annars ófagnaðar, sem slíkur lifnaður hefir í för með sér. Líka má benda á það, að alltaf vofir sú hætta yfir, að læknisaðgerðir *af þessu tægi geti orsakað* vanköpuð börn og veikluð.

Á síðari árum hefir rignt yfir þjóðina allskonar óhollu lesmáli um kynferðismálin. Allskonar óþverri af þessu tægi hefir borizt inn á *heimilin og inn í huga unglinganna, óhreink*að hugsunarhátt þeirra og valdið sýkingu í sálarlífinu. Í ræðu og riti hefir þessari kynferðismálaspeki verið haldið að þjóðinni og verið hrópuð út um landið í blöðum, bókum og útvarpi. Í viðbót við þennan „fróðleik" á nú unga fólkið að fá í veganesti leiðbeiningar þær um varnir gegn barngetnaði, sem frv. gerir ráð fyrir, að læknum sé skylt að láta í té. Að vísu er gert ráð fyrir í frv., að konur einar fái þessar leiðbeiningar, en ólíklegt þykir mér, að *fleiri* fari ekki á stúfana, enda er þeim læknum, sem fram að þessu hafa brotið landslög með fóstureyðingum og haldizt það uppi óátalið, illa trúandi til að einskorða sig við ákvæði frv. um þessi efni. Það er því ekkert líklegra en að samþykkt frv., eins og það er nú, myndi leiða til þess, að lauslætið fengi byr undir báða vængi ásamt allri þeirri sýkingu og spillingu, sem af því leiðir. Hér er því veruleg hætta á ferðum, sem öllum er skylt að gjalda varhuga við. En það er langur vegur frá því, að frv. girði *fyrir* þessar hættur, eins og menn sjá, þegar þeir lesa það vandlega, og þarf ekki langt að fara, því að 2. málsgr. í 1. gr. ber það fullkomlega með sér.

Hvílík hætta er hér á ferðum af völdum fóst*ureyðinga*, sést bezt af skýrslum þeim, sem fylgja grg. frv. Þar er hættan talin orðin svo mikil, að oss er helzt jafnað til Rússa í þessum efnum, og verð ég að segja, að slíkt tel ég vafasaman heiður fyrir íslenzku þjóðina.

Það er líklega ofætlun fyrir leikfólk að dæma um gildi frv. frá heilbrigðislegu sjónarmiði, en heldur sýnast mér sum ákvæði þess varhugaverð í því tilliti, t. d. þar sem gert er ráð fyrir í frv. að losa heilbrigða konu við fóstur sitt *af því, að hún hefir eina sinni* fætt vanskapnað. Ég hefi átt tal um þetta við ljósmæður, sem bezt ættu að vita um þessi efni, og segja þær

mér, að enginn algild regla sé fyrir því, að slíkt endurtaki sig.

Ég verð að telja það undarlegt, að frv. skuli ekki hafa verið borið undir félag ljósmæðra eða félag hjúkrunarkvenna áður en það var borið fram á þingi. Það hefði a. m. k. ekki átt að spilla því. Mér er að vísu kunnugt um, að það var sent Bandalagi kvenna til umsagnar, en þó eigi fyrr en það var fullsamið og prentað. Svo finnst mér undarlegt, að þetta frv., sem fjallar eingöngu um konur, skuli ekki hafa fengið að komast í hendur neinna kvenna til þess að lagfæra það eftir því sem þær álitu þörf á. Sömuleiðis virðist það einkennilegt, að í frv., sem talar um tvo óaðskiljanlega aðila, skuli aðeins annar þeirra vera nefndur á nafn. — Menn munu hafa mismunandi skoðanir um það, hverja leið skuli fara í þessu máli, en það hygg ég, að flestir muni vilja láta leysa það á heppilegan og samvizkusamlegan hátt, því við getum varla sett okkur fyrir sjónir, hvílíkt alvörumál hér er á ferðinni.

Ég vil því tjá þeim mönnum þakkir mínar, sem vilja koma með lagfæringar á þessum málum, og vona ég, að hv. Ed. beri gæfu til þess að leiða þetta mál til lykta á heppilegan hátt.

Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. verði látið fara til n., og þá sennilega til allshn. eins og í Nd. Vil ég mælast til þess við þá n., að hún leiti umsagnar og ráða Ljósmæðrafélags Íslands og beri sig saman við þær konur, ljósmæðurnar, sem hafa góða aðstöðu til þess að geta gefið góðar og skynsamlegar leiðbeiningar í þessum efnum. — Að svo stöddu læt ég útrætt um þetta mál, en ég hefi hugsað mér að bera fram nokkrar brtt. við frv.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég mun ekki lengja umr. mikið við þessa umr., enda heyrði ég ekki nema lítið af ræðu hv. 5. landsk. Ég var því miður bundinn annarsstaðar. Mér skildist á því, sem ég heyrði í ræðu hv. þm., að að vísu væri ástandið í þessum efnum hér ekki svo gott sem skyldi, en hann vildi draga í efa, að frv., þó að l. yrði, fengi nokkru til bóta áorkað í þessum efnum, mundi jafnvel auka á vandræðin. Ég skal ekki fullyrða, að þetta hafi verið alveg rétt eftir tekið hjá mér, því ég heyrði ekki nema svo lítið af ræðu hv. þm., en mér skildist þetta þó. Hafi ég skilið hv. þm. rétt, þá hygg ég, að það sé misskilningur hjá honum að óttast slíkar afleiðingar af samþykkt þessa frv. Það er tvímælalaust rétt, og ber grg. frv. það með sér, að fóstureyðingar eru orðnar mjög tíðar hér á landi, og verður það að teljast alvarlegt, sérstaklega fyrir þær sakir, að engar fullnægjandi skýrslur liggja fyrir um það, af hvaða ástæðum það er gert, og hlýtur það að verða til þess, að allskonar grunsemdir vakna um ástæður, sem enginn maður getur talið rétt að taka tillit til. Þegar þess er gætt, að eins og nú er gengið frá löggjöfinni, þá verður að líta á fóstureyðingar sem glæp, sem varðar við 8 ára fangelsi bæði fyrir konu og þann lækni, sem það framkvæmir. Nú mun það vera álit flestra lækna og margra annara, að þrátt fyrir þessi ströngu ákvæði sé rétt og sjálfsagt í vissum tilfellum að eyða fóstri úr konum. Í skjóli þessarar almennu skoðunar og einhverra hæpinna lögskýringa, að hér sé um nauðvörn konunnar að ræða, hafa fóstureyðingar einmitt talsvert verið framkvæmdar. En þar sem löggjöfin er eins og hún er og á valdi læknanna að gera út um slíka hluti, þá er ákaflega hætt við því, að þessar fóstureyðingar séu ekki einasta framkvæmdar þegar svo stendur á sem í frv. er talað um, heldur oft og einatt þar sem það virðist ástæðulaust, og er full ástæða til að ætla, að svo sé, eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja.

Í þessu frv. eru eins og menn sjá 4 nýmæli. Í fyrsta lagi það, að ef kona er sjúk á þann hátt, að læknir telur henni hættu stafa af því að verða barnshafandi, þá er honum skylt að gera henni aðvart og kenna henni ráð til að forðast það. Ég geri ekki ráð fyrir, að neinn geti verið á móti þessu. Það virðist vera sjálfsagt, þegar svo stendur á um eina konu, að henni séu kennd ráð til að verjast því að verða barnshafandi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að ef kona, þó ósjúk sé, leitar læknis og óskar eftir því að fá leiðbeiningar gegn því að verða barnshafandi, þá sé lækni skylt að láta þær leiðbeiningar í té. Er þar gengið út frá því, sem mér finnst eðlilegt og sjálfsagt, að hver kona ráði því sjálf, hvort hún vill verða barnshafandi eða ekki.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að ef heilsufari konunnar er þannig hagað, að bersýnileg sjúkdómshætta stafar af því fyrir hana að verða barnshafandi og ekki þykir öruggt að treysta, að henni notist af venjulegum leiðbeiningum í þessum efnum, þá er lækni heimilt að gera á henni aðgerðir, sem fyrirbyggja það, að hún geti orðið barnshafandi.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því, að ef kona er með barni og læknir telur henni geta stafað hættu af því að ganga með barn og ala það, þá sé heimilt að eyða fóstrinu. Ég geri ráð fyrir, að um þetta atriði kunni að greina á um skoðanir manna. En þetta er ekkert annað en það, sem gert hefir verið og gert er dagsdaglega. Munurinn er einungis sá, að nú er þetta gert móti l., en með frv. er það lögleitt. En einmitt fyrir það, að í einstökum tilfellum er þetta leyft, er léttara að koma ábyrgð á hendur þeim mönnum, sem að þarflausu hjálpa til þessa verks, án þess að ástæða sé fyrir hendi. Það er erfitt að beita hegningarlögunum nema því aðeins, að skýr ákvæði séu um það, hvenær heimilt sé að gera þetta og hvenær ekki. Þetta er einmitt meginatriði frv., sem hér er til umr.
Ég get ekki verið sammála hv. þm. um það, að þetta sé líklegt til þess að auka á vandræðin í þessum efnum; ég tel þvert á móti mjög líklegt, að frv., ef að l. verður, verði til þess að bæta ástandið frá því, sem nú er.

Hv. þm. minntist á þá heimild til að eyða fóstri, ef gera mætti ráð fyrir vanburða barni eða vanskapningi. Um þetta segir í 10. gr. frv.: „Nú hefir kona orðið barnshafandi, og vantar meira en 12 vikur á fullan meðgöngutíma, og er ástæða til að ætla, af því að konan hefir áður alið vanskapað barn eða haldið meðfæddum

sjúkdómi, eða af öðrum rökum, að um kynfylgju sé að ræða, er komið geti fram á burði þeim, er konan gengur með, og er lækni þá heimilt að eyða fóstrinu", þ. e. a. s. ef læknum kemur saman um, að allar líkur bendi til, að barnið verði þannig á sig komið, að það sé verr fætt en ekki fætt. Ég held ekki, að ástæða sé til að halda, að slík heimild, sem þarna er veitt, verði misnotuð. Ég held ekki, að læknar hafi neina hvöt til þess að eyða fóstri, nema líkurnar fyrir því, að það verði vanskapningur eða vanburða, séu svo sterkar, að það stappi nærri fullri vissu.

Ég geri ráð fyrir, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, hafi ekkert á móti því að eiga tal við hjúkrunarkonur og ljósmæður um þetta mál. Það er rétt, að frv. mun ekki hafa verið sent til þeirra fyrr en svo seint, en það er samið af landlækni og í samráði við Læknafélagið.

**Guðrún Lárusdóttir:** Það er rétt, sem hæstv. atvmrh. segir um tilgang frv., að hann sé sá, að firra konur, sem stendur fyrirsjáanleg hætta af því að ganga með barn, frá því að verða barnshafandi og ala barn, og hinsvegar að marka læknunum bás um fóstureyðingar. Og er hvorttveggja til komið af gefnu tilefni. Ég hefi heldur ekki mælt á móti því að þetta væri tilgangur frv., og heldur ekkert um það sagt, að það mundi gera illt verra, enda þótt ég hafi látið í ljós efasemdir um, að frv. kæmi að tilætluðum og æskilegum notum.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að fóstureyðingar væru talsvert framkvæmdar, þegar um væri að ræða sjúkdómstilfelli og lífshættu hjá konum, enda þótt ekki stæði neitt beint um það í l. Í þessu sambandi þykir mér rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það, sem ekki ómerkari maður en prof. Guðmundur Hannesson segir í bréfi því, sem hann skrifar landlækni f. h. Læknafélagsins. Hann segir svo: „— — Gamla reglan var sú, að gera aldrei abortus nema í samráði við reynda lækna, og gafst hún vel —". Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. leggur sama skilning í þessi orð og ég, að frá hans sjónarmiði hafi læknar haft nægjanlegt leyfi til þess að bjarga konum í neyð, ef svo bar undir, og af þeirri ástæðu hefði ekki þurft að breyta núgildandi l. Það virðist frjálslegt og fallegt í fljótu bragði séð, að kona skuli ráða því sjálf, hvort hún verður móðir eða ekki. En konur eru ekki einar um það að verða mæður. Það gæti því hugsazt, að hér væri lagt dálítið vopn í hendur mismunandi sinnuðum karlmönnum til þess að geta haft sína hentisemi og sagt við konur: Farið þið til læknanna, þar getið þið fengið allar leiðbeiningar og losazt við allar óþægilegar afleiðingar. — Öll mál hafa tvær hliðar, og ég vil einnig líta á þessa hlið. En það er spursmál, hvers konar frelsi hér er annarsvegar. Ég hefi nýlega lesið fyrirlestur norsks kvenlæknis um þessi mál, og hún kemst þar inn á að tala um þetta „frjálsræði" kvenna um að velja og hafna í þessu tilliti, og kemst hún að þeirri niðurstöðu, að hér sé um að ræða fyrir margar konur að leggja sig í þá verstu fjötra, sem nokkru sinni hafi verið lagðir á kvenþjóðina. — Þessi kvenlæknir heitir Elsa Randulf. Ég vil aðeins benda á þetta, að hér getur verið hætta á ferðum. Hitt játa ég fúslega, að 11. gr. frv. er ágæt takmörkun á öllum þessum málum. Mér liggur við að segja, að sú gr. ein sé nægjanleg til að koma því til leiðar, sem hér er um að ræða, ásamt þeim ákvæðum, sem standa í núgildandi hegningarlögum vorum.

Það hefir verið talað um, að þessar ráðstafanir væru gerðar til þess að hjálpa upp á veiklaðar konur. En getur það nú ekki hugsazt, að sú hætta, sem kona leggur sig í með þeim aðgerðum, sem hér eiga að fara fram, sé litlu minni fyrir heilsu hennar en það, að ganga með barnið og ala það? Þetta er spurning, sem ekkert okkar getur svarað, en reynslan hefir þrásinnis svarað því og sýnt, að hjá veiklaðum konum getur allt farið hið bezta og gengið vel, og getur því verið alvarlegt að ráðast að slíkum konum og gera þeim þennan óskunda. Þeir, sem þekkja vel inn í þessa hluti og hafa verið viðstaddir slíkar aðgerðir, viðurkenna, að hér sé oft um alvarlegar afleiðingar að ræða.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. talaði um vanskapninga og vanburða börn, vildi ég aðeins segja það, að enginn getur sagt fyrirfram um óborið barn, hvort það verður vanskapningur eða ekki. Náttúran er stundum mislynd. Sólin kann að skína í dag, þó dimmt verði á morgun.

Ég vil endurtaka það, að þrátt fyrir þá ágalla, sem mér finnast vera á frv., þá vildi ég óska, að það dygði til þess að ráða bót á því ástandi, sem nú er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 19, 217, n. 392).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. var lagt fyrir þingið af ríkisstj., eða ráðh. þeim, sem fer með heilbrigðismál. Frv. er samið af landlækni, og fylgir því mjög ýtarleg grg. Í grg. þessari eru færð rök fyrir því, hvers vegna frv. er flutt. Frá leikmannssjónarmiði a. m. k. virðist svo, sem mjög hafi til frv. verið vandað, og leitað álits þeirra aðila í landinu, sem bezta hafa þekkingu og vit á þessum málum. Ég vil sérstaklega taka þetta fram vegna þess, að ég get sjálfur gefið þá yfirlýsingu, að mér kom þetta frv. dálítið einkennilega fyrir sjónir í fyrstu. En eftir að ég hafði lesið grg., sem því fylgdi, og lesið hana oftar en einu sinni, þá skildist mér, hvað bak við lá. Ég held, að hver, sem grg. les, hljóti að sannfærast um það, að ekki er að ástæðulausu, að frv. þetta er fram borið. Ég efast ekki um það heldur, að allir, sem hafa kynnt sér frv. og ástæður fyrir því, samþ. það,

að það sé nauðsynlegt að setja l. um þetta efni. Hitt getur aftur á móti komið til mála, að menn greini á um einstök atriði frv. Þessi umr. er einkum ætluð til þess að ræða einstök atriði málsins, en í þessari frumræðu minni ætla ég þó ekki að fara inn á það efni strax, vegna þess, að fyrir liggja brtt. við frv., sem ég tel rétt, að flm. mæli fyrir áður en ég fer inn á einstök atriði frv., því að ef ég geri það, þá er óhjákvæmilegt að minnast á framkomnar brtt. um leið. Ég tel hinsvegar rétt að gera nú þegar grein fyrir þeirri brtt., sem n. flytur sjálf við frv. Brtt. má sjá í nál. á þskj. 392, um að 10. gr. frv. falli burt. Það er ekki af þeirri ástæðu, að till. er flutt, að n. áliti, að 10. gr. út af fyrr sig eigi ekki rétt á sér, en hún telur hins vegar, að efni gr. eigi fremur heima í öðrum l., sem segja má, að séu hliðstæð þessum, og er þess að vænta, að þau verði fram borin áður en langt um líður. Ég geri ráð fyrir, að flestir dm. ráði í það af efni 10. gr., við hvaða löggjöf hér er átt, sem sé, að þjóðarnauðsyn geti krafizt þess, að heimild sé til þess að gera bæði karla og konur ófrjó. Og ég held, að ekki verði hjá því komizt, að þessi tvenn lög gripi nokkuð hvort inn í annað í einstökum tilfellum, og á meðan ekki eru sett lög nema um annað efnið telur n. ekki rétt að grípa nokkuð inn á verksvið þeirra l., og leggur því til, að þessi áminnzta 10. gr. falli niður. Og má þá gera ráð fyrir því, að efni hennar verði tekið upp í aðra, hliðstæða löggjöf, sem væntanlega kemur fram innan skamms. Ég vil geta þess, að till. hefir verið borin undir landlækni, og hann taldi sig ekki mótfallinn efni hennar, en að það ætti ef til vill frekar heima í annari löggjöf.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um mál þetta að sinni. Að vísu gæfi grg. þess manni tilefni til að ræða það á allbreiðum grundvelli, en ég mun þó ekki gera það við þessa umr., þar sem ég held, að enginn ágreiningur verði um nauðsyn þessarar löggjafar. Aftur á móti getur vel orðið ágreiningur um einstakar greinar, en ég læt bíða að fara út í þær þar til hv. 5. landsk. hefir mælt fyrir brtt. sínum.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég drap á það við 1. umr. þessa máls, að mér þætti þetta frv. ekki nógu vel undirbúið. Ég get því ekki verið sammála hv. frsm. n. um það, að vandað hafi verið til undirbúningsins og til þeirra aðila leitað, sem mestan kunnugleika hefðu um þessi mál, og hef ég þar einkum í huga Ljósmæðrafélag Íslands, sem mun hafa einna bezt skilyrði til að gefa góðar bendingar um þessi mál. Annarsstaðar, þar sem slík mál hafa komið til tals, hefir það allsstaðar þótt fyrsta boðorðið að vanda allan undirbúning. Málinu hefir verið skotið til þjóðarinnar allrar, og henni gefinn kostur á að ræða það gaumgæfilega. Löggjöfin hefir ekki verið undirbúin á þann hátt, að nokkrir menn setjist niður inni við skrifborð sín og skrifi niður það, sem þeim gott þykir. Áður en slíkt frv. kæmi fyrir almenningssjónir, þyrftu félög, nefndir og einstakir fagmenn að hafa haft tækifæri til að ráðgast ýtarlega um einstök atriði þess. En hér er nú frv. komið fram, og með grg., sem afhjúpar svo hræðilega hluti, að manni virðist sem það hefði frekar átt erindi til lögreglunnar en til löggjafarinnar. Og það má undarlegt heita, að slíkt fargan, sem grg. lýsir, skuli hafa verið látið þrífast árum saman með svokallaðri siðaðri þjóð. Nýlega hefir legið fyrir norska Stórþinginu frv. um þessi efni, sem þó gekk lengra en þetta frv., að því er lesið verður úr ummælum norskra blaða. Um þetta frv. hefir mikið verið rætt af norsku þjóðinni, og það þótt svo miklu varða, að heilir landsfundir hafa verið kallaðir saman til þess að ræða það. Í októbermánuði var haldinn landsfundur mikill í Osló, þar sem málið var tekið til meðferðar, og fyrstu daga nóvember var haldinn 2500 manna fundur í einum stærsta samkomusal Oslóborgar til þess að ræða frv., sem lá fyrir Stórþinginu. Þetta gæti verið bending til okkar um, að undirbúningur okkar undir þetta frv. hafi ekki verið eins víðtækur og skyldi. Og undrandi varð ég yfir meðferð málsins í hv. Nd., þeirri þögn, sem þar ríkti um frv., þar sem hér er um að ræða eitt það ægilegasta mál, sem fyrir þessu Alþ. liggur. Þar töluðu engir um frv. nema hæstv. atvmrh., er hann lagði það fram, og svo tveir þm. lítillega út af brtt., sem fram kom. Og ég verð að álíta, eftir samræðum mínum við þm. í báðum d. að dæma, að hv. þm. hafi yfirleitt lítið hugsað um þetta mál og sýnt því óskiljanlegt tómlæti. En þegar málið kemur hér til hv. Ed. og ég stend upp til að hreyfa mótmælum, þá fyrst kemst hreyfing á málið, og annar aðili þess, karlmennirnir, rumska. Og þeim þótti ég ganga allt of langt í brtt. minum, þar sem fitjað var upp á því, að láta aðgerðir þær, sem þeim þótti sjálfsagt í frv. að gera ráð fyrir konum til handa, einnig ná til þeirra. Ég hefi bent á það áður, að ég tel frv. allt of einhliða, og er engin von til þess, að konur þoli slíka löggjöf á þeirri jafnréttisöld, sem við lifum á.

Ég mun þá snúa mér að brtt. minum og einstökum gr. frv. í sambandi við þær. — Í 2. málsgr. 1. gr. frv. er svo ákveðið, að lækni sé skylt að láta hverri konu, sem þess æskir, í té leiðbeiningar um varnir gegn því að verða barnshafandi. Þarna er ekkert tekið til, að um veika konu þurfi að vera að ræða, heldur er eftir orðanna hljóðan hverri konu heimilt að fá þessar upplýsingar hjá lækni. Það er ekkert á móti því, að fólk leiti til læknis um þessi mál, ef það er líkamlega sjúkt, en ég tel of langt gengið af löggjöfinni að leggja læknum slíka skyldu á herðar og hér er gert. Mér hefði fundizt réttara að heimila læknum þetta. Í grg. frv. er minnzt á, að Læknafélag Reykjavíkur hafi talið heppilegra að hafa þetta heimildarákvæði, en ekki skyldu, svo að ég stend ekki ein uppi með það álit mitt. Ég vildi vikja nokkrum orðum að þeirri hættu, sem í þessu ákvæði felst. Hugsum okkur, að í Reykjavík verði sett upp leiðbeiningarstöð um þessi efni, sem gæfi konum, og þá væntanlega líka körlum, upplýsingar um þessi efni. Ég vil þá spyrja hv. þdm. í fyllstu alvöru, hvort þeir séu ekkert

smeykir við það, að lausung og sjúkdómshætta aukist vegna þessarar lagasetningar. Ég veit, að ekki þarf að skylda lækna til þess að taka á móti sjúku fólki, sem spyr þá ráða. Það er hin sjálfsagða skylda hvers læknis. En hér er ekki um veikt fólk að ræða, eða þarf ekki að vera samkv. frv. Eftir því getur hver sem vill fengið þessar leiðbeiningar. Oftast mun það vera svo, að á bak við þá konu, sem fer til læknis í þessum erindagerðum, stendur einhver karlmaðurinn, sem ýtir henni áfram, eða þá að hún *fer til þess að þurfa ekki* að óttast afleiðingar þess lifnaðar, sem hún hefir í huga að lifa. Þarna liggur hætta falin. Ég þarf ekki að nefna það, sem *allir* hv. þdm. *vita*, að í kjölfar alls óskírlífis siglir sýkingarhættan. Hér á landi er nú orðin landlæg sú vonda veiki, sem nefnd hefir verið „alheimsbölið mikla“, og er svo alvarleg, að þurft hefir að veita í fjárl. árlega allmikla fjárupphæð til að verjast þessum faraldri. Nú mun til ætlazt, að 30 þús. kr. verði veittar í þessu skyni, og er það 20 þús. kr. meira en veitt var í síðustu fjárl. í sama augnamiði. Af þessu má sjá, að hér er um býsna alvarlegt atriði að ræða. — Við getum hugsað okkur unga, saklausa og óreynda stúlku, sem lendir í höndunum á óvönduðu rosamenni, — hvað hann stendur betur að vígi, ef hann getur bent henni á lagaákvæði, sem skyldar hvaða lækni sem er að láta henni í té upplýsingar, sem gera þeim mögulegt að halda áfram athæfi sínu ábyrgðarlaust. Og ekki sízt nú, þegar aftur á að fara að veita lítt hindruðu vínflóði yfir landið, er ástæða til að benda á þessa hættu. *Allir vita*, að þar, sem vínið hefir völdin, lýtur velsæmi, siðgæði og hverskonar sálarþróttur í lægra haldi. — Menn mega ekki taka afstöðu *mína í máli* þessu svo, að ég sé *andvíg* samþykkt heilbrigðra og góðra l., en sem fulltrúi kvenþjóðarinnar tel ég skyldu mína að verja sakleysi ungra stúlkna í lengstu lög. Og hér er um verulega hættu að ræða í því efni. Bandalag kvenna hélt fund 5.—6. nóv. síðastl. og tók þá mál þetta til meðferðar og samþ. álit og brtt. við frv., sem það sendi hv. allshn. Þar er lagt til, að við 1. gr. frv. verði bætt þessu:

„Ef um gifta konu er að ræða, er lækni skylt að aðvara mann hennar í því efni og láta honum í té leiðbeiningar til þess að kona hans verði ekki barnshafandi“.

Í samræmi við þetta er brtt. mín við 1. gr. En álit Bandalagsins var ekki komið fram þegar ég samdi brtt. mínar; annars hefði ég auðvitað sniðið þær eftir till. fundarins. En hún fer í aðalatriðunum í sömu átt. Samt er þar gengið talsvert lengra, og gæti það orðið til þess að fæla hv. þdm. frá því að samþ. hana. Ég hef því hugsað mér að bera fram skrifl. brtt. við þessa brtt. mína við 1. gr., svo hljóðandi, að niður skuli falla í 2. málsl. orðin: „— eða gera á honum viðeigandi aðgerð“. Vona ég, að hv. þdm. sjái sér fært að samþ. till. mína svo breytta, og skiljist það, að ég stend hér ekki til þess að pexa eða tefja fyrir málinu, heldur til þess að koma þeim umbótum á frv. fram, sem mér finnst það ekki mega án vera, verði það að l. — Brtt. *mín* við 1. gr. fer fram á að sameina 1. og 2. gr. frv. og draga efni þeirra í eina heild, svo að læknum sé skylt að veita sjúkum konum allar upplýsingar um þessi efni, og þegar um gifta konu sé að ræða, eða konu, sem lifi með barnsföður sínum, sé skylt að veita viðkomandi karlmanni þessar leiðbeiningar. Þetta álít ég skynsamlegra en að gefa hverjum sem er heimild til þess að ganga í skrokk á læknunum og heimta slíkar leiðbeiningar. — Brtt. mín við 3. gr. er aðeins smávægileg orðabreyting; orðalag þeirrar gr. er nokkuð stagl-samt í frv., og vildi ég færa það til betra máls. En það er auðvitað eftir því sem hverjum þykir. — Brtt. mín við 9. gr. frv. er á þá leið, að *síðasta málsgr. falli niður*. Um þetta geta orðið skiptar skoðanir. En þó tel ég víst, að margir vilji fara svo gætilega í sakirnar, að heimila ekki *fóstureyðingar af neinum ástæðum öðrum* en sjúkdómum. Ekkert annað á að réttlæta þessar aðgerðir. Hér er um mannslíf að ræða, þótt ófullkomið sé, en sé því fyrirfarið, *lifir ekki* viðkomandi maður. Og mér finnst ástæður 9. gr. verða léttvægar, þegar um svona mikið mál er að ræða. Þar er talað um ómegð, fátækt og heilsuleysi annara á heimilinu. En ég get ekki fellt mig við, að nokkuð annað en sjúkdómshætta konunnar sjálfrar eða yfirvofandi dauði sé tekið sem gildar ástæður. Og sum af þessum vandræðum, sem þarna eru upp talin, svo sem af ómegð og fátækt, ætti að mega leysa á annan hátt. Þar getur þjóðfélagið komið til hjálpar. Tökum t. d. ómegðina. Er nokkur hjálp í því, að kona sé tekin frá stórum barnahóp, flutt upp á spítala og gerðar þar á henni aðgerðir upp á líf og dauða? Og ef illa fer, og konan deyr, — er barnahópurinn heima fyrir þá betur farinn en þó að konan fengi að ganga *með barnið sitt* og ala það skikkanlega og skaplega? Nei, þetta þykir ótækt; hitt þykir sjálfsagt, að lalla með konuna upp á spítala, leggja hana þar á skurðarborð og láta henni blæða, stundum til ólífis. Þetta má ekki eiga sér stað, — á eftir þessu kemur annað meira. Hér er verið að ganga inn á braut *fóstureyðinga*, og getur hún ekki leitt til annars en ills eins. Afleiðingin verður aukin lausung og misþyrming á þeim helgustu tilfinningum, sem móðirin á yfir að ráða. Ég treysti hv. dm., sem allir eru vel fullorðnir og reyndir menn, að greiða ekki atkv. með síðari hluta 9. gr. — Um þessa gr. sendir stjórn Ljósmæðrafélags Íslands (í nál. er þetta félag nefnt Ljósmæðrafélag Reykjavíkur, en það er ekki rétt) umsögn sína, og er hún svo hljóðandi:

„Hér er smeygt inn í frumvarpið mjög varhugaverðum ákvæðum, þar sem gengið er inn á þá braut, að leyfa fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Teljum vér það mjög hættulegt bæði frá siðferðislegu og — eftir því sem til hagar hér á voru landi — þjóðfélagslegu sjónarmiði. Það er að vísu látið svo heita, og er kannske svo hugsað af höfundi frv., að félagslegar ástæður eigi því aðeins að koma til greina, að heilsu konunnar sé að einhverju leyti ábótavant, svo að henni geti stafað einhver hætta, fram yfir það, sem annars væri, af því að ganga með og ala sitt barn. Það getur þó eng-

um dulizt, að þessi ákvæði greinarkaflans eru svo óljós og loðin, að þau má teygja og laga til eins og hverjum og einum þóknast. Teljum vér slík lagafyrirmæli alveg óviðunandi, og það því fremur, sem þau taka til þeirra atriða, sem einmitt er mest um deilt".

Um þessa málsgr. segir fundur Bandalags kvenna:

„Með þessari málsgr. er farið inn á félagslegar ástæður, sem Bandalag kvenna getur ekki fellt sig við, að komi til greina í þessu sambandi, heldur eigi matið fyrir fóstureyðingum eingöngu að byggjast á sjúkdómi og hættu konunnar sjálfrar af burðinum".

Þá er ekki vert að ganga fram hjá því, sem próf. Guðmundur Thoroddsen segir um þessi mál. Hann hélt fyrirlestur um þau í Læknafélagi Reykjavíkur, og var hann prentaður í Ljósmæðrablaðinu, 3. tbl. 9. árg. Hann segir m. a.:

„Mín skoðun er sú, að þjóðfélagið eigi í lengstu lög að reyna að koma í veg fyrir abortus provocatus vegna social-indikationa, en stefna fremur að því, að reyna að fækka social-indikationunum".

Þetta er svo rétt, svo drengilega mælt, að mér finnst sem það sé ábyrgðarhluti að samþ. niðurlag 9. gr. og standa andspænis alvöruþrungnum ummælum merkra manna. — Ég þykist nú hafa skýrt þessar brtt. mínar svo, að ég vona, að hv. þdm. skilji, hvað ég er að fara og samþ. þær með mér. Og einmitt þessi brtt., við 9. gr., er þungamiðja brtt. minna. Ég vil minna á það í þessu sambandi, að fyrir nokkru voru samþ. hér ágæt barnaverndarl. og barnaverndarn. stofnaðar, og yfirleitt margt gert til þess að vernda æskuna og hjálpa mæðrum. Geta þá hv. þm. ekki séð ósamræmið í hinni fullkomnu barnavernd og ákvæðum um það, að ráðast megi á óborin börnin og deyða þau, af þeim ástæðum, sem 9. gr. þessa frv. telur upp. Nei, ég vil, að þjóðfélagið tryggi öllum mæðrum heimili og aðra þá aðstöðu, að þær þurfi aldrei að kvíða fyrir að fæða því afkvæmi. Og umfram allt, að þær þurfi aldrei að grípa til þeirra örþrifaráða, sem fóstureyðing er, vegna erfiðra ástæðna. Auk þess vil ég taka fram, að mér finnst vera lagður fullmikill vandi á herðar læknanna, að meta ástæðurnar í hvert sinn. Ég verð líka að segja, að eftir að hafa lesið grg. frv. og séð, hvað þar er sett fram, þá ber ég ekki traust til allra lækna að fá þeim þessi vandamál í hendur. Ennfremur sé ég ekki ástæðu til að ganga inn á svo breiða braut, þó einhver ástæða væri fyrir því hér í Reykjavík, meðan sveitirnar og yfirleitt landið að öðru leyti er laust við þennan ófögnuð. Löggjafarvaldið verður þó að taka jafnt tillit til ástæðnanna annarsstaðar á landinu. Og það er svo hamingjunni fyrir að þakka, að við eigum enn margt af heilbrigðum konum og dætrum, sem spillingin hefir ekki náð til.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að segja, að ef uppeldi æskulýðsins hefði verið betra og siðferðiskröfurnar meiri, og ekki verið látnar dynja á þjóðinni jafnsvívirðilegar bókmenntir eins og virðist hafa verið kappkostað að halda að fólkinu til að lesa nú upp á síðkastið, hygg ég, að það væri ekki eins illa farið í þessu efni og raun ber vitni um.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Ég get ekki neitað því, að það varð mér nokkurt undrunarefni, hversu sterklega hv. 5. landsk. mælir gegn frv. Ég verð að segja strax — þó ég skilji tilgang hv. þm. —, að ég efa, að það sé rétt, að frúin tali hér fyrir hönd kvenna yfirleitt. Mér er vel kunnugt, að það er mikill fjöldi giftra og ógiftra kvenna, sem telja, að með frv. sé stórbætt aðstaða þeirra og hlutskipti. Ég sé, að hv. þm. hristir höfuðið. En það er þó ekkert hneykslanlegt við það, þó karlmaður tali við konu, og ég veit, að það er álit margra kvenna, bæði ljósmæðra og annara, að aðstaða þeirra sé mjög styrkt með frv., og ekki sízt með því að viðurkenna þann tvímælalausa rétt konunnar að fá að ráða því sjálf, hvort hún verður barnshafandi eða ekki.

Frúin sagðist geta gengið inn á fóstureyðingu, ef um líf konunnar eða varanlegt heilsutjón sé að ræða. En svo segir hún, að með frv. sé verið að ráðast á líf barnanna, og til að kveða enn fastar að orði, þá sé verið að ráðast á óburða börnin í móðurkviði. Þetta getur frúin sagt eftir að hafa lesið grg. frv. Það er vægast sagt óviðurkvæmilega talað. Það er ekki til bóta fyrir einn eða annan, að loka augunum fyrir jafnhryggilegum staðreyndum og hér er um að ræða, en setja upp helgisvip og látast ekki sjá misfellurnar í þjóðfélaginu. Í vissum tilfellum er ekki hægt að neita því, að konur munu eyða fóstri án þess brýn ástæða væri til. Og það er sjálfsögð skylda löggjafanna að grípa í taumana, einmitt áður en fóstureyðingar verða þjóðarböl.

Þó fóstureyðingar séu nú bannaðar með l., að viðlögðu 8 ára fangelsi, þá er vitanlegt, að allmikið er að þeim gert, og það beinlínis í skjóli þess, hvað l. eru heimskulega ströng. Í mörgum tilfellum er fóstri eytt til þess að hjálpa lífi konunnar. Og læknirinn veit, að við því er ekkert sagt. En um þetta draga l. enga markalínu, og er því hætt við, þegar hver læknir á að meta þetta fyrir sig, að látið verði um of undan, einn gerir þetta og annar hitt. Og þegar allt er óleyfilegt og engin lagaleg takmörk, er komið út á svo hálan ís, að illt er að fóta sig.

Tilgangur frv. er því enginn annar en sá, að segja fyrir um, hvenær þetta er leyfilegt og hvenær ekki. Þegar það er leyfilegt, er skylda lækna að gera það, í þeim tilfellum, sem það er óleyfilegt, á að beita fyllstu refsingu. Ég verð því að halda, að það sé fullkominn misskilningur, að frv. sé að ganga inn á fóstureyðingabraut og drepa óborin börn, heldur eigi það að vera þeim til varnar og koma í veg fyrir, að fóstureyðingar verði jafnóskaplega misnotaðar og víða viðgengst. Það er ekkert leyndarmál, að til eru menn, sem í tekjuöflunarskyni gera sér að atvinnu að hjálpa konum til að eyða fóstri, og má segja, að þeir geri það í skjóli svo heimskulegra laga, að þeim sé ekki hægt að beita. Veit hv. þm. ekki, eða vill hann loka augunum fyrir því, að hér er miklu meiri hætta í aðsigi en ennþá er komin í ljós? Hér hafa ekki aðrir en

læknar fengizt við fóstureyðingar, menn, sem fulla þekkingu hafa í þeim efnum. En erlendis er fjöldi þekkingarlausra fúskara, sem við þetta fæst, og stofna því í hættu lífi ógætinna og ófróðra kvenna, sem gefa sig þeim á vald. Veit enginn, hvenær þessi ófögnuður skýtur hér upp kollinum, ef ekki eru í tíma reistar við því rammar skorður.

Skal ég þá víkja að brtt. þessa hv. þm., sem hér liggja fyrir á þskj. 217. Tel ég þær yfirleitt rýra gildi frv., ef samþ. verða. Við 1. gr. skilst mér, að aðalbreyt. sé sú, að ef um gifta konu er að ræða, sem haldin er hættulegum sjúkdómi, eða konu, sem býr ógift með barnsföður sínum, „er lækninum skylt að gefa eiginmanni hennar eða barnsföður leiðbeiningar gegn barngetnaði, eða gera á honum viðeigandi aðgerð, ef hann óskar, til þess að koma í veg fyrir, að konan verði barnshafandi“. En í sjálfu frv., fyrstu málsgr., segir svo: „Ef kona vitjar læknis og er sjúk á þann hátt, að læknirinn telur hættulegt fyrir hana vegna sjúkdómsins að verða barnshafandi og ala barn, er honum skylt að aðvara hana í því efni og láta henni í té leiðbeiningar til þess að koma í veg fyrir, að hún verði barnshafandi“.

Og 2. málsgr. 1. gr. bætir við: „Nú leitar kona til héraðslæknis, annars starfandi læknis eða sérfræðings í kvensjúkdómum eða fæðingarhjálp, og óskar leiðbeininga um varnir gegn því að verða barnshafandi, og er lækninum þá skylt að láta slíkar leiðbeiningar í té“. Ég fæ nú ekki betur séð en að hver maður verði að fallast á, að konan sé hér fyrsti aðili og eigi að fá að vera sjálf sinn herra. Komi hún nú til læknis, óþunguð og heil heilsu og vilji fá leiðbeiningar um varnir gegn því að verða barnshafandi, er sjálfsagt að veita henni þær upplýsingar, er hún óskar. Konan á alveg tvímælalaust að fá að ráða því sjálf, hvort hún verður barnshafandi eða eigi. Margar konur þekkja meira eða minna til slíkra varna og nota þær. En sú þekking er fengin á misjöfnum stöðum, og því kaupir fólk allskonar óþverra í þessu skyni, sem e. t. v. veldur heilsutjóni. Þess vegna gerir frv. læknunum að skyldu að veita upplýsingar í þessum efnum, ef konan óskar. Er hreinn barnaskapur að tala um lauslæti og lausung í þessu sambandi, þar sem vitanlegt er, að menn geta fengið allskonar verjur, sem verið er að fúska með. Er því sjálfsagt að skylda embættismennina að leiðbeina eftir fullkomnum heilbrigðisreglum. — Að því er snertir brtt. hv. þm. við 2. málsgr. 1. gr., þá get ég ekki séð, að það komi konunni að fullu haldi, þó manninum séu gefnar leiðbeiningar um, hvernig hann eigi að verjast barngetnaði. Þó karlmaðurinn sé gerður ófrjór, er það engan veginn öruggt, því það hefir komið fyrir, að kona leiti lags við fleiri en einn, og þá er slíkt engin trygging fyrir konuna. Á þessari jafnréttisöld, sem blessaðar konurnar tala svo mikið um, ættu þær þó að unna karlmönnunum a. m. k. jafnréttis. Og sé nokkur heil brú í þeirri kenningu, ættu bæði að hafa sama hlutverk. En það er nú svo, að það er hlutverk konunnar að vera þunguð og ala barn, en karlmannsins ekki. Það mun því ekki vera að ræða um jafnrétti karls og konu. Þetta er ekkert spaug, hér þarf að leita góðra ráða.

Þá leggur hv. flm. brtt. til, að 2. gr. frv. falli burt. Efni gr. er þannig: „Ef konu stendur lífshætta eða önnur mjög mikil sjúkdómshætta af því að verða barnshafandi, eða þó um minni hættu sé að ræða (sbr. 9. og 10. gr.), ef gera má ráð fyrir, að konan verði iðulega barnshafandi, er lækni heimilt, ef konan óskar þess, að koma í veg fyrir með viðeigandi aðgerð, að hún geti orðið barnshafandi“.

Þessa brtt. tel ég sjálfsagt að fella. Er sjálfsagt, að frvgr. standi, því hún er í beinu framhaldi af því, sem sagt er í 1. gr. Þó konan fái leiðbeiningar um varnir, getur hún aldrei verið örugg, og þó hún noti þær, getur komið fyrir, að hún verði barnshafandi, og sé konunni það hættulegt vegna sjúkdóms, er sjálfsagt að leyfa aðgerð, sem kemur í veg fyrir, að hún verði það. Þá vil ég benda hv. þm., sem talaði svo mikið um, að frv. væri að ráðast á óbornu börnin, á að 1. og 2. gr. frv. eru beinlínis til þess, að til fóstureyðingar þurfi ekki að koma. Því betri skilyrði, sem konan hefir til þess að koma í veg fyrir að geta barn gegn vilja sínum, því minni líkur eru til, að eyða þurfi fóstri. Um þetta ættu allir að geta verið sammála. Brtt. við 3. gr. get ég fallizt á, en hún skiptir ekki máli.

Þá kem ég loks að brtt. við 9. gr. frv., um að síðasta málsgr. falli burt. Þetta telur hv. flm. þungamiðjuna í sínum till. En þar sem ég hygg, að hv. þm. leggi annan skilning í hana en er, vildi ég lesa hana hér upp — með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo: „Við mat á því, hvert tjón er búið heilsu þungaðrar konu af burðinum samkv. 1. málsgr. þessarar gr., má meðal annars taka tillit til þess, ef konan hefir þegar alið mörg börn með stuttu millibili, og er skammt liðið frá síðasta barnsburði, svo og til þess, ef konan á við að búa mjög bágar heimilisástæður vegna ómegðar, fátæktar eða alvarlegs heilsuleysis annara á heimilinu“.

Ég ætla, að ómögulegt sé að misskilja þessa gr. Við mat á því, hvort leyfa eigi fóstureyðingu, er gengið inn á þá braut, þegar ákveða á hvort tjón er búið heilsu konunnar, að taka fleira til greina en sótthita eða líkamsbyggingu, heldur yfirleitt þær heimilisástæður og aðbúð, sem konan hefir og orðið gæti henni hættulegt, ef hún yrði þunguð. Eitt af því, sem hv. þm. var að benda á, var það, að ekki væri forsvaranlegt að taka til greina við fóstureyðingu, þó skammt væri liðið frá síðasta barnsburði. Í tilefni af þessum ummælum vil ég segja hér einfalt dæmi, eftir ljósmóður, sem ég átti nýlega tal við. Hún hafði fyrir stuttu verið hjá konu, sem var að ala barn. Við athugun sýndi það sig, að konan hafði ekki nema 29% blóð, hafði átt tvíbura fyrir tæpu ári og mislingar gengið yfir heimilið mikinn hluta af þeim tíma. Fæðingin gekk mjög erfiðlega og barnið dó eftir tæpa 2 mánuði. Finnst nú hv. þm. synd, þó leyft sé að taka tillit til svona ástæðna? (GL: Þetta eru sjúkdómsástæður). Þó konan verði þunguð og beri fóstur, er ekki hægt að telja það veilu á heilsu hennar, jafnvel þó hún sé ekki búin að ná sér

eftir síðasta barnsburð. Þess vegna verður að taka tillit til þess, og einnig til ómegðar og fátæktar, því það er ekki hægt að bæta á annan hátt.

Ég er frúnni sammála um, að þjóðfélagið eigi að bæta úr fátækt fólksins, eftir því sem auðið er, en það má hún vita, ekki sízt vegna starfs síns hjá bænum, að fátækt og ill aðbúð veldur heilsuleysi margra kvenna, ekki sízt ef þar við bætast of örar barnsfæðingar. Það er því ekki nóg þegar meta á aðstöðu konunnar til að ala barn, þó hún sé ekki haldin neinum ákveðnum sjúkdómi, heldur verður að taka tillit til, hvert tjón heilsu konunnar muni vera af því búið. Þegar um fóstureyðingu er að ræða, verður því að meta allar þær ástæður, sem geta svipt konuna heilsu eða lífi, þurfi hún að bera fóstur og ala barn. Ég verð því að halda, að engin ástæða sé að fella þessa málsgr. úr frv., því það mundi aðeins rýra gildi þess.

Þá vildi þessi sami hv. þm. telja álitamál — eða ég gat ekki skilið það á annan veg —, hvor hættan væri meiri fyrir konuna, að leggja sig undir aðgerð læknis til fóstureyðingar eða ganga með og ala barnið. Hv. þm. sagði, að það kæmi fyrir, að konunni væri skellt upp á borð og látið blæða þar til ólífis. Ég held, að ekki sé ástæða til að tortryggja læknana í þessum efnum, þó það geti vitanlega komið fyrir mistök í þessum tilfellum eins og öðrum. Ég verð að treysta læknum til að gera ekki slíka aðgerð, ef hún stofnar lífi konunnar í meiri hættu en barnsburðurinn, enda eru skýr og ströng ákvæði um þetta í 9., 10. og 11. gr. frv., þar sem meðal annara varúðarráðstafana er tekið fram, að þær aðgerðir megi ekki fara fram nema á sjúkrahúsum, og þeim einum, er ráðh. viðurkennir í því skyni. Auk þess er tilskilið, að 2 læknar — yfirlæknir sjúkrahússins og venjul. húslæknir — samþykki, að aðgerðin fari fram. Ég sé því ekki, hverjar fyllri tryggingar er hægt að heimta. Ég verð því að segja, að mér finnst mjög óviðeigandi og ósæmileg tilraun til að tortryggja læknana, með því að segja, að konum sé skellt upp á borð og látið blæða þar út, þó að til þess séu einstök dæmi.

Um 10. gr. er það að segja, að ég get fallizt á brtt. n., að gr. falli burt og eigi betur heima í annari löggjöf, sem hún er í meira samræmi við og nú er undirbúningur hafinn að. — Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að taka fram í sambandi við brtt.

Viðvíkjandi því, að undirbúningur frv. hafi verið ónógur, þá get ég ekki fallizt á það. Ég get ekki séð, að almennir borgarafundir geti sagt neitt um mál eins og þetta, — efni þess er svo vaxið. Viðvíkjandi því, að það vaki fyrir hv. 5. landsk. að verja sakleysi ungra stúlkna, þá skal ég ekki efa það, að svo sé. Hitt fæ ég hinsvegar ekki séð, að sakleysið sé nokkuð betur tryggt, þótt frv. verði ekki að lögum eða brtt. samþ. Ég skal játa, að það hefði verið bezt, að eigi þekktist hér lausung, kynsjúkdómar né fóstureyðingar, en eins og komið er, verðum við að horfast í augu við veruleikann. Í skjóli fávizkunnar dafna bæði kynsjúkdómar og fóstureyðingar, og það er nauðsynlegt að afla mönnum nægilegs fróðleiks um þessi efni — ég á þar ekki við kitlandi frásagnir —, til þess að þeir geti varizt hættunni.

Hv. þm. minntist réttilega á sterku drykkina og þá hættu, er þeir mundu hafa í för með sér í sambandi við þetta mál. En að þetta frv. sé til hins verra í þeim efnum, er fjarri sanni. Mér skildist á hv. þm., að konur og karlar yrðu djarfari til samlags, sérstaklega ef vín væri á borðum. Ég lít öðrum augum á þessi mál en hv. þm. Ég tel það ekki æskilegt, að konur og karlar, útúrdrukkið, hafi samfarir og geti börn. Ég tel það betra, að eigi verði börn úr slíkum samförum, enda mun það lítið verða til þess að bæta kynið og efla hreysti barnanna, en bezta tryggingin fyrir því, að eigi verði börn úr slíkum samförum, er, að mönnum séu gefnar nægilegar upplýsingar um varnir í þessum efnum. Hv. þm. kvartaði undan því, að eigi hefði verið leitað til ljósmæðra með þetta mál. Ég hygg nú, að hv. n. hafi gert þetta, en annars fæ ég ekki séð, að ljósmæður hafi neina sérstöðu um þetta mál. Þeir, sem vinna að fóstureyðingum, eru fyrst og fremst læknar, og ef ljósmæður eru þar við, er það aðeins til aðstoðar. Hinsvegar sé ég ekkert á móti því, að hv. n. leitaði álits um þetta hjá ljósmæðrum. — Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., 16. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 19, 217, n. 392, 471).

**Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Við fyrri hluta þessarar umr. hér í d. í gær kom það fyrir, sem oft vill verða, að tveir dm. kvöddu sér hljóðs samtímis, ég og hæstv. atvmrh. Báðir áttum við erindi við hv. 5. landsk. Samkv. þingvenju veitti hæstv. forseti hæstv. atvmrh. orðið fyrr, og er ég ekki að víta það — síður en svo —, en þess vegna verður mitt erindi minna.

Ég get ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um ýms atriði í ræðu hv. 5. landsk. Í minni stuttu framsögu hafði ég haldið því fram, að frv. væri vel undirbúið, en því andmælti hv. 5. landsk. og taldi jafnvel flaustursverk. Ég vil ekki láta þessu ómótmælt, og vil ég nú leitast við að færa nokkur rök að því, að frv. sé vel — og ég leyfi mér að segja óvenjuvel — undirbúið. Það er samið af lækni, sem hefir gegnt héraðslæknisstörfum um langt skeið, og ég veit ekki betur en að hafi þótt góður læknir; auk þess er hann landlæknir. Ég get nú búizt við, að hv. 5. landsk. og sumir aðrir segi sem svo, að það út af fyrir sig, að hann sé landlæknir, sé engin sönnun fyrir betri undirbúningi, og það skal ég játa, að hann fær ekki aukna fræðslu við það eitt að verða landlæknir, en hann fær sterkari ábyrgðartilfinningu, og það tel ég mikla tryggingu, að frv. er undirbúið af manni með ríka ábyrgðartilfinningu. Ég vil ennfremur minna á, að eins og grg. frv. ber með sér, er það samið og borið undir einstaka lækna og Læknafélag Reykjavíkur — ég hygg, að það sé rétt með farið hjá mér, að það heiti L. R., en ekki Læknafélag Íslands —, og þessir læknar hafa látið ótvírætt í ljós ósk-

ir sínar um, að frv. þetta yrði að lögum. Eðlilega höfðu þeir gert nokkrar brtt. eða aths., sem ekki voru mikilsvirði og hafa flestar verið teknar til greina, en þær, sem ekki voru teknar til greina, eru athugaðar í grg. frv. og færð þar gild rök að, hvers vegna það var ekki gert. Auk þess getur hver maður, er les grg. ýtarlega, sannfærzt um, að frv. er gagnhugsað og færð rök fyrir hverju einasta atriði, er fram kemur í frv. Ég fæ ekki betur séð en með þessu sé sýnt, að frv. er ekki einungis vel undirbúið heldur óvenjuvel, og ætla ég, að hvorki ég né hv. 5. landsk. höfum borið fram frv. hér á Alþ., sem hefir verið eins vel undirbúið.

Þá skal ég minnast á það, sem hv. 5. landsk. vildi færa sem rök fyrir því, að frv. væri ekki vel undirbúið, sem sé að það hefði ekki verið borið undir ljósmæðurnar. Ég skal játa það, að mér er vel við ljósmæðurnar — því mér er vel við allar konur —, en þó sérstaklega vel við eina ljósmóður, sem hefir tekið á móti 9 börnum fyrir mig, — þ. e. a. s. sem konan mín átti. En ég verð að segja það, að ég sé ekki, að frv. hafi átt sérstakt erindi til ljósmæðra, af því ég veit ekki betur en frv. heimili læknum í vissum tilfellum og eftir ströngum reglum að framkvæma fóstureyðingar. Ég veit ekki til þess, þó ljósmæður séu vel undirbúnar fyrir sitt starf, eða stundi nám í 12 mán. eða lengur, og ég viðurkenni, að þær ræki starf sitt vel, að starf þeirra sé á öðru sviði. Ég veit ekki til, að ljósmæður hafi nokkurn tíma fengizt við fóstureyðingar, og vil vænta þess, að þær fáist ekki við þær.

Þess vegna held ég, að ekki hafi verið sérstök ástæða til, að frv. færi til þeirra. En það vill nú svo til, að sumar þeirra hafa átt kost á að kynna sér frv., og ég skal geta þess, að allshn. frestaði afgreiðslu frv. í viku af því ein ljósmóðir kom á fund n. og óskaði eftir, að Ljósmæðrafélag Íslands mætti athuga frv. Ég skal geta þess, að það var misgáningur hjá mér á nafni fél., er ég sagði Ljósmæðrafélag Rvíkur, en átti að vera Íslands, ég vissi bara, að þær ljósmæður, sem um frv. fjölluðu, voru aðallega úr Rvík, svo ég get ekki kallað það goðgá.

Hv. 5. landsk. las hér upp kafla úr umsögn þessa ljósmæðrafélags, og ég verð að segja, að þó till. frá því komi ekki alveg heim við það, sem landlæknir hefir haldið fram, þá verð ég sem leikmaður að setja landlækni skör ofar. Það, sem varð þess valdandi, að ég fylgdi ekki till. Ljósmæðrafél., er, að ég styðst við þann aðila, sem ég treysti betur. Það er ekki af því, að ég vantreysti ljósmæðrum — síður en svo —, en ég treysti því ekki, að reynsla þeirra né lærdómur standi framar en reynsla og þekking höf. frv. Hv. 5. landsk. gat þess í gær, að n. hefði átt að kynna sér erindi, sem Guðm. Thoroddsen hefði flutt í Læknafélagi Reykjavíkur og birzt hefði í einhverjum bæklingi. (GL: Það er ekki bæklingur). Ég bið forláts, ef ég hefi nefnt það öðru nafni en rétt var; kannske það hafi verið réttara að nefna það rit. En ljósmæðurnar voru svo hugulsamar, að þær gáfu mér þetta rit, og ég las það. En auk þess mætti Guðm. Thoroddsen prófessor á fundi allshn. og lét þar ekki uppi annað en að hann væri allshn. sammála og veitti frv. stuðning. Ég tel, að skoðun Guðm. Thoroddsen, sem hann lét uppi á fundi n. og kemur í ljós í nefndu erindi hans, sé að öllu samrýmanleg. Eftir því, sem ég skil erindið, þá er því haldið fram þar, að hag fátækari stéttanna eigi að bæta og alla aðbúð, svo ekki stafi hætta af eða heilsutjón. Ef eitthvað ber á milli, sem ég ekki sé, þá er ég þannig gerður, að ég tek heldur það, sem nýrra er, og hafi Guðm. Thoroddsen prof. sagt annað við n. en er í erindinu, þá tel ég, að síðari skoðunin eigi að ráða. Ég held því, að ekki heldur þetta, sem hv. 5. landsk. hefir fundið að — að frv. var ekki borið undir ljósmæðurnar og að fyrirlestur Guðm. Thoroddsens prof. stingi í stúf við frv. — séu neinar ástæður eða rök gegn frv.

Þá er ein ástæðan enn, sem hv. 5. landsk. færði fram, að þetta mál væri svo umfangsmikið og mikilsvert, að því ætti að skjóta undir dóm þjóðarinnar. Já — ég er lýðræðismaður, það skal ég játa, en ég verð að viðurkenna, að þetta þykir mér fullmikið lýðræði. Að fá þjóðinni allri í hendur vandamál, sem ekki geta aðrir leyst en helztu sérfræðingar, mál, sem — eins og ég og hv. 5. landsk. erum sammála um —, er svo sérstaklega mikilsvert, það tel ég sama og fá barni voðann í hendur. Þetta er ekki af því, að ég vantreysti fólkinu, en mér finnst ómögulegt að ætlast til þess, að óbreytt verkafólk hafi ástæður til að leysa málið betur en læknar, sem hafa sérþekkingu og hafa lagt alúð í að leysa þetta mál. Ég tel, að ekki hefði verið hægt að vænta betri niðurstöðu með því að fara svona að.

Ég held nú, að ég sé búinn að sýna hv. d. fram á, í fyrsta lagi, að frv. er vel undirbúið, og í öðru lagi, að frv. hefir verið borið undir þá menn, sem vænta má, að séu þess megnugir að segja um það af þekkingu.

Það var eitt atriði hjá hv. 5. landsk., sem ég vildi athuga lítið eitt. Hún kvaðst koma hér fram sem fulltrúi kvenna í landinu. Ef hér væri verið að lögleiða eitthvað, sem konum væri þvert um geð, þá mundi ég stinga við fótum, — svo kvenhollur er ég. En ég verð að telja, að þessu sé ekki svo varið.

Fyrir allshn. hafa komið umsagnir kvenfélaga um málið, og ég verð að telja, að þær konur séu engu síður fulltrúar kvenna í landinu. Ég hefi hér fyrir framan mig bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands, undirskrifað af stjórn þess, að ég held. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa þetta bréf upp. Það hljóðar svo:

„Í tilefni af frv. yðar, hr. landlæknir, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, viljum vér taka þetta fram: Á 4. landsfundi íslenzkra kvenna, sem haldinn var hér í Rvík og boðað var til af K. R. F. Í., var mál þetta til umræðu. Því miður var frv. yðar þá ekki svo undirbúið, að fundurinn gæti tekið það til athugunar, en forstöðunefnd fundarins var kunnugt um, að það var væntanlegt, og gat því um það, að frv. þessa efnis mundi verða lagt fyrir næsta þing. Umræður urðu miklar um

málið, en engin tillaga kom fram, enda þóttust margar af konunum þurfa að hugsa málið betur áður en þær gerðu tillögur um það. Kom það þó skýrt fram, að konunum var ljóst, að hér er hið mesta alvörumál á ferðinni, sem aðkallandi þörf er á, að löggjafarvaldið taki til meðferðar hið allra bráðasta. Enginn efi er á því, að ýmsir fulltrúar landsfundarins mundu vilja ganga lengra en frv. yðar gerir, og leggja það meira á vald konunnar en þar er gert, hvort hún á að ala barn eða ekki, en munu þó naumast telja málið svo undirbúið, að vert sé að hrapa að því.

K. R. F. Í. hefir nú haft frv. yðar til umræðu. Telur það mikla bót að því, að það yrði að lögum frá því, sem nú er, sérstaklega felst í því meiri trygging en áður hefir fengizt fyrir því, að aðgerðir þær, sem hér um ræðir, séu gerðar undir sem tryggustum og beztum skilyrðum. Ennfremur telur félagið það mikils virði, að það komi skýrt fram, að læknum sé ekki eingöngu heimilt, heldur skylt að veita þeim konum, sem þess óska, leiðbeiningar um það, hvernig þær eigi að verjast þess að verða barnshafandi.

K. R. F. Í. telur að vísu vel geta komið til mála, að löggjöf þess eðlis, sem hér um ræðir, gangi lengra en frv. yðar gerir, en telur hinsvegar rétt að fara varlega af stað, ekki sízt á meðan öll þessi mál eru svo ókunnug almenningi, sem þau eru.

Virðingarfyllst
Í stjórn K. R. F. Í.
Laufey Valdimarsdóttir, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigurbjörg Jóhannsdóttir, Lovísa Fjeldsted".

Eins og ég tók fram, lít ég svo á, að það sé stjórn kvenréttindafélagsins, sem undirritar þetta bréf. Virðist mér bréfið bera það með sér. Ég skal ekki fara um þetta bréf fleiri orðum að sinni, en vík að því síðar.

Þá hefir og legið fyrir n. bréf frá Mæðrastyrksnefnd, og veit ég ekki, hvort hún er fyrir Rvík eða allt landið. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa það bréf upp líka:

„Mæðrastyrksnefndinni hefir gefizt kostur á að kynna sér frv. það til laga um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, sem þér, herra landlæknir, hafið samið og nú liggur fyrir Alþingi. Við fljótlegt yfirlit og frá leikmannssjónarmiði lítur mæðrastyrksnefndin svo á, að frv. þetta sé til bóta á því ástandi, sem nú er í þeim efnum, sem frv. fjallar um, og að það muni, ef það verður annað og meira en dauður bókstafur, geta girt fyrir, að ástandið verði verra en orðið er. Hefir mæðrastyrksnefndin því ekkert við frv. að athuga.

Þetta var mér sem p. t. ritara nefndarinnar falið að tilkynna yður.

F. h. Mæðrastyrksnefndarinnar
Inga L. Lárusdóttir
p. t. ritari".

Mér virðist, eftir að hafa lesið þessi bréf, ástæða til þess að efast um, að hv. 5. landsk. mæti hér sem fulltrúi kvenna í landinu. Ég hélt, að Kvenréttindafélagið væri sterkt félag og hefði marga meðlimi, en af bréfi félagsins er það ljóst, að hv. 5. landsk. talar hér ekki sem fulltrúi þess félags. Ég dreg það og í efa, að hv. 5. landsk. hafi umboð frá konum úti um land, enda hefir hún engar sönnur á það fært. Það er því ekki rétt, að hún mótmæli þessu frv. í nafni kvenþjóðarinnar í landinu.

Eins og ég sagði áður, hefir hæstv. atvmrh. tekið til athugunar brtt. hv. 5. landsk., svo ég get sparað mér það. Ég vil aðeins minnast lítið eitt á eitt atriði, sem virðist hafa hneykslað hv. 5. landsk., en það er síðasta mgr. 9. gr., og geri ég það vegna þess, að landlæknir óskaði þess, að frsm. færi hér sérstaklega orðum um. Ég ætla ekki að bæta miklu við orð hæstv. atvmrh., því að gr. ber það með sér, að sjúkdómur verður að vera fyrir hendi, enda kemur það skýrt fram í aths. höfundar við frv., að félagslegar ástæður heimili ekki fóstureyðingar. Ég sé því ekki betur en að þetta atriði, sem hv. 5. landsk. hefir lengst af glímt við, sé fallið úr sögunni. Heilbrigðisástæður verða að vera fyrir hendi, og landlæknir hefir óskað, að þetta yrði sérstaklega undirstrikað af frsm.; þess vegna tek ég það fram.

Það var ein brtt. frá hv. 5. landsk., er ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki minnzt á, en það er brtt. við 3. gr. Þetta er nú bara orðabreyting, að fyrir orðin „að koma til leiðar" komi: framkalla. — Þetta er náttúrlega ekki mikið atriði, en ég tel orðalagið betra eins og það er í frv., orðið „framkalla" fellur lakar í minu leikmannseyra. — Að öðru leyti skal ég ekki eyða orðum að brtt., því að hæstv. atvmrh. hefir gert þeim skil.

Ég þarf ekki að segja mikið meira við þessa umr. málsins. Ég hefi sýnt fram á, að frv. er vel undirbúið, að það hefir verið borið undir þá aðila, er mestu máli skiptir, og að hv. 5. landsk. hefir ekki enn fært fram gögn fyrir því, að hún mæli hér sem sérstakur fulltrúi kvenna í landinu í þessu máli.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég vil með örfáum orðum svara hv. 2. þm. S.-M. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda langa ræðu, enda væri það þýðingarlaust. — Hv. þm. telur undirbúning frv. góðan, en mér finnst það ekki vera svo undirbúið sem æskilegt hefði verið.

Hv. þm. vill nú halda fast við niðurlagsákvæði 9. gr., og virðist honum hafa snúizt hugur um þetta atriði frá því ég fyrir nokkru átti tal við hann um þetta. Mér er það ljóst, að félagslegar ástæður koma ekki til greina sem aðalástæður, en ég vil ekki einu sinni, að þær séu hafðar sem aukaástæður. Ég tel, að með því sé læknunum lögð of mikil ábyrgð á herðar, leiddir í of mikinn vanda, og vil, að sjúkdómsástæður einar verði lagðar til grundvallar.

Hv. 2. þm. S.-M. var að tala um Mæðrastyrksnefndina. Mæðrastyrksnefndin er ekki félag. (IngP: Stendur ekki eitthvað af kvenþjóðinni bak við hana?). Hún er þannig til komin, að upphafsmaður hennar, Laufey Valdimarsdóttir, sem vildi hefja undirbúning að því, að mæður fengju styrki, kvaddi til fundar, þar sem kven-

félögin kusu aðila í nefndina. Ég hygg því, að nefndin líti ekki á sig sem félag.

Um kvenfélögin er það að segja, að þar eru skoðanirnar mjög skiptar, en trúlegt þykir mér, að ef til athugunar kæmi, yrðu fleiri konur með mér en móti í þessu máli.

Viðvíkjandi því, að ég skoði mig sem fulltrúa kvenna í þessu máli, þá geri ég það í þessu máli sem öðrum, því að ég lít á mig fyrst og fremst sem fulltrúa kvenna hér í þinginu í öllum málum, sem varða á sérstakan hátt málefni kvenna. Ég vil mótmæla því, sem fram hefir komið, að ég sé mótfallin því, að frv. nái fram að ganga. Ég hefi lýst yfir því, að ég er fylgjandi frv. í aðalatriðum, enda þótt ég beri fram brtt. við þau atriði þess, er mér þykja horfa til hins verra. Ég mun sýna þessa afstöðu mína við atkvgr.

Þá vil ég víkja að hæstv. atvmrh. Það er að vísu leiðinlegt að tala yfir tómum ráðherrastólum, þó maður verði oft að sætta sig við það í seinni tíð. — Hæstv. ráðh. byrjaði á því sama og hv. 2. þm. S.-M., að ég hefði mótmælt frv. Ég hefi áður vikið að því, hvað hæft er í þessu. Þá sagði hæstv. ráðh., að þetta frv. yki rétt konunnar, bætti aðstöðu hennar og gæfi henni rétt til þess að ákveða sjálf, hvort hún yrði móðir eða eigi. Ég held, að hún hafi nú ætíð átt þann rétt, svo að eigi þurfi að lögfesta hann. En kannske hefi ég misskilið hæstv. ráðh. og hann hefir átt við, að konan fengi rétt til þess að ákveða, hvort hún vildi láta sterilisera sig eða ekki. Ég held nú, að þetta sé frjálst núna, eða er það kannske bannað í lögum? Vildi ég spyrja hv. sessunaut minn, 1. þm. Skagf., hvort nokkur lagabókstafur sé til þessu viðvíkjandi. (MG: Það er bannað). Ég fæ þær upplýsingar hjá hv. 1. þm. Skagf., að þetta sé bannað með l. En það atriði ætti að ræðast á sérstökum vettvangi og gefa út um það sérstaka löggjöf.

Ég hefi eigi fárast yfir því, þótt fólk leitaði sér upplýsinga hjá læknum. Hinsvegar tel ég það varhugavert að demba yfir á læknana þeirri skyldu, er í frv. felst samkv. niðurlagi 9. gr., og sé þá hættu, sem því er samfara. Hæstv. ráðh. gerði ekkert úr hættunum, hvorki heilbrigðislegum né siðferðislegum, en sagði, að fávizkan um slík efni væri mjög hættuleg. Mér hefir ekki virzt skorta fræðsluna um þessa hluti. Fyrirlestrar hafa verið haldnir og bækur gefnar út, já, meira að segja í útvarpinu hafa verið haldnir fyrirlestrar um þessi mál. Og hver er útkoman? Kynsjúkdómar og fóstureyðingar hafa aukizt, svo að til vandræða horfir. Hæstv. ráðh. taldi það óþarfa að blanda karlmönnunum inn í þessi mál, en till. mín fer aðeins fram á, að læknar séu skyldir til að taka karlmanninn tali og vara hann við hættunni, þegar kona hans eða barnsmóðir á hlut að máli. Mér er það fullljóst, að það er nauðsynlegt, að læknirinn tali við konuna líka, en ég sé ekki, hvað því er til fyrirstöðu, að manninum séu einnig gefnar viðeigandi leiðbeiningar. Hæstv. ráðh. sagði í þessu sambandi, að það væru konurnar, sem ættu börn. Ég hefi nú heyrt þetta fyrr, en hitt hefi ég einnig heyrt, að þær ættu ekki börnin með sjálfum sér.

Hæstv. ráðh. taldi fóstureyðingar böl. Þess vegna ber ég fram þessa brtt. við þá gr. frv., er mér finnst gera brautina breiðasta. Ég átti fyrir skömmu tal um þetta við gamlan og reyndan lækni, sem fengizt hefir við lækningar í 30 ár. Hann taldi, að eigi mætti koma aðrar ástæður til greina en sjúkdómsástæður, því að ef hér væri fleiru blandað saman, þá væri læknirinn teygður út á þá braut, er eigi væri gott að segja um, hvert kynni að leiða.

Það má vel vera, að ég hafi komizt harkalega að orði, en þó mun ég ekki biðja forláts á því. Ég get ekki talað með neinni lotningu um þá ósvinnu, sem um er rætt og lýst í grg. þessa frv. Og ég verð að halda fast við þá skoðun mína, að ef það á að leyfast með þessum lögum, að tekið verði tillit til annars en sjúkdómsástæðna við fóstureyðing, þá tel ég, að með þeirri ákvörðun sé ráðizt gegn ófæddum börnum. Slík fyrirmæli geta jafnvel orðið misnotuð, svo að þau leiði til óeðlilegrar fækkunar á komandi kynslóðum.

Þess vegna lít ég svo á, að það sé mjög varhugavert að samþ. síðustu málsgr. 9. gr. frv., og að þessi lög nái þá fyrst sínum raunverulega tilgangi, ef þau geta að mestu leyti komið í veg fyrir, að þessar aðgerðir eigi sér stað, eða gerðar svo sjaldan sem mögulegt er.

Ég tók það fram í ræðu minni í gær, við fyrri hluta þessarar umr., að þegar þungaðar konur ættu við bágar heimilisástæður að búa, þá gæti verið um margar leiðir að ræða til úrbótar aðrar en þá, að koma í veg fyrir barnafæðingar. Og ég hafði einmitt frekar búizt við því frá þessum hæstv. ráðh., sem er þekktur að því að vera mannúðlegur og góður drengur, að hann mundi leita annara ráða til aðstoðar fátækum ómagaheimilum, ekki sízt þar sem hann er líka jafnaðarmaður og mundi, geri ég ráð fyrir, samkv. sinni stefnuskrá láta ókjör hinna fátæku heimila til sín taka og bæta úr þeim á annan hátt en ætlazt er til eftir 9. gr. frv., og það vil ég segja, að ég hefði verið fús til að taka þátt í því með hæstv. ráðh. Mér finnst, að þessar fátæku barnamæður eigi svo mikið inni hjá þjóðfélaginu fyrir sitt strit við að fæða og ala upp börnin, að þær eigi skilið að fá opinbera aðstoð til þess að geta risið undir því, án þess að þær þurfi að misbjóða heilsu sinni og þreki. Ég vil ennfremur benda á eina ástæðu gegn þessu ákvæði í 9. gr. frv., þó að einhverjum kunni að þykja hún brosleg. Þegar það er komið inn í lögin, að taka beri tillit til þess, ef konan á við að búa mjög bágar heimilisástæður vegna ómegðar, mundi þá ekki hugsanlegt, að harðsviraðar sveitarstjórnir notuðu sér þessar heimilisástæður til að ýta undir það, að þær aðgerðir verði látnar fara fram á fátækum barnamæðrum, sem frv. veitir heimild til? Vil ég þó engan veginn væna neinar sérstakar sveitarstjórnir um þetta að óreyndu. Hæstv. ráðh. talaði fallega máli hinna veikluðu og þreyttu mæðra, þegar hann var að mæla fyrir því, að óhjákvæmilegt væri að heimila fóstureyðingar vegna bágra heimilisástæðna. Þetta er flutt undir því yfirskini að veita þreyttum mæðrum heilsuvernd. En hvað segja skýrslurnar um þessi

mál? Þær skýrslur, sem ég hefi rekizt á og hefi hér í höndum, þar á meðal t. d. skýrslur frá Osló í Noregi, sýna það, að af þeim mörgu konum, sem leita þar til lækna í þeim tilgangi að losna við fóstur, eru engar þreyttar barnamæður, það eru allt konur á bezta aldri í góðum kringumstæðum. Enda geri ég ekki ráð fyrir, að það verði fyrst og fremst fátæka fólkið, sem hefir ráð á fé til þessa. Hæstv. atvmrh. sagði hér í ræðu sinni í gær eina átakanlega sögu, eftir ljósmóður hér í bænum, um konu, sem sökum veiklunar missti tveggja mánaða gamalt barn sitt. En hann sagði ekki alla söguna; sögulokin komu ekki. Ef hann hefði skýrt frá þeim, þá hefði sagan stutt minn málstað. Ég kann þessa sögu og skal segja hana til enda. Þessi veiklaða kona hafði 29% blóð, en ekki 20%, eins og hæstv. ráðh. sagði. Segjum, að hún hefði haft 20% blóð, og svo verið lögð undir skurð til að eyða fóstrinu. Hvernig hefði það tekizt? Ég hygg, að hvorki ég eða hæstv. ráðh. né aðrir hér viðstaddir séu færir að dæma um það, hvort þessi kona hefði þolað betur, uppskurðinn eða eðlilega barnsfæðingu við góða aðhlynningu. Ég varpa þessari spurningu fram, ekki til þess að henni verði svarað, því það er enginn fær um, heldur aðeins til íhugunar fyrir hv. þdm. Þessi kona, sem sagan getur um, ól barnið, en fékk svo blóðaukandi meðul og kom til góðrar heilsu aftur eftir barnsburðinn. Tveimur árum síðar ól hún annað barn og hafði þá nægilega mikið blóð. Barnið var hraust og móðirin líka, svo að sagan endaði vel. Þessi saga styður rækilega mitt mál, að það sé ekki alltaf ráðlegast að þjóta til og framkvæma þær aðgerðir, sem frv. heimilar, þó að heilsufar móðurinnar þá stundina væri erfitt og aðrar ástæður slæmar. Það eru til fleiri sögur svipaðar þessari, og get ég sagt aðra, sem styður mitt mál. Tvær vanfærar konur voru á sama heimili, báðar fátækar barnamæður. Báðar voru þær þjakaðar af of mikilli áreynslu. Önnur þeirra vildi óvæg losna við fóstrið, en hin konan dró úr því á allan hátt og reyndi að telja henni hughvarf. En þrátt fyrir það fékk hún vilja sínum fullnægt, og eftir þá aðgerð á sjúkrahúsi kom hún heim aftur liðið lík. — Hin konan ól litla barnið sitt, það dafnaði vel og varð sólargeisli á fátæklega heimilinu hennar. Ég vil láta þess getið, að því fer mjög fjarri, að fátæku konurnar séu að jafnaði lakari mæður en hinar, — þvert á móti. Hæstv. ráðh. þótti ég ekki tala af næmum skilningi eða samúð með bágstöddum konum um aðgerðir lækna í þessum efnum, en ég held, að það skipti ekki miklu máli, hvort kona, sem tvísýnt þykir að þoli barnsburð, deyr á skurðarborðinu hjá læknunum eða á heimili sínu vegna afleiðinga viðgerðarinnar. Ég get ekki verið að fetta fingur út í það, þó að hæstv. ráðh. viki tvisvar að því í ræðu sinni, að ég talaði með svo miklum helgisvip um þessi efni. Mér hefir helzt dottið í hug út af þessu, að hæstv. ráðh. mundi vera skyggn, þar sem hann þykist sjá helgisvipi hér í þd. í sambandi við þessar misfellur í þjóðfélaginu, sem hér eru til umræðu. Annars veit ég ekki, hvað svona setningar eiga að þýða í umr. um alvarlega hluti, því það er ekki hægt að brosa að þeim.

Ég veit það fullkomlega og engu síður en hæstv. ráðh., að hér er um stórfelldar misfellur í þjóðfélaginu að ræða, sem frv. er ætlað að ráða bót á. Ég vil tala við hann um möguleikana til þess, af því ég veit, að honum er áhugamál að færa þessar misfellur til betri vegar.

Hæstv. ráðh. fannst það barnalegt af mér og næstum skoplegt, að gera ráð fyrir, að sakleysi ungra stúlkna hér á landi yrði meiri hætta búin eftir að þetta frv. væri orðið að lögum. Það kann að vera svo, að það þyki barnalegt af mér að gera ráð fyrir, að lögin geti fremur orðið þeim að fótakefli í því efni. Um það ræði ég ekki frekar nú, en ég álít það skyldu mína að vara við þessu.

Það er náttúrlega fallega sagt af hæstv. ráðh., að konur eigi að ráða því sjálfar, hvort þær vilja verða mæður; en það sjálfræði verður bara oft og tíðum lítils virði.

Þá minntist hæstv. ráðh. á hinn skæða óvin mannkynsins, áfengið, og játaði, að það mundi valda miklu, ef til vill mestu, um að auka á siðspillinguna. Enda skiptir þá vitanlega mestu máli, að fullkomnar varúðarreglur séu viðhafðar. En það vitum við öll fullkomlega, að fólk, sem er drukkið, er ekki líklegast til að taka slíkum leiðbeiningum. Svo að hæstv. ráðh. hefði getað sparað sér þann kafla ræðu sinnar.

Þá vék hæstv. ráðh. að undirbúningi frv. og sagði, eins og hv. frsm. n., að ég hefði talið það illa undirbúið. Ég átti aðallega við það, að málefnið sjálft væri ekki orðið nægilega rætt eða kunnugt almenningi hér á landi. Og ég gat um í því sambandi, að samskonar mál hefði verið rætt og gerðar um það ályktanir á opinberum umræðufundi í Noregi. Hæstv. ráðh. talaði um, að borgarafundir væru ekki líklegir til þess að vinna að undirbúningi lagafrumvarpa. Það veit ég vel, að borgarafundir semja ekki frumvörp. En það er altítt að boða til borgarafunda, þegar þýðingarmikil mál eru á dagskrá, mál, sem varða almenning yfirleitt, og þetta er eðlilegt. Á þann hátt er venjulega hafinn undirbúningur mála, enda sé ég ekkert á móti því, að borgarafundir sendi Alþingi ályktanir um þetta mál, eins og t. d. um bindindismálið. Fólkið vill hugleiða málin og ræða þau frjálslega og láta skoðanir sínar í ljós þannig að þingmenn kynnist þeim og taki þær til athugunar. Sá fundur, sem ég gat um, að hefði verið haldinn um þetta mál í Noregi, var reyndar ekki venjulegur borgarafundur, heldur var það kallað Landsstævne, landsfundur, þar sem mættir voru kjörnir fulltrúar frá ýmsum félögum. Fundurinn skoraði á þjóð og þing að vera vel á verði gegn fóstureyðingum.

Ég var áður búin að svara hv. frsm., 2. þm. S.-M. Hann talaði mjög vel fyrir minni ljósmæðranna, eins og þær eiga skilið, og er gott, að sú ræða birtist þeim í þingtíðindunum. Ljósmæðurnar hafa jafnan verið leiðbeinendur og ráðgjafar íslenzkum mæðrum í þessum efnum, og unnið dyggilega hin vandasömu störf sín, oft við lítil þægindi. Og það er sannfæring mín,

að okkar lærði landlæknir hefði haft gott af að leita upplýsinga hjá þeim, þegar hann var að undirbúa þetta frv. Þó að ég bendi á þetta, tel ég, að ekkert sé á hann hallað með því.

Ég hefi þá lýst minni afstöðu til þessa frv. Það er misskilningur, að ég vilji fella frv., því að út af fyrir sig er nauðsynlegt að setja lög um þetta efni, og reglur þær, sem settar eru í 11. gr. um fóstureyðingar, eru góðar. En ég er því mótfallin, að þessar aðgerðir séu leyfðar, nema í þeim tilfellum, þar sem líf og heilsa konunnar er í veði. Mun ég greiða atkv. samkv. þessu.

**Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Það eru aðeins örfá orð. Hv. 5. landsk. sagði, að það væri misskilningur hjá mér og hæstv. atvmrh., að hún væri á móti því, að frv. næði fram að ganga. Það gleður mig mikið, ef þetta hefir verið misskilningur. Ég byggði þessa ályktun mína á ræðu hv. 5. landsk. í gær í þessu máli, eða ýmsum atriðum í þeirri ræðu, sem ég þóttist hrekja þá í minni svarræðu. Og þegar hv. þm. heldur því enn fram, nú í sinni síðustu ræðu, að ýms atriði frv. séu beinlínis skaðleg og að það hefði átt að bera þau undir atkv. þjóðarinnar, þá gat ég ekki dregið af því aðra ályktun en þá, að þm. vildi ekki, að þau gengju fram á þessu þingi. Mér fannst þetta eðlilegust ályktun af orðum hv. þm.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á það með ljósum rökum, og það hefir hæstv. atvmrh. líka gert, að brtt. hv. 5. landsk. séu sízt til bóta, enda geri ég ráð fyrir, að þær nái ekki fram að ganga, og þá tel ég, að málinu sé borgið. En annars verð ég að segja það, að eftir þessa síðari ræðu hv. þm. virðist mér, að samkomulagið muni verða betra en á horfðist í gær. Enda átti ég von á því, að mér mundi takast að komast vel af við kvenfólkið. Það hefir alltaf farið vel á með mér og konunum, bæði giftum og ógiftum. — Ég vænti svo, að þessu frv. sé vel borgið og að hv. þdm. fylgi till. allshn. sé vel borgið hér í hv. d. og að hv. þdm. fylgi till. allshn.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Ég hefi fáu einu við að bæta það, sem ég hefi áður sagt í þessu máli, og skal ekki lengja mikið umr. En að því er snertir það, sem hv. 5. landsk. sagði um brtt. sína við 9. gr. frv., þá held ég, að því verði bezt svarað á þann hátt að lesa kafla úr grg. frv., dálítið fyllra en hv. 2. þm. S.-M. gerði. Það skýrir þetta bezt, sem ágreiningi veldur. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„*Heimild sú, sem hér er veitt til fóstureyðingar, er bundin við heilbrigðislega nauðsyn konunnar, og verður í hverju tilfelli að meta hana og nauðsyn aðgerðarinnar í samræmi við viðurkenndar reglur læknisfræðinnar um aðrar læknisaðgerðir*".

Það er þess vegna alveg rangt hjá hv. 5. landsk., að með frv. sé ætlazt til þess, að fóstri verði eytt án þess að heilbrigðisástæður konunnar séu lagðar til grundvallar. (**GL**: Ég hefi aldrei sagt það). Það er gott að heyra. Þetta vildi ég fá viðurkennt.

Hér segir ennfremur:

„Enginn heiðvirður læknir tekur lim af manni einungis fyrir það, að þess sé óskað, ekki heldur, þó að einhverjar ástæður séu greindar, og ekki þó að þær kynnu að bera það með sér, að það væri raunar gustuk — nema hann sannfæri sig um, að það séu sjúkdómsástæður, og sé aðgerðin, læknisfræðislega séð, viðeigandi og eftir atvikum nauðsynleg aðgerð við þeim sjúkdómi. Annað mál er það, að félagsleg aðstaða sjúklings *getur réttilega haft áhrif á*, hver aðgerð er valin við sjúkdómi hans. Sjúkling með magasár, sem stundar þessa atvinnu og býr við þessi kjör, getur verið rétt að ráðleggja skurðaðgerð, en ef hann stundaði aðra atvinnu og byggi við önnur kjör, gæti verið réttara að reyna fyrst lyflækningar. Læknar verða sem sé jafnan að líta á hvert mál eins og það liggur fyrir, en ekki eins og æskilegt væri, að það lægi fyrir. Það er aftur á móti umbótamanna þjóðfélagsins að sjá fyrir því, að læknarnir verði sem fyrst losaðir við að þurfa að hafa þessi tvöföldu sjónarmið. Á sama hátt getur það ekki einungis verið *fyllilega* réttmætt, heldur óhjákvæmilegt, að taka svipað tillit til kjara og kringumstæðna þegar úr því er skorið í hverju einstöku tilfelli, hvort fóstureyðing sé viðeigandi og nauðsynleg aðgerð eða ekki (sbr. 3. málsgr. 9. greinar). Gerum ráð fyrir, að kona með hjartabilun sé vanfær og leiti læknis. Ef hún þarf ekkert á sig að reyna, hefir þjónustufólk á hverjum fingri og getur notið fullkomnustu umönnunar og aðbúðar, er ef til vill engin ástæða til að eyða fóstri hennar, og þá óheimilt samkv. ákvæðum þessa frv. Öðru máli er að gegna, ef hún baslar ein við bágan hag og erfiðar kringumstæður, í hverju sem þær kunna að vera fólgnar (mikil ómegð, veikindi á heimilinu, drykkjuskapur heimilisföðurins, fyrirvinnuleysi), svo að það út af fyrir sig er fyllsta raun biluðu hjarta. Þá er sennilega ekki á erfiði þess bætandi og aðgerðin heimil. Berklaveikri konu, sem vel þolir að eiga eitt barn og jafnvel fleiri börn með viðunandi millibili, getur orðið það ofraun að ná ekki hala sínum, og einkum ef það kemur fyrir ár eftir ár. Fleiri dæmi mætti nefna þessu lík".

Ég hugsa, að með þessu, ásamt því, er hv. 2. þm. S.-M. las úr grg., sé allt sagt, sem um þetta þarf að segja. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði í gær, að það er skýlaust framtekið í frv., að fóstureyðing er því aðeins heimiluð, að sjúkdómsástæður viðkomandi konu krefjist þess. En svo má ekki loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að samskonar sjúkdómur hefir misjöfn áhrif og afleiðingar fyrir konuna, eftir því við hvaða skilyrði hún hefir að búa. Það, sem einni konu stafar engin hætta af, getur orðið lífshættulegt fyrir aðra þungaða konu. Það er að blekkja bæði sjálfan sig og aðra, að ganga framhjá þessu. Auðvitað segir hv. 5. landsk., að þjóðfélagið eigi að bæta úr þessum aðstöðumun kvenna á annan hátt. En slíkt er ekki unnt að framkvæma eftir núv. þjóðfélagsháttum, og hv. 5. landsk. virðist alveg loka augunum fyrir því.

Þá vil ég víkja að þeirri sögu, sem við hv.

5. landsk. höfum rakið hér í umr., sem dæmi út af fyrirmælum 9. gr. frv. Ég held, að ég hafi sagt það greinilega, að konan hafði 29% blóð, en hafi mér orðið mismæli, þá skiptir það ekki ákaflega miklu máli; dæmið sannar fullkomlega það, sem ég ætlaðist til. Hv. 5. landsk. sagði, að ég hefði sleppt að skýra frá sögulokum, en ég get ekki fallizt á, að um sögulok konunnar sé að ræða, því að hún lifir enn og á sennilega eftir að eiga fleiri börn. En hv. 5. landsk. gleymdi átakanlegasta kaflanum úr sögunni, sem ég skýrði frá, að barnið, sem konan ól, dó tveggja mánaða gamalt, sökum þess, að það var vanhaldið vegna veikinda móðurinnar. En setjum nú svo, að 2 læknar hefðu athugað ástand konunnar og komizt að þeirri niðurstöðu, að henni mundi stafa hætta af því að ala barnið, og úrskurðað fóstureyðingu. Ég er ekki þar með að segja, að læknarnir hefðu gert það, en hitt má fullyrða, að þeir hefðu ekki gert það, nema þeir teldu það lífsnauðsyn. En hver var þá munurinn? Nákvæmlega sama niðurstaða að því er barnið snerti, það dó hvort sem var, en fyrir konuna var áhættan minni, ef fóstrinu hefði verið eytt samkv. úrskurði lækna. Söguviðbót hv. 5. landsk. sannar þetta. Í fyrra tilfellinu deyr barnið, af því að svo stutt var liðið frá því að konan átti barn áður. En af því að í síðara skiptið leið nógu langt á milli fæðinga, ca. 2 ár, þá var konan orðin heilsuhraust aftur og elur heilbrigt barn. Ég hygg, að sá, sem sagði hv. 5. landsk. þessa viðbót við sögu konunnar, hafi með því sannað, að það er óhjákvæmilegt, að heimilis- og hagsmunaástæður hafi mjög mikil áhrif á heilsufar móður og barna.

Hitt atriðið, sem hv. 5. landsk. gerði að umtalsefni, þar sem hún hélt því fram, að harðsvíraðar sveitar- og bæjarstjórnir mundu nota sér ákvæði 9. gr. frv. og misbeita valdi sínu til þess, að eytt yrði fóstri fátækra mæðra, er ekkert annað en ósæmileg aðdróttun bæði í garð sveitarstjórna og hlutaðeigandi lækna.

Ég verð að endurtaka það, að hv. 5. landsk. drap aldrei á það í sinni ræðu, hver skilyrði eru fyrir því sett, að þessi aðgerð megi fara fram, en þau eru býsna rík. Fóstureyðingu má einungis framkvæma á viðurkenndu sjúkrahúsi með samþykki hlutaðeiganda sjálfs, og fyrir verður að liggja rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar. Frekari tryggingu gegn misnotkun er naumast hægt að setja, og það er a. m.k. alveg víst, að þessi trygging er margfalt meiri en sú trygging, eða réttara sagt tryggingarleysi, sem við búum nú við í þessum efnum. Hv. 5. landsk. drap á það, að í skýrslum frá Ulleval-sjúkrahúsinu í Noregi kæmi í ljós, að það væru ekki fátæku barnamæðurnar, sem helzt létu eyða fóstrum, heldur aðallega konur úr þeim stéttum þjóðfélagsins, sem byggju við góðar efnalegar aðstæður. Ég hygg þetta muni vera alveg rétt, og alveg hið sama sé uppi á teningnum hér. En einmitt það er líka ástæðan til þess, að þetta frv. er borið fram. Það er vitað, að svo og svo mikill hluti af fóstureyðingum er framkvæmdur, ekki af heilbrigðisástæðum, heldur af því, að viðkomandi konur óska ekki eftir að eignast börn. Þetta er framkvæmt í hinu mesta pukri, og fyrir gjald, sem ekki er nema á efnaðra manna færi að greiða. Ég hefi bent á þá hættu, að einhverjir svo og svo óprúttnir náungar geri sér það að atvinnu að hjálpa konum í þessum efnum, ef þær af einhverjum ástæðum óska ekki eftir að eignast börn, meðan löggjöfin er þannig, að enginn munur er á því gerður, af hvað orsökum fóstureyðingarinnar er óskað. Hvort sem fóstureyðing er framkvæmd af heilbrigðisástæðum eða vegna þess, að konan vill ekki eiga barn, er við því lagt 8 ára tugthús. Allir eru á einu máli um það, að fóstureyðingar eigi að verða leyfðar í vissum tilfellum; meira að segja hv. 5. landsk. er þeirrar skoðunar, en okkur greinir einungis á um, hvar eigi að draga markalínuna milli hins leyfilega og hins óleyfilega. Það er því nauðsynlegt að kveða skýrt á um það, hvað skuli leyft og hvað bannað, svo að hægt sé að koma fram tilhlýðilegri refsingu og ábyrgð gagnvart hlutaðeigendum. — Ég held svo, að ekki sé ástæða til að taka fleira fram hvað snertir umr. okkar hv. 5. landsk. um jafnrétti karla og kvenna í þessum efnum. Finnst mér þær umr. geta fallið niður eftir framkomna brtt. hv. þm., og mun því ekki bæta þar neinu við. — Um það, að það sé fallega sagt, að konur eigi að ráða því sjálfar, hvort þær verði mæður eða ekki, en að þann rétt hafi konur nú, þá er þetta viðkvæmt efni um að tala, en ég þykist hafa reynt að tala svo hispurslaust um þessi mál sem hver annar. En ég hygg það ofmælt, að konur ráði því yfirleitt sjálfar fullkomlega, hvort þær verða mæður eða ekki. Og mér þykir sennilegt, að hv. 5. landsk. geti við nánari athugun einnig fallizt á það a. m. k., að í sumum tilfellum sé mín skoðun rétt. Mér fannst hálfpartinn hjá hv. 5. landsk., sem annars er ekki venja þess hv. þm., að hún vildi færa til annars vegar það, sem ég sagði hér um lausung í sambandi við áfengisnautn. Það, sem ég sagði, og skal endurtaka, var einungis það, að ég tók undir það með hv. 5. landsk., að því miður væru líkindi til þess, ef drykkjuskapur stórykist í landinu, þá yrði því samfara meiri lausung á öðrum sviðum. En það, sem ég sagði um það, og hv. 5. landsk. sagði í því sambandi, að ætla mátti, að hún óttaðist að yrði, ef þetta frv. yrði að l., að lauslætið ykist þá enn stórlega í sambandi við áfengi, þá álít ég, að ef svo færi, þá væri mönnum meiri þörf á að kunna þessar varnir, því að það ber öllum saman um, að ekki sé heppilegt kynslóðinni, að börn komi undir þegar báðir partar eru ölvaðir, og því betra að geta fyrirbyggt slíkt. Þetta var hið eina, sem ég benti á, og ég hefði kosið, að hv. 5. landsk. hefði viljað hafa það rétt eftir, úr því að hún tók það upp. — Ég vil svo að lokum endurtaka það, sem er meginefni frv. og tilgangur, því að hann er engan veginn sá, eins og hv. 5. landsk. gaf í skyn í sinni ræðu, að gera mönnum léttara fyrir með fóstureyðingar, eins og hún orðaði það, heldur þvert á móti, eins og berlega kemur fram í grg., að reyna að draga úr fóstureyðingabölinu, og það á tvennan hátt: Fyrst og fremst með því að

kveða skýrt á um, hvenær fóstureyðing skuli heimil og hvenær ekki. En það er vitað, að fóstureyðingar eru nú framkvæmdar af öðrum ástæðum en taldar eru fullgildar í frv. Og í öðru lagi með því að veita tilhlýðilega fræðslu frá réttum aðilum, þ. e. a. s. læknunum, sem vit hafa og þekkingu á þessum málum og vita um varnir og hindranir til þess, að barngetnaður eigi sér ekki stað að óvilja manns og konu, sem ella myndu e. t. v. freista þeirra til að fá fóstrinu eytt. Því betur sem fólk kann að verjast þessu, því minni fóstureyðingahætta, og verkar frv. þannig á tvennan hátt.

ATKVGR.

Brtt. 471 samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JAJ, MG, MJ, PHerm, PM, SÁÓ, ÞBr, ÞÞ, GL.

nei: JJ, BSt, HermJ, IngP.

JBald, HG greiddu ekki atkv.

*Einn þm. (EÁrna) fjarstaddur.*

Brtt. 217,1, svo breytt, felld með 9:6 atkv.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 217,2 felld með 9:3 atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 217,3 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, JAJ, MG, MJ, PHerm.

nei: HG, HermJ, IngP, JBald, SÁÓ, EÁrna.

JJ, PM greiddu ekki atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 217,4 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JAJ, JJ, MG, MJ, ÞBr, ÞÞ, GL.

nei: HermJ, IngP, JBald, PHerm, PM, SÁÓ, HG, EÁrna.

BSt greiddi ekki atkv.

9. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 392 (10. gr. falli burt) samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 217,5—6 teknar aftur.

11.—12. gr. (verða 10.—11. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 494, 504, 506, 516).

**Guðrún Lárusdóttir:** Herra forseti. Ég á örfáar brtt. við þetta frv., sem ég þarf að segja fáein orð um. Ég hefi áður látið í ljós skoðun mína á málinu og gert grein fyrir því, sem ég hefi við það að athuga, og ætla því ekki að lengja mikið umr. í þetta sinn, en geri aðeins stuttlega grein fyrir því, á hverju brtt. mínar eru byggðar.

Fyrsta brtt. mín er við 2. málsgr. 1. gr., þar sem læknum er ætlað það skyldustarf að veita konum yfir höfuð þá læknisaðgerð, sem þar um ræðir. Mér finnst það vera í samræmi við anda og tilgang frv., að bæta inn í gr. orðunum „sjúk eða veikluð". Þetta ber ég fram samkv. því áliti mínu á málinu, að konur eigi ekki að leita læknis í þessum tilgangi, nema þær séu sjúkar eða veiklaðar.

Önnur brtt. mín, við 2. gr., er sama eðlis, að læknum skuli aðeins heimilt að framkvæma þær aðgerðir, sem þar er um rætt, ef um sjúkdómshættu eða lífshættu er að ræða fyrir konuna. Ég álít þetta svo alvarlegt mál og mikilsvert, að fóstureyðing megi ekki koma til greina, nema um alvarlega sjúkdómshættu sé að ræða fyrir konuna, og því vil ég fella þessi orð úr gr., sem brtt. tiltekur. Mér finnst, að þetta hvorttveggja megi missa sig úr frv. að skaðlausu.

Þriðja brtt., á þskj. 516, er mjög smávægileg, hún er við 3. gr. Mér finnst, að þetta orð í frv.gr. — „framkalla" (fæðingu) sé ef til vill óíslenzkulegt, enda þótt það sé almennt notað, og datt mér því í hug að bera fram brtt. um að *nota orðið „valda" (fæðingu)* í þess stað. Önnur brtt. hefir komið fram um þetta, frá hv. 2. þm. Rang., að í stað orðsins „framkalla", komi „vekja" (fæðingu), og er það ef til vill viðfelldnara, ég geri litinn greinarmun á því.

Þá kem ég að 9. gr. frv., sem mestum ágreiningi hefir valdið og deilum í umr. um frv. Ég flyt brtt. við hana á þskj. 504, um að fella nokkur orð úr greininni, síðustu málsgr. og bæta við hana nokkrum setningum. Ég hefi áður tekið skýrt fram skoðun mína á því, að erfiðar heimilisástæður þungaðra kvenna og annað því um líkt, sem þjóðfélagið getur bætt úr á annan hátt, megi ekki koma til greina sem tilefni þeirra læknisaðgerða, er frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna hefi ég lagt það til, að sá hluti 9. gr., sem fjallar um þessar heimilisástæður, verði sérstök málsgr., svo sem sjá má á þskj. 504, og breytt efnislega, þannig, að við mat á því, hverskonar ástæður þungaðra kvenna geti gefið tilefni til fóstureyðinga, þá skuli þær einungis vera miðaðar við heilsufar konunnar, og ef of skammt er liðið frá síðasta barnsburði. Þetta tel ég lögmætar ástæður, en álít hinsvegar, að það megi ekki hafa hliðsjón af bágbornum heimilisástæðum konunnar í þessu augnamiði, heldur legg ég það til í brtt. minni, að í slíkum tilfellum skuli lækni vera skylt að tilkynna það viðkomandi fátækrastjórn, sem tafarlaust taki umkvörtun hans til greina og bæti kjör konunnar á viðeigandi hátt.

Ég vona, að hv. þdm. þyki þessi brtt. í alla staði réttmæt og sýnist eins og mér, að það sé fullkomin ástæða til þess, að fátækar konur hugsi til þess með kvíða, ef þjóðfélagið býður þeim ekki önnur úrræði til að bæta úr hörmungum þeirra en þær læknisaðgerðir, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vona, að hv. þdm. sjái við nánari athugun, að samkv. brtt. minni er tekið ólíkt mannúðlegar í strenginn. Og ég fæ ekki séð, að sú ákvörðun, sem felst í brtt., raski á nokkurn hátt aðaltilgangi frv. — Þvert á móti.

Þá á ég aðeins eftir að minnast á lítilsháttar brtt. við 10. gr., þess efnis, að á eftir orðunum „tveggja lækna" í 2. tölul. komi: og um-

sögn lögskipaðrar ljósmóður. Ég lít svo á, að í mörgum kringumstæðum hafi ljósmæður verið barnamæðrum ráðhollastar í erfiðleikum þeirra, og ef til vill þeirra eina traust. Og með því að ég álít, að ljósmæður geti enn, eins og áður, verið heppilegustu ráðunautar heimilanna í mörgum tilfellum, þá finnst mér ekki úr vegi, að þær séu nefndar ásamt læknunum í sambandi við þetta mál.

**Forseti (EÁrna):** Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. við þetta frv. frá hv. þm. S.-Þ. Sú fyrri er á þá leið, að aftan við 1. lið 10. gr. frv. bætist þessi málsgr.: „Ekki má ráðherra gefa öðrum læknum heimild til að starfa að fóstureyðingum en þeim, sem landlæknir og yfirlæknir landsspítalans hafa mælt með í þessu skyni, enda sé engum lækni veitt slík heimild nema eitt ár í senn".

Önnur brtt. er sú, að á eftir 11. gr. komi ný gr., svo hljóðandi: „Ríkisstjórninni skal vera skylt að leggja þessi lög fyrir Alþingi 1936 til endurskoðunar og láta fylgja ýtarlega skýrslu um reynslu þá, er fengizt hefir um málið frá því, er lögin gengu í gildi".

Með því að þessar brtt. eru of seint fram komnar, og auk þess skrifl., þarf að leita tvöfaldra afbrigða til þess að þær megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (þskj. 530) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Allshn. hefir ekki tekið sérstaka afstöðu til þessara brtt., en ég vildi þó fyrir mína eigin hönd lýsa nokkuð afstöðu minni til þeirra, áður en til atkvgr. kemur. Ég vil þá fyrst minnast á brtt. á þskj. 504, frá hv. 5. landsk. — 1. brtt. fer fram á, að upphaf 2. málsgr. frv. sé breytt þannig, að á eftir orðunum „Nú leitar..." komi „sjúk eða veikluð". Mér virðist, að þar sem í gr. er áður talað um sjúkar konur, þá sé ekki ástæða til að setja það einnig þarna inn, nema með það fyrir augum, að aðrar konur en sjúkar eða veiklaðar eigi ekki að geta fengið þessar leiðbeiningar. Ég tel því réttara, eins og búið er að reyna áður, að reyna að fá 2. málsgr. felldа burt, því að afleiðingin af þessari breyt. er engin önnur en sú, að fyrirbyggt er, að heimilt sé að veita konum, sem ekki eru sjúkar, þessar leiðbeiningar. Ég vil vekja athygli hv. d. á því, að ég tel þessa brtt. ganga í sömu átt og hafa sömu þýðingu og brtt., sem áður er búið að fella, nfl. um að fella málsgr. alveg niður. Þar sem ég var á sínum tíma á móti þeirri brtt., þá er það auðvitað, að ég er þessari till. einnig andvígur. — Þá er brtt. við aðra gr. Hún felur í sér, eins og hv. dm. sjá, að tillit megi ekki taka til nokkurs annars en sjúkdóms eða lífshættu konunnar. Mér finnst, að það, sem hér á að fella burt — að ef gera má ráð fyrir, að konan verði iðulega barnshafandi, þá sé lækni heimilt, ef konan óskar þess, að gera á henni viðeigandi aðgerð til hindrunar því, að hún verði barnshafandi, — sé engin ástæða og raunar óeðlilegt að fella niður, vegna þess, að það verður alltaf að vera á valdi læknisins, eftir öllum anda frv., hvenær slíkar aðgerðir séu nauðsynlegar. Ég tel því til skemmda að samþ. þessa brtt. — Þá kemur brtt. við 9. gr., sem ég skal ekki fara mörgum orðum um. Þó vil ég geta þess, að b-liður, sem er mjög vel meintur af flm. og ætlaður til þess að bættar verði heimilisástæðurnar, sem gætu verið þess valdandi, að frekari ástæður væri til fóstureyðingar en ella er að mínu áliti dálítið varhugaverður. Ef um hættu er að ræða, og það á alltaf að vera fyrir hendi hætta, ef hugsað er til slíkrar aðgerðar, og þar að auki erfiðar kringumstæður, sem þó má ekki taka til greina á þann hátt, að athuga fóstureyðingu með þeim forsendum, heldur á læknirinn að tilkynna fátækrastjórn ástæður heimilisins og hún síðan að greiða úr, þá verð ég að segja það, að vel getur farið svo, án þess að ég halli á fátækrastjórnirnar, að nokkur tími dragist þangað til úr sé bætt að fullu, og ég held, að þessum heimilum sé ekki gerður mikill greiði með þessu ákvæði. Fyrst er nú það, að læknirinn á í mörgum tilfellum heldur erfitt með að fullnægja þessu ákvæði, a. m. k. úti um land, og krefjast þess, að viðkomandi sveitarstjórn bæti úr heimilisástæðunum. Gæti vel farið svo, að konan liði stórlega fyrir þann drátt, sem sennilega yrði á þessu, og e. t. v. myndi það kosta hana lífið, ef um bráða hættu væri að ræða. Tel ég þessa till. til stórskemmda. Ég get ekki skilið þetta á annan hátt en að læknunum beri að forðast fóstureyðinguna, en eigi að tilkynna sveitarstj. að bæta úr heimilisástæðum konunnar, og megi læknirinn ekki framkvæma aðgerðina, sem honum annars með frv. er heimilað, fyrr en hann hefir reynt þetta. En hvernig fer, ef ekki fæst úr bætt? Þetta leiðir til vandræða og læknum fyrirmunað að framkvæma aðgerðina, sem oftið getur á um líf konunnar. Einnig þessari brtt. verð ég að leggja á móti. — Þá er brtt. við 10. gr., um það, að á eftir þeim skilyrðum, sem þar eru talin upp og fyrir verða að liggja til þess að fóstureyðing megi fara fram, þá skuli einu skilyrði bætt við enn, sem sé umsögn lögskipaðrar ljósmóður. Ef menn nú bera þetta saman við frvgr., þá verður það ljóst, að um varhugavert atriði er að ræða. 2. liður 10. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg, rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar, og sé annar þeirra yfirlæknir sjúkrahússins, þar sem aðgerðin er fyrirhuguð, en hinn að jafnaði sá læknir, sem ráðlagt hefir konunni að leita sjúkrahússins í þessum erindum" o. s. frv. Eins og af þessu sést, að aðgerðin er óheimil nema fyrir liggi skrifleg, rökstudd greinargerð tveggja lækna, og ef þessu er nú bætt við, þá kemur þriðja skilyrðið, og ef það er ekki uppfyllt, telst aðgerðin óheimil. Ég held, að þótt það sé að sjálfsögðu rétt, sem hv. 5. landsk. heldur fram, að ljósmæðurnar séu að mörgu leyti leiðbeinendur þessara kvenna, og um það sé ekki nema gott eitt að segja, þá verði samt að viðurkenna það, að hér er um atriði að ræða, sem ekki má undir nokkrum kringumstæðum krefjast af ljósmæðrum,

að þær séu færar að dæma um. Það er alveg óviðeigandi að krefjast þess, að ljósmæður, sem ekki hafa fengið neina sérmenntun í þessari grein, og ekki fengið nema fremur stuttan undirbúning undir sitt starf, skuli kveða upp rökstuddan úrskurð aðgerð þessari viðvíkjandi. Og þegar svo álit ljósmæðranna verður að skilyrði fyrir framkvæmd aðgerðarinnar, þá verður þetta að telja mjög til hins lakara. — Ég læt svo þessi orð nægja. *Ég vildi a. m. k. fyrir mína hönd* láta þessar aths. falla áður en brtt. koma til atkv., en ég hygg þó, að allshnm. muni vera mér í höfuðatriðum sammála um þessar till. — Þá liggja fyrir 2 aðrar brtt., önnur frá hv. 5. landsk. en hin frá hv. 2. þm. Rang., við 3. gr. Það er brtt. við breyt., sem kom inn í frv. við 2. umr., og sýnir hún, að það hefir ekki verið að ástæðulausu, að ég sagði um þá brtt., að hún væri heldur til hins lakara, þar sem nú sjálfur höfundur brtt. ber fram leiðréttingu eða umbætur á henni. Þessar brtt. báðar tvær *eru smávægilegar og skipta litlu máli, en ég* felli mig þó betur við till. hv. 2. þm. Rang. Orðið er áreiðanlega íslenzkt, og get ég ekki annað séð en það eigi þarna við. Um brtt. hv. 5. landsk. má segja það, að orðið er íslenzkt, en dálítið vafamál, hvort það, að vera „valdur að", er ekki of víðtækt til að geta átt hér við, þar sem ræðir um fæðingu barns. Má spyrja, hvort það getur ekki átt við þann eða þau, sem upphaflega hafa orðið völd að því, að um fæðingu getur verið að ræða. Ég tel því að öllu athuguðu, að brtt. hv. 2. þm. Rang. sé betri, en *hvorugt skiptir miklu máli. Ég vil benda* hv. 5. landsk. á að taka sína brtt. aftur, og láta brtt. hv. 2. þm. Rang. nægja, því að hún er a. m. k. ekki lakari, hvernig sem á málið er litið.

Þá hafa komið hér fram skrifl. brtt., sem ég hefi ekki haft tíma til að athuga nákvæmlega. En í fljótu bragði fannst mér a. m. k. ekki skemmd að þeirri fyrri, og má vel vera, að hún sé til bóta, en það er slæmt í jafnstóru máli og þessu, að þurfa að greiða atkv. um brtt., sem maður hefir ekki haft tíma til að athuga nánar. — Um síðari till., eins og hún virtist mér, er *hún var lesin upp*, þá held ég, að ég geti ekki fallizt á hana. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess, eftir þeim undirbúningi, sem þetta mál hefir fengið, að láta l. fela í sér ákvæði um það, að þau skuli endurskoðuð á næsta þingi. Ef ágallar koma í ljós, sem að sjálfsögðu má búast við um þessa löggjöf sem hverja aðra, þá er rétt, að tíminn og reynslan leiði þá í ljós, og mér þykir sannast að segja tíminn of stuttur til reynslu á þessum l., ef hann á einungis að vera eitt einasta ár.

Ég skal svo láta við þetta sitja, sem ég þegar hefi sagt, og væri gott, ef frekari tími ynnist til að athuga skrifl. brtt.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að umr. verði frestað og málið tekið út af dagskrá nú, og jafnframt að n. taki brtt. allar til athugunar og veiti landlækni tækifæri til að tala við sig áður en þær verða afgr.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Ed., 4. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 494, 504, 506, 516, 530, 533, 644).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 644. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Jónas Jónsson** óyfirl.: Ég flutti fyrir alllöngu 2 brtt. við þetta frv. Eftir að ég hafði gert brtt. á þskj. 530, þótti mér þó varlegra að *orða fyrra hl. hennar öðruvísi, og er það á* þskj. 533.

Ég vil ekki neita því, að mér finnst nokkur nauðsyn að taka þetta mál til meðferðar. En ég fæ ekki séð, að till. landlæknis sé varanleg úrlausn, því að þetta *mál hefir enn verið lítið* rætt opinberlega, og er skrefið stórt frá því, er fóstureyðingar hafa verið glæpsamlegar og varðað margra ára fangelsisvist, og til þess, að þær verði leyfilegar. Við svo mikla breyt. þarf náinnar athugunar. Hinsvegar skil ég, að það, sem knýr hæstv. stj. til að flytja þetta frv., er, að fóstureyðingar eru nú orðnar svo algengar hér, að talsvert margir læknar fremja glæp, sem þeir ættu að sitja mörg ár í tugthúsi fyrir. Grg. frv. játar, að þetta sé komið á slíkt stig. Auk þess má skilja af röksemdum landlæknis, að *þetta sé komið á enn meiri glapstigu* að því leyti, að leikfólk fáist mjög við þessar aðgerðir á þann hátt, að heilsu kvenna stafar af stórhættta.

Mér skilst, að síðustu ár hafi orðið nokkur breyt. á þessum hlutum. Það var venja fyrir svo sem 20 árum, að feður, sem voru hátt á strái og áttu börn utan hjónabands, sendu ungar varnarlausar stúlkur til útlanda, til þess að láta þær fæða börn á fæðingarheimili, þannig, að þeim var óákveðin framtíð búin, eða þá að þær voru sendar á fóstureyðingastöð. *Þetta var ekkert skemmtileg venja.* En þegar sjálfstæðistilfinning vor jókst, fór læknastéttin hér að leyfa sér að reka þessa iðn, sem er orðin miklu stórfelldari en grg. landlæknis sýnir. Héraðslæknir hér skammt frá Rvík sagði mér, að til hans kæmi árlega fjöldi kvenna, giftra og ógiftra, sem óskuðu, að hann eyddi fyrir þeim fóstri. Hann kvaðst þá segja þeim, að til þess hefði hann ekkert leyfi, og færu þær síðan til Rvíkur og kæmu aftur, eins og ekkert hefði að orðið, og ályktaði hann, að fóstrunum hefði verið eytt þar.

*Rökin fyrir breytingum í þessu efni eru þau*, að fyrst þessi venja er orðin svona útbreidd og fyrst lögin geta engu þar um breytt, þá sé ekkert annað ráð en að breyta l. Vegna þessara röksemda sé ég mér ekki fært að rísa á móti frv. *á þann hátt, sem ég hefði annars kosið.* Læt ég mér því nægja að bera fram þessar 2 brtt. Önnur er þess efnis, að málið skuli aftur tekið til endurskoðunar á þingi, 1936, og vil ég þar með slá því föstu, að þar sem málið er svo þýðingarmikið, þá verði þessi lausn að teljast aðeins til bráðabirgða. Held ég, að til séu margar lausnir aðrar. Hin till. er þess efnis, að betur sé gengið frá því en landlæknir ætlast til, að fóstureyðingar séu ekki framkvæmdar nema við skilyrði, sem eru forsvaranleg frá heilbrigðilegu sjónarmiði. Landlæknir telur nóg,

að tveir læknar, hvor öðrum óháður, komi sér saman um, að þetta skuli gera. Ég legg til, að valdir séu til að skera úr um þetta þeir 4 menn í landinu, sem bezt þekkja til þessara hluta, landlæknir og yfirlæknar landsspítalans. Eiga þeir svo að benda á lækna, sem trúandi sé til að framkvæma aðgerðina. Landspítalalæknarnir kenna læknaefnum í 6 ár og þekkja því bezt til lækna yfirleitt. Landlæknir er auðvitað, aðstöðu sinnar vegna, sjálfsagður til þessara hluta. Hingað til hafa leikmenn, og þá helzt lögfræðingar, haft úrskurðarvald í þessu, en þeir menn hafa ekki þá þekkingu til að bera, sem með þarf, og verða því að styðjast við annara dóm. Ég held, að tryggilega sé séð fyrir þessu atriði með till. minni, og gæti ég því látið hér staðar numið. En ég vil þó bæta við nokkrum orðum.

Ég er samdóma hv. 5. landsk., sem hefir einna mest andæft þessu frv. Fóstureyðingar eru eðlilegar og sjálfsagðar, ef vist er, að fóstrið eða móðirin séu veik. En hinar ástæðurnar eru lítils virði, sem sé þær mannfélagslegu ástæður, sem oft eru í því fólgnar, að faðirinn er of vel settur til að vilja kannast við barn sitt, og einstöku sinnum líka fátækt. Það voru aðallega þessar mannfélagslegu ástæður, sem ollu því, að konur voru sendar til annara landa, í því skyni að fæða þar börn til að deyja. Má í þessu sambandi minna á sögur skáldsins Zola. Í einni af sögum hans segir frá fóstru, sem hafði undir höndum slík óskilgetin börn og ók þeim út á svalir, þegar veður var hentugt, svo að þau fengu lungnabólgu og dóu. Hún hafði þennan starfa upp á akkorð, og hennar hagnaður var þess vegna því meiri sem börnin lifðu skemur. Ég hefi enga tryggingu fyrir því, að betur sé séð fyrir þessum börnum af hálfu íslenzkra feðra, sem senda barnsmóður sína til annara landa til að fæða börnin.

Hinni ástæðunni, fátæktinni, er hægt að gera við. Það er fjárhagslegt mál. Ef þjóðfélagið segir við foreldrana: Við skulum taka börnin og ala þau upp, í stað þess að deyða þau, þá er það annað svar. Íslenzka mannfélagið á að gefa slíkt svar. Þau heilbrigð börn, sem eiga að fæðast, en eiga svo fátæka foreldra, að þeir geta ekki séð fyrir þeim, eiga að hafa vist athvarf hjá mannfélaginu. Mannfélagið myndi áreiðanlega búa öðruvísi að börnunum en franska fóstran. En þetta er allt óundirbúið enn. Íslenzka mannfélagið veit ekki, að konur hafa verið sendar í tugatali til útlanda í þessu skyni, og það veit ekki heldur, fyrr en af frv. landlæknis, hve þessar fóstureyðingar eru komnar á hátt stig.

Þá er annað atriði, sem við kemur hinu íslenzka mannfélagi, en það er að breyta almenningsálitinu þannig, að konur bíði ekki meira álitstjón en karlmenn við að eiga börn utan hjónabands. Við þurfum ekki annað en að lesa bók, sem ekki er nema rúmlega 100 ára gömul, til að finna átakanlegt dæmi um afstöðu almenningsálitsins til slíkrar konu. Hin unga kona, sem þar ræðir um, kemur út að brunni og heyrir, hvernig fólk talar um stúlku, sem alið hafði óskilgetið barn. Hún finnur þar sinn dóm. Þetta og þvílíkt hefir hér á landi verið ein aðalástæðan fyrir þeim fóstureyðingum, sem leikmenn hafa framkvæmt.

Ef hið íslenzka mannfélag vildi vera réttlátt og hætta að grýta konuna, en láta hana sæta sama dómi og föðurinn, væri stærsta steininum velt úr götu læknanna. Það er þessi óskaplegi dómur, sem konan á yfir höfði sér, sem veldur miklu af fóstureyðingunum. En það er ekki hægt að breyta þessum dómi með lagaboði, heldur er margt annað, sem hægt væri að gera og mundi breyta afstöðu konunnar, svo sem meira atvinnufrelsi og aukið sjálfstæði.

Þá vil ég minnast á eina hlið á þessu máli, sem veldur því, að sú leið, sem hér er stungið upp á, er ekki nema til bráðabirgða. Það er sú sálarlega hætta, sem konunni stafar af því að eyða fóstri. Ég ætla ekki að tala um þá líkamlegu hættu; ég vil ekki með mínu leikmannsviti leggja neinn dóm á hana. En það er hin hliðin, sem menn reikna yfirleitt ekki með, sú óskaplega sálarlega hætta, sem liggur í því, ef kona, sem gengur með barn, lætur losa sig við það — oft einungis til þess að flýja undan hinum þungu dómum samfélagsins. Og e. t. v. auðnast konunni ekki að eignast afkvæmi eftir þetta hversu heitt, sem hún þráir það. Það er margt út á við, sem getur dreift huga karlmannsins, en það er nokkuð annað með konuna, sem e. t. v. situr ein heima í vonlausri þrá eftir að eignast barn og fá að hugsa um það og ala upp. Og sú gamla kona mun oft líta á þetta sem óbætanlega bernskuyfirsjón, er hún sem ístöðulítill einstæðingur hefir verið hrædd til að gera, af kaldgeðja karlmanni, er vildi sleppa undan skömm og erfiði. Ég býst við, að allir, sem hér eru inni, þekki eitthvað þessu líkt. Ég þekki efnaða konu, sem hafði látið eyða fóstri, og þjáðist svo stöðugt af blygðunartilfinningu yfir að hafa morð á samvizkunni, auk þess að fá ekki að njóta þeirrar hamingju að fá að ala upp barn.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál. Það er ekkert flokksmál og ekki heldur neitt hitamál; það er of stórt þjóðfélagsmál til þess. Þó mín till. verði ekki samþ. nú, verður hún tekin upp aftur. Þetta er allt of stórt mál til þess að afgr. það nú, og ætti því að lofa því að hvíla sig.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Það er mjög þægilegt fyrir mig að fá þessa ræðu hv. þm. S.-Þ. því við erum hér sammála meir en oftast áður. (**JBald:** Báðir moralskir). Ég er þó ekki samþ. fyrri brtt. hv. þm., um að löggilda lækna til eins árs. Er það líkast því, að hér væri um iðnað að ræða, sem veita ætti til sérleyfi. (**JJ:** Það er það líka). Það varpar allt öðru ljósi yfir málið, og ég held, að það sé ekki heppilegt. Ég er samála hv. þm. S.-Þ. og hv. 5. landsk. um, að það séu ekki mannfélagsástæður, sem hér eiga að ráða. Það er ekki sama viðhorf nú og þegar kristnin var lögtekin og menn komu ekki auga á, hvernig hægt væri að ala upp öll þau börn, sem fæddust.

Það, sem ég einkum vildi segja, er, að ég álít, að málið sé allt of lítið rætt til þess að

samþ. það nú, en að það hafi verið rétt af landlækni að gangast fyrir löggjöf í þessa átt, byggðri á þeirri þekkingu, sem læknastéttin hefir á þessum málum. Ég er sammála hv. þm. S.-Þ. um, að lögin verði að byggjast á hugsunarhætti fólksins. Það þýðir ekki að setja lög, ef fólkið segir: Ég vil þetta ekki. Hvort þau bæta meira eða skaða, fer eftir því, hvort þau eru sett á réttum tíma — hvort þau eru í samræmi við *hugsunarhátt fólksins*. Það er *engin* smáræðis bylting orðin í þessum efnum síðan þau þóttu einhver hin geigvænlegustu og að kona bar út barn fyrir að eignast það utan hjónabands, af ótta við almenningsálitið, — og til þess að tala og hugsa eins og nú er gert.

Það er orðið langt síðan ein barneign gat eyðilagt stærsta heimili og voldugustu fjölskyldu landsins. Og þó barnið væri ekki fætt í meinum, en aðeins utan hjónabands, gat almenningsálitið lagt þetta volduga heimili í *rústir*. *Sýnir þetta, hvað hugsunarháttur fólksins* er mikið vald í þessum efnum, og að nauðsynlegt er, að löggjöfin sé í samræmi við hann. Ég get hugsað, að Íslendingar séu ekki eftirbátar annara að taka upp nýjungar — það má kalla það nýungagirni eða hæfileika til að laga sig eftir öðrum. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti, flýgur gegnum Nd. án umr. eða brtt. Það er eins og víman hafi fyrst runnið af mönnum, þegar það kemur hingað til Ed., og er það hv. 5. landsk., *sem á þakkir fyrir að hafa vakið* umr. og gagnrýni á frv. Og fyrir hispursleysi hv. þm., sem innleiddi málið á pólitískum fundi, urðu umr. um það án alls hégóma, og var álitið, að málið mundi vinna við umr. Hv. þm. S.-Þ. vildi vinna að því, að löggjöf verði sett, og vildi láta ákveða nú að undirbúa hana og leggja fyrir Alþ. 1936. Ég er þessu samþykkur, svo langt sem það nær. En því má þetta þá ekki bíða? Því þarf að vera að setja þessi káklög nú? Mörg frv., sem borin hafa verið fram á þingi, hafa ekki verið samþ. fyrr en á því næsta. Það er því eðlilegt um jafn stórt mál og þetta, sem ekki er heldur kunnara almenningi, að það sé nú borið fram og rætt af þeim, sem áhuga hafa fyrir því, og svo látið hvíla sig milli þinga. Ég hefi hugsað mér að bera fram rökst. dagskrá, til þess að gefa hv. þm. kost á að fresta málinu þar til Alþ. kemur saman næst. Það skiptir ekki máli, hvort þessi lög eru sett árinu fyrr eða síðar. Þetta játaði hv. þm. S.-Þ., enda mun það sannast, að ef lögunum verður nú komið á og farið að framkvæma þau, þá verður ekki létt að afnema þau aftur. Er því réttara að hugsa áður en talað er, og lofa fólkinu að átta sig á málinu áður en ráðizt er til *framkvæmda*. *Mun því rétt að fresta málinu og* lofa því að fá nýjan undirbúning, og mun það vinna við það. Ef menn kæra sig ekki um að ræða málið, getur næsta Alþ. alveg óhikað samþ. það. Ég hefi því hugsað mér að bera fram og afhenda forseta svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

**„Deildin lítur svo á, að nauðsynlegt sé til góðs árangurs af löggjöf eins og þessari, að þjóðinni gefist kostur á að ræða málið og láta í ljós skoðanir sínar á því, áður en lög eru um það sett, og að eftir slíkar umræður séu meiri líkur til þess, að löggjöfin verði í samræmi við hugsunarhátt almennings.**

**Deildin telur því ekki rétt að samþ. frv. þetta á fyrsta þingi, sem fær málið til meðferðar, en væntir þess, að frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir næsta þing og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“**

*Ég ætla svo ekki að tefja störf hv. d. með* því að tala meira um þetta mál. Þó mætti margt um það segja, ef svona lög eru sett án þess að eiga stoð í hugsunarhætti fólksins, en í meðvitund þess er fóstureyðing talin siðspillandi glæpur. Ef samvizkan segir: þú mátt ekki — það er glæpur, en lögin segja: þú mátt — það er ekki glæpur, — þá er hætt við, að freistingin verði of mikil og þaggi niður rödd samvizkunnar. Fyrst þegar hugsunarhátturinn er svo breyttur, að fólkið heimtar svona lög, á að setja þau, en *fyrr ekki*.

**Forseti (EÁrna):** Hv. 1. þm. Reykv. hefir afhent mér till. til rökst. dagskrár, sem hv. þdm. hafa heyrt, og er hún þá *til* umr.

**Guðrún Lárusdóttir:** Mér finnst nú, að ég megi vel við una að heyra 2 hv. þdm. standa upp og láta í ljós sömu skoðun og ég fyrst þegar málið kom fyrir þessa hv. d., að frv. sé ekki nægilega undirbúið. Það er ekki frv. sjálft, sem ég er á móti, heldur tel ég undirbúninginn ekki nægan. Málinu er dembt óundirbúnu hér inn á þingið, án þess nokkur kostur hafi gefizt til þess að kynna sér, hvernig það samrýmist hugsunarhætti fólksins. Hv. þm. S.-Þ. talaði um þá miklu sálrænu þýðingu, sem þetta gæti haft á hugsun fólksins, og það er sú hlið málsins, sem ég tel þýðingarmesta.

Ég hefi ekki alls fyrir löngu lesið bók, sem að vísu er ekki ný, eftir þekktan höf., ameríkanskan kvenlækni, sem hefir kynnt sér ýmsa sjúkdóma sálarlegs eðlis. Þar segir, að það hafi mjög alvarleg og djúptæk áhrif á sálarlíf konunnar, hafi hún látið leiðast til þess að eyða fóstri. Enda þarf ekki langt að leita til þess að finna dæmi þess, að það *hefir valdið* sturlun og æfilangri hugarkvöl. En þó að þetta gangi ekki svo langt, að valda fullkominni sturlun, getur það hvílt sem skuggi á sál konunnar alla æfi. Eg hefi — gegnum aðra — kynnzt konu, sem átti 2—3 heilbrigð og efnileg börn, en sagðist aldrei hafa getað horft í augu þeirra vegna blygðunar yfir því, að hafa eitt sinn leiðzt til þess að láta eyða fóstri. Og þó hún leiddist út í það ung og óþroskuð, að undirlagi barnsföður, sem stóð á bak við, þá skoðaði hún sig sem *morðingja og gat því aldrei horft* með djörfung og gleði í augu barnanna sinna.

Ég held, að ég verði að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem fyrir liggja, þó langt sé liðið síðan þær voru lagðar fram. Brtt. mín um að fella niður 2. gr. frv. byggist á því, að ég vil ekki skylda læknana til þess að gefa þær leiðbeiningar, sem þar er ætlazt til. Hv. frsm. sagði með nokkrum sanni, að tilgangurinn væri sá sami og ég lagði áherzlu á. Í öðru tilfellinu

kemur kona til læknis, og hann telur, að henni stafi heilsutjón eða lífshætta af að ala barn, og gefur hann þá hispurslaust allar leiðbeiningar til þess að koma í veg fyrir það. Í hinu tilfellinu heilbrigð kona, og í staðinn fyrir, að frv. ætlast til, að henni séu veittar allar leiðbeiningar umsvifalaust, þá ætlast ég til með till., að konan sé rækilega skoðuð, og sé hún álitin svo hraust, að henni sé ekki ofraun að ala barn, þá séu henni engar upplýsingar gefnar um varnir gegn því að verða barnshafandi.

Þá eru nokkrar orðabreytingar, og fer það vitanlega eftir smekk hvers eins, hvaða orð menn vilja helzt nota. Ég á hér brtt. um að nota orðið að „framkalla“, og fannst mér hv. þm. lá mér að bera fram brtt. við mína eigin till., en nú sé ég, að það er orðið alsiða. En mér gekk ekki annað til en að finna hentugt orð og vanda málið eftir föngum.

Þá kem ég að 9. gr., sem er mergurinn málsins og mest hefir verið deilt um. Ég get alls ekki fellt mig við annað en að heilsutjón eitt eða lífshætta komi þar til greina. Hvorki fátækt eða aðrar þjóðfélagslegar ástæður eiga að koma til mála hvað þetta snertir. (**SÁÓ:** Það gerir það ekki). Jú, þetta er rangt hjá hv. 4. þm. Reykv. Það er beint ráðgert í 9. gr. frv. En í stað þess að láta örðugar ástæður heima fyrir ráða hinu minnsta í þessu efni, á fátækrastjórnin að grípa inn í og bæta úr vandræðunum án þess að það skoðist sveitarstyrkur, heldur frjálst framlag til þess að koma í veg fyrir, að konan þurfi vegna fátæktar að ganga inn á þessa braut. Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að það gæti oft orðið um seinan að leita til fátækrastjórnar, en ég held, að ástæðulaust sé að óttast það, með þeim samgöngum, sem við höfum nú orðið auk símans. Ég held því, að það liggi beint fyrir að samþ. ákvörðun um, að fátækrastjórn komi til skjótrar og góðrar hjálpar, án þess að styrkur, veittur á þennan hátt, skoðist sveitarstyrkur.

Það er eins og allir geta skilið, að þar sem fátækt er og mörg börn, er viðurhlutamikið að taka móðurina frá heimilinu, og hefir enda oft kostað móðurina lífið. Þar sem þannig stendur á, verður sveitarstjórn oft að koma til skjalanna hvort sem er, og tel ég miklu betra að byrgja brunninn áður en það verður um seinan.

Mér fannst hv. frsm. vera ósanngjarn í garð ljósmæðranna. Ég vil ekki láta því ómótmælt, að þær hafi ekki þekkingu á þessum málum. Það er of mikið vantraust á þeirri stétt kvenna, sem öðrum fremur hefir sýnt hyggindi, ósérplægni og dugnað í störfum sínum. Starf ljósmæðra krefur og þekkingar og fræðslu. Núv. landlæknir hefir gert sér mikið far um að auka menntun þeirra. Þungaðar konur munu alloftast leita ráða hjá ljósmóður, henni verður það fyrst fyrir, að segja ljósmóðurinni sem gerst frá ástandi sínu í hvívetna. Ég tel það því hagræði fyrir lækninn, þegar hann er tilkvaddur, að geta fengið ýmsar vísbendingar um heilsufar konunnar hjá ljósmóðurinni og haft hana í ráðum með sér.

Annars ætla ég ekki að fjölyrða meira um þetta mál. Ég hefi getað tafið það svo, að því hefir ekki verið hraðað eins gegnum Ed. eins og Nd., en málið er svo mikilsvarðandi, að það verður að athugast vel og rækilega. Ég get vel fellt mig við dagskrána, sem fram er komin; ég tel það gott að fá umhugsunarfrest til næsta þings.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Ég get ekki fallizt á dagskrána, sem hér er komin fram. Ég er hissa á, að hún skuli komin fram, og þeim forsendum, er hv. þm. hefir fyrir henni.

Það er ekki hægt að una því, að fóstureyðingar séu jafnvíðtækar og sýnt er fram á í grg. frv., án þess að eitthvað sé aðhafzt. Það er viðurkennt, að ástandið sé slæmt, og þýðir ekki að loka augunum fyrir því. Það er ekki hægt að ráða bót á þessum málum nema að leyfa að framkvæma fóstureyðingar í þeim tilfellum, er sjúkdómsástæður koma til greina; í öllum öðrum tilfellum er það bannað. Hver, sem reynir að fresta málinu, vinnur þar með að því, að ástandið haldist óbreytt.

Brtt. á þskj. 504, frá hv. 5. landsk., er ég ekki sammála. Þær eru þær sömu að efni og till., er fram komu við 2. umr., og læt ég því nægja að vísa til þess, er ég sagði þá. Viðvíkjandi brtt. við 1. gr. er það að segja, að betra væri að fella málsgr. alveg niður, því að ef þessum orðum verður bætt inn, þá fellur þessi málsgr. undir 1. málsgr. sömu gr.

2. brtt., við 2. gr., um að fella burt þar tilgreind orð, sé ég ekki betur en dragi úr gagnsemi frv. Sama er að segja um brtt. við 9. gr. Ég er í rauninni ekki á móti 4. brtt., við 10. gr., en í sumum tilfellum getur það verið erfitt að kalla til tvo lækna og eina ljósmóður og getur valdið töfum. Mér er ekki heldur ljóst, að fyllri trygging fáist. Þótt bætt sé við einni ljósmóður, en í frv. nú er gert ráð fyrir tveimur læknum. (**GL:** Það er oft leitað til ljósmóðurinnar fyrst). Já, það má vel vera, en það er engin þörf á að binda það í l.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 644, frá hv. 10. landsk., er það að segja, að mér virðist hún þýðingarlaus. Í mörgum búðum eru prentaðar leiðbeiningar í þessum efnum og ekki hægt að stemma stigu fyrir því á þennan hátt. Vitaskuld fer enginn að setja sig niður til þess að stunda slíkar leiðbeiningar, aðrir en læknar. — Um breyt. á orðalaginu í 7. málsgr. 3. gr. skiptir ekki miklu máli, en ég held, að orðalag frv. sé bezt.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 530 er það að segja um fyrri brtt., að mér fannst fyrst, að ég gæti fallizt á hana, en við nánari athugun sé ég, að ég get ekki fallizt á hana.

Ég er sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að óviðkunnanlegt sé að gera ráð fyrir sérstakri löggildingu í þessu efni. Þessi aðgerð má samkv. frv. ekki fara fram nema á viðurkenndum sjúkrahúsum, og virðist það nægilegt. Að veita ákveðnum mönnum rétt til þessa, finnst mér óviðkunnanlegt, og greiði því atkv. á móti því.

Viðvíkjandi síðari brtt. á þskj. 530 er það að segja, að ég hygg, að sá tími, er þar er tiltekinn, sé of stuttur, þar sem ekki er kostur á að fá skýrslur um þessi efni fyrr en á miðju ári

1936. Ef ástæða er til að endurskoða l., þá er þetta of skammur reynslutími, enda óþarfi að setja ákvæði um þetta í l. Það sýnir sig fljótt, hvort l. eru í samræmi við almenningsálitið, og breyt. verða þá gerðar á l., ef almenningur sættir sig ekki við þau. Það er ástæðulaust að *binda sig við endurskoðun*. — Ég vildi mæla með því, að allar brtt. væru felldar, svo að málið *þyrfti ekki* að fara aftur til Nd.

**Þorsteinn Briem** *óyfirl.*: Hæstv. heilbrigðismálaráðh. leggur áherzlu á, að frv. verði ekki breytt neitt, svo að það geti orðið að l. nú þegar. Ég fæ ekki séð, þar sem þetta er nýtt mál, að það sé *neitt óðæði*, þótt breyt. séu á því gerðar og það ekki afgr. alveg eins og það kom úr lagaverksmiðju stjórnarráðsins. Ég tek undir það með hv. þm. S.-Þ., að þetta er stórt stökk frá þeim ákvæðum, er hingað til hafa gilt og átt nokkra stoð í almenningsálitinu. Mér þykir það því nokkuð mikið, að hæstv. ráðh. skuli amast við því, að brtt. komi fram. Ég hygg, að í öllum till. séu athuganir, sem gott er að komi fram. Ég held, að málið hafi verið lítið athugað í Nd., og hér hafa að vísu nokkrar umr. farið fram um það, en málið hefir verið sótt af kappi og aths. ekki vel séðar af þeim, er ráðin hafa í deildinni.

Ég á hér örlitla brtt., og er hún í samræmi við aðalhugsun frv. Hún er um það, að læknum einum sé falin þessi mál, og hygg ég, að það sé í bezta samræmi við meginhugsun frv. Víða í öðrum löndum fást aðrir við þessar leiðbeiningar en læknar, og hefir mátt lesa um það í blöðunum hér í Reykjavík t. d. Ég held, að það sakaði ekki að banna öðrum en læknum að hafa slíkar leiðbeiningar með höndum. Þótt þetta taki ekki til þess, að einstaklingar tali saman um þessi efni, þá stemmir það stigu fyrir, að menn, sem ekkert vit hafa á þessum hlutum, séu að auglýsa, að þeir veiti leiðbeiningar um þá, og boli þá kannske burt þeim, er færastir eru til þessa.

Ég mun greiða atkv. með þeirri dagskrá, er hér hefir verið borin fram. Ég hygg, að málið bíði engan hnekki við það, þótt það sé athugað betur, því að það er margt að athuga í þessu sambandi.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég hefi áður lýst afstöðu minni til þessa máls og sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Nú er komin fram brtt. frá hv. 10. landsk. við 1. gr., um að aftan við gr. bætist það, sem þar segir. Ég skal lýsa yfir því, að ég tel þessa till. heldur til bóta, þótt ég viti ekki, hvort hún kemur að fullkomnu gagni; hygg ég að öll allshn. liti svo á.

Þá vil ég víkja að dagskrá hv. 1. þm. Reykv., sem ég er algerlega á móti. Ástandið er óviðunandi eins og nú er, og tel ég því, að ekki geti komið til mála að vísa frv. frá, því að ég efast ekki um, að með því er mikil bót ráðin á ástandinu frá því, sem nú er. Hitt er annað mál, að reynslan kann að leiða í ljós, að það þurfi endurbóta við frá því, sem nú er.

Ég fer ekki inn á almennar umr. um frv., en því miður virtist mér það koma fram, og það við 3. umr. málsins, hjá sumum hv. þm., að þeir vissu ekki, hvað ákvæði frv. gilda. Hv. 1. þm. Reykv. taldi, að hér væri verið að lögleiða það, sem kvenþjóðin, hin heilbrigða alþýðukona, eins og hann komst að orði, mundi segja, að hún vildi ekki. Hann kvað einnig svo að orði, að hér væri verið að löghelga það, sem í augum fólksins væri glæpur. Ég skil þetta ekki, þar sem það er skýrt tekið fram í frv., að heilbrigðisástæður einar komi til greina, og þetta hefir einnig verið rætt sérstaklega og er skýrt tekið fram í grg. frv. Ég held þó, að menn séu hér að mestu leyti að berjast við skugga.

Ég tel frv. hafa fengið rækilega meðferð í Ed. Um Nd. veit ég ekki. Finnst mér full ástæða til þess að láta það reyna sig, því að það bætir úr því ástandi, sem nú er, þótt það sé kannske ekki fullnægjandi. Ég vænti því þess, að hv. d. samþ. frv., en felli dagskrána, og geri ekki á því neinar vafasamar breyt. Hinsvegar þarf frv. að fara til Nd. hvort sem er, því að felld var úr því gr. við 2. umr.

**Magnús Jónsson** *óyfirl.*: Ég vil aðeins segja það, að ég hafði ekki búizt við, að hv. ráðh. yrði með dagskránni. Hinsvegar getur það ekki verið nein ástæða í hugum hv. dm. til að vera á móti henni. — Hv. frsm. n. hafði skakkt eftir mér, að ég hefði sagt, að hin heilbrigða alþýðukona vildi ekki þessa löggjöf. (**IngP**: Ég skrifaði þetta upp eftir hv. þm.). Ég sagði hinn heilbrigði alþýðumaður, og að þó að læknastéttin gæti fallizt á, að rétt væri að setja slík l., þá væri ekki þar með sagt, að öll þjóðin væri því fylgjandi. Þótt við tökum okkur til og setjum l., þá getur hugsunarháttur fólksins verið l. algerlega andvígur. Ég vil, að þjóðin fái að ræða þetta mál. Málið hefir unnið við umr. hér í d., og ég er sannfærður um, að það mundi vinna við það, að það yrði rætt í blöðunum og á fundum. Það er ákaflega undarlegt, ef 3 eða 4 mánuðir breyta einhverju í þessu efni. Ef ég væri að berjast gegn þessu frv. með dagskrártill., þá skildi ég það, að till. fengi mótstöðu, en ég er alls ekki að berjast gegn málinu sjálfu, heldur undirbúningi frv. Hv. frsm. sagði, að frv. væri aðeins um það, að heimila fóstureyðingar, ef líf eða heilsa væri í veði, en mér sýnist nú fleira vera í frv. en þetta. Þar er hverri konu heimilt að krefjast leiðbeininga um það hjá lækni, hvernig hún eigi að verjast því, að verða barnshafandi. (**IngP**: Það ætti kannske að setja bannlög um það). Þar að auki er í 9. gr. talað um kynfylgjur. (**IngP** og **PM**: Það er búið að fella þá grein burt). Nú, fyrirgefið. (**IngP**: Það er vissara að lesa frv.). Ég er ekki ósammála stuðningsmönnum frv. um efnishlið þess, en mér finnst ekki rétt af Alþingi að vilja ekki lofa sem flestum að fjalla um málið áður en lög eru sett um það. Ég er á þeirri skoðun, að þjóðin eigi heimtingu á því að fá að kynnast málinu á þessu stigi, áður en það er gert að l., því ef hugsunarháttur þjóðarinnar væri svo ekki í samræmi við þau lög, þá tel ég það verr farið, að þau væru sett. Það getur vel komið í ljós, að þjóðin sé með frv., en það getur líka

verið, að meðal þjóðarinnar séu fleiri íhaldsmenn í þessu máli en okkur varir hér á Alþingi.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. Reykv. felld með 9:6 atkv.

Brtt. 504,1 felld með 9:6 atkv.
— 644 samþ. með 9:2 atkv.
— 504,2 felld með 9:6 atkv.
— 506 samþ. með 9:2 atkv.
— 516 tekin aftur.
— 504,3 a—b teknar aftur.
— 533 felld með 9:4 atkv.
— 530,1 tekin aftur.
— 504,4 felld með 9:6 atkv.
— 530,2 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

**já:** ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, JAJ, JJ, MJ.

**nei:** PM, SÁÓ, HG, HermJ, IngP, JBald, MG, PHerm, EÁrna.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 51. fundi í Nd., 5. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 657).

Á 54. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til einnar umr.

**Thor Thors:** Þetta mál hefir orðið talsvert ágreiningsmál í Ed., og svo virðist, sem það sé það einnig með þjóðinni. Og þar sem þetta mál var mjög lítið rætt hér í Nd., áður en það fór til Ed., vildi ég mælast til þess, að allshn. þessarar d. fengi tíma til þess að taka það til nýrrar athugunar. Vil ég spyrja hv. form. allshn., hvort hann sé því ekki samþykkur.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég sé ekki annað en að búið sé að athuga málið rækilega í báðum d.

**Jakob Möller:** Mér virðist þetta vera svo merkt mál, að það sé skylt að athuga það gaumgæfilega. Þar sem vitanlegt er, að einhverjar breyt. hafa verið gerðar á frv. í Ed., væri æskilegt a. m. k., að grein væri gerð fyrir því nokkur, hverjar þær breyt. eru. Þegar fundir eru haldnir í þessari hv. d. daga og nætur, eins og nú undanfarið hefir gert verið, þá er mjög óvíst, að hv. dm. hafi haft tíma til að kynna sér þessar breyt. á frv. Það er ekki víst, að hv. þdm. hafi fylgzt svo vel með þessu máli, að þeir séu færir um að greiða atkv. um það að svo stöddu.

Ég legg til, að málinu verði vísað til allshn., og sé enga ástæðu til að óttast, að það muni valda hættu á því, að málið dagi uppi.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að vísa þessu máli til n. þeirrar, sem frv. er fram borið af. Á því hafa engar breyt. verið gerðar í Ed., sem skipta máli, og hér liggja engar brtt. við frv. fyrir.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Mér virðist ástæðulaust að vísa máli þessu til n. Þær einu breyt. voru á frv. gerðar í Ed., að 10. frvgr. var felld niður. Varð það með góðu samkomulagi milli allra flokka í þeirri hv. d., að leggja sérstakt frv. um efni þessarar frvgr. fyrir næsta þing.

**Jakob Möller:** Hv. 2. þm. Reykv. vildi halda því fram, að þar sem allshn. hefði flutt þetta mál hér í hv. d., væri ekki ástæða til þess að fara nú að vísa frv. til þeirrar n. aftur. En mér virðist einmitt hið gagnstæða, að það sé ekki nema sjálfsögð kurteisi við allshn., að gefa henni kost á að athuga málið, eftir að breyt. hafa verið gerðar á því í hv. Ed., og ekki óverulegri breyt. en það, að ein gr., sem mig minnir að sé ekki alveg þýðingarlaus, er felld niður úr frv. Úr því að n. flutti frv. með þessari gr., þá skilst mér, að það minnsta, sem forsvaranlegt sé að gera fyrir n. í þessu efni, sé að gefa henni kost á að athuga málið á ný. Sú athugun þarf ekki að taka það langan tíma, að hætta sé á, að frv. strandi fyrir það. Ég fyrir mitt leyti tel það talsvert mikið álitamál, hvort fella eigi þessa tillgr. niður.

**Thor Thors:** Ég vil benda á það, að við umr. hér í hv. d. var það aðeins einn þm., hv. 2. landsk. (MT), sem hreyfði andmælum gegn frv. Og þó að það sé ekki mitt hlutskipti að gæta hagsmuna hans, þá finnst mér viðkunnanlegra, að hann fái að tala í málinu, áður en það er afgr. sem l. Mér finnst, að þetta mæli með því, að frekari athugun sé viðhöfð áður en það verður samþ.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var fram haldið einni umr. um frv.

**Thor Thors:** Ég vil geta þess, að ég fór fram á það á síðasta fundi, að máli þessu yrði frestað, svo að allshn. gæti tekið það til nýrrar athugunar. Þetta fékkst ekki. Ég vil láta þess getið, að eina breytingin, sem gerð var á frv. í hv. Ed., var sú, að felld var burt úr því 10. gr. Sú grein hefir verið nokkurt ágreiningsefni, og tel ég því að brottfelling hennar geri frv. aðgengilegra.

**Magnús Torfason:** Ég geri ekki mikið úr þeirri breyt., sem frv. þetta hefir tekið í hv. Ed. Ég hefi áður látið það í ljós, að ég tel ákvæði 1. gr. frv., um skyldu lækna til þess að upplýsa konur um getnaðarvarnir, vera nokkuð frekt. Og við nánari athugun málsins hefi ég styrkzt í þeirri skoðun. Ég lít svo á, að þetta sé blettur á frv., og eins og það nú er orðað, blátt áfram svívirðilegt í garð kvenþjóðarinnar. En við þessa umr. vildi ég benda á, að ég fæ ekki séð, að neitt aldurstakmark að neðan sé sett hvað þessar konur snertir, sem eiga heimtingu á því að fá þessar upplýsingar. Það væri þá helzt, að konan þyrfti að vera staðfest að gömlum og góðum landslögum og hafa náð fullum fjórtán ára aldri. Til skamms tíma hefir það varðað við hegningarlögin að skipta sér af yngri stúlkum en 16 ára. En þessar konur, sem að áliti

löggjafans eru börn, eiga að geta farið til lækna og heimtað allar upplýsingar viðvíkjandi þungunarvörnum. Ég býst við, að hv. n. hafi ekki athugað nægilega þetta atriði. Ég vil því fastlega mælast til þess, að málið verði nú tekið út af dagskrá og allshn. bæti við ákvæði um þetta atriði.

Þá vil ég geta þess, að 11. gr. virðist vera túlkun á *hegningarlögunum. Slíkt hefir ekki* komið fyrir síðan á einveldistímunum; þá skeði það, að konungur fór að túlka með bréfi lög, sem hann sjálfur hafði gefið. Síðan hefir þetta ekki komið fyrir, enda er það algild regla, ef lög eru ekki nógu skýr, að setja verður ný lagafyrirmæli, *sem taka af öll tvímæli.* Yfirleitt held ég, að þetta frv. hefði öllum að skaðlausu mátt daga uppi á þessu þingi, einkum þegar það er játað af flm., að ástandið sé í þessum efnum mun betra hér en í þeim öðrum löndum, sem við er miðað. Ég vil strika undir það, sem ég sagði við 2. umr., að lög sem þessi þekkjast ekki með kristnum þjóðum. Ég tel mjög viðurhlutamikið fyrir smáþjóð eins og okkur Íslendinga að ganga fram fyrir skjöldu í slíku máli sem þessu, meðan það er algerlega í óvissu, hvort þessar ráðstafanir verða til góðs eða valda tjóni.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég mun ekki fara út í efnishlið þessa máls nú, þegar komið er að lokaafgreiðslu þess. — Viðvíkjandi því, sem hv. 2. landsk. sagði um aldurstakmark að neðan fyrir konur þær, sem rétt hefðu til þess að fá þær upplýsingar, sem talað er um í 1. gr. frv., þykir mér sjálfsagt, einmitt með tilliti til þeirra lagafyrirmæla, sem hann nefndi, að þetta aldurstakmark sé 14 ár. Og ég held, að óþarfi sé að setja sérstök ákvæði í þetta frv. um það atriði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 757).

## 25. Gjaldeyrisverzlun o. fl.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.** (stjfrv., A. 15).

Á 6. fundi í Ed., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég hygg, að ekki sé svo mjög um það *deilt eins og nú standa* sakir um verzlunarhorfur landsins út á við, að full þörf sé á að hafa hönd í bagga með því, hverjar vörur flytjist til landsins og hverning þeim gjaldeyri er varið, sem landsmenn hafa yfir að ráða. Ég hygg það sé í rauninni orðið *ágreiningslaust mál*, að þegar svo er komið fyrir einhverju landi, að erlendur gjaldeyrir hrekkur lítt fyrir því, sem kaupa þarf og eftirspurn er eftir innanlands, þá þurfi að viðhafa sterk tök, til þess að ekki verði keyptar inn meiri vörur en gjaldeyrir er til fyrir. Því að þó að það *geti gengið* um stund, að *meira flytjist* inn en hægt er að greiða á sama tíma, með því að stofna til skulda erlendis, þá er það vitanlegt öllum, sem hugsa af alvöru, að það getur ekki til lengdar gengið og brátt muni að koma, að ekki sé hægt að halda lengra á *þeirri braut. Undanfarið hafa* verið gerðar nokkrar takmarkanir í þessu efni, sem hafa átt að miða að því, að gjaldeyrir landsmanna gengi til þeirra vörukaupa, sem nauðsynlegust eru, og ekki væri keypt meira en það, sem hægt er að greiða nokkurn veginn með gjaldeyri þeim, sem til fellur á hverju ári.

Nú hefir það hinsvegar sýnt sig, að þetta hefir ekki að fullu tekizt, þrátt fyrir góða viðleitni, sem höfð hefir verið í frammi um þetta síðustu tvö árin. Að einhverju leyti er þetta því að kenna, að fyrirmælin, sem starfað er eftir, eru ófullkomin, en hitt veldur og miklu, að undanfarið hefir ríkt meiri bjartsýni en ástæða var til hjá þeim, sem með þessi mál hafa farið. Þetta sást, þegar málin skýrðust betur í reyndinni. Ýmsir menn hafa t. d. alls ekki gert ráð fyrir slíkum takmörkunum, sem hafa orðið á sölu þeirra vara, sem utanríkisverzlunin byggist mest á, nefnilega sjávarafurðanna, og framkvæmt margt með meiri bjartsýni en reynslan gat staðfest.

Eins og ég gat um í framsöguræðu með fjárlagafrv., þá er útlitið svo iskyggilegt, að litlar líkur eru til, að verzlun verði hagstæð á þessu ári, og engar líkur til, að greiðslujöfnuður verði hagstæður. Það er fyrirsjáanlegt, að við nú eins og 1933 söfnum skuldum við útlönd fyrir vörukaup umfram það, sem við getum greitt. Þetta ástand er vitanlega svo iskyggilegt, að það getur ekki staðizt til lengdar; á því verður að ráða bót. Og ég get ekki séð, að það sé nokkur önnur leið til þess en sú, að þeim, sem fara með stjórn þessara mála, sé gefin betri aðstaða en nú til að ráða fyrir um, hve mikið flutt sé af vörum í landið og hverjar vörur séu fluttar.

Ég vil taka alveg sérstaklega fram í þessu sambandi, að það er ekki nægilegt — eins og sumir halda fram — að hafa aðeins eftirlit með því, að ekki sé of mikið látið út af erlendum gjaldeyri. Það er ekki nóg, að erlendur gjaldeyrir sé nógur á einhverjum tíma til að *borga allar vörur, sem eftir er spurt. Hitt verð*ur að fylgja, að sá gjaldeyrir, sem til er, fari til að kaupa það nauðsynlegasta, en hitt sitji á hakanum, sem þjóðin getur án verið.

Nú mun kannske einhver skjóta hér fram, að ekki sé þörf á ströngum reglum, vegna þess að kaupgetan innanlands muni takmarka kaup á þeim vörum, sem telja verður, að landsmenn í heild geti án verið. En þessu er ekki svo varið. Og ástæðan er mjög einföld. Kaupgeta getur verið til hjá einstaklingum þjóðarinnar til að kaupa vissar vörur, þó að kaupgeta þjóðarinnar í heild sé svo rýr, að hún geti ekki keypt þær sömu vörur til landsins, ef fullnægja á öllum eðlilegum þörfum landsmanna fyrst. Vegna misskiptingar á kaupgetu innan-

lands er ómögulegt að láta kaupgetu innanlands takmarka innflutning fyrir þjóðina.

Alstaðar þar, sem gjaldeyrisskortur er, er gripið til þessara ráðstafana. Ekki einungis að gæta þess að stofna ekki til skulda í útlöndum vegna vörukaupa, heldur líka hins, að keyptar séu þær vörur, sem mest þörfin er á. Mér finnst satt að segja, að um þetta atriði ættu allir að geta orðið sammála, að það verði að stilla innflutningi landsins í hóf og miða við það, sem hægt er að borga, og það sé ómögulegt að láta kaupgetu einstaklinga takmarka innflutninginn. Er þá að minni hyggju aðeins ein leið úr þessu, en það er að gera þær ráðstafanir, sem þarf, til þess að innkaup þjóðarinnar verði eins og þörf heildarinnar krefur.

Þetta frv. fer nú fram á ýmsar leiðréttingar á þeim fyrirmælum, sem nú gilda. Ríkisstj. er heimiluð íhlutun um innflutning allra vara til landsins, en í l. frá marz sl. er aðeins heimild um vissar vörur, en ekki um almenna íhlutun né eftirlit. Eftir því, sem ég hefi komizt næst hjá þeim mönnum, sem fara með þessi mál, þá er þessi breyt. alveg nauðsynleg. M. a. vegna þess, að sé takmarkaður innflutningur vissra vara, er hætt við, að innflytjendur grípi til annara tegunda, sem ekki eru takmörkunum háðar. Þannig safnast þá óeðlilegar birgðir varnings og eyða gjaldeyrinum, en verða sjálfar óþarfar að því leyti, sem þær eru umfram nauðsyn.

En breytingin er í því fólgin, að það er afnumin undanþága í gildandi fyrirmælum um þetta efni, nefnilega að fyrirtæki, sem hafa yfir erlendum gjaldeyri að ráða, geti notað hann án íhlutunar þeirra, sem þessum málum eiga að ráða. Þessi undanþága, sem er ákaflega víðtæk, er orðuð þannig í löggjöfinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef eigandi hans (þ. e. erl. gjaldeyris) færir sönnur á, að hann þurfi að nota gjaldeyrinn til að borga nauðsynjavörur til atvinnurekstrar síns eða nauðsynleg tæki til hans á næstu sex mánuðum, eða þurfi að nota hann til fullnægingar skuldbindingum, sem hann hefir tekið á sig vegna atvinnurekstrar síns, nema nefndin tryggi honum yfirfærslu í því skyni allt að jafnmiklum gjaldeyri þegar hann þarf með".

Það er öllum ljóst, að þessi undanþága getur verkað þannig, að menn geta selt ísl. afurðir og keypt inn fyrir andvirðið vörur, sem annars eru háðar leyfisveitingum, en verða óþarfar vegna þess, að of mikið er innflutt. Þannig hefir þetta ákvæði verið skýrt.

Náttúrlega mætti fyrirbyggja þessa notkun gjaldeyrisins með því að samþ. aðeins það, að allur vöruinnflutningur sé háður leyfum. En það er annað, sem gerir það að verkum, að þessu þarf að breyta; því að í skjóli þessa er hægt að ráðstafa nokkrum hluta gjaldeyrisins án íhlutunar og misnota hann.

Ég fer ekki frekar út í þetta að sinni, en vænti þess, að hv. þdm. sé ljóst, að viðtækar undanþágur með erlendan gjaldeyri utan við gjaldeyrisnefnd gefa möguleika til allskonar undanbragða, ef því er að skipta. Það hefir t. d. borið nokkuð á því, að þeir, sem hafa haft erlendan gjaldeyri undir höndum vegna sölu á vörum, hafi látið hann af hendi til annara. Þannig verður óeðlileg verzlun með erl. gjaldeyri, sem gjaldeyrisnefnd getur ekki haft eftirlit með. Þess vegna er sú leiðréting, sem lögð er nú til, alveg nauðsynleg, svo framarlega að menn vilji hafa tök á þessum málum. En það er óhugsandi að láta eftirspurnina innanlands ráða innflutningnum, eins og ég hefi sýnt fram á, og þá get ég ekki séð aðra leið til öruggs eftirlits með gjaldeyrisverzluninni og því, hvaða vörur séu fluttar til landsins, fyrst þær nauðsynlegu, en síðan óþarfar vörur, ef gjaldeyrir er fyrir þær og eftirspurn er eftir þeim á annað borð.

**Magnús Jónsson:** Ég get að einu leyti verið sammála þessu frv. Það er að því leyti, að samkv. því og bráðabirgðalögum frá 8. marz s. l. má telja, að hin viðtæku innflutningshöft séu framkvæmd löglega.

Ég hefi alltaf haldið því fram og fengið það viðurkennt, að meðan innflutningshöftin voru byggð á l. frá 1920, voru þau ólögleg. Þau lög heimila aðeins að takmarka innflutning á óþörfum varningi eftir skýringu fjhn. En eftir þessum lögum hefir svo stj. tekið sér heimild til að takmarka innflutning á öllum mögulegum varningi. Það verður að teljast framför hjá stj., að nú játar hún þó, að innflutningshöftin verði að styðjast við lög.

Hinsvegar skal ég taka það fram, að skoðun mín á málinu hefir hvergi haggazt. Ég er sannfærður um, að þessi höft eru þjóðinni ekki til þess gagns, sem formælendur þeirra álíta, að þau séu. Ég er nú á undanförnum þingum í sambandi við þetta mál búinn að endurtaka við margvíslegar umr. þau veigamiklu rök, sem tala á móti höftunum. Ég hefi játað, að höft eins og þessi gætu gert gagn í svip, ef það kæmi fyrir, að snögglega steðjaði að okkur gjaldeyrisskortur. Þá væri hægt með höftum að neyða verzlanirnar til þess að hætta í bili innkaupum, meðan þær væru að selja þær birgðir, sem fyrir eru í landinu, m. ö. o. eyða varasjóðnum, en áhrifunum er lokið jafnskjótt og varasjóðurinn er tæmdur. Þá velur kaupgetan sér aðrar leiðir, og útkoman verður hin sama eins og engin innflutningshöft hefðu verið. Óhagstæður greiðslujöfnuður er mein, og til þess að lækna hann, þarf að fara sömu leið og gera þarf um öll mein, — það þarf að þekkja ástæðurnar fyrir þeim. Það þýðir ekki að stífla á á sandi, hún rifur bara stífluna, eða fær sér útrás annarsstaðar. Óhagstæður greiðslujöfnuður stafar æfinlega af sömu orsök, þeirri, að þjóðin lifir um efni fram, sem kemur af því, að innlenda kaupgetan er að einhverju leyti fölsk. Kaupgetan leitar sér útrásar, og afleiðingin verður sú, að það er keypt meira á erlendum markaði heldur en seldar vörur hrökkva fyrir. Á þessu meini er til aðeins ein lækning, og hún er sú, að minnka kaupgetu almennings. Það getur stundum verið dálítið harkaleg aðferð, má kannske kalla það „hrossalækningu", en það er þó eina ráðið, sem að gagni kemur. Áður en menn skildu þetta viðskiptalögmál, urðu afleiðingarnar af falskri kaupgetu þær, að pening-

ar viðkomandi lands féllu í verði. Áður en bankaviðskipti hófust lýsti það sér í því, að kongar og þjóðhöfðingjar þeirra, sem áttu hina verðrýru peninga, blönduðu peningana með ódýrari málmi; menn muna eftir rauðleitu peningunum frá þeim tíma. Eftir að bankaviðskipti hófust, þá var tekin upp önnur aðferð til þess að minnka kaupgetuna, — peningarnir voru felldir í verði. Það er ekki langt síðan pund sterling, mark, franki, peseta og líra giltu hið sama, en þegar peningarnir rýrnuðu í verði kom mismunurinn fram. Meðan frjáls viðskipti voru í algleymingi, framkvæmdu bankarnir þessa lækningu á þann hátt, að hækka og lækka vexti. Við hækkunina kom að sönnu kyrkingur í viðskiptin, peningar í umferð minnkuðu og kaupgeta fólksins minnkaði, en allt lagaðist. Ég skal ekki neita því, að þetta sé hálfgerð „hrossalækning", en þarna var áreiðanleg bót ráðin á meininu.

Þar, sem innflutningshöft hafa verið reynd til þess að bæta óhagstæðan greiðslujöfnuð, hafa komið fram ákaflegar misfellur á viðskiptalífinu. Stærsta misfellan er sú, að stórkostleg dýrtíð hefir skapazt í því landi. Þetta frv. sýnir endamark haftastefnunnar. Það er byrjað á því, að banna ónauðsynlegar vörur, aðallega glingur og barnagull og þess háttar. En reynslan hefir sýnt, að það gerði lítið gagn. *Peningarnir eru látnir fyrir aðrar vörur.* Svo eru fleiri vörur bannaðar, en peningarnir flýja á þær vörutegundir, sem ekki eru bannaðar. Svo kemur endamark haftastefnunnar, að banna allar vörur, setja allt undir lás. Það er tilgangur þessa frv. Ef það á virkilega að lánast að loka alveg fyrir innflutning vara, þá verður að setja alvalda nefnd, sem hefir vald og getu til þess að banna hvað sem henni sýnist. Ég hefði gaman af að sjá, hvernig það tekst. Ég er ekki í neinum vafa um það, hver afleiðingin verður. Hún verður sú, að allar vörur stiga óheyrilega í verði, kaupgetan yrði lokuð inni og allt hækkar. Vaxandi dýrtíð vegna innilokaðrar kaupgetu, en það er ekkert annað en grímuklætt gengisfall peninganna. Nú þarf engu að spá um afdrif þessa frv. Þessi lög verða knúin fram af meiri hl. Alþingis, en þau ná ekki þeim tilgangi, sem ég var nú að lýsa. Þó hæstv. fjmrh. þykist ætla að loka öllum dyrum, þá bara tekst honum það ekki. Það standa einar dyr alveg galopnar. Það eru þær dyr, sem aðrar þjóðir neyða okkur til að láta standa opnar. Við erum sem sagt ekki einir í veröldinni. Við verðum að selja öðrum þjóðum okkar vörur, og þær þjóðir, sem kaupa af okkur, þær heimta að fá að selja okkur sínar vörur. Við erum ekki sjálfstæðir gagnvart öðrum þjóðum í viðskiptamálum; við verðum að neyðast til að semja við þær. Ég veit ekki betur en að Spánverjar hafi nú sett okkur stólinn fyrir dyrnar. Og hvar erum við settir, ef þeir neita að kaupa okkar vörur, nema við *kaupum af þeim þeirra vörur*? Og sú krafa þeirra mun ekki eingöngu vera miðuð við þeirra framleiðsluvörur. Ég veit ekki betur en að Spánverjar geti útvegað okkur allar tegundir af vörum, en það, sem við höfum upp úr því að kaupa af þeim, er það, að við fáum að borga drjúgum meiri gjaldeyri fyrir þær þar en annarsstaðar. Hér standa opnar dyr til þess að flytja inn allar vörur, en þær vörur verða bara óhentugri og dýrari en þær yrðu að öðrum kosti.

Við skulum taka t. d. bifreiðar. Mér er kunnugt um, að bifreiðar hafa verið fluttar inn frá Suðurlöndum, en þær munu bara vera dýrari en þær eru í frjálsri verzlun.

Ég er ákaflega hræddur um, að þessi nýju höft, framkvæmd af þessu dýra skrifstofubákni, *hafi þær einu afleiðingar*, að vörur verði dýrari og að við fáum ekki aðeins hlutfallslega minni vörur fyrir okkar gjaldeyri, sem kostninum nemur og þær verða keyptar dýrari á erlendum markaði, heldur miklu meira en hlutfallslega dýrari.

Hæstv. ráðh. svaraði andmælum mínum við 1. umr. fjárl. á þá leið, að aukin útgjöld á fjárl. hefðu engin áhrif á greiðslujöfnuðinn. Þetta sýnir mjög ljóst vanþekkingu hans á því, hvað það er, sem veldur óhagstæðum greiðslujöfnuði. Hæstv. ráðh. ætti að vita slík undirstöðuatriði í viðskiptamálum, að þeir peningar, sem komast í hendur þjóðarinnar fyrir aukin útgjöld ríkissjóðs, breytast í kröfu á erlendan gjaldeyri. Þessir peningar verða notaðir til þess að *kaupa vörur hjá kaupmönnum og heildsölum*. Mjög há gjöld ríkisins verða til þess að auka kaupgetuna í landinu og kalla á meiri innflutning á vörum. Þau fjárlög, sem hæstv. ráðh. ber nú fram, fara því algerlega í bága við tilraunir hans í þá átt að gera greiðslujöfnuðinn hagstæðan.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég vil gera fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um það, hvort hann getur ekki hugsað sér aðra leið um útnefningu nefndarinnar en þá, sem frv. leggur til að farin sé. Ég hefi orðið var við það, að útgerðarmönnum, sem búa í fjarlægð frá Rvík, hefir oft verið neitað um gjaldeyrisleyfi til kaupa á brýnustu nauðsynjum til síns atvinnurekstrar. Ég er ekki í efa um það, að þetta, *sem ég hefi nú sagt*, á við um fleiri menn utan Rvíkur en útgerðarmenn. Ég tel hagsmunum útgerðarmanna ekki fyllilega borgið í höndum þessarar n., sem á að hafa algerlega vald yfir erlendum gjaldeyri, nema með því að hafa mann frá útgerðarmönnum í henni.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vildi segja nokkur orð út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. Þessi hv. þm. sá engin ráð til þess að ná hagstæðum greiðslujöfnuði í viðskiptum við útlönd nema gegnum lækkaða kaupgetu í landinu. Ég skal taka undir það með honum, að það sé alger „hrossalækning", sem ég mun hreint ekki fallast á. Eftir hans kenningu á, þegar greiðslujöfnuður *er óhagstæður*, að varast að dreifa kaupgetunni innanlands, af því að það geti haft ill áhrif á greiðslujöfnuðinn. Þetta nálgast að vera kenningar um það, að það eigi að halda verulegum hluta þjóðarinnar í sveltu. Það minnsta, sem sagt verður um þessa aðferð, er það, að hún sé mjög ranglát. Ég ætlast til, að hlutverk gjaldeyrisn. sé í stuttu máli það, að beina hæfilega miklu af kaupgetu þjóðarinnar

að útlendum vörum og hæfilegum hluta hennar að innlendum markaðsvörum. Ef við höfum skynsamleg innflutningshöft og gjaldeyrisverzlun, þá þýðir það það, að kaupgetunni er hæfilega skipt milli erlendra og innlendra vara. Ef kaupgetan vex, þá verður meira keypt af erlendri vöru, og einnig þeim vörutegundum, sem framleiddar eru í landinu.Kenningar hv. þm. um það, hvernig eigi að ná hagstæðum greiðslujöfnuði við útlönd, eru mjög gamaldags. Hann segir, að það megi ekki auka fjárframlög til verklegra framkvæmda, af því það leiði til aukinnar eftirspurnar um erlendar vörur. Þetta þýðir, að það eigi að svelta þá, sem njóta mundu atvinnu við þær verklegu framkvæmdir. svo þeir geti ekki spurt eftir þeim nauðsynjum, sem þeir þarfnast. Ég segi, að þetta sé ekki hin rétt leið, heldur eigi að reyna að sjá um það, að kaupgetan í landinu verði almennari. Síðan eigi að beina kaupgetunni í hæfilegum hlutföllum að erlendum og innlendum markaði.

Mér finnst alveg ómögulegt að halda greiðslujöfnuðinum í lagi með því að láta kaupgetuna ráða, vegna þess hve hún er misjöfn hjá borgurunum. Þeir, sem hafa mikla kaupgetu, t. d. 30 þús. kr., þeir spyrja um margt það, sem ekki er hægt að kaupa þegar greiðslujöfnuður er óhagstæður, af því þjóðin þarfnast annara hluta, sem eru nauðsynlegri; þessvegna er ekki hægt að láta kaupgetuna ráða. Það er alls ekki hægt að vinna það til, til þess að takmarka innflutning á vörum frá útlöndum, að halda mönnum í sveltu. Auk þess má benda á, að það brýtur algerlega í bág við þær kenningar, sem allir viðurkenna að séu réttar, að það, sem það opinbera á að gera eins og nú standa sakir, er að reyna að auka atvinnuna í landinu með auknum framkvæmdum, eftir því sem tekjumöguleikar ríkissjóðs leyfa, og að hafa jafnhliða svo miklar gætur á verzluninni við útlönd, að þetta komi ekki að sök. Þá myndast kaupgeta til þess að kaupa vörur, sem framleiddar eru í landinu sjálfu. En með leið hv. 1. þm. Reykv. á að halda kaupgetu manna svo niðri, að flestir hafi ekki nema sæmilega til hnífs og skeiðar.

Hvað viðvíkur því atriði, að innflutningshöftin auki dýrtíðina í landinu, þá má vel vera, að eitthvað sé til í því, ef engar ráðstafanir eru gerðar því til varnar. Ef t. d. minna flyzt inn af vöru frá útlöndum en kaupgeta manna segir, að hægt sé að kaupa, þá er hugsanlegt, að það lúti lögmálinu um framboð og eftirspurn og hækki vöruverðið. En það eru til úrræði að því er þetta snertir, og það er að hafa neytendafélög og taka vöruna í gegnum þau. Með því móti er hægt að vernda sig gegn öllu okri, sem hugsanlegt er að fram gæti komið.

Viðvíkjandi því, að við getum ekki fyllilega ráðið yfir því, hvaða vörur við flytjum til landsins, þá er það rétt hjá hv. þm., að það hefir komið fram í viðskiptum okkar við Spán, en sú undanþága, sem þar var gerð, er engin röksemd á móti því, að við eigum að haga þessum málum þannig, að við ráðum sem bezt við innflutninginn, eins og allar ástæður frekast leyfa. Það er engin röksemd fyrir því, að það eigi að brjóta múrinn niður, þó að skarð hafi verið brotið í hann.

Það er misskilningur hjá hv. þm., ef ég hefi skilið hann rétt og það hefir verið meining hans að halda því fram, að þessi krafa Spánverja um rýmkun innflutningshaftanna sé til orðin vegna þessara innflutningshamla, því að þær kröfur, sem þessi þjóð gerir til sinna viðskiptaþjóða, eru alls ekki sprottnar af innflutningshömlum, heldur vegna þeirrar viðskiptapólitíkur, sem þessi þjóð telur sér nauðsynlegt að reka.

Ég býst ekki við að taka til máls aftur nema sérstök nauðsyn beri til, því að ég vil flýta fyrir, að þetta mál komist í nefnd. Út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði um skipun n., skal ég athuga það, hvort hugsanlegt er að breyta nefndarskipuninni, en þó hygg ég, að ekki sé hægt að skipa n. á þann hátt, sem hv. þm. talaði um, en það getur verið athugandi, og býst ég við, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki til athugunar einstök atriði þess.

**Magnús Jónsson:** Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. Mér fannst helzt á hæstv. ráðh., svona með leyfi að segja, að hann botnaði heldur lítið í þessu máli öllu saman. Hann var eitthvað að tala um það, að innflutninghöftin væru til þess að jafna kaupgetuna innanlands. Hann sagði, að sumir hefðu hana mikla og vildu kaupa dýra vöru, sem aðrir gætu ekki keypt, en með höftunum væri kaupgetan jöfnuð. En það er viðurkennt, að innflutningshöftin vinna ekki að þessu. Vegna þessara hafta verða menn að vera án vörunnar, eða að kaupa aðra vöru en þeir helzt vildu kaupa. Það er enginn kostur út af fyrir sig. En nú skilst mér, að eigi að snúa málinu við og að menn megi ekki kaupa frá þeim löndum, sem hentugast er að kaupa, heldur bara frá þeim löndum, sem er óhentugra að kaupa. Spánverjar hafa ekki heimtað annað en það, að þær hömlur, sem við setjum á vöruinnflutning, væru ekki látnar gilda gagnvart þeim. Ef innflutningshömlurnar væru ekki, þá mundu þeir ekki gera neinar kröfur um, að við keyptum af þeim, og væri mönnum þá frjálst að kaupa á hentugasta markaði, en hinsvegar er Spánverjum hjálpað mikið til þess að koma sínum vörum út, ef mönnum er bannað að verzla við aðrar þjóðir.

Ég sé ekki, að það hafist annað upp úr þessu en að menn verði að kaupa vöruna miklu dýrari frá Spáni heldur en ef þeir keyptu hana beint. Segjum t. d., að menn kaupi ameríska bíla, sem settir eru saman í verksmiðjum á Spáni, — mér er sagt, að þeir séu miklu dýrari að fá þá þaðan en ef þeir væru keyptir beint. Það þykir nokkuð harkaleg ráðstöfun að lækna svona mein með gengisfalli, og ég er alveg á móti slíkri ráðstöfun fyrr en þoginn brestur og ekki er annað ráð fyrir hendi. Í raun og veru er þetta ekki annað en gengisfall, því að í stað þess, að kaupgetan fái eðlilega framrás, þá verða menn að kaupa vörurnar fyrir hærra verð, og það er í rauninni ekki annað en fall á peningunum.

Mér skildist á hæstv. ráðh., að þegar hann

er búinn að gera bölvun með því að hækka vöruverðið, þá ættu menn að ganga í neytendafélög til þess að vernda sig gegn þessari ófreskju, sem hann hefir vakið upp.

Mér þætti gaman að vita, hvað syngi í blöðum þessarar hæstv. stj., ef stofnuð væru neytendafélög hér í Rvík til þess að lækka verð á kjöti og mjólk. Þá held ég, að syngi í tálknunum á hæstv. forsrh., úr því að ekki má einu sinni tala við íþróttamenn um hollustu kjöts án þess að það verði gert að pólitísku númeri hér á hæstv. Alþingi.

Ég held, að það sé ekki vert að vera að burðast með þessi viðskiptahöft, svo ekki þurfi að vera að verjast þeim með svona samtökum. Það er nóg, að það séu viðskiptastríð á milli þjóða, þó að ekki eigi að koma á viðskiptastríði innan okkar litla lands, milli framleiðenda annarsvegar og neytenda hinsvegar.

Ég held það hafi svo ekki verið fleira, sem ég þurfti að athuga við ræðu hæstv. ráðh. Ég vildi aðeins, að þetta frv. færi ekki til 2. umr. öðru vísi en ég lýsti minni óbreyttu skoðun á innflutningshöftum. — Ég tel líklegt að þetta mál fari til fjhn., og hefi ég þá tækifæri til að segja mitt álit á þessu máli, því ég á sæti í þeirri nefnd.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. þm. sagði um Spán og innflutningshöftin. Ég held, að engum detti í hug, að Spánverjar mundu una betur við, að hér væru engin innflutningshöft. Þessi krafa frá Spánverjum mundi hafa komið alveg jafnt, þó að engin innflutningshöft hefðu verið. Það er aðeins krafa um aukin vörukaup, og við hefðum þurft að beina ákveðnum viðskiptum þangað, þó að engar innflutningshömlur hefðu verið.

Ég vil benda hv. þm. á það, að ég veit ekki betur en að það hafi verið samið sérstaklega um innkaup á kolum frá Bretlandi; þó hafa kol aldrei verið nein haftavara, en það er bara af því, að þessi þjóð vildi fá aukna sölu á þessari vöru. Þannig ganga viðskiptin í heiminum. Þjóðirnar krefjast, að þessi og þessi vara sé keypt af þeim, en það á ekkert skylt við innflutningshöft. En þessi krafa frá Spáni kemur fram í svona formi af því að höftin eru. Þetta er því algerður misskilningur hjá hv. þm., og vildi ég aðeins leiðrétta hann.

Það, sem hann sagði að öðru leyti um þetta mál, ætla ég ekki að gera að umtalsefni, en ég vil aðeins drepa lítillega á það, sem hann sagði um neytendafélögin. Ég get ekki séð neitt voðalegt við það, þó að menn gangi í neytendafélög til þess að vernda sig gegn því að borga of mikla álagningu á vöruna vegna þess að eftirspurnin er meiri en framboðið. Það er eðlilegt, að menn vilji spara milliliðakostnaðinn eins og hægt er með slíkum samtökum. Með þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. gerði um sölu innlendra afurða, er einmitt verið að vinna að því, að milliliðakostnaðurinn verði sem minnstur — að neytandinn geti fengið vöruna með sem lægstu verði —, en framleiðandinn þó fengið það verð fyrir sína vöru, sem hann þarf að fá. Þetta stefnir í sömu átt eins og ég álít að þurfi að gera með útlendar vörur, ef þær ætla að hækka í verði.

**Magnús Jónsson:** Ég veit, að það er uppgerð hjá hæstv. ráðh., að hann þykist ekki skilja þetta með Spánarundanþáguna. Það er alveg satt, að Spánverjar gera ekki frekari kröfu en að við aukum viðskiptin við þá. En þegar þetta eru einu dyrnar, þá má ganga út frá því sem vísu, að það ganga allir í gegnum þær dyr. Þegar kaupmenn vita, að gjaldeyrisnefndin hefir ekki leyfi til að banna innflutning frá Spáni, þá kaupa þeir allir það. Ég sé því ekki betur en að höftin séu alveg gagnslaus í raun og veru, þegar ekki má hefta innflutning frá einu ríki.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Það er ekki hægt að neita því, að þær hömlur, sem hafa verið á innflutningi nú um langt skeið, eru hvumleiðar og hafa ýmsa ókosti í för með sér, og það hefir verið mjög mikil andstaða hér á landi gegn þeim, og þá fyrst og fremst af hálfu kaupmannastéttarinnar. En þegar allar þjóðir eru búnar að taka upp þessa haftastefnu, þá sé ég ekki, hvernig við ættum að komast hjá því. Svo er annað í sambandi við okkar eigin afkomu, og það er um sölu afurða okkar til Suðurlanda. Af þeim þjóðum erum við neyddir til að kaupa vörur, þó að þær séu dýrari heldur en að kaupa þær frá öðrum þjóðum. Það má segja, að það þýði það, að við fáum minna fyrir fiskinn með þessu móti, en við verðum að vinna það til, því að þá væri kaupgetan engin við útlönd, ef við fengjum ekkert fyrir fiskinn. Þess vegna erum við neyddir til að halda þessum hömlum. Það erfiða ástand, sem er um sölu okkar afurða og að hafa til gjaldeyri til þess að kaupa fyrir vörur til atvinnurekstrar okkar og borga af skuldum, gerir það að verkum, að við getum ekki staðið frjálsir að þessum hlutum, og þar sem þessi haftastefna er líka svo mikið uppi í heiminum. En ég get þó fyllilega játað þá ókosti, sem þessi innflutningshöft hafa í för með sér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 15, n. 383 og 424).

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Þetta mál er búið að vera nokkuð lengi hjá fjhn. Ég ætla ekki að afsaka dráttinn, sem orðið hefir á því, að n. skilaði áliti sínu. En þó má benda á það, að n. hefir haft mörg mál til meðferðar og er búin að afgr. mörg þeirra. Ennfremur tafði það afgreiðslu þessa máls, að n. taldi sjálfsagt að leita umsagnar þeirra aðila, sem þetta skiptir mestu og hafa mest með þessi mál að gera. N. sendi því frv. til stjórna bankanna, Landsbankans og Útvegsbankans, og ennfrem-

ur til Verzlunarráðs Íslands og Sambands ísl. samvinnufélaga, og leitaði umsagnar þessara aðila um frv. Það hefir dregizt, að þessir aðilar sendu umsagnir sínar, og hefir drátturinn á málinu meðfram stafað af því. Auk þess, sem leitað var umsagna þessara aðila, hélt n. fund með bankastjórum þessara banka um þetta mál fyrir nokkru, og voru einnig á þeim fundi menn úr fjhn. Nd. Þau svör, sem n. hefir fengið frá þessum aðilum, eru misjöfn, eins og vænta mátti. Eins og menn sjá af fskj. því, sem prentað er með nál. meiri hl. fjhn., er Landsbankinn með málinu. Samband ísl. samvinnufélaga mælir líka eindregið með málinu, en Verzlunarráð Íslands heldur fram annari skipun þessara mála, þó að það gangi inn á annan aðalþátt málsins, og geta menn séð grg. þess í nál. minni hl. n. á þskj. 424, því þar er það prentað sem fskj. með nál. En eins og nál. meiri hl. á þskj. 383 ber með sér, þá er fjhn. ekki sammála um þetta mál. Meiri hl., hv. 4. landsk. og ég, leggur til, að frv. verði samþ. með breyt. þeim, sem standa í nál. En minni hl., hv. 1. þm. Reykv., virðist hallast að því, að frv. verði samþ., en með víðtækari breyt. en við viljum fallast á. Eins og stendur í áliti hans, tjáir hann sig með því að fella niður úr frv. allar hömlur á innflutningi vara, en vill halda gjaldeyrisskömmtuninni, og er skoðun hans í samræmi við álitsskjal Verzlunarráðs Íslands. Meiri hl. n. getur játað, að slíkar ráðstafanir, sem frv. ætlast til, séu neyðarúrræði og eigi ekki við heilbrigða tíma, en við lítum svo á, að ekki verði komizt hjá því að gera þessar ráðstafanir. Eins og allir vita, var viðskiptajöfnuður Íslendinga óhagstæður síðastl. ár, og má búast við greiðsluörðugleikum fyrir þjóðina í heild. Það sýnist því sjálfsagt fyrir þjóðarheildina að láta nauðsynlegan innflutning sitja fyrir, og hafa þar af leiðandi hömlur á því, hvaða vörur eru fluttar til landsins. Þessar hömlur og þetta eftirlit þarf að vera eins sterkt og gert er ráð fyrir í frv. Í annan stað kannast allir við það, og er vikið að því í áliti Verzlunarráðs Íslands og játað þar, að eins og nú er ástatt gera samningar okkar við útlend ríki það nauðsynlegt, að hægt sé að beina innflutningi og útflutningi okkar til ákveðinna ríkja. Því er haldið fram, að þetta sé hægt að gera með gjaldeyrisráðstöfunum einum, en til þess að fullt öryggi fáist, þá tel ég, að nauðsynlegt sé að hafa sérstakt eftirlit með innflutningi vorum.

Ég tel óþarft að fara út í að ræða málið almennt. Þetta mál er ekki nýtt hér í þinginu, og tel ég að almennar umr. hafi ekki mikla þýðingu, enda eiga þær ekki við við þessa umr., þar sem sérstaklega er gert ráð fyrir, að rædd séu einstök atriði.

Eins og sjá má af nál. meiri hl. fjhn., flytur hann tvær brtt. við frv., og eru þær í samræmi við þær aths., sem fram komu frá bankastjórunum á fundi þeim, sem ég gat um. Með fyrri brtt. er lagt til að orða um. 1. málsl. 1. gr. og fella niður það ákvæði, „að bönkunum sé skylt að hlíta þeim reglum um gjaldeyrisverzlunina, sem fjmrh. setur". Það er óþarfi að taka þetta sérstaklega fram eins og gert er í frv. Ákvæðið um, að ráðh. setji með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina, ná til þessa, og geta bankarnir ekki verið hafnir yfir þá reglugerð. — Með annari brtt. okkar er lagt til að orða um 2. gr. frv. og gerir brtt. breyt. á frv. í tveimur atriðum. Í fyrsta lagi er svo tiltekið, að erlendum gjaldeyri sé úthlutað eftir reglum, samþ. af bönkum þeim, sem fulltrúa eiga í gjaldeyrisnefnd. En eftir frv. var gert ráð fyrir, að þetta væri algerlega á valdi n. Raunverulega er hér ekki um efnisbreyt. að ræða, þó svo geti litið út á pappírnum.

Þá kem ég að 2. atriðinu í till., en það er um það, að leyfi þurfi eigi til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða fyrir greiðslum erlendis í þarfir bankanna. Það er ekki hægt að sjá, að það sé eðlilegt, að ríkisstj. þurfi að fá leyfi n., sem hún hefir sjálf skipað, til þess að inna af hendi skuldbundnar greiðslur, og hvað bankana snertir verður að líta svo á, að þeim sé algerlega treystandi í þessu efni.

Þegar að því kom að afgreiða málið úr n., stóð svo óheppilega á, að ég var veikur, og gátum við nm. í meiri hl. ekki borið okkur saman sem skyldi eftir að n. hafði klofnað. Mætti því hugsast að fleiri brtt. hefðu komið fram, ef við hefðum getað unnið meira saman, og má vera, að þær komi einhverjar fram við 3. umr. málsins.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):** Eins og getið er um í nál., er ég sammála meiri hl. um brtt. þær, sem hann hefir borið fram, og hefi enga ástæðu til þess að fara að mæla með þeim, þar sem frsm. meiri hl. hefir gert þær að umtalsefni. En ég skal aðeins taka það fram, að ég vil leggja afarsterka áherzlu á 2. brtt., en hún er um það, að ríkið og bankarnir þurfi ekki leyfi gjaldeyrisnefndar til að inna af hendi samningsbundnar greiðslur. Ég vil bæta því við, að slíkt ákvæði í l. gæti eyðilagt aðstöðu bankanna til þess að fá erlend lán, því sú aðstaða á auðvitað að byggjast á því, að þeir séu sjálfráðir gerða sinna og þurfi ekki að sækja undir annað vald. Þessi breyt. er alveg nauðsynleg. Þetta væri alveg hliðstætt því, sem komið hefir fyrir hér áður, að heimild til lántöku hefir verið bundin því skilyrði, hvernig ætti að verja láninu, en það fékkst auðvitað ekki, því að engin erlend lánstofnun gat haft eftirlit með því, hvernig fénu var varið, en ef fénu var ekki réttilega varið, var hætta á því, að heimildin væri úr gildi felld.

Ágreiningurinn milli min og hv. meiri hl. n. er um það, hvað mikið þurfi að gera til þess að tryggja það, sem tryggja á með þessu frv. En það er tvennt, í fyrsta lagi, að greiðslujöfnuðurinn verði ekki svo óhagstæður, að gjaldeyrisfall verði, og í öðru lagi að tryggja stj. nægilegt vald til þess, að hún geti framkvæmt þá verzlunarpólitik, sem heppileg er og með þarf. Ágreiningurinn er um það, hvað þurfi að gera til þess að þetta tvennt sé í hendi stj. Ég fyrir mitt leyti álít, að eigi þurfi nema gjaldeyrishömlur. Ég hefi eigi borið fram, að þessu sinni,

neinar sérstakar brtt. í þessa átt, því að það er naumast unnt fyrr en séð er fyrir afdrif brtt. á þskj. 383. Ég mun því eigi koma fram með brtt. fyrr en við 3. umr., og þess vegna ekki innleiða langar umr. nú. Ég vænti þess, að hæstv. forseti taki málið ekki fyrr á dagskrá en það, að mér gefist tækifæri til að vinna að þessum brtt., því að það þarf þó nokkuð vandlega yfirferð yfir frv. til þess að nema burt úr því það, er ég tel þar miður komið. — Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 383,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 383,2 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 469, 491).

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Eins og ég gat um við 2. umr. málsins, er ég sammála öðrum hv. nm. um 2 atriði, sem snerta þetta mál. Það fyrra er, að vernda beri okkar gjaldeyri frá falli, a. m. k. óeðlilegu falli, vernda hann frá því að komast úr þeim tengslum við pundið, sem hann hefir verið í nokkuð mörg undanfarin ár. Ég hefi alltaf verið andvígur stífingu gjaldeyris og vildi þess vegna taka þátt í ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að leita annara ráða en gengisfalls til þess að greiða úr þeim örðugleikum, sem verið hafa með greiðslujöfnuð við útlönd.

Hitt atriðið, sem ég er sammála hv. meðnm. mínum um, er það, að það beri og verði að fá hæstv. stj. í hendur einhver ráð til þess að beina verzluninni í þær áttir, sem heppilegast og bezt er, bæði samkv. samningi og eðlilegum viðskiptum, eins og nú horfir við.

Það, sem ég er aftur á móti ósammála hv. meðnm. mínum um, er það, hve mikið þurfi og hve mikið sé hægt að gera í þessu skyni. Ég álít, að það verði að gera hvorttveggja, að vernda gjaldeyrinn frá því að falla niður úr tengslum við pundið, og líka að beina verzlunarviðskiptunum í rétta átt, og það er hægt að gera án þess að hafa innflutningshöft á erlendum varningi, sem til landsins flyzt, eða m. ö. o. með því að hafa sterkan hemil á gjaldeyrinum annarsvegar og gera hinsvegar peningapólitíkina í landinu þannig, að styðja okkar gjaldeyri. Ég hefi þess vegna breytt þessu frv., sem hér liggur fyrir, borið fram brtt., sem fer í þá átt, að úr því verði tekið allt, sem snertir innflutningshömlur á erlendum vörum. Ég verð að segja það, að ég er undrandi yfir því, hve lítinn skurð þarf að gera á þessu frv. til þess að koma þessu fram. Það þarf aðeins að nema smáklausu á burt úr 2. gr. frv. til þess að það breytist að þessu leyti. En brtt. eru næstum allar um breyt. nafns á nefndinni, að „gjaldeyris- og innflutningsn." verði breytt í „gjaldeyrisnefnd". Auk þessa má minnast á brtt., sem ekki eru þessi máli beinlínis viðkomandi, t. d. um fækkun nefndarmanna. — 2 menn skulu skipaðir af bönkunum og 1 af ráðh. Það sé ekki þörf fyrir 5 manna nefnd, ef gjaldeyrisráðstafanir einar sé um að ræða, og þá sé sjálfsagt, að bankarnir hafi yfirhöndina. Ég lít svo á, að form. sá, sem skipaður er af ráðh., sé þar frekar fulltrúi ríkisstj. til eftirlits á aðgerðum n. sem einskonar milliliður milli bankanna og ríkisstj. um þessi mál. Annað mál er það, ef n. er gerð fjölmennari, þar sem henni er ætlað meira starf. Ég er í dálitlum vafa um, hvort ætti að breyta einstökum atriðum í samræmi við þetta, eins og t. d. í 5. gr., þar er talað um að senda skýrslur til n. Mér finnst ekki ástæða til þess að fella þetta niður, því að þetta er nauðsynlegur fróðleikur fyrir gjaldeyrisn., til þess að hún geti fylgzt vel með innflutningnum.

Ég skal ekki ræða um það, hvort þessar ráðstafanir — gjaldeyrisráðstafanir — nægja einar til þess að ná þeim tilgangi, sem hér um ræðir. Prentað fskj., umsögn Verzlunarráðs Íslands, fylgir, sem mér er sagt, að sé skrifað af fróðum manni í þessum efnum, dr. Oddi Guðjónssyni, sem hefir gert verzlunarjöfnuð landsins að sérstöku efni í doktorsritgerð sína og hefir sérstaklega með námi sínu kynnt sér þau lögmál, sem hér eru að verki um greiðslujöfnuð milli landa. Hann hefir að vísu sagt mér, að hann hefði gengið öðruvísi frá þessari ritgerð, ef hann hefði haft lengri tíma. En breyt. er samt engin í niðurstöðunni.

Það, sem hér hlýtur að skipta mestu máli, er það, að bankarnir og það opinbera hafi tök á gjaldeyrinum. Það er nóg til þess að tryggja eins og hægt er, að gjaldeyririnn falli ekki. Það hefir stundum komið fyrir óeðlileg „spekulation" með gjaldeyrinn. Það gæti farið svo, að menn, sem hafa gjaldeyri, gætu selt hann með hærra verði og fellt þannig íslenzka gjaldeyrinn, ef þeir ráða yfir sínum gjaldeyri. Með því móti yrði gengi íslenzku krónunnar óeðlilega hátt hjá bönkunum og gæti valdið því, að gjaldeyrisverzlunin kæmist úr höndum bankanna og yrði viðskipti manna á milli. Þannig fór fyrir áratug síðan, þegar reynt var að halda óeðlilegu jafngengi milli Íslands og Danmerkur. Viðskiptin fluttust þá úr bönkunum. Þess vegna er nauðsynlegt, að a. m. k. gjaldeyrisverzlunin gangi í gegnum bankana. Þetta kemur að vísu fram sem stórkostlegur skattur á þeim, sem þennan gjaldeyri eiga og gætu fengið meira verð fyrir hann með því að selja hann banka. En þetta er gert út frá þeirri skoðun, að fall gjaldeyris, sem gæti orðið óeðlilega mikið, ef það er byrjað á annað borð, sé þjóðaróhamingja, og það réttlæti kvöð þá, sem lögð er á útflytjendur eða eigendur erlends gjaldeyris. Þetta verkar í rauninni sem innflutningshöft líka. Aðeins í þá átt, að það þarf ekki í hverju tilfelli að stinga með tituprjónum. Og það er af þeim orsökum, að allar erlendar verzlanir, sem máli skipta, vita vel um þessar hömlur og senda því ekki vörur hingað, nema viðskiptamenn þeirra geti gert það svo sennilegt, að þeir fái gjaldeyrisleyfi, að erlenda firmað vilji senda vörurnar. Hver innlend verzlun, sem ætlar að greiða vörur sínar, verður að fá gjaldeyrisleyfi. Þeir,

sem ekki fá það, verða vanskilamenn. Þau firmu, er senda vörur til þeirra verzlana, sem ekki fá gjaldeyrisleyfi, tapa á því, og gróði sá, sem innlendar verzlanir hefðu af slíkum viðskiptum, kæmi skjótt óorði á þær. Slíkt væru gálausra manna viðskipti, þar sem allir tapa, en enginn græðir. Engir kaupsýslumenn láta sér heldur detta í hug viðskipti við útlönd án þess að tryggja sér gjaldeyri. Hinsvegar verður auðvitað ekki hægt með öllu að fyrirbyggja, að óheiðarleg viðskipti landa í milli geti átt sér stað á þann hátt, að vörur séu fengnar, þótt gjaldeyrir sé ekki fyrir hendi. Því er ástæðulaust fyrir ríkið að vera að grípa inn í þessi viðskipti á annan hátt en með gjaldeyrishömlum, enda hafa flestar þjóðir látið sér nægja þær einar. Þær hafa líka þann kost fram yfir innflutningshöft, að þær er hægt að framkvæma svo að segja til hlítar. Að vísu verður aldrei hægt að elta uppi hvert pund, en þær er hægt að framkvæma svo, að það skipti engu máli, sem framhjá fer.

Um innflutningshöftin skiptir allt öðru máli, ekki síst þar sem við erum samningsbundnir öðrum þjóðum um innflutning. Þegar svo var komið, hefðu í rauninni allar raddir um innflutningshöft átt að þagna. Þessar þjóðir geta tekið á móti öllum okkar peningum og velt okkar gjaldeyri um koll, ef þeim býður svo við að horfa. Og það mun áreiðanlega vekja óánægju hjá öðrum þjóðum, að bannaður sé innflutningur á vörum frá sumum þjóðum, en leyfður frá öðrum. Það er t. d. líklegt, að aðalviðskiptaþjóðum vorum, eins og Bretum og Þjóðverjum, þyki hart, að bannaður sé innflutningur á vörum frá þeim. Því leiðir ekki annað af innflutningshöftunum en amstur og leiðindi, enda engin þörf á þeim við hliðina á þeim gjaldeyrishömlum, sem nú eru.

En þær ráðstafanir, sem felast í lögunum um gjaldeyrishömlur til þess að hindra, að gjaldeyrir verði að spekulationsvöru, eru ekki einar nægar til að vernda gjaldeyrinn. Til þess verður líka fjárstjórnin innanlands að gera sitt. Hún verður að draga úr þeim óeðlilega greiðslujöfnuði eins og mögulegt er, og það verður vitanlega ekki gert með eingöngu gleðilegum ráðstöfunum. En það er augljóst, að bankar og ríki verða að taka höndum saman í þessu efni. Bankarnir verða að halda í féð eins og undanfarið, en þar hafa bankarnir beitt eins sterkum tökum og hægt er. Og ríkið verður að fara gætilega, auka hvorki skuldir við útlönd né ósýnilegar greiðslur þangað og geta greitt afborganir sínar auðveldlega.

Ég býst nú við því, að stj. og flokkar hennar hafi bitið sig svo föst í innflutningshöftin, að þau nái fram að ganga. En af því að ég lít svo á, að þau séu alveg ónauðsynleg og til ills eins, hefi ég ekki viljað láta málið fara svo út úr d., að ég hreyfði ekki hótmælum.

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Brtt. hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 491, var fyrst útbýtt á fundinum og hefi ég því ekki haft tíma til að athuga þær vandlega. Annars virðast þær einfaldar og allar ganga út á það, að fella þau ákvæði úr frv., sem lúta að innflutningshömlum, og ennfremur að fækka nefndarmönnum úr 5 í 3.

Því hefir nú verið haldið fram af hv. 1. þm. Reykv., bæði við þessar umr. og áður, að innflutningshöft væru sumpart skaðleg og sumpart óþörf. Ég held, að við getum nú allir orðið sammála um það, að útilokunarstefnur þjóðanna í verzlunarmálum séu skaðlegar yfirleitt. Ef nú væru heilbrigðir tímar, myndi enginn stinga upp á slíkum ráðstöfunum. En við vitum, hvernig viðskiptaástandið er í heiminum, og vitum, að flestar þjóðir hafa meiri eða minni innflutningstakmarkanir.

Hv. 1. þm. Reykv. segir, að fáar þjóðir hafi bein innflutningshöft. En ég held, að við höfum rekið okkur sjálfir óþyrmilega á slík höft annara þjóða gagnvart okkar útflutningsvörum, og þau vandræði hafa að sjálfsögðu leitt til þess, að við verðum að takmarka við okkur það, sem við leyfum okkur að kaupa.

Það má játa, að þessar haftastefnur geri skaða, en við getum ekki tekið okkur eina út úr, og látið sem viðskiptaástandið í heiminum snerti okkur ekki. Enginn mun neita því, að herbúnaður sé böl, en þar með er ekki sagt, að heppilegt sé eða hyggilegt fyrir eina þjóð, t. d. Frakka, að hætta öllum herbúnaði af þeirri ástæðu. Þetta er að vísu sitt hvað, en ég bendi þó á þetta sem dæmi um það, að nauðsyn getur verið til að gera það, sem maður vildi þó helzt vera laus við.

Við höfum engan herbúnað og höfum lýst yfir ævarandi hlutleysi okkar, enda gætum við enga vörn okkur veitt, ef á okkur væri ráðizt. En í viðskiptastríðinu fáum við ekki að vera hlutlausir. Nú eru allir orðnir sammála um það, að vissar takmarkanir á viðskiptum við útlönd séu nauðsynlegar. Jafnvel hv. 1. þm. Reykv. viðurkennir þetta og vill samþykkja frv. að því leyti, er viðkemur gjaldeyrishömlunum. En ég man ekki betur en hann og fleiri væru áður á móti öllum slíkum hömlum. En nú hafa þessir menn látið sannfærast svo af reynslunni, að þeir telja gjaldeyriseftirlit nauðsynlegt. Hinsvegar telja þeir óþarfa að setja frekari hömlur og að hægt sé að beina viðskiptunum til ákveðinna þjóða samkv. samningum, sem við höfum gert við þær, þó ekki séu hömlur á innflutningi vara. En nú getur farið svo, að auk þeirra samninga, sem þegar eru fullgerðir, verðum við neyddir til að gera fleiri, sem ganga í sömu átt, og ég hygg, að hægt sé að sýna fram á, að erfitt verði að hafa hemil á þeim viðskiptum með gjaldeyrishömlum einum. Ef engin innflutningshöft eru, er sá möguleiki til, eins og hv. 1. þm. Reykv. viðurkenndi líka, að flytja vörur inn án þess að hafa erlendan gjaldeyri, eða m. ö. o. með því að fá vörulán erlendis. Það er fullkomin ástæða til að ætla, að menn geti flutt þannig inn vörur, jafnvel óþarfar vörur. Þeir, sem þessar vörur panta án þess að hafa gjaldeyrisleyfi, geta verið efnaðir menn, sem eiga fé inni í bönkunum. Þeir hafa fært þeim verzlunarhúsum, sem þeir skipta við, sannanir fyrir því, að þeir eigi fé þarna inni. Ætli að þætti þá ekki hart að neita þessum

mönnum um gjaldeyri. Ef það væri gert, gæti vel komið fyrir, að erlendar stjórnir innheimtu þetta fé fyrir þegna sína. Þetta yrði þá að greiðast af kröfunum, og gæti það hæglega kostað það, að gjaldeyri vantaði fyrir nauðsynjavörum. Því er eins varið með þjóðina og einstaklinga, að hún má ekki kaupa meira til lengdar en hún getur greitt. En eftirlit með slíku verður ekki haft, nema ríkið sé einskonar forsjón fyrir einstaklingana á slíkum tímum sem þessum.

Hv. 1. þm. Reykv. vitnaði mjög í fskj. með áliti sínu um þetta frv., sem hann kvað vera skrifað af sérfræðingi. Ég skal ekkert segja um *sérfræði þess manns, er það hefir skrifað, en* úr því að það er skrifað fyrir Verzlunarráðið, finnst mér það sanna það eitt, að verzlunarstéttin vill hafa sem minnst höft. En af því hann fór að tala um sérfræðinga í þessum efnum, þá er rétt að geta þess, að bankarnir eru því meðmæltir, að innflutningshöftunum sé haldið áfram, og ættu þeir að hafa eins mikla þekkingu á gildi þeirra og skrifari Verzlunarráðs Íslands.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þörf væri á því, að ríkið hefði fullkomið vald yfir gjaldeyrinum. Við teljum, að þessu verði ekki náð, nema innflutningshöftin haldist áfram. Hv. þm. sagði ennfremur, að gjaldeyrishömlur hefðu alveg sömu áhrif og innflutningshöft. En ef svo er, hví leggur hann svo mikið kapp á að fá innflutningshöftin afnumin?

Hann sagði, að ekki kæmi til mála, að útlendir vörusalar sendu hingað vörur án þess að hafa tryggingu fyrir því, að viðtakandi hefði gjaldeyrisleyfi. En ég held, að lítill vafi sé á því, að varan fáist, ef gamall viðskiptavinur, sem getur sýnt fram á inneign í íslenzkum bönkum, pantar hana. En þá segir hv. 1. þm. Reykv., að þessir menn séu orðnir að vanskilamönnum, því að þá sé varan komin inn í landið og fáist ekki greidd. Hann sagði að vísu, að þess háttar viðskipti myndu verða gróði fyrir þjóðina, að fá vörur, sem ekki væru borgaðar. En ég er honum sammála um það, að það bætti ekki álit útlendinga á okkur. Ég býst við, *að þetta þætti svo lítill sómi, að til lengstra* laga yrði reynt að borga, og þá yrði gróðinn lítill.

Hvað snertir hugleiðingar hv. þm. um það, að ríkið mætti ekki auka skuldir sínar, og fleira í því sambandi, þá er ég honum að sjálfsögðu sammála um það, og vona ég þá, að vænta megi góðs samkomulags við hann hér á Alþingi um að gera ekki gálauslegar ráðstafanir til þess að ríkisskuldirnar aukist, heldur þvert á móti. Náttúrlega eru allir sammála um eitt atriði í þessu máli, og það er, að ríkissjóður sjálfur sýni góða afkomu og að ríkið sem slíkt verði ekki tortryggt af öðrum þjóðum. Við höfum nú verið svo heppnir hingað til, að við njótum sem þjóð og sem ríki furðanlega góðs álits í fjármálum, þegar þess er gætt, hvað við erum fáir og smáir, og það væri óskandi, og ættu allir að vinna að því *eftir mætti*, að þetta góða álit, sem við höfum nú meðal annara þjóða, héldist. Um þessar hugleiðingar getum við náttúrlega allir verið sammála.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Ég þarf mjög fáu að svara hv. frsm. meiri hl., án þess að ég þar með geri neitt lítið úr ræðu hans. Hann heldur fram þeim málstað, sem er kunnur og ég minntist á í minni fyrri ræðu. Hv. frsm. hélt því fram, að það væri ekki rétt hjá mér, að aðrar þjóðir beittu aðeins gjaldeyrisráðstöfunum. Ég held nú samt, að þetta sé rétt hjá mér. Ég veit ekki til, að í nokkru landi séu innflutningshöft í því skyni að bæta verzlunarjöfnuðinn, en margar þjóðir hafa komið upp hjá sér svo kallaðri fótaaðferð, sem er í því falin að leyfa ákveðnum þjóðum ákveðið *magn innflutnings í verzlunarpólitísku skyni*, og náttúrlega þá um leið til þess að bæta sinn verzlunarjöfnuð, en það eru alls ekki innflutningshöft neitt svipuð því, sem hér um ræðir, heldur samningsatriði milli ákveðinna þjóða um ákveðnar vörur.

Hv. frsm. líkti innflutningshöftunum við herbúnað annara þjóða. Ég er sammála honum um það, að það eru ýmiskonar neyðarúrræði til, sem menn verða að grípa til og sætta sig við, og ég fyrir mitt leyti álít svona hömlur algert neyðarúrræði, sem stafar af þessum vandræðum, sem við verðum að dansa með í, ekki aðeins vegna annara þjóða, heldur að ýmsu leyti vegna ofrausnar okkar sjálfra á undanförnum árum. — Það er satt, að ég var einu sinni á móti öllum höftum, líka gjaldeyrishöftum, meðan ástandið var miklu skárra heldur en nú. Menn hafa nú verið að káka við allskonar höft á annan áratug, sem reynzt hafa meira og minna þýðingarlaus. En ég sé eins og nú er komið, að við verðum af þessum tveim ástæðum, sem ég gat um í fyrri ræðu minni — að hafa tök á gjaldeyrinum bæði í verzlunarpólitísku skyni og til þess að vernda okkar gjaldeyri.

*Hv. frsm. minntist á það, sem ég einnig hafði* talað um í minni fyrri ræðu, að náttúrlega væru möguleikar til þess að flytja inn vörur án gjaldeyrisleyfis. Ef einhver á gjaldeyri eða fær einhvern til þess að lána sér vörur erlendis, getur hann fengið þær fluttar inn. En hv. frsm. bætti því við, að ef þetta væri efnaður maður, *sem ætti inni í bönkunum*, mundi honum þykja hart, ef honum væri neitað um yfirfærslu á peningum til greiðslu á þessum vörum. Ég játa, eins og ég gerði áðan, að það getur komið fyrir, að menn fái vörulán hjá firmum, sem annaðhvort eru óprúttin eða ókunnugt um, að menn geta alls ekki, ef þessi l. eru samþ., greitt vöruna, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir, nema með leyfi gjaldeyrisnefndar. Þetta getur komið fyrir, ef sameinast gálaus verzlunarrekstur utanlands og innan, og þá getur slíkt leitt til og á að leiða *til* vanskila. En hvað snertir gjaldeyri og þjóðarhag gerir þesskonar mjög lítið til. Það er svo yfirleitt um stærri vörutegundir, að það eru ákveðin firmu, sem flytja þær inn, og jafnvel þeir, sem verzla með þessar vörur í stórum stíl, verða að fá þær gegnum þessi verzlunarhús, og hefir það fram að þessu verið framkvæmt þannig, að staðið hefir verið við gerða samninga. Kolakaupin hér hafa t. d. verið framkvæmd þannig, að stj. hefir náð góðu og skýlausu samkomulagi við þau firmu, sem flytja

kolin inn, um að skipta sínum innflutningi eftir því, sem um er talað, og hefir ekki þurft nein l. eða þvingunarráðstafanir til þess. En ef hinsvegar færi að bera á því, að firmu utanlands og innan væru svo heimsk að gera þetta, mætti náttúrlega fela n. að hafa með höndum innflutning á þessum fáu vörutegundum. En það er ekkert vit að setja almenn innflutningshöft fyrir hvern hlut aðeins af því, að við þurfum að flytja inn 70% af okkar kolum frá Englandi — Hv. frsm. sagði, að ef maður ætti peninga í banka og hefði keypt vörur, mundi honum þykja hart, ef hann fengi ekki yfirfært. Það þykir nú margt hart. Það þykir hart, þegar bankarnir vilja ekki kaupa 500 kr. víxil með mönnum á, sem vitanlega ráða yfir tugum þúsunda. Þetta sýnir bara, hvað viðskiptin eru treg. Bankarnir segja: Þú átt þessa peninga og þú færð þá, þegar þú þarft á þeim að halda, en það er bara ekki hægt að veita yfirfærslu.

Þá vildi hv. frsm. gera minna úr áliti þessa sérfræðings af því að bankarnir væru náttúrlega sérfræðingar í þessu líka. Það voru báðar fjhn. á fundi um þetta mál með bönkunum, og ég varð ekki var við, að þeir skiptu sér af neinu nema því sem beinlínis snerti þá. Landsbankinn hefir í bréfi til fjhn. tjáð sig fylgjandi megintilgangi frv., hinn bankinn hefir ekki sent neitt álit, og á fundinum var ekki minnzt einu orði á innflutningshöftin. Bankarnir vildu aðeins tryggja það, að þeir gætu yfirfært án gjaldeyrisleyfis, og komu með fleiri þarfar og góðar aths., sem nú eru komnar inn í l. En hitt er annað mál, hvað bankastjórarnir mundu segja, ef þeir væru beinlínis spurðir að þessu. Þá væri freistandi fyrir þá að segja heldur of en van. Þeir vildu náttúrlega gera allt, sem verður til þess að hindra heldur þau viðskipti, sem vitaskuld er bezt fyrir greiðslujöfnuðinn, að séu nokkuð stirð.

Við erum sammála um það, að þetta sé vandræðaúrræði, að þurfa að gera þessar ráðstafanir, að setja bæði innflutningshöft og gjaldeyrishöft. Hv. frsm. álítur þörf á báðum þessum ráðstöfunum, en ég held, að ekki þurfi nema gjaldeyrishöftin, og stendur þarna náttúrlega bara orð á móti orði. Við erum sammála um megintilganginn og hverju eigi að ná með þessu.

Ég vil svo að lokum taka undir ósk hv. frsm. um það, að þjóð okkar mætti halda því góða áliti um gætna fjármálastjórn, sem hún hefir enn, en ég er kannske ekki sammála honum um það, hvað mikið útlit er til, að hún haldi þessu góða áliti. Fjármálastjórn þessa þings er áreiðanlega stærsta bylting, sem skeð hefir á Íslandi síðan ég man eftir mér, svo það álit, sem við höfum nú, getur vitanlega alveg breytzt. Ég vildi náttúrlega óska þess, að betur færi heldur en mér finnst nú vera útlit fyrir, en ég er hræddur um, að hagur okkar og álit fari í rústir, ef stefnt er áfram á þessari braut.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er nú deilt um það hér, hvort gjaldeyrisráðstafanir einar skuli nægja eða hvort þeim ráðstöfunum sé nauðsynlegt að fylgi innflutningshöft. Ég verð nú að segja, að mér finnst hv. 1. þm. Reykv. halda uppi andófi í þessu máli, eins og öðrum, meira af vilja en mætti, og finnst mér einkennileg sú stefnu- og viðhorfsbreyt. hjá Sjálfstfl. til þessara innflutningsmála frá því, sem var fyrir nokkru síðan. Ég vænti þess, að hv. dm. hafi tekið eftir því að það, sem hv. 1. þm. Reykv. færði því til sönnunar, að gjaldeyrishömlur einar geti nægt, er það, að þær séu í raun og veru innflutningshöft. Nú er svo komið hjá honum, sem lengst barðist gegn innflutningshöftunum, að aðalkosturinn á frv. eins og það yrði, ef hann fengi sínum brtt. framgengt, er sá, að það verkar eins og innflutningshöft. Þetta er ekki rétt að öllu leyti, og kom það raunar fram í ræðu hv. þm., og er því nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hver munur er á að hafa gjaldeyrishöft ein og gjaldeyrishöft og innflutningshöft jafnhliða. Ég held, að munurinn sé greinilegast skýrður þannig, að ef innflutningshöft eru jafnhliða gjaldeyrishöftum, þarf ekki aðeins að sækja um leyfi til þess að geta innt af hendi greiðslu varningsins, heldur líka um leyfi til þess að flytja hann inn. Það er þessi munur að hafa innflutningshöftin með, að það þarf líka leyfi til þess að stofna til skuldbindingar í öðrum löndum. Mér er óhætt að fullyrða það, að þeir, sem mest hafa farið með þessi mál undanfarið, eru sammála stj. um það, að nauðsynlegt sé að sækja um innflutningsleyfi fyrir vöru, til þess að hægt sé að hafa eftirlit með því, að ekki sé óeðlilega miklar skuldbindingar stofnaðar erlendis, því að það er nú einusinni reynslan, að ef slíkar skuldbindingar eru stofnaðar, er gengið á eftir því með svo miklu kappi að fá vörurnar greiddar, að litt eða ekkert stenzt, svo þó gjaldeyrisskortur sé, leiða slíkar skuldbindingar alltaf til meiri gjaldeyrisútláta heldur en verður, ef sótt er um leyfi, þegar stofnað er til þeirra. Og mér er óhætt að fullyrði, að fulltrúi verzlunarstéttarinnar í gjaldeyrisnefndinni er þeirrar skoðunar, að til þess að þetta geti farið reglulega vel, þurfi líka að vera innflutningshömlur, en gjaldeyrisleyfið eitt dugi ekki, því það er oft sótt eftir á, þegar búið er að stofna til skuldbindingarinnar, og getur það stofnað áliti og lánstrausti verzlunarstéttarinnar í voða, ef ekki er við þær staðið. Það er þessi munur á því að hafa gjaldeyrishömlur einar og gjaldeyrishömlur og innflutningshömlur jafnframt, að það er haft eftirlit með því, hversu miklar skuldbindingar eru gerðar af hálfu íslenzkra kaupmanna í öðrum löndum, og reynzlan hefir sýnt, að þetta eftirlit er nauðsynlegt. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að engum dytti í hug að stofna til slíkra skuldbindinga án þess að tryggja sér gjaldeyri, en það er reynsla fyrir því, að margir láta sér detta þetta í hug, og einmitt það, að þessar skuldbindingar hafa verið stofnaðar, hefir orðið til þess, að látið hefir verið meira út af gjaldeyri heldur en gert hefði verið, ef hægt hefði verið að taka afstöðu til innflutnings hlutaðeigandi vöru um leið og hún var pöntuð. Þó þetta sé stórt atriði, að hafa innflutningshömlur með, til þess að hægt sé að hafa eftirlit með stofnun skuldbindinga, þá er það aðallega stórt atriði út á við; inn á við er það ekki eins stórt atriði, því

þó innflutningshömlur séu ásamt gjaldeyrishömlum, þá er svipuðum reglum fylgt um úthlutun gjaldeyrisleyfa. Það er bara útilokað, að menn geti stofnað til skuldbindinga erlendis og flutt inn vörur án þess að n. geti haft nokkuð að segja um það fyrr en til greiðslunnar kemur.

Um það, að innanlandsráðstafanir þurfi að gera til að hjálpa til þess, að hægt sé að halda uppi greiðslujöfnuði við útlönd, höfum við hv. 1. þm. Reykv. rætt áður, við 2. umr. þessa máls. Ég tók þá skýrt fram, að stefna stj., eins og sést á fjárl., er sú, að auka kaupgetu almennings, en jafnframt er stj. ljóst, að ef slíkt á ekki að draga til vandræða, verður að hafa sterkar gjaldeyris- og innflutningshömlur, til þess að hæfilegum hluta af hinni auknu kaupgetu verði beint á innanlandsmarkaðinn, og einmitt með því að hafa þessar ráðstafanir sterkar hyggst stj. að geta sinnt þessu hlutverki sínu, að auka kaupgetu meðal almennings.

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Ég get orðið mjög fáorður, m. a. af því, að ég heyrði ekki nema lítið af ræðu hv. 1. þm. Reykv., og einkum vegna þess, að hæstv. fjmrh. hefir tekið af mér ómakið að svara honum, og svo í þriðja lagi af því, að því litla, sem ég heyrði af ræðu hans, kom lítið nýtt fram. Það voru bara endurtekningar á því, sem áður hefir komið fram, svo ef ég færi að svara því, væru það bara endurtekningar í því, sem ég hefi áður sagt. Það var þó eitt atriði, sem ég heyrði, sem ég þarf að gera aths. við. Það var út af því, sem við minntumst á þennan sérfræðing, sem hv. þm. segir, að hafi skrifað álit Verzlunarráðs Íslands, og í sambandi við það minntist ég á álit bankanna í þessu máli. Hv. þm. vildi gefa í skyn, að á þeim fundi, sem fjhn. sat með bankastjórunum, hafi ekki komið annað fram en það, sem beinlínis horfði að bönkunum sjálfum. Þetta er ekki alls kostar rétt. Málið í heild lá fyrir til umr. á þessum fundi, sem við héldum með bankastjórunum, og ef þeir hefðu verið á móti stórvægilegum atriðum í frv., eins og því að hafa innflutninghöft, þá skil ég ekki annað en það hefði komið fram. Fjhn. sendi líka bönkunum þetta beinlínis til umsagnar, og með nál. meiri hl. n. er prentað bréf frá Landsbankanum, þar sem hann beinlínis telur sig frv. fylgjandi með þeim breyt., sem nú eru á því orðnar. Og þó Útvegsbankinn hafi ekki beinlínis sent n. skriflegt svar, þá held ég, að það megi ráða hans afstöðu í þessu máli af því, að einn af bankastjórum hans á sæti í fjhn. þessarar d. og hefir skrifað undir nál. meiri hl. n. og leggur til, að frv. nái fram að ganga með þeim breyt., sem nú eru á því orðnar. Ég verð því af þessum sökum að telja, að bankarnir hafi beinlínis lagt með þessu máli. Og hvað það snertir, sem kom fram hjá hv. þm., að þetta væri ekki svo mikið að marka, vegna þess, að þeir hafi aðeins haldið sig við þau atriði, sem snerta þá sérstaklega, þá held ég það liggi í hlutarins eðli, að slíkt getur ekki átt sér nokkurn stað, a. m. k. ekki hvað aðalþjóðbankann snertir. Ég veit þá ekki, hvernig hann skilur aðstöðu sína, ef hann álítur þetta mál ekki koma sér afarmikið við í heild sinni. Það er þjóðbankans vitanlega að hafa forystuna í viðskiptamálum þjóðarinnar út á við, og þess vegna hefði honum verið skylt, ef hann hefði séð eitthvað athugavert við þetta mál, að benda þinginu á það.

Þá heyrði ég eitthvað af því, sem hv. þm. var að tala um menn, sem kynnu að flytja inn vöru án þess að hafa tryggt sér gjaldeyri fyrir hana; það væru lögbrotsmenn, og þó einhverjir brytu l., þá gæti það út af fyrir sig ekki komið óorði á þjóðina, og þau verzlunarhús, sem lánuðu slíkum mönnum, væru annaðhvort óhlutvönd eða heimsk. En ég er nú hræddur um, að reynslan sýni dálítið annað. Það, sem er mergurinn málsins í þessu, er, að reynslan yrði án efa þannig í flestum tilfellum, að varan fengist greidd. Bankarnir treystust ekki til þess, þegar svo væri komið, að neita um gjaldeyri. Svo væri þetta kannske, þegar til kæmi, óþörf vara, og afleiðingin yrði sú, að þörf vara fengist ekki innflutt, vegna þess að gjaldeyri fyrir hana vantaði.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um það síðast í ræðu sinni, að á þessu þingi hefði orðið fjármálabylting. Ég ætla ekki að fara út í þetta frekar, en ég fyrir mitt leyti get ekki séð þá fjármálabyltingu. Það er engin veruleg reynsla komin á um það ennþá á þessu þingi, hvernig t. d. fjárl. ríkisins fyrir næsta ár verða afgr., og ég hefi æfinlega heyrt, að það hafi hin mestu áhrif á lánstraust og álit þjóðanna í fjármálum, hvernig þær ganga frá fjárl. sínum, og auðvitað líka hvernig þeim tekst að framfylgja fjárl. Maður hefir frétt það, og það frá fleirum en einu landi, að þar, sem stjórnunum hefir ekki tekizt að koma forsvaranlegum fjárl. gegnum þingið, þá hefir það orsakað fall þeirra. Það er, eins og ég hefi áður tekið fram, ekki fengin um það reynsla ennþá, hvernig þessu þingi tekst að ganga frá fjárl. fyrir næsta ár, en ég fyrir mitt leyti verð enn sem komið er að hafa góða von um, að það verði a. m. k. gert eins sæmilega og verið hefir undanfarin ár. Úr þessu verður reynslan að skera. Ég er ekki í neinum efa um það, að einmitt það, hvernig tekst til með afgreiðslu þingsins á fjárl. og framkvæmd stj. á þeim, mun hafa mest að segja um það, hvaða álit aðrar þjóðir hafa á okkur í þessum efnum.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** (óyfirl.): Ég þarf aðeins að gera stutta aths. Hæstv. fjmrh. sagði, að mjög væri breytt viðhorf okkar sjálfstæðismanna, og þá sérstaklega mitt, þar sem ég hefði alltaf verið andvígur innflutningshöftum, en sé nú með gjaldeyrishöftum, og hann lýsti því jafnframt yfir, að þau mundu í stórum dráttum verka eins og innflutningshöft. Það er stefnubreyting að því leyti, að ég var lengi vel á móti gjaldeyrishöftum, vegna þess að þær verzlunarpólitísku ástæður voru ekki, sem nú eru fyrir hendi og neyða mann algerlega til þess að fá stj. í hendur ráð til þess að beina viðskiptunum til þeirra þjóða, sem við erum samningum bundnir um viðskipti.

Um það atriði, hvernig gjaldeyrishöftin verki

sem innflutningshöft, er það að segja, að þau verka talsvert á annan hátt heldur en innflutningshöft. Það er ekki þannig, þegar gjaldeyrishömlur eru, að menn þurfi að sækja um leyfi til þess að fá að flytja inn vörur fyrir 1 til 2 hundruð krónur, eða greina nákvæmlega frá því, hver varan sé. Viðskiptin eru frjálsari undir gjaldeyrishöftunum einum heldur en innflutningshöftunum líka. Ég veit t. d. ekki betur en að Danir hafi haft gjaldeyrishöft lengi, en aftur á móti ekki viðskiptahöft. Gjaldeyrishöft koma út sem innflutningshöft að því leyti, að allir sómasamlegir kaupmenn telja sér skylt að tryggja sér gjaldeyri áður en þeir panta vöruna. Það eru til innflutningshöft í hverju landi, sem eru án allrar lagaþvingunar, sem sé þau höft, sem eru á öllum kaupsýslumönnum um að panta ekki nema þá vöru, sem þeir treysta sér til þess að greiða á sínum tíma. Sá er munurinn, að þegar engin höft eru, þá eru það aðeins viðskiptin ein, sem takmarka sig sjálf að þessu leyti. Nú verður, auk þess að þessi höft eru sett, að fyrirskipa, að aðeins ákveðin stofnun megi verzla með gjaldeyrinn. Það er þess vegna svo, að ástand þess tíma, sem nú stendur yfir, hefir leitt mann út í að viðurkenna ýmsar hömlur, sem ekki var ástæða til þess að hafa áður, meðan öll verzl. yfirleitt í veröldinni var frjáls.

Annars verð ég að segja það, að ég er mjög hissa á því, hvað menn geta verið viðvarandi í trú sinni á ráðstafanir, sem búið er að beita meira og minna strangt á annan áratug, en sækja þó alltaf á lakari hliðina. Hér hafa verið innflutningshöft, sem hafa verið framkvæmd ennþá strangara en lög standa til, en þó hefir greiðslujöfnuðurinn stöðugt orðið lakari og lakari. Hvers vegna eru þessar blessunarríku ráðstafanir ekki búnar að bjarga okkur fyrir löngu síðan? Það er af því, að þær grípa ekki á kýlinu. Jafnhliða innflutningshöftunum er með nýjum lánum flutt inn í landið fölsk kaupgeta, og jafnframt aukast ósýnilegu greiðslurnar, sem engin innflutningshöft ráða við.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara út í það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér, en viðvíkjandi því, að hann lagði svo mikið upp úr áliti bankanna í þessu efni, þá verð ég að segja, að álit bankanna er ekki beinlínis þannig í þessu efni, að maður þurfi að láta líða yfir sig vegna þess. Einu sinni voru t. d. innflutningshöftin samþ. eftir ósk Landsbankans, en rétt á eftir voru þar samþ. mótmæli gegn þeim. Í þetta skipti er það samþ. með litlum meiri hl., „að bankastjórarnir séu samþykkir aðaltilgangi frv.“. En aðaltilgangur frv. er, að það þurfi að hafa gjaldeyrishömlur og líka að draga þurfi úr innflutningi. Ég álít, að gjaldeyrishömlur einar nái þessum tilgangi og að frv. mundi alveg fullnægja bréfi bankastjóranna, þó að minar till. yrðu samþ. Annars sögðu bankastjórar Landsbankans það á þessum fundi, að þeir skiptu sér aðallega af því í þessu máli, sem beinlínis snerti þeirra starf. Útvegsbankinn hefir ekki látið neitt álit uppi í þessu máli, og viðvíkjandi þessum eina bankastjóra Útvegsbankans, sem fylgir frv. hér á Alþingi, er það kunnugt, að hann og hans flokkur hefir verið algerlega andvígur innflutningshöftum. Það er samsuðan við Framsfl., sem hefir gert það að verkum, að þeim hefir snúizt hugur.

Það verða alltaf tækifæri til þess síðar að ræða við stj. um það, sem ég sagði um útlitið í fjármálum landsins. En viðvíkjandi þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að stefna stj. væri að auka kaupgetu í landinu og jafnhliða að bæta greiðslujöfnuðinn, þá er það alveg eins og að segja, að maður ætlaði að eyða miklu meiru, en bæta samt fjárhag sinn. Það eina ráð, sem mannkynið hefir fram að þessu fundið sem ráð til þess að bæta greiðslujöfnuð sinn, er að draga úr eyðslu. Það er ekkert annað ráð til. Það, að auka eyðsluna og bæta samhliða greiðslujöfnuðinn, er bara fjarstæða, sem hæstv. fjmrh. getur aldrei breytt yfir með því að segja, að hann ætli að beina kaupgetunni inn á við o. s. frv. Þegar innlend kaupgeta er fyrir hendi, þá skiptir hún alltaf um vasa og skilar sér æfinlega í auknum kröfum á erlendan gjaldeyri. Hún getur farið milliveg, en hún skilar sér æfinlega þannig. Ef ég fæ t. d. aukna kaupgetu, og í staðinn fyrir að kaupa frá útlöndum, kaupi innanlands, þá ganga þeir peningar ef til vill milli 2 eða 3 manna, en endirinn verður samt sá sami, — krafa á erlendan gjaldeyri. Það má spyrja bankastjórana um þetta. Þeir geta ekki lánað trygga víxla eða trygg lán, af því að lánin koma æfinlega fram sem krafa á erlendan gjaldeyri. Þess vegna mun stj. stefna út í aukin vandræði með greiðslujöfnuð, ef hún ætlar sér að hafa þá stefnu, að auka kaupgetuna innanlands, eins og hæstv. ráðh. taldi æskilegt að gera.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Ég þarf að svara hv. 1. þm. Reykv. nokkrum orðum, og þá aðallega viðvíkjandi því, hver mismunurinn sé á gjaldeyrishömlum eingöngu og svo aftur á móti gjaldeyrishömlum og innflutningshöftum jafnframt. Þessi hv. þm. vildi segja, að aðalmismunurinn á þessu — auk þess, sem sá munur verður auðvitað, að ef innflutningshöft eru, þá þarf að leita samninga um skuldbindingar erlendis — væri sá, að ef gjaldeyrishömlur væru einar út af fyrir sig, þá yrðu miklu frjálsari viðskipti og menn væru ekki eins bundnir við að sækja um smáleyfi. Þetta, sem hann heldur þarna fram, stenzt ekki, ef gjaldeyrishömlur eru framkvæmdar á þann eina hátt, sem réttlátt er, þ. e. a. s. þannig, að gjaldeyririnn sé fyrst látinn ganga til þess að greiða nauðsynlega vöru, og síðan sé afgangurinn látinn ganga til ónauðsynlegra vörukaupa. Þetta er sú eina framkvæmd á gjaldeyrisskömmtun, sem vit er í frá almennu sjónarmiði. Enda mun það vera svo, þegar gjaldeyrisskömmtun er framkvæmd og reynt er að haga henni þannig, að þá verkar hún að þessu leyti eins og innflutningshöft. Ef gjaldeyrisskömmtun er þess vegna framkvæmd á þennan hátt, eins og sjálfsagt er, þá er eini mismunurinn á gjaldeyrishömlum einum og svo aftur gjaldeyrishömlum og innflutningshöftum líka, að þá er ekki hægt að stofna skuldbindingar erlendis án leyfis, og þess vegna er hægt að hafa fastari tök á málinu en ella.

Hv. þm. sagði, að undanfarið hefðu innflutningshöftin ekki bjargað neitt í þessum efnum. Ég vænti, að hv. þm. sé það kunnugt, að núv. fyrirmæli hvað þetta snertir eru aðallega byggð á gjaldeyrisskömmtun, og að síðustu árin hafa innflutningshöft ekki verið framkvæmd nema að sumu leyti, að þau eru ekki á margskonar varningi, og það er einmitt þetta, að áliti þeirra, sem mest hafa um þessi mál fjallað, sem hefir orðið til þess, að framkvæmdir í þessu efni hafa að nokkru leyti farið í ólestri.

Hv. þm. var að tala um það, hvort innflutningshöft væru nauðsynleg út af fyrir sig, og las í því sambandi nokkurn hluta bréfsins frá bankaráði Landsbankans. Hann las þetta bréf eins og sagt er, að viss aðili fari að því að lesa biblíuna, því að hann las aðeins litinn hluta af bréfinu, og þá aðeins þann hluta þess, sem kom sér bezt fyrir hans flokk. Hann las þetta: „Bankastjórnin er samþykk þeim aðaltilgangi frv. til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi". Hann hefði átt að lesa lengra, því að svo stendur hér: „að enginn megi verzla með erlendan gjaldeyri, nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f, og að engar vörur megi flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar, og engum erl. gjaldeyri ráðstafa, nema með leyfi nefndarinnar og bankanna". Það er skýrt ákveðið um það, að áliti bankaráðsins, að samhliða innflutningshömlum eigi að hafa gjaldeyrisskömmtun. Þeir segja skýrum stöfum, að enga vöru megi flytja til landsins nema með leyfi nefndarinnar. Þeir samþ. það sem aðalstefnu. Það er ekkert annað, sem frv. ákveður, en að það sé heimilt, að skilyrði fyrir innflutningi vara séu leyfð. Þeir eru vitanlega samþykkir því, að um þetta séu l., því að þeir eru sammála stj. um það, að nauðsynlegt sé að nota þetta með tilliti til núv. ástands.

Hv. m. sagði, að það væri ómögulegt að sameina það, að auka kaupgetuna innanlands, eða gera hana almennari en ella væri, og jafnhliða að halda sæmilegum greiðslujöfnuði við útlönd, miðað við núv. ástand. Ég verð að segja það, að þessi skoðun hv. þm. hlýtur að byggjast á því, að ekki sé hægt með gjaldeyrishömlum og innflutningshöftum að koma í veg fyrir, að keyptar séu vörur frá útlöndum. Ég verð að segja, að ég hefi mikla trú á því, að með vel framkvæmdum gjaldeyrisskömmtunum og innflutningshöftum sé einmitt hægt að ráða alveg við það, hversu mikið er keypt af vöru frá útlöndum, og ef hægt er að ráða við það, þá þarf maður ekkert að vera hræddur við að dreifa kaupgetunni innanlands sem bezt milli þegnanna. Og þá á nefndin að beina alveg ákveðnum hluta hennar á erlendan markað, en ég tel, að það geri viðskiptalífið innanlands öruggara. (MG: Hvað tekur langan tíma að lagfæra þetta allt?) Ég geri ráð fyrir, að þessi hv. þm. hafi séð það, ef hann hefir skilið nokkurn hlut í þessu, að í fjárl. frv. stj. er lögð áherzla á að reyna að auka verklegar framkvæmdir, með það fyrir augum að auka kaupgetuna í landinu. Jafnframt þessu verður að skapa stj. grundvöll til þess að takmarka vörukaup frá útlöndum, einmitt með það fyrir augum, að hin aukna kaupgeta, sem kann að koma fyrir atbeina stj. í þessum efnum, beinist ekki óeðlilega mikið til þess að kaupa útlendan varning. En frá sjónarmiði þeirra, sem hafa enga trú á því, að hægt sé að hafa hömlur á innflutningi vara, verður eina ráðið að reyna að draga úr kaupgetu í landinu eins og hægt er, en ég verð að segja, að það sé hreinasta neyðarúræði og hrein og bein sveltipólitík.

**Magnús Guðmundsson:** Mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh., hvað lengi hann telji að hann muni vera að kippa öllu í lag með þessum ráðstöfunum. Ég leyfði mér að spyrja hann um þetta áðan, en fékk ekkert svar, og óska þess vegna, að hann svari nú. Ef hann telur, að þetta muni taka einhvern ákveðinn tíma, þá getur hann sagt það. Ég skal viðurkenna það, að ég tel mig ekki hafa neitt tólfkongavit á þessu, eins og hæstv. fjmrh. álítur sig hafa, en ég tel mér þó heimilt að spyrja hann um það, hve lengi hann ætli að vera að því að laga það slæma ástand, sem nú er í þessum efnum. Annars þarf hæstv. fjmrh. ekki að lýsa sinni fjármálastefnu hér. Hann hefir skýrt svo oft frá því hér, að hann vilji hafa útgjöldin í fjárl. sem mest og jafna kaupgetuna innanlands, en sjá svo um, að ekki verði keypt nema litið frá útlöndum. Hvað heldur hæstv. ráðh., að hann verði lengi að koma í kring þeim endurbótum, sem hann ætlar sér að gera með þessu?

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Hæstv. ráðh. kom nú inn á það, sem ég kalla bara „agitation", en enga skýringu. Hvað því viðvíkur, að ég telji ekkert annað ráð til þess að bæta gjaldeyrisjöfnuðinn en að reka sveltipólitík, þ. e. a. s. að draga úr kaupgetunni, þá er það alveg augljóst, að hann getur ekkert annað gert sjálfur, ekki nokkurn skapaðan hlut. Hann hefir ekki leyfi til þess að hefta innflutning hingað frá öllum löndum. En við skulum segja, að hann hefði leyfi til þess og að við gætum beint kaupgetunni inn á við og aukið hana. Hvaða afleiðingu mundi það hafa? Það mundi bara hækka verð á öllu innanlands að sama skapi, og við yrðum engu nær. Það mundu fleiri krónur ganga manna á milli, og kaupgjald mundi hækka og annað slíkt. Það hefir engin önnur áhrif en þessi, ef settir eru peningar af stað á þennan hátt. Það kemur bara fram í hækkuðu verðlagi innanlands, og engu öðru. Þá álít ég, að það sé miklu heilbrigðara að sjá til þess að kaupgetan minnki innanlands á þann hátt, sem verður landinu að mestu gagni, þ. e. a. s., ef hindra þarf innflutninginn, að gera það þá með hækkuðum tollum á vöruna, svo að minna verði keypt. Það er hægt að draga úr kaupum á erlendum vörum, en ríkissjóður á hinn bóginn fái eins miklar tekjur og áður, og standi sig þá betur við að lækka skuldir utanlands og minnka ósýnilegu greiðslurnar, en vegna þeirra er erfiðast fyrir okkur að hafa greiðslujöfnuð.

Ég vil svo itreka spurningu hv. 1. þm. Skagf. Það er fróðlegt að fá að heyra það, hve fljótt

hæstv. ráðh. heldur, að hann geti bætt greiðslujöfnuðinn, og þannig ástandið út á við, með þessum ráðstöfunum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 1. þm. Skagf. greip fram í fyrir mér áðan og spurði um, hve lengi ég teldi mig verða að laga ástandið í þessum efnum með ráðstöfunum, sem ég vildi nú gera í fjármálum. Ég verð að segja það, að ég álít, að fyrirspurn hans hafi gefið fullkomlega tilefni til hnútunnar, sem ég fleygði til hans út af þessu. Það er vitanlega ómögulegt að segja um þetta að svo stöddu. Það, sem stj. keppir að, er að reyna að jafna aðstöðu þegnanna innanlands með aukinni kaupgetu og með auknum verklegum framkvæmdum. Það er ómögulegt að segja um, hvað stj. kemst langt í því að auka atvinnu í landinu, svo að það teljist viðunanlegt, eða hve lengi hún verður að ná því marki, sem hún telur nauðsynlegt að ná. Stj. mun fylgja þessari aðalstefnu svo fast fram sem hægt er. Það fer líka eftir því, eins og kunnugt er, hve miklar tekjur ríkissjóðs eru á hverjum tíma og hverju hann getur varið til verklegra framkvæmda, sem geta svo aftur orðið til þess að auka kaupgetuna og efla viðskiptalífið. Það er ekki hægt fyrir nokkurn mann að spá um það, hvort til þess muni ganga 1 eða 2 ár. Það virðist helzt vera svo, að þessi hv. þm. botni ekki nokkurn skapaðan hlut í því, sem hér er verið að ræða um. Spurning hv. 1. þm. Reykv. var miklu skynsamlegri, þar sem hann miðaði við greiðslujöfnuðinn við útlönd. Það er atriði, sem frekar er hægt að spyrja stj. um, og ég skal svara honum þannig, að ef þessar ráðstafanir, þessi auknu tök á gjaldeyris- og innflutningsmálum, verða að því gagni, sem stj. vonast eftir, þá býst hún við, að eftir að framkvæmt hefir verið eftir þessum reglum í eitt ár, þá verði komið langt áleiðis í því að láta þennan greiðslujöfnuð standast á. Við búumst við því, að á næsta ári geti greiðslujöfnuðurinn við útlönd orðið sæmilegur, með aðstoð þeirrar löggjafar, sem verið er að setja hér til þess að reyna að fá þessu framgengt.

**Magnús Guðmundsson:** Ég læt mér það í léttu rúmi liggja, þó að hæstv. fjmrh. telji mig ekki hafa vit á þessu máli. Ég get sagt það sama um hann, því að min skoðun er sú, að hann hafi ekki hið allra minnsta vit á því. Það er þess vegna kaup kaups. Og þess vegna beindi ég til hans þessari spurningu, sem snart hann svona óþægilega, að ég fann, með hvílikum ógnargorgeir hæstv. ráðh. talaði um þetta mál. Hann var að sýna fram á, að það væri svo sem ekki mikill vandi að ná því marki, sem stj. ætlaði sér. Það væri ekkert annað en að heimta nóg úr ríkissjóði til aukinnar atvinnu innanlands. Ætli það geti ekki komið fyrir, að eitthvað þurfi að kaupa frá útlöndum til þeirra þarfa? Það er gert ráð fyrir byggingum og nýbýlum. Ætli það þurfi ekki eitthvað frá útlöndum til þess? Eða atvinnubótavinnan. Hæstv. fjmrh. lofar að jafna greiðsluhallann við útlönd á næsta ári. **(Fjmrh.:** Hefi engu lofað!). Jú, hann segir, að með þeim ráðstöfunum, sem stj. ætli að gera, hljóti þetta að komast í gegn. **(Fjmrh.:** Ekki hljóti!). Ja, hæstv. ráðh. vill nú draga í land, og skal ég ekkert lá honum það. Hann sagði, að það væri vitleysa að spyrja, hvenær stj. yrði búin að koma þessu í kring. En það var engin vitleysa út frá þeim forsendum, sem hæstv. ráðh. gaf. En ég er ráðh. samdóma um það, að það var vitleysa að spyrja hann að því, enda gerði ég það í háði.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um, að ég hefði sagt, að það væri ekki mikið að leysa úr þessum vandræðum, það þyrfti aðeins að fá peninga og veita þá til framkvæmda, loka kaupgetu manna inni o. s. frv. Ég vona, að hv. þm. hafi heyrt það, sem ég sagði, ef hann er þá ekki orðinn heyrnardaufur líka. En ég sagði, að það væri ómögulegt um það að segja, hvenær stj. yrði búin að auka atvinnureksturinn svo sem þarf. Það fer m. a. eftir því, hve miklu fé ríkissjóður hefir yfir að ráða. Ég sagði því, að þessari heimskulegu spurningu væri ekki hægt að svara. Að efniskaup fylgi verklegum framkvæmdum, er auðvitað að sumu leyti rétt. En ég vil þó benda á, að mestum hluta þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru, fylgja lítil efniskaup, og stj. vill einmitt ýta undir þær framkvæmdir, þar sem eingöngu eða að mestu leyti er um verkalaun að ræða. Ég ætla, að okkur sé öllum kunnugt, að hús eru byggð hér úr erlendu efni, en ég vil segja hv. 1. þm. Skagf. það, að við erum enn ekki svo langt leiddir, að við höfum orðið að stöðva byggingar hér. Og ég vil benda honum á, að enn er flutt inn svo mikið af óþörfum varningi, að syndlaust væri að flytja nokkuð af því fé yfir á efniskaup þjóðarinnar. Við verðum þó fyrst og fremst að hafa þak yfir höfuðið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 491, I. a felld með 9:2 atkv.
— 491, I. b—c og II—V teknar aftur.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 469).
Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 469, n. 614).

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Í Ed. voru gerðar á því nokkrar breyt. í þá átt að auka vald

bankanna yfir gjaldeyrinum. Meiri hl. n. telur óhjákvæmilegt eins og nú stendur, að ríkisstj. og bankarnir ráði yfir öllum þeim gjaldeyri, sem til fellur. Utanríkisverzluninni er þannig háttað og mun verða fyrst um sinn, að nauðsynlegt verður að teljast, að skipulag sé á innflutningi vara og notkun gjaldeyris. Í frv. er þessu skipt, en það kemur í sama stað niður, þar sem sömu mönnum er ætlað að fjalla um hvorttveggja. Gjaldeyrisráðstafanir eingöngu nægja ekki, því að þá er mönnum sá möguleiki opinn að nota lánstraust sitt til þess að flytja inn vörur í von um að fá gjaldeyrisleyfi síðar. Það getur verið óþægilegt fyrir banka og ríkisstj. að standa lengi á móti greiðslum slíkra skulda, því að þegar slíkar skuldir hafa skapazt, er auðvelt fyrir kröfuhafa erlendis að fá stjórn sins lands í lið með sér. Þannig gæti verið hætta á, að ónauðsynlegur innflutningur æti upp að meira eða minna leyti þann gjaldeyri, sem þörf er á vegna innflutnings nauðsynjavara og í aðrar óhjákvæmilegar greiðslur. Meiri hl. n. álitur öryggi þessara mála bezt borgið með því, að komið sé á þau föstu skipulagi, og hyggur, að því megi svo fyrir koma, að allir geti við unað.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég kvaddi mér hljóðs í því skyni að fara fram á, að þessu máli væri frestað, af því að við tveir nm., sem skrifuðum undir nál. með fyrirvara, ætluðum að bera fram brtt., en það má raunar eins gera það við 3. umr., svo að ég mun ekki leggja neitt kapp á að fá málinu frestað þess vegna. Ég get lýst þessari brtt. nú þegar, en hún lýtur að því, að numið sé burt það ákvæði að binda innflutningsleyfi við gjaldeyrisleyfi. Það má benda á reynslu undanfarinna ára, því að við höfum raunar búið við þessi innflutningshöft síðan 1920, þó að nokkur ár féllu úr um miðbik þess tímabils, en öll þessi ár, sem innflutningshömlur hafa verið í lögum, hefir verið hægt að fá hér hverja þá vöru, sem nokkur girntist. Afleiðingarnar hafa aðeins orðið þær, að vörurnar hafa verið seldar hærra verði en ella. Hefir því reynslan sjálf sannað máttleysi innflutningshaftanna mjög greinilega. Innflutningurinn hefir verið nokkuð mismunandi frá ári til árs, en af þeim sveiflum má sjá, hve gersamlega áhrifalaus þessi höft hafa verið á innflutninginn. Gjaldeyrispostularnir segja að vísu, að nú eigi að taka þetta mál föstum tökum og gera gangskör að því að beita þessum innflutningshöftum. Þetta hefir oft verið sagt áður, en reynslan hefir jafnan orðið sú sama. Þessar reglur hafa alltaf reynzt afsleppar og engin tök náðst á framkvæmdinni, hvað þá föst tök. Afleiðingin hefir helzt orðið sú, að einum hefir verið bannað og öðrum leyft, og þannig misskipt á milli manna á ýmsa vegu. Verzlanir fá að setja upp nýjar deildir með vörur, sem innflutningshöft eru á, án nokkurrar hindrunar, og ég býst við, að á þessu verði ekki nein breyting. Vegna verzlunarsamninga við ýmsar þjóðir verður líka að leyfa innflutning frá þeim. Ég held, að eina leiðin, sem hægt er að fara í þessu máli, sé að beina viðskiptunum til þeirra þjóða, sem við höfum gott af að verzla við. En það er hægt með gjaldeyrishömlum, og ég neita því ekki, að þeirra sé þörf. En við munum, eins og ég tók fram, bera fram brtt. við frv. við 3. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Ég ætla ekki að fjölyrða um málið. En viðvíkjandi orðum hv. 3. þm. Reykv. um að fresta umr. vildi ég beina þeirri ósk til hans að geyma brtt. til 3. umr., til þess að málið þurfi ekki að tefjast. Það er nú orðið áliðið þingtímann, en áríðandi, að málinu verði lokið. Ég sé ekki ástæðu til langrar umr. um þörfina á innflutningshöftum eða hvaða gagn þau geti gert. En ég vildi aðeins benda á, að það, sem skilur hér á milli meiri og minni hl., er það, að eftir frv. eins og það liggur fyrir eru innflytjendur skyldir að leita innflutningsleyfis áður en þeir flytja vöruna inn og stofna til skuldar, en séu gjaldeyrishömlurnar einar látnar nægja, geta menn flutt inn vörur og sótt svo um gjaldeyrisleyfi eftir á til greiðslu þeirra. Í þessu er fólginn aðalstefnumunur meiri og minni hl., en eins og hv. þm. V.-Ísf. sagði, getur það verið varhugavert, að menn fái að stofna þannig til skulda, því að það getur þá orðið óhjákvæmilegt að veita gjaldeyri til greiðslu skulda, sem óþarft var að stofna til. Ég get sagt það til upplýsingar, að ég veit ekki betur en að öll gjaldeyrisnefndin, sem nú situr, sé sammála um þetta frv., og þar á meðal fulltrúi verzlunarstéttarinnar, Björn Ólafsson kaupmaður. Ég vildi aðeins taka þetta fram til þess að skýra misskilninn á þeim skoðunum, sem fram hafa komið í þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:1 atkv.
2.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 17:1 atkv.

---

Á 52. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 7. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 469, 654).

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Það er dálítið skringilegt, hvernig hæstv. forseti fer í felur með dagskrána. Það er eins og hann hafi það fyrir augum, að koma mönnum á óvart. Hann grípur niður hingað og þangað. En þetta er auðvitað tiltölulega saklaust. Minni hl. fjhn. hefir borið fram brtt. á þskj. 654, sem fer í þá átt að fella niður úr frv. heimild þá til innflutningstakmarkana, sem í því felast, og takmarka störf n. við gjaldeyrisúthlutunina. Reynslan virðist hafa sýnt það, að almennar innflutningshömlur hafa litla þýðingu. Það er kunnugt, að í daglegum viðskiptum er hægt að fá hvaða vöru sem er. Það hafa nú í hálfan annan áratug verið framkvæmdar innflutningshömlur að meira og minna leyti, og hefir reynslan sýnt, að þær hafa aldrei borið neinn árangur. Þegar takmarkan-

irnar hafa átt að vera sem strangastar, þá hefir innflutningurinn jafnvel verið mestur. Það hefir bólað á því, að þetta innflutningshaftafálm hefir gert það að verkum, að innflutningur hefir verið óeðlilegur og að safnazt hafa til landsins vörur, sem ekki hefir verið bannaður innflutningur á meir en þörf er á, og verzlunin því orðið óheppileg. En ekkert gagn hefir verið sjáanlegt af þessu. Þegar þar við bætist nú, að ekki er hægt að framkvæma þetta bann vegna verzlunarsamninga við erlendar þjóðir, þá er tilgangslaust að hafa þetta í l. Því er haldið fram, að þetta sé nauðsynlegt vegna þess, að annars gætu menn fengið vörur að láni og safnað skuldum, og svo reki að skuldadögunum, og þá sé ekki hægt að standa á móti því, að menn fái gjaldeyrisleyfi. Það er ástæðulaust að óttast þetta, og þetta er ekkert annað en blekking. Því að viðskiptaörðugleikar þeir, sem þjóðirnar eiga nú við að stríða, gera það að verkum, að þeir, sem lánin taka, verða að taka á sig áhættuna og taka afleiðingunum, ef gjaldeyrisleyfi fæst ekki. Það kemur ekki til mála að gera þá kröfu til nokkurrar þjóðar, að hún standi skil á slíkum skuldum. Það er því óskiljanlegt, hvers vegna á að halda í þetta ákvæði, þar sem það liggur í augum uppi, að auðveldara er að takmarka gjaldeyrinn einn saman heldur en að vera að rogast með innflutningshöft, sem ekki koma að neinu haldi. Ég er sannfærður um, að með því að flétta innflutningsleyfin inn í l. er framkvæmd þeirra gerð erfiðari og árangur engu betri. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég hefi margsinnis rætt þetta mál síðan 1920, er fyrstu l. um þetta voru sett, og maður þreytist á að þylja sömu rökin ár eftir ár. En allt, sem ég hefi haldið fram um þetta, hefir reynzt rétt. Ég veit ekki til þess, að í nálægum löndum séu framkvæmd slík innflutningshöft sem verið er að fálma við hér. Í öllum löndum er haft eftirlit með gjaldeyrisnotkun, en viðskipti einstakra manna eru látin afskiptalaus að mestu leyti. Brtt. hnígur eingöngu að þessu, og býzt ég við, að hv. þdm. eigi auðvelt með að átta sig á henni.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég leyfi mér að leggja fyrst fram skrifl. brtt. um ákvæði aftan við 3. gr. frv., og er hún svo hljóðandi: „Kostnaður við nefndina greiðist að hálfu úr ríkissjóði og einum fjórða af hvorum bankanna", — og er það sama fyrirkomulag og verið hefir.

Hv. frsm minni hl. kvaðst ekki vita til, að slík innflutningshöft væru í öðrum löndum. Ég vil upplýsa hann um það, að það er m. a. eitt land, sem hann kannast við, sem hefir samskonar lög, og það er Danmörk. Hann segir, að það hafi allt reynzt rétt, sem hann hafi haldið fram, en það er nú svo, að síðastl. þrjú ár hafa innflutningshöft og gjaldeyrishömlur verið settar í flestum löndum álfunnar. Það er ekki af því, að allar þessar þjóðir vilji búa við höft, heldur hafa þær verið nauðbeygðar til þess. Hann vildi kalla það blekkingu, að það væri nauðsynlegt að safna ekki fyrir skuldum. Ef hér er um blekkingu að ræða, þá er hún komin til mín frá forstjóra stjórnarskrifstofunnar um utanríkismál í London. Hann sagði, að við skyldum óttast það mest, ef söfnuðust fyrir kröfur, sem aðrar þjóðir gengju í að innheimta eftir hinni opinberu leið, en við þyrftum ekki að óttast það, þó við þyrftum að takmarka innflutning. Vitanlega er þessi hætta til, því margir hafa, sem betur fer, það lánstraust, að þeir geta fengið vörur að láni, þó óvíst sé, hvenær greitt verður. Ef þeim er treyst, þá vilja sumir leggja á hættu, hvenær þeir fá gjaldeyrisleyfi, í þeirri von, að það verði þó einhverntíma. Hv. þm. talaði um, að innflutningshöftin sköpuðu þau vandræði, að þá flyttist ekkert inn af sumum vörutegundum, en af öðrum söfnuðust fyrir allt of miklar birgðir. Þetta á kannske við eldra ástandið, þegar innflutningshöftin náðu ekki til nema 10% af vörum þeim, sem fluttust til landsins. Þegar höftin náðu ekki yfir nema svona lítinn hluta, þá hefir það kannske valdið vankvæðum. Nú þarf eftir þessum l. gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir allar vörur, og má þá fyrirbyggja þessi mistök. Ég gerði um síðustu áramót tilraun til þess að fá bráðabirgðal. með samþykki allra þingflokka um það, að gjaldeyris- og innflutningshöftin næðu til allra vörutegunda, en það mistókst, og þess vegna hafa kannske meiri skuldir safnazt þetta ár en gott er. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Það eitt, að bankarnir sjá um gjaldeyrisverzlunina og þeir telja þessi l. nauðsynleg, ætti að nægja til að sýna, að það er ekki að ástæðulausu, að þetta frv. er fram komið.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt., sem nú hefir verið lýst, og sé ég ekki ástæðu til að lesa hana upp aftur. Brtt. er of seint fram komin og þarf því afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 706) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Ég hefi gaman af því að minna hv. þm. V.-Ísf. á það í sambandi við það, sem hann sagði um skuldasöfnunina erlendis, að það var mjög um það deilt á árunum 1920—1923, hvort það varðaði þingið nokkru, að það höfðu safnazt undanfarin ár skuldir hjá aðalseðlabanka landsins, á innstæðureikning bankans við útlenda banka. Það var mjög um það deilt, hvort gera ætti ráðstafanir í þessu efni. Ég veit ekki betur en Framsókn hafi þá fylgt þeirri stefnu, að það þyrfti ekkert að gera. Og ef það væru gerðar ráðstafanir til að greiða skuldirnar, þá væri ríkissjóður gerður að eyðslusjóði braskaranna í Rvík. Vitanlega var það vitleysa að halda slíku fram, því þetta voru ekki skuldir einstakra manna, heldur skuldir, sem bankarnir voru orðnir skuldunautar að. Ástandið þá var mjög frábrugðið því, sem það er nú. Þá voru engar gjaldeyrishömlur, og þessar skuldir höfðu safnazt hjá stofnun, sem ríkið bar siðferðislega ábyrgð á. Nú heldur hv. þm. því fram, að alþjóð verði að sjá um, að þær skuldir séu greiddar,

sem einstakir menn safna erlendis. Ég staðhæfi, að þetta sé fjarstæða. Ekki af því, að það hafi ekki verið nauðsynlegt á þeim tíma að gera ráðstafanir vegna gjaldþrota Íslandsbanka, og það var af þeim sökum, sem ég hefi greint áður, að þá voru ekki fyrir hendi gjaldeyrishömlur. Nú á öllum að vera það kunnugt, að ef ekki er fyrir hendi gjaldeyrisleyfi, þá eiga menn undir högg að sækja, hvort þeir fá vöruna greidda. Hv. þm. getur nú haldið því fram, að hann sé ekki sömu skoðunar og fyrir 10—12 árum, en þá beinast þessi ummæli mín til hæstv. ríkisstj. og Framsfl. eins og hann er nú í þinginu.

Ég er sannfærður um, að það verður sama sleifarlagið og hingað til á framkvæmd l. og sama hlutdrægnin, sem átt hefir sér stað, að einstakar verzlanir hrúga upp vörum, en aðrar eru pindar til að fara á höggstokkinn vegna haftanna. Þetta ástand á ekki að haldast uppi með löggjöf, því það er bersýnilegt, að þetta er óþarft og það nær ekki tilgangi sínum.

**Sigurður Kristjánsson:** Þetta mál hefir verið til meðferðar í n., og ég hefi talið rétt, að nm. færðu fram rökin með og móti, áður en ég tæki til máls. Þetta mál, sem er til umr. hér, snertir sérstaklega marga af þeim mönnum, sem hafa trúað mér fyrir því að fara með umboð sitt hér á hv. Alþ., og því ber mér ekki að láta það afskiptalaust.

Það er nú orðið nokkuð langt síðan innflutningshaftafarganið hófst, og það byrjaði mildara en það er að verða nú. Það er enginn vafi á því, að heimildarlögin frá 1920 hafa verið ranglega notuð. Ég hefi ekki heyrt nein frambærileg rök flutt fyrir því, að þessi heimildarlög leyfi að banna innflutning á stórum flokkum nauðsynjavara. Það voru aðeins leyfð höft á ónauðsynlegum vörum. Það kemur greinilega fram, að það er óþarfavarningur, sem átt er við, eða það eitt, sem menn geta eða eiga kannske að vera án, en alls ekki það, sem almenningur þarf á að halda.

Það er frá mínu sjónarmiði engum vafa bundið, að sterkasta ástæðan fyrir því, að þessi braut var farin, var þörf einstakra verzlunarfyrirtækja hér á landi, og eftir að lagt var út á þessa braut, þá var hún óslitin röð af misrétti og skilningsleysi þeirra, sem málinu hafa stjórnað. Ég gæti fært svo mörg dæmi fram fyrir þessu, að dagurinn entist ekki til þess. Og nú er enn hert mjög á þessum höftum og stj. ætlar nú að reka endahnútinn á með þessu frv. og fá heimild til að banna innflutning á öllum sköpuðum hlutum til landsins. Mér þykir ekki ólíklegt, að þetta sé skoðun allra þm. í stjórnarflokkunum, þó að ég hafi ekki sönnun fyrir því enn. Undarlegt má það þó vera, þegar það er athugað, að innflutningshöftin hafa annarsvegar alls ekki náð þeim tilgangi sínum að minnka innflutning til landsins, og hinsvegar hafa þau skapað almennt aukna dýrtíð í landinu, til fullkominnar bölvunar fyrir alla alþýðu landsins, og þá er það merkilegt, að allir stjórnarsinnar, sem þykjast vera umboðsmenn þeirra fátækari í landinu, skuli geta verið sameinaðir um að leggja þessa bölvun á alla alþýðu þessa lands, þó að með því sé hægt að hlynna að einstökum verzlunarfyrirtækjum, en vinna öðrum tjón og óþægindi.

Ég sagði, að innflutningshöftin hefðu ekki náð þeim tilgangi að minnka innflutning til landsins. Á því skal ég nú gefa nokkra skýringu, þó að þess sé engin þörf, því að um það eiga allir þeir að vita, sem það vilja vita og hafa opin augun. Innflutningsskýrslurnar sýna, hvernig þessu er farið. Fyrsta árið, sem höftin voru, fluttist hér inn talsvert miklu minna en áður, sem allir gátu séð, að stafaði af því einu, að þá var verið að eyða upp birgðum, sem fyrir voru í landinu, en strax næsta ár óx innflutningurinn um að því er mig minnir 10 millj. kr., og ég ætla, að hann muni aukast þetta ár um ekki óverulega upphæð. Þetta sýnir máttleysi innflutningshaftanna í því að láta menn nota minna af innfluttum vörum en áður hefir verið. Þetta er ekki undarlegt, og fyrst og fremst af því, að ríkið er nú búið að sölsa undir sig ekki svo litinn hluta af innflutningi til landsins, og þessi innflutningur hefir færzt í vöxt, jafnvel þó að það hafi verið miður nauðsynlegar vörur. — Í öðru lagi er það, að undanskildar hafa verið þær vörur, sem dýrastar eru í innkaupi og þar af leiðandi gjaldeyrisfrekastar. En þegar mönnum er bannað að flytja inn það, sem þeir hafa áður verzlað með, þá verður flestum það fyrir að reyna að selja aðrar vörutegundir, sem þeir hafa ekki áður haft í verzlun sinni, og í þessum tilfellum hafa það einmitt orðið gjaldeyrisfrekar vörur. Nú á víst að setja undir þann leka með því að banna allan innflutning. En ég geri ráð fyrir, að þá komi að því, sem áður hefir sýnt sig, að ef skortur er á einhverri vöru, þá er ekki hægt að standa á móti, og verði þá undanþágur veittar.

Ég vil í þessu efni taka undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að hver maður, sem hefir augu, geti gengið um bæinn, og þá geti hann séð, að búðargluggarnir eru fullir af vörum, sem átti að hefta innflutning á. Það er bersýnilegt af öllum þeim söluskemmum, sem hér eru, að hér er enginn hörgull á allskonar varningi fyrir þá, sem efni hafa á að kaupa hann, og það stafar vitanlega af því, að innflytjendur hafa haft einhver ráð með að ná í þennan varning. Hitt er alveg bert, að það hefir verið beitt mikilli hlutdrægni um þennan innflutning. Hann hefir víðast komizt á færri manna hendur og líka á annara en áður höfðu, og þar af leiðandi hefir varningurinn orðið dýrari en áður.

Enginn má þó skilja orð mín svo, að þetta gildi aðeins um óþarfan varning, því að innflutningshöftin hafa engu síður gengið út yfir nauðsynjavörur, það er ekki langt síðan það komu mjög harðar umkvartanir frá atvinnurekendum þessa lands út af því, að þeim væri bannað að flytja inn brennsluefni (olíur til mótorvéla), og ef þeir fengju það, þá yrðu þeir að sæta mjög háu verði, miklu hærra en á meðan þeir fengu að flytja það inn sjálfir. Þetta dæmi er aðeins eitt af mörgum, sem sýna, hversu illa það kemur sér, þegar slíkar hömlur eru settar.

Það er sjálfsagt rétt, sem fram hefir verið tekið hér, og er það einasta, sem hv. formælendur þessa frv. hafa flutt fram því til stuðnings, að við höfum þannig lagaða samninga við ýmsar þjóðir, að við verðum að beina viðskiptum til þeirra. En að þessu er opin leið, bæði gegnum gjaldeyrisverzlunina og einnig getur ráðh. gripið þar fram í, ef honum sýnist þess þörf. En almennt bann á öllum innflutningi til landsins þarf ekki vegna þessara hluta. Það er spunnið af allt öðrum toga.

Það má vel vera, að þeir menn, sem eiga því láni að fagna — ef lán skyldi kalla — að eiga hér sæti, þeim liggi í léttu rúmi fyrir sig persónulega, hvort þær vörur, sem þeir þurfa að kaupa fyrir sig og sína, eru 20—40 eða 100% dýrari en hægt væri að fá þær, — en ég vil fá mig þar undanskilinn. Og fáir af kjósendum þeirra munu þannig settir, að þeim sé sama. Ég er alveg viss um, að það er plága, er þeir leiða yfir kjósendur sína með því að samþ. þetta frv.

Það er náttúrlega fleiri en ein stoð, sem renna undir þetta frv., þó að engin þeirra sé lofsverð. Það er fyrst og fremst það, sem ég nefndi áðan, að það er auðvelt að misjafna milli þeirra manna, sem flytja inn vörur. Það er hægt fyrir ráðríka menn að gera einn ríkan og annan snauðan. En með þessu máli er fyrst og fremst hægt að gera almenning snauðan. En það er líka annað, sem hvetur til að setja þessi l. Ýmsir þeirra, sem standa nærri stj., vilja taka sem mest af athafnafrelsi almennings frá honum. Þetta er einn ríkasti þátturinn í kommúnismanum, sem stj. vill helzt ekki kannast við, að hún fylgi: að taka af mönnum sem flest yfirráð þeirra eigin mála. Það er einnig tilætlunin hér, að banna mönnum að fá þær vörur, er þeir þurfa að fá, nema með sérstöku leyfi stj. Þó að ekki væri nema þetta eitt, þá væri það nóg ástæða fyrir mig og aðra, sem eru andvígir þessari þrælkunarstefnu rauðu flokkanna, til að vera á móti þessu frv. Og ég geri ráð fyrir, að þeir séu margir, og það mjög margir af þeim, sem hafa gefið stjórnarsinnum umboð til þess að fara inn á þessa samkomu, sem mundu verða þeim mjög lítið þakklátir fyrir að fylgja stefnu kommúnista.

Ég skal svo ekki eyða frekar orðum um þetta, því að það er um það eins og margt fleira, sem á að beygja menn undir á þessu þingi, að það þýðir sennilega ekkert á móti því að standa. En það er enginn vafi, að það fer að endingu svo með þetta eins og allar þær hömlur og höft, sem eru lögð á fólk, að fólkið mun velta þeim af sér og þar með þeim mönnum, sem hafa komið þeim á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 8. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 469, 654, 706).

ATKVGR.

Brtt. 654,1 felld með 16:11 atkv.
— 654,2 kom ekki til atkv.
— 654,3 felld með 16:9 atkv.
— 706 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:4 atkv. og endursent Ed.

---

Á 57. fundi í Ed., 10. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 720).

Á 59. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):** Það hafa verið gerðar tilraunir í báðum hv. þd. til þess að breyta þessu frv., þannig að lögð yrði aðaláherzlan á gjaldeyrishömlurnar, sem í frv. eru, en aftur á móti felldar burt innflutningshaftaráðstafanirnar, sem gert er ráð fyrir í frv. Hv. meiri hl. beggja þd. hefir komið sér saman um að fella þessar brtt.

Það hefir engin breyt. verið gerð á þessu frv. í hv. Nd. önnur en sú, að því hefir verið bætt við 3. gr., að bankarnir skuli greiða helming nefndarkostnaðar. Þetta er vitanlega engin stefnubreyting á málinu, almennt talað. Það getur kannske verið gott fyrir ríkissjóð að koma kostnaðinum yfir á herðar bankanna, en það er enginn stefnubreyting á frv. Tilgangurinn með þessum innflutningshöftum er samkv. yfirlýsingu hæstv. fjmrh. það, sem hann kallar „að loka kaupgetuna inni í landinu". Við töluðum um þetta, þegar málið var til meðferðar hér í þessari hv. d., að auka kaupgetuna innanlands, til þess að koma meira fjöri í atvinnulífið, og loka kaupgetuna inni. Ég ætla því ekki að fjölyrða nú um það sama, sem ég talaði þá um, sem sé, að jafnvel þótt kaupgetan yrði lokuð inni, þá yrði það aðeins til þess að kippa okkar gjaldeyri úr öllu sambandi við gjaldeyri annara landa og fella krónuna raunverulega í verði, þ. e. a. s. að fella kaupmátt krónunnar, en halda henni hinsvegar í sama gengi með þessum sterku gjaldeyrisráðstöfunum.

En aðal-atriði þessa máls, eins og það birtist í þessu frv., er dæmalaust „humbug", því að samtímis því, sem sett eru fullkomin innflutningshöft, eru gerðir samningar við ýmsar stórþjóðir um að hafa alls engin innflutningshöft frá þeim löndum. Nýlega hefir t. d. verið birtur útdráttur úr Spánar-samningnum. Eitt ákvæði hans fjallar um það, að engum hömlum megi beita innflutning til Spánar, né heldur gjaldeyri til kaupa á vörum þaðan. Þetta sýnir greinilega, að samtímis því, sem settar eru þessar ströngu gjaldeyrishömlur, er beizlinu beinlínis sleppt fram af í þessu efni. Þetta er hliðstætt því, að sett væri hér algert vínbann, en samtímis væri svo heimilað að flytja vín frá ákveðnu vínlandi. Innflutningshöftunum er því í raun og veru létt af með þessu. Þær vörur, sem hægt er að fá frá Spáni, er því auðvelt að kaupa hömlulaust. Hér er t. d. úthlutað litlum innflutningsskömmtum af stórum vörutegundum, eins og t. d. skófatnaði. Spánverjar framleiða mikið af skófatnaði, m. ö. o., á þessari stóru vörutegund eru engar hömlur. Ég efast ekki um, að flytja megi allskonar dót og glingur til landsins frá Spáni.

Þá má minnast á það, að bílar eru fluttir í stórum stíl frá öflugum amerískum bílaverk-

smiðjum til Spánar og settir þar saman. Þeir eiga því uppruna sinn á Spáni, og er því ómögulegt að hefta innflutning á þeim. Það, sem við höfum þannig upp úr hömlum á bílum frá Ameríku, er það, að við verðum að borga 800—900 kr. meira en ella fyrir hvern bíl. Þetta sýnir, að það er rétt, sem ég hefi oft haldið fram, að þessi innflutningshöft eru oft beinlínis til þess að auka gjaldeyriseyðslu, en ekki gjaldeyrissparnað.

Ég fyrir mitt leyti mun ekki bera fram brtt. við þetta frv. að þessu sinni. Meiri hl. hv. Alþ. virðist vera staðráðinn í því að samþ. þetta „humbug" og setja þessar ströngu reglur um innflutningsbann samtímis því, sem dyrnar eru galopnaðar fyrir frjálsum innflutningi. Þetta á að vera bragð til þess að sýna, hve áhugi stjórnarliðsins á þessum málum er mikill, svo að minna beri á því, að raunverulega er búið að létta innflutningshöftunum af. Það eru vissar vörutegundir, sem við ýmist getum ekki flutt frá þessum löndum eða við verðum smátt og smátt að binda okkur við að kaupa frá öðrum þjóðum, sem við kaupum af. Mér finnst, að menn ættu að horfast í augu við veruleikann í þessu efni, en ekki að vera að dragnast með þennan hégóma, fyrst við getum það ekki. Ég mun því greiða atkv. móti þessu frv.

Ég viðurkenni að vísu, að það geti verið gagn að gjaldeyrisráðstöfunum, en í þessu tilfelli fylgir svo margt annað með, að mér er ómögulegt að greiða frv. atkv. mitt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 780).

## 26. Tolllagabreyting.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911** (stjfrv., A. 14).

Á 6. fundi í Ed., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta er eitt af þeim tekjuöflunarfrv., sem stj. ber fram, og fer það fram á hækkun á tolli af tóbaki, súkkulaði og brjóstsykri. Hækkun tóbakstollsins á að nema 2 kr. af kg. af rjóli og vindlingum, en 4 kr. af kg. af vindlum.

Eins og getið hefir verið um áður við umr. fjármála hér á þingi, er það stefna stj. að afla sem mest tekna handa ríkinu með álagningu beinna skatta og svo tolla af vörum, sem ekki geta talizt nauðsynlegar. Það er nú svo, að þó tóbakstollurinn hafi ekki verið lágur undanfarið, þá hefir hann ekki verið mjög hár á þeim tegundum, sem hér er um að ræða, og fannst stj. því gerlegt að fara fram á dálitla hækkun, með tilliti til tekjuþarfa ríkissjóðs.

Þá er farið fram á nokkra hækkun á tolli af innlendum framleiðsluvörum, sælgæti og þessháttar. Mun engum blandast hugur um, að það sé eðlileg tekjuöflunarleið, þegar um slíkar vörur er að ræða.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en óska, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 14. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 88 og 104).

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Eins og sést af nál. hefir fjhn. ekki orðið sammála um þetta mál. Við hv. 4. landsk. leggjum til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem greinir í nál. okkar á þskj. 88, en hv. 1. þm. Reykv. leggur til, að mér skilst, að fella frv. í áliti sínu á þskj. 104.

Við hv. 4. landsk. berum fram till. um að orða 1. gr. frv. um; þó eru aðeins tvö atriði í brtt. okkar, sem gera efnisbreyt. á frv. Í fyrsta lagi að hækka toll á ávaxtasafa og þess háttar drykkjum um 50 aura pr. lítra, og í öðru lagi stingum við upp á að hækka toll á suðu- og iðnsúkkulaði um kr. 0.50 pr. kg. Þessar hækkunartill. standa í beinu sambandi við annað mál, sem liggur fyrir hv. Nd.; þar munu koma fram till. um lækkun á kaffibætistolli frá því, sem lagt er til í frv. stj., og nær það án efa samþykki. Þessar hækkunartill. okkar hv. 4. landsk. miða að því að vega á móti þessum lækkunum, svo jafnmiklar tekjur fáist, þó báðar brtt. verði samþ. Það er því ekki um auknar álögur á þjóðina að ræða með till. þessum, heldur *tilflutning*. Þessi tilflutningur, sem við þannig leggjum til að gera, byggist á því, að það sé sanngjarnara, að þær vörur, sem við stingum upp á að hækka toll á, séu hærra tollaðar, vegna þess að þær séu ónauðsynlegri vörur en kaffibætir, sem aftur er ráðgert að lækka gjöld á. Við hv. 4. landsk. lítum svo á, að ríkissjóði veiti ekki af þeim tekjum, sem hæstv. stj. stingur upp á að afla. Ef till. koma því fram til hækkunar á tekjum hans, og þær virðast réttmætar, verður um leið að gera ráðstafanir til að ná tilsvarandi upphæð annarsstaðar. Hv. minni hl. n. segir í nál. sínu á þskj. 104, að leiðin sé að lækka útgjöld ríkissjóðs. Það mætti auðvitað hugsa sér þá leið, og mun verða síðar á þinginu tækifæri til að athuga fjárlagafrv. á þeim grundvelli og gera till. þar að lútandi. En eftir því, sem gengið hefir á undanförnum þingum, eru litlar líkur til, að gjaldahlið fjárl.frv. lækki frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég held, að það hafi aldrei komið fyrir síðan löggjafarþing þjóðarinnar tók til starfa. Okkur hv. 4. landsk. er ljóst, að það veitir ekki af þeim tekjum, sem frv. gerir ráð fyrir, jafnframt þeim tekjuöflunarfrv., sem lögð hafa verið fyrir þingið af hæstv. stj., ef ekki á að verða tekjuhalli.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Ég hefi hér í nál. á þskj. 104 gert grein fyrir

þeim ástæðum, hvers vegna ég samþ. ekki brtt. meiri hl. n. Ég minntist á það í sambandi við það mál, sem var hér á undan, og ég þarf því ekki að endurtaka það, að það kemur hér skýrt fram, að við sjálfstæðismenn viljum afgr. tekjuhallalaus fjárlög, þvert ofan í það, sem hæstv. fjmrh. hélt fram um okkur í Nd. í gær. Við viljum stuðla að því, að fjárl. verði afgr. tekjuhallalaus ef fallizt verður á þær leiðir, sem við bendum á, en ég er hræddur um, að þessar tollahækkanir komi ekki að liði. Það er ekki nóg að einblína á hækkun tolla. Við sjáum t. d. tóbakið, sem er í einkasölu og ríkið ræður því sjálft álagningu, það hefir hækkað aftur og aftur, og ég er hræddur um, að við séum komnir að því marki, að tekjurnar hætti að aukast, þó tollurinn sé hækkaður. Það er nefnil. örugg reynsla fyrir því, að þegar tollurinn hefir náð ákveðnu marki, hættir neyzla vörunnar að aukast, og þar af leiðandi vaxa ekki tolltekjurnar, heldur dragast saman vegna minnkandi neyzlu. Við getum sagt, að það sé ekki skaðlegt hvað snertir tóbakið, þó notkun þess minnki, en það er annað atriði, sem í þessu sambandi er athugavert, og er bæði skaðlegra og hættulegra, að það er mjög hætt við því, að meiri áherzla verði lögð á að smygla inn tóbaki en verið hefir. Er það hættulegt að því leyti, að þá fara peningar úr landinu til óheppilegra innkaupa og óhagstæðari, og í öðru lagi missir ríkissjóður þær tolltekjur, sem hann hefir haft. Ég er því hræddur um, að þó menn vildu hækka tekjur ríkisins með þessari álagningu, þá mundi það ekki takast, heldur þvert á móti. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en láta atkvgr. skera úr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Það er alveg rétt frá skýrt hjá hv. 1. þm. Reykv., að Sjálfstfl. hefir í hyggju, að því er séð verður, að standa móti tekjuöflunarfrv. þeim, sem fram kunna að vera borin, en þó hann hafi það bak við eyrað, er engin ástæða til að ræða það almennt nú við umr. um þetta mál. En ég tel rétt að taka það fram, að það þarf 2 millj. kr. tekjuauka, ef þingið fellst á að samþ. þær lækkanir á tollum og útflutningsgjöldum, sem fjárl. gera ráð fyrir. Ég hefi heyrt það í hv. Nd., að Sjálfstfl. muni vera með því að lækka síldartollinn, en hér í d. mun hann vera á móti lækkun á kaffitollinum. Þegar dregin er frá þessi eina lækkun, sem Sjálfstfl. er meðmæltur, vantar 1,8 millj. kr.

Ég vil segja, að það sé æskilegt að fá að heyra, hvað Sjálfstfl. hefir bak við eyrað að flytja sem till. um tekjuhækkanir, eða hvað það er, sem hann hyggst að gera sínar till. um til lækkunar. Það er kannske til mikils mælzt, að hann geri grein fyrir því við þessa umr., þar sem fjvn. hefir ekki starfað lengi ennþá, en e. t. v. getur maður fengið að vita, hvaða aðalstefnu flokkurinn hyggst að taka. Það er ekki létt verk að lækka útgjöldin um 1,8 millj. kr., og er því æskilegt, að þeir, sem hafa í hyggju að gera það, fari að undirbúa sig með sínar till. (**MG**: Veit ráðh., nema farið sé til þess?). Nei, en ég nefndi þetta að gefnu tilefni, því ég hefi orðið var við í Nd., að flokksmenn þessa hv. þm. hafa fylgt þar ýmsum málum, sem skapa hækkun á útgjöldum ríkissjóðs, svo það getur vel orðið meira en 1,8 millj. kr., sem skera þarf niður. Ég get ekki hugsað mér, hversvegna Sjálfstfl. getur ekki stutt hækkun á tóbakstolli, er þeim er svo kunnugt um örðugleika ríkisins sem þeim hlýtur að vera.

Hvað því viðvíkur, að tollar á tóbaki séu orðnir svo háir, að hækkunin muni ekki gefa auknar tekjur, get ég haft það eftir mönnum, sem eru kunnugir þessu máli, — t. d. hefi ég borið mig saman við forstöðumann verzlunarinnar — og hann telur enga eða litla hættu á, að svo verði, enda er ráð fyrir því gert í fjárlfrv., að svo kynni að verða að einhverju leyti. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, aðeins óska ég þess, að hv. d. sjái sér fært að samþ. þennan tekjuauka, sem frv. felur í sér.

**Pétur Magnússon**: Það var útbýtt hér í gær frv. til nýrra áfengislaga, þar sem gert er ráð fyrir, að leyfður verði innflutningur áfengra drykkja án tillits til styrkleika. Eftir þeim undirtektum, sem mál þetta fékk á síðasta þingi, þá má gera ráð fyrir, að frv. þetta nái fram að ganga, ekki hvað sízt ef það er flutt að tilhlutun ríkisstj. Ég geri ráð fyrir, ef frv. verður samþ., að af því leiði allverulegan tekjuauka fyrir ríkissjóð. Vildi ég því leyfa mér að leggja þá fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh., hvort gert er ráð fyrir hækkun á þessum tekjum í fjárl.-frv., því ef frv. nær samþ., geri ég ráð fyrir, að sú hækkun gæti numið það miklu, að ekki sé rétt að ganga alveg framhjá henni.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Ég tók eftir því í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. fjárl., og reyndar kemur það fram einnig nú í ræðu hans hér áðan, að ekki væri farið fram á neinar hækkanir á tollum, heldur að færa þá til. Þótti mér þetta ótrúlegt, að svo væri, nema um greiðsluhalla yrði að ræða á fjárl. Nú upplýsir hann um það, að þó gengisviðauki á kaffi- og sykurtolli héldist, vantaði samt 1,8 millj. kr. Ég get því ekki skilið, að ekki þurfi hækkanir tolla, nýjar álögur eða niðurskurð á fjárveitingum, ef greiðslujöfnuður á að nást á fjárl.

Hæstv. ráðh. er alltaf að spyrja okkur andstæðinga hans, hvað við viljum gera eða ætlum að leggja til um tekjuöflun. Ég hefi aldrei þekkt þetta fyrr á þingi, að heimtá till. af nefndum áður en þær eru teknar til starfa. Hann veit ekkert nema við sjálfstæðismenn séum þegar farnir að undirbúa okkar till. Ég vil ekkert segja á þessu stigi málsins, hvaða till. fjhn. kann að gera; það er auðvitað ekki hægt að segja það fyrirfram. Þetta ætti hæstv. ráðh. að skilja, þó hann hafi ekki langa þingreynslu að baki, og því ekki að vera sífellt með áminningar við aðra. Það er mikið verk að undirbúa þessar till. Ég vil segja, að fyrsta skilyrðið til að koma fjárhagnum í lag sé að skera niður allt, sem mögulegt er að skera niður; það er langbezta ráðið á þessum tímum. Það sést nú á sínum tíma, hvað hæstv. ráðh. og flokkur hans vill gera, þegar fjárlfrv. verður til umr.,

og fyrr er ekki hægt að gera ákveðnar till. Þó hæstv. fjmrh. geti sagt, hvernig þetta eigi að vera samkv. sínum frv. og till., vegna þess að hann hefir undirbúið fjárlfrv., þá eigum við hinir eftir að gera okkar till. um lækkanir og hækkanir. Hæstv. ráðh. spyr, hvernig við sjálfstæðismenn viljum afla tekna. Ég hefi sagt það áður, og slegið því föstu fyrir mitt leyti í nál. á þskj. 104, að heimila megi ríkisstj. að innheimta skatta með litilfjörlegu álagi, svo hægt sé að skila fjárl. tekjuhallalausum. Ef hæstv. ráðh. vill innleiða samninga við okkur sjálfstæðismenn um, hvernig afgr. megi tekjuhallalaus fjárl., þá erum við að sjálfsögðu tilbúnir og munum taka því tilboði fúslega.

Þá sagði hæstv. ráðh. — og það er alveg satt —, að það er ekki létt verk að lækka útgjöld fjárl., og það er þess vegna, að við sláum þennan varnagla, að ef þetta tækist ekki, þá yrði gengið inn á nokkra tekjuaukningu. En það er svo með hvern þann, sem eyðir meira en hann aflar, að annaðhvort heldur hann áfram þangað til allt brestur, eða hann verður að lækka útgjöldin, og alveg er það eins með heil ríki. Og ef þau sjá ekki að sér sjálf, þá koma aðrir og skipa þeim fyrir, hvernig þau eigi að haga sér, og það er ekki skemmtilegra.

Hv. 2. þm. Rang. benti á frv. til áfengislaga, sem mundi gefa miklar tekjur, ef samþ. yrði. Ég vil benda á annað frv., sem er nú komið inn í þingið að tilhlutun stj. Það er frv. um einkasölu á bifreiðum, mótorvélum og rafmagnsvélum. Ég þykist vita, að slík verzlun gefi mikinn arð. Væri eðlilegt, þegar slíkt frv. liggur fyrir, að því fylgdi grg. um tekjur, sem vænta mætti af slíkum l. Og þegar svona frv. koma fram, væri ekki nema eðlilegt, að draga mætti úr öðrum álögum. Ég vil því að endingu *itreka þessa fyrirspurn* hv. 2. þm. Rang. og bæta þessari við, hvort ekki megi vænta tekna af svona stórfelldri einkasölu.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl. : Hv. 2. þm. Rang. benti á það, að hér væri á ferðinni lagafrv. um að afnema bannið og sagði, að það mundi veita ríkinu miklar tekjur, ef það yrði samþ. Þetta mál hefir verið rætt talsvert í stj., og ég hefi haft um það viðtöl við þá menn, sem hafa fengizt við verzlun á þeim áfengu drykkjum, sem leyft er að verzla með hér á landi. Við reyndum að gera okkur grein fyrir, hver raunin mundi verða á með þetta, en við höfum ekki getað fengið neitt undir fæturna til að standa á. Við höfum því ekki getað gert okkur grein fyrir, hvort þar yrði um tekjur að ræða, og þó að svo yrði, þá hve miklar þær mundu verða. Hv. þdm. hljóta að sjá, að það er ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir þessu, en ég vil benda á það, að í fjárlagafrv. er gert *ráð fyrir 1100 þús. kr. tekjum af áfengisverzluninni*, og þessi upphæð er miðuð við þá reynslu, sem fengin er, en þó er hagnaðurinn af áfengisverzluninni áætlaður nokkuð hærri en hann áður hefir verið í ár, en hann verður minni í ár en áður hefir verið.

Um þetta efni renna menn alveg blint í sjóinn. Það er ekki ennþá búið að gera sér grein fyrir, hvað mikið eigi að leggja á áfengið, þó að svo færi, að leyft verði að flytja það inn. Þess vegna álít ég ógætilegt að treysta því, að tekjur komi af þessu áfengi á næsta ári, því að við vitum ekki einu sinni, hvort það verður flutt inn.

Þá vil ég einnig benda á það, að ég tel vera mjög lagt á tæpasta vað í áætlunum um tekjur næsta árs, þegar miðað er við þann innflutning, sem gera má ráð fyrir. Þar við má og bæta því, að ég veit ekki til, að nokkurri stj. hafi tekizt enn að koma öllu svo fyrir í framkvæmdinni, að *útgjöld hafi ekki orðið meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir*. Auk þess vil ég benda á það, að eins og fjárlagafrv. er nú, þá eru þar ekki upphæðir, sem er heimild fyrir að greiða, t. d. styrkur til mjólkurbúa. Mér þykir ekki ólíklegt, að fjvn. taki þann lið upp í frv.,og ennfremur styrk til frystihúsa og ýmsar aðrar slíkar heimildir, en ég álít, að ef ekki er áætluð nein upphæð vegna slíkra heimilda, þá sé það meining þingsins, að ekki eigi að nota þær heimildir, nema nægilegur tekjuafgangur sé, því að ég geri ekki ráð fyrir, að neinn vilji, að tekið sé lán til að greiða það fé.

Þegar tekið er tillit til alls þessa, þá sé ég ekki, að menn megi leyfa sér þá bjartsýni að gera ráð fyrir verulegum tekjum af sölu áfengis umfram það, sem verið hefir.

Hv. 1. þm. Reykv. sagðist ekki skilja, hvað ég ætti við, þegar ég segði, að með tekjufrv. stj. væri ekki farið fram á tekjuaukningu. Ég meina það, að þótt þessi frv. verði samþ., þá eru engar *líkur til, að árið 1935 komi meiri tekjur í ríkissjóð* en verið hefir að undanförnu. Það kalla ég að sé ekki tekjuaukning, heldur er verið að færa skattana til, að í stað þess, að áður var treyst á tolla, sem nú hljóta fyrirsjáanlega að lækka vegna minnkandi innflutnings, þá verður nú að treysta á eitthvað annað í staðinn. Hitt er misskilningur hjá hv. þm., að ég eigi við það, að lækkunartill. stj. séu svo stórkostlegar, að til þess að vega þær upp þurfi þessa nýju skatta og tolla, sem gert er ráð fyrir í frv. stj., heldur eiga þeir að koma á móti þessum lækkunum, að viðbættri þeirri tekjurýrnun, sem gera má ráð fyrir, að verði á tekjustofnum ríkissjóðs nú á næsta ári.

Þá sagði hv. þm., að það væri ósanngjarnt af mér að ætlast til, að sjálfstæðismenn komi nú með sínar till. í heild. Ég tók líka fram, að ég ætlaðist ekki til þess, heldur aðeins að fá að heyra, í hvaða átt þeir vildu stefna. Hann minntist á, að hér væri n., sem héti fjvn. og *hefði ekki lokið störfum, og þar mundi* þetta koma fram. Ég vil benda á, að þessi afstaða sjálfstæðismanna til tekjuaukafrv. ætti að vera með fullum fyrirvara, þangað til þessi n. hefði komið fram með álit sitt. Ég get ekki séð, að nein skynsamleg ástæða sé til að setja sig alveg á móti svona tollum, fyrr en séð er, hversu langt þeir komast með þessar niðurfærslutill. sínar í fjvn. Hv. 1. þm. Reykv. þarf því ekki síður en aðrir að minnast þess, að hér er n., sem heitir fjvn. og hefir ekki lokið störfum enn.

Viðvíkjandi þessu tilboði sjálfstæðismanna,

að ganga inn á einhverja hækkun á núv. sköttum ríkissjóðs, skal ég taka það fram, að stj. getur ekki fallizt á þá leið, svo að um það mál sem aðalúrlausn getur ekki verið að ræða.

Hv. þm. minntist á frv. til einkasölu á bifreiðum. Það frv. er flutt hér að tilhlutun stj. Þó að svo fari nú, að það frv. verði samþ. og sett yrði á stofn einkasala á einhverju af þeim vörum, sem þar um ræðir, þá þarf hún mikinn undirbúning, sem enn hefir ekki farið fram nema að mjög litlu leyti. Einkasalan mundi því ekki komast á fyrr en langt væri liðið á næsta ár, svo að þaðan er ekki mikilla tekna að vænta.

**Pétur Magnússon:** Mér kemur ekki til hugar að kasta steini að hæstv. fjmrh., þó að hann sé nú ekki tilbúinn að svara því, hve mikinn tekjuauka hann mundi vilja áætla af þeirri breyt., sem nú á að gera á áfengislögunum. Hinsvegar finnst mér hann óþarflega svartsýnn, ef hann ætlar að gefast upp við að gera nokkra tilraun til þess. Það eru þó til atriði, sem má hafa nokkra leiðbeiningu af, t. d. hvað salan var mikil áður en bannið kom upphaflega og hvað áfengisinnflutningur er mikill hjá þjóðum, sem ætla má, að neyti álíka mikils áfengis og við Íslendingar. Á ég þar fyrst og fremst við Norðmenn.

Það er alveg rétt, að það er ekki hægt að vita nú, hve mikil álagningin verður á sterka drykki, en ekki sýnist það fjarri lagi, að stj. hefði sett þar eitthvert hámark og lágmark, og ef tekið hefði verið meðaltalið af því, þá hefði það varla orðið mjög fjarri lagi. En hvað sem þessu líður, þá sýnist mér það ekki geta orkað tvímælis, að ef þessi lagabreyt. verður samþ., þá muni þar af leiða tekjuaukningu fyrir ríkissjóð, og hana ríflega. Það þýðir hvort sem er ekki að draga dul á það, að meginhluti þess áfengis, sem neytt er í landinu, er ólöglega tengið, og er það mest búið til í landinu sjálfu. Má þar benda á það, að nýlega voru í einum smábæ hér á landi gerðar upptækar 11 bruggverksmiðjur. Og þegar þannig gengur í einum smábæ, þá má gera sér í hugarlund, hvernig það muni vera þar, sem neytendahópurinn er stærri. Ég býst ekki við, að þótt bannið yrði afnumið, yrði allt það áfengi, sem neytt yrði, löglega fengið, en það mundi þó verða svo um langmestan hlutann. Þarf þar ekki frekar vitnanna við til að ganga úr skugga um, að af þessu leiðir mikinn tekjuauka fyrir ríkissjóð.

Mér þykir leitt, að hæstv. ráðh. getur ekki verið við þessar umr., því að ég vildi beina því til hans, að það er ekki ástæða fyrir stj. til að leggja mikið kapp á að koma nýjum tekjuöflunarfrv. í gegn nú í þingbyrjun, meðan óséð er um það, hverja afgreiðslu fjárlagafrv. hlýtur og hvers tekjuauka má vænta af þessu frv. og öðrum, sem hér hafa verið nefnd og liggja nú fyrir, önnur en þau beinu skattaaukafrv. Þá verður fyrst séð, hvers skattauka þarf með, þegar þetta frv. og önnur slík hafa verið afgr.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson) óyfirl.:** Ég kvaddi mér hljóðs af því að ég hélt, að enginn annar ætlaði að gera það, og nú hefir hv. 2. þm. Rang. sagt það, sem ég ætlaði að segja. Vil ég þó bæta nokkrum orðum þar við.

Það er hart, að hæstv. fjmrh. skuli alveg neita að gera sér nokkra grein fyrir því, hvers tekjuauka megi vænta af frv., sem flutt er að tilhlutun stj., en heimta svo af okkur sjálfstæðismönnum, að við séum tilbúnir að gefa skýrslur um alla hluti. En þegar hann á nú svona erfitt með að gera sér grein fyrir, hverra tekna megi vænta af því frv., sem er þó flutt að tilhlutun hans sjálfs, þá ætti hann að skilja, að við stjórnarandstæðingar getum líka átt erfitt með að segja um slíkt fyrirfram.

Ég vil taka undir það, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að það nær engri átt að segja, að af þessum nýju áfengislögum mundi engan tekjuauka leiða fyrir ríkissjóð. Ég játa, að það er ekki gott að gera sér grein fyrir því, hve mikill hann verður, en hann verður mikill; annars hefir stj. það mikið í hendi sér. Það má skipa þessum málum svo, að ágóðinn verði lítill, en það má líka skipa þeim svo, að hann verði mikill. Annars verður nægur tími að ræða það, þegar það frv. kemur til umr.

Hv. 2. þm. Rang. minntist líka á heimabruggið. Það fer líka eftir því, hvernig ráðstafanir verða gerðar um aðflutt áfengi, hvort bruggið heldur áfram eða ekki.

Hæstv. ráðh. sagði einu sinni enn, að tekjuaukafrv. væru aðeins til að bæta upp þann halla, sem verður sumpart vegna breyttra l. og sumpart vegna breyttrar afkomu á næsta ári. Þetta sýnir þá, að samkv. þeim tekjufrv., sem fram eru komin, má búast við, að fjárl. verði afgr. með miklum tekjuhalla, því að eins og fjárlagafrv. er nú, þá er hann upp undir 2 millj., og enn virðist ekkert það koma fram, sem bæti upp þann fyrirsjáanlega greiðsluhalla. En ef hæstv. ráðh. hefir enga trú á tekjuauka vegna afnáms bannsins og býst ekki við neinum ágóða af þessum einkasölum, sem nú á að stofna, þá veit ég ekki, hvað hann ætlar að fá til að vega upp á móti þessum greiðsluhalla. Hæstv. ráðh. hristir höfuðið, — náttúrlega af því að hann býst við stórum tekjuauka, ef þessi frv. verða samþ.

Hæstv. ráðh. neitar alveg samvinnu við okkur sjálfstæðismenn að jafna greiðsluhalla ríkissjóðs á þann hátt, sem við stungum upp á. Hann segir, að um það sé ekki að ræða. Finnst mér, að honum farist þá enn verr að knýja á með það, hvað við viljum gera, þegar hann ætlar að neyta sinnar meirihlutaaðstöðu til að kveða þær till. niður.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég tek nú til máls fyrst og fremst til að svara orðum, sem féllu hjá hv. 2. þm. Rang. Mér þótti þessi hv. þm. gera sér nokkuð bjartar vonir um tekjuauka í sambandi við áfengislagafrv. það, sem nú hefir verið lagt fyrir hv. Nd. Ég get tekið undir þau orð hv. 1. þm. Reykv., að í raun og veru er réttast að bíða með að tala um það mál, þangað til það kemur hér til umr. En fyrst nú er farið að minnast á þetta mál, vil ég segja örfá orð um það.

Hv. 2. þm. Rang. reiknar með því sem sjálfsögðu, að þetta frv. muni ná fram að ganga. En ég vil nú fyrst og fremst benda honum á, að hæstv. stj. mun ekki standa óskipt að þessu frv. Í öðru lagi vil ég benda honum á það viðvíkjandi þingmeirihlutanum, að það er alveg órannsakað mál, hvort nægilega margir þm. muni ljá frv. fylgi. Nú eiga hér sæti fjölda margir þm., sem voru ekki á síðasta þingi, og svo má minna á það, að frv. er nokkuð seint fram komið, og það þarf áreiðanlega langan tíma til að koma því í gegnum báðar d., því að það get ég fullvissað alla um, að orðalaust gengur slíkt „princip"-mál ekki gegnum þingið, því að við, sem erum andvígir því, látum það ekki ná samþykki hljóðalaust. (PM: Styðjið innlendan iðnað!).

Af þessum ástæðum álít ég mjög óráðlegt að gera ráð fyrir tekjuauka í sambandi við þetta frv., þar sem það er allsendis óvíst, að það nái fram að ganga á þessu þingi. En ef hv. þm. heldur, að landsmenn þyrsti nú svo mjög eftir sterkum drykkjum, þá má gera ráð fyrir, að þegar farið yrði að selja þá, mundi það draga úr neyzlu þeirra léttari vína, sem ríkið verzlar með nú, svo að tekjur ríkisins af þeirri verzlun minnkuðu.

Ég álít, að þó að það sé þungur kross að skattleggja ýmsar neyzluvörur, þá verði þó að gera þar greinarmun á því, hvort varan telst nauðsynleg eða ekki. Hér er nú um þær vörur að ræða, sem geta ekki beinlínis talizt nauðsynlegar sumar hverjar, og sumar má framleiða í landinu sjálfu. Verði nú þessi tollur hækkaður, þá verkar hann sem verndartollur fyrir þann innlenda iðnað. Afstaða mín er því sú, að ég mun að sjálfsögðu vera með þessu frv. fremur en að reikna með tekjum af þeim frv., sem er alveg óvíst, hvort verða samþ., og óvíst, hvort gæfu tekjur, þó að þau næðu fram að ganga.

**Forseti (EÁrna):** Umr. hafa nú upp á síðkastið snúizt nokkuð um annað frv. en það, sem hér er til umr., og vildi ég óska, að þær snerust aftur að því frv., sem fyrir liggur.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég saknaði þess, þegar ég las þetta frv., að í grg. þess var engin grein gerð fyrir því, hverjar tekjur það mundi gefa ríkissjóði. En þegar ég las það nánar, sá ég, að vart mundi vera um tekjuauka að ræða af því. Í frv. er aðallega farið fram á að hækka toll af tóbaki, en til þess að fá tekjuauka af þeirri vöru þarf ekki að fara þessa leið, því það hefði verið nóg að hækka álagningu á því. (Fjmrh.: Til þess hefði þurft lög). Auðvitað, en þetta frv. gefur ekki ríkissjóði þær tekjur, sem ekki hefði verið hægt að ná með álagningu. Í öðru lagi er innflutningur á ávaxtasafa fallinn niður, því hann er orðinn innlendur iðnaður. Tollur á þeirri vöru verður því að skoðast sem verndartollur, sem orðið getur til þess, að varan verði óhæfilega dýr. Sama er að segja um súkkulaði. Það er nú orðið innlendur iðnaður. Ég hefi ekki séð í búðum nú í seinni tíð erlendar tegundir af þeirri vöru.Hér verður því aðeins um verndartoll að ræða á þessari vöru einnig, sem hækkar verð hennar fyrir þá, sem kaupa hana. Þó er vara þessi nauðsynleg, einkum heilsuveilu fólki. Þó þetta frv. sé borið fram sem tekjuaukafrv., þá sé ég ekki, að hæstv. ráðh. verði sakaður um að vera að seilast eftir auknum tekjum með því.

Hæstv. forseti er orðinn leiður á umr. um bannmálið í þessu sambandi, en ég verð að segja það, að það veltur algerlega á framkvæmd þeirra laga, hvort tekjur af áfengi aukast vegna þeirra eða ekki. Takist ekki með framkvæmd þeirra að stemma stigu fyrir smyglun og heimabruggi, verða tekjurnar litlu meiri en nú af áfengisverzlun ríkisins. Hinsvegar ef tekst að stemma stigu fyrir þessu hvorutveggja, smygli og bruggun, að miklu leyti, er enginn vafi á því, að tekjurnar aukast stórkostlega. En hvort heldur sem verður, mun kostnaður við framkvæmd laganna verða nokkurnveginn hinn sami. Það veltur sem sé á framkvæmd laganna, hvort smyglarar og bruggarar eða ríkissjóður fær tekjurnar.

ATKVGR.
Brtt. 88 (ný 1. gr.) samþ. með 9:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

---

Á 17. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 142).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 15. fundi í Nd., s.d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 142).
Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. er komið frá Ed. Það fer fram á hækkun á tóbakstolli og tolli á vörum, sem framleiddar eru innanlands, svo sem brjóstsykri, ýmiskonar sætindum og suðusúkkulaði. — Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað til fjhn. að þessari umr. lokinni.

**Hannes Jónsson:** Það er aðeins fyrir það, að ég hefi enga aðstöðu til þess að hafa áhrif á þetta mál, að ég hefi beðið um orðið. Það, sem ég sérstaklega vil vekja athygli hv. n. á, þegar hún afgreiðir þetta mál, er, hvort ekki sé ástæða að breyta nokkuð frá því, sem hér er farið fram á um tollahækkun. Ég á þar sérstaklega við hækkun á tolli á neftóbaki og munntóbaki, sem mun vera hlutfallslega meiri en á sígarettum og vindlingum samkv. frv. Tollur á þessum tóbakstegundum hefir verið lægri, og ég álít, að sú hækkun, sem gerð er á þeim tolli, eigi að vera hlutfallsleg hækkun við það, sem nú er. Annars er tollmismunurinn minnkaður frá því, sem verið hefir.

Menn munu kannske segja, að neftóbak og munntóbak sé jafnónauðsynlegt og sígarettur, en það er nú einusinni svo, þegar menn eru búnir að venja sig á neyzlu þessarar vöru, þá er ekki gott fyrir þá að láta það ógert, og ég veit, að mörgum tóbaksmanninum þykja mikil útgjöld stafa af þessari nautn sinni, en þeir geta ekki án þess verið, og þess vegna tel ég ekki rétt að ganga harðara að þessum mönnum, sem flestir eru fátækari heldur en sígarettu- og vindlingafólkið, sem hefir frekar möguleika til þess að standast útgjöld af þessari nautn sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 142, n. 252 og 298).

**Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þetta mál, sem hér liggur fyrir, hefir verið hjá fjhn., og leggur meiri hl. þeirrar n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. n., þeir hv. þm. G.-K. og hv. 3. þm. Reykv., leggur á móti einum sérstökum lið í 1. gr. frv., sem er liðurinn 7. b. En eins og sést á frv. þessu, fer það fram á talsverða hækkun á tolli á vissum vörutegundum. Það fer fram á, að tollur verði hækkaður af allskonar unnu tóbaki um kr. 1,60 á kg., af tóbaksvindlum um kr. 3,20 á kg., af sígarettum um kr. 1,60 á kg. Af öllum tegundum af suðusúkkulaði og iðnsúkkulaði ákveður frv. tollinn kr. 1,50 af hverju kg., af kakaódeigi kr. 1,00 af hverju kg., af kakódufti 50 aur. af hverju kg., af kakóbaunum, brenndum, muldum og ómuldum, 50 aur. af hverju kg., og af kakóbaunum óbrenndum og ómuldum 35 aur. af hverju kg. Þá er lagt til í frv., að af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum hækki tollurinn um kr. 1,00 pr. kg.

Frv. þetta er, eins og það ber með sér, til þess fram komið að afla ríkissjóði tekna, og í því er lagt til, að aukinn verði tollur á ýmsum þeim vörum, sem almennt eru kallaðar óþarfar, eins og tóbaksvörum. Að vísu má um það deila, hvort nokkur vara, sem leyfilegt er að verzla með, sé yfirleitt algerlegur óþarfavarningur. En vörur eru misjafnlega þarfar; um það er ekki ágreiningur. Þess vegna er rétt að leggja hærri toll á miður þarfar vörur heldur en nauðsynjavörur. Ríkissjóði er brýn nauðsyn á öflun meiri tekna, til aukinna framkvæmda í landinu og styrktar ráðstöfunum vegna yfirstandandi kreppu, og tel ég, að þetta sé ein af þeim leiðum, sem færar eru til þess að afla aukinna tekna í ríkissjóð.

Minni hl. fjhn. hefir lagt á móti því, að hækkaður verði tollur af neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, og hefir í nál. sínu gert fyrir þeirri aðstöðu sinni þá grein, að þetta sé svo þörf vara fyrir almenning, að ekki sé ástæða til að hækka toll af henni. En þó að vitanlega sé vöru þessarar neytt af almenningi, þá er það ljóst, að til þarfra vara getur tóbak ekki talizt, og ef á að afla tekna í ríkissjóð með óbeinum sköttum, þá tel ég að helzt eigi að tolla miður þarfar vörur eins og tóbaksvörur.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli á því, að frsm. meiri hl. fjhn. sagði, að minni hl. n. teldi tóbak svo mikla þarfavöru, að hann væri þess vegna á móti meiri tolli á neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki. Það eina, sem minni hl. n. segir í nál. sínu um þetta atriði, því snýr hv. frsm. meiri hl. alveg við. Hinsvegar telur minni hl. tóbak svo almenna neyzluvöru, sérstaklega neftóbak, munntóbak og reyktóbak, að hann mótmælir tollhækkun þessari, og það sérstaklega vegna þess, að hún mundi koma á þann hátt ósanngjarnlega niður, af því að tollur þessi er miðaður við þunga vörunnar, en ekki verð, að þeir, sem fátækari eru og kaupa lakari tóbakstegundir, vegna þess að þær eru ódýrari, mundu þá verða að borga tiltölulega meira í toll miðað við verð vörunnar. Hinir efnaðri, sem kaupa fremur dýrari tegundir tóbaks, borga eftir till. frv. minni toll, miðað við verð.

Þegar á að hækka toll, eins og hér er gert ráð fyrir, þá verður að athuga, hver tollurinn er í samanburði við verð vörunnar. Því hærri sem tollur er á vöru í samanburði við verð vörunnar, því meiri hætta er á smyglun með þá vöru.

Nú hefir minni hl. n. bent á það, að sú tollhækkun, sem hér er um að ræða, muni nema jafnvel nær kr. 2,00 á hvert kg., og hækkunin muni nema 33%, miðað við þann toll, sem áður var. En verðhækkunin verður hlutfallslega ennþá meiri. Nú er þess að gæta, að tóbakseinkasalan hefir heimild til að leggja á verð vörunnar, með tolli að ég ætla, 25—75%. Ef 75% álagningin er höfð, þá nemur hækkunin um kr. 3,50 á hvert kg. Og aldrei mun hún verða minni en kr. 3,00 á kg. Vitanlega bætist svo við þetta allt álagning í smásölu.

Það er auðsætt af þessu, að sú gífurlega mikla hækkun á tóbakstollinum og þar með tóbaksverðinu, sem hér kemur til greina, hlýtur að auka mjög hættu á ólöglegri verzlun með þessar vörur. Þessi hætta er þegar orðin mikil vegna þess, að um einkasölu er að ræða á þessu. En hættan eykst mikið við það, að keyrt er svo úr hófi með tollinn sem gert er ráð fyrir í frv. Hér er um tiltölulega ódýrar vörur í innkaupi að ræða, eins og sjá má af því, að þegar búið er að leggja á þær gífurlega, með tollum og annari álagningu, þá kosta þær 7 til 8 til 10 kr. hvert kg.

Möguleikarnir til að smygla þessari vöru inn í landið eru til, því að ef menn vilja segja satt frá, þá er eftirlitið með þessum innflutningi ekki fullkomnara en það hér hjá okkur, að mikið hefir borið á smyglun með þessar vörur.

Ef gengið er út frá því, að þessi ólöglega verzlun verði ekki mikil, þá ber hinsvegar að athuga, hvernig þessi skattaálagning kemur niður. Og þess ber þá að gæta, að þessi skattur kemur, eins og ég hefi vikið að, einmitt mest nið-

ur á því fólki, sem sízt má við því. Þessi tollaukning er beinn skattur á fátækari borgara þjóðfélagsins. Vil ég vekja athygli hv. frsm. meiri hl. á því, hve gífurlega ranglát þessi frv.gr. er í þessu tilliti. Stefna hv. meiri hl. n. í þessu máli samrímast því ákaflega illa kenningum þeirra og flokksmanna þeirra við agitationa-prédikanir þessara sömu manna, þegar þeir tala hávært um þarfir og afkomumöguleika hinna fátækari landsmanna.

Ég býst nú við, að ekki þýði að hafa langar umr. um þetta mál. Það mun vera ráðið fyrirfram, hvernig málið eigi að fara. Ég geri þó ráð fyrir, að ef frv. verður samþ. eins og það kemur fyrir nú við þessa umr., þá komi fram frá okkur brtt. við 3. umr. um hækkun á þessum tolli frá því, sem í frv. er gert ráð fyrir. Hinsvegar er augljóst, að það er ekki mjög mikið fjárhagsspursmál fyrir ríkissjóð, þó að frv. verði felt, eins og minni hl. n. leggur til, því að tollahækkanirnar samkv. því eru aðallega þessi tóbakstollur. Tollhækkunin á vindlum og sigarettum er að vísu mjög veruleg, þó að hún hinsvegar hafi ekki mikla þýðingu fyrir ríkissjóð, vegna þess að innflutningur á vindlum a. m. k. er nú lítill orðinn. Gera má ráð fyrir, að hækkandi tollun á vindlum og sigarettum fylgi minnkandi lögleg sala á þeim og því minnkandi tekjur fyrir ríkissjóð.

Minni hl. n. vill sérstaklega undirstrika það, að hér er um að ræða stórkostlega hækkun á tolli af almennri neyzluvöru fólksins í landinu, skatthækkun, sem stríðir þvert á móti öllu orðagjálfri, sem flokkar þeirra, sem eru í meiri hl. fjhn., hafa látið frá sér fara, og því þverbrot á því, sem þeir hafa haldið fram um það, hvernig skattar eigi að koma niður.

**Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég skal játa, að það er kannske hæpið að halda því fram, að minni hl. fjhn. gefi í skyn, að tóbak sé þörf vara. En nokkur ástæða var þó til að telja, að svo væri, því að minni hl. n. hafði sett orðið óþarfi innan gæsalappa. Hv. minni hl. n. segir í nál. sínu, að tóbak sé almenn neyzluvara, sem ranglátt sé að skattleggja eins og gert er ráð fyrir í frv.

Ég álít, að það beri að taka fyrst og fremst til greina í þessu sambandi, hvort vara, sem á að tolla, sé nauðsynleg til lífsframfæris eða ekki. Sé um lífsnauðsynjavöru að ræða, er ranglátt að tolla hana. Sé varan miður þörf, eða jafnvel skaðleg neyzluvara, má leggja á hana toll. Og þó að tóbaks sé neytt verulega í landinu, mun trauðlega vera hægt að halda því fram, að það sé nauðsynjavara. Frekar mætti með sanni segja, að það væri óþörf vara.

Þá segir hv. 3. þm. Reykv., að þessi till. okkar meiri hl. fjhn. um að samþ. frv., brjóti í bága við þá stefnu, sem við þykjumst fylgja í tollamálum. Ég skal ekki ræða stefnu Framsfl. í tolla- og skattamálum. En sú skoðun mín, sem nú hefi ég lýst, er í beinu samræmi við stefnu Alþfl. um þetta atriði. Það er í samræmi við stefnuskrá Alþfl., að sem mest af tekjum ríkissjóðs sé aflað með beinum sköttum, en að því leyti, sem þeir hrökkva ekki til nauðsynlegra tekna fyrir ríkissjóð, skuli ná tekjum með tollum á þeim vörum, sem kalla megi ónauðsynlegar.

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller)** óyfirl.: Ég ætla ekki að deila við hv. frsm. meiri hl. um tilvitnunarmerkið um orðið „óþarfi“ í nál. minni hl. Það er ekki af því, að minni hl. sé að draga úr því, að þetta sé óþarfi, heldur af því að þetta orð er notað sem nafn á vöru eða skilgreining á vöru. Hv. frsm. viðurkenndi, að það hefði verið hæpið hjá sér að halda því fram, að minni hl. teldi þessa vöru þarfa. Það er meiri tillátssemi en maður á að venjast af meiri hl. í þessari deild, að viðurkennt sé, að þeim verði nokkurntíma á. En þegar ég talaði um, að með þessari tollahækkun séu stj.flokkarnir að brjóta á móti sinni kenningu um skatta- og tollamál, þá er það ekki þetta, að hér sé verið að skattleggja þessa vörutegund, heldur hitt, hvernig hún er skattlögð. Ég ætla, að hægt sé að taka fleiri dæmi um það, hvernig þingmeirihlutinn brýtur á móti sínum kenningum í skattamálum, þó að þeir séu þar á þeirri hugsun, sem þeir halda fram, t. d. þegar þeir eru að hækka beina skatta, þegar þeir fara þannig að, að þeir hækka tiltölulega mest skattinn á lágar tekjur, en minna á hátekjum. Það tel ég, að þverbrjóti þeirra kenningar í þessum málum.

Ég tel því, að með frv. stj. um hækkun á tekju- og eignarskatti, eins og það er borið fram, sé þverbrotin þeirra kenning í skattamálum, þó að þeir kenni það, að ná eigi sem mestu með beinum sköttum. Alveg eins er um þetta. Þegar þeir fara að tolla óþarfa vöru, sem þeir halda fram, að eigi að vera heimilt, þá vill líka svo til, að tollurinn verður tilfinnanlegastur á þeim tegundum þessarar vöru, sem fátækur almenningur notar mest. Það er skinhelgi og hræsni, sem þar kemur fram. Þeir vita, að með því að skattleggja dýrari vörurnar fá þeir ekki tekjur í ríkissjóðinn, því að neyzlan hverfur. Þeir verða til þess að fá tekjur í ríkissjóð að seilast ofan í vasa þessa fátæka almennings, sem þeir þykjast vera málsvarar fyrir. Þeir reyna að fara í felur með það, en það þýðir ekki. Það gægist út þrátt fyrir allan þeirra fagurgala, að þeir fléttta fátækan almenning eins og þeir hafa aldrei gert áður. Það er með þessu framferði, að þeir þverbrjóta sínar kenningar í skattamálum. — Ég vil leyfa mér að fara fram á, að 6. liður b í 1. gr. frv. verði borinn sérstaklega undir atkv.

ATKVGR.

6. liður b í 1. gr. frv. samþ. með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.

**nei:** TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK.

1. gr. samþ. með 18:9 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 17:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 11. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 142, 327, 346).

**Frsm. minni hl. (Jakob Möller):** Fyrri brtt. á þskj. 327 er borin fram samkv. ósk iðnrekenda hér í bænum, og til leiðréttingar á tolli, sem hefir verið hækkaður á vörutegundum, sem þar eru greindar og ekki eru í neinu samræmi við verðið á framleiðsluvörunni. Tollurinn hefir verið innheimtur eftir úrskurði en ekki samkv. beinum lagabókstaf, en úrskurðurinn væntanlega felldur af því, að tollstjóri hefir talið eðlilegt að telja þessar vörur til tolls eins og úrskurðurinn greinir. En eftir upplýsingunum í erindinu til n. er tollurinn samkv. þessum úrskurði kr. 1,25 pr. lítra á þessari vöru, en verðið á framleiðsluvörunni er kr. 1,50 pr. lítra, eða nálægt því. Þetta er náttúrlega alveg óhæfilega hár tollur, og er farið fram á, að þetta verði lækkað. Þetta er náttúrlega ekkert fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð, þar sem innflutningur á þessu er svo lítill. Í raun og veru held ég líka, þó að þessi till. — af þeim sérstöku ástæðum, að ekki var hægt að fá fund í n. — sé borin fram af minni hl. hennar einum, þá sé enginn ágreiningur um hana í n. Öðru máli er að gegna um till. undir staflið 2, sem fjallar um lækkun á tóbakstolli, að vísu ekki sérlega mikla lækkun, eða frá kr. 6,40 niður í kr. 5,20 pr. kg. Hún er borin fram af hv. þm. G.-K. og mér. Um hana var svo ýtarlega rætt, þegar þetta frv. var til 2. umr. hér í d., að ég tel ekki þurfa að orðlengja um það að þessu sinni.

Brtt. eru við frv. á þskj. 346 frá iðnn., og minnir mig, að hv. þm. Hafnf., skrifari n., eigi að hafa framsögu um þær till., þó að ég þori ekki að fullyrða neitt um það.

**Emil Jónsson:** Ég þarf aðeins að segja örfá orð vegna brtt. á þskj. 346, frá iðnn. N. hefir orðið sammála um að leggja til, að tollur af sódavatni verði hækkaður upp í það að vera 30 aurar af hverjum lítra, og er þetta fram komið í sambandi við frv. til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins taka það fram, að ég er með fyrri brtt. á þskj. 327. Hinsvegar er ég á móti seinni brtt. á sama þskj. Ég mun ekki ræða þetta frekar að þessu sinni, en vísa til þess, sem ég sagði um þetta mál við 2. umr. þess.

ATKVGR.

Brtt. 346 samþ. með 27 shlj. atkv.

— 327,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 327,2 felld með 16:9 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 59. fundi í Ed., 12. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 762).

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til einnar umr.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Áður en frv. þetta verður afgr. sem lög vildi ég gera aths. við einn lið í tollinum, sem mér finnst sérstaklega óeðlilega hár, en það er tollur af ónunnu tóbaki, sem er 4 kr. á kg. Þetta er hærri tollur heldur en útsöluverð er á þessari tegund nú eins og sakir standa, því nú er verðið hjá tóbaksverzluninni alls kr. 3,50 kg., og þó mun vera einhver tollur innifalinn í þessu verði

Þetta er svo geysileg tollhækkun, að ekki er við unandi. Tóbak þetta er aðallega notað til þess að baða fé upp úr leginum af því, og til þess að lækna skitupest og aðra ormaveiki í sauðfé, og er oft og tíðum eina örþrifaráðið, þegar þessar pestir geysa. Mér finnst gagnvart landbúnaðinum ekki rétt að tolla þessa vöru svo hátt sem hér er gert. Hér gæti þó nægt til leiðréttingar, ef gefið væri eftir eitthvað af tolli á þessari vöru, þegar hún er notuð til lækninga handa sauðfé. Það mun vera talað um það í l. frá 1921, að tóbaksblöð, sem inn væru flutt af yfirvöldum og notuð til lækninga á sauðfé, skyldu vera undanþegin tolli, og ég vildi gjarnan heyra það frá hæstv. fjmrh., sem hér í d. er staddur nú, hvort þessi undanþága muni verða látin ná til ónunins tóbaks, sem notað er til böðunar sauðfjár eða annara lækninga. Ég vildi ekki flytja brtt. um þetta af því, að ég hélt, að það tefði svo málið, að það kannske dagaði uppi, en vildi hinsvegar heyra álit hæstv. ráðh. í þessu efni.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af aths. hv. þm. Dal. skal ég benda honum á, að tollur af ónunnu tóbaki hefir verið 4 kr. á kg. undanfarið, og er hann látinn haldast í frv. Ég heyrði ekki alla ræðu hans og veit ekki, hvort hann hefir verið að setja út á það, að tollur á þessari tegund vörunnar hefði ekki verið hækkaður eða lækkaður. (**ÞÞ:** Ég var að óska yfirlýsingar um það, að undanþága væri veitt frá tollinum). Ég skal gefa yfirlýsingu um það, að framkvæmd innheimtu á tolli af þessari vöru skal vera hin sama og verið hefir, en hún er sú, að ónunið tóbak, sem notað hefir verið til sauðfjárböðunar og lækninga, hefir verið undanþegið tolli.

**Jón Auðunn Jónsson:** Þar sem sú breyt. hefir orðið á þessu frv. síðan það fór frá þessari hv. d., að sett hefir verið gr. í það, sem er 2. gr. og heimilar ríkisstj. að innheimta til ársloka 1935 tolla af tilgreindum vörum með 25% gengisviðauka, þætti mér gott að heyra það hjá hæstv. fjmrh., hve miklar tekjur þessi gengisviðauki mundi gefa. Ég býst ekki við, að það verði minna en 300 til 400 þús. kr. Það getur naumast orðið minna. Hér er um að ræða tóbakið og allar þær tollskyldu vörur, sem mestar tekjur gefa. (**Forseti:** Hv. þm. hefir óskað upplýsinga). Ég býst við, að þær tölur séu nærri sanni, sem ég nefndi. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er víst bundinn við umr. í hv. Nd.).

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 818).

## 27. Útflutningsgjald.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald** (stjfrv., A. 5).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):*** *í málefnasamningi þeim, sem lagður var til grundvallar núv. stj.*, var gert ráð fyrir því að lækka útflutningsgjald af síld og afnema útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum. Ennfremur, að endurgreiddur yrði sá mismunur á útflutningsgjaldi síldar, eins og það verður samkv. þessum l., og því, sem greitt hefir verið í ár., og skyldi það renna til sjómanna. Frv. um endurgreiðsluna verður flutt af sjútvn., væntanlega henni allri, en a. m. k. af meiri hl. hennar. Stj. hafði þetta frv. ekki til, þegar stjfrv. voru send konungi til undirskriftar, og því verður það flutt af n. að fyrirmælum stj. — Hér í þessu frv. er farið fram á, að útflutningsgjald af síld verði það sama og af öðrum fiski, og að útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum falli niður. Ég skal ekki fjölyrða um ástæður stjórnarflokkanna til þess að taka þessi mál upp. Útflutningsgjald af síld hefir verið óeðlilega hátt, ef miðað er við erfiðleika útvegsins undanfarin ár, og því óeðlilegt að íþyngja honum með því að hafa hærra útflutningsgjald af síld en öðrum fiski. Æskilegt hefði verið að lækka einnig útflutningsgjald af öðrum sildarafurðum, en stj. treysti sér ekki til þess að stiga skrefið lengra en hér hefir verið gert.

Hvað landbúnaðarafurðirnar snertir, telur stj. það ósæmilegt að vera að íþyngja landbúnaðinum með útflutningsgjaldi, eins örðug og afkoma hans nú er, enda lendir þetta útflutningsgjald á þeim, sem lægst verð fá fyrir vöru sína. Tekjurýrnun ríkissjóðs vegna þessara ráðstafana, lækkun síldartollsins og afnáms útflutningsgjalds landbúnaðarafurða, verður ekki nema 200 þús. kr., og vænti ég þess, að frv. verði mætt *með vinsemd hv. dm.* Ég óska svo, að máli þessu verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 5, 89, n. 193 og 218).

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Aðalatriði þessa frv. eru þau, að útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum er fellt niður og útflutningsgjald af síld er fært niður í 1½%, til samræmis við útflutningsgjald af öðrum sjávarafurðum. Það er nokkur ástæða til þess, nú fremur en áður, að fella niður útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum, þar sem þær hafa nú verið teknar til verðjöfnunar. Niðurfelling útflutningsgjaldsins styður einmitt að frekari verðjöfnun milli innlends og erlends markaðar. Ég geri ráð fyrir, að tollalækkunin af landbúnaðarafurðum *nemi fyrir ríkissjóð* 50 þús. kr. og af síld ca: 120 þús. kr. Þarna í móti koma svo, ef samþ. verða brtt. sem n. flytur, ca. 30 þús. kr., sem áður hefir verið endurgreitt vegna sykurs og krydds í útfluttri kryddsíld. Niðurfærsla tollteknanna mun því nema 170 þús. kr. + 30 þús. kr., eða samtals 140 þús. kr.

Í frv. hefir af vangá verið sett í 2. gr. orðið „fóðurmjöl", og gerir n. till. um að fella það niður.

Í 3. gr. frv. er lögfesting á því, að haldið skuli áfram að taka útflutningsgjald af afla, sem fiskaður er af skipum, sem hafa rétt til að veiða í landhelgi. Þessi lögfesting breytir engu um framkvæmdina frá því, sem nú er, en er æskileg vegna þeirra réttinda, sem Danir og Færeyingar hafa til veiða hér við land. Þótti n. rétt að gera þessa breyt., til þess að enginn *ágreiningur geti komið til greina um* þetta atriði, eins og hefir átt sér stað.

Í 4. gr. frv. er fellt niður ákvæðið, sem sett var í þessi lög árið 1925, um að ¾ hlutar af hinu aukna útflutningsgjaldi skuli ganga til rekstrarkostnaðar strandgæzluskipa. Þetta ákvæði er óþarft, vegna þess að ríkissjóður ber allan kostnað af strandgæzlunni. Þó að þetta ákvæði sé niður fellt, renna þessar tekjur ríkissjóðs samt sem áður til þess að bera landhelgisgæzluna uppi.

Viðvíkjandi ákvæði þessarar gr. frv., um að ½ hluti útflutningsgjaldsins skuli renna í ræktunarsjóð, *er það að segja, að það má telja bundið* af eldri löggjöf, að hluti þessa gjalds renni í ræktunarsjóð, þangað til framlög ríkissjóðs til hans hafa numið samtals 1 millj. kr.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors)** óyfirl.: Öll fjhn. hefir orðið sammála um, að rétt sé að fylgja lækkun á útflutningsgjaldi af síld til samræmis við útflutningsgjald af annari framleiðslu landsmanna. Um það sé ég því ekki ástæðu til að ræða.

Í frv. er svo stungið upp á að afnema útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum. Í tilefni af þessu hefir minni hl. fjhn. þótt rétt að vekja athygli á því, að ef búið er að lækka útflutningsgjaldið af síld, þá er útflutningsgjaldið af allri vöru landsmanna nema einni teg., komið niður í 1½% af andvirði vörunnar á skipsfjöl í *íslenzkri höfn, og þessi eina* vöruteg. er síldarmjölið.

2. gr. frv. fjallar um vörur, sem erlendir menn hafa sótzt eftir að kaupa hér í samkeppni við innlendan iðnrekstur á þessu sviði, þá menn, sem kaupa bein til fiskmjölsframleiðslu og síld til þess að vinna úr henni síldarmjöl og olíu.

Nú þykir minni hl. fjhn. rétt, að menn geri sér grein fyrir, hvort ástæða sé til, eftir að búið er að færa niður útflutningsgjaldið af allri annari framleiðsluvöru landsmanna ofan í

1½%, að þá sé síldarmjölið eitt skilið eftir. Okkur í minni hl. fjhn. virðist, að engin rök geti verið fyrir því, hvorki smá né stór, að rétt sé að leggja 6—7% útflutningsgjald á síldarmjölið, þegar útflutningsgjald á öðrum vörum er 1½%. Minni hl. n. álítur þess vegna, að ef það á annað borð þykir tiltækilegt að svipta ríkissjóð tekjum af þessu gjaldi yfirleitt, þá sé það rétt, að samræma fyrst útflutningsgjaldið af síldarmjöli öðru útflutningsgjaldi, og þegar búið sé að samræma þetta, þá komi til athugunar, hvort hæstv. Alþ. vill afnema öll útflutningsgjöld. Skoðun minni hl. n. er sú, að æskilegt sé að gera það. Ef það er vilji hæstv. Alþ. að gera það smátt og smátt eða í einu stökki, þá er minni hl. n. alveg ásáttur um það, að byrjað sé með því að afnema útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum. En ef tilgangurinn er ekki sá, að afnema útflutningsgjaldið með öllu, þá telur minni hl. n. mjög varhugavert að afnema útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum með öllu, m. a. og sérstaklega af því, að það er alveg víst, að aðrir atvinnuvegir muni þá reisa kröfur um afnám útflutningsgjalds á sínum vörum, og slíkum kröfum verður ekki hægt að standa á móti, ef þetta afnám gjaldsins verður samþ. um landbúnaðarafurðir.

Minni hl. n. hefir gert grein fyrir því í nál. sínu, að bændum er þetta ekki kappsmál. Á Alþ. 1933 kom þetta mál til meðferðar í frv. En bændur risu þá upp og töldu þetta lítilsvirðingu fyrir bændur. Sveinn í Firði sagðist þá ekki vera svo lítilþægur sjálfs sín vegna og annara í bændastétt, að hann vildi þiggja þetta. Og ég hygg, að ekki hafi skapazt nein ný aðstaða í þessu máli síðan á Alþingi 1933. Á Alþingi 1933 var það fært fram sem rök fyrir því að afnema útflutningsgjald þetta, að bændur fengju svo misjafnt verð fyrir sína vöru, og að þeir fengju minna fyrir vöruna, sem seldu hana á erlendum markaði, og því væri rangt að leggja útflutningsgjald á þeirra vöru. En nú hefir verið stofnaður verðjöfnunarsjóður til að jafna það verð, sem bændur fá fyrir afurðir sínar á innlendum og erlendum markaði. Og stofnun þessa sjóðs dregur því úr þeirri þörf, sem var á því árið 1933, að fella niður þetta útflutningsgjald.

Ef þetta gjald verður fellt niður, þá leiðir það af sjálfu sér, að gjaldskylda ríkissjóðs til ræktunarsjóðs er burt fallin, og mun minni hl. n. því bera fram brtt. um það við 3. umr., ef útflutningsgjaldið verður afnumið. Þetta gjald, sem nemur 10—15 aur af hverjum lambskroppi munar ríkissjóðinn 60—70 þús. kr., en verði það afnumið, munar það ríkissjóðinn ósambærilega miklu meiru, óbeinlínis þó, því að af niðurfellingu þess hlýtur að leiða niðurfelling á öðrum útflutningsgjöldum að mestu eða öllu leyti.

Þá hefir minni hl. n. viljað vekja athygli á því, að með 5. gr. þessa frv. eru úr gildi felld l. nr. 11 29. maí 1925, en með þeim l. var útflutningsgjaldið hækkað úr 1% og upp í 1½%, eða um ½%, og þá jafnframt tilskilið, að til ársloka 1926 rynni hækkunin til Ræktunarsjóðs Íslands, en frá 1. jan. 1927 skyldi ¾ hl. tekjuaukans, eða ¼ hl. alls útflutningsgjaldsins „varið til rekstrarkostnaðar við strandgæzluskip", en ¼ hl. renna til ræktunarsjóðsins, „unz framlag til sjóðsins samkvæmt l. þessum hefir numið 1 millj. króna", eins og stendur í 3. gr. nefndra l. Nú verða, ef frv. verður samþ., þessi l. þar með úr gildi numin. Hinsvegar eru fyrirmæli um framlag til ræktunarsjóðs tekin upp í 4. gr. frv.

Eins og minni hl. n. benti á í nál., skiptir þetta engu fyrir ræktunarsjóð, hvort hann fær þetta framlag áfram hjá ríkissjóði. Starfsemi ræktunarsjóðs byggist á því að vera milliliður á milli lánveitanda og lántakanda. Eigið fé hans er 2 millj. 929 þús. kr., auk varasjóðs, 215 þús. kr., og hefir sjóðurinn heimild til að gefa út jarðræktarbréf fyrir sexfaldri upphæð sjóðsins. Til þessa hefir hann þó ekki gefið út slík bréf fyrir meira en 2 millj. 866 þús. kr., en hann hefir heimild til að gefa út þessi bréf fyrir um 18 millj kr. Af þessu sjá allir, að það hnekkir ekkert starfsemi ræktunarsjóðs, þó að hann fái ekki meira tillag úr ríkissjóði. Enda fer brátt að líða að því, að gjaldskylda til hans úr ríkissjóði tæmist samkv. l. frá 1925, því að þar stendur, að henni sé lokið, þegar framlög ríkissjóðs til hans samkv. þeim l. hafi numið 1 millj. kr. En nú mun sjóðurinn vera búinn að fá um 900 þús. kr. af þessum gjaldstofni. Ef þess vegna útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum verður fellt niður, þá hefir það ekki við nein rök að styðjast, að halda sé áfram að greiða úr ríkissjóði til ræktunarsjóðs. Ríkissjóð skiptir þetta nokkru, en ræktunarsjóð skiptir það engu aðalmáli um áframhaldandi starfsemi.

Í frv. er gert ráð fyrir að fella niður skyldu ríkissjóðs til þess að verja ¼ hl. útflutningsgjaldsins í þágu strandgæzlunnar. Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að það skipti engu máli, þó að svo væri gert, vegna þess að ríkissjóði bæri hvort sem er skylda til að bera allan kostnað af strandgæzlunni. Þetta er rétt. En það má segja um margt, að ríkið eigi að standast kostnað af þessu og þessu, þó að í l. sé ákveðið, að sérstakir gjaldstofnar skuli renna til þess. Þann möguleika má hugsa sér, að stj. vilji ekki verja neinu fé til þess að halda uppi rekstri strandgæzluskipanna, ef þetta verður fellt niður. En ef þetta ákvæði er ekki fellt niður, heldur látið haldast í l., þá er það lögbundið, að þessu fé skuli verða varið til strandgæzlunnar. Það er rétt hjá hv. þm., að það eru líkindi til, að miklu meira fé verði en þessu varið til strandgæzlunnar árlega, en fyrir því er ekkert öryggi.

Það þykir mér undarlegt og óviðkunnanlegt, vegna þess hluta, sem sjávarútvegurinn hefir greitt af útflutningsgjaldinu í heild, að gerð séu l. um að fella niður þau fríðindi, sem hann hefir haft um útflutningsgjaldið, jafnframt því að ákveða, að landbúnaðurinn skuli njóta slíkra fríðinda áfram, sérstaklega þegar þess er gætt, að farið er einnig fram á, að landbúnaðurinn hætti að greiða útflutningsgjaldið. En sjávarútvegurinn á auðvitað að halda áfram að greiða það samkv. frv.

Minni hl. n. hefir séð ástæðu til að vekja athygli á því, hve frv. þetta, eins og raunar ýms

önnur frv., er fjmrh. leggur fyrir Alþ., er illa undirbúið. Frv. hans eru ekki sæmileg í því tilliti. Sum þeirra vísa í vitlaus ártöl. Á öðrum stöðum er í þeim talað um breyt., þar sem um framlengingar er að ræða. Í þessu frv. hafði fallið niður að ákveða útflutningsgjald af afla, sem veiddur er fyrir utan landhelgi eða umskipað þar, sem féll niður fyrir handvömm. Þetta hefir verið í l., og n. hefir nú leiðrétt það. Útflutningsgjaldið af fiskmjöli, sem hækkað var á Alþ. 1933, var með frv. tvöfaldað og meira en það, einnig fyrir handvömm og án þess að ráðh. hefði gert sér það ljóst. Þetta eru leiðinleg mistök, og það væri betra, að hæstv. ráðh. skilaði færri málum, en betur undirbúnum, því að svona undirbúningur þingmála tefur þingstörf mjög mikið.

Um brtt. hv. 6. landsk. á þskj. 89, um hækkun útflutningsgjalds af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, upp í 4 kr. af hverjum 100 kr., get ég ekki við þessa umr. látið í ljós mitt álit. Við munum ekki greiða atkv. um þetta við þessa umr. Ég hygg, að rétt væri að athuga þetta atriði vel. Það á áreiðanlega við ýms rök að styðjast. Þó að þess þurfi að gæta, að innlendar verksmiðjur fá ekki aðstöðu til að ákveða einar, hvaða verðlag útgerðarmenn fá fyrir hausana og beinin, þá er líka sjálfsagt, að útlendingar fái ekki að rýra möguleika innlenda iðnaðarins í þessu efni.

Áður en Íslendingar hófust handa um þennan atvinnurekstur, að vinna úr hausum og beinum, þá fengu Norðmenn þessi efni fyrir lágt verð og gátu féflett Íslendinga í því efni eftir eigin geðþótta. Þegar Íslendingar svo stofna verksmiðjur til að vinna úr þessum efnum, herða þeir róðurinn til þess að kyrkja þær, svo að þeir gætu náð aðstöðu til að hafa beinin eins og áður. Og nái þeir því takmarki sínu, þá munu þeir hafa það sér til framdráttar á kostnað ísl. framleiðenda. Hér ber því að athuga, hvað þarf að gefa verksmiðjunum mikil fríðindi, til þess að þær geti keppt við hinar norsku og staðizt í þeirri samkeppni.

Loks vil ég segja það fyrir mitt leyti og hv. 3. þm. Reykv., að við erum ekki búnir að athuga þetta atriði nóg til þess, að við treystum okkur til að gefa álit um það. En nauðsynlegt er að athuga þetta gaumgæfilega.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er á misskilningi byggt að álíta, að útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum sé að öllu leyti hliðstætt öðru útflutningsgjaldi, vegna þess, sem ég gat um við framsögu þessa máls, að þetta útflutningsgjald kemur aðeins við mjög lítinn hluta af landbúnaðarafurðunum, eða þær eingöngu, sem fluttar eru til útlanda. Fyrir þann hluta þeirra vara fæst lægst verð, og það er því býsna óeðlilegt að taka á sama tíma útflutningsgjald af þeim sömu vörum, sem nú hafa verið gerðar ráðstafanir til að bæta upp verð fyrir, með gjaldi af innlendri sölu þessara afurða. Í þessu er fyllsta ósamræmi, að veita þessa uppbót á útfluttu kjöti, og láta jafnframt standa ákvæði í l. um, að greitt sé útflutningsgjald af þessari sömu vöru. Þess vegna er hér um rökrétta leiðréttingu á ósamræmi að ræða, með niðurfellingu útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum, miðað við það, sem búið er að viðurkenna um verðlagið á þessum afurðum.

Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um, að þetta útflutningsgjald og niðurfelling þess munaði litlu fyrir bændur, vil ég segja það, að það munar bændur þó nokkru, þegar til lengdar lætur, þó ekki sé meira en um 20 aur. á kindarkropp. Þetta gjald mun vera alls á ári um 50 þús. kr. á öllu landinu. Það er ekki svo lág upphæð, þegar tekið er tillit til þess, að það er ekki nema lítill hluti bænda, sem þarf að leggja fram þetta gjald.

Þó að útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum verði fellt niður, þá getur það ekki með nokkurri sanngirni skoðazt næg ástæða til þess, að kröfur verði reistar um algerða niðurfellingu alls útflutningsgjalds, og stafar það af því, að hér er um þá samræmingu að ræða á löggjöfinni, sem ég nú hefi minnzt á.

Aftur á móti mælir ýmislegt með því, að útflutningsgjaldið af síldarmjöli verði lækkað til samræmis við annað útflutningsgjald. En eins og sakir standa nú, legg ég á móti þeirri breyt., vegna þess, að ástæður ríkissjóðs eru nú svo, að ég get ekki verið samþykkur því að stigið sé stærra skref um lækkun tekna hans að þessu sinni en stigið er með leiðréttingu á síldartollinum, sem gerð er með þessu frv.

Um till. frá minni hl. fjhn., um að ¼ hl. teknanna af útflutningsgjaldinu skuli varið til rekstrarkostnaðar strandgæzluskipanna, vil ég taka undir það, sem hv. þm. V.-Ísf. sagði um þetta, að það skiptir ekki miklu máli í þessu efni, hvort þetta er sett inn í l. eða ekki, því að árlega er varið miklu meira fé úr ríkissjóði í þessu skyni. Ég býst við því, að Alþ. hafi eins góða aðstöðu til að koma í veg fyrir, að sú fjárgreiðsla verði lækkuð í fjárl., þó að þetta ákvæði verði fellt niður, eins og þó að ákveðið sé, að einhverjum föstum tekjustofni skuli varið til strandgæzlunnar, sem þó ekki fullnægir, og verður því að bæta við með öðrum framlögum úr ríkissjóði. Það er enginn munur á því, hvort fjárlagafrv. í hvert sinn ákveður framlagið til strandgæzlunnar allt, eða þó að nokkur hluti þess sé lögbundinn með þessum ákvæðum, og fjárl.frv. ákveður svo nauðsynlega viðbót eftir ástæðum á hverjum tíma.

Ég legg á móti því, að fellt verði niður það tillag, sem ræktunarsjóður hefir fengið af útflutningsgjaldinu. Það er alls ekki rétt, sem hv. þm. G.-K. hélt fram, að ræktunarsjóð muni svo sem ekkert um þetta gjald. Það munar talsverðu fyrir sjóðinn að fá þetta gjald, með sérstöku tilliti til þess, að það vakir fyrir mönnum, að hægt sé að lækka vexti við þennan sjóð, sem nú eru 6%, og það væri mikils virði fyrir sjóðinn, ef það væri hægt.

Þá kem ég að þeim blæstri, sem hv. þm. G.-K. var með út af villum, sem væru í frv. mínum, sem komið hefðu fram hér á þinginu. Ég skal viðurkenna, að það hafa komið fram nokkrar smávillur í þessu frv., sem hafa slæðzt inn við prófarkarlestur, og skal ég taka á mig minn skerf af þeim ásökunum, sem

komið hafa um þau smáatriði. Þessar ásakanir hv. þm. sýna aðeins löngun hjá honum til að belgja sig út og kasta steinum að öðrum, og sú löngun hans hefir hlaupið með hann í gönur. Hann heldur því fram, að í frv. minu hafi verið afnumið af vangá útflutningsgjald af fiski, sem er veiddur utan landhelgi og fluttur til útlanda. Ég skal nú færa sönnur á, að þessi ummæli eru algerlega gripin úr lausu lofti og eingöngu fram komin af þeirri fýsn, sem hv. þm. hefir til steinkasts á andstæðinga sína.

Gildandi l. um útflutningsgjald eru frá 1921, og segir 1. gr. svo, með leyfi hæstv. forseta: „Af öllum íslenzkum afurðum, sem fluttar eru til útlanda nema síld, fóðurmjöli, fóðurkökum og áburðarefnum, skal greiða í ríkissjóð 1½% gjald af verði afurðanna".

4. gr. þessara l. segir svo:

„Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst fiskur, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sé utan landhelgi".

Grunnhygginn maður — og mér er nær að halda, að þess hafi gætt hjá hv. þm. G.-K. — gæti haldið, að í þessari gr. fælist undantekning fyrir þann fisk, sem veiddur er utan landhelgi, en ekki fluttur á milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni. En þetta er eigi svo. Eftir þessum l. frá 1921 hefir verið dæmt eins og hann tók fram, og þessi fiskur verið úrskurðaður gjaldskyldur samkv. 1. gr. þessara l. M. ö. o., að fiskur, sem veiddur er af togurum utan landhelgi og fluttur út, falli undir íslenzkar afurðir, og sé skylt að greiða útflutningsgjald af honum. Fyrir þessu hefir þá fengizt dómsúrskurður. En í 3. gr. frv. eru sömu ákvæði og eru í 4. gr. gildandi l. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til afurða þeirra, er 1. gr. getur um, telst afli af skipum, sem hafa rétt til að fiska í landhelgi og gera það að einhverju leyti, eða verka hann í landhelgi, þótt eigi sé fluttur í land. Ennfremur nær gjaldið til afla, sem veiddur er utan landhelgi, ef hann er saltaður, verkaður eða fluttur á milli skipa á höfnum inni eða í landhelgi".

M. ö. o. þetta er alveg það sama og ákveðið er í l. frá 1921, og þau l. hafa ekki megnað að undanþiggja þennan togarafisk frá útflutningsgjaldi. Í frv. er því nákvæmlega eins gengið frá þessu og gert er í gildandi l., og er samið í samráði við lögfræðing fjmrn. Hitt má vel vera, að þetta verði skýrara orðað eins og meiri hl. n. vill orða það, og sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að brtt. meiri hl. verði samþ., þó að hún sé óþörf.

Hinsvegar viðurkenni ég, að það er af ógáti, þar sem fóðurmjöl er tekið upp í frv. En það, sem segir í nál. minni hl., stafar ekki af vangá, heldur hinu, að þessir hv. þm. skildu ekki þau ákvæði, sem þeir voru að fjalla um.

**Jónas Guðmundsson** óyfirl.: Það voru aðallega brtt. minar á þskj. 89, sem ég vildi minnast á.

Um fyrri brtt. get ég verið fáorður, þar sem bæði hæstv. ráðh. og hv. frsm. hafa gengið inn á, að hún sé sjálfsögð leiðrétting, sem verður þá vafalaust samþ. við þessa umr. málsins.

Hin brtt. er, eins og vikið hefir verið að, þess eðlis, að hana má skoða sem einskonar verndartoll fyrir það hráefni, sem ísl. fóðurmjölsverksmiðjur fá til vinnslu.

Fiskmjölsiðnaðurinn er ungur og á við mikla erfiðleika að stríða, en er annars einhver efnilegasta og álitlegasta iðngrein, sem hefir komið upp hér á landi á síðari árum.

Á bernskuskeiði þessa iðnaðar var það svo, eins og hv. þm. G.-K. tók fram, að langmestur hluti þessa hráefnis var fluttur til útlanda, en eftir því sem innlendur iðnaður í þessari grein óx, þá breyttist þetta. Innlendar verksmiðjur unnu úr meiru og meiru af hráefninu, og verðið hækkaði svo, að menn gátu farið að gera sér verulegt verð úr þessu hráefni. En nú er svo komið, að nú er mjög harðvítug samkeppni á þessu sviði, og aðstaða ísl. iðnrekenda í þessari grein er mjög erfið, enda hefir nú farið svo, að mikill hluti þessa hráefnis fer óunninn út úr landinu. Fer þjóðin þar á mis við þau vinnulaun og annan þann hagnað, sem þjóðarbúið hefði fengið, ef þetta hráefni hefði verið unnið innanlands.

Ennfremur má benda á það, að nú á síðari árum hefir það allmjög tíðkazt, að togararnir keyptu bátafisk til útflutnings, og hefir það orðið ein orsökin til skerðingar á framleiðslu þessa hráefnis hér á landi, en fiskmjölsverksmiðjurnar eru nú orðnar svo margar, að til þess að geta alltaf haldið uppi fullri vinnu hefir þeim ekki veitt af að fá næstum allt það magn af þessu hráefni, sem til hefir fallið innanlands.

Ástæðan til þess, að Íslendingar hafa ekki getað keppt á þessu sviði við Norðmenn, er sú, að þar er miklu ódýrara að vinna úr hráefninu heldur en hér á Íslandi. Hér er næstum hver einasti liður þessa iðnaðar miklu dýrari en hjá Norðmönnum. Fyrst og fremst er fraktin, sem við verðum að greiða undir þetta mjöl á markaðinn, sem aðallega er í Þýzkalandi. Hér er fraktin 20 kr. á tonn, í Noregi er hún 12.80 kr. Útflutningsgjald hefir hér verið 10 kr. á tonn, í Noregi ekkert, en nú í fyrra var tollurinn lækkaður niður í 5 kr. Útskipun og akstur á mjölinu er hér einnig dýrari en í Noregi, því að þar hafa þeir leigt fraktbáta, sem taka mjölið beint frá verksmiðjunum. Mismunur á þessum lið er 4 kr. á tonn. Vinnulaun eru hærri hér en í Noregi. Vinnulaun eru hér 10.25 kr. á tonn, í Noregi 5.40 kr., og stafar það fyrst og fremst af því, hvað kaupgjald er hærra hér. Í Noregi er það 0.80 kr., hér er það 1.36 kr., hvergi lægra en 1.10 kr. Vélar eru hér dýrari og skattar hærri. Þannig má telja upp því nær alla liði.

Nú skyldu menn halda, að það væri þó dýrara að flytja hráefnið óunnið héðan til Noregs heldur en að flytja það hér á milli hafna, en það er því miður ekki, heldur þvert á móti. Ástæðan til þess er sú, að Norðmenn flytja hingað kol, salt og fleiri vörur með sínum skipum, en hafa lítið eða ekkert til baka og verða því fegnir að flytja þetta hráefni fyrir lítið gjald. Þess eru dæmi, að þeir hafi tekið 4 kr. fyrir að flytja smálestina til Noregs. Aftur á

móti er varla hugsanlegt, að hægt sé að fá þetta hráefni flutt hér milli hafna fyrir minna en 20—30 kr. smálestina, því að þessi þurra skreið er fyrirferðarmikil og hleðst ákaflega illa. Einnig á þessum lið er tilfinnanlegur mismunur.

Þetta, sem nú hefir verið tekið fram, ætti því að nægja til að sýna, hve mikið réttlætismál það er, að Alþ. veiti ísl. verksmiðjunum a. m. k. þá aðstöðu, að þær geti á heilbrigðum grundvelli keppt við útlendinga. Það vakir hvorki fyrir mér né öðrum, að með þessu eigi að ganga á rétt þeirra, sem hafa hagsmuna að gæta í verkun á þessari skreið, hvort sem er til útflutnings eða vinnslu. En það hljóta allir að skilja, að ef þessi iðnaður leggst niður hér á landi, þá verða útlendingar fljótir að setja verðið niður, því að þá eru engir hér á landi, sem keppa við þá um kaup á þessu hráefni. Sem dæmi upp á það, hvert tjón hlýzt af að flytja þetta út óunnið, má benda á það, að um síðustu mánaðamót höfðu verið flutt út 1740 tonn af þurrkuðum fiskúrgangi, og andvirðið var 166900 kr., en ef þetta hefði verið flutt út sem mjöl, hefði verðið orðið 470 þús. kr. eftir núv. verðlagi. Þarna hefir því þjóðarbúið orðið fyrir 300 þús. kr. tapi, og hefði þetta fé farið mest til launagreiðslu og greiðslu á vöxtum í bönkunum. En nú er þetta fé okkur tapað fyrir fullt og allt og í hendur útlendra atvinnurekenda.

Hér mætti benda á margt fleira, sem ég mun þó ekki fara út í nú, heldur í sambandi við annað frv., sem ég flyt þessu viðkomandi. Ég vil þó benda á, hvernig tollgreiðslan fer fram á þessu hráefni. Mun óhætt að segja, að ekkert sé að marka það, sem þar er gefið upp til tolls. Þetta fer þannig fram, að norsk fél. semja um kaup á þessum fiskúrgangi blautum og láta svo menn þurrka hann fyrir ákveðið gjald, og svo er vörumagnið gefið upp, þegar afhending fer fram, en þá er enginn til að líta eftir, að það sé rétt, og er mönnum því sett alveg í sjálfsvald, hvort þeir telja rétt fram eða draga undan.

Ég get vel orðið við tilmælum hv. þm. G.-K., að taka þessa till. aftur til 3. umr., ef hv. d. óskar að athuga málið betur til þess tíma. En ég vil vænta þess, að þessi hv. d. og þingið í heild vilji líta á það með sanngirni, hvað þessum iðnaði er fyrir beztu, eins og aðrar iðngreinar, sem ríkisvaldið hefir styrkt, svo að hann geti borið uppi það, sem honum er ætlað. Ég veit, að enginn hv. þm. er svo illviljaður gegn þessari iðngrein, að hann vilji ekki leggja sitt lið til, að hún geti starfað áfram.

Sérstaklega vil ég benda á, að hér er fyrst og fremst um atvinnumál að ræða. Þeir eru ekki fáir, sem bæði beint og óbeint hafa alla sína lífsframfærslu af þessu, sem missa vitanlega þessa atvinnu, ef þessi atvinnugrein leggst niður, og þar að auki mundi það verða til þess, að bæði ríki og bankar töpuðu stórfé.

Það, sem hér er farið fram á, er það, að 40 kr. útflutningsgjald verði lagt á hvert tonn af þessu hráefni, og stafar það af því, að það er tæplega það, sem kostar okkur meira en Norðmenn að vinna þessa vöru. Þess vegna ættu Norðmenn að hafa sömu aðstöðu til að keppa við okkur og þeir hingað til hafa haft, en þá höfum við jafnað þann mismun, sem er hjá þeim og okkur til þessarar framleiðslu, þegar við fáum 40 kr. verndartoll, en mismunur á vinnukostnaðinum hjá okkur og þeim er um 40 kr.

Ég skal svo gjarnan verða við því, sérstaklega ef ákveðin tilmæli koma um það, að taka brtt. mína aftur til 3. umr., í þeirri von, að þingið þá vilji styrkja þennan iðnað.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)**: Ég þarf litlu að svara hv. frsm. minni hl., því að bæði svaraði ég honum að nokkru leyti í framsöguræðu og svo hefir hæstv. fjmrh. þegar andmælt ýmsu.

Hv. þm. G.-K. segir, eins og satt er, að það skorti frambærileg rök fyrir því, að hafa mismunandi útflutningsgjald á síldarmjöli og öðrum ísl. afurðum. En sannleikurinn er sá, að það skortir yfirleitt rök fyrir útflutningsgjöldum. Það er ekki skynsamlegt að leggja útflutningsgjald á nokkra vöruteg. Einasta ástæðan fyrir útflutningsgjaldi er sú, að ríkissjóður er tekjuþurfi. Ég hefði ekkert á móti því, að útflutningsgjaldið væri látið falla niður og um leið aukið álag á aðra tekjustofna, sem gætu komið í staðinn. En ef þetta gjald yrði fellt niður á þessu þingi, þá yrði erfitt að finna tekjustofn, sem gæti komið í staðinn. Hér má því ekki fara lengra en fjárhagur ríkisins leyfir, og ég hygg, að með þessu frv. sé gengið eins langt og fært er eins og nú standa sakir. Útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum kemur þungt niður á bændum, og það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að þegar er verið að vinna að verðjöfnuði á landbúnaðarafurðum, þá stefnir það í sömu átt, svo að þetta getur skapað verðjöfnuð fyrir bændur, hvar sem þeir búa og hvernig sem kjötið er verkað. Nú er því aukin ástæða til að afnema útflutningsgjaldið, þar sem þingið hefir nú komið inn á þá braut að skapa verðjöfnuð.

Það er ekkert beint samband milli þess að afnema styrkinn til ræktunarsjóðsins og að fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum. Þessi styrkur var á sinni tíð m. a. settur vegna þess, að „aflaklærnar" við sjávarsíðuna vildu styrkja landbúnaðinn og þau rök, sem þá mæltu með því, gilda enn. Ræktunarsjóðurinn hefir mikið gagn af auknum framlögum, og það er honum nauðsynlegt til þess að geta í framtíðinni lækkað vextina niður úr 6%.

Ég get ekki tekið undir það, að þetta frv. sé illa undirbúið. Í frv. er aðeins ein smávilla, sem hefir slæðzt inn af vangá. Það er ótvírætt eins og hæstv. fjmrh. sagði, að samkv. gildandi l. og. samkv. dómi, þá er enginn vafi um, að ísfiskurinn falli undir útflutningsgjald samkv. frv. eins og það liggur fyrir.

Till., sem fram hefir komið um útflutningsgjald af beinum og hausum, hefir verið tekin aftur til 3. umr. N. hefir ekki tekið ákvörðun um þá till. enn.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors)** óyfirl.: Ég vil byrja þar, sem hv. frsm. meiri hl. endaði, og svara þá um leið hæstv. fjmrh.

Ég er ekki lögfræðingur fremur en þeir, en ég hefi verið kallaður grunnhygginn fyrir að hafa annan skilning á þessu en hann. En þrátt fyrir þetta, þá ber hv. frsm. meiri hl. fram brtt., sem sýnir, að hann hefir sama skilning á þessu og ég. En hvers vegna ber hv. meiri hl. brtt. fram, ef hún er óþörf? Hvaða fíflalæti eru komin í þennan virðulega hv. þm.? Er hann að leika sér að því að klina út skjöl þingsins með óþörfum till.? Honum væri sæmra að leggja meiri vinnu í önnur ákvæði l. heldur en að semja hér óþarfar till.

Í 1. gr. l. frá 1921 um útflutningsgjald eru þau almennu ákvæði, að greiða skuli 1½% í útflutningsgjald af ísl. afurðum. Svo segir í 4. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst fiskur, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sé utan landhelgi".

Þessi ákvæði hafa af lögfræðingum og dómurum, sem dæmt hafa í þessum málum, verið skilin svo, að þessi almennu ákvæði 1. gr. um 1½% gjald næðu til þess fiskjar, sem veiddur er á innlend fiskiskip, sem stunda veiði utan landhelgi og koma ekki til hafna á siglingu sinni til útlanda. Aftur er í 3. gr. frv. gerð önnur skilgreining fyrir því, hvaða fiskur, veiddur undir svipuðum kringumstæðum, falli undir útflutningsgjaldið. Þar segir: „Til afurða þeirra, er 1. gr. getur, telst afli af skipum, sem hafa rétt til þess að fiska í landhelgi og gera það að einhverju leyti, eða verka hann í landhelgi, þótt eigi sé fluttur í land". Þá segir og ennfremur, og nú vil ég biðja hv. frsm. meiri hl. að hlusta á: „Ennfremur nær gjaldið til afla, sem veiddur er utan landhelgi, ef hann er saltaður, verkaður eða fluttur á milli skipa á höfnum inni eða í landhelgi". Hér er fullkomin skilgreining, sem ætlazt er til, að sé tæmandi. Það er skýrt tekið fram, undir hvaða kringumstæðum gjaldið nái til aflans: Að gjald beri að greiða af afla, sem aflaður er utan landhelgi, ef hann er saltaður, verkaður eða fluttur á milli skipa inni á höfnum eða í landhelgi. Þá leiðir það af sjálfu sér, að undanþeginn útflutningsgjaldinu hlýtur sá afli að vera, sem veiddur er utan landhelgi, ef hann er ekki saltaður eða fluttur á milli skipa fyrir innan landhelgi eða á höfnum inni. Ég hefi borið þennan skilning minn í þessu ákvæði frv. undir lögfræðing, og telur hann tvímælalaust, að hann sé réttur. Ef þeir hv. frsm. meiri hl. og hæstv. fjmrh. trúa á sinn eiginn málstað, þá eiga þeir að falla frá brtt. sinni. Ég vil nú leyfa mér að bjóða upp á það að fá máli þessu og atkvgr. um brtt. frestað, og leita til hæstaréttar um álit hans á þessu deiluatriði. Þarf það ekki að taka nema tiltölulega lítinn tíma, sem ekki ætti að verða til baga fyrir framgang málsins í þinginu. Undir þennan Salómonsdóm vil ég bjóða ykkur að leggja málið.

Að öðru leyti þarf ég ekki að víkja að því, sem fram hefir komið undir umræðum til andmæla minni hlutanum.

**Páll Þorbjörnsson:** Hv. 6. landsk. hefir borið fram brtt. á þskj. 89 við frv. þetta, þar sem hann leggur til, að útflutningsgjald af fiskúrgangi verði hér eftir 4.00 kr. af hverjum 100 kg. Hann nefndi þetta réttlætismál, en ég held, að það sé það ekki, nema þá frá annari hlið inni. Það má vera, að þetta geti talizt réttlætismál frá þeirra hlið, sem að fiskimjölsverksmiðjunum snýr, en hitt er víst, að fiskeigendurnir munu ekki telja það réttlætismál gagnvart sér, þar sem það er víst, að þessi hækkun á útflutningsgjaldinu þýðir stórfellda verðlækkun á hráefninu.

Nú undanfarið hefir reynslan verið sú, að Norðmenn hafa greitt allt að 60% hærra verð fyrir þetta hráefni en innlendu verksmiðjurnar hafa viljað greiða. Fari verð þessarar vöru svo mjög niður sem búast má við, ef brtt. yrði samþ., þá myndi erfitt að fá það hækkað aftur. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert að vernda innlendan iðnað, en svo langt má þó ekki ganga, að baka öðrum stórfellt tjón vegna þeirra ráðstafana. Þá þóttist hv. 6. landsk. færa rök að því, hversu mikill aðstöðumunur væri fyrir Norðmenn og Íslendinga að vinna úr þessum hráefnum, þar sem hér yrði að greiða allt að 1.36 í vinnulaun á kl., en í Noregi ekki nema 0.80. — Við þetta er það að athuga, að 1.36 um kl. stund er hvergi greitt nema hér í Rvík, og út um land er kaupgjaldið mun lægra, og mun jafnvel ekki greitt meira en 0.80 á stund í sumum fiskmjölsverksmiðjunum a. m. k. Þá vildi hann halda því fram, að flutningskostnaður milli hafna hér væri í mörgum tilfellum, hvað vöruteg. þessa snerti, eins mikill og til Noregs. Þessi fullyrðing mun á litlum rökum byggð, þar sem það er vitað, að Norðmenn verða að smala beinunum saman frá mörgum smáhöfnum kringum landið, auk þess að flytja þau til Noregs. Aftur á móti geta Íslendingar oft fengið þau þar, sem verksmiðjurnar eru, og er slíkt mikill hægðarauki.

Þá talaði hv. þm. um það, að með því að flytja beinin út til Noregs, þá hyrfi út úr landinu öll vinna við þau. En þetta er ekki rétt. Beinin eru þurrkuð hér, og við að þurrka þau er töluverð vinna, sem eingöngu fellur til landsmanna. — Að bein þau, sem út eru flutt, séu ekki talin rétt fram til tolls, skal ég ekkert um segja, en ekki getur verið ástæða til að hækka á þeim tollinn af þeim sökum. Að bæta úr þeim ágalla heyrir undir þá, sem tollgæzluna hafa með höndum, eins og með aðrar vörur, sem fluttar eru út og inn.

Ég vil svo að endingu beina því til fjhn., sem hefir haft mál þetta til meðferðar, að athuga vel, hvort með till. þessari sé ekki gengið svo á rétt fiskeigenda, að til stórskaða sé.

**Jóhann Jósefsson** óyfirl.: Hæstv. fjmrh. færði þau rök fyrir því, að nauðsynlegt væri að fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, að það kæmi svo ranglátlega niður. Það væri aðeins nokkur hluti bændanna, sem greiddi það, sá hluti þeirra, sem seldi afurðir sínar á erlendum markaði. Ég er nú hræddur um, að þau séu fá byggðarlögin, sem ekki selja eitthvað af búsafurðum sínum til útlanda, svo þessi ástæða verður að teljast harla veigalítil.

Sé hér um að ræða ósamræmi á milli bændastéttarinnar í þessum efnum, þá ætti að vera auðvelt að leiðrétta það nú í sambandi við l. um sölu sláturfjárafurða, sem nú eru á leiðinni gegnum þingið. Þó að því svo kunni að vera, að einhverjir bændur greiði eitthvað meira af útflutningsgjaldinu en aðrir, þá er það engin ástæða til þess að ganga á móti því réttlætismáli sjávarútvegsins, að fella einnig niður útflutningsgjaldið af sjávarafurðum. Hvernig sem á mál þetta er litið, þá er það ekki frambærilegt að halda því fram, að það eigi að fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum fyrir þær sakir einar, að einn bóndinn borgi kannske eitthvað lítið meira en annar. Hitt er annað mál, að útflutningsgjald, hvort sem er af sjávarafurðum eða landbúnaðarafurðum, er sá *gjaldstofn, sem ætti að fella niður*, því að það mun nær einsdæmi, að nokkur þjóð taki jafnhátt gjald af útfluttum afurðum sínum eins og við Íslendingar.

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu í dag, þegar hann var að svara hv. frsm. minni hl., að þessi niðurfelling á útflutningsgjaldinu, sem farið er fram á í frv., gæti ekki orðið grundvöllur undir almenna niðurfellingu þessa gjalds, því að þetta væri borið fram sem réttlætismál bænda innbyrðis. Eins og ég hefi sýnt fram á áður, þá er þessi ástæða einskis virði og ekki frambærileg. Verðlagið á kjötinu er með löggjöf verið að jafna á milli bænda, og þá innan handar að jafna þetta smávægilega gjald líka. Það þarf aðeins að vilna heim eitthvað í, sem selja kjöt sitt á erlendum markaði.

Því verður nú ekki með rökum á móti mælt, að með því að fella niður útflutningsgjald það, sem hér ræðir um, þá er verið að stíga fyrsta sporið til þess að fella gjald þetta almennt niður, og vilji hæstv. stj. og fylgismenn hennar taka rökréttum afleiðingum af þessu spori, þá eru þær annað tveggja, að útflutningsgjaldinu verði varið til einhverra umbóta sjávarútveginum til hagsbóta, eða þá að öðrum kosti að það verði fellt niður með öllu, eins og hér er lagt til með gjaldið af landbúnaðarafurðunum.

Eins og kunnugt er, þá hafa síldarafurðir lengi átt erfitt uppdráttar til þess að njóta jafnréttis við aðrar vörur að því er útflutningsgjald snertir. Það mátti lengi vel ekki heyrast hér á Alþ., að sama útflutningsgjald væri af síld og öðrum sjávarafurðum, og gekk núv. stjórnarflokkur bezt fram í því að viðhalda þessu ranglæti. Það var ekki fyrr en á þessu þingi, að hann kúventi í málinu, en það gerði hann ekki sakir þess, að honum fyndist hér um réttlætismál að ræða, heldur sakir þess, að *hann varð að slá aftur af hinni fyrri afstöðu* sinni vegna pólitískra hrossakaupa við jafnaðarmenn, til þess að geta náð að nokkru leyti völdum í landinu. Af þessum ástæðum sinnti hann þeim kröfum, sem hann var búinn að daufheyrast við lengi. Þó er það svo, að þetta má ekki ná til allra síldarafurða, því að enn þá á að greiða 7% útflutningsgjald af síldarmjöli. Í það ranglæti býst ég við að Framsóknarfl. haldi dauðahaldi, þar til það getur orðið *pólitískur ávinningur fyrir hann* að slá aftur af því.

Þá er til smekkbætis lagt til af stj. að rjúfa það samkomulag, sem gert var milli allra flokka á þinginu 1925, að sá gjaldauki, sem þá var lagður á, skyldi skiptast jafnt á milli ræktunarsjóðs og strandvarnanna. En nú segir stj., að landbúnaðurinn eigi ekki að greiða lengur í þennan sjóð, en þó eigi gjaldið, sem hér eftir verður samkv. því eingöngu af sjávarafurðum, að renna í ræktunarsjóðinn, en ekkert til strandvarna. Þetta dæmi er gott sýnishorn um sanngirni og réttlæti hæstv. stj. í garð sjávarútvegsins.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Ég skal þá fyrst snúa mér að ágreiningi, sem orðið hefir *milli mín og* hv. þm. G.-K. um skilning á vissum ákvæðum frv. og jafnvel gildandi l. um þetta efni. Hann segist hafa borið sitt álit *undir lögfræðing, sem telji tvímælalaust* frvgr. og tilsvarandi grein í gildandi l. sama efnis. Deilan er um það, hvort ákvæði 4. gr. l. nr. 70 frá 1921 eru samhljóða 3. gr. frv., síðari málsgr. Í l. segir svo í 4. gr.: „Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst fiskur, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sé utan landhelgi". Það er rétt, að af þessari gr. einni út af fyrir sig er svo að sjá sem sá fiskur, sem ekki er fluttur milli skipa í landhelgi og veiddur utan landhelgi, sé eigi gjaldskyldur, en um þetta atriði hefir gengið dómur á þá leið, að slíkur fiskur sé gjaldskyldur samkv. 1. gr. l., og er það áreiðanlega réttur skilningur, og ég er þess vegna alveg óhræddur um toll af þessum fiski, þó ekki sé nánar að orði kveðið en gert er í frv. Hitt get ég mjög vel skilið, að hv. þm. G.-K. vilji ekki viðurkenna, að hann hafi hlaupið á sig í aðfinnslum sínum. Þessi hv. þm. *lítur dálítið stórt á sig og finnst það virðingu sinni* ósamboðið að viðurkenna sinn misskilning. Við gætum sjálfsagt þess vegna pexað um þetta í allan dag, en ég sé, að það þýðir ekkert, því hv. þm. ætlar sér ekki að láta undan, enda veit ég, að aðrir hv. þdm. hafa tekið eftir því, að orðalagið er hið sama í l. frá 1921 og í frv. Hinsvegar hefi ég ekkert á móti þeirri viðbót, sem hv. meiri hl. fjhn. leggur til að samþ. verði, ekki af því, að ég álíti hana í sjálfu sér nauðsynlega, en ég get viðurkennt, að brtt. gerir meiningu frv. ennþá skýrari. Og ég þykist sjá, að fyrir meiri hl. n. vaki aðallega það, að réttast sé að samþ. brtt. við frv., því annars muni hv. þm. G.-K. setja metnað sinn í að borga ekki útflutningsgjaldið af fiski, sem veiddur er utan landhelgi, nema með dómi. Hann er eins og kunnugt er formaður fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda, og má því telja víst, að hann af þráa komi því til leiðar, að útgerðarmenn borgi ekki þetta gjald öðruvísi en með dómi. Væri þannig hægt með brtt. að koma í veg fyrir óþarfa töf á innheimtu þessa gjalds, og þess vegna er rétt að samþ. hana, svo þessi hv. þm. geti ekki með þrjózku sinni tafið innheimtu ríkissjóðs á þessu gjaldi eins og ég er viss um, að hann mundi gera.

**Hannes Jónsson** óyfirl.: Það er dálítið hæpin fullyrðing hjá sumum hv. þm., að niðurfelling útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum hljóti óhjákvæmilega að leiða af sér niðurfelling útflutningsgjalds af sjávarafurðum. Útflutningsgjald af sjávarafurðum má nefnilega skoða sem greiðslu upp í þann kostnað, sem ríkissjóður hefir af sjávarútgerðinni, sérstaklega landhelgiskostnaðinn, sem gengur til þess að verja þennan almenning kringum landið, til hagsbóta fyrir útgerðina. Hitt er rétt að athuga, að þetta gjald fari ekki út í öfgar, og ég get vel gengið inn á það, að rétt sé að athuga, hvort ekki sé kominn tími til að færa niður þetta gjald, t. d. á síldarmjöli og fóðurmjöli, og vil ég í því sambandi mælast til þess við hv. 6. landsk., að hann taki aftur sína brtt. til 3. umr.

Eins og áður hefir verið getið hér í hv. þd., verður á næsta sumri að útvega verksmiðjunum meiri síld til vinnslu en þær hafa haft og það til stórra muna meiri. Og það getur vel verið, að bezta ráðið til þess að hvetja síldveiðiskipin til að láta síld í bræðslu, sé sú, að halda ekki allt of háu útflutningsgjaldi á síldarmjölið. Ég sé, að nokkur hluti þeirrar vöru, sem verksmiðjurnar framleiða, hefir lægra útflutningsgjald. Það er síldarolían. En ég sé ekki neina ástæðu til þess að hafa þetta gjald hærra af síldarmjölinu en af olíunni. Ég skal viðurkenna það, að um talsvert mikinn tekjumissi er að ræða fyrir ríkið, ef gjald þetta verður lækkað að mun, en þegar um það er að ræða að hjálpa einum atvinnuvegi, þá má ekki horfa í það eitt, enda getur tapið unnizt upp á öðrum sviðum. Og hvað snertir rekstur ríkisins á sínum síldarverksmiðjum, þá er ég ekki í vafa um það, að ríkið vinnur það upp á rekstri þeirra, sem það tapar af útflutningsgjaldi af því síldarmjöli, sem þær vinna. Útflutningsgjald af síldarmjöli hefir verið óeðlilega hátt og er það enn. Ég hygg, að upphaflega hafi það verið sett svo hátt vegna þess, að svo margar verksmiðjur voru upphaflega eign útlendinga, og þótti þá rétt að ná sem mestu af þeirra gróða í ríkissjóðinn, en nú eru tímarnir breyttir, allt hefir fallið í verði, og miðað við það, sem verksmiðjurnar verða að borga fyrir hrávöruna, er útflutningsgjaldið tvímælalaust allt of hátt.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. þm. G.-K. hefir borið fram þá ósk, að meiri hl. fjhn. taki aftur brtt. sína við 3. gr. frv., en ég get ekki því miður orðið við þeirri bón. Það má ganga út frá því vísu, eftir þeim skilningi, sem hann hefir á ákvæðum gildandi l. og frv., að ef brtt. verður ekki samþ., leiði það til málaferla og hæstaréttarúrskurðar út af innheimtu útflutningsgjalds af togarafiski, sem veiddur er utan landhelgi, en slík óþörf málaferli leiða af sér kostnað, sem betra er að losna við. Hitt er ég sannfærður um, að 1. gr. l. frá 1921 nægir til þess, að ríkissjóði yrði eftir henni einni saman dæmdur þessi tollur, en það er alveg óþarfi að gera rekistefnu út úr þessu máli, úr því allir eru sammála um, að brtt. sé til að gera ótvíræða gildandi framkvæmd.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors)** óyfirl.: Það er sáralítið, sem ég hefi að svara því, sem komið hefir fram í umr. Það er aðeins eitt atriði í sambandi við þær, sem ég vil taka skýrt fram. Ég hefi gert hv. frsm. og hæstv. ráðh. tilboð, og ef þeir þiggja það, þá eiga þeir kost á að fá staðfestingu fyrir því, að sinn skilningur sé réttur; ef þeir ekki þiggja það, þá viðurkenna þeir, að þeir hafi ekki rétt fyrir sér. Þeirra rök fyrir brtt. eru þau, að þar sem ég sé formaður fél. ísl. botnvörpueigenda, þá muni ég beita mér fyrir því, að togaraeigendur neiti að greiða þetta gjald öðruvísi en eftir dómi. Ég skal þá lýsa því yfir, að ef þeir taka till. sína aftur, þá skal ég ábyrgjast, að allir togaraeigendur greiði útflutningsgjaldið meðan málsókn stendur yfir og þangað til dómur er felldur um það, hvor réttara hafi fyrir sér, en auðvitað með endurgreiðsluskyldu fyrir ríkissjóð, ef skilningur hæstv. ráðh. telst rangur, en engri endurgreiðsluskyldu, ef ég hefi á röngu að standa. Mér sýnist, að það geti nú verið mælikvarði á það, hvor réttara hefir fyrir sér, hvort þeir þora að taka aftur brtt. og treysta á ákvæði frv. óbreytt eða þeir láta brtt. halda áfram.

Ég hefi í annari ræðu minni sýnt fram á það, að með brtt. meiri hl. fjhn. við 3. gr. frv. er það ótvírætt viðurkennt, að samkv. l. er sá fiskur, sem veiddur er utan við landhelgi og aldrei kemur inn fyrir landhelgi, undanþeginn gjaldskyldu, enda er það með 3. gr., eins og hún er í frv., útilokað með öllu, að heimilt sé að taka þetta gjald, þar sem sagt er berum orðum að af afla, sem veiddur er utan landhelgi, megi taka útflutningsgjald, ef hann er saltaður, verkaður eða fluttur milli skipa innan landhelgi eða á höfnum. Þetta er svo greinilegt, að ég tel það vansa fyrir hv. þm. V.-Ísf., en ekki hæstv. ráðh., að kannast ekki við það, að 3. gr. frv. eins og hún er, nær ekki því, sem ætlazt var til, enda þótt hann skilji þetta, eins og hann hefir sýnt með sinni brtt. Mér er það alveg óskiljanlegt, að hann skuli láta spilla sér þannig siðferðislega af nauðsyn hæstv. ráðh. í þessu máli.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Út af þeim ummælum, sem féllu áðan hjá hv. þm. Vestm. um það, að úr því að væri fellt niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, væri sjálfsagt að fella það einnig niður af sjávarafurðum, vildi ég segja nokkur orð. Ég sé, að þetta álit hans byggist á nokkrum misskilningi, vegna þess, að þó greiddar verði verðuppbætur á kjöti, eins og ætlazt er til, þá verður það kjöt, sem selt er á erlendum markaði, aldrei eins hátt í verði og það kjöt, sem selt er á innlendum markaði, þannig að útflutningsgjaldið kæmi alltaf á þann hluta kjötframleiðslunnar, sem við lakastan markað á að búa. Þess vegna eru þau rök, sem komið hafa fram frá meiri hl. n. og mér fyrir niðurfellingu útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum, alveg skýlaus, þau, að óviðeigandi sé að taka gjald af þeirri vöru, sem lægst verð er á, en ekki af hinum hlutanum, sem hærra verð fæst fyrir. Annars verð ég að segja það, að töluverður munur er að greiða útflutningsgjald af þeim vörum, sem eru í svo litlu

verði, að það þarf að greiða á þeim verðuppbót, eða að greiða þetta gjald af vörum, sem seljast fyrir sæmilegt verð, eins og yfirleitt er með sjávarafurðir. Það má náttúrlega segja, að útflutningstollur sé yfirleitt ekki sanngjarn, en vilji menn afnema hann, þá verður að finna eitthvað annað jafngott í staðinn. Ef hægt er að finna annan tekjustofn í staðinn, sem er betri en útflutningstollurinn, þá má létta honum af öllum útflutningsvörum landsmanna, en því miður er ekki því að heilsa, að það sé hægt. Og ég vil skjóta því fram, að hv. Sjálfstæðisfl. hefir ekki tekið þannig í þau tekjuöflunarfrv., sem stj. hefir lagt fram, að fært sé að höggva skarð í núv. tekjur ríkissjóðs. Eins og á stendur með hag ríkissjóðs er yfirleitt ekki hægt að halda því fram, að nokkurn af tekjustofnum hans eigi að lækka, nema með því að finna jafnframt leið til að jafna hallann, sem af lækkuninni leiðir, það er alltaf hlið á málinu, sem ekki er hægt að komast framhjá.

Ég ætla ekki að karpa við hv. þm. G.-K. um það, sem hann var að endurtaka í síðustu ræðu sinni. Ég segi bara það, að þó till. meiri hl. n. væri ekki samþ., þá er engin hætta fyrir ríkissjóð, en hinsvegar sé ég ekkert á móti því að samþ. till., svo orðalagið verði skýrara. Það er alveg ljóst, að 3. gr. frv. er shlj. 4. gr. gildandi l., og eftir l. er fiskur veiddur utan landhelgi, þó aldrei komi inn fyrir landhelgislinuna, alls ekki undanþeginn útflutningsgjaldi, eins og dómstólar hafa líka úrskurðað, að ekki væri.

**Jónas Guðmundsson** (óyfirl.): Ég ætla ekki að lengja umr. með því að tala um brtt. mína *meira að þessu sinni*. Það hefir ekki nema einn hv. þm. sýnt henni andstöðu, og ég hefi eftir framkomnum tilmælum ákveðið að taka hana aftur til 3. umr., til þess að gefa hv. þm. kost á að athuga málið betur.

*Viðvíkjandi því, sem þessi eini* hv. þm. hefir sagt, skal ég taka það fram, að það getur vel verið, að till. mín sé ekki réttmæt frá sjónarmiði útgerðarmanna, en það hefir nú ekki verið um það hugsað undanfarið, þegar verndartollar *hafa verið settir til þess að hjálpa innlendum* iðnaði, t. d. smjörlíkisgerðinni, hvaða áhrif þeir hefðu fyrir almenna borgara, heldur hefir verið um það hugsað að vernda iðnaðinn og skaffa fólkinu atvinnu, hjálpa iðnaðinum til *að komast á laggirnar. Úr því hefir reynslan* sýnt, að innlend iðnaðarframleiðsla hefir ekki orðið dýrari en hin erlenda. En hvað verður um tekjur landsmanna af fiskimjölsiðnaðinum, ef nú á að leggja hann í rústir? Halda menn. *að þær komi aftur frá útlendingum, sem kaupa* af okkur fiskúrganginn til útflutnings? Áreiðanlega ekki, útlendingarnir segja: „Þetta borgum við fyrir vöruna, og þið ráðið, hvort þið seljið hana, við borgum ekki meira".

Hv. 3. landsk. sagði, að kaup verkamanna væri ekki nema 80 aur. á klst. Ég álít, að við séum nú báðir svo vel að okkur í kaupgjaldsmálum, að við vitum það, að kaup verkamanna í kaupstöðum og sjávarþorpum er ekki undir kr. 1.10 á klst. Ég segi ekki, að það geti ekki verið, að í einstöku verksmiðjum sé það eitthvað lægra, en yfirleitt er það þetta. — Hann sagði, að ég hefði sagt, að allur sá vinnukraftur, sem notaður er við þessar verksmiðjur, tapaðist úr landinu, ef þær yrðu lagðar niður. Ég sagði, að sá vinnukraftur, sem verksmiðjurnar notuðu, yrði ekki borgaður með því fé, sem tapaðist á því að leggja þær niður.

Þá talaði hv. þm. um, að eitthvað væri bogið við það, að ísl. verksmiðjurnar gætu ekki komizt að jafngóðum kjörum með flutning á fiskiúrgangi eins og erlendir kaupendur, en þetta er mjög auðskilið. Útlendu kaupendurnir fá fiskúrganginn fluttan með stórum kolaskipum, sem koma fullfermd upp til landsins og mundu sigla tóm út aftur. Þau flytja hingað þetta 800 til 1000 tonn af kolum og fá fyrir það 12 til 14 þús. kr., en svo taka þau til baka 80 til 100 tonn af fiskúrgangi og fá fyrir það 2500 til 3000 kr. Það verður miklu dýrara fyrir ísl. verksmiðjurnar að flytja til sín þessa vöru, með því að fá skip hér í Rvík til að flytja vöruna austur um land, heldur en fyrir útlenda kaupendur að flytja með þeim skipum, sem eiga ferðina hvort sem er. Ég vil því mælast til þess, að hv. þm. í báðum d. vilji í alvöru athuga þetta mál gaumgæfilega. Hér er um að ræða, hvort á að hjálpa atvinnuvegi, sem á í vök að verjast á því augnabliki, sem hann stendur í úrslitabaráttu við harðvítuga keppinauta.

**Jóhann Jósefsson** (óyfirl.): Ég ætla með örfáum orðum að svara hæstv. fjmrh. Hann var að segja það, að munur væri á því að borga útflutningsgjald af vöru, sem væri í svo lágu verði, að framleiðendur hennar fengju styrk í verðuppbót á hana, eða vöru sem væri í sæmilega góðu verði. Ég verð þó að benda hæstv. fjmrh. á það, að hér er um hundraðsgjald að ræða af vörunum, sem vitanlega er eftir því lægra því lægra sem verð vörunnar er. Það er vitanlegt, að verð á kjöti er mjög lágt, en það er ekki hið sama að segja um allar landbúnaðarafurðir. T. d. er ull í svo háu verði, að engar sjávarafurðir ná henni með verð.

Annars var það ekki til að deila á hæstv. ráðh., að ég stóð upp, og ekki til þess að leggja á móti því, að fellt verði niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, heldur til þess að svara hv. þm. V.-Húnv., þar sem hann var að réttlæta útflutningsgjald af sjávarafurðum með því, að það ætti að koma upp í þann kostnað, sem ríkissjóður hefði af sjávarútgerðinni, aðallega landhelgisgæzlunni. Ég ætla ekki að fara í meting við fulltrúa landbúnaðarins út af því, hvort meira hafi verið lagt úr ríkissjóði til eflingar landbúnaði eða sjávarútvegi, en hv. þm. V.-Húnv. hefir stígið spor í þá átt. Það hefði verið hægt að telja saman, hve mikið fé hefir farið til hvors atvinnuvegarins í seinni tíð. Ég ætla ekki að gera það, en ég hygg, að þessi hv. þm. hafi það á meðvitundinni, að landbúnaðurinn hefir ekki farið varhluta af því fé, sem hið opinbera hefir varið til eflingar atvinnuvegunum.

Hæstv. ráðh. minntist á, að það yrði að sjá fyrir öðrum tekjum, ef það lægi fyrir að afnema t. d. útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Hér liggur fyrir frv. um að afnema útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, og hæstv. ráðh. hefir áður gert ráðstafanir um lækkun síldartollsins, svo ég geri ráð fyrir, að hann hafi einhversstaðar ætlað þessum 140 þús. kr. að koma í ríkissjóðinn aftur. Það er ekki svo að skilja, að hér liggi nein till. frá mér eða öðrum um að fella niður útflutningsgjald af sjávarafurðum nú. En það, sem ég vil undirstrika, er það, sem kom fram hjá hv. frsm. minni hl. n., að hér sé verið að víkja frá því principi, að taka gjöld í ríkissjóð á þann hátt að skatta útflutning landsmanna. Það er þetta, sem ég vildi undirstrika, og ég greiði atkv. með þessu frv. bæði vegna þess, að ég get vel unnt bændum að fá þessa litlu linun, og einkum vegna þess, að ég tel, að útflutningsgjald af hverju sem er, eigi að hverfa, nema ef horfið yrði að því ráði að láta útflutningsgjaldið ganga beinlínis til þeirra atvinnuvega, sem það kemur frá. — Skattafrv. hæstv. ráðh. hafa ekki mætt nærri því eins óvingjarnlegri móttöku frá sjálfstæðismönnum eins og þau hafa átt skilið. Ég held því, að hæstv. ráðh. geti á engan hátt bendlað sjálfstæðismenn við það, að vilja ekki ljá atkv. sitt til þess að tryggja ríkinu þær tekjur, sem það þarf, og styðja að lögfestingu tekjuauka sem nokkurt vit er í. Hinsvegar er það vitanlegt, að hér er komið fram frv. til tekjuauka fyrir ríkissjóð, sem menn eru ekki allir ásáttir um, að eigi að ganga fram. — Mér þótti vænt um að heyra það hjá hæstv. ráðh., að það, sem stæði í veginum fyrir því nú, að hægt væri að stiga sporið til fulls, nefnilega að hverfa frá þessum tekjustofni, útflutningsgjaldinu, væri það, að ekki væri séð fyrir því, að jafnar tekjur kæmu alstaðar frá. Ég tek þetta sem vott þess hjá hæstv. ráðh., að hann finni það á sér, að hér sé stigið , eins og sagt hefir verið, fyrsta sporið, og að það verði að styðja að því að létta útflutningsgjaldinu af með öllu, og að í huga hans sé þetta eina í bili því til fyrirstöðu, að hann hefir ekki við hendina tekjustofna, sem komið geti í staðinn fyrir þennan tekjumissi. Hitt er annað mál, ef hin leiðin yrði farin síðar meir, að atvinnuvegirnir væru skattlagðir beinlínis til þess að styrkja þá sjálfa.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors)** óyfirl. : Ég held, að mér hafi nú tekizt að sjá leið til þess að opna augu andstæðinga minna í þessu deilumáli, svo það verði alveg augljóst, að þeir hafi á röngu að standa, en ég á réttu. Ég ætla þá að beina orðum mínum til hv frsm. meiri hl. n., í trausti þess, að hann taki afleiðingum af þeim rétta skilningi. — 4. gr. l. frá 1921 hljóðar þannig: „Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst fiskur, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sé utan landhelgi".

Ef nú þessi 4. gr. hljóðaði þannig: „Til afurða, þeirra er í 1. gr. getur, telst fiskur, þótt veiddur sé utan landhelgi, ef hann er fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni", — heldur þá hv. frsm., að hún næði yfir fisk, sem veiddur er utan landhelgi og aldrei kemur í landhelgi? En ef gr. er orðuð svona, er hún að efni til eins og 3. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir og hljóðar svo: „Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst afli af skipum, sem hafa rétt til þess að fiska í landhelgi og gera það að einhverju leyti, eða verka hann í landhelgi, þótt eigi sé fluttur í land. Ennfremur nær gjaldið til afla, sem veiddur er utan landhelgi, ef hann er saltaður, verkaður eða fluttur á milli skipa á höfnum inni eða í landhelgi". — Nú finnst mér alveg augljóst, að ég hafi á réttu að standa.

Við hæstv. ráðh. tala ég ekki; þó að ég geti gert mér vonir um, að hann skilji þetta, þá geri ég mér engar vonir um, að hann taki afleiðingunum af þeim skilningi.

**Páll Þorbjörnsson:** Hv. 6. landsk. þm. beindi því til mín, að mér mundi vera eins kunnugt og sér, að hvergi í kaupstöðum hér á landi væri kaupgjaldið 80 aur. eða lægra. Ég vil þá beina því til hans, að honum hlýtur að vera eins vel kunnugt um það og mér, að ennþá hefir ekki verið sett fast kaupgjald neinstaðar í verksmiðjum. Það er aðeins nú fyrir nokkrum dögum, að verksmiðjufólk hér í Rvík hefir stofnað vísi til samtaka með sér, til þess að halda uppi kaupgjaldinu. Mér er kunnugt um það, að a. m. k. ein, ef ekki fleiri verksmiðjur hér á landi, sem hafa fiskimjölsiðnað að starfrækslu, hafa ekki greitt tímakaup, heldur mánaðarkaup, og það svo lágt, að tímakaupið varð raunverulega ekki nema 80 aur. eða jafnvel lægra.

Þá tók hv. þm. það fram, að Norðmenn hefðu sérstaka aðstöðu til þess að flytja bein út ódýrt, af því að þeir fengju til þess nokkuð stór skip, enn innlendu verksmiðjurnar yrðu aftur á móti að fá lítil skip, 50—60 tonna, til þess að smala þessu saman. Ég veit ekki, í hverju þessi hagsýni liggur hjá ísl. verksmiðjunum, að nota þessi litlu skip, því ef Norðmenn geta notað stór skip, ættu Íslendingar að geta það líka, þar eð báðir aðilar verða að sæta sömu hafnaraðstöðu. Hinsvegar munu Norðmenn nota lítil skip, 50—60 tonna, til þess að færa beinin saman frá smæstu höfnunum.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)** Ég þakka hv. þm. G.-K. fyrir þá miklu umhyggju, sem hann ber fyrir sáluhjálp minni og hæstv. ráðh. (**ÓTh:** Ekki ráðh!).

Ég á nú ekki gott með að svara hv. þm., vegna þess að ég festi ekki í huga mér orðalag hans, en það gerir ekkert til. Ég get bara bent á það, að 3. gr. frv. hljóðar svo: „Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst afli af skipum, sem hafa rétt til þess að fiska í landhelgi og gera það að einhverju leyti ...". Þessi ákvæði 3. gr. eru sett vegna útlendra skipa, en ekki íslenzkra. Þetta kemur og skýrt fram í aths. við frv., þar sem svo stendur: „Íslenzk skip verða að greiða útflutningsgjald af öllum afla sínum, hvort sem þau hafa komið í landhelgi eða ekki". Það er því skýrt bæði af gr. og grg., að ekki er ætlazt til neinna breyt. frá því, sem er. Afli ísl. skipanna heyrir undir 1. gr., en ekki 3. gr. sérstaklega, sem er eingöngu sett vegna sambandsl. og

þeirra réttinda, sem dönsk og færeysk fiskiskip hafa hér við land.

*Mér þykir leitt* að verða að hryggja hv. þm. G.-K. með því að ljúka orðum mínum á þann veg, að ég stend við það, sem ég hefi sagt og tek engum leiðréttingum.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors)** óyfirl.: Ég efa það ekki, enda er það kunnugt, að grg. ætlast ekki til, að gerðar verði breyt. í þessum efnum. En það er einmitt það, sem verið er að deila um, og ég hefi sagt, að hæstv. ráðh. geri þessa breyt. á l. af handvömm, vitandi ekki, hvað hann er að gera, og ef frv. verður samþ. eins og það er, þá ber það vott um það, að hæstv. ráðh. ætlaði sér ekki að gera breyt. á l., en gerði það, af því að hann athugaði ekki, hvað hann var að gera.

Ég verð að láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að frsm. meiri hl. skuli ekki vilja taka afleiðingum af réttum rökum, og enda ég þá þessa umr. með þessum orðum: „Og þú líka, sonur minn, Brútus!"

**Jakob Möller:** Mér þykir rétt að mótmæla því sérstaklega, sem fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl., að hér væri sett sérlöggjöf um fiskiveiðar Dana og Færeyinga. En vitanlega eiga þeir að njóta hér sömu réttinda og Íslendingar og vera undir sömu löggjöf. Þess vegna hlýtur þessi 3. gr. að eiga jafnt við fiskveiðar Íslendinga sem Dana og Færeyinga. Þetta hefði hv. frsm. meiri hl. átt að vita.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Mér þykir illt að hafa reitt hv. 3. þm. Reykv. til reiði, en ég verð að halda því fram, að hér sé ekki verið að setja neina sérlöggjöf um dönsk og færeysk veiðiskip, heldur bara sagt, að þau skuli ótvírætt hafa sömu skyldur og ísl. skip, vegna þess, að á því hefir stundum verið nokkur ruglingur.

Gjaldskyldan er ótvíræð um Íslendinga samkv. 1. gr., og er í raun og veru ótvíræð gagnvart Dönum og Færeyingum, þó 3. gr. væri felld niður, en 3. gr. er einungis sett til þess að girða fyrir, að *nokkur misskilningur geti orðið* í þessum efnum.

Það er af sömu ástæðu, sem við berum fram okkar brtt. um að láta þetta allt koma fram í einni gr., svo ekki þurfi að vitna á milli gr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 218,1 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP,JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.

nei: GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, JörB.

Tveir þm. (MT, SE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 193, samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 218,2 felld með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl. JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, TT.

nei: EmJ, EystJ,[1]) FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, SK,[2]) StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, JörB.

Einn þm. (MT) fjarstaddur.

4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 193,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 89 tekin aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 245, 89, 265, 270).

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Það mun vera von á brtt. við þetta frv. frá iðnn. Ég mælist þess vegna til þess, að málinu verði frestað.

Umr. frestað um stund.

**Forseti (JörB):** Útbýtt er í d. brtt. á þskj. 290. Þar sem hún er of seint fram komin, verður að leita afbrigða frá þingsköpum, til þess að hún megi koma hér til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við frv. það, er fyrir liggur, og er hana að finna á þskj. 265. Þar er lagt til, að gjald af öllum útfluttum vörum skuli vera 1% af verði þeirra, í stað 1½%, sem nú er í frv., *og er ætlazt til, að þetta gjald sé tekið af landbúnaðarafurðum engu síður en sjávarafurðum.* Jafnframt legg ég til, að á útflutningsvörur sjávarútvegsins komi aukagjald, er nemi ½% af verði þeirra, og skuli það renna til þess að standast straum af rekstri strandgæzluskipanna. Menn kunna nú að segja, að með þessu standi allt í stað, hvað útflutningsgjaldið af sjávarafurðum áhrærir, en þó er þarna talsverð breyt. á gerð. Það hafa komið fram raddir í þá átt hér í hv. d., að sjávarútvegurinn ætti að standa straum af landhelgisgæzlunni, þar sem henni væri eingöngu haldið uppi fyrir þann atvinnuveg. Ég viðurkenni sanngirni þessara ummæla, og því hefi ég tekið þetta atriði upp í brtt. mína. Ég tek það fram, að ég teldi æskilegt að fella niður útflutningsgjaldið af öllum vörum, og að því beri að stefna smátt og smátt, eftir *því sem hagur ríkissjóðs leyfir. En ég geri ekki* ráð fyrir, að hagur ríkissjóðs þoli slíkt nú, og því hefi ég ekki farið lengra. — Því hefir verið haldið hér fram, að sanngirni mæli með því að fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, án þess að gera sjávarafurðunum sömu skil. Ég get ekki með bezta vilja séð, að

1) **Fjmrh.:** Þar sem ég álít till. óþarfa, segi ég nei.

2) **SK:** Af því að ég mun bera fram á þessu þingi ásamt fleirum till. í frv.formi um að verja þessum tekjum öllum til ákveðins hlutar, segi ég nei.

sú sanngirni sé til. Ég er hreint ekki viss um það, að landbúnaðurinn sé nokkuð verr settur en sjávarútvegurinn nú, eftir þá miklu hjálp, sem Alþ. hefir veitt bændum. Og nú á þessu þingi koma til staðfestingar bráðabirgðal., sem lögfesta stórum bætta aðstöðu bænda með aðalframleiðsluvöru sína, kjötið, og eiga þeir að fá verðuppbót á það kjöt, sem út er flutt. Ef útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum verður það, sem ég hefi lagt til, 1%, nemur það ½ eyri á hvert kg. af kjöti, miðað við 65 aur. söluverð út úr landinu. Þetta mun láta nærri að vera 8 aur. á dilksskrokkinn. Ég skil ekki í því, að menn geti talað um það í alvöru, að slíkt muni landbúnaðinn nokkru. Á vetrarþinginu 1933var líka talað um þetta, og margir töldu það þá hið mesta sanngirnismál að afnema gjaldið. En á því þingi stóðu þing-bændur upp, hver af öðrum, og lýstu því yfir, að bændastéttina munaði ekkert um þetta gjald, og töldu það vera að ganga nærri metnaði bænda að veita þeim algerða sérstöðu í þessu efni. Ég var þessum bændafulltrúum algerlega sammála, og er það enn. Ég vil ekki, að ísl. bændur verði nein ölmusustétt í þjóðfélaginu; verði vandir á undanþágur frá almennum gjöldum, er aðrir landsmenn verða að greiða, eða á annan hátt sköpuð sérstaða í þjóðfélaginu, þeim til hagsbóta, er jafnframt hlyti að ganga út yfir og skerða sjálfsvirðingu þeirra að miklum mun. Ég veit það vel, að bændur eiga nú við mikla erfiðleika að stríða, en ég ber þá trú í brjósti, að ísl. landbúnaðurinn eigi eftir að rétta sig úr kútnum. Og ég sé enga sanngirni í að létta þessu gjaldi af landbúnaðarafurðum meðan ekki er hægt að sýna fram á, að hann þurfi þess frekar en sjávarútvegurinn, sem nú er kominn á heljar þrömina. Eigi að fara inn á þá braut, að mismuna atvinnuvegunum, er erfitt að sjá, hvar staðar skal nema. Við skulum taka til dæmis innflutningstollana, tolla af kaffi og sykri. Því þá ekki t. d. að afnema þessa tolla af þeim hluta þessara vara, sem fara til bænda? Ég sé engan eðlismun á því og ráðstöfunum þeim, sem hér er verið að gera, heldur aðeins stigmun. Tap ríkissjóðs yrði meira og tilfinnanlegra, en þetta er beint áframhald á braut þeirri, sem hér er farið inn á. Ég endurtek það, sem eg sagði áðan, að það ber að stefna að því marki, að afnema útflutningsgjald af öllum framleiðsluvörum landsmanna. En það verður að gera smátt og smátt, og engin ástæða er til þess að taka landbúnaðarafurðirnar út úr, og þá sízt nú, þegar verið er að gera ráðstafanir til að bændur fái verðuppbót fyrir útflutt kjöt sítt, sem er margfalt hærri en þetta útflutningsgjald. Og þetta verðjöfnunargjald lendir að miklu leyti á bak fátækra sjómanna í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Og eigi að halda áfram að mismuna bændum og þyngja byrðarnar á herðum sjávarútvegsmanna og sjómanna, er óvíst hver endirinn verður.

Við 2. umr. kom fram brtt. þess efnis, að setja síldar- og fóðurmjöl í sama flokk og aðrar sjávarútvegsafurðir, en hún var felld. Nú liggur fyrir brtt. á þskj. 89 um að fella niður þetta hærra gjald, 1 kr. af 100 kg., hvað fiskimjölið snertir. Ég er fylgjandi þeirri breyt. En ég heyrði enga ástæðu færða fram fyrir því, að þetta ætti ekki einnig að ná til síldarmjölsins. Tæplega mun það vera vegna þess, að varan sé í svo háu verði. Það er viðurkennt, að þeir, sem vinna að framleiðslu þessarar vöru, fá svo lítið kaup, að þeir munu oft og tíðum vera litið meira en matvinnungar. Ég býst við, að það þýði ekki að bera fram brtt. um þetta, og er raunar ekki hægt, af því að búið er að fella við 2. umr. að skipa síldarmjölinu í flokk með öðrum sjávarafurðum. En ég leyfi mér að bera fram skrifl. brtt., sem ég afhendi hæstv. forseta, þess efnis, að í stað 1 kr. af 100 kg. síldarmjöls komi 50 aur., og er þetta nokkuð í áttina.

Þá er hér á þskj. 290 brtt. við brtt. á þskj. 89 frá mér og hv. 2. þm. N.-M. o. fl. þess efnis, að gjaldið verði 3 kr. af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, en á þskj. 89 er lagt til, að það verði 4 kr. Þetta útflutningsgjald á mikinn rétt á sér, því að hér er um verndun innlends iðnaðar að ræða. Síðastl. ár voru flutt til Noregs ca. 2000 tonn af þurrkuðum hausum og beinum. Miðað við verðlag 1932, samkv. verzlunarskýrslum, virðist verðmunur þessarar vöru, unninnar og óunninnar, nema 150 kr. á tonn. Miðað við þetta mundi því útflutningur þessarar hrávöru nema 300 þús. kr. tapi, og megum við ekki við því að missa það fé út úr landinu. En Íslendingar ættu að geta fengið sama verð fyrir mjölið og Norðmenn.Ég tel rétt að stefna að því að gera þessa framleiðslu innlenda, og þetta er handhægasta leiðin. Það má að vísu segja, að hér sé gengið nokkuð nærri þeim, sem selja þessa hrávöru, en það virðist ekki hægt að komast hjá því í bili, meðan verið er að koma fiskimjölsvinnslunni á ísl. hendur.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta meira, en ég vænti þess, að hv. d. taki þessum till. vel, því að þær eru byggðar á fyllstu sanngirni.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Ak., svo hljóðandi:

„Við 2. gr. Fyrir orðin „Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli ... kr. 1.00“ komi: Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli ... kr. 0.50“.

Þessi till. er of seint fram komin og auk þess skrifl. Þarf því tvenn afbrigði frá þingsköpum, til þess að hún megi koma hér til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (Sjá þskj. 299) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors)** óyfirl.: Minni hl. fjhn. hefir við fyrri umr. lýst afstöðu sinni til brtt. hv. þm. Ak., og hann er fylgjandi þeirri till., að útflutningsgjald af síldarmjöli sé fært niður. Um brtt. á þskj. 265 er það að segja, að minni hl. n. er henni sammála líka. Þó hefir aðstaðan síðan við 2. umr. breytzt við það, að hér hafa verið lögð fram tvö frv., sem fara fram á, að sjávarútvegurinn sjálfur njóti um takmarkaðan tíma útflutningsgjaldsins af sjávarafurðum. Segja mætti, að eðlilegt væri,

að landbúnaðurinn nyti hins sama, en mér finnst brtt. hv. þm. Ak. fullnægja þeim tilgangi, ef 4. gr. frv. er borin saman við hana. Hv. þm. Ak. fer fram á, að landbúnaðurinn greiði 1% í útflutningsgjald, en í 4 gr. frv. er ákveðið, að ½ hluti tekna af útflutningsgjöldum renni í ræktunarsjóð. Þó er þetta allt háð því, hvað verður um frv. á þskj. 280 og 281, sem nú nýlega hefir verið úthýtt.

Að því er snertir till. iðnn. eða meiri hl. hennar, um útflutningsgjald af hausum og beinum, hefir meðnm. minn, hv. 3. þm. Rvík, sem er meðflm. þeirrar till., tekið afstöðu til till. hv. 6. landsk., sem hann tók aftur við 2. umr. málsins. Þó að ég hafi eigi kynnt mér gögn þau, sem hv. iðnn. hafði, þegar hún kvað upp úr með það, hvað þessi tollur væri nauðsynlegur til verndar ísl. iðnaði, hygg ég, að þessi tollur, 30 kr. á smálest, fari nokkuð nærri því að fullnægja þeim tilgangi. Ég ber því ekki fram brtt., og ef ekki koma fleiri brtt. fram, mun ég samþ. þessa brtt. hv. meiri hl. iðnn.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 3. landsk., svo hljóðandi:

„Við b-lið. Málsgr. orðist svo:

Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og ósunnum, kr. 2.00“.

Brtt. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifl. og verður því að leita tvöfaldra afbrigða frá þingsköpum, til þess að hún megi koma hér til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (Sjá þskj. 300) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Jónas Guðmundsson** (óyfirl.): Það er svo að sjá af þeim brtt., sem rignir hér niður, að mönnum þyki farið fram á of hátt gjald af útflutningi þurrkaðra hausa og beina til verndar þeirri iðngrein, sem hér er um að ræða. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt um erfið kjör þessarar þýðingarmiklu iðngreinar og nauðsyn þess, að hún fái að njóta svipaðrar verndar og aðrar iðngreinar, sem Alþ. hefir stutt undanfarin ár. Vænti ég, að þessi iðngrein fái að njóta sömu sanngirni og þær.

Um þá brtt., að fella niður toll af síldarmjöli, skal ég segja það strax, að ég er persónulega þeirrar skoðunar, að rétt væri að fella þennan þunga toll alveg niður eins og af fiskimjöli og öðrum slíkum vörum. En um síldarmjölið stendur þó að því leyti öðruvísi á, að það er miklu stærri tekjuliður fyrir ríkissjóð en fiskimjölið, og niðurfelling tolls af því mundi nema 75 þús. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóðinn. Af því að ég telst til stjórnarflokkanna, en fjárl. eru hinsvegar enn með miklum tekjuhalla, treysti ég mér ekki að greiða atkv. með svo stórfelldri lækkun á tekjum ríkissjóðsins. Það kemur líka til álita í þessu sambandi, að síldarmjölsiðnaðurinn á ekki í vök að verjast, heldur virðist hann vera í mesta uppgangi í ár, þar sem reistar hafa verið 3 eða 4 nýjar síldarbræðsluverksmiðjur í landinu. Allt bendir til þess, að síldarmjölsiðnaðurinn sé sú iðngrein, sem einna bezta aðstöðu hefir til þess að gefa arð. Þessi brtt. virðist því einkum borin fram til þess að hækka verðið á hráefninu, sem lagt er inn í síldarmjölsverksmiðjurnar. Nú hefir verið borin fram brtt. um að lækka þetta gjald úr 10 kr. í 5 kr. á tonn. Ég held, að óhætt sé að samþ. þessa brtt. án þess að óttast þurfi verulega tekjurýrnun ríkissjóðs, því að aukning framleiðslunnar ætti að nægja til þess að gefa ríkissjóði sama tekjumagn, þó að tollurinn væri ekki nema 5 kr. á tonn. Hinsvegar get ég ekki greitt atkv. með því að breyta þungatollinum í verðtoll, nema sýnt verði, að ríkissjóður beri ekki af því verulegan halla. Ef brtt. mín um hækkun útflutningsgjalds af þurrkuðum beinum og hausum verður samþ., og útflutningur þessarar vöru minnkar ekki, hækkar það tekjur ríkissjóðs af þessu gjaldi úr 20 þús. kr. í 80 þús., og þó að útflutningurinn hætti, verður tekjuaukinn samt 10—20 þús. Þeir, sem líta sérstaklega á hag ríkissjóðs, munu hugsa sig um áður en þeir fella þessa brtt mína, en hún felur í sér tvennt: að efla ísl. iðnað og að auka tekjur ríkissjóðs.

Ég vil beina því til hæstv. forseta, að ég óska, að fyrri hl. brtt. minnar falli burt, því að hann er kominn inn af misgáningi.

Ég vænti þess, að hv. d. athugi vel, að með því að samþ. brtt. mína, eða brtt. hv. meiri hl. iðnn., um hækkun útflutningsgjalds af beinum og hausum, næst tvennskonar tilgangur, aukning á tekjum ríkissjóðs, hvernig sem fer um útflutninginn, og verndun ísl. iðngreinar, sem á við mikla örðugleika að etja vegna harðvítugrar samkeppni af hálfu útlendinga. Þar stendur síldarverksmiðjuiðnaðurinn betur að vígi og þolir því betur útflutningsgjald, þó að ég viðurkenni, að það sé slæmt að þurfa að skattleggja þessa einu teg. sjávarútvegsafurðanna svo hátt. Ég skal svo segja það að lokum, að heldur en að fá enga leiðréttingu þessa máls, mun ég greiða atkv. með brtt. meiri hl. iðnn. En hækkun á þessu gjaldi upp í 2 kr. er alveg gagnslaus, það væri sama sem enginn stuðningur við þessa iðngrein. 3 krónur er það allra minnsta. Ég sýndi í ræðu minni um daginn, og iðnn. hefir einnig sýnt það, að aðstöðumunur Austfirðinga og Norðmanna er 40 kr. á hvert tonn vegna þess óhagstæða fyrirkomulags, sem á þessu er hjá okkur.

**Páll Þorbjörnsson:** Á þskj. 290 er brtt. við brtt. á þskj. 89 um að útflutningsgjald af þurrkuðum fiskúrgangi, hausum og beinum verði 3 kr. af hverjum 100 kg., en á þskj. 89 er gert ráð fyrir 4 kr. Þessi brtt. felur það í sér, að útflutningsgjaldið hækki um 200% frá því, sem það er nú. Ég skal fúslega játa, að það er góðra gjalda vert að vilja skapa innlendum iðnaði aðstöðu til þess að hann geti orðið samkeppnisfær við erlendan iðnað. En hér má ekki ganga svo langt, að úr verði bein árás á atvinnu og afkomu sjómannanna. Þessi brtt. hefir það í för með sér, að hráefnið, sem er framleiðsla sjómannanna, lækkar mikið í verði. Ég hefi því lagt fram aðra brtt. um að gjaldið hækki um 100%, og tel ég það nægilega vernd fyrir þá iðngrein, sem hér

er um að ræða. Hv. 6. landsk. gat um einhverjar líkur til þess, að tekjur ríkissjóðs af þessu gjaldi hækkuðu úr 20 þús. kr. upp í 80 þús. kr., ef till. hans á þskj. 89 yrði samþ. Ég er ekki trúaður á, að þetta verði svo. En ef Norðmenn kaupa þessa vöru hér eftir sem áður, er yfirlýst, að verðið á þessu hráefni hér hlýtur að lækka að sama skapi og verður því þessi tekjuauki ríkissjóðs tekinn beint af sjávarútveginum, og samrýmist það illa þeirri viðleitni frá hendi þingsins, sem þegar er hafin, að létta algerlega útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Ég skora því á hv. d. að samþ. alls ekki meiri hækkun en 100% og sýnist það ærið nóg.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Fjhn. hefir borið fram brtt. á þskj. 270. Hefir atvmrn. vakið athygli á því, að heppilegra væri að gera þá skilgreiningu, sem í brtt. felst, til þess að koma í veg fyrir misskilning í framkvæmd l. Um brtt. þær, er fjalla um útflutningsgjald af þurrkuðum hausum og beinum, hafa nm. óbundin atkv., en að öðru leyti er afstaða n. hin sama og við 2. umr. málsins.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Brtt. sú á þskj. 265 frá hv. þm. Ak., sem hér liggur fyrir, fer fram á, að ekki sé fellt niður útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum. Ennfremur er komin fram skrifl. brtt. frá sama hv. þm. um að lækka tollinn á síldarmjöli úr kr. 1.00 í kr. 0.50 pr. 100 kg. Einnig er gert ráð fyrir í brtt. á þskj. 265, að ⅓ útflutningsgjaldsins af sjávarafurðum gangi til strandgæzlu.

Ég skal ekki verða langorður um þessar till. Ég er sama sinnis og ég hefi verið um, að fyllsta sanngirni mæli með að fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum og að það sé sjálfsagt. Um brtt. vil ég yfirleitt segja það, að vegna afkomu ríkissjóðs tel ég ekki fært að samþ. þær, hversu réttmætar, sem þær kunna að vera. Um þriðja atriðið, að ⅓ hl. gangi til strandgæzlu, vil ég leggja til, að það verði fellt, því ég vil, að sett sé í fjárl. sú ákveðna upphæð, sem ætlazt er til, að gangi til strandgæzlunnar í hvert sinn. Ég get að öðru leyti vísað til þess, sem ég hefi áður sagt.

Ég vil benda á ósamræmi hjá hv. þm. Ak., þar sem hann ber fram till. um, að ⅓ útflutningsgjaldsins gangi til strandgæzlu, en er jafnframt meðflm. að frv., sem gerir ráð fyrir að leggja allt útflutningsgjaldið í sjóð. Mér finnst gæta ósamræmis í því að ætlast til, að sama gjaldið gangi í 2 sjóði. Mér virðist þetta benda til þess, að till. hv. þm. um, að ⅓ gangi til strandgæzlu, muni ekki vera hugsuð eða borin fram til að ná samþ. Hann hefði þá ekki verið flm. að öðru frv. Annars finnst mér þetta ósamræmi bera keim af ýmsum öðrum till. hv. stjórnarandstæðinga, sem sýnilega eru ekki bornar fram til þess að verða samþ., heldur aðeins til þess að ganga í augu fólksins.

**Bjarni Ásgeirsson:** Þegar þetta mál lá fyrir þingi 1933, bar ég fram í því till. til rökst. dagskrár, sem var samþ. Og þar sem hún hefir verið dregin inn í þetta mál og bent á hana í nál. hv. minni hl., vil ég fara um þetta nokkrum orðum.

Þó ég væri á móti frv. því, sem borið var fram um þetta á þinginu 1933, viðurkenndi ég, að útflutningsgjald þetta væri ranglátt, einkum vegna þess, að það kemur aðeins niður á nokkrum hluta framleiðslunnar, og þeim hlutanum, sem fer á lakastan markað — erlenda markaðinn. En hinir, sem selja vörurnar innanlands, losna alveg við gjaldið. Og til að hnekkja þeim rangfærslum, sem fram hafa komið í sambandi við þá rökst. dagskrá, sem ég bar fram, og samþ. var á þinginu 1933, skal ég lesa hana upp hér, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svona: „Jafnframt því, að ríkisstj. er falið að undirbúa undir næsta þing frv. til laga, er tryggi það, að gjald frá landbúnaðinum, sem svari til útflutningsgjalds þess, sem nú er af landbúnaðarafurðum, komi réttlátar niður á framleiðslu búnaðarins, en nú er, og í trausti þess, að Alþ. geri sitt til að tryggja raunverulega afkomu bænda á þessum örðugleikatímum, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá".

Eins og dagskrártill. ber með sér, var tilætlun mín og vafalaust þeirra, sem samþ. hana, sú, að útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum yrði afnumið á næsta þingi. En hæstv. fyrrv. ríkisstj. lét undir höfuð leggjast að bera fram frv. um það. Ég get því ekki annað en verið með því nú, að útflutningsgjald þetta verði fellt niður, og þá einkum vegna þess, að það eykur enn meir mismuninn á innlenda og erlenda markaðinum. Eins og ég hefi áður bent á, kemur fram ósamræmi gagnvart þeim, sem flytja út sjávarafurðir, ef gjald þetta er afnumið, og mátti búast við, að frá þeim heyrðust raddir til mótmæla, eins og nú er fram komið. Og ég verð að segja, að mér finnst það ekki nema eðlilegt, þó að ég geti ekki samþ. þær till., sem þeir hafa borið fram, því ég sé ekki, að ríkissjóður geti misst þær tekjur, sem útflutningsgjald af sjávarafurðum gefur. En til þess að tryggja samræmi milli atvinnuveganna, teldi ég réttlátt að færa útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum yfir á aðra gjaldstofna, t. d. fasteignir. Þetta vona ég, að hv. ríkisstj. taki til athugunar.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors)** óyfirl.: Ég ætla ekki að orðlengja mikið um þetta mál, þó ýmislegt í ræðum andstæðinganna samræmist ekki mínum skoðunum. Ég kvaddi mér hljóðs eingöngu til að undirstrika orð hv. 6. landsk. Hann tók það alveg réttilega fram, að afleiðingin af útflutningsgjaldinu yrði sú ein — og aðeins sú ein — að lækka verðið, sem útgerðarmennirnir fá fyrir framleiðsluna, og jafnframt að lækka kaupið til sjómanna. Ég vil því beina því til þeirra hv. þm., sem telja sig fara hér sérstaklega með umboð útgerðarmanna og sjómanna, að þeir geri sér fulla grein fyrir því, að þegar þeir greiða atkv. um þær till., sem hér liggja fyrir, þá eiga þeir að segja til um það, hvort þeir meta meira rétt og hagsmuni sjómanna og útgerðarmanna eða afkomu ríkissjóðs, á sama tíma sem af honum eru heimtuð

útgjöld í allskonar bitlinga. Þessu vil ég beina til allra hv. þm. og þá sérstaklega til hv. formanns sjútvn.

**Guðbrandur Ísberg:** Mér fannst hæstv. fjmrh. hafa misskilið till. mína áðan. Ég legg til, að *útflutningsgjaldið af ísl. afurðum verði yfirleitt fært niður úr 1½% í 1%*, en auk þess verði greitt ½% af útfluttum sjávarafurðum, sem gangi til strandgæzlu. Þetta er þannig hugsað, að þó útflutningsgjaldið verði fellt niður, þá standi þetta ½% eftir sem áður sem varanlegt gjald og gangi til strandgæzlunnar. Það er *því ekki rétt hjá hæstv. fjmrh., að það eigi* alltaf að taka ⅓ af útflutningsgjaldinu til strandgæzlunnar, heldur er þessi ½% sérstakur og ákveðinn gjaldliður.

Hv. þm. Mýr. heldur því fram, að hann hafi verið með því í fyrra að fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum. Hv. þm. hefir *sýnilega samvizkubit.* (**BÁ:** *Þetta er ekki rétt*). Hv. þm. er með þessu nú þrátt fyrir það, að ástandið hefir alls ekki breytzt til hins verra fyrir bændur. Þá höfðum við verðið 1932 til að miða við, en nú verðið frá 1933, sem er þó miklu betra. Auk þess er, eins og ég benti á áðan, komið inn á þá braut, að jafna verðið á kjötinu með kjötsölul. Með þessu fæst hækkað verð, vonandi að nokkrum mun, á útflutningskjötinu, og er það tekið af þeim, sem við sjóinn búa og ekki framleiða. Nú þegar tvísýnt er um, hvort atvinnuvegurinn, landbúnaður eða sjávarútvegur, stendur hallara fæti, er erfitt að verja þá ráðstöfun, að samtímis því, sem útflutningsgjaldið er algerlega *fellt niður af landbúnaðinum*, sé það látið haldast óbreytt á sjávarafurðum, samhliða því, sem þeir menn, er að þeim standa, eru skattlagðir. Þetta ósamræmi finnst mér, að hv. þm. ættu að líta á og athuga betur en gert hefir verið.

Það var virðingarvert, að í ræðu hv. þm. Mýr. kom fram, að hann var til með að láta landbúnaðinn greiða eitthvert gjald, en ekki sem *útflutningsgjald*, heldur á annan hátt, t. d. af fasteignum. Ég skal ekki segja nema þetta væri hægt, en mér finnst það óþarflega langt sótt og erfitt í vöfum. Ég álít, að það þurfi að stefna að því af afnema allt útflutningsgjald, nema þá til stuðnings innlendum iðnaði.

Hæstv. ráðh. fannst ósamræmi í brtt. frá mér *og frv. því, sem ég er meðflm.* að. En ég var búinn að bera brtt. fram nokkrum dögum áður en ég vissi um frv. Er nú hvorttveggja, að ég geri mér litlar vonir um, að brtt. mín verði samþ., en nóg ráð til úrbóta, ef svo skyldi fara, og eins hitt, að ekki virðist blása byrlega fyrir frv. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, þar *sem mikið er liðið á þing* og mörg stór mál fyrr komin fram, en bæði hæstv. stj. og hv. sjútvn., tekið því heldur kuldalega. Ég verð því að halda mér við þessa brtt. að svo komnu, þar til útséð er um, hvort hún verður samþ.

Út af skrifl. brtt. við 2. gr. frv., þá get ég ekki séð neina frambærilega ástæðu fyrir því, að *síldarmjöl* sé ekki í sama flokki og fiskimjöl og aðrar sjávarafurðir. Það gæti verið nokkur ástæða, ef vinnsla síldarmjölsins væri einhver sérstakur gróðavegur, en svo er ekki. Sá atvinnurekstur mun berjast í bökkum. Þetta horfði nokkuð öðruvísi við, meðan það var að mestu í höndum útlendinga. En nú eru aðeins 2 síldarverksmiðjurnar eign útlendinga, og framleiðsla þeirra ekki nema lítið brot af heildarframleiðslunni, og vonandi ekki langt þangað til hún færist öll á ísl. hendur. Vona ég að hv. þm. viðurkenni, að stefna beri að því að fella alveg niður útflutningsgjald, ef það er ekki nauðsynlegt til að vernda innlendan iðnað. A. m. k. verður að samræma það.

Ég man ekki hvort ég tók fram, að brtt. okkar *fjórmenninganna* á þskj. 89 er borin fram einnig vegna sjómanna. Við höfðum þar tvö sjónarmið, að vernda innlendan iðnað, en þrengja þó ekki um of kosti sjómanna.

**Finnur Jónsson:** Ég sé ekki ástæðu til að lengja mikið umr. um þetta úr þessu. Ég vil þakka *hv. þm. G.-K.* fyrir *bendingar* hans í málinu. Ég skal fúslega taka undir það, að það væri æskilegt að geta fært útflutningsgjald af síldarmjöli til samræmis við útflutningsgjald af öðrum afurðum, en það er ekki hægt að ætlast til, að allt verði gert á einu ári. Ef nú verður lækkað útflutningsgjald af síldinni um 120 þús. kr., *sem tekjur ríkissjóðs rýrna*, er ekki hægt að búast við, að lengra sé hægt að ganga í einu. En þessar 120 þús. kr., sem allar eiga að ganga til sjómannanna á þessu ári, hefðu a. m. k. ekki lent þar, ef stj.flokkarnir hefðu ekki gert samning um að standa að því. Þetta er mál, sem Sjálfstæðisfl. hefir látið undir höfuð leggjast á *undanförnum árum, og getur hann* því ekki búizt við því af öðrum, að þeir kippi öllu í lag á einu og sama þinginu. Ég mun því láta mér nægja þessa lagfæringu nú, og vil nú ekki gera þá kröfu til hæstv. ríkisstj., að hún á einu ári geri það, sem Sjálfstæðisfl. hefir vanrækt í mörg ár, í því trausti, að hin nýja stj. sjái sér *fært að ganga lengra síðar*.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég get ekki annað sagt en að orð hv. þm. Ak. hafi átakanlega sannað það, sem ég gizkaði á, að margt af frv. hv. stj.andstæðinga væru borin fram án nokkurrar trúar á, að þau gangi fram. Á þetta vildi *ég leggja sérstaka áherzlu*.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors)** óyfirl.: Ég verð að láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að hv. form. sjútvn. skuli vera jafn lítilþægur fyrir hönd sjávarútvegsins og kom fram í ræðu hans, að gera sig ánægðan með frv. eins og það liggur fyrir. Auðvitað eru því takmörk sett, hvað skerða megi tekjur ríkissjóðs. En hér á að velja milli sjómanna og bænda, hvort bændur eiga að fá allt útflutningsgjaldið fellt niður, eða hvort eigi að jafna þessu svo, að báðir aðilar fái nokkuð. Og þar sem aðeins er farið fram á ½% lækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, virðist það *mjög sanngjarnt; og hér* er ekki um að ræða að skerða tekjur ríkissjóðs, heldur að samræma gjöldin milli atvinnuveganna. Ég bendi á þetta til þess að hv. formanni sjútvn. sé alveg ljóst, þegar gengið verður til

atkv., að hann á að segja til um, hvort hann metur meira hag útgerðarmanna og sjómanna eða hag bænda. Það raskar ekkert fjárhagsaðstöðu ríkissjóðs. Ég vil hinsvegar segja, að ég get greitt atkv. með brtt. hv. þm. Ak. á þskj. 265, með þeirri vissu, að nái frv. á þskj. 280 og 281 lögfestingu, sé mjög þægilegt að lagfæra það. Annars geri ég mér að öðru óreyndu fulla von um, að þessi þörfu frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ég skal ekki trúa, að stjórnarliðið — hver einn og einasti — gangi samfylkt móti þessu nauðsynjamáli sjávarútvegsins.

Mig undrar, að hæstv. atvmrh. skuli ekki hafa flutt frv., og mig undrar líka, að hv. sjútvn. skuli ekki hafa staðið óskipt um þau, en mig rekur í rogastanz, af allt stjórnarliðið er óskipt á móti hagsmunum sjávarútvegsins, svo að þessi frv. nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Frv. er flutt með það fyrir augum, að það sé þjóðarnauðsyn, að þau nái lögfestingu, og hún fæst ekki uppfyllt, ef þetta dregst um eitt ár.

**Guðbrandur Ísberg**: Hæstv. fjmrh. vék því að mér, að ég væri með leikaraskap í þessu máli; ég bæri fram till., sem ég meinti ekkert með.

Ég gat þess áðan, að ég hefði borið fram þessa till. á þskj. 265 fyrir nokkrum dögum, áður en ég fekk tækifæri til þess að kynna mér frv. tvö, sem gerð hafa verið hér að umtalsefni. Þótt ég síðar fengi tækifæri til þess að athuga þau, fannst mér ekki ástæða til þess að draga þessa till. mína til baka, af ýmsum ástæðum, og ekki síst af þeirri ástæðu, að þótt ég bæri fram þessa till., af því að það var sannfæring mín, að með henni væri stefnt að réttustu leiðinni í þessu máli, þá hafði ég litla von um, að a. m. k. Framsóknarfl. myndi taka tillit til þeirrar sanngirni, sem í till. felst, og drepa hana þess vegna.

Á síðasta Alþ. risu upp 2 bændahöfðingjar gegn þeirri till., að fella sérstaklega niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, án þess að útflutningsgjald af sjávarafurðum fylgdi með. Þeir töldu það ganga svo nærri metnaði ísl. bænda, að leysa þá sérstaklega undan almennu gjaldi, er skipti þá engu fjárhagslega. Ég er viss um, að yfirgnæfandi meiri hl. kjósenda í sveitum landsins lítur svo á, að það skipti engu um fjárhagsafkomu bænda, hvort gjaldið sé fellt niður eða ekki. Þó eru þeir vitanlega líka til, sem telja má trú um, að þetta skipti einhverju máli. Þeir koma til greina við atkvæðaborðið, og ég hygg, að einmitt þar sé að leita hinnar raunverulegu ástæðu þess, að sú till. er fram komin, að fella niður gjald af útfluttum landbúnaðarafurðum. Þetta er aðeins flatur lófi kosningaveiðanna, einu sinni enn.

Mín afstaða til þessa máls er sú sama og á Alþ. 1933, og þá var þessi hv. d. betur skipuð en hún er nú, því að þá sátu hér á Alþ. 2 ísl. bændur, sem tóku upp hanzkann fyrir bændastéttina.

**Jón Pálmason** óyfirl.: Ég hefi ekki blandað mér í þessar umr. Enda þótt ekki sé rétt að lengja umr. mikið héðan af, get ég þó ekki stillt mig um að segja fáein orð um málið.

Frv. það, sem liggur hér fyrir, brtt. við það og umr. um það, láta greinilega í té sönnur fyrir þeim sannleika, hversu mikið óráð ríkir í því, sem nefnt er tekjuöflun ríkissjóðs.

Hv. þm. V.-Ísf. tók fram við 2. umr. þessa máls, — en það er hann, sem hefir haft mest áhrif undanfarin ár á það, hvernig gjöld hafa verið tekin í ríkissjóð — að engin sanngirni mælti með því, að tekið væri útflutningsgjald af ísl. afurðum. Þetta er rétt. Það hefir verið svo um mörg undanfarin ár, að af þeim sköttum, sem borgaðir hafa verið í ríkissjóðinn, hefir enginn verið eins ósanngjarn og að taka útflutningsgjald af ísl. framleiðsluvörum.

Það er rétt hvað landbúnaðinn áhrærir, að þetta gjald er svo lágt, að litlu munar fyrir einstaklinginn. En það er samræmið í þessu, sem mér finnst svo hlægilegt. Um leið og verið er t. d. að veita styrk til landbúnaðarins í kreppulánum og á annan hátt, og fram kemur jafnvel frv. í þinginu, sem felur í sér upphót, sem ríkissjóður skal greiða fyrir útflutt kjöt, þá er jafnframt tekið útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

En það er í raun og veru sama að segja um sjávarútveginn. Það, sem hefir stuðlað að því á síðari árum, að hærra gjald hefir verið tekið af útfluttum sjávarútflutningsvörum en af landbúnaðarafurðum, byggist á því, að sjávarútvegurinn hefir verið arðsamastur atvinnuveganna á undanförnum árum, en landbúnaðurinn hefir átt í kröggum og farið sí og æ aftur. En þegar svipaðar horfur eru um framtíð sjávarútvegsins og landbúnaðarins, því að það hefir verið gengið svo hart að sjávarútveginum með gjöld til sveitar- og bæjarfél., að hann getur ekki risið undir því, þá er augljóst, að það má ekki taka gjald af útfluttum sjávarafurðum.

Menn segja, að einu rökin fyrir því að taka þetta gjald, sé þörf ríkissjóðs. Það er líka það eina, sem um getur verið að ræða í þessu efni. Ég vil bara segja það, að aðflutningstollar eru a. m. k. sanngjarnari en gjald af framleiðslu, sem öll þjóðfélagsbyggingin hvílir á.

Ég skal ekki fara út í þær brtt., sem hér liggja fyrir, en ég vil þó segja það, að mér finnst vera gildar ástæður til þess, að allir hv. þm., án tillits til flokka, beiti sér fyrir því, að einhverri lagfæringu sé komið á þetta í þá átt, að ekki verði áfram teknir slíkir skattar sem þetta útflutningsgjald er. Ef halda á því áfram að taka þessa skatta í ríkissjóð, þá er það neyðarúrræði og sönnun þess, að Alþ. getur ekki tekið fasta stefnu í þessu máli og komið á fastara skipulagi í þessu efni en verið hefir undanfarin ár. Árlega er verið að framlengja ýmsa skatta, en það er í rauninni einungis formsatriði, því að margir þessir skattar munu eiga að halda áfram.

Hv. þm. Ísaf. sagði áðan, að sjálfstæðismenn hefðu þau undanfarin ár, sem þeir hefðu haft meirihlutaaðstöðu, sett mjög hátt útflutningsgjald á síld. Ég vil aðeins benda þessum hv. þm. á það, að Sjálfstæðisfl. hefir verið í minni hl. 7 undanfarin ár, og ber því síst að ásaka hann fyrir það, að tollur sá, sem hér um ræðir, hefir ekki verið lækkaður. Þess vegna er þessi ásökun með öllu óréttmæt.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég býst við því, að þetta frv. með brtt. verði afgr., og gjaldið verði látið haldast. Það er því ekki fleira um þetta að segja en ég hefi þegar sagt.

En seinna kemur það til athugunar, hvernig fara á með frv. um skuldaskilasjóð sjávarútvegsmanna, sem komið hefir hér fram í þessari hv. d.

ATKVGR.

Brtt. 265 felld með 21: 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÍ, GTh, JakM, PZ, PHalld.

**nei:** BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JJós,[1]) JÓl, JónP, JS, JG, ÓTh,[2]) PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, ÁÁ, BJ, BÁ, JörB.

TT[3]) greiddi ekki atkv.

6 þm. (GÞ, GSv, HannJ, MT, SK, ÞorbÞ) fjarstaddir.

Brtt. 299 felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, JG, ÓTh, PHalld, PO, TT.

**nei:** FJ, GG, HV, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, JörB.

6 þm. (GÞ, GSv, HannJ, MT, SK, ÞorbÞ) fjarstaddir.

Brtt. 89,a samþ. með 19:1 atkv.

— 89,b *tekin aftur.*

— 300 felld með 15:6 atkv.

— 290 samþ. með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JÓl, JónP, JG, PZ, PHalld, SE, StJSt, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GG, GÍ, HV, JakM, JörB.

**nei:** JJós, JS, PÞ, TT, FJ, GTh.

ÓTh, PO, SigfJ greiddu ekki atkv.

6 þm. (GÞ, GSv, HannJ, MT, SK, ÞorbÞ) fjarstaddir.

Brtt. 270 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. *fundi í Ed.*, 2. *nóv.*, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 301).

Á 30. *fundi í Ed.*, 5. *nóv.*, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 55. *fundi í Ed.*, 7. *des.*, var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 664).

**Frsm. (Jón Baldvinsson)** óyfirl.: Fjhn. hefir haft þetta mál alllengi til athugunar, og stafar það af því, að n. var ekki alveg viss um, að frv. væri nægilega rækilega undirbúið, því eins og hv. dm. sjá, er því ætlað að falla inn í eldri l., nr. 70 1921, og síðan gefa þau út í heild. En til þess að fella slíkan lagabálk saman, sem oft hefir verið breytt á síðastl. 13 árum, þarf vandvirkni, til þess að ekkert falli undan, sem með á að vera, og ekkert fljóti með af því, sem burt á að falla. N. hefir leitað umsagnar ýmsra manna um frv., auk þess sem hún hefir athugað það sjálf allgaumgæfilega og komizt að þeirri niðurstöðu, að óhjákvæmilegt sé að fella úr gildi l. nr. 60 14. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl., eins og 3. brtt. n. fjallar um. Þessi l. hafði láðst að taka upp í niðurfelling l. í 5. gr. frv., og hefir n. gert um það brtt. Þá er enn lítilsháttar orðabreyt. í þá átt að taka fram í l., að brot úr tolleiningu, sem nemur ½ eða meira, skuli talin heil tolleining en minna broti sleppt. Svona hefir þetta verið framkvæmt, en réttara þykir samt að taka þetta fram í l., til þess að fyrirbyggja allan ágreining. Þá er veruleg breyt. gerð með 2. brtt. við 3. gr. frv., sem ég er ekki alveg viss um, að n. sé öll sammála um; a. m. k. hefir hv. 1. þm. Eyf. skrifað undir nál. með fyrirvara, og kemur mér ekki á óvart, þótt hann ætti við þessa till. og e. t. v. fleira í till. Í stjfrv. er gert ráð fyrir því, að l. nr. 52 8. sept. 1931 væru felld úr gildi, þ. e. a. s. 1. gr. þeirra, en 2. gr. sömu l. fjallar um endurgreiðslu á tolli af sykri, sem notaður er við kryddun síldarinar. Samkv. stjfrv. átti þessi 2. gr. að standa í gildi, en n. leggur til, að hún sé felld niður. Nú hafa ýmsir komið til mín og talið, að þetta væri ekki rétt, og vilja ekki, að þetta ákvæði sé fellt burt, heldur látið standa eins og í stjfrv., þannig, að aðeins 1. gr. l. frá 1931 sé úr gildi numin. Um þetta fjallar b-liður 3. brtt.

Þá er 2. brtt., sem er einungis í þá átt að gera orðalagið fyllra, að láta þær afurðir, sem ræðir um í 1. og 2. gr., falla undir ákvæði 3. gr. Það þýðir það, að ef skip, sem t. d. hafa fiskimjölsvélar í gangi um borð í skipinu úti í sjó og koma ekki í land með afla, falli einnig undir þetta. Þá held ég, að ég hafi gert grein fyrir þeim breyt., sem við viljum gera á frv., en vil þó aðeins geta þess, að fyrir n. lágu beiðnir með og móti því að hækka útflutningsgjaldið af þurrkuðum hausum. N. hefir í raun og veru ekki skorið úr þessu, en hefir hinsvegar frjálsar hendur um, hvernig greidd verða atkv. um þetta, eða hvort bornar kunna að verða fram brtt., en n. í heild hefir ekki gert það. Úr þessu er vandi að skera, þar sem hækkaður tollur á beinum og hausum lækkar verðið á þessum vörum útfluttum. Menn segja, að þeir verði fyrir einhverjum skaða í þessu efni, en á það er hinsvegar að líta, að í landinu er mikill iðnaður, þar sem fiskimjölsverksmiðjurnar eru starfandi og þær eiga í harðvítugri samkeppni við Norðmenn, sem helzt kaupa hér þurrkaða hausa og bein til útflutnings, og þessar verksmiðjur hafa ekki getað keppt við þá á því verði, sem þeir hafa boðið. Það tekur út yfir, ef fiskimjölsverksmiðjurnar geta ekki starfað af þessum orsökum, þar sem þær bæði

1) **JJós:** *Vegna þeirra mála, sem hér hafa fram komið, og í trausti þess, að frv. nái fram að ganga, segi ég nei.*

2) **ÓTh:** Með tilvísun til grg. hv. þm. Vestm. segi ég nei.

3) **TT:** Þar sem kjötl. gera ráðstafanir til þess að bæta verð á útfluttu kjöti, tel ég rétt, að útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum haldist fyrst um sinn, en síðari hluti brýtur í bág við frv., sem við Sjálfstæðismenn höfum borið fram. Þess vegna greiði ég ekki atkv.

skapa atvinnu innanlands og veita gjaldeyri inn í landið. N. var þarna milli steins og sleggju um, hvað gera skyldi, og árangurinn varð sá, að engin till. var um þetta gerð.

Þá er rétt að geta þess, að í 4. gr. er tekið upp ákvæði um framlag til ræktunarsjóðs, sem er í eldri l. N. hefir ekki amazt við þessu, síður en svo, en vill benda á það, að í sérstökum l. frá 1930, um Fiskiveiðasjóð Íslands, er gert ráð fyrir því, að ½% af útflutningsgjaldi á fiski renni í Fiskiveiðasjóð, og þrátt fyrir, að það hefir ekki verið tekið hér upp, eins og n. var að hugsa um, þá er gengið út frá því, að það haldist eftir þeim sérstöku l., enda þau ekki numin úr gildi eða hnekkt, og þótt þetta sé ekki tekið hér upp eins og með ræktunarsjóðinn, þá var það sameiginlegt álit n., að þetta ætti að haldast þangað til því yrði breytt með nánari löggjöf, sem raunar er á döfinni.

Þá kemur stærsta atriðið í frv., sem sjálfsagt getur valdið nokkrum erfiðleikum, en það er 3. gr. Ég ætla ekki að fara langt út í að ræða hana hér. Það er tekin þar upp ný framkvæmd, sem álitamál getur verið um, hve heppileg sé, sem sé að heimta af erlendum skipum, sem hafa rétt til að veiða í landhelgi, sem eru eingöngu Færeyingar í raun og veru, að þeir setji tryggingu fyrir greiðslu tolls af því, sem þeir kunna að eiga óveitt, svo framarlega sem þeir fyrirhittast með afla innan landhelgi, og skuli þeir þá þegar í stað dregnir til hafnar. Þetta mun að vísu vera tekið upp með hliðsjón af 10. gr. fiskveiðil. frá 1922, en þetta er það strangt orðað, að það getur orkað tvímælis samkv. þeim l., hvort svona hart eigi að ganga að, að heimta tryggingu fyrir greiðslu tolls af þeim skipum, sem rétt hafa til að veiða í landhelgi, ef svo er ástatt sem segir í 3. gr. l., því að þar er ekki talað um útflutningsgjald, heldur afgjald, sem gæti þýtt hafnar- eða vitagjald. Það er verið að athuga þetta mál, sem e. t. v. gæti komið okkur í deilu við sambandsþjóðina, hvort rétt sé að fara svona að. En ég segi fyrir mitt leyti, að ég er mjög í vafa um þetta atriði. Þessar ströngu kröfur til skipanna myndu eingöngu bitna á Færeyingum. Þetta tala ég ekki fyrir n. hönd. En þetta er til athugunar hjá stj. ásamt fleiri atriðum, hvort ekki megi á þessu gera breyt. En n. hefir enga slíka borið fram.

Ég mun svo láta máli mínu lokið og mæla með þeim till., sem meiri hl. fjhn. hefir borið fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 664,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 664,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv
Brtt. 664,3,a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 664,3,b samþ. með 10:2 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 12. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Frsm. (Jón Baldvinsson)**: Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál út af dagskrá, þar sem enn er ekki búið að ganga frá brtt., sem væntanlegar eru bæði frá einstökum hv. þm. og n. sjálfri. Verður því líklega ekki heldur hægt að taka það á dagskrá á morgun.

**Forseti (SÁÓ)**: Ég vil verða við tilmælum hv. 4. landsk., og er þetta mál þá tekið út af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 710, 711, 798).

**Frsm. (Jón Baldvinsson)** óyfirl.: Eins og getið var um við 2. umr., hafði n. ekki fastákveðið afstöðu sína viðvíkjandi breyt. á 3. gr., en sú gr. í frv. er mjög einstrengingslega orðuð. Eftir því orðalagi lítur helzt út fyrir, að ætlunin sé að smala öllum Færeyingum, sem stunda veiðar hér á miðunum, til hafnar til þess að setja tryggingu fyrir greiðslu á útflutningstolli. Það hefir verið íhugunarefni í n. í samráði við hæstv. stj., hvernig takast mætti að laga þetta ákvæði, svo það yrði ekki eins harkalegt í framkvæmd, og eftir nokkrar bollaleggingar hefir niðurstaðan orðið sú, sem sjá má á brtt. á þskj. 798.

Þá vildi n. ekki láta það koma fram í 3. gr., að ísl. skipum væri mismunað í samanburði við erlend skip, sem hafa rétt til að veiða í landhelgi. Ísl. skip heyra undir 1. gr. frv. Til þess að taka af öll tvímæli um þetta, flytur n. brtt. um, að til ísl. afurða teljist afli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

Um 3. gr. frv. er það að segja, að ég ætla, að hún sé þannig orðuð, að ekki hljótist vandræði af framkvæmd hennar. Aðalefni brtt. er það, að ríkisstj. sé veitt heimild til, ef hún telur það nauðsynlegt vegna gagnkvæmra viðskiptasamninga, að undanþiggja gjaldinu þau skip, sem ekki taka höfn hér á landi á því almanaksári. Að öðru leyti skýrir till. sig sjálf. Það er nú svo, að við gætum heimtað ýms friðindi á móti frá Dönum. T. d. eru allháværar kröfur um það frá ísl. síldveiðimönnum, að kryddsíldartollurinn verði afnuminn í Danmörku, enda væri sanngjarnt, að Danir sýndu okkur þá tillhliðrunarsemi, þar sem við kaupum af þeim miklu meira heldur en við seljum þeim. Ég bendi aðeins á þetta sem eitt atriði. Það eru vafalaust tollaðar fleiri vöruteg. í Danmörku, sem við gætum selt þangað. Verður auðvitað að vera á valdi ríkisstj., hvernig hún hagar þessum samningum, eftir því sem haganlegast er í hvert skipti, þannig að ekki verði af óþægilegir árekstrar.

Ég held, að ég hafi ekki fleira að segja f. h.

fjhn. um þessar till., en það hefir komið hér fram brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. um útflutningsgjald af þurrkuðum beinum. N. hefir ekki talað saman um hana, en mér heyrist á mönnum, að þeir geti fallizt á, að það sé réttlátt að taka ekki hærra útfl.gjald heldur en tiltekið er í frv., samanlagt, þar sem svo stendur á, að bæjarsjóðir taka *einnig útfl.gjald af þessari vöru*.

Það eru náttúrlega tveir aðilar, sem togast á um þetta. Annarsvegar þeir, sem selja þessi bein, og hinsvegar þær innlendu verksmiðjur, sem vinna úr þeim. Þarf að gæta nokkuð hagsmuna beggja. Vegna smábátaútvegsmanna og annara, sem beinin selja, má ekki leggja svo hátt útflutningsgjald á þau, að þeir neyðist til að selja þau fyrir lítið innanlands. Hinsvegar mundu seljendur beinanna litlu bættari, ef ísl. verksmiðjurnar yrðu að hætta vegna samkeppninnar við þá, sem beinin kaupa utanlands, því þá mundu þeir komast að raun um, að verðið yrði ekki hátt á útfluttum beinum.

Annars gerir vitanlega hv. 1. þm. Reykv. grein fyrir þessari till. Ég hygg, að það sé engin mótstaða gegn henni af n. hálfu, þó við höfum ekki talað saman um hana.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Eins og hv. frsm. fjhn. gat um við 2. umr., þá er eitt atriði í þessu frv., sem orkar tvímælis og n. tók í raun og veru ekki mjög fasta afstöðu til, enda þótt hún léti ákvæðið standa eins og það kom frá Nd. En það er hin mikla hækkun á útflutningsgjaldi af fiskúrgangi, þurrkuðum hausum og beinum óunnum, upp í 3 kr. af hverjum 100 kg. Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, rekast hér á tvennskonar hagsmunir, sem þó nokkuð hafa gert vart við sig hér innan þingsins, eins og eðlilegt er. Annarsvegar eru þeir, sem hafa verksmiðjur til að vinna úr þessu hráefni, og hinsvegar framleiðendur beinanna, sem óttast, að svona hár tollur verði til þess, að norsku kaupendurnir gefist upp í samkeppninni og verðið lækki þess vegna, þegar innlendu kaupendurnir eru einir eftir. Þessir tvennskonar hagsmunir, sem sjálfsagt er að reyna að samrýma eftir því, sem mögulegt er, gera það að verkum að hv. þm. eiga nokkuð erfitt með að taka afstöðu í þessu efni. Það er sjálfsagt að gera ekkert til þess, að þessi vara lækki í verði, því hún er að verða talsverður liður í tekjum þeirra manna, sem smærri útgerð stunda. Hinsvegar er ákaflega eðlilegt, að þm. sé annt um þann innlenda iðnrekstur, sem hér er um að ræða, beinaverksmiðjurnar, því ekki er hægt að neita því, að þjóðarbúið fær talsvert meira fyrir fiskúrganginn, ef hann er unninn innanlands.

Ég felst á að hækka útflutningsgjaldið á beinum eins mikið og hér er um að ræða, vegna þess að ég er sannfærður um, að Norðmenn standa svo miklu betur að vígi heldur en innlendu verksmiðjurnar, að þeir hætta ekki samkeppninni, þó 30 kr. útflutningsgjald komi á hverja smálest beina. Það er sjálfsagt að stilla útflutningsgjaldinu svo í hóf, að innlendu verksmiðjurnar fái nokkurnveginn nóg hráefni, en geti þó ekki vegna samkeppni Norðmanna lækkað verðið. Nú skal ég ekki fullyrða, að 30 kr. gjald á smálest sé einmitt nákvæmlega mátulegt til þess að gera þetta að verkum, en það er tilraun í þá átt.

En svo kemur hér inn í nýtt atriði, og það er það, að á einum stað á landinu, sem hefir mikilla hagsmuna að gæta frá báðum hliðum, er þessi sama vara skattlögð til hafnarsjóðs og bæjarsjóðs, sem nemur um 18 kr. á smál., að því er mér er sagt. Og ef 30 kr. gjald er hæfilegt til þess að jafna aðstöðu hinna tveggja keppinauta og miðla milli hinna andstæðu hagsmuna innanlands, þá er sjáanlegt, að 48 kr. gjald er útilokandi fyrir samkeppni Norðmanna. Það er því vel skiljanlegt, að hörðust andmæli gegn þessu gjaldi hafa komið frá Vestmannaeyjum. Þar er sú útgerð rekin í stærstum stíl, sem framleiðir þetta hráefni, og þar mundi innlenda verksmiðjan verða nokkuð einvöld um verðlagið, þegar 48 kr. gjald væri komið á smál. allt í allt.

Ég hefi ráðizt í að reyna að bæta úr þessum ágalla með því að bera fram brtt., sem á að koma því til leiðar, að ávallt verði greiddar 30 kr. af smál. af útfluttum beinum, en hvorki meira né minna. Það er gert með því að kveða svo á, að ef þessi vara sé skattlögð til hafnarsjóða eða bæjarsjóða, þá skuli ríkissjóðsgjaldið ekki vera meira en það, sem á vantar 30 kr. útflutningsgjald. Samkv. þessu standa Vestmannaeyingar eins að vígi og aðrir, og finnst mér því, að þeir ættu að geta sætt sig betur við frv. þannig. Þetta gengur auðvitað út yfir ríkissjóðinn, en mér skilst á þeim hv. þm., sem ég hefi talað við um þetta, að þessi skatthækkun sé ekki fyrst og fremst gerð til þess að afla ríkissjóði tekna, heldur til þess að styðja beinaverksmiðjurnar. Ég held því, að till. mín þurfi ekki að stranda á því, að hún minnkar tekjur ríkissjóðs. Ríkissjóður fær eigi að síður mikinn tekjuauka af þessari vöru frá því, sem verið hefir, þar sem útflutningsgjaldið er þrefaldað, en sá er ekki aðaltilgangurinn, heldur að halda vörunni að innlendu vinnslunni.

Það er eins og hv. frsm. sagði, að n. hefir ekki tekið formlega afstöðu til þessarar till., en af samtali við hv. þm. skilst mér, að hún muni mæta velvilja.

**Ingvar Pálmason** óyfirl.: Ég skal ekki innleiða hér miklar umr. um þetta mál, en ég vil benda á það út frá till. hv. 1. þm. Reykv., að hún þýðir ekki annað en beina lækkun á útflutningsgjaldinu. Því þess ber að gæta, að þau gjöld, sem eftir brtt. eiga að koma til frádráttar, verða hinir innlendu kaupendur einnig að greiða. Að vísu ekki á þeim stöðum, þar sem beinaverksmiðjurnar eru, en víðasthvar annarsstaðar. Ég hefi ekki rannsakað, hvort svo er alstaðar, en víðast hygg ég að það sé.

Ég sé ekki ástæðu til að lækka útflutningsgjaldið sem þessu nemur. Þó gæti ég látið brtt. afskiptalausa, ef hún væri aðeins um, að gjöld til bæjarsjóða kæmu til frádráttar. En ég tel fráleitt að draga frá gjöld til hafnarsjóða, því eins og ég segi verða kaupendur í flestum tilfellum að greiða þau, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendir.

Ég hefi því leyft mér að bera fram skrifl. brtt. við brtt. hv. 1. þm. Reykv., um að orðin „eða hafnarsjóðs“ falli burt. Mér þykir sennilegt, að bæði hv. 1. þm. Reykv. og n. geti við nánari athugun fallizt á þetta. Því mér virtist koma fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv., að hann bæri brtt. aðallega fram vegna beinaeigenda í Vestmannaeyjum, og það mun vera eini bærinn enn sem komið er, sem hefir tollað þessa vöru til tekna fyrir bæjarsjóð.

**Forseti (EÁrna):** Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. S.-M., við brtt. á þskj. 711: „Orðin: „eða hafnarsjóðs“ falli burtu“.

Til þess að brtt. megi koma hér til umr. og atkvgr., þarf að leita tvöfaldra afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 824,II) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Mér heyrðist af ræðu hv. 2. þm. S.-M., að hann hafa ofurlitið misskilið brtt. mína. Ég hefi a. m. k. ætlazt til, að með henni væri aðeins átt við útflutningsgjald af þessari vöru, þannig að ef á hana er lagt útflutningsgjald, hvort sem heldur er af hafnar- eða bæjarsjóði, þá komi það til frádráttar. Frv. er allt um útflutningsgjald, og útflutningsgjald greiða ekki aðrir en þeir, sem kaupa vöruna til útflutnings. Þótt einhver önnur gjöld séu lögð á þessa vöru innanlands, verða allir að greiða þau, án frádráttar á útflutningsgjaldi, hvort sem varan er seld utanlands eða innan, þannig að útflutningsgjaldið sé ávallt 30 kr. Ég vil láta koma skýrt fram, að við þetta er átt, þó það sé ekki beinlínis sagt í brtt.

Með brtt. hv. 2. þm. S.-M. finnst mér mín brtt. gerð svo að segja að engu. Ef hafnarsjóðsgjöld eru tekin undan, getur hver bæjarstj. farið í kringum þetta ákvæði með því að leggja hafnarsjóðsgjald og bæjarsjóðsgjald saman, kalla það allt saman hafnarsjóðsgjald og láta svo hafnarsjóð á einhvern hátt hlaupa undir bagga með bæjarsjóði. Þess vegna held ég, að sú vernd, sem till. mín á að veita beinaeigendum, verði að engu, ef brtt. hv. 2. þm. S.-M. verður samþ.

**Magnús Guðmundsson:** Ég ætla aðeins að segja örfá orð út af brtt. á þskj. 798, og aðallega síðustu málsgr. þeirra. Þar er sagt, að til ísl. afurða skuli teljast afli hér við land af skipum, sem ekki eru skrásett hér, en hafa þó rétt til að veiða og verka afla í landhelgi, og í seinni málsl. kemur fram, að telja á til ísl. afurða og greiða útflutningsgjald af afla þeirra skipa, sem þennan rétt hafa og veiða hér við land, jafnvel þó þau taki aldrei höfn hér á landi á árinu. (**JBald:** Það er nú ekki meiningin). Það stendur hér, að ríkisstj. sé heimilt, ef hún telur nauðsynlegt vegna gagnkvæmra viðskiptasamninga, að undanþiggja þessu gjaldi þau skip, sem ekki taka höfn hér á landi. Ef hægt á að vera að semja um að undanþiggja þessi skip gjaldi, þá hlýtur það að byggjast á því, að þau séu gjaldskyld að l. (**JBald:** Það er í samræmi við 10. gr. fiskveiðilaganna). Nei.

Ég vil nú spyrja hæstv. stj., hvernig hún hugsar sér að innheimta þetta gjald af þeim skipum, sem aldrei koma til landsins, ef svo færi, að samningar um niðurfellingu þess kæmust ekki á. Hvernig er hægt að fá upplýsingar um, hvert gjaldið er og hvaða aðferð á að hafa við innheimtu þess? Ég held, að þetta fari kannske ekki út fyrir þau takmörk, sem alþjóðaréttur heimtar, en ég sé bara ekki í fljótu bragði, hvernig á að ná þessum tolli, ef ekki verður af þeim samningum, sem síðasti málsl. brtt. gerir ráð fyrir eða heimilar. Vil ég því gjarnan heyra, hvernig hæstv. stj. hugsar sér þetta í framkvæmd.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Það er með tilliti til þessara örðugleika á innheimtu gjaldsins, meðfram a. m. k., að gert er ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilt að undanþiggja þau skip, sem ekki leita hafnar. Eina leiðin, sem ég kem auga á, er sú, að varðskipin hafi eftirlit með þessum skipum, taki þau, sem veiða í landhelgi, færi þau til hafnar og láti þau setja tryggingu samkv. 10. gr. fiskveiðil. Ég býst við, að þetta mundi þykja nokkuð harkalega að farið og að það mundi vekja óánægju hjá Dönum, sem eru óvanir að sæta slíkri meðferð hér. Þess vegna er stj. heimilað að undanþiggja þessi skip, sérstaklega ef við það mætti vinna eitthvað á í samningum milli þjóðanna um önnur efni. Hinsvegar er engum erfiðleikum bundið að ná gjaldinu af þeim skipum, sem taka höfn hér á landi, því að eftir skýringum á 10. gr. fiskveiðil., sem fyrrv. stj. gaf út, er þeim skylt að setja tryggingu um leið og þau koma í höfn.

Ég skal geta þess, að ákvæði þessa frv. eru harðdrægari í garð þeirra, sem leyfi hafa til að veiða í ísl. landhelgi, Dana og Færeyinga, heldur en ákvæði gildandi l. hafa verið í framkvæmdinni til þessa. En eftir þá lagaskýringu, sem komið hefir fram við 10. gr. fiskveiðil., þykir rétt að taka þessi ákvæði upp í l. um útflutningsgjald og tiltaka, hvað teljist verkun á fiski, en um það hefir verið deilt til þessa.

**Ingvar Pálmason** óyfirl.: Eftir seinni útskýringu hv. 1. þm. Reykv. virðist mér brtt. hans í flestum tilfellum meiningarleysa. Þau hafnargjöld, sem ég þekki, eru ekki lögð á sem útflutningsgjöld, heldur eru þau tekin af öllum vörum, sem skipað er fram eða upp á höfninni, hvort sem þær eru fluttar til útlanda eða til næstu hafnar. En svo vil ég benda á, að brtt. sjálf felur það í sér, að ekki er meiningin, að hún nái aðeins til gjalda, sem lögð eru á sem útflutningsgjald. Þar stendur: „þó þannig, að ef þessar afurðir eru skattlagðar til bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs“ o. s. frv. Þarna er ekki talað um útflutningsgjald, heldur skatta, sem lagðir eru á vöruna, og það er gert með hafnarreglugerðunum, þar sem tekin eru útskipunargjöld. Ég sé því ekki betur, en að ef hv. þm. vill halda fast við, að till. hans verði samþ., þá verði hann að breyta henni, því hún segir allt ann-

að heldur en hann segist meina með henni. Hann segist aðeins eiga við gjöld, sem reiknuð eru af vörunni sem útflutningsgjald, en gjöld, sem einnig greiðist af þeim hluta vörunnar, sem seldur er innanlands, dragist ekki frá. Ég held því, að annaðhvort sé till. þýðingarlaus, eða að túlka verður hana á annan veg heldur en hv. flm. gerir ráð fyrir. Ég skal játa, að mér er ekki fyllilega kunnugt, hvort gjaldið af þessari vöru í Vestmannaeyjum er reiknað sem útflutningsgjald. Ég hygg þó, að það sé ekki tilfellið, heldur sé gjaldið eins tekið af beinunum, þó þau séu flutt til annara hafna innanlands.

Hinsvegar myndi ég ekki leggja á móti till., ef brtt. mín við hans yrði samþ. Það væri þá eins og þegar vara er skattlögð til bæjarsjóðs, og tel ég það eðlilegan skatt.

**Magnús Guðmundsson:** Hæstv. ráðh. gaf þá skýringu á þessu, sem ég bjóst við. En ég tel ófært að framkvæma þetta ákvæði þannig, að láta varðskipin taka skip úti í hafi. Held ég því, að sú erlend stj., sem hér á hlut að máli, hljóti að sjá, að ekki er mikið gefandi fyrir að vera laus við þennan skatt. Efast ég því um, að rétt sé af hæstv. stj. að vera að seilast eftir gjaldskyldu af þessum skipum. En ef hún vill hafa þetta svo, skal ég ekki um það fást, þó að ég haldi, að þetta gjald sé mjög verðlitil verzlunarvara í samningum við hlutaðeigandi þjóðir.

**Magnús Jónsson:** Tilgangur minn með brtt. á þskj. 711 var ekki annar en sá, að mismunur sá, sem eftir frv. er milli Norðmanna og Íslendinga um kaup á þessari vöru, skuli jafnan haldast sá sami. En ef hafnarsjóður eða bæjarsjóður skattleggur þessa vöru handa sjálfum sér, þá getur þessi mismunur orðið meiri en þessar 30 kr., og það er svo nú í Vestmannaeyjum. Sé hér aftur um hafnargjöld að ræða, er snerta allar vörur, þá er þetta ekki praktiskt í Vestmannaeyjum. Þaðan er ekki flutt neitt nema til útlanda, og nær brtt. tilgangi sínum þar.

Þetta getur orðið öðruvísi annarsstaðar á landinu. Er það þá rétt, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, að ef gjaldið er lagt á allar vörur, sem fara gegnum höfnina, þá leggst jafnt á allar vörur, innlendar og erlendar, og kemur þetta þá ekki til frádráttar. En ég get bætt við í brtt., að á eftir „skattlagðar“ komi „með útflutningsgjaldi“, og getur þá ekki verið um neinn vafa að ræða.

**Forseti (EÁrna):** Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. við brtt. á þskj. 711: „Á eftir „skattlagðar“ kemur: með útflutningsgjaldi“. Til þess að brtt. megi koma hér til umr. og atkvgr. þarf tvöföld afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 824,I) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. 1. þm. Skagf. hélt því fram, að þess væri ekki að vænta, að undanþága sú, sem ráð er fyrir gert í brtt., yrði mikilsverð verzlunarvara. Virðist hann líta svo á, að gjaldið muni ekki verða innheimt. Kemur mér þetta undarlega fyrir sjónir, þótt mér séu ljós vandkvæðin á innheimtu gjaldsins. En þegar hv. þm. var ráðh., gekk hann sjálfur mjög ríkt eftir, að fiskveiðal. yrðu framkvæmd. Og í 10. gr. fiskveiðal. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar afli er jafnframt verkaður í skipi, sem rétt hefir til fiskveiða í landhelgi, skal það fyrirfram setja lögreglustjóra trygging, er hann ákveður, fyrir afgjöldum, sem skipið kann að eiga að greiða“.

Þetta sýnir, að ákvæðin verða ekki öðruvísi framkvæmd en svo, að þegar skip tekur höfn, verði það að setja tryggingu þessa, og þegar skip sést að verkun í landhelgi, verði varðskipin að taka það með sér í höfn, til þess að það verði krafið um tryggínguna.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég greiði atkv. með brtt. á þskj. 798, með tilliti til þess, að með því ákvæði megi takast að ná samningum við Dani um hagkvæmari viðskiptaskilyrði en hingað til hafa átt sér stað, þannig, að Danir láti okkur hafa nokkuð af kvóta sínum í viðskiptum við Suðurlandaþjóðirnar, þar sem við kaupum af þeim svo miklu meira en við seljum þeim. Það er okkur nauðsyn að fá að láta nokkuð af fiski upp í þeirra kvóta, sérstaklega á Spáni og í Portúgal. Þetta gæti hjálpað til þess, að slíkir samningar yrðu upp teknir. Danir hafa t. d. hjálpað Færeyingum og tekið tillit til þarfa þeirra í samningum þeirra við Spán. Hafa þeir aukið sinn innflutning þaðan, til þess að Færeyingar gætu selt allan sinn fisk. Það er aðeins með tilliti til þessa, að ég greiði atkv. með till.

**Magnús Guðmundsson:** Ég efast um, að mikill ágreiningur sé milli mín og hæstv. atvmrh. í þessu máli. Ég bendi aðeins á erfiðleikana við að framkvæma innheimtuna, og leiði jafnframt athygli að því, að ekki muni vera mikið upp úr því að hafa. 10. gr. l. um rétt til fiskiveiða í landhelgi kemur þessu máli ekkert við. Þar er án efa gengið út frá því, að skipið hafi mök við land.

Þá vil ég spyrja hv. n., við hvað er átt með orðinu landbúnaðarafurðir í 1. gr. frv. Yfirleitt er ekki ágreiningur um skilning á því orði, en það gæti þó orðið undir vissum kringumstæðum. T. d. mætti deila um það, hvort dúnn og lax teldist til landbúnaðarafurða. Hefir áður orðið deila um þetta á þingi, og var þá talið, að þessar afurðir teldust til landbúnaðarafurða.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** N. hefir ekki tekið þetta sérstaklega til athugunar. Ég myndi t. d. líta svo á, að dúnn og lax teldist ekki til landbúnaðarafurða. (MG: En rjúpur?). Ekki heldur. Ég held, að hér komi ekki til greina aðrar afurðir en sem búið framleiðir, svo sem ull, gærur, kjöt, mjólk og smjör. (ÞÞ: En egg?). Ég vil ekkert fullyrða um það, hvaða skilning n. eða stj. myndi leggja í þetta orð.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Út af orðum hv. þm. N.-Ísf. vil ég geta þess, að vegna verzlunarjafnaðar okkar við Dani, sem er þeim í vil, er full ástæða til að ætla, að aðstaða okkar í samningum við þá verði auðveldari. T. d. má gera sér von um liðsinni Dana í samningum okkar við Portúgal. Þó vil ég engan dóm leggja á það að svo stöddu, hvers má vænta í þessu sambandi, eða hvort hægt sé að búast við slíkum friðindum af Dana hálfu, sem hann gat um.

**Magnús Guðmundsson:** Ég skil orðið landbúnaðarafurðir á annan hátt en hv. frsm. n. Ég tel til þeirra allar þær afurðir, er landbændur fá í búskap sínum, m. a. þær afurðir, er ég nefndi.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Mér finnst það fullfortakslaus skýring hjá hv. 1. þm. Skagf., að allar afurðir bænda falli undir landbúnaðarafurðir. Það eru líka til útvegsbændur. Er það t. d. oft, að bændur leigja rétt til laxveiða nokkurn tíma. Ætti þá sá lax, sem bóndinn veiðir, t. d. einn dag í viku, að vera undanþeginn gjaldinu, en leigjandinn yrði að greiða afgjaldið, af því að hann væri ekki bóndi. Eins geta bændur leigt æðarvarp. Víða hafa bændur tekjur af selskinnum, og ætti þetta þá að vera svo, að ef bændur ættu þessar afurðir, þá þyrfti ekki að greiða útflutningsgjald af þeim, en öfugt, ef aðrir ættu. Sé ég ekki, hvernig haga ætti reglunni, ef þessi skýring væri látin gilda, og er því eðlilegast að taka ekki hér undir annað en það, sem bændur hafa beint af búum sínum.

ATKVGR.

Brtt. 798,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 824,I samþ. með 12 shlj. atkv.
— 824,II felld með 9:5 atkv.
— 711, svo breytt, samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PM, SÁÓ.ÞBr, ÞÞ, GL, JBald, MG, MJ.

**nei:** PHerm, BSt, HG, HermJ, IngP, JAJ, EÁrna.

Einn þm. (JJ) fjarstaddur.

Brtt. 798,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 60. fundi í Nd., 15. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 825).

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Hv. Ed. hefir gert nokkra breyt. á þessu frv. frá því það fór héðan úr Nd., en mig rekur ekki minni til, að öðru hafi verið breytt en ákvæðum 3. gr. Ég tel fyrir mitt leyti, að þær breyt., sem gerðar hafa verið, orki a. m. k. tvímælis, en ég viðurkenni, að vegna örðugleika á framkvæmd ákvæða l., þá megi nokkur rök færa fyrir þeim breyt., sem hér eru gerðar. En þó get ég ekki varizt þeirri tilfinningu, að það sé óviðfelldið fyrir fiskveiðaþjóð eins og okkur Íslendinga að lögfesta ákvæði eins og þessi, sem hér er um að ræða. Ég skal að öðru leyti ekki gera þetta að umtalsefni, en mér þótti rétt að láta þessa skoðun mína í ljós, áður en málið verður afgr. frá Alþingi.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það hefir verið dálítið flókið mál, sem hér er um að ræða, sem sé það, af hvaða afla útflutningsgjald skuli reiknast. Í frv. var gert ráð fyrir því, að gjaldið skyldi reiknast af öllum afla allra þeirra erlendu skipa, sem hefðu rétt til þess að notfæra sér landhelgina og gerðu það að einhverju leyti. Þegar farið var að athuga þetta mál nánar, kom það í ljós, að til þess að þetta ákvæði gæti staðizt, þá þyrftu varðskipin að fá fyrirskipun um það, að ef þau sæju t. d. færeyska fiskiduggu í landhelgi, þá ættu þau að koma með hana í höfn og láta hana setja viðkomandi yfirvaldi tryggingu fyrir útflutningsgjaldsgreiðslu. Þeim, sem eru kunnugir framkvæmd þessara mála, fannst þetta gæti verið varhugavert. Reyndin yrði að vera þannig, að útflutningsgjald væri tekið af þeim skipum, sem höfnuðu sig hér á landi, en eins og menn vita, þá hefir ekki hingað til einu sinni verið tekið útflutningsgjald af þeim skipum, sem nota landhelgina, þó þau kæmu á hafnir inn. En eftir þeim l., sem gilt hafa um þetta efni, mun það hafa verið hægt, en það hefir ekki verið framkvæmt. Þótti því rétt að setja inn í 3. gr. frv. heimild handa stj. til þess að undanþiggja útflutningsgjaldi þau skip, sem ekki taka höfn hér á landi, þ. e. a. s. þau skip, sem mjög erfitt er um innheimtu hjá.

Í frv. er nú meira réttlæti heldur en tíðkazt hefir á framkvæmd þessara mála, þar sem það ætti að vera öruggt, að innheimt verði útflutningsgjald a. m. k. af þeim skipum, sem höfnuðu sig hér við land. Ég vænti því, að eftir að þessar skýringar eru komnar fram, treysti hv. þd. sér til þess að gangast inn á frv. eins og gengið var frá því í hv. Ed.

**Pétur Ottesen:** Eins og menn muna, varð nokkur ágreiningur um það hér í Nd., hvort réttmætt væri að hækka skatt á útflutningi fiskiúrgangs, og varð það ofan á að hækka hann allverulega. Þeir, sem þennan skatt eiga að greiða, kveinkuðu sér mjög undan þessari hækkun, þar sem ekki er um verðmeiri vöru að ræða heldur en fiskbein eru. Það hefir verið gerð tilraun til þess að draga úr þessum skattaþunga í hv. Ed. með því að kveða svo á, að útflutningsgjald til bæjar- og hafnarsjóðs eigi að dragast frá, þannig að gjaldið, sem greiðist í ríkissjóð, nemi því, sem á vantar 3 kr. af hverjum 100 kg. Af því að þetta er orðað þannig, vildi ég koma með þann skilning á þessu máli, að það eru vitanlega venjuleg hafnargjöld, sem hér kæmu til frádráttar, þannig að öll hafnargjöld, sem greidd eru af þessari vöru, kæmu til frádráttar hjá þeim, sem þennan skatt greiða.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég var ekki viðstaddur í hv. Ed., þegar þetta ákvæði var sett inn í frv., en mér hefir verið sagt, að það hafi verið túlkað þannig af flm., að hér væri ekki um venjuleg hafnargjöld að ræða, heldur einungis, ef lagt væri á sérstakt útflutningsgjald.

Ég vil láta það koma skýrt fram, að þennan skilning hefi ég á þessu atriði og styðst þar við það, sem kom fram í umr. í hv. Ed., enda er það sýnilegt á orðalagi þessa ákvæðis, að átt er við sérstakt útflutningsgjald.

**Jóhann Jósefsson:** Mér virðist hér bera nokkuð á milli, og ætla ég, að sá skilningur, sem hæstv. fjmrh. heldur fram, muni brjóta í bág við skilning þeirra manna, sem að þessari breyt. standa. Það mun hafa verið hv. 1. þm. Reykv., sem bar þess brtt. fram í hv. Ed., og það fyrir itrekaðan bænastað þeirra manna, sem báru kvíðboga fyrir því, að svona mikið hækkaður tollur á beinum mundi leiða af sér mikið verðfall. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það hafi sérstaklega verið tekið tillit til Akraness og Vestmannaeyja í þessu sambandi. Hvað Vestmannaeyjar snertir, þá eru þar afar há gjöld á öllum vörum samkv. heimild í hafnarl., og þar fyrir utan hefir Alþ. nú nýlega heimilað bæjarfél. að leggja á sérstakt vörugjald. Þessi gjöld eru hvorki nefnd innflutningsgjöld né útflutningsgjöld, heldur vörugjöld til hafnar- og bæjarsjóðs, og eru vitanlega lögð bæði á vörur, sem fluttar eru út og inn. Það, sem hér liggur til grundvallar fyrir þessari brtt., er þá það, að á þessum stöðum, sérstaklega í Vestmannaeyjum, þar sem fyrir er þegar afarhátt gjald á beinum, þótti sýnt, að 3 kr. gjald á tonnið mundi samanlagt við bæjar- og hafnargjöld verða til þess að hnekkja alveg þessari verzlun. En af þessari verzlun hafa ýmsir útvegsmenn haft mjög mikinn hagnað, og hér lágu engar tryggingar fyrir á Alþ. um það, að verðinu yrði haldið uppi, ef verzluninni til útlanda yrði alveg hnekkt. — Nú er það svo í Vestmannaeyjum, að til hafnar og bæjar er gjaldið kr. 18.25 af tonninu, og heitir það ekki útflutningsgjald, heldur vörugjald til hafnar- og bæjarsjóðs.

Ég er alveg viss um það, að þessi till. er flutt á þeim grundvelli, að þetta gjald, sem hér er um að ræða og heitir vörugjald til hafnar- og bæjarsjóðs, sé dregið frá, þegar ríkissjóðsgjaldið er greitt, og ég get fyrir mitt leyti engan veginn fylgt þessu frv. með öðrum skilningi en þessum. Ég sem sagt tek alveg undir með hv. þm. Borgf. og legg áherzlu á það, að þeir, sem gjalda þessu frv. jákvæði, leggi sama skilning í þetta og við hv. þm. Borgf., þar sem ég veit fyrir víst, að breyt. er komin inn í frv. á þeim grundvelli, sem ég hefi lýst.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það, sem skiptir máli í þessu sambandi frá minu sjónarmiði, er það, hvað vakað hefir fyrir hv. flm. þessarar till., þegar hún kom fram í Ed. Nú hefi ég talað við hv. flm. till. 1. þm. Reykv., og hann segir, að það, sem hafi vakað fyrir sér, sé það sama og hv. þm. Borgf. gat um í sinni ræðu. Og er það þá vitanlegt, að þá ber að taka málið á þeim grundvelli, og skiptir ekki máli, hvaða skilning ég út af fyrir sig legg í það. Aðalatriðið er, að það komi skýrt fram, hvað hv. flm. till. meinti, og nú hefir það komið í ljós, að það er hið sama og hv. þm. Borgf. og hv. þm. Vestm. vildu láta hana þýða, og þýðir hún þetta þá vitanlega, hvort sem ég vil láta það vera svo eða ekki.

**Sigurður Kristjánsson** óyfirl.: Ég vil ekki láta þetta mál fara svo út úr d., að ég ekki geri grein fyrir minni afstöðu til þess. Hv. þm. renna sjálfsagt grun í það, að ég er algerlega á móti útflutningsgjöldum af framleiðsluvörum, bæði landbúnaðarins og sjávarútvegsins, og það, að ég og þeir, sem eru sama sinnis og ég í þessu efni, höfum ekki borið fram till. um að fella slík gjöld algerlega niður, stafar auðvitað af því, að við ætlumst til þess, að þessi útflutningsgjöld gangi til alveg sérstakra hluta, til skuldaskila fyrir sjávarútveginn sjálfan. En frá minu sjónarmiði er það fullkomin fjarstæða að leggja útflutningsgjöld á framleiðsluvörur atvinnuvega, sem sjálfir hafa ekki borið sig og bera sig ekki og eru árlega reknir með tapi, eins og báðir þessir atvinnuvegir undanfarin ár. Og þess vegna nær ekki nokkurri átt að taka þessi gjöld. Hitt er annað mál, að þingið gæti að sjálfsögðu komið því til leiðar og ætti að fallast á það, að þessir atvinnuvegir leggi þessi gjöld á hanða sér sérstaklega. Og af því að ég vænti þess, að næsta þing muni fallast á það, að sjávarútvegurinn fái að nota þetta gjald til viðreisnar sér, og af því líka, að í þessu frv. felst þó nokkur lagfæring frá því, sem er í gildandi l., þá mun ég ekki gera ágreining um það, að frv. verði samþ. nú. En þess vildi ég láta getið, að ég álít þessi útflutningsgjöld vera ranglát og mjög óheilbrigð.

**Jónas Guðmundsson** óyfirl.: Út af þeirri breyt. viðvíkjandi fiskbeinum, sem hefir verið gerð á frv. síðan það fór héðan úr d. síðast, vil ég segja það, að ég álít, að það sé ekki hægt að skilja þessa viðaukatill. öðruvísi en þeir hafa gert, hv. þm. Borgf. og hv. þm. Vestm., þannig, að þegar útflutningsgjald er greitt, og á þeim höfnum, sem vörugjald er tekið af vörum, sem fluttar eru um hafnir, beri að draga þetta frá. Annars kemur mér þetta þannig fyrir sjónir, að ef innlendur kaupandi er að vörunni, þá greiði hann ekki útflutningsgjöld, heldur aðeins hafnargjöld á hverjum stað. En ef kaupandinn er útlendur, þá virðist þetta vera þannig, að hann eigi að borga 3 kr. á hver 100 kg., að frádregnum hafnar- og bæjargjöldum á þeim stöðum, þar sem þau eru leyfð. Það er aðeins einn staður á landinu, sem þetta verkar verulega fyrir og það eru Vestmannaeyjar. (**PO:** Og Akranes). Ekki á svipaðan hátt og í Vestmannaeyjum, því að þar eru þau helmingi hærri en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu.

Ég hefi ákaflega mikla tilhneigingu til þess að flytja brtt. við þetta frv., en af því að það er orðið svo áliðið þingtimans, er tæplega gerlegt að fara að eiga mikið við frv. Ég mun því greiða atkv. með frv. eins og það nú er, þó að ég sé óánægður með það.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 857).

## 28. Skipulagsnefnd atvinnumála.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl.** (stjfrv., A. 33).

Á 5., 6., 8. og 9. fundi í Nd., 9., 10., 12. og 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** 29. ágúst síðastl. var skipuð 5 manna n. af ríkisstj. til þess að rannsaka fjárhag ríkissjóðs og stofnana og fá yfirlit yfir ástand atvinnuveganna í landinu og leggja fram, að rannsókn lokinni, till. til aukningar og eflingar atvinnuvegunum í landinu.

Það liggur í augum uppi, að eigi slík rannsókn að ná tilætlun sinni, er óhjákvæmilegt, að n. eigi óhindraðan aðgang að opinberum stofnunum og embættismönnum þeirra til þess að fá upplýsingar.

Það er einnig ljóst, að n. getur ekki náð tilgangi sínum nema henni sé heimilt að fara eins að við einstaklingsfyrirtæki

Sjálfsagt er, að á n. hvíli sama þagnarskylda og t. d. á skattan. og öðrum þeim nefndum, sem rétt hafa til þess að safna slíkum skýrslum.

Því hefir verið haldið fram, að með frv. þessu, ef það verður gert að l., sé brotin 34. gr. stjskr. Ég hygg, að slíkar fullyrðingar séu byggðar á misskilningi. Samkv. greininni getur þingdeild veitt þingnefnd rétt til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og einstökum mönnum, án þess að setja um það lög. Þegar um slíkar nefndir er að ræða, nægir því ályktun deildarinnar til að gefa nefndum þetta vald.

Að umrædd grein banni að gefa samskonar vald með sérstökum lögum til annara nefnda, virðist mér hin mesta fjarstæða.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um frv. að sinni. Ég hygg, að hv. þdm. geti verið mér sammála um, að verkefni þessarar nefndar er mikið og merkilegt, og að hún verði að fá skilyrði og aðstöðu til þess að leysa það sem bezt af hendi.

**Thor Thors:** Mér þykir rétt við þessa umr. að víkja nokkrum orðum að hinum sögulega undirbúningi hjá stjórnarflokkunum að skipun þessarar nefndar, sem hér er til umræðu.

Fyrir kosningarnar síðustu gaf Alþýðufl. út kosningaávarp, hina svokölluðu 4 ára áætlun. Þar er miklu lofað þjóðinni til handa. Eitt af því, sem skyldi gera, ef flokkurinn fengi aðstöðu og vald á þingi, var að skipa nefnd þá, sem nú skal rætt um hér. Í 4 ára áætlun Alþfl., sem birt var í Alþýðublaðinu 26. maí í vor, segir svo um þetta: „Stofnuð sé ráðgefandi n. sérfróðra manna, þingi og stj. til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt till. um, hvernig komið verði fastri stj. og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi)".

Ég geri að vísu ráð fyrir því, að jafnaðarmenn hafi ekki, þegar þeir gáfu út þetta kosningaplagg, búizt við því, að þeir þyrftu að standa við þessi loforð eða framkvæma áætlunina. En kosningarnar fóru á þá leið, fyrir atvik, sem reyndar voru ekki til þess fallin að lýsa vilja þjóðarinnar, og aðeins var heppni stjórnarflokkunum til handa, að stefnuskrá Alþfl. hefir verið mestu ráðandi um stjórn landsins undanfarið. Þegar Framsfl. og Alþfl. höfðu ákveðið að mynda stj. saman, gerðu þeir með sér málefnasamning, sem fól í sér nokkurskonar framkvæmdaskrá fyrir stj. og þar sem farið var eingöngu eftir því, sem Alþfl. hafði heitið fyrir kosningarnar og stóð nú við að kosningunum loknum. Er þessi starfskrá alþjóð kunnug og lýsir sér m. a. í þeirri nefndarskipun, sem gefið hefir tilefni til þessa frv. Samkv. áætlun Alþfl. er n. skipuð með mikið og margvíslegt rannsóknarsvið, þótt valdsvið hennar sé að vísu ekki jafnmikið, og í skipunarbréfi n. er vikið samsvarandi orðum að verkefnum hennar eins og gert var í áætluninni. Er það auðvitað virðingarvert af Alþfl. að standa við kosningaloforð sín og fyrirætlanir og eðlilegt og virðingarvert, að stjórnarflokkarnir hafi viðleitni til þess að vilja láta rannsókn fara fram á því, hvað aflaga fer í ríkisrekstrinum og með hverjum hætti verður auðveldast og heppilegast að ráða á því bætur. Þótt þetta hafi verið tilgangurinn, og ég vil ekki almennt draga í efa, að svo hafi verið, hefir framkvæmdin á þessu verki orðið í andstöðu og til mótmæla þessum göfuga tilgangi, sem á bak við kann að hafa legið. Ef slík rannsókn átti að bera tilætlaðan árangur, hlaut stj. að halda sér við það, að n. yrði eingöngu skipuð sérfróðum mönnum. En hæstv. stj. valdi ekki þá leið. Þá var það ennfremur skylda stj., ef tilgangurinn var sá með n.skipuninni, að fá fram óhlutdræga og málefnalega rannsókn, að sjá svo um, að skipun n. væri ekki með pólitiskum blæ. En það er svo fjarri því, að hæstv. stj. hafi gert þetta, að hún þvert á móti virðist ekki hafa tekið tillit til neins annars við skipun n. en eingöngu pólitískra skoðana. Í n. hafa verið skipaðir harðvítugir stjórnmálamenn svo að segja eingöngu. Skal fyrst frægan telja, hv. 2. þm. Reykv., sem harðvituglegast hefir gengið fram í stjórnmálabaráttunni fyrir sinn flokk. Hinir tveir flokksmennirnir, sem sósialistar eiga í n., en þeir hafa þar meiri hl. og öll völd eins og alstaðar annarsstaðar, þar sem stjórnarflokkarnir leggja saman, hafa báðir tveir látið til sín taka á stjórnmálasviðinu, sérstaklega þó hv. þm. Hafnf., og hinn, sem að vísu er ekki alþm., er forstjóri bæjarútgerðarinnar í Hafnarfirði, sem hv. þm. Hafnf. einnig er mjög við riðinn. Sé það svo að skilja, að bæjarútgerðinni í Hafnarfirði sé ætlað að leggja til tvo sérfræðinga í n., mun mörgum áreiðanlega sýnast svo sem henni sé gert hærra undir höfði en ástæða er til. — Af hálfu Framsfl. hefir orðið

fyrir valinu í þessa n. sá maður, sem er allra manna ófyrirleitnastur í stjórnmálabaráttunni og illskældnastur óvildarmaður annars aðalatvinnuvegar landsmanna, sjávarútvegsins. Slík útnefning í n., sem ætlað er að starfa til þjóðþrifa með rannsóknum sínum, er í hæsta máta óviturleg og stefnir að því að gera n. óvinsæla hjá miklum hl. þjóðarinnar, sem fylgir Sjálfstfl. að málum, og verður enda að skoðast sem hrein ögrun í garð flokksins. Ég hygg, að það hefði verið réttara fyrir stj. á þessum tímum, þegar ný vandræði steðja á hverri stundu að *atvinnurekstri og framleiðslu*, að reyna að sameina kraftana til sameiginlegs átaks með því að skipa sérfróða menn eingöngu í n., eins og lofað var í 4 ára áætluninni. Þegar litið er til þess, hver styrkur er að baki hæstv. ríkisstj. hjá þjóðinni, verður enn berara, hve stj. var það sjálfsagt að haga skipun n. svo a. m. k., að hún væri ekki í beinni andstöðu við verulegan hl. þjóðarinnar. Að baki hæstv. stj. eru færri kjósendur en að baki andstöðuflokka hennar hér í þinginu. Samanlögð atkvæðatala Alþfl. og Framsfl. er um 22 þús., en samanlögð atkvæðatala Bændafl. og Sjálfstfl. um 25 þús. Valdataka hæstv. stj. byggist á hendingu einni, og hefði það átt að opna augun á stj. fyrir því að taka ekki aðeins tillit til stjórnarflokkanna við nefndarskipunina. En þetta gerði hæstv. ríkisstj., og það er hennar að bera ábyrgðina á því, sem af því kann að leiða.

Vegna þess, hvernig hæstv. stj. hefir hagað valinu í þessa n., lítur Sjálfstfl. á n. sem hreina flokksn. stj., og okkur sjálfstæðismönnum hefði þótt það bezt fara, að kostnaðurinn við þessa n. yrði greiddur úr flokkssjóði stjórnarfl., en ekki úr ríkissjóði. Það er vitanlegt og augsýnilegt af vali nefndarmannanna, sem ýmist eru yfirlýstir sósialistar eða hafa reynzt vera svo, að tilgangurinn með n. er sá, að leita að veilum í rekstri einstakra atvinnurekenda í landinu, og þykjast finna þær, og undirbúa á þann hátt upptök sósialismans hér á landi. Af þessum ástæðum mótmælir Sjálfstfl. þessari n., sem hann telur vera flokksn. stj. og ekkert annað. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, á svo að gefa þessari flokksnefnd stj. rannsóknarvald um *hvað sem er, og veita þannig hinum harðvítugu pólitísku baráttumönnum*, sem n. skipa, tækifæri til þess að kynna sér hag og gerðir pólitískra andstæðinga sinna. N. getur heimtað skýrslur og skýringar á hverju, sem henni sýnist og hún telur þörf á eða henni kann að hugkvæmast með ötulli aðstoð *illkvittni og hefndarhugar*. Og þeir, sem ekki hlýða, eru settir á bekk með glæpamönnum, meinsærismönnum o. s. frv., og boðið upp í tugthús, ef þeir verði ekki þægir.

Hvað á svo að rannsaka? Það er vitanlegt, að stjórnarfl. hafa fullkomna aðstöðu til þess að láta rannsaka hag einstaklinga og fyrirtækja, og þetta er einnig gert með skattskýrslum og heimild þeirri, sem skattan. og skattstjórinn hér í Rvík hafa, til þess að skoða reikningshald fyrirtækja og einstaklinga. Það er ennfremur vitað, að undanfarið hafa starfað slíkar rannsóknarn. bæði á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar. Bændan. svokallaða hefir þegar birt skýrslur um rannsóknir sínar, og niðurstaðan af þeim var stofnun Krepppulánasjóðs. Sjávarútvegsn. mun nú í þann veginn að ljúka rannsóknum sínum og munu skýrslur hennar verða lagðar fyrir þingið innan skamms. Það getur því ekki verið þetta, sem á að rannsaka. — Það, sem e. t. v. vakir fyrir stj., mun og það að finna nýjar leiðir út úr ógöngum atvinnulífsins, þótt óliklegt sé, að þær leiðir upplýsist með þvingunarráðstöfunum. Til þess að vinna að því marki sýnist sem eðlilegast hefði verið að kalla til samstarfs alla þekkingarríkustu krafta þjóðarinnar. Ef knýja á fram með þvingunarráðstöfunum viðskiptalega þekkingu og lífsreynslu atvinnurekenda til þess að afhenda í hendur pólitískra óvildarmanna þeirra, sýnist og vera gengið fullnærri 62. gr. stjskr., sem fjallar um *friðhelgi eignarréttarins*, því að *atvinnuleg* og andleg verðmæti heyra undir vernd þeirrar gr. engu síður en önnur verðmæti. Ef nauðsynlegt er að finna nýjar leiðir út úr örðugleikum atvinnulífsins, er þetta áreiðanlega ekki rétta leiðin. Rétta leiðin var að fara samningaleiðina. Með því að fara friðsamlega fram og viturlega og láta kunnáttumenn á þessum sviðum bera saman ráð sín til úrlausnar mátti vænta góðs árangurs vegna þekkingar þeirra, góðs vilja og þjóðfélagskenndar. Stj. átti kost á að fara þessa leið, og henni bar skylda til að fara hana vegna hins erfiða ástands atvinnurekstrar einstaklinga og fyrirtækja og fjárhagsörðugleika þjóðarinnar yfirleitt, þegar allt virðist stefna að hruni. En hæstv. ríkisstj. kaus ekki að fara þá leið að hagnýta sér þá beztu þekkingu, sem völ er á á sviði atvinnumálanna, heldur kaus hún að styðjast eingöngu við harðsvíraða pólitíska málafylgjumenn. Skipun þessarar n. og frv. það, sem hér liggur fyrir, virðist því beinlínis vera eins og ögrun á hönd andstæðinga stj., sem steytir hér sinn rauða hnefa framan í mikinn hl. þjóðarinnar. Að stj. valdi þessa leið, verður að vera á hennar ábyrgð sjálfrar, hæstv. stj. getur ekki annars vænzt en að uppskera svo sem hún hefir sáð til.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)**: Ég óttast, að hv. þm. Snæf. sé ekki í sem beztu ásigkomulagi, því að hann sér eintóma drauga nú um hábjartan daginn í sambandi við þetta frv. og verkefni þeirrar n., sem hér er um að ræða.

Hv. þm. hélt því þannig fram, að stj. hefði átt kost á samvinnu við þekkingarríkustu menn *atvinnuveganna*, en hefði hafnað þeirri samvinnu til þess að kjósa í hennar stað einlita, harðsvíraða pólitíska baráttumenn, og steytti nú „rauða hnefann“ framan í máttarstólpa atvinnulífsins. Hv. þm. orðaði þetta að vísu ekki svo, en hann meinti það. Verð ég að biðja hv. þm. Snæf. að *færa þessum fullyrðingum sínum* einhvern stað næst þegar hann talar.

Hv. þm. var hér með fullyrðingar, sem blöð flokks hans hafa viljað ósanna, a. m. k. hefi ég ekki heyrt það fyrr en nú, er ég heyri það af vörum hv. þm. Snæf., að Sjálfstfl. hafi verið reiðubúinn *til samvinnu um till. um nýtt skipulag* á þjóðarbúinu. Sjálfstfl. hefir til þessa hald-

ið því fram, að atvinnurekstur allur og viðskipti ættu að vera í höndum einstaklinga, en ekki hins opinbera, að því verr gegndi, sem afskipti hins opinbera af atvinnulífinu væru meiri. Og þetta atriðið í stefnuskrá Alþfl., sem hv. þm. vitnaði í, var ein aðaltuggan í árásarræðum andstæðinga okkar jafnaðarmanna fyrir síðustu kosningar. Sjálfstæðismenn töluðu þá af mikilli vandlætingu um þetta nefndarbákn, sem við vildum koma upp, í bitlingaskyni fyrst og fremst, auðvitað, og tjáðu sig ekki vilja leggja hönd að slíkum hégóma. Veit ég, að hv. þm. Snæf. man vel eftir því, hvernig látið var út af till. um þessa nefndarskipun.

Þá minntist hv. þm. Snæf. á hina mjög svo leiðinlegu tilviljun í Skagafirði, sem hann sagði, að hefði orðið því valdandi, að Sjálfstfl. náði ekki völdunum að þessu sinni. Hefi ég nú að vísu aldrei heyrt því lýst yfir af hálfu Bændafl., að hann hafi verið ráðinn og reiðubúinn til að mynda stj. með sjálfstæðismönnum, þótt vel megi þetta svo hafa verið, en þetta er held ég í þriðja sinn, sem ég heyri þessu lýst yfir af sjálfstæðismönnum.

Ef marka má orð hv. þm. Snæf., eru nú einhver veðrabrigði í Sjálfstfl., því að hv. þm. skýrir frá því, eins og ég veik að áður, að Sjálfstfl. vilji gjarnan taka þátt í störfum skipulagsn., og af því að ég er gæfur og friðsamur maður, vil ég fyrir mitt leyti stuðla að því, að það verði athugað af n. þeirri, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, hvaða möguleikar eru á, að þetta megi verða. Eins og ég tók fram, hafði ég skilið það svo af ræðum sjálfstæðismanna fyrir kosningarnar og skrifum flokksblaðanna, að Sjálfstfl. vildi ekki taka þátt í þessu starfi, en sé það svo, að flokkurinn óski þess nú, myndi ég fyrir mitt leyti vilja leggja til, að það verði athugað í n., hvort hægt er að ganga til móts við óskir flokksins í þessu efni.

Hv. þm. sagði það vera virðingarvert af Alþfl. að vilja efna þau loforð, sem flokkurinn hefði gefið fyrir kosningarnar. Sömuleiðis taldi hv. þm. það virðingarvert af stj., að hún vildi láta rannsaka, hvar umbóta væri þörf, hvaða umbætur væru æskilegastar o. s. frv. Er ég sammála hv. þm. Snæf. um þetta. En hv. þm. taldi, að framkvæmdirnar á þessu hefðu orðið á þá leið hjá stj., að þær væru verri en engar. Stj. hefði gengið fram hjá mönnum, sem þekkinguna hefðu á þessum málum, og tekið í þeirra stað harðsnúna pólitíska baráttumenn. Nú er það að vísu ekki einhlítt að draga slíkar ályktanir. Þótt menn hafi ákveðnar pólitískar skoðanir og fylgi þeim fast fram, er ekki þar með sagt, að þeir séu óhæfir til annara starfa. Auk þess vill nú svo vel til, að þeir menn, sem stj. hefir valið í þessa n., hafa einmitt til brunns að bera mikla þekkingu á þessum málum, sem þeim hefir verið falið að rannsaka. Form. n. er þannig hagfræðingur að menntun, hefir hann haft á hendi forstöðu mikilla verzlunarfyrirtækja í opinberum rekstri sem einkarekstri, enda hygg ég, að hann hafi til jafns við hvern annan, sem væri, hagnýta þekkingu og menntun til þess að leysa þetta starf af hendi. Annar nm. er verkfræðingur með ágætu prófi og einhver helzti leiðtogi iðnaðarmanna jafnframt; hefir hann átt frumkvæðið að fjölmörgum nauðsynjamálum iðnaðarins og er því líklegur til að vinna með árangri að lausn hinu mörgu verkefna, sem nú bíða, á sviði iðnaðar og iðnaðarmála. Auk þess hefir hann til að bera ágæta þekkingu á sveitarstjórnarmálum og mikla hagnýta reynslu á því sviði. Þriðji nm. er iðnaðarmaður og hefir nú um langt skeið veitt forstöðu fyrirtæki, sem sætt hefir óvægari kritík en nokkurt annað fyrirtæki hér á landi. (**ÓTh:** Sá er eldurinn heitastur, sem á sjálfum brennur). Ég býst við því, að hv. þm. G.-K. hefði þótt sá eldur heitur á sér, sem bæjarútgerðin í Hafnarfirði hefir orðið að bera, og mér er sem ég sæi upplitið á hv. þm., ef „Kveldúlfi" væri gert að skyldu að leggja fram rekstrarreikning sinn til athugunar hverjum, sem vildi, og afbökunar. — Fjórði nm. er landbúnaðarkandidat, sem veitir forstöðu öðrum bændaskóla landsins. Hefir hann að allra dómi til að bera prýðilega þekkingu á öllum málefnum landbúnaðarins. — Fimmti nm. er einn af upphafsmönnum samvinnuhreyfingarinnar hér á landi og hefir jafnan verið í brjóstfylkingu þeirrar hreyfingar og er. Hann er því allra manna kunnugastur samvinnumálum hér á landi, og enda erlendis líka, og mun sízt vanþörf þeirrar þekkingar í n., því að ég býst við, að þau úrræði, sem um verður að ræða, muni snerta mjög svið samvinnunnar.

Ég tel mig nú hafa gert grein fyrir því, að það var ekki eingöngu með pólitík fyrir augum, að n. varð svona skipuð. Þá get ég og bætt því við, að allir þessir menn eru áhrifamenn hver í sínum flokki, en það gefur tryggingu fyrir því, að meira samkomulag verði um till. þeirra, en á því ríður, ef þær eiga að ná fram að ganga og verða til umbóta eins og til er ætlazt.

Þá neitaði háttv. þm., a. m. k. öðrum þræði, að nokkurt verkefni væri fyrir þessa n., því að mest af því, sem henni væri ætlað að vinna, væri þegar búið að vinna af öðrum nefndum, og nefndi þar til n. þá, sem rannsaka átti hag sjávarútvegsmanna, ennfremur n. þá, sem rannsakaði hag bænda vegna örðugleika kreppunnar og í þriðja lagi milliþn., er rannsaka átti hag verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Ég játa að sjálfsögðu, að rannsóknir þær, sem nefndir þessar hafa innt af hendi, muni hafa mikinn fróðleik að geyma, og verða því notaðar að svo miklu leyti sem hægt er. En það hlýtur að vera takmarkað, sem þær ná, þar sem þær eru miðaðar við það að gera upp efnahag manna á ákveðinni stundu, og t. d. að koma skuldamálum bænda í léttara horf. Aftur hafa nefndir þessar t. d. ekki gert neinar till. um breyt. á framleiðsluháttum eða á sölu afurðanna. Þannig liggja engar rökstuddar till. fyrir um breyt. á búnaðarháttum bænda eða því um líkt.

Úr því nú háttv. þm. Snæf. taldi sig svo mjög hneykslaðan yfir vali mannanna í þessa n., þá vil ég spyrja hann, hvað hann segi um val mannanna í n. þá, sem rannsakaði hag sjávarútvegsmanna. Þar er t. d. enginn Alþýðuflokksmaður. Form. hennar er háttv. þm. Vestm., auk

þess skipa hana háttv. 6. þm. Reykv. og albróðir þm. N.-Ísf. Ætli það megi ekki segja, að þessi n. hafi á sínum tíma verið skipuð með pólitík eina fyrir augum?

Verk það, sem skipulagsnefndinni er ætlað að vinna, er að fá heildaryfirsýn yfir þau mál, sem hún á að athuga, og koma svo með rökstuddar till. um breyt. til bóta. — Ég vil svo að endingu endurtaka það, að það eru ekki nema fullyrðingar einar að n. hafi á nokkurn hátt sýnt sig í því að fjandskapast við nokkra stétt manna í þjóðfélaginu, og hún hefir heldur ekkert tilefni gefið til að ætla slíkt. Þeir, sem leyfa sér að bera slíkar fullyrðingar fram, verða því að finna fyrir þeim einhver rök, ef þeir vilja ekki verða minni menn fyrir orð sín.

Þá vil ég og taka það fram, að svo fremi sem Sjálfstæðisflokkurinn óskar þess af alvöru að fá að taka þátt í störfum nefndarinnar, þá er sjálfsagt að taka það til athugunar.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd., 16. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Ég tók eftir því í ræðu hæstv. atvmrh. við meðferð þessa máls, að hann leit svo á, að milliþingan. í sjávarútvegsmálum hefði verið skipuð einhliða.

Ég vil nota þetta tækifæri til að minnast nokkuð á þessa n.

Milliþingan. í sjávarútvegsmálum og milliþingan. í atvinnumálum, þessar tvær n. voru afgreiddar því nær alveg samtímis frá þinginu og eru mjög nátengdar hvor annari, þó að rétt þætti, að sín n. færi með hvort mál. Í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum voru tveir sjálfstæðismenn og einn framsóknarmaður, en í milliþingan. í atvinnumálum einn jafnaðarmaður, einn bændaflokksmaður og einn sjálfstæðismaður. Þessar tvær n., sem hafa haft svipað hlutverk, hafa því átt fulltrúa úr öllum þeim stjórnmálaflokkum, sem nú eiga fulltrúa á Alþ.

Þó er það svo, að þessar n. hafa ólíkt takmarkaðra verksvið hvor fyrir sig og báðar samanlagðar heldur en sú n., sem ræðir um í frv. því, sem hér liggur fyrir. Ég ætla, að það láti nærri sanni, að það sé yfirleitt því nær ekkert það til í atvinnulífi þjóðarinnar, sem afskipti þessarar n. ekki geta náð til. Henni er ætlað að rannsaka fjármál ríkisins og því vitaskuld fjármál ríkisstofnana. Líka fjármál þjóðarinnar, og það hlýtur að þýða fjármál hvers einstaklings, ef henni sýnist svo. Hún á ennfremur að rannsaka hvers konar atvinnurekstur í landinu frá annesjum og upp til fjalla og úti á fiskimiðum. Allt heyrir þetta til starfssviði þessarar n. Hér er svo ríkt að orði kveðið og valdsviðið svo víðtækt, að það verður tæplega gert víðtækara. Samt hefir hæstv. ríkisstj. horfið að því ráði að hafa þessa n. þannig skipaða, að meiri hluti kjósenda í landinu á þar engan fulltrúa. Að þessari n. standa, eins og kunnugt er, aðeins þeir flokkar, sem styðja núv. ríkisstj., en aðrir flokkar eiga enga fulltrúa í þessari n.

Nýlega var hér á ferðinni frv. um atvinnumiðlun. Það frv. var flutt af þeirri sömu stj., sem stendur að þessari einlitu nefndarskipun. Það kom fram í umr. um þetta frv. af hálfu jafnaðarmanna, að frv. væri komið fram eingöngu af þeirri ástæðu, að þeim, jafnaðarmönnum sjálfum, þótti óhæfa, óþolandi og óalandi, að bæjarstj. Rvíkur hafði gert ráð fyrir að opna vinnumiðlunarskrifstofu hér í bænum og að hafa að forráðamanni hennar mann, sem vitað er um, að er sjálfstæðismaður. En ég vil benda á það, að ekki er vitað um þennan mann, að hann hafi verið harðskeyttur í baráttunni gegn andstæðingum sjálfstæðismanna, ekki til líka eins harðskeyttur í baráttunni gegn andstæðingum síns flokks eins og tveir af þeim mönnum, sem sæti eiga í skipulagsn. svokölluðu, sem hér er um að ræða, þeir hv. þm. S.-Þ. og hv. 2. þm. Reykv. Það er enganveginn sambærilegt, hvernig þessi maður, sem er formaður Varðarfél. og stóð til að yrði fyrir þessari vinnumiðlunarskrifstofu, hefir gengið fram í landsmálum og hvernig þessir menn hafa gengið fram gagnvart sínum andstæðingum.

Þetta var þá tilefnið til þess, að hæstv. ríkisstj. kom fram með frv. til l. til að kippa þessu í liðinn. Svo óhugsandi þótti henni, að stjórnarandstæðingur yrði forstjóri þessarar stofnunar, vegna þess, að líkast til yrði meiri hluti þeirra verkamanna, sem leituðu til þessarar skrifstofu, ekki sömu skoðunar í landsmálum og þessi væntanlegi forstjóri hennar.

Beri maður nú saman þennan hugsunargang jafnaðarmanna á þingi við skipun skipulagsn. um atvinnumál, sem er þó ætlað að hafa miklu djúptækari áhrif á atvinnulíf í landinu heldur en það, hvernig nokkrum hundruðum manna er miðlað vinnu hér í Rvík, svo miklu róttækari áhrif, að með skipun þessarar n., eru gerðar ráðstafanir til þess, að hægt sé að setja allt landsfólkið undir rannsóknarrétt, og meiri hluta þess þar með ætlað að hlýða boði og banni minni hlutans, að viðlögðum sektum og fangelsi, — þá er það bert og fullljóst, að með skipun n. er einmitt til slíks rannsóknarréttar stofnað, með vali manna í þessa n.

Það er að vísu satt, að atvinnuvegir þjóðarinnar, líka þeir, sem einstakir menn og félög standa að, standa mjög höllum fæti og að full þörf er á að greiða úr þeirra vandræðum. Þingið hefir nú þegar viðvíkjandi landbúnaðinum stigið stórt spor í þá átt að reyna að létta þau vandræði, sem á honum hvíla.

Samt sem áður er það líka réttmætt og sjálfsagt að rannsaka ástand atvinnuveganna, leiðrétta það, sem miður fer og reyna að koma fótum undir þær greinir þeirra, sem fallnar eru eða liggur við falli. Skipun hæfra manna í n. til að reyna að ráða fram úr vandræðum þeirra atvinnuvega er fyllilega réttmæt.

Þessari skipulagsn. er falið að rannsaka alla verzlun landsmanna utanlands og innan. Þó að ekki sé talað um annað en utanríkisverzlunina, er það ærið verkefni fyrir góða menn að rannsaka og skipta sér af, og hefir því verkefni verið of lítið sinnt á undanförnum þingum. En samt sem áður verður að gæta þess, að til slíkra afskipta, sem hér er til stofnað, — að til þeirra

sé ekki stofnað þannig, að fyrirfram sé augljóst, að mikill hluti þjóðarinnar hljóti að bera ugg gagnvart þeim mönnum, sem þarna eiga að leggja á ráðin.

Hæstv. ráðh. virðist hafa gengið út frá því sem alveg gefnu, að þetta væri málefni, sem sjálfstæðismenn alls ekki fengjust til að skipta sér neitt af. Ég held, að slík staðhæfing hafi ekki haft við nein rök að styðjast fram að þeim tíma, þegar n. var skipuð. Það mun hafa verið fyrst eftir að vitað var, hvernig þessi n. var samsett, með því ógnarvaldi, sem hún á að hafa samkv. frv., að blöð sjálfstæðismanna gagnrýndu gerðir stj. á þessu sviði og töldu hæpið, að nefndarskipun þessi mundi verða að nokkru gagni, og hvort henni væri ætlað að vera nokkuð annað en svipa á einhvern hluta þjóðarinnar. Hefði stj. borið það undir landsmenn, án tillits til flokkaskiptinga, hvort þeim litist á, að þessi mál, sem n. er ætlað að fjalla um, yrðu tekin til gagngerðrar íhugunar, eins og hér ræðir um, þá hygg ég, að hún hefði fengið jákvætt svar frá sjálfstæðismönnum líka, engu síður en öðrum, að því tilskildu, að störf þau, sem henni væru ætluð, yrðu unnin með heill alþjóðar fyrir augum, en ekki aðeins einstaks flokks.

Það er hverju orði sannara, sem hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni í gær, að þó að nefndarmenn hefðu ákveðnar skoðanir í landsmálum, þá væri það engin sönnun þess, að þeir væru ekki hæfir til þeirra starfa, sem þeim eru falin. Þetta er vitaskuld alveg rétt. En það hefir nú borið við á þessu þingi, og þess er ekki langt að minnast, að þeir tveir stjórnmálaflokkar, sem nú standa að þessari nefndarskipun og sem ætlað er einungis að fara með valdið, sem n. þessari er gefið, þeir hafa tekið fyrir eina af aðalatvinnugreinum þessa lands og skipulagt hana með l. og verið einráðir um allar framkvæmdir henni viðkomandi. Ég á hér við síldareinkasöluna. Þar var ekki tekið tillit til þess, sem þá kom fram frá andstæðingum þeirrar stj., sem þá sat og var studd af sömu flokkum og sú, sem nú situr. Þar var gaumgæfilega gengið fram hjá því, í hverju einasta smáatriði, að taka nokkra bendingu til greina, sem kom frá andstæðingum stj. Þegar síldareinkasalan var sett á stofn, þá gengu jafnaðarmenn á þingi svo rækilega í berhögg við sínar eigin skoðanir og staðhæfingar, sem þeir höfðu alstaðar haldið fram úti um allt land, að þeir felldu till. um það, að framkvæmdastj. síldareinkasölunnar skyldi vera kosin með hlutfallskosningu. Við sjálfstæðismenn bárum fram till. um, að hlutfallskosning væri höfð á framkvæmdastj., til þess að tryggja það, að minni hlutinn ætti þó einhvern fulltrúa í framkvæmdastj. Að hafa þessa aðferð hefir verið uppáhaldskrafa allra jafnaðarmanna alstaðar á landinu í mörgum málum, svo sem í kosningum hreppsnefnda og bæjarstjórna og er fullkomin sanngirniskrafa. En þegar síldareinkasalan var sett á stofn þá brá svo við, að löngunin til að nota valdið út í yztu æsar varð yfirsterkari hjá þessum flokkum. Hinu skeyttu þeir ekki, að vera trúir stefnu sinni með því að láta framkvæmdastj. síldareinkasölunnar vera alla kosna með hlutfallskosningu.

Ég bendi á þetta sem dæmi.

Því er fyrir löngu slegið föstu, ekki einungis hér á Alþ., heldur af alþjóð, að þessir tveir flokkar réðu öllu frá upphafi vega yfir síldareinkasölunni. Og síðasta verk þeirra var að afnema hana og taka þrotabú hennar til skipta, þegar þessi atvinnuvegur, síldarútgerðin, var um það bil kominn í rústir fyrir aðgerðir síldareinkasölunnar, og þegar sýnt var, að ríkissj. hafði orðið fyrir milljónatapi, og þegar sýnt var, að sjómenn höfðu orðið fyrir stórkostlegum skaða vegna síldareinkasölunnar. **(Forseti (JörB):** Ég vil benda hv. þm. á, að síldareinkasalan er hér ekki sérstaklega til umr. nú). **(TT:** Getur ekki allt milli himins og jarðar heyrt undir verksvið þessarar skipulagsn.?). Ég held, hæstv. forseti, að þó að ég sneri við blaðinu og færi að tala um búskap í Árnessýslu, þá mundi það einnig geta heyrt undir þetta mál. En ég skal fúslega stytta mál mitt, þegar hæstv. forseti mælist til þess.

Það er ekki einhlítt í atvinnumálum að nota flokksaðstöðu harðvítuglega til að berjast á móti andstæðingum. Það er sérstakt tilefni til að athuga svona mál nú, einmitt af því, að nú er greinilega stefnt að því að vega í sama knérunn og þá var gert. Hér þykist nú hver mikill maður á þingi, sem eitthvað getur sparkað í einstaklingsfrelsið og einstaklingsframtakið í atvinnurekstri.

Ég ætla, að allir, sem komnir eru til vits og ára meðal þessarar þjóðar, hafi gert sér það ljóst, hve miklar hafa verið hinar verklegu framkvæmdir hins opinbera síðustu áratugina. Þessar framkvæmdir gefa þeim útlendingum, sem gista land vort, tilefni til að dást að því, að svo fámenn og fátæk þjóð skuli geta staðið undir þeim byrðum, sem þessar framkvæmdir — brúargerðir, vegagerðir, hafnargerðir, vitabyggingar og margt fleira — hafa óhjákvæmilega í för með sér. Og nú vil ég biðja þá menn, sem sérstaklega hafa haft horn í síðu einstaklingsframtaksins í atvinnurekstri, að kannast við það, að einmitt á þessum sömu áratugum, sem svona miklar opinberar framkvæmdir hafa verið gerðar, þá hefir ríkið staðið á þeim þjóðskipulagsgrundvelli, að einstaklingsfrelsið til atvinnuframtaks hefir lítið verið skert, svo að einstaklingsframtakið hefir fengið að njóta sín. Ég vil engu spá um það, hvað gert verður hér á þessu landi að þessum framkvæmdum á næstu 3—4 áratugum, en ég óska og vona, að ástæður þjóðarinnar leyfi það, að sama framtakið geti haldið áfram hjá þingi og stj. að því er þessar framkvæmdir snertir. En ef svo á að fara, þá má vissulega ekki halda áfram þeirri herferð, sem þegar fyrir löngu hafin er gegn öllu því, sem nefna má einstaklingsframtak í þessu landi, með skattaálögum og öllum afskiptum löggjafarvaldsins í seinni tíð, sem ekki leiðir til annars en hruns, ef svo heldur áfram.

Sé það skoðun sósíalista, að vinnumiðlunarskrifstofa sé óalandi af því að fyrir henni á að standa maður, sem ekki er þeirra maður í pólitík, þá hljóta þessir sömu menn að vera þess vitandi, að þessi skipulagsn., sem hér ræðir um og að yfirlögðu ráði er skipuð harðskeyttum

andstæðingum sjálfstæðismanna, er þannig úr garði gerð af hálfu stj., að hún getur ekki notið trausts hjá meiri hluta þjóðarinnar. Þetta er alveg rökrétt ályktun, með hliðsjón af þeim ástæðum, sem jafnaðarmenn sjálfir færðu fyrir því, að ekki mætti hafa sjálfstæðismann fyrir formann stofnunar, sem úthlutaði vinnu hér í Reykjavík.

Ef borin eru saman ummæli sósíalista um vinnumiðlunarskrifstofuna, sem stóð til að opna hér í Rvík, sem fram komu í umr. um það mál, *ef þau ummæli eru borin saman* við skipun þessarar n., þá virðist mega ætla, að með nefndarskipuninni sé ekki hugsað fyrst og fremst um heill alþjóðar, heldur stefnumál ákveðinna stjórnmálaflokka og framdrátt þeirra sömu flokka meðal landsmanna. Og sé það svo, þá er það rétt, sem hv. þm. Snæf. hélt fram, þá á þessi nefndarskipun ekki að vera gerð með lögum af Alþ. og ekki heldur á alþjóðarkostnað, því að þá er hún mál þeirra tveggja flokka, sem styðja stj. og annara ekki.

Það er ekki glæsilegt til viðreisnar þjóðfélagi, ef sá meiri hluti, sem völd hefir á þingi á hverjum tíma, gerir þingið að vettvangi hagsmunastreitu flokkanna. Ef sá háttur á að takast upp, þá horfir vissulega til auðnar í þjóðfélagsmálum.

Það er full ástæða til þess, einmitt við þessar umr., að *benda hæstv. stj. á þetta.*

Mér virtist hæstv. atvmrh., sem vissulega er greindur maður og glöggur, sjá við nánari íhugun, að hér er um stjórnarfarslega veilu að ræða. Og það er mjög eðlilegt, að einmitt sá ráðh., sem vitaskuld ber ábyrgð á þessari nefndarskipun, sennilega mesta af þeim, sem nú eru í stjórn, sjái, að það er ekki hentugt að skipa þessa n. með hagsmuni tveggja stjórnmálaflokka sérstaklega fyrir augum. Um svo veigamikið fyrirtæki sem þetta, sem hlýtur að hafa afdrifarík áhrif á atvinnumál þjóðarinnar, verð ég að segja, að það er allt annað en viðeigandi að gera það opinbert, að þetta fyrirtæki eigi ekki að *hafa annan tilgang en þann* að tryggja hagsmuni eins eða tveggja stjórnmálaflokka.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég held, að hv. síðasta ræðumanni hafi ekki verið fyllilega ljóst, með hvað hann var að fara. Hann talaði um þetta ægilega vald, sem n. væri falið. Ég get ekki skilið, við hvað hv. þm. á. N. á að afla sér skýrslna, gera rannsóknir og till., en hún hefir ekki vald til nokkurra framkvæmda. Hann sagði, að meiri hluti þjóðarinnar yrði að beygja sig undir boð n. og bann, og að tugthús lægi við, ef út af væri brotið. Ég skal ekki fortaka, að eitthvað svolítið sé til í þessu, en það er svo lítið, að samlíkingin á ekki við, þó að sagt sé, að verið sé að gera úlfalda úr mýflugu. N. getur heimtað skýrslur, og liggja við dagsektir, ef þær eru ekki gefnar, en ef logið er, fer um það eins og önnur afbrot af því tægi. Þetta verða menn t. d. að þola niðurjöfnunarnefnd.

Til að fyrirbyggja, að verið sé að ræða um atriði, sem ekkert koma n.skipuninni við, ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp skipunarbréf n. Það hljóðar svo:

„Ríkisstjórnin hefir ákveðið að skipa nefnd til þess:

Að hafa með höndum rannsókn á fjármálum ríkis og þjóðar og á hverskonar atvinnurekstri í landinu, framkvæmdum og framleiðslu, svo og á sölu og dreifingu afurða innanlands og utan og verzlun með aðfluttar vörur. Rannsókn þessi skal jafnt ná til framkvæmda og atvinnurekstrar ríkis og bæja sem einstakra manna og félagsfyrirtækja. Nefndin láti ríkisstjórninni jafnóðum í té skýrslur yfir niðurstöður þessara rannsókna.

Að koma fram með, að rannsókn þessari lokinni, rökstuddar tillögur og sem nákvæmastar áætlanir um aukinn atvinnurekstur, framkvæmdir og framleiðslu í landinu, þar á meðal um stofnun nýrra atvinnugreina, svo og um það, hvernig komið verði á föstu skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, þannig, að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi). Í tillögum þessum og áætlunum sé lögð áherzla á það, að efldur verði sá atvinnurekstur, sem fyrir er og rekinn er á heilbrigðum grundvelli, enda athugað, að hve miklu leyti þörf er á opinberu eftirliti með hverskonar stórrekstri til tryggingar því, að hann verði *rekinn í samræmi* við hagsmuni almennings, og á hvern hátt slíkt eftirlit yrði framkvæmt. Að svo miklu leyti sem fyrirsjáanlegt yrði, að einkarekstur ekki nægir til að fullnægja þörfum þjóðarinnar eða kann að öðru leyti að vera varhugaverður fyrir almennings heill, geri nefndin tillögur um opinberan rekstur og jafnframt um fyrirkomulag á hverskonar opinberum fyrirtækjum. Í öllum tillögum sínum hafi nefndin það markmið fyrir augum að útrýma atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar svo að nýtt fjör megi færast í alla atvinnuvegi þjóðarinnar og kaupgeta hinna vinnandi stétta aukast.

Til þess að framkvæma rannsóknir þessar og gera tillögur og áætlanir, mun ráðuneytið láta nefndinni í té nauðsynlega aðstoð, svo og hlutast til um, að embættismenn ríkisins og ríkisstofnanir *gefi nefndinni* allar þær upplýsingar, er hún telur sér þörf á að fá. Einnig mun ráðuneytið leita samþykkis næsta Alþingis á því, að nefndin *fái rétt til* þess að *heimta skýrslur*, munnlegar og skriflegar, af einstökum mönnum og félögum.

Ríkisstjórnin óskar þess, að nefndin hraði störfum sínum svo sem unnt er.

Laun nefndarmanna, svo og allur annar kostnaður við nefndina og störf hennar, greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, sem ríkisstjórn úrskurðar.

Ríkisstjórnin hefir ákveðið að skipa nefnd þessa fimm mönnum, og eruð þér, herra alþingismaður, hér með skipaður í nefndina, og eru ásamt yður skipaðir í hana:

Emil Jónsson bæjarstjóri, Hafnarfirði,
Jónas Jónsson alþingismaður, Reykjavík,
Ásgeir Stefánsson framkv.stj., Hafnarfirði,
Héðinn Valdimarsson framkvæmdarstj., Rvík,

sem *jafnframt er skipaður* formaður nefndarinnar og kallar hana saman til funda“,

Fyrri kaflinn er um hlutverk n., en síðari kaflinn, sem mér skilst, að mest hafi farið í taugarnar á hv. þm., er um það, á hverju stj. óskar, að n. byggi till. sínar. Annað kemur hér ekki til greina. Allt skraf um hið ægilega vald n. er tómur hugarburður manna, sem af einhverjum ástæðum halda, að rannsóknir n. geti komið sér illa fyrir þá sjálfa eða einhverja, sem þeir bera fyrir brjósti. Er þó varla ástæða til að óttast frekar þessa n. en t. d. skattan. eða milliþingan. í sjútv.málum, sem hefir síðustu 3 árin fengið upplýsingar um efnahag og atvinnurekstur svo að segja allra útgerðarmanna á landinu.

Hv. þm. Vestm. var samþ. því, að full ástæða væri til að skipa n. til að leysa af hendi þau verkefni, sem þessari n. eru fengin. Mér hefir líka skilizt á samflokksmanni hans, að hann teldi nokkra ástæðu til þessa. En þeir eru báðir sammála um, að n. skipunin hafi tekizt svo illa, að núv. stj. hafi eyðilagt það, að n. geti orðið til gagns. Ýmsir samflokksmenn þeirra fóru mun lengra hér áður fyrr og töldu slíka n.skipun sem þessa tómt „humbug". Þarf ekki að leita langt aftur í blöðum Sjálfstæðisflokksins til að finna þetta.

Hv. þm. Vestm. taldi skipun milliþn. í sjútv.-málum eins og vera bæri, en þar voru 2 sjálfstæðismenn, 1 Framsóknarmaður, en enginn Alþýðuflokksmaður. Þetta var réttlætt með því, að í nefnd, sem skipuð var til að rannsaka hag verkamanna og sjómanna, fékk Alþýðuflokkurinn eitt sæti af þremur. Ég fæ nú ekki séð, hvernig skipun einnar n. getur réttlætt skipun annarar. Ef atvmrh. skipaði nú aðra n. með öðrum verkefnum og Sjálfstæðismenn fengju þar einn eða tvo menn af fimm, væri þá ráðin bót á göllum þessarar n.skipunar? Úr því að tveim mönnum í skipulagsn. er fundið það svo mjög til foráttu, að þeir séu svo ákafir pólitiskir baráttumenn, þá vil ég leyfa mér að skjóta því til hv. þm., hvort hann telur sjálfan sig, hv. þm. N.-Ísf. og hv. 6. landsk. svo lina baráttumenn fyrir sínn flokk, að þeir væru af þeim ástæðum vel til fallnir að sitja í þessari n. Ef þeir koma í aðra röð sem pólitiskir baráttumenn, þá er það áreiðanlega ekki af viljaskorti. Þeir hafa vafalaust fullan vilja á að berjast heiðarlegri baráttu fyrir sinn flokk.

Að því er snertir störf vinnumiðlunarskrifstofu Rvíkur og skipulagsn., þá er það ekki sambærilegt. Skipulagsn. framkvæmir alhliða rannsókn og undirbýr till. til þings og stj. Skrifstofan úthlutar vinnu þeim, sem eftir leita. Annað er framkvæmd, hitt er rannsókn (JJós: Og löggjöf). Það er misskilningur. Hér er ekki um neina löggjöf að ræða, þó að n. geti lagt fram frv. Það getur hv. þm. líka gert, enda þótt hann hafi ekkert löggjafarvald í sinni hendi.

Eitt atriði í ræðu hv. þm. þótti mér torskilið. Hann sagði, að ef stj. hefði borið þetta mál undir menn án tillits til flokka, þá myndi hún hafa fengið góðar undirtektir. Hefði því verið eðlilegt af stj. að leita til sjálfstæðismanna með málið. Nú er það svo, að þau mál, sem n. tekur til meðferðar, eru flest þannig vaxin, að hætt er við, að menn greini þar á eftir sömu línum og þeim, sem flokkum skipta. Þetta, í sambandi við þá afstöðu, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefir tekið til allra opinberra afskipta af atvinnurekstri manna, olli því, að ég taldi ekki leitandi til sjálfstæðismanna. (JJós: Stefnir þá hæstv. ráðh. að ríkisrekstri?).

Hv. þm. sagði, að hér þættist hver busi góður, sem gæti sparkað í einstaklingsframtakið. Sjálfur hefir þessi hv. þm. gengið bezt fram í því að sparka í síldareinkasöluna, bæði í tíma og ótíma. Hann hefir varla haldið svo 10 mín. ræðu hér á þ., að hann notaði ekki tækifærið til að úthúða henni. Mun því enginn vera æfðari að sparka en hv. þm. En mér er það ekkert launungarmál, að svo illa sem tókst til um síldareinkasöluna, þá er ég ekki í vafa um það, að við munum neyðast til að fara inn á svipaðar brautir og 1928—31. Þykist ég viss um, að hv. þm. muni heldur ekki vera í vafa um það, þó að við gætum auðvitað deilt um einstök fyrirkomulagsatriði. Og svo ill sem niðurstaðan varð af starfi síldareinkasölunnar, þá verður hagur hennar ekki svo ákaflega slæmur, ef hún er borin saman við ýmsan einstaklingsatvinnurekstur. Töp síldareinkasölunnar eru ekki nema smámunir hjá því, sem orðið hefir í atvinnurekstri einstaklinga. Er ég reiðubúinn að gera þennan samanburð hvenær sem er, þar sem það er vitað, að bankarnir hafa á síðustu árum tapað 30—40 milljónum á atvinnurekstri einstaklinga, en tjón það, sem síldareinkasalan olli, er þó ekki meira en það, að það liggur öðru hvoru megin við eina milljón.

Í sambandi við þessar almennu hugleiðingar og fyrirspurn hv. þm. um það, hvort n. ætti að vinna á þjóðnýtingargrundvelli, get ég lýst yfir því sem minni skoðun, að n. eigi ekki ýkja mikinn kost þess að gera verulegar breyt. til bóta, án þess að ganga lengra eða skemmra inn á þær leiðir, sem samflokksmenn hv. þm. kalla venjulega þjóðnýtingu. Mér er engin launung á þessu. Hygg ég, að flestir hljóti að játa, að þetta sé óhjákvæmilegt vegna viðskipta okkar við önnur lönd. Hvað sem hv. þm. vill nú kalla það, þá er víst, að í millirikjaviðskiptum stefnir allt meira og meira í þessa átt. Þessi viðskipti eru nú orðið víðast háð svo margskonar böndum og fyrirmælum, að tæpast er hægt að nefna þau einstaklingsviðskipti. Eitt ríki segir við annað: Ég skal kaupa af þér svo og svo mikið af vörum, ef þú kaupir af mér svo og svo mikið. Síðan eru settar á gjaldeyrishömlur og innflutningshöft, sem neyða kaupendur til að taka vörur sínar í einu landi, en ekki í öðru, og verða menn að sætta sig við þetta, jafnvel þótt verðlag og annað kunni að ýmsu leyti að vera óhagkvæmara þar en annarsstaðar. Hygg ég, að fæstir sjálfstæðismenn geti neitað því, að allt hnígur nú meira og meira í þá átt, að ríkið verði að taka í taumana til að tryggja hag almennings, þó að það verði með því að takmarka nokkuð athafnafrelsi einstaklinga.

Ég lít svo á, að eitt af fyrstu verkefnum skipulagsn. verði það að flokka allan innflutning til landsins. Verður hún að athuga hvað af því, sem við flytjum inn, má telja nauðsynja-

vöru. Þá verður hún að athuga, hvað af slíkum vörum við getum framleitt sjálfir hér heima og eins það, hvort við getum ekki framleitt einhverjar aðrar vörur, sem komið gætu í staðinn fyrir þær. Ennfremur þarf n. að athuga það, hvernig hægt sé að auka atvinnu í landinu með því að vinna betur úr ýmsu því, sem við framleiðum sjálfir. Ef n. sýnist eitthvað vera hægt að gera í þessu efni, liggur fyrir henni að athuga, hvernig komið verði upp tilsvarandi atvinnurekstri. Mun það í flestum tilfellum ekki hægt nema með stuðningi hins opinbera. Á þessum sviðum eru ýmsir möguleikar óranns akaðir.

Hv. þm. lauk máli sínu með því að lýsa yfir því áliti sínu, að eftir n.skipuninni að dæma myndi það frekar vaka fyrir stj. að tryggja hagsmuni þeirra flokka, er að henni standa, en að gera almenningi gagn. Þessi röksemdaleiðsla er auðvitað fjarri lagi. Því að eins verður þessum flokkum gagn að n.skipuninni, að almenningur telji sér gagn að störfum n.

Ég vænti þess, að n. hafi atorku til þess að bæta úr vandræðum þeim, sem nú eru í atvinnumálum þjóðarinnar. Því aðeins mun stjórnarflokkunum vegsauki að þessari n., að till. hennar nái hylli þorra þjóðarinnar. En því er nú svo varið, að oftast nær munu hagsmunir almennings og hagsmunir þessara flokka fara saman. Og hagsmunir þessara flokka eru algerlega undir því komnir, að þeir flytji góð mál, sem almenningur fellst á.

**Thor Thors:** Það er í rauninni ekki margt, sem ég þarf að svara ræðum hæstv. atvmrh. bæði í gær og í dag. Hann flutti ræður sínar yfirleitt prúðmannlega. En þó virtist bregða út af því í upphafi ræðu hans í gær. Hæstv. ráðh. virtist vera í dálitið æstu skapi. Hann leyfði sér að viðhafa þau orð um framkomu mína, sem gætu valdið misskilningi. Hann sagði, að ég hefði ekki verið í sem beztu ástandi er ég flutti ræðu mína.

Um daginn kom það fyrir hér í þessari hv. d., að einn af fylgismönnum stj. hristi af sér handjárnin og sagði álit sitt skýrt og afdráttarlaust á einu af frv. stjórnarinnar. Hann fékk hið sama svar hjá hæstv. atvmrh., en þó í æstara tón. Hann sagði, að þessi þm. væri ekki í sem beztu ástandi. Ef annar en hæstv. ráðh. segði slíkt, þá myndi falla grunur um það, að hann væri vísvitandi að læða inn í þingtíðindin dylgjum um ástand manna. En af því að hæstv. ráðh. er yfirleitt kunnur að prúðmennsku, þá held ég, að tilgangurinn sé ekki þessi. En ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Ég held, að þetta orðatiltæki megi heimfæra upp á ráðh. sjálfan. Og verður það þá að skýrast af taugaóstyrk, sem einkennt hefir ráðh. upp á síðkastið.

Hæstv. atvmrh. sagði, að það væri einkennilegt, að Sjálfstæðisflokkurinn vildi nú bjóða þátttöku sína í störfum nefndarinnar. Ég hefi auðvitað enga heimild til þess að bjóða þátttöku Sjálfstæðisflokksins í störfum nefndarinnar. Ég vék aðeins að því í gagnrýni minni á skipun nefndarinnar, að það hefði verið rétt að bjóða öllum stjórnmálaflokkum þátttöku í n. Það er líka eitt atriði, sem þarf að taka tillit til í þessu efni, og það er, að Sjálfstæðisflokkurinn á í sínum hópi þá menn, sem mest hafa látið til sín taka á sviði atvinnumála. Það er ekki rétt, að Sjálfstæðisflokkurinn vilji sýna slíkri nefndarskipun neina óvináttu eða fjandskap. Bæði í blöðum og á landsfundi sjálfstæðismanna hefir því verið haldið fram, að nauðsyn væri á að skapa meiri fjölbreytni í atvinnumálum þjóðarinnar. En það hefir enn ekki verið auðið að ráða til lykta, hvernig þeim tilgangi yrði bezt náð. En gagnrýni Sjálfstæðisflokksins á þessari nefndarskipun hefir eingöngu snúizt um það, hvernig n. væri skipuð. Í skipun n. virtist ekki tekið tillit til neins nema pólitískra skoðana, svo að hér væri um flokksmál stjórnarflokkanna að ræða, en ekki alþjóðarmál. En það er ekkert undarlegt, að sjálfstæðismenn vilji athuga þetta mál.

Fyrir atbeina sjálfstæðismanna er komið fram frv., sem fer í þá átt, að nákvæm rannsókn og athugun sé tekin upp á sviði sjávarútvegsins. Það er frv. hv. þm. G.-K. um fiskiráð. Þar kemur glögglega fram munur á stefnu þessara flokka. Stjórnarflokkarnir vilja aðeins láta flokksmenn sína rannsaka þessi mál. En sjálfstæðismenn vilja láta menn af öllum stjórnmálaflokkum taka þátt í rannsókninni. Sjálfstæðismenn vilja láta það ráða, að sérþekking sé fyrir hendi og tryggja það, að svo sé, í sem ríkustum mæli.

Ég vil nota tækifærið til að þakka hæstv. atvmrh. fyrir það, sem fram kom í ræðu hans í gær. Hann kom þar með tilboð til Sjálfstfl. um að taka sæti í nefndinni. Ég get ekki sagt, hvernig Sjálfstæðisflokkurinn mun taka slíku tilboði. En ég get sagt fyrir mig persónulega, að ég er hlynntur því, að hann gerði það. Það er líklegt, að slíkt myndi leiða til farsælla úrræða, ef Sjálfstæðisfl. með sérþekkingu sinni og reynslu tæki þátt í rannsókn þessara mála. Ef hæstv. atvmrh. stendur við tilboð sitt, þá mun Sjálfstæðisfl. taka það til athugunar. — En viðvíkjandi því, sem hæstv. atvmrh. sagði um andúð Sjálfstæðisfl. gegn nefndarskipuninni, af því að hún væri í 4 ára áætlun Alþýðufl., þá skal þess getið, að gagnrýni Sjálfstæðisflokksins er fyrst og fremst sprottin af því, að hann álítur slíka nefndarskipun enga allsherjarbót á öllu böli þjóðfélagsins. Ég hefi viljað benda hæstv. ráðh. á það, hversu höllum fæti stjórnin stendur með þjóðinni. Bak við stjórnina standa 22637 kjósendur, en bak við andstæðinga stjórnarinnar 25600 atkv. Þetta er því í raun og veru minnihlutastjórn með þjóðinni. Ég taldi því rétt, að benda hæstv. ráðh. á það, að rétt væri að taka tillit til andstæðinganna. Hæstv. atvmrh. spurði, hvort ég hefði umboð til þess að tala fyrir hönd Bændafl. Ég hefi ekkert umboð til þess, en hæstv. ráðh. veit vel, hvernig Bændaflokkurinn varð til. Hann varð til á þann hátt, að nokkur hluti Framsóknarflokksins neitaði samvinnu við sósialista. Það þarf því ekki að efa, að Bændaflokkurinn er í harðsnúinni mótstöðu við stj.

Hæstv. atvmrh. hélt því fram, að það væru mjög færir menn í n. Ég skal ekki mótmæla því, að sumir nefndarmanna séu færir menn og dug-

legir, og að það megi vænta þess, að þeir sýni dugnað í starfi sínu í n. En aðalástæðan fyrir gagnrýni okkar sjálfstæðismanna á n. er sú, að hún er einlit, og að hér eru eingöngu harðsnúnir stjórnmálamenn að verki. Þetta eykur tortryggni í garð n. og gerir hana óvinsæla. Ég vil benda á það, að stj. hefir ekki staðið við loforð sitt, að skipa eingöngu sérfróða menn í n. Hæstv. atvmrh. vék að hverjum nefndarmanni út af fyrir sig, og vildi telja þá alla sérfræðinga á vissum sviðum. Hann byrjaði á hv. 2. þm. Reykv. og sagði, að hann væri hagfræðingur að menntun og að því leyti sérfræðingur. Ég býst við, að sú menntun geti komið að notum í sambandi við rannsókn á fjármálum þjóðarinnar. En hvað atvinnumálin snertir, þá er hann varla sérfræðingur á því sviði. Atvinna hans er olíusala. Það væri auðvitað gott, ef hann gæti komið því til leiðar, að olíuverðið lækkaði, og á þann hátt hleypt nýju fjöri í sjávarútveginn.

Næst talaði hæstv. ráðh. um hv. þm. Hafnf. og sagði, að hann væri verkfræðingur. Það er alveg rétt, og sú sérþekking getur auðvitað verið góð innan nefndarinnar. En það er þó ekki sú sérþekking, sem mest þörf er á. Hæstv. ráðh. vildi einkanlega telja hann fulltrúa iðnaðarmanna. En ekki get ég skilið það. Það væri þá heldur þriðji fulltrúi sósialista. Hann kvað vera byggingarmeistari. Það getur verið, að sú þekking geti komið að einhverjum notum í n. Hæstv. atvmrh. vildi telja þeim tveim síðastnefndu sósialistum það til framdráttar sem nefndarmönnum, að þeir væru viðriðnir atvinnufyrirtæki, sem sé Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, sem hefði orðið fyrir harðsnúnum árásum. Ef þetta ætti að gera menn kjörgenga til þessa starfs, þá munu eflaust fleiri koma til greina. — Hæstv. ráðh. var að barma sér mikið yfir því, að Bæjarútgerð Hafnarfjarðar hefði orðið fyrir harðsnúnum árásum. En alveg um sama leyti sem hæstv. ráðh. var að þessu leyti að tala máli friðarins í þessari hv. d., þá var hrópað af þeim, sem seldu blað hæstv. ráðh. á götunum hér í bænum: „Rannsókn á Kveldúlf". Alstaðar erlendis myndi það vera álitið, ef slík fyrirsögn birtist í blaði, að hér væri um glæpsamlegt athæfi að ræða hjá fyrirtækinu. En sannleikurinn var bara sá, að það hafði ekki verið fyrirskipuð nein rannsókn á fyrirtækið. Og tilefni greinarinnar var aðeins það, að blaðið taldi líklegt, að hv. þm. G.-K. mundi mæla á móti frv. um rauða rannsóknarréttinn. En þetta gerði fyrirtækinu raunar ekkert til. Ég býst við, að forstjórar þessa fyrirtækis myndu kunna illa við sig í þjóðfélaginu, ef hætt væri árásum á fyrirtækið. Þeir eru orðnir þessu svo vanir. Og svo er því nú svo varið, að menn eru hættir að taka óknyttatilraunir ritstjóra Alþýðublaðsins alvarlega.

Um framsóknarmennina í n. sagði hæstv. ráðh., að annar þeirra væri landbúnaðarkandidat. En ég efast ekki um, að hægt hefði verið að fá mann með meiri þekkingu og reynslu í þessu efni. En mér virtust koma dálitlar vöflur á ráðh., þegar hann ætlaði að fara að skýrgreina hverskonar sérfræðingur fimmti nefndarmaðurinn væri, sem sé formaður Framsóknarflokksins, hv. þm. S.-Þ. Ég get vel skilið, að það hafi komið ljót orð í huga hæstv. ráðh., þegar hann átti að fara að skýrgreina það, hverskonar sérfræðingur þessi maður væri. Hann komst þó helzt að þeirri niðurstöðu, að hann væri sérfræðingur á sviði samvinnumála. Það er að vísu rétt, að hann hefir lífsframfæri sitt af samvinnufélagsskapnum, en ég hygg, að flestir væru betur til þess kjörnir að setja samvinnusnið á nefndina en hann.

Það var boðað í tilkynningunni um þessa nefndarskipun, að hún yrði n. sérfróðra manna. Í skipulagsbréfi n. er starfssvið hennar ákveðið. Hún á m. a. að koma með till. um aukna atvinnu og framkvæmdir í landinu, um aukna afurðasölu innanlands og utan o. s. frv. Þar sem um slík verksvið er að ræða, þá mætti telja það rétt, að landbúnaðurinn fengi sinn fulltrúa í n. Og ef hér væri ekki um hreina flokksnefnd að ræða, þá væri eðlilegast að láta búnaðarfélagið útnefna manninn. Og hvað sjávarútveginn snertir, þá hefir ekki neinn nefndarmannanna sérþekkingu á því sviði. Þess væri þó full þörf. Því háttar nú einmitt svo til, að þau mál munu fyrst þurfa að koma til aðgerða hjá þessari n. Það hefði því ekki verið úr vegi að leita til fiskifélagsins eða sölusambands ísl. fiskframleiðenda, að þessi félög tilnefndu mann í n. með sérþekkingu á þessu sviði. Með tilliti til þess að auka afurðasöluna innanlands og utan, þá hefði mátt leita til sölusambands ísl fiskframleiðenda og Sambands ísl. samvinnufélaga, sem hefir mikla þekkingu á sviði landbúnaðarafurða. Þar sem hér á að taka allan atvinnurekstur fyrir, og þar sem þessi stjórn kallar sig stjórn hinna vinnandi stétta á Íslandi, þá hefði verið rétt að taka einhvern úr þeirri stétt í nefndina. En það hefir ekki verið gert. Að mikil þörf er á sérþekkingu innan nefndarinnar bendir það, að hún á að beita sér fyrir bættum búnaðarháttum og bættri verkun sjávarafurða.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni í dag, að sjálfstæðismenn væru stöðugt að tala um hið ógurlega vald, sem þessi n. fengi í hendur. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri aðeins skraf, sem ekki væri mark á takandi. En þar sem hér er um að ræða frv., sem gefa á n. vald til þess að kalla fyrir sig hvern mann á landinu sem er, hvar svo sem hann er búsettur, og ef hann ekki hlýðir boði nefndarinnar, þá á hann á hættu að sæta sektum eða verða settur á bekk með glæpamönnum, þá er það ekkert skraf út í loftið, þó sagt sé, að nefndin hafi mikið vald. Það getur m. a. s. orðið ægilegt í höndum óhlutvandra manna.

Hæstv. ráðh. var að tala um ótta í sambandi við þetta mál. Ég veit ekki vel, við hvað hann á. Við sjálfstæðismenn erum yfirleitt ekki hjartveikir eða neitt hræddir um, að n. fari að limlesta okkur.

Ég álít skylt að benda á það, að því fé, sem varið verður úr ríkissjóði til þessarar n. sé illa varið, af því að starf n. mun ekki bera tilætlaðan árangur, vegna þess að þetta er n. ákveðinna flokka, ákveðinnar stefnu. — Hæstv. ráðh. sagði, að nefndin myndi steinþegja um það, sem upplýstist í málinu. Í frv. segir, að nefndin megi

ekki segja „óviðkomandi mönnum“ frá þeim upplýsingum, sem hún fær. Það getur orðið ágreiningur um það, hverjir séu taldir óviðkomandi. Það er t. d. ekki ólíklegt, að ritstjórar stjórnarblaðanna verði ekki taldir óviðkomandi menn.

Hæstv. atvmrh. taldi ólíklegt, að Sjálfstæðisflokkurinn gæti átt sæti í nefndinni, af því að með störfum nefndarinnar væri stefnt að þjóðnýtingu. Með þessu hefir þá verið lýst yfir, að nefndin væri flokkspólitísk. Hæstv. ráðh. dró aftur úr þessu seinna í ræðu sinni. Hann sagði, að vegna viðskipta okkar við aðrar þjóðir, þá væri nauðsynlegt að takmarka athafnafrelsi einstaklinganna. Ég álít, að takmörkun á athafnafrelsi vegna millirikjaviðskipta geti ekki verið neitt deilumál. Það eru okkur öllum óviðráðanleg atvik. Ég sé ekki, að þetta geti neitt hindrað þátttöku sjálfstæðismanna í nefndinni.

Hæstv. ráðh. sagði, að ótti okkar sjálfstæðismanna við það, sem hann kallaði „rauðu svipuna“ væri ástæðulaus. Ég hefi áður í ræðu minni vikið að því. Í vitund almennings hefir þetta verið álitin flokksnefnd og talin rauð. Sósíalistar hafa sjálfir hér í þinginu kallað nefndina „Rauðku“. Það væri ástæða til að breyta litnum á Rauðku, svo að starf hennar gæti komið að betri notum.

Ég tel þetta frv. í raun og veru þýðingarlaust, því allar skýrslur um hag einstaklinga og stofnana liggja opnar fyrir, og getur n. auðvitað notfært sér þær. En ef kalla á menn fyrir rétt til þess að láta af hendi reynslu sína og þekkingu á sviði atvinnumála, þá nær frv. ekki tilgangi sínum. Menn munu yfirleitt ekki gera slíkt með þvingunarráðstöfunum. En ef litnum á nefndinni væri breytt og menn sæju, að hér væri um alvarlega tilraun að ræða til þess að ráða fram úr vandræðum atvinnumálanna, þá myndu allir vilja stuðla að því, að störf nefndarinnar bæru tilætlaðan árangur.

**Jóhann Jósefsson** (óyfirl.): Mig furðar það í rauninni, hvað hæstv. ráðh. virtist vilja draga úr öllum ákvæðum þessa frv., sem þó liggja hér prentuð fyrir. Ég get ekki talið neitt ofmælt af því, sem ég sagði um vald nefndarinnar eða viðurlög fyrir þá, sem að hennar dómi ekki gefa réttar skýrslur.

Í rauninni er ekki ástæða til að fara langt út í ræðu hæstv. ráðh. Hann talaði um, að sér hefði fundizt sem ræður okkar hv. þm. Snæf. væru mestmegnis fimbulfamb. Það er kannske ekki rétt að fara þeim orðum um ræðu hæstv. ráðh., en hann fór sjálfur á við og dreif og rabbaði góðlátlega við heildina um þau verk, sem honum virtust liggja fyrir nefndinni. Og mér virtist honum takast að telja upp hreint ekki svo lítið af því, sem heyrði undir valdsvið n. Sannaði hann því orð mín, sem auðvitað var, að í rauninni er ekkert til á sjó og landi, hvorki utanéða innanríkisverzlun, sem ekki heyrir undir valdsvið þessarar n.

Ég vil nota þetta tækifæri til að mótmæla þeirri firru, sem haldið hefir verið fram af flokksmönnum hæstv. ráðh. og jafnvel hann sjálfur lætur skína í gegnum orð sín að því er snertir afstöðu Sjálfstæðisflokksins til einstaklingsframtaksins, að Sjálfstæðisflokkurinn hefir ekki sett sig upp á móti þeim höftum eða reglugerðum, sem eru óhjákvæmileg vegna viðskiptasamninga við erlend ríki, enda þótt við teljum sjálfsagt að leggja ekki meiri hömlur á framtak einstaklingsins en nauðsyn ber til. Við sýnum það daglega hér á Alþ. með því að greiða atkv. með ýmsu því, sem leggur nokkrar hömlur eða bönd á framtak einstaklingsins, enda þótt við hinsvegar getum ekki gengið inn á þá stefnu hæstv. stj. að leggja allt í hömlur hafta og ofstækis. Heldur viljum við sjálfstæðismenn efla, eftir því sem unnt er, framtak einstaklingsins með hæfilegu aðhaldi laga, og það er einmitt þetta, sem skilur milli okkar og sósíalistaflokkanna í landinu, sem virðast nú vera orðnir tveir, eða þeir flokkar, sem styðja núv. hæstv. stj. Nú liggur fyrir játning hæstv. ráðh. á því, að markmið þess ótölulega aragrúa af störfum, sem liggja fyrir nefndinni, sé þjóðnýting, eða m. ö. o., að markið sé framkvæmd stefnu sósíalista á Íslandi. Vegna þess að þetta var markmið n., hefði hann gengið framhjá stærsta stjórnmálafl. landsins, Sjálfstæðisflokknum. Þar sem stefna þess flokks gengur í aðra átt mátti til með að ganga fram hjá honum. Það er gott að hafa skýlausa yfirlýsingu hæstv. ráðh. fyrir því, að af þessum sökum var gengið fram hjá þeim starfskröftum, sem sá flokkur á ráð á. Það er gott, að í þessu stórvægilega máli skuli liggja fyrir þessi yfirlýsing hæstv. ráðh., en það er ekki að sama skapi gleðiefni fyrir þjóðina, því það vita allir allt út til annesja og til innstu afdala, að útlit atvinnuveganna er nú slíkt, að aldrei hefir verið meiri þörf á, að sameinuðust allir góðir kraftar þjóðarinnar, sem völ er á, sameinuðust til að greiða fram úr vandamálum hennar, en á sama tíma situr að völdum svo léttúðug og ófyrirleitin ríkisstj., að hún skirrist ekki við að lýsa því yfir á Alþ., að vegna stjórnmálaskoðana hafi verið gengið framhjá stærsta stjórnmálaflokknum í landinu, gengið fram hjá meiri hluta þjóðarinnar. Með þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. liggur fyrir skýlaus játning á því, að hæstv. ríkisstj. metur meira flokkshagsmuni en þjóðarheill.

Ég verð að segja það í sambandi við ótta Sjálfstæðisflokksins, sem hæstv. ráðh. talaði um, að það er ekki ótti við það, sem fram kann að koma við okkur sem einstaklinga í daglegum viðskiptum við nefndina, né yfirheyrslur, sem við hræðumst, heldur óttinn við sundrung á kröftum þjóðarinnar, og til þess er líka full ástæða fyrir hæstv. stj. að óttast slík atvik, sem geta leitt til sundrungar. Það er því brýn þörf á vegna þjóðarheildarinnar að skera niður við trog alla flokkshagsmuni. Því annars mun þessi ótti eiga við full rök að styðjast áður lýkur. Ég verð að segja, sérstaklega hvað snertir þennan hæstv. ráðh., að orð hans voru að vísu sanngjörn í margan máta, en verkin tala hærra en orð. Skipulagsn. er þannig skipuð, að jafnvel samkv. hugsanagangi hæstv. ráðh., getur landsfólkið ekki borið traust til þess, að henni sé ætlað að vinna að heill alþjóðar. Vitur ríkisstj. hefði talið sjálfsagt í öðru eins máli og þessu

að taka tillit til þess, að það lifa fleiri flokkar en sósialistarnir — Alþýðufl. og Framsókn — í þessu landi. — Hæstv. ráðh. hefir talað og yfirlýsing hans er skýr og glögg, að vegna þess að hér á að vinna að ríkisrekstri og þjóðnýtingu hirðir hann ekki um ihlutun þeirra manna, sem ekki trúa á, að þessar ráðstafanir verði þjóðinni til framdráttar.

Samlikingin, sem ég dró á milli atferlis sósialista í vinnumiðlunarmálinu er alveg rétt. Hæstv. ríkisstj. sýnir, að þeir flokkar, sem að henni standa, eru ekki ennþá komnir á það stig, að þeir séu færir um að taka afleiðingunum af því, sem rekur sig á hagsmuni hennar flokka.

Ég verð að segja það, án allrar ánægju yfir að þurfa að segja það, að mér virðist, að það horfi svo við á þingi nú, að sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hafi ekki hafið sig yfir það að vera flokksstjórn. Það sama er hægt að segja um aðeins eina ríkisstjórn, er áður hefir setið hér að völdum. Reynslan hefir ekki kennt þessari hæstv. stj., að það er ekki nóg, að ríkisstj. þjóni hagsmunum sins flokks, góð stjórn, veruleg þjóðstjórn, á að þjóna hagsmunum allra barna þjóðarinnar.

Hv. þm. Snæf. mótmælti greinilega því, sem hæstv. ráðh. sagði um afstöðu Sjálfstæðisfl. á þingi þjóðarinnar að því er viðkemur utanríkisverzluninni. Hæstv. ráðh. vildi láta líta svo út, að það, sem í þeim málum gerðist, gerði það að verkum, að stefna sósialista ætti meiri rétt á sér en stefna Sjálfstæðisfl. En við höfum alltaf viðurkennt þá þörf í verzlunarmálum milli þjóðanna, að nauðsyn getur til borið fyrir okkur að gera það sama og aðrar þjóðir í þeim efnum.

Hæstv. ráðh. lét skina í það, að hann væri því ekki mótfallinn fyrir sitt leyti, að fleiri flokkar ættu fulltrúa í þessari n. en stjórnarflokkarnir. Ég taldi þá þessi ummæli hans sprottin af því, að hann við nánari athugun hefði séð, að mesta óréttlæti væri, að haga nefndarskipuninni þannig, að aðrir flokkar ættu ekki meiri itök en er. — Um mennina sjálfa persónulega, sem eru í þessari n., hefi ég ekkert rætt, en skipun hennar sýnir, að flokkslitur hefir verið látinn ráða og að henni er ætlað að vinna störf fyrir einn stjórnmálaflokk, en ekki þjóðarheildina.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Ég ætla mér ekki að lengja mikið umræður um þetta mál. Ég vona, að þeim fari nú að verða lokið og frv. geti gengið sína leið.

Ég skal þá víkja að hv. þm. Snæf. Hann hafði eftir mér þau orð, sem mátti misskilja, um sálarástand hans. En ég skal þá taka það fram, að ummæli min bar aðeins að skilja á þann veg, að þetta og e. t. v. fleiri mál, sem stj. hefir borið fram, hefðu raskað hans sálarró, annað og meira var það ekki, sem ég átti við með þessum orðum, og ég bið afsökunar á, ef ástæða hefir verið til að skilja þau á annan veg. — Það er fátt, sem ég þarf að svara öðru í ræðu þessa hv. þm. Ég get aðeins vísað til þess, sem ég hefi áður sagt, en sé ekki ástæðu til að endurtaka það.

Hv. þm. Vestm. tók það fram, að hann hefði ekkert út á mennina að setja, sem n. skipuðu, heldur hvernig þeir eru valdir frá pólitísku sjónarmiði. Hann kallaði n. Rauðku, og mátti skilja, að honum fannst frekar, að hún ætti að vera skjöldótt, þ. e. hæfilega blönduð sjálfstæðisblóði. Vildi ég í því sambandi beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Vestm., hvort hann álítur, að nefndin yrði ópólitiskari eða ýmsir menn í nefndinni yrðu starfhæfari, þó að hætt yrði við í hana t. d. þeim hv. þm. Vestm og hv. þm. Snæf. (**TT:** Það er alltaf gott að vera í góðum félagsskap). Já, það er alveg rétt, en það er ekki rétt, sem hv. þm. Vestm. sagði, að ég hefði gert Sjálfstæðisfl. tilboð um að taka þátt í störfum nefndarinnar, en ég sagði aðeins, ef Sjálfstæðisfl. bæri fram ósk um það, mundi nefnd sú, sem um málið fjallar, að sjálfsögðu taka það til athugunar.

Sérþekkingu þeirra manna, sem skipa n., virtist hv. þm. draga í efa, enda má lengi um það deila, hver hefir verulega sérþekkingu til að bera í þessu efni, sérstaklega á jafn víðtæku starfssviði og nefndin hefir. En mér er ekki kunnugt um, hverjir eru sérfróðari í þessu efni heldur en einmitt þeir menn, sem valdir hafa verið. Ég veit t. d. ekki um neinn, sem hefir betri þekkingu á verzlunarmálum og fjármálum en form. n., sem er lærður hagfræðingur, hefir setið í bankaráði Landsbankans og er forstjóri fyrir einu stærsta verzlunarfyrirtæki hér á landi. Annar nefndarmanna er búnaðarkandidat og hefir verið skólastjóri við búnaðarskóla og hefir því sérþekkingu á þeim málum. Þriðji maðurinn í nefndinni er verkfræðingur og hefir því sérþekkingu á iðnaðarmálum, enda líka starfandi í Landssambandi iðnaðarmanna og hefir haft forgöngu þar um ýms mál, og þar sem það heyrir undir verksvið nefndarinnar að koma með tillögur um stofnun nýrra fyrirtækja og atvinnugreina, er beinlínis heyra undir hans fag, ætla ég sérþekkingu hans alls ekki gagnslausa eða ómerka. Fjórði maðurinn er forstjóri í stóru útgerðarfyrirtæki og hefir því reynslu í þeim efnum, en það er ekki rétt, hvað sem hv. þm. Snæf. segir, að hann sé valinn vegna þess, að fyrirtækið hafi orðið fyrir opinberum árásum. Það hefir svarað opinberlega þeim árásum, og ég sé enga ástæðu til að fara út í það hér. — Um fimmta manninn er það að segja, að hann hefir verið helzti forystumaður samvinnumanna í landinu og skipulagt þeirra starf. (**JJós:** Og leitt bændurna yfir til sósialismans). Það er nú bara sá gallinn á, að hann er ekki kominn með þá enn.

Ég verð að biðja afsökunar á þessum manniöfnuði, en ég vil segja það, að þeir menn eru valdir, sem hafa sérþekkingu, burtséð frá pólitiskum skoðunum, en ekki er hægt í fimm manna nefnd að hafa menn með sérþekkingu í öllum greinum atvinnumálanna, heldur var tekið mest tillit til helztu atvinnugreina landsins, eins og skipun nefndarinnar sýnir. — Í sambandi við þagnarskyldu nefndarinnar spurði hv. þm., hvort hún gilti einnig gagnvart ritstjórum, vitanlega er það tilætlunin. En ég tel sjálfsagt, að heildarniðurstöður af rannsókn og athug-

unum, sem n. hefir með höndum, verði birtar og gerðar almenningi kunnar.

Hv. þm. Vestm. taldi, að ég hefði gefið yfirlýsingu um, að ég hefði vegna þess að hér ætti að vinna að ríkisrekstri eða þjóðnýtingu, gengið fram hjá starfskröftum sjálfstæðisflokksins. Ég held, að hv. þm. hafi heyrt skakkt, *mín* ummæli hnigu aðeins í þá átt, að ég teldi óhjákvæmilegt, að störf nefndarinnar hnigju í þá átt, eða sveigðu inn á þær brautir, sem sjálfstæðismenn telja til þjóðnýtingar. Ég hefi getið þess, hvað ég sjálfur álít um þetta mál. N. eru engar reglur settar um það, hvernig till. hún kemur með. Ég lít svo á, að henni sé aðeins falið að gera till. til umbóta. Ég sagði ekki heldur, að n. mætti ekki vera skipuð Sjálfstæðismönnum, það var hv. þm. sjálfur, sem sagði það. Mig furðaði annars á, með hve miklum krafti hv. þm. flutti ræðu sína á köflum. Ég hefi gert grein fyrir, hvers vegna n. var ekki skipuð sjálfstæðismönnum. Það er vegna þeirrar afstöðu, sem þeir hafa tekið til þeirra mála, sem n. átti að taka upp. (**ÓTh:** Af flokksástæðum). Það er engin ástæða til að segja það, en það vantar ekki fullyrðingar í þessa átt, og ég hefi boðið fram athugun á því, hvort óskað yrði eftir fleiri mönnum í n.

Hv. þm. Vestm. óttast, að þessi nefndarskipun sundri samstarfi á Alþingi og harmar það mjög. Þetta hljómaði ákaflega fallega í kirkjuræðu. Ég hefi nú setið á þingi nokkurn veginn jafnlengi og þessi hv. þm., og ég verð að segja, að samstarf okkar á þingi hefir ekki yfirleitt verið sérstaklega innilegt. Það væri vel, ef það gæti orðið innilegra en áður. En ég býst nú því miður við, að það *eigi enn langt í land*. (**JJós:** Ráðherrann hefir misheyrt). Nei, hv. þm. sagði, að það sundraði samstarfi þm. um nauðsynleg mál.

Það er ekki óeðlilegt, að menn greini á um þetta. Það er reginmunur á skoðunum Alþýðuflokksins t. d. og Sjálfstæðisflokksins um það, á hvern hátt bezt séu leyst vandamál þjóðfélagsins. Það er ekki eðlilegt, að geti verið mikið um samvinnu, þegar annar vill þessa leið, en hinn hina. Í ýmsum smærri málum getur lánazt, að slíkir aðiljar taki tillit hvor til annars. En grundvöllurinn undir flokkaskiptingunni er vitaskuld sá, að í höfuðviðfangsefnum þjóðarinnar er meginmunur á skoðunum; þess vegna deila flokkarnir og reyna að vinna nógu mikið fylgi til að taka völdin.

Hv. þm. orðaði nú muninn á þessa leið, þó að það kæmi ekki skýrt fram. Hann kvað það rangt, að sjálfstæðismenn væru á móti skipulagi. „Við viljum gott skipulag", sagði hann. „En munurinn á okkur og jafnaðarmönnum er sá, að við viljum hlynna að framtaki einstaklingsins, en rauðu flokkarnir vilja hefta það". Ég fer ekki út í það, hvort þetta er rétt eða rangt skilgreint. En frá hans sjónarmiði ber mikið á milli, ef annar hefir á stefnuskrá sinni að auka og efla einstaklingsframtakið, en hinn að fella einstaklinginn. Hvernig eiga þessir flokkar þá að vinna saman? En *ef* sjálfstæðismenn *eru* með því að koma á skipulagi, þá eru þeir með því að hefta framtak einstaklingsins á margan hátt að vissu marki. Skilgreining hv. þm. var því ekki rétt í þessu atriði. Ekki heldur hitt, að við jafnaðarmenn værum yfirleitt með því að hefta frelsi einstaklingsins í hvívetna. Við viljum vikka möguleika hjá öllum þeim einstaklingum, sem hjá atvinnufyrirtækjum vinna, til þess að geta notið síns framtaks. En það verður ekki gert án þess að skerða einstaklingsframtak þeirra manna, sem ráða einir yfir stórum fyrirtækjum og þar með atvinnumöguleikum þúsunda manna. Það er því miður þannig, að því rýmra sem er um athafnafrelsi t. d. stóratvinnurekenda, sem allur þorri verkalýðs verður að leita til um atvinnu sér og sínum til framfæris, því meiri hömlur eru lagðar á möguleika þeirra mörgu, sem við fyrirtækið vinna. (**ÓTh:** Mikil spurning, hvort þetta er ekki alveg öfugt). Ég er ekki í vafa um það, að þessi hv. þm. er mér mjög ósammála. En það liggur í augum uppi, að þeir menn, sem vinna að togaraútgerð, ráða engu, heldur eru forstjórar þar einráðir. Og því einráðari sem þeir eru, því þrengra er fyrir alla hina mörgu, sem eiga allt sitt undir útgerðinni, að fá nokkurt svigrúm fyrir sitt einstaklingsframtak. Þetta má rekja um hvert einasta fyrirtæki í landinu.

Ég vildi svo að lokum óska þess, að ef sjálfstæðismönnum leikur hugur á að taka þátt í starfi nefndarinnar, þá létu þeir þá ósk koma fram til athugunar.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég ætla ekki að blanda mér inn í þessar hávaðasömu umræður. En það er aðeins eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. Vestm., sem ég vildi ekki *láta ómótmælt, en leiðrétta* af ríkisstjórnarinnar hálfu. Hann lét það falla, að n. væri bersýnilega skipuð til þess (og að því væri yfirlýst) að vinna að þjóðnýtingu, til að framkvæma stefnu sósialista. Þessu atriði vil ég ekki láta ómótmælt, af því að það er algerlega rangt. N. er, eins og skipunarbréfið ber með sér, einungis skipuð til þess að rannsaka atvinnureksturinn og benda á úrlausnir á erfiðleikum, án þess að með skipun n. sé á nokkurn hátt tekin afstaða til þess, hvernig ráð hún gefi. Það leiðir líka af sjálfu sér, samkv. þeirri stefnu, sem Framsóknarflokkurinn hefir beitt, að hann getur ekki gengið inn á ríkisrekstur nema á takmörkuðu sviði. Eins og greinilega hefir komið fram í málum í þinginu, sem flokkurinn hefir fylgt til sigurs, þá hefir hann verið með ríkisrekstri á arðvænlegri verzlun og ýmsu þess háttar, en ekki yfirleitt samþ. að ganga til ríkisrekstrar á öðrum sviðum atvinnulífsins, svo sem framleiðslu.

Það má og benda á það, að þau frv., sem koma frá þessari n., eru ekki í þá átt, t. d. um skipulagning fólksflutninga á landi. Þar er greinilega ekki gengið inn á ríkisrekstur, heldur annað skipulag.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri, en vildi láta það sjást í þingtíðindunum, að þessi ranga yfirlýsing, sem hér hefir komið fram, hún er leiðrétt.

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Nd., 17. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Jóhann Jósefsson** óyfirl.: Hæstv. forsrh. talaði seinast í þessu máli og virtist hafa tekið hart viðbragð út af því, sem fram kom í ummælum embættisbróður hans, atvinnumálaráðh., og laut að markmiði skipulagsn., á hvern hátt hún myndi starfa og til hvers niðurstöður hennar myndu leiða. Hæstv. forsrh. flýtti sér að þvo hendur sínar og síns flokks af öllu því, er leitt gæti til þjóðnýtingar í sambandi við störf þessarar n. Hann fullyrti að þeir, framsóknarmennirnir, væru alls ekki á þeirri leiðinni að vinna að þjóðnýtingu og yfirleitt alls ekki með því að lögfesta einkasölur á vörum, nema þeim, sem dálítið væri á að græða. Hitt mega svo aðrir eiga við. Hæstv. ráðh. sagði og beindi því til mín, að þessar umr. hefðu verið nokkuð hávaðasamar. Kann að vera, að ég hafi nokkuð kveðið við raust, enda ástæða til eftir málavöxtum. En þó bar nú svo til, að ég hefi ekki mælt nógu skýrt eða hátt til þess að ritstj. að dagblaði hæstv. forsrh., sem á hér sæti í d., gæti numið mál mitt rétt eða hefði hæfileika til að fara rétt með það í blaði hæstv. ráðh. Það er þess vegna að því er virðist ekki vanþörf á því að tala allskýrt hér og hátt, ef þessi ritstj. á ekki að hverfa öllu við, sem hann heyrir. Hæstv. ráðh. endaði mál sitt á því, að hann væri staðinn upp til þess að mótmæla hinni röngu yfirlýsingu, er hann kallaði svo, og þm. Vestm. hefði komið með. Ég kom ekki með neina sjálfstæða yfirlýsingu í þessu máli, en henti aðeins á lofti það sem atvmrh. sagði um þau tvö atriði, hvers vegna hann hefði skipað n. jafneinlita pólitískt skoðað, eins og raun ber vitni um og hver að hans áliti myndi verða niðurstaða þessarar n. Hæstv. atvmrh. er svo skýr maður og svo gætinn, að hann hefir áreiðanlega ekki sagt annað en það, sem hann meinti, og ekkert sagt í ógáti. Hann var svo hreinskilinn að láta uppi ástæðuna fyrir því, hvernig n. er skipuð, opinskátt og afdráttarlaust, og er það út af fyrir sig allrar virðingar vert, hvað sem annars má segja um nefndarskipunina frá pólitísku sjónarmiði skoðað. Vottar að því, sem hæstv. atvmrh. sagði, voru nægilega margir hér og þ. á m. forsrh. sjálfur, og því algerður óþarfi af honum að láta lita svo út, sem ég hefði verið að koma með ranga yfirlýsingu í þessu máli. Ég vil taka það fram, að ádeilur mínar í þessu efni hafa einungis takmarkazt við það, hvernig n. er skipuð. Þær hafa að vísu verið harðar, en vegna þess, hve pólitískt er á þessu máli tekið, þá vil ég nota þetta tækifæri, — af því að því er haldið fram í dagblaði forsrh., að ég hafi vefengt, að þau verkefni, sem n. eru ætluð, þyrfti rannsóknar við —, til að leggja áherzlu á það, að þessu hefi ég aldrei haldið fram. Vitanlega þurfa þessi mál rannsóknar, en alls ekki með því markmiði, sem atvmrh. lýsti. — En hvað annars viðvíkur þessu viðbragði, sem forsrh. tók í þessu máli og það hversu hann flýtti sér að reyna að þvo Framsóknarflokkinn, ég held næstum því hreinan af öllu makki við sósialista, þá er það í mestan máta broslegt. Það þarf ekki annað en benda á reynslu undanfarandi ára, t. d. frá 1927—1931, þegar sá flokkur, sem forsrh. tilheyrir, stjórnaði hér með stuðningi sósialista, var reynslan sú, að framsóknarmenn á Alþ. urðu að beygja sig svo að segja í einu og öllu að vilja sósialistanna hér á þingi, og því þarf engan að undra, þótt nú, þegar sósialistar eiga einn sinn hæfasta mann í ríkisstj. og hafa auk þess miklu styrkari aðstöðu á þingi en á því árabili, sem ég nefndi, verði Framsóknarfl. að dansa eftir sömu pípu og það m. a. s. hálfu liprar nú en áður, og var þó svo þá, að mörgum bóndanum var nóg boðið.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja frekar umr. um þetta mál. Ég sé, að hæstv. forseti er viðbúinn að stytta þær, enda mun nú vera úttalað um málið. En ég þurfti að benda á, að það var ekki yfirlýsing mín, sem hæstv. forsrh. þurfti að mótmæla. Yfirlýsingin var komin annarsstaðar frá.

**Jakob Möller:** Ég skil það svo, að það sé samkomulag á milli mín og hæstv. forseta, að ég falli frá orðinu. Og ég get það líka frekar fyrir það, að ég hefi nú ekki tekið þessa nefndarskipun eins alvarlega eins og sumir aðrir hv. þm. Svo verður tækifæri til umr. um málið við 2. og 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 33, n. 287 og 336).

**Frsm. minni hl. (Thor Thors):** Herra forseti! Sjálfstæðisflokkurinn hefir óskað þess, að þjóðinni væri gefinn kostur á að fylgjast með og hlýða á, hvað fram fer nú á tímum á hinu háa Alþingi. Þetta er þeim mun nauðsynlegra nú en áður, þar sem það er bersýnilegt, að stórkostleg stefnubreyting er að fara fram um alla stjórnarhætti og um aðstöðu ríkisvaldsins til atvinnulífsins í landinu. Þykir því rétt, að þjóðin sé aðvöruð um það, hvert stefnir nú í þessum málum, svo að hún sjái, á hvern veg fulltrúar hennar hyggjast að framkvæma vilja hennar. Frv. það, sem hér er til umr., nefnist frv. til l. um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til að krefjast skýrslna o. fl. Í 1. gr. þessa frv. er hinni svokölluðu „skipulagsnefnd“ gefin heimild til þess „að heimta skýrslur munnlegar eða bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, stjórnendum félaga og stofnana, um þau atriði, sem hún telur þörf á í starfi sínu“. Til þess að gera sér grein fyrir réttmæti eða nauðsyn þessa ákvæðis, verður að at-

huga, hverskonar nefnd þessi svokallaða „skipulagsnefnd“ er, hvert er tilefni hennar og upphaf og hver er tilgangur hennar.

Í kosningaávarpi Alþýðuflokksins fyrir síðustu kosningar, hinni svokölluðu 4 ára áætlun, sem að loknum kosningum varð stefnuskrá og starfsskrá núv. hæstv. ríkisstj., segir svo:

„Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi)“.

Samkv. þessu skipaði svo hæstv. atvmrh. n. þessa og í skipunarbréfi hennar, dags. 29. ágúst síðastl., er henni fengið þetta verkefni:

„Að hafa með höndum rannsókn á fjármálum ríkis og þjóðar og á hverskonar atvinnurekstri í landinu, framkvæmdum og framleiðslu, svo og á sölu og dreifingu afurða innanlands og utan og verzlun með aðfluttar vörur. Rannsókn þessi skal jafnt ná til framkvæmda og atvinnureksturs ríkis og bæja sem einstakra manna og félagsfyrirtækja“.

Þá er n. falið að koma með till. og áætlanir um aukin atvinnurekstur, framkvæmdir og framleiðslu í landinu. Í till. beri að leggja áherzlu á, að efldur verði sá atvinnurekstur, sem fyrir er og rekinn er á heilbrigðum grundvelli. Loks er nefndinni fyrirskipað að hafa það markmið fyrir augum í öllum tillögum sínum, „að útrýma atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar, svo að nýtt fjör megi færast í alla atvinnuvegi þjóðarinnar og kaupgeta hinna vinnandi stétta aukist“. Þannig er þetta orðrétt tilgreint í skipunarbréfinu.

Margt af þessum fyrirmælum og boðorðum n. er aðeins almennt orðagjálfur. Eins og t. d. þetta síðasttalda „að útrýma atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar“. Annað er að mestu leyti þess efnis, að allir stjórnmálaflokkar gætu tekið undir það. Hver gæti t. d. haft á móti því, að sérfræðingar framkvæmi vísindalegar rannsóknir á opinberum framkvæmdum og geri till. um fasta stjórn og skipulag á þjóðarbúskapnum? Eða að rannsökuð séu fjármál þjóðarinnar og atvinnurekstur, í þeim tilgangi að efla þann heilbrigða atvinnurekstur, sem fyrir er, og færa nýtt fjör í atvinnulífið, svo að hagur þeirra, sem atvinnuna stunda, megi batna? Vissulega geta allir verið sammála um þetta.

En hefði nú þetta, að ráða bót á hinum geigvænlegu erfiðleikum atvinnulífsins í landinu bæði til lands og sjávar og finna nýjar leiðir út úr ógöngunum, verið hin raunverulegi og sanni tilgangur hæstv. ríkisstj., hefði hún að sjálfsögu valið menn í nefndina eingöngu út frá sjónarmiði sérþekkingar og hæfileika til að leysa þetta mikla og viðtæka starf hennar. En þetta hefir ekki verið gert. Í n. hefir einvörðungu verið valið frá pólitísku sjónarmiði og þeir menn skipaðir í hana, meðal annara, sem allra harðvítuglegast, hatramast og ofsafengnast hafa barizt í stjórnmálabaráttu undanfarinna ára, og á ég þá við hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. S.-Þ. Verður þó a. m. k. um þann síðartalda eigi sagt, að hann hafi neina sérfræði til brunns að bera í fjármálum og atvinnumálum þjóðarinnar. Hans viðfangsefni hafa legið á öðrum þrengri sviðum. Og n. er í rauninni algerlega einlit pólitískt, eingöngu skipuð stuðningsmönnum stjórnarinnar, þar er í henni eru 3 Alþýðuflokksmenn og 2 framsóknarmenn, og um framsóknarmennina er það vitað, að þeir standa lengst til vinstri í flokki sínum. Enginn andstæðingur hæstv. ríkisstj. hefir þótt hafa þá þekkingu á atvinnumálunum, að hann væri hæfur til þessara starfa, og gegnir slíkt furðu, þar sem það er vitað, að einmitt í þeirra hópi eru flestir þeir menn, er mest hafa látið til sín taka í atvinnulífi þjóðarinnar bæði til lands og sjávar, mestu hafa áhætt, mest hafa reynt og mestu afrekað.

Það var þeim mun ástæðulausara að ganga framhjá andstæðingum ríkistj. við þessa nefndarskipun sem það var alþjóð kunnugt, að það var hreint stefnumál Sjálfstæðisflokksins að taka atvinnulíf þjóðarinnar til gagngerðrar rannsóknar og koma á margvíslegum endurbótum á sviði allra atvinnuvega landsmanna. Voru samþ. í þessum málefnum víðtækar till. á síðasta landsfundi sjálfstæðismanna og þær gerðar þjóðinni kunnar. Ennfremur hafði Sjálfstæðisflokkurinn átt verulegan þátt í þeirri rannsókn, sem þegar hefir verið framkvæmd á hag bænda og lagt mikinn skerf til þeirrar lausnar þess vandamáls, sem þegar er að nokkru leyti framkvæmd með starfi Kreppulánasjóðs. Jafnframt hafði Sjálfstæðisfl. haft forystuna í skipun milliþn. í sjávarútvegsmálum, sem ætlað var að framkvæma samskonar rannsókn á hag útvegsmanna. Sú rannsókn liggur nú fyrir, með þeirri niðurstöðu, að einnig á sviði útvegsins er brýn og aðkallandi þörf á bjargráðum þessum atvinnuvegi til handa, og af þessum ástæðum hefir nú Sjálfstæðisfl. á þessu þingi borið fram tvö stórvægileg frv. til bjargar og viðreisnar sjávarútveginum, sem hefir verið sterkasta stoð þjóðarbúskaparins á undanförnum áratugum og gjafmildasta auðlind þjóðarinnar. Sjálfstæðisfl. tók og vinsamlega tillögunni um skipun n. þeirrar, sem nú starfar að rannsóknum á afkomu verkamanna í kaupstöðum landsins. Skilningur sjálfstæðismanna á alvöru tímanna og erfiðleikum atvinnulífsins hefir ennfremur komið fram nú á þessu þingi með frv. því um fiskiráð, sem borið er fram af formanni flokksins og allur Sjálfstæðisfl. á þingi stendur að. Er þar ætlazt til, að sjávarútveginum sé fengin forysta hinna hæfustu og reyndustu manna. Þetta frv., sem að áliti þeirra manna, sem kunnugastir eru á sviði útvegsins, er bjargráð honum til handa, hefir fengið svo stráksleg og illkvittnisleg undirtektir nokkurra hinna ómerkari þm. sósíalista, að slíkt mun nærri einsdæmi í þingsögunni.

Það, sem ég nú hefi sagt, er fullkomin sönnun þess, hvern áhuga og hverja ábyrgðartilfinningu Sjálfstæðisfl. hefir sýnt í atvinnumál-

um þjóðarinnar, enda lætur það að líkindum, þar sem verndun og efling atvinnulífsins í landinu er hið fyrsta boðorð Sjálfstæðisfl. Enginn maður getur því látið sér sæma að telja fram þá ástæðu fyrir því, að algerlega var gengið fram hjá Sjálfstæðisfl. við skipun þessarar n., að Sjálfstæðisfl. hafi eigi haft nægilegan áhuga eða skilning á þessum vandamálum.

Það verður að segja, að hið einlita og ofstækisfulla val nefndarmanna er vissulega óviturlegt. Það vekur þegar í stað tortryggni og andúð þess meiri hl. þjóðarinnar, sem er í andstöðu við hæstv. ríkisstj. Ef stefnt hefði verið að alþjóðarheill, er þetta val fullkomlega óverjandi. Því að á slíkum erfiðleikatímum og nú blasa við þjóð vorri á öllum sviðum, þar sem ný vandræði steðja svo að segja daglega að atvinnulífi þjóðarinnar og framleiðslu, er það bein og bláköld skylda hverrar stjórnar, er einhverja viðleitni vill sýna til að vera ríkisstjórn og slíta sig úr viðjum klíkuskapar og flokksofstækis, að kalla til samstarfs alla þá þekkingar- ríkustu og sérfróðustu krafta, sem völ er á í okkar fáliðaða og aðþrengda þjóðfélagi. En þetta var ekki gert, enda þótt það kostaði riftun á kosningaloforði Alþýðuflokksins um vísindalega rannsókn hinna sérfróðu. Flokksmarkið var sett á nefndina. Þetta var enn óviturlegra fyrir þær sakir, að hæstv. núv. ríkisstj. er minnihlutastjórn með þjóðinni. Við síðustu alþingiskosningar fengu þeir þingflokkar, sem eru í beinni andstöðu við ríkisstj., samtals 25685 atkv. en stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. aðeins 22637 atkv. Stjórnarandstæðingar fengu því rúml. þrem þús. atkv. meira, en stjórnarliðar. Þetta hefði átt að vera ríkisstj. bending um það, að henni er full þörf á að fara sér gætilega og hóflega.

Menn gætu nú gert sér í hugarlund, að þetta einlita val n. ætti rót sína að rekja til skilnings- og hugsunarleysis hæstv. ríkisstj. Að hér væri um vangá að ræða. En svo var þó eigi. Umr. hér á hv. Alþ. um þetta mál, svo og skrif dagblaðs þess hæstv. ráðh., sem n. hefir skipað og á að taka við till. hennar og væntanlega ætlar sér að framkvæma þær, sýna það glögglega, að hér hefir hæstv. atvmrh. vitandi vits og beinlínis í ákveðnum flokkslegum tilgangi valið þessa menn, og einmitt þessa menn og enga aðra. Skal ég nú lýsa þessum tilgangi.

Við 1. umr. þessa máls í þessari hv. d., kvaðst hæstv. atvmrh. eigi hafa talið kleift að skipa sjálfstæðismenn í n., vegna þess, eins og hann komst að orði, að Sjálfstæðisfl. hafi til þessa haldið því fram, að atvinnurekstur allur og viðskipti ættu að vera í höndum einstaklinga. Ennfremur sagði hæstv. ráðh. þetta orðrétt: „Ég get lýst því yfir sem minni skoðun, að n. eigi ekki ýkja mikinn kost þess að gera verulegar breyt. til bóta, án þess að ganga lengra eða skemmra inn á þær leiðir, sem samflokksmenn hv. þm. kalla venjulega þjóðnýtingu. Mér er engin launung á þessu".

Það verður nú eigi sagt, að ráðh. sé myrkur í máli. Sjálfstæðismenn eru ófærir til starfa í n., af því að þeir halda fram einstaklingsrekstri, og breyt. til bóta eru eigi hugsanlegar, nema með þjóðnýtingu.

Alþýðublaðið, málgagn hæstv. atvmrh., er, eins og að venju lætur, ennþá opinskárra. Þar segir í forystugrein 27. okt. síðastl. „Með skipun n. var viðurkennt í fyrsta sinni, að þjóðarbúið bæri að skipuleggja, það er að haga svo öllu atvinnulífi, að það sé miðað við þarfir þjóðarinnar. Með þessu ráði er stefnt að þjóðnýtingu atvinnuveganna" o. s. frv. Ennfremur:: „Skiptir í þessu sambandi minna máli, hvort framleiðslutækin eru talin eign þjóðfélagsins, kaupstaða, sveitarfélaga eða félaga verkamanna". Loks segir blaðið, út af ummælum hæstv. atvmrh. hér í hv. d. um hugsanlega þátttöku Sjálfstæðisfl. í nefndinni: „Flokkurinn, sem hefir það á sinni stefnuskrá að gera sem flesta, helzt alla, að sjálfstæðum atvinnurekendum og fjarlægja öll afskipti þess opinbera frá rekstri þeirra, kemur og biður að lofa sér að vera með í því að undirbúa þjóðnýtingu atvinnuveganna".

Það þarf því ekki frekar vitnanna við. Og hæstv. atvmrh. og málgagn hæstv. ríkisstj. eru bæði fullskýr og fullgild vitni í þessu máli. Tilgangur n. er því að leggja í rústir atvinnurekstur einstaklinganna og taka upp svo kallaða þjóðnýtingu. Það er m. ö. o. verið að undirbúa framkvæmd sósialismans á Íslandi.

Fálmkennd og vandræðaleg mótmæli einstakra framsóknarmanna, sem fram hafa komið og fram kunna að koma hér við umr. gegn þessum augljósa og yfirlýsta tilgangi sósialista, eru harla lítilsverð og verða vart tekin alvarlega. Öll saga Framsóknarfl. er ein óslitin píslarganga yfir eyðimörku sinnuleysis, sjálfsblekkinga og stefnuleysis undir lævíslegri og spilltri forystu inn í hið fyrirheitna land sósialismans. Og atburðirnir á þessu þingi hafa jafnvel gert þetta ennþá augljósara en nokkru sinni áður. Við höfum nærri því daglega mátt horfa á það, hvernig þeir sósialistar hér í hinu háa Alþ. ráða athöfnum og atkv. hv. framsóknarmanna. Ég skal eigi fara langt út í það mál að sinni, það mun sennilega gefast tækifæri til þess að ræða það betur síðar. En ég vil máli mínu til sönnunar aðeins minnast á tvennt. Hið fyrra er það, þegar hv. 2. þm. Reykv. óð að einum framsóknarmanni hér í d. og krafðist þess af honum með hótunum og frekju, að hann greiddi atkv. gegn sinni sannfæringu, sem augljós var orðin við fyrri atkvgr., og að hann yrði þessi valdandi þar með, að hætt er við, að fé það, sem lagt verður fram til bygginga verkamannabústaða hér í höfuðstað landsins, verði eingöngu látið ganga til félagsskapar sósialista. Hitt málið er frv. um vinnumiðlun, sem er eingöngu flutt í þeim tilgangi að draga úr höndum hins lýðræðislega kosna meiri hl. bæjarstjórnar Rvíkur þann rétt, sem honum samkv. stjórnarskránni ber, til þess sjálfur að ráðstafa sínum málum. Frv. þetta gefur atvmrh. rétt til þess að setja á stofn skrifstofu, er miðli vinnu milli bæjarmanna, og var þetta þó með öllu óþarft, þar sem Rvíkurbær hefir þegar sett á stofn sína eigin skrifstofu í sama skyni. Eins og auðvitað er eiga sósialistar að hafa meiri hl. í stj. hinnar nýju skrifstofu þeirra, og ríkissjóður á svo að borga brúsann að ⅓. Það hafa þó stundum á fyrri þingum heyrzt þær raddir hér, frá framsóknarþing-

mönnum, að óhæfilegt væri að hlaða á ríkissjóðinn þeim útgjöldum, sem Rvík beri að réttu að standa straum af til eigin málefna. Þessi tvö dæmi, sem ég nú hefi tilgreint, tala nægilega skýrt sínu máli.

Með frv. þessu hyggjast þeir hv. sósialistar að ganga til beinnar atlögu við einstaklingsframtakið í landinu. Og eins og öllum herforingjum hefir ætíð verið ljóst, að eigi dugar að senda hermennina vopnlausa fram í baráttuna, eins hefir hæstv. atvmrh. talið nauðsynlegt að fá nefndarmönnunum einhver vopn í baráttunni við einstaklingsreksturinn og það er því frv., sem hér liggur fyrir, ætlað að vera. Heimildin til allsherjarrannsóknar er hugsuð sem sú öxi, sem nú skal reidd að rótum trjánna. En rannsóknarrétturinn getur því aðeins orðið það tilræði við einstaklingsframtakið í landinu, að athuganir hans verði notaðar til rangra ályktana, og í því efni má telja fullvíst, að hið fyrirfram ákveðna markmið valdi því, að tilgangurinn helgi meðalið. Það, að almenningur vissi, að nefnd þessi hefði haft vald til þess að framkvæma hverskonar rannsókn sem henni hefir hugkvæmzt hjá hverjum þjóðfél.þegni, er henni litist til þess verðugur, gæti gefið mönnum ástæðu til að ætla, að till. hennar væru allar byggðar á nauðsyn og fullum rökum. Það vald, sem þetta frv. á að veita nefndinni — valdið til að kalla fyrir sig hvern mann í landinu, er henni þóknast, hvar svo sem hann er búsettur og hversu erfitt sem hann á um vik — getur því orðið ægilegt vald, og Sjálfstæðisfl. hefir fulla ástæðu til að ætla, að því verði á þann veg beitt af þessum nefndarmönnum. Og hin heilaga einfeldni ein getur leyft sér að ætla, að þessu verði ekki beitt flokkspólitískt. Val nefndarmanna og hinn yfirlýsti tilgangur sósialista er hér fullkomin trygging.

Viðhorf okkar sjálfstæðismanna er því það, að með nefndarskipun þessari og rannsóknarvaldi hennar er verið að skipa hv. nefndarm., höfuðfjendum einstaklingsframtaksins í landinu, á hinn æðri bekk sem rannsóknardómendum, en unnendum og gerendum athafnalífsins er boðið að krjúpa við fótskör þeirra sem sökudólgum.

Slíkan ójöfnuð að lögum getur Sjálfstæðisfl. ekki þolað. Slík skipting þjóðarinnar í réttláta og rangláta eftir flokksafstöðu einni getur hvergi staðizt í siðuðu þjóðfélagi. Af þessari ástæðu mótmælum vér þegar þessu frv.

Sjálfstæðisfl. getur heldur eigi, á meðan hann má sín nokkurs með þjóðinni, á meðan stefna hans og hugsjónir eiga sér nokkurn hljómgrunn í huga landsmanna, stuðlað að því með atkvæðum þeirra fulltrúa þjóðarinnar, sem fylkja sér undir merki hans hér á hinu háa Alþ., að leitast sé við að leggja í rústir það einstaklingsframtak, sem skapað hefir Sjálfstæðisfl. og leitt hefir þjóðina fram úr öllum ógnum harðinda, elda og hverskonar áþjánar og óáranar fram til bjargálna, fram til menningar og sjálfstæðis. Og með engu móti getur Sjálfstæðisfl. samþ. að beygja þjóðina undir vald þessarar nefndar, sem á að grafa ræturnar undan atvinnurekstri einstaklinga hennar og þar með spilla afkomu hennar allrar. Sjálfstæðisfl. mun hinsvegar halda djarflega og ósleitilega áfram baráttu sinni fyrir fjölgun sjálfstæðra atvinnurekenda meðal þjóðarinnar, og þó að nú í bili kunni að horfa dauflega við, þá veldur það engum sinnaskiptum og veikir ekki trúna á það, að brátt muni rofa til. Því að þeim mun glannalegar sem hæstv. ríkisstj. siglir fleytu sinni gegnum háar og voldugar öldur andúðar og aðvörunar meiri hluta þjóðarinnar, þeim mun fyrr mun hún kollsigla sig. En af eðlisnauðsyn hljóta allir sjálfstæðismenn að snúast til varnar gegn hinum rauða rannsóknarrétti og þeirri tilraun, sem þar með er gerð til að jafna við jörðu þeim öflum, er drýgst og traustust hafa reynzt þjóðinni til framdráttar frá upphafi landsins byggðar og fram á þennan dag.

Ég vil nú spyrja, hefir þjóðin sjálf óskað þeirrar stórvægilegu stefnubreytingar, sem hinum rauða rannsóknarrétti er, samkv. yfirlýsingu stjórnenda hans, ætlað að innleiða í atvinnulíf þjóðarinnar? Þessu vil ég svara ákveðið neitandi. Fyrst og fremst af þeirri ástæðu, sem ég þegar hefi vikið að, að jafnvel samanlagt eru stjórnarflokkarnir í greinilegum minni hl. meðal kjósenda landsins. En í öðru lagi af því, að það er vitað, að Framsóknarflokkurinn hefir ekkert umboð til þess frá verulegum hluta kjósenda sinna að beita sér fyrir þjóðnýtingu og snúast með fullum fjandskap gegn einstaklingsframtakinu í landinu. Þeir bændur landsins, sem af ýmsum ástæðum hafa leiðzt til þess að kjósa framsóknarmenn á þing, hafa fæstir ætlazt til þessa af þingmönnum sínum. Bændastétt landsins hefir alla tíð samkvæmt eðli sínu, lífsbaráttu og allri aðstöðu í þjóðfélaginu verið fylgjandi eðlilegu og nauðsynlegu athafnafrelsi einstaklinganna í þjóðfélaginu og því verður eigi trúað, að verulegum hluta hinnar ísl. bændastéttar sé nú svo hrakað að djörfung og manndómi, að hún vilji svíkja sína stefnu. Ég vil því fullyrða, að þjóðnýtingarbrölt hæstv. ríkisstj. sé hugsað og talað í beinni andstöðu við stórkostlegan meiri hl. þjóðarinnar, og vilji hæstv. ríkisstj. telja sig málsvara og fulltrúa lýðræðis hér á landi, þá ber henni bein og augljós skylda til þess áður en hún lætur til skarar skríða um framkvæmd þeirrar stórvægilegu þjóðnýtingar, sem hún ráðgerir, að rjúfa þingið og bera þetta undir dómstól þjóðarinnar. Sé það eigi gert, eru kjósendur landsins sviknir og hæstv. ríkisstj. og þeir hv. þm., sem hana styðja, orðnir berir að beinni lítilsvirðingu og fjandskap við lýðræðið í landinu.

Taki hæstv. ríkistj. eigi tillit til málaflutnings sjálfstæðismanna, bið ég þjóðina að minnast þess, hverjir hafa staðið á verði til varnar sjálfstæði einstaklinganna í þjóðfélaginu og heilbrigðs atvinnulífs. Ég veit það, að þjóðin mun minnast þessa og hún skilur það jafnframt, að eigi veldur sá, er varir. En í nafni þeirra 22 þús. kjósenda, er fylgdu Sjálfstæðisfl. að málum við síðustu alþingiskosningar, mótmæla þingmenn Sjálfstæðisfl. þessu frv. og leggja eindregið til, að það verði fellt.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. V.-Ísf., svo hljóðandi: (Sjá þskj. 490).

Þessi brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifl., og þarf því tvenn afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. og fjallar um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna til þess að grundvalla á þær skýrslur og álit, sem hún á að gefa í ýmsum málum, er fram komið í framhaldi af skipun þessarar n., sem skipuð var samkv. samkomulagi þeirrá flokka, sem standa að núv. stj.

Þess vegna er það í raun og veru svo, að þótt hér sé aðeins það til umr., hvort veita eigi þessari n. þá heimild, sem farið er fram á í frv., þá er eðlilegt, að rætt sé um það almennt að þessu sinni, hver þörf hafi verið að skipa þessa n. Ég mun sérstaklega dvelja við það atriði, hver þörf hafi verið á þessari nefndarskipun að skoðun Framsóknarfl. Ég mun rekja þær ástæður, sem til þess lágu, að Framsóknarfl. var því meðmæltur og vildi hrinda því í framkvæmd, að n. yrði skipuð.

Eins og kunnugt er, hefir Framsóknarfl. um allmörg ár og síðan hann byrjaði starfsemi sína, hafið baráttu fyrir ýmsum skipulagsmálum í þjóðfélaginu. Ég nefni ekki mörg dæmi þess nú, en vil aðeins benda á þá stórfelldustu skipulagshreyfingu, sem uppi hefir verið á þessu landi, samvinnuhreyfinguna, og þau mörgu félög, sem stofnsett hafa verið á grundvelli þeirrar hreyfingar. Það er ekki of mikið sagt, þó að ég fullyrði, að raunverulega hefir einasti málsvari þessarar hreyfingar á opinberum vettvangi verið Framsóknarfl. Þess vegna er það ekki nema eðlilegt framhald af þeim áhuga, sem Framsóknarfl. hefir á sínum skipulagsmálum, þó að hann áliti eins og nú stendur um ýmis þjóðmál, að það væri nauðsynlegt að stofna n., sem sérstaklega hefði það starf, að gera till. um það, hvað gera skyldi út frá því ástandi, sem nú ríkir.

Nú er það svo eins og allir vita, að nú liggja fyrir alveg sérstakar ástæður. Það er kunnara en svo, að rekja þurfi í löngu máli, að íhlutun þess opinbera fer vaxandi um atvinnumál og fjármál og kröfur um þessa íhlutun gerast háværari með hverju ári, sem líður. Ég vil segja, að í því efni eigi allir flokkar sammerkt. Og ég vil segja meira: Þetta er ekkert sérstakt fyrir okkar þjóðfélag. Það er alstaðar svo, að meira og meira dregur að því, að hið opinbera hafi afskipti af fjármálum og atvinnumálum meðal hinna stærstu þjóða og þeirra, sem aðrir hafa oft og tíðum haft til fyrirmyndar um meðferð þjóðmála. Það er ekki of mikið, þó að því sé slegið fram, að hin svokallaða frjálsa samkeppni og íhlutunarleysi af hálfu hins opinbera hafi sýnt, að því er ekki treystandi til neinnar hlítar. Það hljóta allir að vera sammála um það, að afleiðingarnar af hinni svokölluðu frjálsu samkeppni og þess íhlutunarleysis, sem hefir verið af hálfu þings og þess opinbera um atvinnumál og fjármál, þær liggi nú fyrir í hinni hörmulegustu mynd, og öll lönd hafa með stórkostlegum átökum reynt að bæta úr þessu. Þá er helzta leiðin að reyna ýmiskonar skipulagningu á atvinnumálum og fjármálum, og þá er það venjan, að forustan í þessu kemur frá því opinbera, þingi og stjórn.

Ég vil nefna örfá dæmi um þá íhlutun, sem hefir orðið hér á okkar landi í þessum efnum. Fyrst vil ég nefna það, að nú um nokkur ár hefir það verið þannig, að hið opinbera hefir haft íhlutun um allan vöruinnflutning til landsins. Ég held, að sé óhætt að segja, að staðreyndir reynslunnar hafi sýnt, að þessi íhlutun er gersamlega óhjákvæmileg, þó að ýmsir stjórnmálaflokkar hafi verið að láta í veðri vaka, að það væri ekki nauðsynlegt.

Þessi íhlutun um innflutning landsmanna hefir komið þannig fram, að einstakir verzlunarrekendur, hvort sem það hafa verið einstaklingar eða félög, hafa orðið að hlíta ýmsum reglum um þessi viðskipti sín, sem það opinbera hefir sett og talið hefir verið, að almenn nauðsyn hafi krafizt, að settar væru.

Ég vil líka benda á það, að nú upp á síðkastið hefir útflutningur á afurðum frá landinu líka verið háður íhlutun þess opinbera, og þar er ekki um neitt smámál að ræða. Þessi íhlutun þess opinbera með útflutninginn er vitanlega fram komin vegna vandræða, sem eru um sölu þessa varnings og þrengsla á mörkuðum okkar, þar sem þessar vörur eiga að seljast. Þessi íhlutun er óhjákvæmileg og sýnir, hvernig þróunin stefnir lengra og lengra í þá átt, að þing og stjórn verði að hafa íhlutun af atvinnumálum á öðrum grundvelli en hingað til hefir tíðkazt.

Þá vil ég ennfremur benda á, að það er ekki nóg með það, að nauðsynlegt hafi þótt að undanförnu að hafa þessa íhlutun þess opinbera um hinar útfluttu vörur. Það er einnig viðurkennt því nær af öllum, að íhlutun sé nauðsynleg frá hálfu þess opinbera um sölu afurða innanlands. Nú nýlega hafa verið afgr. l. frá Alþingi um kjötsölu innanlands, þar sem því opinbera er veitt allmikil íhlutun um sölu þessa varnings, og sú íhlutun hefir, að dómi þeirra flokka, sem hafa staðið að því að leysa þetta mál, óhjákvæmilega orðið til þess að forða frá þeim glundroða, sem hin svokölluðu „frjálsu viðskipti“ höfðu komið sölu þessara afurða í. Hér á þingi er líka til meðferðar lagabálkur um sölu á mjólk og mjólkurafurðum, sem gengur í sömu átt og kjötsölulögin. Er þar líka stórt spor stigið í áttina til frekari íhlutunar en hingað til hefir verið af hálfu þess opinbera um afskipti af atvinnulífi landsmanna. Ég hefi nú minnzt á nokkuð af þeirri íhlutun, sem fram hefir farið í þessum efnum. Vil ég þá næst víkja að nokkrum atriðum, sem sýnilega liggja nú fyrir til úrlausnar og áreiðanlega verða leyst að meira eða minna leyti fyrir aðgerð þess opinbera, þings og stjórnar. Þá vil ég sérstaklega víkja að því ástandi, sem nú ríkir um framleiðslu landsmanna, bæði um landbúnað og sjávarútveg og okkar unga iðnað. Ég hygg, að öllum sé ljóst, að nú stefja að þjóðinni í þessu efni meiri vandræði en nokkru

sinni fyrr. Við höfum aldrei fyrr orðið fyrir því, Íslendingar, að takmarkað hafi verið það, sem við höfum getað selt á erlendum markaði af fiski, sem er nú og hefir verið okkar aðalútflutningsvara. Nú stöndum við frammi fyrir því, að markaðurinn fyrir þessar afurðir er takmarkaður. Og það getur farið svo, að við þurfum að hika mjög við að auka framleiðsluna af þessum afurðum frá því, sem nú er. Sjá þá allir, hvílíkur voði er fyrir dyrum í þessu efni og hver vandræði steðja að því fólki, sem hefir haft atvinnu sína við þessa framleiðslu.

En það er sýnilegt, að þessi vandræði á erlenda markaðinum eru ekki eingöngu með fisksöluna, heldur eru einnig þrengingar á erlenda markaðinum fyrir landbúnaðarvörur, og sýnir það glögglega, að út í slíkt óefni stefnir í atvinnumálum landsmanna, að það verður að viðhafa aðgerðir af hálfu hins opinbera til þess að beina mönnum inn á nýjar brautir í atvinnumálum.

Það er enginn vafi um það, að þó að sumir láti það í veðri vaka, að í þessu efni verði að treysta á framtak einstaklinganna, þá er undir niðri sú skoðun hjá þessum sömu mönnum, að þegar þeir eru að gera sér grein fyrir því, hver verði úrræðin og hvaðan þau komi, þá muni alltaf enda með því, að jafnvel þeir sjálfir geri ráð fyrir því, að úrræðin verði að koma ofan frá, m. ö. o., að þing og stjórn verði að hjálpa mönnum til að komast inn í nýjar atvinnugreinir og hjálpa mönnum til að nýir atvinnuvegir geti risið á legg.

Hér talaði áðan af hálfu Sjálfstæðisflokksins hv. þm. Snæf. Hann var með stóryrði um það, að í umboði þeirra 22000 kjósenda, sem hefðu tjáð Sjálfstæðisflokknum atkv. við síðustu kosningar, væri sér óhætt að lýsa fullu vantrausti á þeirri n., sem nú væri skipuð til þess að skipuleggja atvinumálin. En ég vil nú segja honum það og öðrum hv. þm. sjálfstæðismanna, að ég er sannfærður um, að stórkostlega mikill meiri hl. af þessum 22000 kjósendum, sem glæptust á að ljá þessum flokki kjörfylgi sitt við síðustu kosningar, lítur fyrst og fremst til þings og stj., þegar gera skal sér grein fyrir, hvaða úrræði skuli hafa í atvinnumálum og fjármálum þjóðarinnar. Þeir af þessum 22000, sem finna þrengjast um atvinnumöguleika sína, hljóta nú að líta vonaraugum til þess, að eitthvað nýtt verði aðhafzt, og þeir vonast fyrst og fremst eftir, að þing og stj. hafi á hendi forustuna í þessum málum, hvað sem hv. þm. Snæf. segir um það hér á þingi. Ég er sannfærður um það, að þótt hv. þm. Snæf. komi hér með gorgeir í þessu efni, þá munu kjósendur Sjálfstæðisflokksins áreiðanlega kunna að meta þær till., sem væntanlega koma frá þessari n. til umbóta í þessum málum.

Til þess aðeins að drepa á nokkur atriði, sem leysa þarf, og það opinbera áreiðanlega hlýtur að eiga sinn þátt í að leysa, vil ég fyrst minna á ný heimili í sveitum. Ég veit ekki betur en að það sé viðurkennt, að við stofnun slíkra nýrra heimila hlýtur ríkisvaldið að leggja sitt fram. Ég vil einnig minna á það, sem ég drap á áðan í sambandi við sjávarútvegsmálin, og ég gæti nefnt fjöldafjöldamargt fleira, sem til úrlausnar liggur í sambandi við landbúnaðarmálin og sjávarútvegsmálin. Þær markaðsleitir, sem yfirleitt standa nú fyrir dyrum, held ég, að verði ekki leystar nema með aðgerð þess opinbera.

Þá vil ég einnig minna á þann nýja iðnað, sem líka verður að rísa hér upp, ef á að skapa mönnum hér frekari atvinnumöguleika í landinu. Ég vil minna á þær nýju aðferðir, sem nú verður að taka upp um frágang íslenzkra afurða, sem þing og stj. líka verður að hafa forgöngu um að hrinda í framkvæmd. Ég vil minna á það, að með löggjöf sinni getur Alþ. á margvíslegan hátt haft áhrif á það, undir hverskonar fyrirkomulagi sá nýi rekstur, sem hlýtur að rísa upp, verði rekinn. Og þó að hv. þm. Snæf. talaði mikið um þjóðnýtingu í sambandi við þessa n., þá get ég sagt honum það, að reynslan mun sýna, að Framsóknarflokkurinn mun halda því fram um fyrirkomulag þessara nýju fyrirtækja, að svo bezt verði þessi fyrirtæki að gagni, að þau verði rekin á samvinnugrundvelli, og mun flokkurinn þar halda fram þeirri stefnu, sem hann hingað til hefir haldið fram í þessum málum. Það kann vel að vera, að einhverjir aðrir flokkar, t. d. Alþýðuflokkurinn, haldi fram ríkisrekstri í þessum efnum, og þannig talar hver í sinn enda. En ég er ekki í vafa um það, að í mjög mörgum af stærstu málunum, sem fyrir liggja í þessu efni, geta þessir flokkar orðið sammála um fyrirkomulag rekstrarins, ýmist hallazt að samvinnuleiðinni eða þá mætzt á einhverri millileið í þessum efnum.

Því er mjög haldið fram af sjálfstæðismönnum hér á þingi, að þessi n. eigi að stefna til beinnar þjóðnýtingar. Ég hefi því miður ekki nægilegan tíma til að fara út í þetta atriði eins og vert væri og stóryrði þau, sem hv. þm. Snæf. lét þar falla. Ég vil aðeins gera eitt, lesa upp, hvernig starfssvið n. er markað með skipunarbréfi hennar. Þar sést, á hvað n. skuli leggja áherzlu í till. Þar stendur svo:

„Að koma fram með að rannsókn lokinni rökstuddar tillögur og sem nákvæmasta áætlun um aukinn atvinnurekstur, framkvæmdir og framleiðslu í landinu, þar á meðal um stofnun nýrra atvinnuvega, svo og um það, hvernig komið verði föstu skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, þannig, að þau verði sem hagkvæmast rekin með hagsmuni almennings fyrir augum. (Planökonomi). Í tillögum þessum og áætlunum sé lögð áherzla á það, að efldur verði sá atvinnurekstur, sem fyrir er og rekinn er á heilbrigðum grundvelli, enda athugað að hve miklu leyti er þörf á opinberu eftirliti með hverskonar stórrekstri til tryggingar því, að hann verði rekinn í samræmi við hagsmuni almennings og á hvern hátt slíkt eftirlit yrði framkvæmt. Að svo miklu leyti, sem fyrirsjáanlegt yrði, að einkarekstur ekki nægir til að fullnægja þörfum þjóðarinnar eða hann að öðru leyti varhugaverður fyrir almenningsheill, gerir nefndin tillögur um opin-

beran rekstur og jafnframt um fyrirkomulag á hverskonar opinberum fyrirtækjum. Í öllum tillögum sínum hafi nefndin það markmið fyrir augum, að útrýma atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar, svo að nýtt fjör megi færast í alla atvinnuvegi þjóðarinnar og kaupgeta hinna vinnandi stétta aukast".

Hvaða hrópyrði, sem hv. þm. Snæf. hefir í sambandi við þessi mál, þá sér hver skyni borin vera, sem heyrir þetta eða sér, að n. hefir í þessu efni alveg óbundnar hendur. Nefndarmenn geta gert till. til endurbóta á þessum málum, og þar hefir hún alveg óbundnar hendur. Og m. a. ber skipulagsbréfið það með sér, að það er svo langt frá, að þau úrræði, sem n. á að finna, séu bundin við þjóðnýtingu, því að þar er beinlínis lögð áherzla á, að sá atvinnurekstur, sem rekinn er á heilbrigðum grundvelli, hann haldi áfram og verði efldur.

Hinsvegar er það sagt, að þar sem fyrirsjáanlegt yrði, að einkarekstur ekki nægði, þar yrðu gerðar tillögur um annan rekstur, en það er undir dómi n. og einstakra manna hennar, hvað þar verður lagt til. N. hefir þar ekki að neinu leyti bundnar hendur eins og sjá má af skipunarbréfinu.

Þá er því haldið fram, að hæstv. atvmrh. hafi talað um það við 1. umr. þessa máls, að stefna skyldi að þjóðnýtingu í þessu efni. Þau ummæli voru lesin hér upp áðan af hv. þm. Snæf. Það getur vel verið, að hæstv. atvmrh. búi yfir því að fá n. til að koma með þjóðnýtingu í einhverjum hluta hennar till. Um það skal ég ekkert segja. Það leiðir tíminn í ljós, hvort það kemur fram. En þó að hæstv. atvmrh. vildi gera þetta, þá getur hann það ekki. Hann getur ekki bundið þar hendur n., því að hún er algerlega frjáls að því, hvað hún leggur til í þessum málum.

En til fróðleiks um það, hvað flokkur hæstv. atvmrh. kallar þjóðnýtingu, þá vil ég, til þess að menn geti gert sér grein fyrir því, hvað lagt er í það orð af þeim flokki, sem hefir þjóðnýtingu á stefnuskrá sinni, lesa upp úr gr. úr Alþýðublaðinu frá 27. okt. Hv. þm. Snæf. las upp úr þessari gr., en hann passaði vel að sleppa þessari skilgreiningu blaðsins um þjóðnýtingu, af því að hún hlaut að koma illa heim við þær tilraunir, sem hann reyndi að gera til þess að læða því inn hjá kjósendum Framsóknarflokksins, að sá flokkur sé nú að vinna að því, að ríkisrekstur verði almennur á þessu landi.

Skilgreining blaðsins á þjóðnýtingu, sem er í samræmi við þann skilning, sem þessi flokkur leggur í það orð, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Með skipun nefndarinnar var viðurkennt í fyrsta sinn, að þjóðarbúið bæri að skipuleggja, það er að haga svo öllu atvinnulífi, að það sé miðað við þarfir þjóðarinnar.

Með þessu er stefnt að þjóðnýtingu atvinnuveganna, það er því fyrirkomulagi, að hvert atvinnufyrirtæki sé rekið með það fyrir augum, að veita öllum, sem við það vinna, lífsuppeldi, og að allir þeir, sem við það vinna, hafi með atkvæði sínu áhrif á stjórn þess. Þetta er þjóðnýting. Skiptir í þessu sambandi minna máli, hvort framleiðslutækin eru talin eign þjóðfélagsins, kaupstaða, sveitarfélaga eða félaga verkamanna".

M. ö. o., eftir þessari skilgreiningu Alþýðublaðsins, sem ég veit, að er um leið skilgreining Alþýðuflokksins, þá er allur samvinnurekstur þjóðnýting. Og þá vil ég segja það, að þótt samvinnureksturinn sé nefndur þjóðnýting, þá mun Framsóknarflokkurinn ekki hverfa frá því að berjast fyrir því, að slíkur rekstur verði innleiddur í atvinnulífi þjóðarinnar. Og þó að hv. þm. Snæf. belgi sig út og kalli samvinnufélögin þjóðnýtingu, þá hefir það engin áhrif á afstöðu Framsóknarflokksins í þessu efni. Hinsvegar er það vitanlegt, að þessi skilgreining á orðinu þjóðnýting er komin fram til þess að geta heimfært sem flest af því, sem framkvæmt er, þannig, að það sé í samræmi við kenningu þeirra um þjóðnýtingu. En það get ég fullyrt, að sjálfstæðismenn nota orðið þjóðnýtingu í sínum umr. í merkingunni „ríkisrekstur". Alþýðuflokksmenn aftur á móti nota það í þeirri merkingu, að það nái ekki aðeins yfir ríkisrekstur, heldur yfirleitt allan þann rekstur, sem rekinn er með hagsmuni þeirra fyrir augum, sem að atvinnurekstrinum vinna. Á þessu er mikill munur, og ég vænti þess, að hv. þm. Snæf. láti svo lítið að skilgreina í sinni næstu ræðu, hvað hann á við, þegar hann er að fleipra hér um þjóðnýtingu.

Annars fer það ekki leynt, til hvers þessar útvarpsumræður eiga að vera. Þær eiga að vera framhald af þeim málarekstri, sem Sjálfstæðisflokksmenn hafa rekið nú að undanförnu, að reyna að koma mönnum til þess að trúa því m. a., að við Framsóknarmenn séum orðnir skósveinar sósialista. Þetta hafa þeir háu herrar hrópað út með miklum hrópyrðum og bægslagangi. En til þess nú að gefa áheyrendum dálítið sýnishorn af því, hvernig heilindin og samræmið er í þessu hjá þeim, ætla ég að lesa dálítið upp úr tveimur aðalblöðum þessa flokks. Klausur þessar komu báðar út sama daginn í sínu blaðinu hvor. Önnur kom í Morgunblaðinu og var svo prentuð í Ísafold. Hún var ætluð bændum landsins, en hin kom í Vísi og var ætluð verkamönnum. Klausan í Ísafold hljóðar þannig: „... Þannig er Framsóknarflokkurinn ekki orðinn annað en lítilfjörleg hjáleiga hjá sósíalistum, enda alltaf svo til ætlazt, að Jónas Jónsson og félagar hans leiddu bændur til hlýðni og auðsveipni við hið rauða vald í landinu". Það virðist ekki svo lítil sannfæring, sem liggur bak við þessi orð. Maður skyldi því ætla, að eitthvað væri meint með þeim. Það er því eftirtektarvert, hvað Vísir, annað höfuðmálgagn Sjálfstæðisflokksins, segir sama daginn. Þar segir svo í grein, sem heitir „Aumingjar": „Máttlausir og úrræðalausir hanga sósíalistar í valdafaðmlögum sínum við framsóknarmenn og láta þá ráða". Þetta segir þá annað höfuðmálgagn sjálfstæðismanna sama daginn sem hitt segir, að sósíalistar ráði öllu. Hvílíkt samræmi! Ég verð nú að segja, að þetta er sú vesalmannlegasta blaðamennska, sem nokkur stjórnmálaflokkur hefir leyft sér að reka hér á landi. Slík-

ur nagdýrsháttur mundi hvergi geta þrifizt, nema innan vébanda Sjálfstæðisflokksins. Þar virðast engin takmörk fyrir því, hve langt megi fara niður á við, hvorki í þessum efnum né öðrum.

**Magnús Torfason:** Það er tvennt, sem hér er rætt um. Annarsvegar skipun svonefndrar skipulagsnefndar. Hinsvegar hvort veita skuli nefndinni það vald, sem lagt er til í frv. Að því er snertir skipun n., þá mun ég láta það atriði hlutlaust. Ég mun ekki kasta steini að stj., þó að hún hafi skipað hana á slíkum tímum sem þessum. Í sjálfu sér má jafnvel líta svo á, að hún hafi sýnt þarna dálítinn búhnykk. Í gamla daga, þegar höfðingjarnir reistu sér hús þar sem langt var til aðdrátta, höfðu þeir þann sið að kaupa sér brúkunarhross á haustin, fyrir næsta vor. Það er einmitt þetta, sem stj. hefir gert. Og þá er ekki nema sjálfsagt, að hún hafi valið sér góða dráttarhesta.

Þá virðist og ekki nema eðlilegt, að stj. hafi fengið sér nokkra uppbót, eða aðstoð, þegar þess er gætt, að þetta er fyrsta þingið, sem skipað er uppbótarmönnum. Hún hefir því ekki farið nema að dæmi Alþ. sjálfs, með því að bæta sig þetta upp. Það verður því að teljast afsakanlegt og jafnvel virðingarvert, að hún skyldi fé sér þessa aðstoð.

Hitt atriðið er það, hvort rétt væri að fá n. þessari það vald, sem hér er farið fram á henni til handa. Að því er það snertir skal ég strax lýsa því yfir, að þar er ég ósammála frumvarpinu. Má vera, að það sé sakir þess, hversu ég er orðinn gamlaður. En sakir aldurs míns þá ber og þess að gæta, að ég hefi öðrum fremur haft ástæður til þess að kynnast stjórnsögu þjóðarinnar nokkuð aftur í tímann og draga ályktanir af þeim atburðum, sem sagan getur um og lífsreynslan ein getur kennt. — Þetta, að auka vald nefndarinnar svo mjög sem hér er farið fram á, er nýmæli, sem ég verð að telja mjög varhugavert. Ég sé nefnilega ekki annað en að hér sé gengið á vald þingsins, sem það eitt hefir, samkv. 34. gr. stjórnarskrárinnar, en hún hljóðar svo: „Hvor þingdeild getur skipað nefndir innan deildar þingmönnum, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum".

Þetta er ábyggilega einn dýrasti gimsteinninn í stjórnarskrá okkar. Með þessu ákvæði er sagt hvorki meira eða minna en það, að það sé Alþingi, sem standi öllu ofar í þessu landi. Að allir skuli þingvaldinu lúta. Hér er Alþingi gefið vald til þess að mega kalla alla þegna þjóðfélagsins til þess að standa sér reikningsskap. Ég veit nú ekki, hvort menn hafa athugað, að þetta vald er þinginu einnig gefið gagnvart stjórninni. Því er gefið þetta vald til þess að geta haft hömlur á ofsamönnum, sem vilja troða á rétti þess. Þessu valdi hefir einu sinni verið beitt (1911), og það var einmitt gagnvart stjórninni. Ég verð því að telja mjög viðurhlutamikið, ef nú á að fara að framselja þetta vald mönnum, sem ekki einu sinni eru allir þingkjörnir, þar sem stjórnarskráin kveður svo á, að þingmenn einir megi skipa þá nefnd, er má fara með þetta vald, og hún megi aðeins starfa á meðan þingið situr. Sama daginn og þingi slítur fellur vald hennar niður. Þetta þýðir það, að nefndin skuli starfa undir umsjá þingsins, svo þingið geti jafnan tekið í taumana, ef þörf krefur. Nefnd þessi á og að vera hlutfallskosin, sem þýðir það, að þingflokkunum er gefinn kostur á að fylgjast með öllu starfi hennar. Með þessu er fengin mikil trygging fyrir því, að málin séu athugað alhliða og þessu valdi ekki misbeitt. Hér eru því settar miklar skorður gegn því, að farið sé gálauslega með þetta vald. Það kemur því óneitanlega nokkuð undarlega við, að hér skuli lagt til, að utanþingsmenn fái heimild til þess að fara með þetta dýrmætasta vald, sem Alþ. eitt má hafa samkv. stjórnarskránni. Og meira en það; Alþingi er gert alveg áhrifalaust á starf þessara manna.

Í umr. þeim, sem hér hafa farið fram í kvöld, hefi ég ekki heyrt nein rök færð fram fyrir því, að það sé rík nauðsyn fyrir nefndina að fá það vald, sem hér er farið fram á henni til handa. Það er aðeins sagt í nál., að það sé nauðsynlegt fyrir hana að fá þetta vald, en ekki færð nein ástæða fyrir því, hvers vegna það sé nauðsynlegt. Mér er líka næst að halda, að við nánari athugun sjái hæstv. ríkisstj., að þessa sé ekki mikil þörf. Hún getur skipað embættismönnum að gefa þær skýrslur, sem hún vill fá, og ennfremur mun mega vænta þess, að einstaklingar gefi með fúsum vilja þær upplýsingar, sem n. kann að óska, þar sem þær eiga að vera til þess, að finna sem hagkvæmust ráð til þess að bæta atvinnuvegi landsmanna.

Það skyldi enginn taka orð mín svo, að ég sé að væna nefndarmennina um það, að þeir myndu misnota þetta vald, þó að þeir fengju það. Það, sem fyrir mér vakir, er það, að ég vil ekki, að Alþ. gefi neitt fordæmi í þessum efnum fyrir eftirkomendurna. Ég er hræddur við ýmsa öfgaflokka, sem nú eru að skjóta upp höfði hér, og hafa þegar náð sterkum tökum annarsstaðar. Sumir kunna nú að halda, að það sé langur dagur þangað til þurfi að óttast það, að slíkt harkalið nái völdum hér, en ég er ekki á þeirri skoðun, og byggi ég það sérstaklega á því, að nú nýlega fór fram kosning meðal ungra menntamanna hér við háskólann. Þrír listar kom fram við þá kosningu. Niðurstaða þessarar kosningar varð sú, að öfgaflokkarnir fengu sameinaðir 98 atkv., en listi lýðræðismanna aðeins 48 atkv. Nú er það víst, að þessi unga æska, sem að kosningu þessari stóð, á eftir að verða leiðtogi þjóðarinnar. Það er því alls ekki víst, að mjög langur tími líði þangað til þetta harkalið verður ofan á hér, en ég sem lýðræðismaður vil ekki losa svo mikið um þá múra, sem við höfum til varnar þessari hættu, að koma megi þar að litla fingri, hvað þá meiru.

Síðan við komum á fundinn hefir verið útbýtt brtt. þess efnis, að n. þessi verði hlutkosin. Ég hefi ekki borið mig saman við samflokksmenn mína um till. þessa, en mér virðist fljót-

lega á litið, að nokkru nær væri að samþ. frv., ef slík breyt. kæmist að.

**Ásgeir Ásgeirsson** (óyfirl.): Ég hefi borið hér fram brtt., sem ég vil leyfa mér að gera stuttlega grein fyrir. Till. þessi er um það, að ef skipulagsnefnd fær rétt til þess að heimta skýrslur af hverjum sem er, þá skuli hún svo skipuð, að í henni séu fulltrúar allra flokka, sem hafa afl til þess í Sþ., að koma manni í nefndina. Till. hljóðar svo: „enda sé þá þingflokki sjálfstæðismanna gefinn kostur á að tilnefna tvo menn í nefndina". Verði brtt. þessi samþ., þá myndi n. skipuð líkt því, að tveir væru kosnir af Framsóknarflokknum, tveir af jafnaðarmönnum og tveir af Sjálfstæðisflokknum, en sá 7. skipaður af atvmrh. Þessi skipun nefndarinnar væri ekkert óeðlileg samanborið við skipun þingsins nú.

Við skipun slíkrar n. sem þessarar kemur tvennt til greina, að skipa í hana annað tveggja vísindamönnum eða fulltrúum stjórnmálaflokkanna. Það má vera, að hér væri heppilegra að skipa nefndina vísindamönnum og sérfræðingum, en það myndi varla hægt í þessu landi, því að ekki myndi völ margra vísindamanna og sérfræðinga, sem ekki hefðu pólitiskan blæ. Eigi aftur að tryggja það, að till. nefndarinnar nái fram að ganga í þinginu, þá er heppilegra, að í henni séu áhrifamenn úr þingflokkunum. Ég fyrir mitt leyti mun því ekkert setja út á það, þó að sú leið sé farin, að skipa í nefndina fulltrúum flokkanna, en það er hitt, sem ég set út á, að n. skuli ekki skipuð nema fulltrúum tveggja þeirra flokka, sem hefðu afl til þess í Sþ. að koma að mönnum í hana. Við 1. umr. þessa máls hér í háttv. d. skildist mér svo, að form. Sjálfstæðisflokksins legði áherzlu á að koma að mönnum í n. þessa, og ég þóttist skilja hæstv. atvmrh. svo líka, að hann væri ekki á móti því að fjölga svo í nefndinni, að bætt yrði við tveimur mönnum. En nú koma engar óskir fram um þetta frá Sjálfstæðisflokknum og ekkert tilboð frá hæstv. atvmrh. um fjölgunina. Ég vænti því, að allir háttv. þdm. geti fallizt á till. mína. Að ég hefi ekki borið fram till. um mann frá Bændaflokknum eða mér sjálfum, er sökum þess, að við höfum ekki afl til þess í Sþ. að koma manni að. Þegar slík n. sem þessi er skipuð, þá á hún að vera skipuð mönnum úr fleiri en einum flokki. Að láta einn eða tvo flokka ráða eina, þegar svo stendur á sem hér, er ekki samkv. kröfum lýðræðisins. Ég er því fyllilega samþykkur, að stj. skipaði þessa n., því að það hafa oft verið skipaðar nefndir í þessu landi þegar síður skyldi en nú.

Ég hygg, að almenningi sé tæplega ljóst, hve gífurlega miklar breyt. hafa orðið og verða mánaðarlega í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðanna á síðastl. tveimur árum, í þá átt að skerða frjálsræðið og einstaklingsframtakið í heiminum. Í Bandaríkjunum hefir stjórnin tekið í sínar hendur meiri og meiri yfirráð og stjórn á atvinnugreinum þjóðarinnar. Það hefir ekki verið ríkisrekstur, heldur hefir stjórnin haft æ ríkari áhrif og afskipti af atvinnumálunum, af því hún hefir séð, að slíkt var óhjákvæmilegt, ef vel átti að fara. Á sama tíma og þetta hefir gerzt í Bandaríkjunum, hafa farið fram enn meiri breyt. í Þýzkalandi og á Ítalíu, og jafnvel í Englandi, sem þó hefir verið viðurkennt sem aðalverndari frjálsræðis á flestum sviðum, bæði í atvinnumálum, verzlunarmálum, stjórnmálum o. fl. sviðum, hefir líka orðið að leggja út á þessa braut. Og það þarf enginn að halda, að það, sem gerist í Englandi, komi okkur ekkert við. Það er lítil von til þess, að hin íslenzka smáþjóð geti staðizt breytingarnar, þegar það land hefir nú gerbreytt þeim stefnum í atvinnu- og stjórnmálum, sem gilt hafa á síðustu öldum. Við komumst ekki hjá því að líta til þeirra. Sú staðreynd hafir komið í ljós í heiminum á 2 til 3 síðustu árum, að það er framleitt meira af gæðum lífsins heldur en sótt er eftir, og þessi staðreynd hefir sagt til sín einnig hér heima á Íslandi á síðustu dögum. Er það ekki svo, að markaður fyrir afurðir landbúnaðarins, kjötið, sé orðinn takmarkaður, og útlendi markaðurinn jafnvel tapaður, en engar líkur til þess, að við getum torgað því sjálfir, sem framleitt er af þessari vöru? Og er ekki mjólkurframleiðslan orðin svo mikil, að það er alveg vonlaust um, að hún seljist? Það er vonlaust um ófyrirsjáanlega framtíð, að nokkrar mjólkurafurðir verði seldar út úr landinu, hvorki smjör né ostur. Það er engin von um það, að við getum selt út nokkrar mjólkurvörur, bæði er alstaðar yfirfullt af þessum vörum, og svo er verðið utanlands tvöfalt lægra þar en hér. Þegar því hverfa verður að því að nota og auka innlenda markaðinn fyrir þessa innlendu landbúnaðarframleiðslu, þá sýnist ekki veita af því að hafa vakandi n. milli þinga til þess að fylgjast með þessum höfuðatvinnuvegum okkar, landbúnaði og sjávarútvegi, og reyna að finna ráð þeim til bjargar. Svo er okkar litla uppvaxandi atvinnugrein, iðnaðurinn. Ekki þarf síður að gæta þess, að hann geti lifað við hið breytta ástand og fundið leiðir sér til vaxtar. Það þarf að athuga það, hvort við verðum ekki að breyta ýmsu í okkar tollalöggjöf meira eða minna, bæði tollum af innfluttu hráefni, innfluttum vörum sömu tegundar og framleiddar eru í landinu sjálfu og svo af útfluttum vörum. Það þarf að rannsaka, hvaða hráefni við kunnum að hafa í landinu sjálfu til iðnaðar, og það þarf að athuga, hverjar nýjar iðngreinir hægt væri að taka fyrir, sem enginn hefir enn þorað að byrja á. Á öllum sviðum eru stórmikil viðfangsefni fyrir hendi. Ég endurtek það, að aldrei hefir verið jafnmikil ástæða til þess að skipa n. milli þinga eins og nú. Ég sæi ekki eftir því, þó að allir formenn flokkanna, hver um sig með einn mann með sér fyrir sinn flokk, skipuðu þessa n. Það er ekki nema gott, að þeir, sem eru á oddinum, eigist við um þau vandamál og horfist í augu við þau. Það hefir að vísu verið sagt, að hér ætti að setja á stofn þjóðnýtingu á öllum hlutum og eyðileggja rétt einstaklingsins. Ég skal kannast við það, að ég er líklega ekki eins kunnugur í stjórnarherbúðunum eins og sumir aðrir, en enginn þarf að segja mér, að

þessi nefndarskipun leiði til þess, að enginn bóndi fái lengur að halda sinni jörð, að enginn útgerðarmaður megi reka sína útgerð og enginn iðnaðarmaður sinn iðnað. Ég læt ekki segja mér neitt um það, og jafnvel þó eigi máske að athuga þjóðnýtingu í einstöku tilfellum, þá horfi ég ekki skelfdur á slíkar athuganir. Ég hefi nú horft upp á það í 14 síðastl. ár, þar sem jafnaðarmenn hafa setið að stjórn í ýmsum löndum, að skipaðar hafa verið n., sem hafa átt að rannsaka þjóðnýtingu eða *hve mikil afskipti ríkið eigi að hafa af atvinnuvegunum.* Englendingar hafa t. d. hvað eftir annað látið athuga það, hvernig ætti að hjálpa kolaiðnaðinum, og þjóðfélagið stendur þar þó enn, þrátt fyrir þessar athuganir. Það hefir ekki oltið um koll. Sannleikurinn er sá, að það þarf meira en svolitið nál. til þess að öllu sé komið í kring. Og það, sem ég hefi séð af störfum n., bendir eiginlega ekki mikið á byltingu, t. d. þetta litla frv. um mannflutninga með bifreiðum, sem rætt var hér í hv. d. í dag. Eftir þeirri lýsingu, sem hér hefir verið gefin á n., skyldi maður ætla, að í því frv. væri lagt til, að allir bílar yrðu teknir af einstaklingum og lagðir undir ríkið, og að allt yrði keyrt á stjórnarbílum. En ég sá ekkert af þessu í frv. Í frv. eru aðeins sett viss skilyrði til fólksflutninga með bifreiðum á vegum, í þeim tilgangi að koma betra skipulagi á flutningana, en að þeir verði fyrir það hvorki dýrari fyrir ferðafólkið né hina, sem reka flutningana. Ég gæti búizt við því, að frá n. kæmu ýms frv. skyld þessu, en ég fæ ekki séð, að slík frv. séu nein þjóðnýtingaröxi, reidd að rótum atvinnuveganna. Hitt sakaði ekki, þó n. bæri öxi að rótum samskonar trjáa og upphaflega líkingin fjallar um, þeirra trjáa, sem ekki bera ávöxt.

Ég heyri kvartað um það, að ég muni vera búinn að tala fulllengi, (TT: Nei, nei.) en sjálfur held ég því auðvitað fram, að ég hafi talað of stutt. Ég er ekki hræddur við þjóðnýtingaranda í starfi þessarar n., ég ætla, að það verði svo, að sumar hennar till. stefni til þjóðnýtingar, sumar til samvinnuskipulags og sumar til einstaklingsrekstrar. Svo hefir það verið um till. slíkra n. sem þessarar. Hinn sterki straumur *tímanna er sá, að atvinnu- og viðskiptalífið falli* í þá farvegi og eftir þeim reglum, er gefa sem bezta útkomu með tilliti til almennra hagsmuna, þannig þó, að einstaklingsframtakið fái sem bezta aðstöðu til að njóta sín. Ætli það verði ekki sú stefna, sem n. fylgir. Og í því trausti og þeirri von, að n. starfi vel og dyggilega án úlfúðar og hefnigirni milli fulltrúa hinna einstöku flokka, sjálfstæðismanna, framsóknarmanna og jafnaðarmanna, sem vitanlega verða ekki sammála í öllum málum, þá greiði ég frv. atkv., ef brtt. mín verður samþ. Og verði till. felld mun ég þó fylgja frv., ef hún fellur fyrir atkv. hv. sjálfstæðismanna, því þá lít ég svo á, að þeir með því afsali sér þeim rétti, sem ég ætla að hjálpa þeim til að ná.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Mér þótti það vel til fallið, að sjálfstæðismenn hafa óskað eftir útvarpsumræðum um þetta mál. Ég álít ekki eins mikla ástæðu til, að almenningur fylgist með í nokkru máli sem þessu. Sérstaklega fagna ég því að geta talað um málið í útvarp, af því að í skrifum andstæðingablaðanna hefir málið mjög verið afflutt og blandað missögnum, sem nú gefst tækifæri til að leiðrétta.

Áður en ég vík að sjálfu frv. langar mig til að gera örlitla grein fyrir ástandinu í landinu eins og það kemur mér og mínum flokksmönnum fyrir sjónir, og jafnframt víkja að þeirri stefnu, sem fyrir okkur vakir. Þegar við birtum okkar *stefnuskrá fyrir síðustu kosningar* var það eitt atriði hennar, að skipuð yrði slík n. sem þessi og með slíku verkefni. Við Alþýðuflokksmenn teljum það skipulag, sem ríkir í þjóðfélagsmálum yfirleitt, svo meingallað, að ekki sé við það unandi, og að það sé óhjákvæmilegt að breyta því meira eða minna, til þess að fólkið í löndunum, jarðarbúar, geti fengið að lifa við þau lífskjör, sem séu í samræmi við menningu og tækni nútímans. Við teljum, að það eigi og verði að nota möguleikana til hagsbóta fyrir almenning, en ekki einstaka menn. En til þess að hægt verði sem skjótast að greina það, á hvern hátt fljótast verði hætt úr hinu gallaða skipulagi, sé fyrsta sporið að leita sem gleggstra upplýsinga um rekstur bæði opinberra og einstaklingsfyrirtækja. Ég skal þá með fáum orðum gera yfirlit um ástand atvinnuveganna. Fyrir skömmu hefir n. athugað efnahag bænda og við þá athugun hefir komið í ljós, að hvorki meira né minna en þriðjungur bænda á ekki svipað því fyrir skuldum. Það hafa verið gerðar miklar ráðstafanir, sem ég segi ekki, að verið hafi að öllu leyti sem réttastar, þeim til hjálpar. Ríkið hefir tekið ábyrgð á 10 millj. kr. til þess að kaupa fyrir verðbréf til lánastarfsemi fyrir þennan atvinnuveg, og í fjárl. næstu ára er gert ráð fyrir 300000 kr. árleg framlagi úr ríkissjóði til þess að létta skuldabyrði bænda. *Svo er nú ástatt með efnahag annars aðalatvinnuvegar landsmanna, landbúnaðinn.* — Nú á þessu þingi hefir verið útbýtt fyrir nokkrum dögum þykkri bók, sem eru skýrslur um efnahagsástæður sjávarútvegsins. Samkv. þessum skýrslum var efnahagur þess atvinnuvegar fyrir 2 árum sá, að eignir atvinnuvegarins eru 32,5 millj. kr. en skuldir 26,5 millj., eða álíka háar og skuldir bænda. Skuldir útgerðarinnar nema þannig fyrir 2 árum 82% af eignunum. Jafnframt lét n. það fylgja með, að síðan 1932 hefði áreiðanlega bætzt við skuldirnar, þar sem nægar upplýsingar liggja fyrir um það, að skuldirnar hafa vaxið meira en eignirnar. Sé þetta rétt, virðist ástandið vera það, að nokkurnveginn muni standast á skuldir og eignir. Nefndarmenn hafa flutt till. um skuldaskil fyrir sjávarútveginn. Þeir leggja til, að ríkssjóður leggi fram 5. millj. kr. í skuldaskilasjóð og 1 millj. kr. í fiskiveiðasjóð, aðeins til þess að kaupa þessum mönnum skuldaskil, ekki til þess að bæta rekstrarafkomuna eða auka eignirnar, ekki til þess að leita að nýjum mörkuðum, heldur aðeins til að skera niður skuldirnar og færa niður vexti af þeim. Og n. leggur til, að á næstu 6 árum verði greitt úr ríkissjóði til þessara skuldaskila frá 800 þús. kr. til 1 millj. kr. árlega.

Af því að hv. þm. Snæf. hefir haldið því fram, að frv. þau, er n. hefir samið og eiga að stefna til viðreisnar útveginum, beri vott um mikla djúpskyggni og umhyggju fyrir útveginum, þá vil ég leyfa mér að skjóta því fram, að n. hefir alveg gleymt að gera grein fyrir einu, og það er það, hvernig eigi að fá þessa einu millj. kr. á ári. Verður það að teljast mikill ljóður á frv., og ég get bætt því við, að það hlýtur þó að verða einn aðalþáttur í lausn þessara mála að finna ráð til þess að afla nauðsynlegs fjár til þess að framkvæma hjálpina með. Nú situr á rökstólum milliþingan., sem er að rannsaka hag sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna; þeirri rannsókn er ekki lokið enn, en ég býst við, að henni verði lokið í vetur. En svo mikið veit ég úr skýrslum þessarar n., að hjá þessum borgurum þjóðfélagsins er heldur ekki um auðugan garð að gresja. Þannig er þá efnahagur þjóðarinnar, en hvað er svo um rekstur þjóðarbúsins? Til þess að tekjur og gjöld standist á, verðum við að geta selt til útlanda nægilega mikið af vörum, til þess að geta fyrst og fremst keypt þær nauðsynjar, sem við verðum að fá frá útlöndum. Í öðru lagi verðum við að geta greitt vexti og umsamdar afborganir af skuldum við útlönd. Því miður verður að játa, að heldur ekki hér blæs neitt sérstaklega byrlega. Afurðasalan gengur treglega. Sala saltkjötsins til Noregs er skömmtuð, hún má á næsta ári verða aðeins 6000 tunnur. Sala á frosnu kjöti til Englands er líka takmörkuð, hún má ekki fara yfir ákveðið mark. Og þetta eru svo að segja þau einu lönd, sem kaupa kjöt af okkur. En hvað er svo með fiskinn? Af ísfiski er það ákveðið magn, sem flytja má til Þýzkalands og Englands, en þau lönd eru aðalkaupendur okkar að þeirri vöru. Þessi útflutningsheimild er að þrotum komin á þessu ári, í Englandi alveg og í Þýzkalandi í þessum mánuði. Þetta hefir stjórnin neyðzt til að tilkynna útgerðarmönnum nú nýlega. Og hvað er að síðustu að segja um saltfiskinn? Einnig á þeirri vöru hafa kaupendurnir beitt skömmtun. Spánverjar hafa skammtað saltfisksölu til sín, og er talið, að við höfum þó sloppið sæmilega miðað við aðrar þjóðir. Þó hefir salan þangað minnkað um þriðjung síðan 1933. Enginn veit eða getur sagt um, hvort eða hvenær Portúgalsmenn og Ítalir gera svipaðar ráðstafanir gagnvart innflutningi frá okkur. Það er sýnt, að a. m. k. Portúgalsmenn geta ekki aukið saltfiskkaup við okkur, heldur er sýnt, eftir samningum þeirra við Norðmenn, að það hlýtur að draga úr sölunni þangað. Þannig er nú ástatt með útflutninginn, en hvernig er það með innfluttu vörurnar? Það er víst eitthvað svipað. Af Englendingum erum við neyddir til að kaupa 77% af þeim kolum, sem við þurfum að nota, hin 23% fáum við frá Pólverjum gegn því, að þeir láta okkur hafa tollívilnun fyrir ákveðið magn af síld, er við seljum þangað. Það þýðir ekki að fara í launkofa með það, að við erum neyddir til að kaupa af Spánverjum og Ítölum svo mikið af vörum fyrir saltfiskinn, sem okkur er unnt að fá, og um Portúgalsmenn er að nokkru leyti hið sama að segja. Við erum skuldbundnir til þess að kaupa vörur frá þessum þjóðum og hafa áhrif á að auka þau vörukaup, eftir því sem við getum, meðan saltfisksalan heldur áfram. Af Þjóðverjum erum við skuldbundnir til að kaupa vörur, sem jafngilda þeim vörum, er við seljum þangað. Hér eru aðeins talin nokkur dæmi um verzlunarástandið, en þau gefa nægilega ljósa hugmynd um það, hverjar skorður eru nú reistar frjálsri verzlun. Þau sýna, að það er ómögulegt að halda atvinnu og verzlunarmálum þjóðarinnar í frjálsum farvegi. Ef okkur á ekki að verða bráður voði búinn, verður hið opinbera að taka þessi mál að miklu leyti í sínar hendur. Og fyrir það verður óhjákvæmilegt að takmarka að meira eða minna leyti athafnafrelsi manna, og það er alveg víst, að það verður ekki gert án þess að svipta nokkuð marga menn einhverjum hagnaðarvonum. Þetta verða menn að gera sér ljóst.

Þegar þetta er athugað, þá skil ég það ekki, að nokkurn mann geti furðað á því, þó að fram komi till. um það og viðleitni sýnd í þá átt, að reyna að skipuleggja svo okkar þjóðarbúskap, að tryggt sé, að starf okkar fólks og hagnýting fjármagns okkar verði í samræmi við það, sem allur almenningur krefst .

Ég skal svo, af því að mönnum hefir orðið nokkuð tíðrætt um það frv., sem hér liggur fyrir, með leyfi hæstv. forseta lesa upp tvær fyrstu gr. frv. Það hefði gjarnan mátt gera það fyrr, því að um efni þeirra er rætt, og fer bezt á, að áheyrendurnir fái að vita, hvernig þær hljóða. 1. gr. hljóðar svo:

„Nefnd sú, sem ríkisstjórnin skipaði 29. ágúst 1934 til þess að rannsaka fjármál ríkis og þjóðar og hverskonar atvinnurekstur í landinu og til þess að gera tillögur um hagskipulag þjóðarbúsins o. fl., skal hafa heimild til þess að heimta skýrslur munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, stjórnendum félaga og stofnana, um þau atriði, sem hún telur þörf á í starfi sínu".

2. gr. hljóðar svo:

„Meðlimum skipulagsnefndarinnar og starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um eftir skýrslum þeim, sem um getur í 1. gr., að því leyti sem þær varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki".

Þegar skipulagsn. var skipuð 29. ágúst síðastl., með því verkefni, sem fram er tekið í skipunarbréfinu, er hér hefir verið lesið upp og ég ekki hirði um að endurtaka, var nefndinni jafnframt lofað af ríkisstj. eins og segir í skipunarbréfinu:

„Til þess að framkvæma rannsóknir þessar og gera till. og áætlanir, mun ráðuneytið láta nefndinni í té nauðsynlega aðstoð, svo og hlutast til um, að embættismenn ríkisins og ríkisstofnanir gefi nefndinni allar þær upplýsingar, er hún telur sér þörf á að fá. Einnig mun ráðuneytið leita samþykkis næsta Alþingis á því, að nefndin fái rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af einstökum mönnum og félögum".

Stj. var það í upphafi ljóst, að það var þýð-

ingarlaust að fela n. svo víðtækt rannsóknarstarf, sem gert er ráð fyrir, nema hún hefði heimild til þess að heimta upplýsingar, sem hún teldi þörf á viðvíkjandi starfi sínu. Því að fyrsta skilyrðið til þess að geta komið með viturlegar till. er það, að þær byggist á fullkominni þekkingu, sem ekki er unnt að fá nema frá viðkomandi fyrirtæki eða einstakling, sem hlut eiga að máli.

Nú hefir því verið haldið fram á þessum fundi, og það aðallega af hv. 2. landsk., að með því að veita n. slíka heimild sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þá sé, að því er mér skilst, beinlínis um brot á 34. gr. stjskr. að ræða.

Í þá átt hneig ræða hans, og honum þótti það hið mesta harkaverk, því að þetta væri gimsteinn stjskr., sem um væri að ræða. En ég fann ekki betur en að hv. þm. í sinni að mörgu leyti glöggu ræðu afsannaði þetta fullkomlega.

Í þessari gr. stjskr. er sagt, að hver þd. út af fyrir sig geti gefið þingn. það vald, sem þar um ræðir, þ. e. a. s. til þess að heimta skýrslur af einstaklingum, stofnunum o. s. frv. Og á hvern hátt þetta vald er gefið segir svo, að hver þd. geti gert það með einfaldri samþ. án lagasetningar. — Þd. getur veitt n. þetta vald með einfaldri ályktun.

Það, sem aftur á móti er hér um að ræða, er stjórnskipuð n., og hún hefir vitaskuld ekki þetta vald til þess að heimta skýrslur af mönnum. Ríkisstj. getur ekki veitt henni þetta vald, en hæstv. Alþ. getur veitt n. þetta vald, því að þótt þingn. sé heimilt að heimta slíkar skýrslur, án þess að lagasetning sé fyrir hendi, þá er það óðs manns æði að halda því fram, að í þeirri gr. felist bann gegn því, að með lagasetningu sé hægt að veita n. slíkt vald. Einmitt fyrir þessar sakir er ríkisstj. það ljóst, að það þarf að fá samþ. Alþ. til þess að veita n. þetta vald, og af þeim ástæðum er frv. flutt.

Mér hefir líka skilizt á hv. andmælendum þessa frv., að þeir vildu ekki neita því, að fullkomin ástæða hefði verið til slíkrar nefndarskipunar sem hér er um að ræða. Og mér skilst að þeir játi það, að ástandið sé þannig, að sjálfsagt sé í fyrsta lagi að rannsaka til hlítar, hvernig komið er, og í öðru lagi að reyna að benda á ráð til endurbóta.

Það, sem aftur á móti er fundið þessari nefndarskipun til foráttu í sambandi við þetta frv., er það, að mannvalið í hana hafi tekizt á annan veg en skyldi. Sérstaklega þó fyrir þær sakir, að mér skildist, að einn stjórnmálaflokkur, Sjálfstæðisfl., ætti engan fulltrúa í n. Að vísu heyrði ég, að hv. þm. Snæf. mælti á þá leið, að Alþýðufl. hefði rofið sín kosningaloforð við skipun n. með því að skipa ekki í hana sérfræðingum, heldur meta meira að fá í n. menn með ákveðinn pólitískan lit.

Út af þessu vil ég taka það fram, að mér er ekki kunnugt um aðra menn, sem betur séu til þess fallnir að vinna í þessari n., heldur en einmitt þá, sem stj. hefir valið, án tillits til þess, hver pólitískur litur er á þeim. Ég hefi við 1. umr. þessa máls gert grein fyrir þessu, en vegna annara hlustenda verð ég að gera það nú aftur.

Formaður n., Héðinn Valdimarsson, er hagfræðingur að námi og hefir ágætt próf í sinni fræðigrein. Síðan hann lauk námi hefir hann starfað við ýms hin stærstu verzlunarfyrirtæki hér á landi, bæði, sem hafa verið opinberar landsverzlanir á sínum tíma og einkafyrirtæki, eins og t. d. Olíuverzlun Íslands, sem hann veitir nú forstöðu. Það er enginn vafi á, að hann er á sviði verzlunarmálanna og af sinni almennu menntun fullkomlega jafnfætis hverjum öðrum og flestum framar. Auk þess er hann sá maður, sem einna mest hefir mótað starfsemi verkalýðsfélaganna hér á landi, sem um 10 þús. landsmanna eru nú í.

Annar maður í n., Emil Jónsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, er verkfræðingur að námi og einnig með ágætu prófi. Hann er einn af aðalforustumönnum í samtökum iðnaðarmanna hér á landi og viðurkenndur sem einn af þeim, er með mestri víðsýni vinna að þeim málum. Hann er einnig kunnugur sveitarstjórnarmálum sem bæjarstjóri í Hafnarfirði nú um nokkurt skeið. Ég lít svo á, að hann hafi sérstök skilyrði til þess, að geta unnið málefnum iðnaðarins gagn í þessari n., en einmitt á sviði þeirra mála þarf víðtækra aðgerða við.

Ásgeir Stefánsson er iðnaðarmaður að menntun, trésmiður. Hann er forstöðumaður fyrir stærsta útgerðarfyrirtæki í Hafnarfirði — bæjarútgerðinni. Hann er alþekktur dugnaðarmaður og vel að sér á sviði útgerðarmála og iðnaðarmála.

Fjórði maðurinn í n. er Steingrímur Steinþórsson, skólastjóri á Hólum. Hann er kandidat frá landbúnaðarháskóla í Danmörku með ágætu prófi. Hann hefir verið kennari við búnaðarskólann á Hvanneyri og starfað við landbúnað síðan hann varð fulltíða maður. Nú er hann skólastjóri á Hólum og bústjóri þar. Ég hygg, að ekki sé hægt að benda á marga menn, sem betri þekkingu hafa á málefnum bænda eða eru líklegir til þess að benda á umbætur á því sviði, heldur en þennan mann.

Fimmti maðurinn í n. er Jónas Jónsson, skólastjóri samvinnuskólans hér í Rvík. Allir vita, að hann er sá maður, sem mest hefir unnið að skipulagningu á starfsemi samvinnumálanna hér á landi. Hann er þeim málum kunnugri flestum öðrum hér búandi manna.

Ég þykist nú hafa gert grein fyrir því, sem fyrir mér vakti sem atvmrh. með skipun þessara manna. Og ég hefi, þrátt fyrir langar umr. um þetta mál hér í þessari hv. d., aldrei nokkurn tíma fengið minnstu vísbendingu um einn einasta mann, sem væri betur til þess fallinn, hver á sínu sviði, heldur en þeir, sem skipaðir eru, til þess að vinna að þessu starfi í n.

Ég játa það, að vitaskuld eru þessir menn með pólitískum lit. Mér er sama, hvort hann er kallaður rauður eða eitthvað annað. Ég veit, að þeir eru hver um sig áhrifamenn í sínum flokki, en ég tel fjarri því, að það sé til hins verra, heldur þvert á móti til hins betra, einmitt sakir þess, að það er trygging fyrir því, að starf þeirra beri einhvern árangur, að þeir eru áhrifamenn í þeim flokkum, sem standa að ríkisstj., og meiri líkur eru fyrir því, að þeirra till., sem fram verða bornar, hafi óskipt og öruggt fylgi

þeirra flokka, sem þeir fylgja, og að þær nái fram að ganga. Það segir sig sjálft, að það er til lítils að semja góðar till. nema hægt sé að gera ráð fyrir, að þær fái nægilegt fylgi til þess að ná fram að ganga.

Ég er nú að verða búinn með tímann, en fæ að tala síðar, en áður en ég lýk máli mínu að þessu sinni, vildi ég með leyfi hæstv. forseta lesa kafla úr ræðu, sem ég flutti við fyrstu umr. þessa máls hér í þessari hv. d., sem snertir það, sem mjög hefir verið talað um í kvöld, þau ummæli, sem ég hafi látið falla um álit mitt á því, í hvaða átt mundu beinast till. n., ef þær ættu að verða til umbóta.

Þykir mér rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni og lesa upp þennan kafla úr minni ræðu eins og hann er skrifaður af skrifurunum, en ég vil ekki ábyrgjast, að það sé orðrétt eins og ég sagði það.

Þessi kafli í ræðunni hljóðar svo:

„Í sambandi við þessar almennu hugleiðingar og fyrirspurn hv. þm. (hv. þm. Vestm. hafði nefnilega komið með fyrirspurn viðvíkjandi því, hvort ætti að stefna að ríkisrekstri) um það, hvort n. ætti að vinna á þjóðnýtingargrundvelli, get ég lýst yfir því sem minni skoðun, að n. eigi ekki ýkja mikinn kost þess að gera verulegar breyt. til bóta, án þess að ganga lengra eða skemmra inn á þær leiðir, sem samflokksmenn hv. þm. kalla venjulega þjóðnýtingu. Mér er engin launung á þessu. Hygg ég, að flestir hljóti að játa, að þetta sé óhjákvæmilegt vegna viðskipta vorra við önnur lönd. Hvað, sem hv. þm. vill nú kalla það, þá er víst, að í millirikjaviðskiptum stefnir allt meira og meira

„Í sambandi við þessar almennu hugleiðingar viðast háð svo margskonar böndum og fyrirmælum, að tæpast er hægt að nefna þau einstaklingsviðskipti. Eitt ríkið segir við annað: Ég skal kaupa af þér svo og svo mikið af vörum, ef þú kaupir af mér svo og svo mikið. Síðan eru settar á gjaldeyrishömlur og innflutningshöft, sem neyða kaupanda til að taka vörur sínar í einu landi, en ekki í öðru, og verða menn að sætta sig við þetta, jafnvel þótt verðlag og annað kunni að ýmsu leyti að vera óhagkvæmara þar en annarsstaðar. Hygg ég, að fæstir sjálfstæðismenn geti neitað því, að allt hnígur nú meira og meira í þá átt, að ríkið verði að taka í taumana til að tryggja hag almennings, þó að það verði með því að takmarka nokkuð athafnafrelsi einstaklinga.

Ég lít svo á, að eitt af fyrstu verkefnum skipulagsnefndar verði það að flokka allan innflutning til landsins. Verður hún að athuga, hvað af því, sem við flytjum inn, má telja nauðsynjavöru. Þá verður hún að athuga, hvað af slíkum vörum við getum framleitt sjálfir hér heima og eins það, hvort við getum ekki framleitt einhverjar aðrar vörur, sem komið gæti í staðinn fyrir þær.

Ennfremur þarf n. að athuga það, hvernig hægt sé að auka atvinnu í landinu með því að vinna betur úr ýmsu því, sem við framleiðum sjálfir. Ef n. sýnist eitthvað vera hægt að gera í þessu efni, liggur fyrir henni að athuga, hvernig komið verði upp tilsvarandi atvinnurekstri. Mun það í flestum tilfellum ekki hægt nema með stuðningi hins opinbera. Á þessum sviðum eru ýmsir möguleikar órannsakaðir".

Ég hygg nú, að ef þessi kafli er tekinn í heild, þá verði þeir ekki ýkja margir, sem sýnist, að í voðalegt óefni sé stefnt með því, sem segir í orðum mínum og ummælum í þessari ræðu, og ég held, að það séu gífuryrði ein, þegar minni hl. hv. allshn. kemst svo að orði í nál. sínu og hv. þm. Snæf. gerði líka í lok sinnar ræðu: „Tilgangur nefndarinnar er því að leggja í rústir atvinnurekstur einstaklinga og taka upp svo kallaða þjóðnýtingu". Um þjóðnýtingu mun ég tala seinna, og ég hygg, að þetta séu gífuryrði ein, sem engin rök hafa verið færð fyrir ennþá.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni áðan, að mikill hluti þeirra 22 þús. kjósenda, sem hefðu kosið Sjálfstæðisfl., litu nú til þings og stj. eftir úrræðum í atvinnuörðugleikunum.

Það er eflaust rétt, að kjósendur Sjálfstæðisfl. yfirleitt líta til þings og stj. og hvað er það þá, sem þeir sjá? Fyrst og fremst sjá þeir það, að það er Sjálfstæðisfl., sem hefir borið fram á þinginu þau nytjamál, sem á komandi tímum munu helzt koma landsmönnum til bjargráða. Þeir sjá, að það er Sjálfstæðisfl., sem hefir borið fram frv. til l. um fiskiráð, frv. til l. um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna og frv. til l. um Fiskiveiðasjóð Íslands. Þeir sjá, að Sjálfstæðisfl. hefir borið fram þessi frv. til þess að koma sjávarútveginum til hjálpar.

En hvað er það, sem kjósendur sjá frekar?

Þeir sjá, að hv. þm. Ísaf., sem hefir haft frv. til l. um fiskiráð til meðferðar, hefir ásamt meiri hl. hv. sjútn. komið fram með þá tilraun að afgreiða það með rökst. dagskrá. Orðalag og tónn þessarar dagskr. mun vera einsdæmi á þskj., þar sem er árás á einstakan mann og ráðizt með ómaklegum ummælum í garð þeirra manna, sem fyrir þessum málum hafa barizt. Þetta sýnir glöggt fjandskap við sjávarútveginn.

Kjósendur sjá ennfremur, að hv. þm. Ísaf., sem á að hafa kynnt sér málefni sjávarútvegsins sérstaklega, og þá vitanlega viðvíkjandi Skuldaskilasjóði útgerðarmanna, að hann hefir lagzt á móti því máli og talar á þá leið hér í þinginu sem hann þekki ekki málið.

Þeir sjá ennfremur, að hæstv. stj. hefir ekki fengizt til að flytja málið, og þeir sjá loks, að hæstv. fjmrh., sem um þetta mál hefir talað. er sá maðurinn, sem þyngst hefir lagzt á móti þessu máli.

Það er þetta, sem kjósendur sjá. Þeir munu yfirleitt líta til þings og stj. og þeir munu í upphafi kannske hafa getað átt von á að mega vænta góðs þaðan, en eftir þeim undirtektum, sem þessi mál hafa fengið hjá hv. Alþ., munu þeir komast að raun um hið gagnstæða.

En ummæli hæstv. fjmrh. um þessi atriði komu mér til að minnast á það, að borgarar þjóðfélagsins munu á hverjum tíma mega gera þær kröfur til þeirrar stj., er með völdin fer, að hún í ráðstöfunum sínum taki tillit til allra stétta og allra flokka í landinu, alveg án tillits til þess, hverrar pólitískrar skoðunar ein-

staklingurinn er. Það tillit, sem hverri stj. þannig ber að taka, ber að vera þeim mun ríkara, sem borgarar þjóðfélagsins eiga við erfiðari kjör að búa.

Það mun naumast vera ágreiningur um það, að íslenzka þjóðin á nú, til lands og sjávar, við að búa alveg sérstaka erfiðleika. Hæstv. atvmrh. hefir í sinni ræðu lýst því nokkuð, en mér virtist endinn á hans ræðu vanta, hann hefði átt að minnast á, að það er einmitt stj., sem hefir verið studd af sósíalistum, sem mestan hluta undanfarinna ára hefir farið með völd — stjórn, sem tók við atvinnuvegunum í blóma, þar sem ekki var þjóðnýting, heldur einstaklingsframtak. Sú stj. skildi þannig við, að allt er í rústum.

Þessu hefði hæstv. atvmrh. ekki átt að gleyma, þegar hann talaði um ástæður atvinnuveganna. Ég vil í því sambandi minnast á það, að hæstv. ráðh. sagði, að sjálfstæðismenn hefðu gleymt mikilsverðu atriði í sambandi við fiskveiðasjóðinn — því, hvernig ætti að afla þess fjár, sem þar á að leggja fram. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að það er gerð grein fyrir því, hvernig eigi að afla fjárins. En hæstv. atvmrh. ætti að beina þeim tilmælum til hæstv. fjmrh., að hann ætti með þeim tekjuöflunarfrv., sem hann leggur fyrir þingið, að gera grein fyrir því, hvað miklar tekjur hvert þessara frv. muni gefa í ríkissjóð.

Í dag var útbýtt einu tekjuöflunarfrv., en þar er ekki minnzt á, hvað mikilla tekna þetta frv. muni afla ríkissjóði. En erfiðleikarnir, sem eru á öllum atvinnuvegum landsmanna, bæði til lands og sjávar, takmarkanir á möguleikum til sölu allra afurða, leiða vitanlega til þess, að ríkissjóði veitist æ erfiðara að standa í skilum út á við.

Svipaða erfiðleika og við eigum nú við að stríða hafa aðrar þjóðir einnig átt við að etja. Til þess að leysa þann vanda, sem þannig hefir steðjað að, hafa ýmsar aðrar þjóðir séð þann eina kost vænstan að reyna að sameina starfskrafta þjóðarinnar, til þess þannig sameinaðir að lyfta þjóðinni yfir örðugleikana. Sú viðleitni til sameiginlegra átaka hefir að vísu verið framkvæmd á nokkuð mismunandi hátt í ýmsum löndum. En hvort sem sú tilraun kemur fram í þjóðstjórn eða á annan hátt, þá er hitt vitað, að í því felst tilraun til þess, a. m. k. um stundar sakir, að draga úr pólitískri flokkadeilu til þess að þeir kraftar þjóðfélagsins, sem líklegastir mega teljast til þess að lyfta þjóðinni yfir örðugleikana, megi sameinaðir, en ekki sundraðir vinna að því. Erfiðleikar atvinnuvega vorra til lands og sjávar eru viðurkenndir. — Yfirfærsluörðugleikar og þverrandi geta íslenzka ríkisins til skilvísrar greiðslu er staðreynd. Það mætti því gera ráð fyrir, að flokkar þeir, sem nú styðja núv. hæstv. ríkisstj., ekki sízt þar sem hún styðst við minni hl. kjósenda, hefðu í einhverju viljað leita samvinnu og samstarfs pólitískra andstöðuflokka, til þess að reyna sameinaðir að sigrast á vaxandi örðugleikum þeim, er nú steðja að.

En það hefir síður en svo orðið sú raunin á. Þvert á móti. Skipun hinnar svo nefndu skipulagsnefndar er þess órækur vottur, að þar er höfð alveg gagnstæð aðferð.

Í þá n. eru valdir menn, sem aðeins tilheyra tveimur pólitískum flokkum. Menn, sem hafa enga hæfileika né þekkingu umfram svo marga aðra, en eru hinsvegar harðsnúnir og heiftúðugir pólitískir fylgismenn núv. stj. Enda eru þeir valdir eingöngu vegna þess.

Hv. þm. Snæf. hefir nú þegar í ræðu sinni skýrt frá, hvers vegna þessi n. sé skipuð, sem sé til þess að koma á þjóðnýtingu allra atvinnuvega, en drepa niður allt einstaklingsframtak og einkarekstur. N. er aðeins flokksnefnd rauðu flokkanna. Til viðbótar því, sem hv. þm. Snæf. hefir sagt um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og um nefndarskipunina, vil ég aðeins benda á, að samkv. 1. gr. frv. er n. gefið vald til þess að heimta skýrslur af einstaklingum, munnlega eða bréflega, um öll þau atriði, er n. telur við þurfa. Þetta vald, sem n. með þessu ákvæði er gefið, er svo víðtækt og ótakmarkað, að augsýnilegt er, að það hlýtur að leiða til þess, að borgararnir verði í mörgum tilfellum að færast undan að veita umbeðnar upplýsingar. Í þeim lögum þar sem lögð er skylda á borgarana til þess að gefa upplýsingar, eins og t. d. um vitnaskylduna, eru sett ýmiskonar undantekningarákvæði, til þess að vernda borgarana gegn því að þurfa að skýra frá ýmsu, sem ef opinbert verður, getur skaðað þeirra atvinnurekstur. Engar slíkar hömlur eru settar hér. Ef n. telur, að hún hafi þörf fyrir þessar upplýsingar, skal viðkomandi, að viðlögðum allt að 100 kr. dagsektum, vera skyldur til að veita umbeðnar upplýsingar. Einstaklingurinn getur ekki borið það fyrir sig, að atriðið sé einkamál hans, eða að það sé öðrum óviðkomandi og því starfi, sem n. vinnur að. N. úrskurðar það sjálf. Borgarinn er sviptur þeim sjálfsagða rétti að geta leitað úrskurðar dómstólanna þar um. N. er gefið alræðisvaldið.

En ef nú einstaklingurinn samt sem áður neitar að veita þessar umbeðnu upplýsingar, þá getur n. skyldað hann, að viðlögðum allt að 100 kr. dagsektum, til að verða við fyrirmælum n.

Það kemur ekki fram í frv., hvort n. er gefið vald til þess að úrskurða einstaklinginn í 100 kr. dagsektir. Ef það væri, þá er það einsdæmi, því að mér er ekki kunnugt um, að neinn maður geti úrskurðað annan í sektir, nema þeir sem gefið er dómsvald. En ef það er tilætlunin, að n. eigi að leita til lögreglustjóra og kæra út af því, ef viðkomandi einstaklingur gefur ekki upplýsingar, þá hygg ég, að það geti orðið tafsamt fyrir n., ef hún í öllum tilfellum á að höfða mál gegn þeim, sem ekki vilja gefa upplýsingar og sekta þá, til þess að þeir verði við tilmælum n. Ef svo færi nú samt sem áður, að einhverjum yrði það á að gefa ekki að öllu leyti réttar upplýsingar, þá á viðkomandi maður að dæmast fyrir meinsæri. Það eru refsiákvæðin samkv. þessu frv.

Ég skal gjarnan taka það fram, að ef hér væri um pólitískt hlutlausa n. að ræða, sem óskaði upplýsinga til þess að framkvæma vísindalegar rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þá væri allt öðru máli að gegna. En þegar þess er gætt, að

sjálfur formaður þessarar nefndar viðhefur jafnvel hér innan þings, á meðan atkvgr. stendur yfir, hótanir gagnvart þeim mönnum, sem vilja greiða atkv. í samræmi við sannfæringu sína, þá er nokkuð ljóst, hvernig þessi hv. þm. mundi nota það vald utan þings, sem hann samkv. þessu frv. fengi. Það er þess vegna alveg víst, að þetta vald yrði misnotað til ofsóknar atvinnuvegum pólitískra andstæðinga, og áranguriinn af starfi nefndarinnar yrði birtur í blóðum þessara flokka með þeim sérkennilega blæ hlutdrægni og persónulegrar ofsóknar, sem kemur á allt, sem sagt er frá í þeim málgögnum.

En af því, hvernig þessi nefnd er skipuð og af því, hvert er höfuðverkefni hennar, má öllum vera það ljóst, að nefndarskipunin er síður en svo tilraun til þess að sameina þá krafta, er nú mættu þykja til þess hæfastir að koma þjóðinni yfir þá örðugleika, sem hún á við að stríða.

Skipun nefndarinnar er að mínu áliti krepptur hnefi framan í þá flokka, sem ekki aðhyllast kenningar Karls Marx og ekki vilja láta svipta sig öllu athafnafrelsi og enn hafa trú á því, að menn með einstaklingsframtaki séu vænlegri til sigurs í lífsbaráttunni en handjárnaðir skuldaþrælar einokunar og harðstjórnar. Þessi nefndarskipun er því í mínum augum fullkomin staðfesting á því, að núv. hæstv. stj. ætli með því að koma hér á þjóðnýtingu atvinnuveganna, að eyðileggja þær sjálfstæðu atvinnugreinar, sem vér nú rekum og aðeins verða reknar meðan einstaklingsframtakið og athafnafrelsið nýtur sín.

Hæstv. forsrh. hefir bæði í blöðum og hér á Alþ., eins og hæstv. fjmrh. gerir einnig nú, neitað því, að n. ætti að undirbúa þjóðnýtingu atvinnuveganna. Þessa fullyrðingu hæstv. ráðh. tel ég gersamlega tilgangslausa. Bæði er það, að núv. stjórnarblað, Alþýðublaðið, hefir skýrt frá þessu, og hæstv. atvmrh. hefir í ræðu hér á Alþ. staðfest þetta. Mun vissulega öllum ljóst, að sá ráðh., sem hefir skipað nefndina, og gefið henni erindisbréf, muni vita betur um þann tilgang, sem n. á að hafa, heldur en sá ráðh., sem ekki hefir komið nálægt skipun nefndarinnar.

En það er fleira, sem sannar þetta, ef ekki beint, þá óbeint. Kjósendurnir líta til Alþingis, segir hæstv. fjmrh. Og hvað sjá þeir þar? Þeir sjá, að stj. hrúgar inn í þingið frv. um einokun á ótal vöruteg., sem hér yrði of langt mál að telja upp, og fleira í þjóðnýtingaráttina. Jafnframt gerir hún till. um gífurlega hækkun á sköttum og tollum. Ég tel, að sú stj., sem þannig vill ganga inn á verzlunarrekstur landsmanna og taka í sínar hendur ótölulegan fjölda af vöruteg., en banna jafnframt öllum öðrum alla verzlun með þær vörur, sú stj. muni engu síður vilja taka í ríkisins hendur annan þann atvinnurekstur, sem landsmenn nú reka á eigin ábyrgð og áhættu.

Hæstv. forsrh. og fjmrh. ættu því ekki að vera að gorta neitt af því, að þeir hafi einhverja sérstöðu í þessum efnum. Þeir eru vitanlega samsekir hæstv. atvmrh. í því að vilja þjóðnýta atvinnuvegi landsmanna og hafa sannað það með flutningi ýmsra stjórnarfrv. um einkasölu á fjölmörgum vöruteg. Og ekkert hik virðist vera á þessu einkasöluæði, þó að upplýst sé, að með því séu um 4000 manns sviptir atvinnu og þó að mótmæli berist mjög víða að gegn þessari herferð stj. og Alþ.

Slík er framkoma hæstv. stj. Aðeins til þess að geta orðið við því ákvæði í 4 ára áætlun Alþýðufl., að ríkið taki í sínar hendur alla utanríkisverzlun, verður Framsóknarfl. á Alþ. að svinbeygja sig fyrir öllum slíkum kröfum þess flokks. Við kosningarnar í vor lýsti Framsóknarflokkurinn því yfir, að hann myndi vilja vernda frelsi einstaklingsins og vernda lýðræðið. Hvorutveggja hefir hann svikið. Löggjafarstarfið á núv. Alþ. mótast af ofbeldi og skoðanakúgunarvaldi Alþýðuflokksleiðtoganna og undirlægjuhætti þingflokks Framsóknarflokksins. Mörg af þeim frv., sem stj. ber fram eða lætur bera fram og meðferð þeirra á Alþ. bera þessa ljósan vott. Hv. þm. Snæf. hefir minnzt á frv. um vinnumiðlun, en ég skal drepa á frv. um verkamannabústaði. Það er vitað, að það er aðeins borið fram til þess að reyna að eyðileggja þá tilraun, sem sjálfstæðir verkamenn hér í Rvík hafa gert til þess að byggja yfir sig og njóta þeirrar aðstöðu, sem lögin veita þeim. Eins er frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins aðeins flutt til þess eins, að koma meiri hl. núv. stj. verksmiðjunnar frá völdum. Það er og vitað, að frv. til l. um útvarpsrekstur ríkisins er borið fram í þeim eina tilgangi að koma vissum mönnum frá starfi sínu við útvarpið.

Ég veit ekki, hvað lengi landsmenn yfirleitt una slíkum aðförum; flokksmenn stj. virðast una vel handjárnum. Það má minna á það, að áður fyrr voru skuldugir þrælar danskrar einokunar bundnir við staur og hýddir. Nú er slík aðferð ekki lengur viðhöfð. En í staðinn hyggst Alþýðufl. með aðstoð Framsóknarfl. að hefta landsmenn í fjötra íslenzkrar einokunar, kúgunar og pólitískrar hlutdrægni, og í stað hýðingar verða menn nú féflettir.

Sjálfstæðisfl. stendur einn gegn slíkum aðferðum. Hann hefir ekki eins og Framsóknarfl. svikið loforð sín, þó óréttmæt kosningalög varni því, að hann geti hamlað því, að löggjöf sósialista verði samþ. En eins og það er víst, að Sjálfstæðisfl. mun framvegis sem hingað til berjast fyrir lýðræði og lýðfrelsi og gegn allri kúgun í hverri mynd sem hún birtist, þá er það eins víst, að svik rauðu flokkanna við allar lýðræðishugsjónir, misnotkun hins pólitíska valds, skoðanakúgun þeirra, hlutdrægni og ofbeldi mun verða sú pólitíska svipa, er á sínum tíma neyðir þá til reikningsskapar frammi fyrir kjósendum.

**Bjarni Ásgeirsson:** Herra forseti! Aðalmótbára hv. þm. Snæf., sem hér var frummælandi í kvöld, og hv. 8. landsk., sem hér talaði síðast, gegn þessari n. og starfi hennar var það, að henni væri fyrirfram ákveðin niðurstaða; að það væri þannig í garðinn búið, að hún gæti ekki komizt að annari niðurstöðu en þjóðnýtingu á öllum sviðum. Og með hverju haldið þið, að þeir hafi viljað sanna þetta? Jú, til allrar hamingju er til lítið kver, sem heitir fjögra ára áætlun Alþýðuflokksins og gefið var út

fyrir síðustu kosningar. Þetta kver er nú að verða að helgidómi í höndum sjálfstæðismanna. Þeir kunna á fingrum sér fjölda ritningargreina úr því til þess að sanna með þjóðnýtingarsyndir á okkur framsóknarmenn. Þegar svo í þessu kveri er minnzt á nefndarskipun slíka sem hér er um að ræða, þá þarf nú ekki lengur vitnanna við; það er svo sem gefið, að ekkert annað en þjóðnýting getur af þessu leitt. N. er ekkert annað en öxi, reidd að rótum trjánna, fyrirtækjum einstaklinganna í landinu, hvort sem þau bera ávöxt eða ekki. Þetta er ekkert nýtt; það hefir kveðið við sýknt og heilagt hjá stjórnarandstæðingum síðan stjórnarskiptin urðu í sumar, þegar talað er við framsóknarmenn og í þeim málgögnum, sem þeim er ætlað að lesa, að starfsskrá sú, sem þá var samin og birt, eftir að nýja stjórnin var tekin við völdum, væri öll tekin upp úr 4 ára áætlun Alþýðuflokksins, og allt, sem stjórnin gerði, væri samkv. fyrirskipunum jafnaðarmanna, knúið fram með þeirri svipu, sem þeir hefðu yfir höfðum framsóknarmanna í þinginu.

Mig langar til að minnast ofurlitið á þessa 4 ára áætlun. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þótt svo hefði farið, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði orðið í meiri hl. og myndað stj. upp úr kosningunum, þá hefðu ráðherrar hans ekki algerlega getað siglt fram hjá þessum þjóðnýtingarboðum. Við skulum segja, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði myndað stj. og hv. þm. Snæf. orðið atvmrh. Við getum látið okkur detta í hug, að hann hefði viljað taka visindin í þágu atvinnuveganna til lands og sjávar. Ég held, að eitthvað þess háttar hafi kveðið við hjá frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningarnar. En hvernig hefði honum orðið við, ef einhver hefði bent honum á, að með þessu væri hann farinn að vinna að þjóðnýtingu, þar sem á þetta er minnzt í 4 ára áætlun sósíalista. E. t. v. hefði líka hv. þm. viljað vinna að auknum markaði erlendis fyrir afurðir bænda og sjávarútvegsmanna, með aukinni vöruvöndun og margbreyttari vinnslu afurðanna. En hann hefði sennilega orðið að hætta við allt slíkt, þegar hann hefði tekið eftir, að þetta stendur í 4 ára áætluninni og er því ein grein á þessu fagra — eða hitt þó heldur — þjóðnýtingartré.

Nú skulum við aftur á móti hugsa okkur, að hv. þm. Snæf. hefði orðið fjmrh. og dottið í hug að reyna að gera fjárl. svo úr garði, að þau yrðu sem réttust mynd af fjárhagsástæðum ríkissjóðs, þar sem hvorki væru faldar væntanlegar tekjur né fyrirsjáanleg útgjöld; hann hefði sennilega orðið að biðja fyrirgefningar á slíku framferði, því þetta er upp úr 4 ára áætlun Alþýðuflokksins. Hefði hv. þm. orðið dómsmrh. hefði hann e. t. v. langað til að endurbæta réttarfarslöggjöfina og auka réttaröryggið í landinu; en þá var hann líka farinn að framkvæma þjóðnýtingarstefnu jafnaðarmanna, því það er einnig talað um þetta í 4 ára áætluninni.

Kannske hv. þm. hefði líka dottið í hug að koma á fullkominni landhelgisgæzlu og auka öryggi sjómanna með ráðstöfunum til slysavarna. En honum hefði vafalaust orðið mjög bilt við, þegar hann allt í einu hefði tekið eftir, að hann var farinn að framkvæma 4 ára áætlun sósíalista.

Ég skal segja hv. þm. Snæf. það, að það er nú svo komið, að um margt af því, sem stendur í þessari góðu bók, 4 ára áætluninni, geta allir flokkar verið sammála. Um nefndarskipunina er þar ekkert sagt annað en það, að skipa skuli n. til að gera till. um, „hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum. (Planökonomi)".

Annað atriði, sem hv. þm. færði fram til sönnunar því, að hér væri aðeins um undirbúning til þjóðnýtingar að ræða, var það, að hv. atvmrh. hefði sagt það sem sína skoðun, að n. ætti þess ekki ýkja mikinn kost að gera till. til umbóta á sviði atvinnulífsins án þess að fara inn á þær leiðir, sem sjálfstæðismenn venjulega kalla þjóðnýtingu. Ég geri ráð fyrir, að maður, sem trúir svo á þjóðnýtingu sem aðalúrræði í öllum vandamálum þjóðfélagsins eins og hæstv. atvmrh. gerir, innilegar heldur en hann hefir nokkurntíma trúað sínum barnalærdómi, geti ekki komizt að annari niðurstöðu en að sú n., sem skipuð er til að finna leiðir út úr vandamálunum, hljóti að hitta á þjóðnýtingarleiðina. Alveg eins og hv. þm. Snæf. gerir væntanlega ráð fyrir, að n., sem hann treysti til að komast að réttri niðurstöðu, mundi benda á hið gagnstæða. Eftir því sem hv. sjálfstæðismenn tala, þá trúa þeir, að helztu úrræðin séu í því fólgin að gera persónulegt frelsi og framtak einstaklinganna sem mest gildandi í atvinnurekstri og þjóðlífi yfirleitt. Og það er fyrirsjáanlegt, að þó menn gangi að starfi í þessari n. með það eitt fyrir augum, að komast að sem réttastri niðurstöðu í öllum atriðum málanna, þá hljóta þeir að álykta, að niðurstöðurnar verði í samræmi við þær persónulegu skoðanir, sem þeir hafa fyrirfram.

Það er þannig síður en svo, að þetta tvennt, sem ég hefi talað um, sé sönnun fyrir því, að niðurstaða nefndarinnar sé fyrirfram ákveðin, enda er vitanlegt, að hún hlýtur að verða samkv. því, sem rannsóknin leiðir í ljós.

Þetta, sem hér er nefnt „Planökonomi", er nú eitt höfuðviðfangsefni allra þjóða. Hvort sem þjóðirnar eru smáar eða stórar gera þær þetta að sínu aðalmáli í öllum starfsgreinum nú á tímum. E. t. v. blanda sumir því saman, að Rússar, sem reka atvinnuvegina yfirleitt á grundvelli ríkiseignar og þjóðnýtingar, eru komnir einna lengst í þessu, sem kalla mætti skipulagningu á lélegri íslenzku; af því að þetta fer saman þar, halda menn e. t. v., að öll skipulagning sé þjóðnýting. En ég vil benda á það, að ýmsar þjóðir, sem eru langt frá því að vera á bandi rauðu flokkanna, eru engu skemur á veg komnar í þessum efnum heldur en aðrar, sem stjórnað er af sósíalistum. Ég hefi það t. d. fyrir satt, að á Norðurlöndum sé „Planökonomi" ekki skemmra á veg komin hjá Norðmönnum, sem haft hafa stjórn úr borgarafl. undanfarin ár, heldur en hjá Dönum og Svíum, þar sem jafnaðarmenn hafa farið með völd. Allar þær tilraunir, sem Roosevelt er að gera til þess að byggja nýtt

skipulag upp úr þeim óskapnaði, sem hin frjálsa samkeppni hefir steypt atvinnulífi Bandarikjanna út í, eru einungis tilraunir í sömu átt, sem ætlazt er til, að lagt verði út í með þessari n.-arskipun. Og það er langt frá því, að starf hans sé eftir línum jafnaðarmanna í heiminum. — Um England er það vitanlegt, að þar hefir setið að völdum íhaldsstjórn að undanförnu og hafa þó óvíða verið gerðar tröllauknari tilraunir til skipulagninga. Hvað var Ottawaráðstefnan annað en tilraun til skipulagningar á verzlun innan brezka heimsveldisins? Og tilraunin til að skipuleggja mjólkursöluna hér er ekki nema örlítill skuggi af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í sömu átt í Englandi, þar sem öll mjólkursala er komin undir einn hatt. Þær þjóðir, sem postular sjálfstæðismanna sögðu fyrir kosningarnar, að hefðu rekið „rauðu hættuna" af höndum sér, eins og t. d. Ítalir og Þjóðverjar, reyna engu síður en aðrar þjóðir að koma á hjá sér þeirri planökonomi, sem talað er um í 4 ára áætluninni. Skipulagningarstarfsemin er þannig enganveginn flokksbundin, hvorki við rauða flokka né svarta; hún er sá þráður, rauði þráður getur maður sagt, sem gengur í gegnum sjálfsbjargarviðleitni allra þjóða nú á tímum.

Og nú langar mig til þess að koma ofurlítið að þessari starfsemi hér heima og afstöðu sjálfstæðismanna til hennar. Við getum tekið saltfisksverzlunina, sem nú er búið að koma í fárra manna hendur, búið að einoka, ef maður vill nota það orð, sem hv. sjálfstæðismönnum er svo tamt. Það var gert með aðstoð ríkisvaldsins; ekki löggjafarvaldsins að vísu, en þeirri grein ríkisvaldsins, sem heyrir undir bankana. Og þeir, sem bezt gengu fram í að koma þessu skipulagi á, voru menn úr Sjálfstæðisflokknum, sem annars krossa sig í bak og fyrir, ef þeir heyra þjóðnýtingu eða skipulagningu nefnda. Hv. þm. G.-K. lét það verða sitt fyrsta verk sem ráðh. að gefa út bráðabirðalög til stuðnings þessu skipulagningarstarfi. Á seinasta sumri gaf núv. hæstv. atvmrh. út bráðabirgðalög, sem komu einkasölu á vissa tegund af útflutningssíldinni, og það fyrir beiðni ýmissa sjálfstæðismanna, sem telja sig fylgjandi hinni frjálsu samkeppni. Það var svo fjarri því, að þetta mætti mótspyrnu, að jafnvel Morgunblaðið klappaði á vangann á ráðh. og gerði gælur við hann sem góða barnið í þessu máli.

Ég get einnig minnzt á skipulagningu kjötverzlunarinnar. Á þinginu 1933 voru samþ. lög til þess að koma þeirri skipun á sölu kjötsins utanlands, sem þá þótti nauðsynleg, og ég vissi ekki betur en sjálfstæðismenn stæðu að því eins og aðrir. Nú á þessu þingi, þegar framlengja átti þessa löggjöf, réttu allir upp hendina með því, að hún skyldi gilda áfram. Umræðurnar um bæði kjötsölumálið og mjólkurmálið hafa snúizt svo undarlega í báðum deildum, að það mátti segja, að allur svarti flotinn sigldi kappsiglingu við „rauðu flokkana" um það, hverjir væru beztir vinir þessara mála og hverjir væru frumkvöðlar þeirra.

Þannig hafa þeir sýnt það, sjálfstæðismenn, á öllum sviðum, að þeir beygja sig fyrir þeirri nauðsyn á skipulagningu, sem þeir hafa rekið sig á, í hvert sinn sem til hefir þurft að taka hér á þingi. En þeir mega vara sig á því, að ef þeir vilja halda áfram að vera jafnheilagir og hreinir af öllu því, sem þeir kalla þjóðnýtingu, þegar framsóknarmenn eiga í hlut, þá mega þeir ekki ganga feti lengra en þeir hafa þegar gert. Haldi maður sér við þeirra litmyndalíkingu, sé ég ekki betur en farið sé að slá dumbrauðum blæ á þeirra hrafnsvarta íhalsbúk. Segi ég þetta þeim til hróss; þeir eru ekki eins slæmir eins og þeir vilja vera láta. Þeir sjá eins og allir aðrir, hvernig ástandið er orðið og þora þá líka að taka viðfangsefnið berum höndum. En það, sem ég vildi aðeins benda á, er það, að þeim fer illa eins og nú er komið, að ætla að stimpla okkur framsóknarmenn, sem staðið höfum með þeim, eða réttara sagt, sem þeir hafa staðið með í þessari baráttu, sem einhverja blóðrauða þjóðnýtingarálfa, en telja sig samtímis hvíta sem engla.

Hv. þm. Snæf. talaði lítið um það nú, en hann hefir áður kvartað undan því hér á þingi, að sjálfstæðismenn hafi ekki fengið að hafa menn í þessari n. Þetta finnst mér einnig benda til þess, að skipulagningarmálin séu þeim ekki eins fjarlæg eins og þeir láta, þar sem þeir telja n. skipaða til þess að undirbúa þjóðnýtingu. (TT: Hver hefir óskað eftir að koma sjálfstæðismönnum í nefndina?). Hv. þm. Snæf. við fyrri umr. þessa máls. (TT: Þetta er alrangt). Ég skal ekkert lá honum það; ég fyrir mitt leyti hefði ekkert á móti því, að sjálfstæðismenn ættu sæti í þessari n. Ég tel öllu heppilegra að sá háttur væri upp tekinn í stjórnmálabaráttunni, að allir aðiljar reyni að kryfja málin til mergjar; reyni að skýra málin í stað þess að þvæla þau. Ég er viss um, að það yrðu happadrýgri vinnubrögð heldur en óljóst glamur um rauða flokka, persónulegt frelsi, framtak einstaklingsins og aðrar slíkar pólitískar flautir, sem slegnar eru fyrir hverjar kosningar og stökkt á háttv. kjósendur. Ég er ekkert hræddur við niðurstöðu slíkrar rannsóknar, þó hún væri framkvæmd af öllum flokkum. Ég trúi því, að hún mundi leiða inn á brautir okkar framsóknarmanna, brautir samvinnustefnunnar í landinu. Ég trúi því, að það sé hæfasta stjórnmálastefnan, sem haldið er uppi í þessu landi, og ég trúi því einnig að það muni halda velli, sem hæfast er.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Herra forseti! Hv. 2. landsk., flokksbróðir minn hér í d., hefir talað um hina formlegu hlið málsins, og mun ég á þeim fáu mínútum, sem ég hefi til umráða, víkja að efnishlið þess.

Þá er fyrst að athuga, hver er tilgangurinn með stofnun þessarar n., sem á að veita svo víðtækt rannsóknarvald, og hvað miklar líkur eru til þess, að starf hennar geti orðið til þjóðþrifa.

Eins og menn muna var lögð mikil áherzla á það af jafnaðarmönnum, þegar n. var skipuð, að hún ætti að vinna að framgangi stefnumála flokksins samkv. 4 ára áætluninni. Að vísu munu framsóknarmenn segja, að áhrifa muni einnig gæta frá þeim í störfum og ályktunum nefndarinnar, því opinberlega hafa þeir enn

ekki viljað kannast við, að þeir væru jábræður sósialista í öllum greinum. Hv. þm. Mýr. var hér rétt áðan að reyna að þvo sig og flokksbræður sína hreina af öllu samneyti við sósialista. Honum er nú svo lagin þessi þvottur, hann hefir iðkað hann hér á þingi um alllangt skeið og tekizt vonum framar. En eins og menn sjá er þó eins og að einhver óhreinindi af samneytinu við sósialista vilji alltaf loða við hann áfram.

Til þess nú að sýna, hvað þeir framsóknarmenn væru tárhreinir af öllu samneyti við sósialista, taldi hann upp nokkur atriði úr 4 ára áætlun sósialista, þau atriðin, sem eru svona helzt almenns eðlis og sósialistar hafa tekið með til þess að punta dálítið upp á kramið og svo til þess að tæla framsóknarmenn í beddann, sem þeir vissu að voru nógu grunnhyggnir til að gleypa agnið með þessari beitu á króknum. En valið á mönnum í n. tekur af allan vafa í þessu efni. Til þess að tryggja sinni stefnu fullan sigur í n. hafa Alþýðuflokksmenn fengið meiri hl. n. úr sínum flokki, og formaður nefndarinnar er varaformaður Alþýðuflokksins, Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.

Ef mönnum finnst þetta ekki nægileg sönnun fyrir því, að stefna sósialista verði ráðandi í störfum n., þá þarf ekki annað en kynna sér, hvaða áhrif þeir hafa haft á framsóknarmenn síðan samsteypustjórn þeirra var mynduð á síðastl. sumri. Ég mun einungis taka fá dæmi af mörgum, og þá helzt þau, sem snerta landbúnaðinn, því þar verður átakanlegust eymd framsóknarmanna, þeirra manna, sem telja sig fulltrúa bændanna.

*Milliþingan.* í afurðasölumálunum, sem skipuð var af fyrrv. atvmrh. Framsóknarflokksins, Þorsteini Briem, samkv. þáltill. frá Jóni í Stóradal, samþ. á síðasta þingi, skilaði núv. stj. frv. um sölu mjólkur og rjóma og öðru um sölu sláturfjárafurða á innlendum markaði. Bæði þessi frv. gaf stj. út sem bráðabirgðalög samkv. ákveðnum óskum frá milliþn. En bæði urðu þau fyrir allverulegum skemmdum í meðferð stj. Umráðaréttur á meðferð og sölu afurðanna var dreginn meir úr höndum framleiðenda og færður yfir til neytenda, samkv. ákvæðinni till. Alþýðuflokksins, og í framkvæmdinni voru framsóknarmenn kúgaðir til að lækka verð mjólkurinnar í Rvík áður en minnstu líkur voru til, að bændur fengju framleiðslukostnað sinn endurgreiddan. Þannig er farið með þann hagnað, sem vinnst við skipulagningu sölunnar, þann hagnað, sem bændur hafa heimtingu á að fá allan og óskertan, svo að búskapur þeirra geti borið sig.

Við framkvæmd kjötsölulaganna hefir ekki verið gætt hagsmuna þeirra, sem erlenda markaðinn verða að nota, betur en svo, að þrátt fyrir það þótt þeir, sem selja á Rvíkurmarkaði, fái yfir 20 aur. hærra verð fyrir hvert kjötkíló, þá verða hinir að sætta sig við allt að 10 aur. lækkun frá því í fyrra. Svo skammt hrekkur verðjöfnunarsjóður til þess að jafna mismuninn.

Ég bið afsökunar á, að ég brá mér til að ná í þingskjal til stuðnings máli mínu.

Nú fyrir tveimur dögum voru til umræðu í hv. Ed. bæði kjötsölulögin og mjólkursölulögin. Þá lá fyrir brtt. frá Þorsteini Briem, sem ég skal með leyfi hæstv. forseta lesa hér upp:

„Nú verður verð á útfluttu kjöti tilfinnanlega lágt, svo að verðjöfnunarsjóður hrekkur hvergi nærri til að bæta upp verð útflutta kjötsins til nokkurs samræmis við kjötverð á innlendum markaði, og er ríkisstjórninni þá heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag til verðjöfnunarsjóðs til aukaverðuppbótar á útflutt kjöt, allt að þeirri upphæð, er aðrar tekjur sjóðsins nema það söluár".

Þessi till., sem er svo sjálfsögð eftir að þær upplýsingar eru fengnar um afkomu þessarar vörusölu bændanna, að ekki gat nokkur ástæða verið sjáanleg fyrir nokkurn þm. að greiða atkv. á móti svo sjálfsögðum styrk til bænda. En hvað skeður? Stjórnarliðið, allt saman óskipt, leggst á móti þessari sjálfsögðu till. með stuðningi þeirra manna úr Sjálfstæðisfl. hér í Rvík, sem tregastir hafa verið til þess að líta með velvild á hagsmunamál bænda.

Sama dag var til meðferðar í Ed. brtt. við mjólkursölulögin frá Þorsteini Briem og Pétri Magnússyni. Sú till. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ákvörðun á útsöluverði mjólkur og mjólkurafurða skal sérstaklega hafa hliðsjón af kostnaði við framleiðsluna á hverjum tíma og þess gætt, að framleiðendur njóti að fullu þess hagnaðar, er leiða kann af breyttri tilhögun mjólkursölunnar, að minnsta kosti að svo miklu leyti sem þarf til þess, að mjólkurframleiðslan fái borið sig. Í því skyni skal við ákvörðun útsöluverðsins stuðzt við verðvísitölur, er sýni aðalkostnaðarliði framleiðslunnar ár hvert, eftir nánari ákvæðum, er ráðherra setur í reglugerð".

Hér er í raun og veru aðeins nokkuð hert á ákvæðum, sem eru í bráðabirgðalögunum um mjólkursölu og var lögð áherzla á í milliþingan. í afurðasölumálinu, að allt, sem ynnist af skipulaginu á sölu og meðferð mjólkur, gengi óskipt til bænda, þangað til sýnt væri, að þeir fengju það hátt verð fyrir mjólkina, að búskapur þeirra gæti borið sig.

Hvaða fulltrúar bænda mundu nú leyfa sér að greiða atkv. á móti svona sjálfsagðri till.? Að óreyndu getur maður ekki ímyndað sér, að neinn þeirra gerðist svo djarfur. En hvað skeður? Nákvæmlega það sama og í kjötsölumálinu. Þeir fylgdust óskiptir að því að drepa þessa till. með stuðningi hinna sömu Rvíkur-sinnuðu sjálfstæðismanna.

Þeir hafa stundum verið að tala um það áður fyrr, framsóknarmenn, að það væri ekki vansalaust að vera með máli, sem sjálfstæðismenn stæðu að. En Framsóknarfl. á þingi nú í þetta skipti veigrði sér ekki við að fylgja þeim mönnum að málum, sem fjandsamlegastir hafa verið í þeim flokki gagnvart bændum landsins. Svona er nú komið um bændavináttu Framsóknarfl. Þeir verða að draga hina þungu hlekki, sem sósialistar hafa hengt á þá. Þetta eru fyrirskipanir, sem sósialistar hafa rétt að þeim, og þeim fylgir það, að ef þeir ekki beygja sig og verða góðu börnin, þá fá þeir ekki að vera í stjórn lengur. Og Framsóknarfl. hugsar ekki fyrst og

fremst um það, að bera fram umbótatill. til hagsmuna bændum, til þess að létta af kreppunni í búskapnum hjá bændum. Nei, hann hugsar meira um það að lækna kreppuna, sem er í stjórnarherbúðum hans, að hlúa sem bezt að möguleikum þeirra til að halda í völdin. Það er þeim meira virði en að rétta bændum, sem þeir eru kosnir fulltrúar fyrir, hjálparhönd, þegar harðast blæs á móti. En hvernig mun svo fara um sjálfstæði framsóknarmanna gagnvart sósíalistum í öðrum málum, þegar þeir eru svo svínbeygðir fyrir þeim í þessum aðalhagsmunamálum bændanna? Ég hefi ekki trú á, að þeir reynist þar djarfari en þeir hafa reynzt í þessu máli. Og ég trúi ekki á viðreisn atvinnuvega þjóðfélagsins á vegum sósíalista. Ég get því ekki léð mitt atkv. til að styðja endanlega löggjöf um þá nefnd, sem nú hefir verið stofnað til með þeim hætti, sem gert hefir verið. Ég get ekki stutt neina löggjöf, sem fer í þá átt að veita þessari n. það rannsóknarvald, sem á að gera með því frv., sem fyrir liggur. Hæstv. fjmrh. hvað þessa n. eiga að finna nýjar leiðir til þess að beina atvinnulífi þjóðarinnar inn á. Það er svo. Hvað hefir stj. gert? Hvað hafa þessir „allieruðu" flokkar gert í þessu efni? Jú, þeir hafa verið að reyna að beina a. m. k. einni stétt landsmanna inn á aðra leið en þá, sem hún hefir verið á. Það vita allir, að bændur hafa átt við hin örðugustu kjör að búa og að þeir hafa ekki getað lifað af atvinnurekstri búa sinna. Síðastl. sumar beitti stj. sér fyrir hækkun á almennu kaupi, og framsóknarmenn og stjórnin töldu höfuðkostinn við kauphækkunina, að bændur fengju meira kaup. Það átti að benda bændum á það, þeir ættu ekki að vera að hokra við þennan búskap, sem ekkert gæfi af sér, þeir ættu að yfirgefa hann og fara til kaupstaðanna og gerast daglaunamenn. Þarna er nú tilraun stjórnarinnar til að beina atvinnulífinu inn á nýjar brautir. Sósialistar og framsóknarmenn álíta þetta holla stefnu, enda þótt hún í reyndinni leiði út í fjárhagslegt öngþveiti. En þegar svo er komið, trúa þeir, að þeir geti beizlað þjóðina svo rækilega, að þeir fái ráðið við hana að öllu leyti.

Hæstv. ráðh. sagði, að það skipti minnstu máli, hvort atvinnutækin væru talin eign einstaklinga, bæjarfélaga eða sveitarfélaga. Þetta er sjálfsagt svo í hans augum og hans flokksmanna. En þessi setning er nú bara brot úr þeirri kenningu, sem verið er að reyna að læða út til þjóðarinnar í heild, að það skipti minnstu máli, hvort nokkuð sé hugsað um það að safna verðmætum til þess að eitthvað sé hægt að framkvæma. Það má enginn geta neitt framkvæmt.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það er nú þröngt um markað fyrir innlendar afurðir. En það er þó að minni hyggju ekki eins svart fyrir dyrum eins og hann vildi segja. Hann nefndi, að við gætum ekki flutt til Noregs nema 6 þús. tunnur af kjöti. Þannig má samkv. norsku samningunum flytja á næsta ári 8500 tn. og þar að auki 1500 tunnur á ári til skipa. En þessi möguleiki fer þverrandi sem nemur 1500 tunnum á ári. En auk þess, sem við höfum flutt kjöt fryst til Englands, höfum við selt fryst kjöt til Norðurlanda. Og ég hygg, að sá útflutningur hafi numið a. m. k. helmingi af því, sem leyfilegt er að flytja til Noregs á næsta ári. Og möguleikar um þann markað eru áreiðanlega vaxandi, þó að ekki sé hægt að fullyrða neitt um, hvernig hann muni gefast í framtíðinni. Og enn er eftir að leita eftir víðtækari markaði fyrir framleiðslu landbúnaðarafurða. Það er alls ekki hægt að segja, að með því litla, sem enn er gert í þessa átt, takist ekki að fullnægja þeirri framleiðslu, sem nú höfum vér.

Hæstv. ráðh. sagði, að vonina um fjárgróða yrði að taka af einstaklingum til hagsbóta fyrir fjöldann. Hvaða von um fjárgróða er hægt að taka frá bændum eins og nú árar? En það er eins og stjórnarflokkarnir öfundi bændur fyrir þann gróða að mega selja mjólk fyrir neðan framleiðsluverð; það má ekki nota skipulag mjólkursölunnar til að færa hlut bænda feti nær framleiðslukostnaði hjá þeim. Þegar átti að girða fyrir gróðavonir, þótti rétt að byrja á bændum. Ég skal þá víkja örlítið að þeirri brtt., sem liggur fyrir frá hv. þm. V.-Ísf. Mér finnst dálítið undarlegt, að hann tekur ekki nema annan flokkinn af tveim, sem urðu útundan við nefndarskipunina. Hann sagðist ekki gera það af því, að hann hefði ekki atkvæðamagn til þess að koma manni í n. En hvers vegna er hann ekki sjálfum sér samkvæmur og gerir till. um, að flokkarnir skuli skipa nefndina eftir atkvæðamagni sínu á þingi? Annars skal ég ekki segja margt um þetta; það skiptir ekki svo miklu máli, þó að þessi bót væri sett á götótta flík. En það, sem mér finnst vera stærsta hnefahöggið í andlit bænda um stofnun þessarar n. og skipun í hana, er það, að nú hefir það skeð, sem aldrei hefir skeð áður í nær hálfa öld, að fram hjá Búnaðarfélagi Ísl. hefir verið gengið, þegar verið er að tala um umbætur á sviði landbúnaðarmálanna. Það er þessi hæstv. núv. stj., sem verður sú fyrsta stjórn til að ganga framhjá þessum merkasta aðila landbúnaðarmálanna. E. t. v. á hæstv. stj. eftir að uppskera verðugt þakklæti bænda fyrir þá litilsvirðingu, sem hún hefir sýnt félagsskap þeirra í þessum sökum. Það er talað fallega um það, að þessi n. eigi að gera eitthvað stórt fyrir bændur landsins í skipulagsmálum um framleiðslu afurða þeirra. En við Búnaðarfél. Ísl. er ekki litið, þó að það hafi allt frá því það var stofnað átt frumkvæðið að öllu því, sem hefir orðið til hagsbóta á sviði landbúnaðarmálanna.

En það er svo sem ekki í þessu eina stórmáli, sem þessir háttvirtu herrar hafa lítilsvirt Búnaðarfélag Ísl. Þeir hafa kippt því út úr stjórn afurðasölumálanna, þrátt fyrir það, þótt milliþingan. í landbúnaðarmálum legði til, að það ætti þar fulltrúa, og þrátt fyrir till. kaupfélagsstjórafundarins, sem haldinn var síðastl. vetur í Rvík.

Þannig er afstaða hæstv. núv. stj. gagnvart aðalstofnun búnaðarins í landinu.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Ég verð að segja, að mér finnst meira um stóryrðin en rökin hjá hv. andmælendum þessa frv.

Ég get fullvissað hv. þm. V.-Húnv. um það, að

það breytir ekki á nokkurn veg afstöðu íslenzkra bænda til nefndarinnar né heldur því, hvort vel eða illa hefir tekizt skipun manna í n., þó að hann fullyrði og endurtaki oft, að með skipun Steingríms á Hólum sé bændastéttinni íslenzku greitt hnefahögg í andlitið. Ég þekki talsvert til íslenzkra bænda og hygg, að mikill meiri hl. bænda telji Steingrím vel fallinn til þessa starfa.

Út af till. hv. þm. V.-Ísf. og ummælum nokkrum um það, að mér sem atvmrh. hafi illa farizt með því að skipa ekki sjálfstæðismenn í n., þá skal ég lesa þau orð, sem féllu frá mér við 1. umr., þar sem þau hafa verið færð til verri vegar bæði í ræðu og rituðu máli. Með leyfi hæstv. forseta:

„Ef marka má orð hv. þm. Snæf., eru nú einhver veðrabrigði í Sjálfstæðisfl., því að hv. þm. skýrir frá því, eins og ég veik að áður, að Sjálfstæðisfl. vilji gjarnan taka þátt í störfum skipulagsn., og af því, að ég er gæfur og friðsamur maður, vil ég fyrir mitt leyti stuðla að því, að það verði athugað af n. þeirri, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, hvaða möguleikar eru á, að þetta megi verða. Eins og ég tók fram, hafði ég skilið það svo af ræðum sjálfstæðismanna fyrir kosningarnar og skrifum flokksblaðanna, að Sjálfstfl. vildi ekki taka þátt í þessu starfi, en sé það svo, að flokkurinn óski þess nú, myndi ég fyrir mitt leyti vilja leggja til, að það verði athugað í n., hvort hægt er að ganga til móts við óskir flokksins í þessu efni".

Annað og meira sagði ég ekki en þetta. En ég skal gera nokkru fyllri grein fyrir, hvers vegna sjálfstæðismenn voru ekki skipaðir í n. þegar í upphafi. Það var af því, að einmitt þetta atriði í 4 ára áætlun flokksins, að skipa n. sérfróðra manna til að gera till. til bóta á skipulagi þjóðarbúsins, sætti mestum mótmælum hjá Sjálfstæðisfl. Blöð hans og ræðumenn á fundum andmæltu þessu ekki eingöngu sem endemis firru, heldur beint sem háska fyrir þjóðina, — líkt og nú, þegar mælskan kemst á hærra stig í ræðum þeirra. Það var því ekki ástæða til að ætla, að sjálfstæðismenn mundu óska eftir neinu samstarfi um það, sem átti að vinna. Eftir að ég sagði þessi orð við 1. umr., hefir engin ósk komið til mín um það, að menn úr Sjálfstæðisfl. yrðu skipaðir í n. Og ég verð að segja, að af þeim umræðum af hálfu sjálfstæðismanna, sem hér hafa farið fram, hefir ekki aukizt trú mín á, að þeir vildu vinna með hollum huga að lausn þeirra verkefna, sem n. eru ætluð. Ég sé því ekki ástæðu til að greiða till. hv. þm. V.-Ísf. atkv., og ég mun greiða atkv. gegn henni.

Til viðbótar skal ég taka það fram, að eftir því, sem ég þekki bezt til, þá er það alstaðar svo í útlöndum, þar sem n. hafa verið skipaðar til svipaðs verkefnis, að þær eru ekki þingkosnar, heldur beinlínis skipaðar af stjórninni, einmitt til þess að tryggja, að milli slíkra nefnda og þeirrar stjórnar, sem fer með völdin í landinu, geti tekizt sem nánust samvinna. Enda er næsta eðlilegt, að svo hljóti að vera.

Út af ummælum, sem féllu hjá hv. 2. landsk. í sambandi við þann voða, sem hann taldi á ferðum vegna þess, hve sá hópur, sem hann kallaði „harkalið" háskólans, væri fjölmennur, hefir borizt frá formanni og ritara Félags róttækra háskólastúdenta beiðni um að lesa upp eftirfarandi yfirlýsingu frá þeim:

„Í tilefni af ummælum Magnúsar Torfasonar alþm. á Alþingi í kvöld vill stjórn „Félags róttækra háskólastúdenta" taka þetta fram: Í Félagi róttækra háskólastúdenta eru menn úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokknum, og tilgangur félagsins er að berjast gegn fasisma og íhaldi".

Þessi yfirlýsing frá formanni og ritara þessa félags sýnir a. m. k., að þeir vilja ekki fallast á, að kommúnistar ráði einir saman. En ég ímynda mér, að með „harkaliði" hafi hann átt við kommúnista og nazista. Get svo látið útrætt um þetta.

Þá verð ég í sambandi við ummæli — eða réttara sagt svigurmæli — hjá hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk. um fjarverandi þm., hv. 2. þm. Reykv., að taka það fram, að þau eru firra ein og fjarstæða. Þeir fullyrtu hér fyrir fjölda áheyrenda, að þessi hv. þm. hefði gengið um og hótað og ógnað öðrum þm. til að greiða atkv. á annan veg en hann hafði ætlað sér. En hvað segir sá, sem á að hafa orðið fyrir þessari árás? Ekki hefir hann verið aðspurður um sannleika málsins. (GÞ: Það heyrðist, hvað þm. sagði). Ég veit ekki, hvað vel þessi hv. þm. kann að leggja við hlustirnar, en þess eru ekki fá dæmi, að honum hefir misheyrzt.

Þá vil ég víkja að bjargráðum Sjálfstæðisfl., sem hv. 8. landsk. drap á. Hann fullvissaði þingheim um, að umhyggja hans fyrir sjávarútveginum væri geysimikil. Nefndi hann tvö mál, sem ég drap á í minni ræðu, frv. um skuldaskilasjóð og frv. um fiskveiðasjóð, og náttúrlega frv. þeirra um fiskiráð. Ég vil þá aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan og hv. þm. bar ekki á móti—, að mjög sorgleg gleymska — að ég noti ekki stærra orð — hefir hent þessa áhugasömu menn, þegar þeir leggja til að gera ráðstafanir, sem kosta ríkið eina milljón kr. á ári, en nefna ekki einu orði, hvaðan tekjur eigi að koma til framkvæmdar þessum ráðstöfunum. Honum láðist að geta þess, hvernig ríkissjóður ætti að fá tekjur til að leggja fram þessa einu milljón. Er ástæða til að ætla, að þarna sé ekki eins mikil umhyggja á ferðum og hv. þm. vill vera láta, sérstaklega þar sem hv. 1. flm. að frv. um skuldaskilasjóð flytur samtímis annað frv., þar sem lagt er til, að sama fé sé ráðstafað á annan hátt. Getur ekki verið um mikla umhyggju að ræða hjá þessum hv. flm. Auðvitað þýðir ekki að flytja frv. um hjálp til handa einni stétt eða annari, ef ekki er um leið sýnt fram á, hvernig fjárins skuli aflað.

Ég skal ekki vera margorður um fiskiráðið. Slík stofnun hefði aldrei haft vald til að gera nokkurt gagn, eins og frv. var. Að tilhlutun minni hefir verið lagt fram annað frv. sama efnis, sem frá mínu sjónarmiði er talsvert betra.

Hv. 8. landsk. sagði, að undanfarið hefði flokkur farið með völd, sem studdur hafi verið af okkur jafnaðarmönnum. Hv. þm. veit, að við höfum aldrei átt mann í stj. fyrr en nú, og að síðan 1931 höfum við verið í beinni andstöðu við stj. Og síðasti atvmrh. var Magnús Guð-

mundsson, flokksmaður hv. þm., en samflokksmaður hv. þm. V.-Húnv. fór þá með landbúnaðarmál. (GÞ: Ég talaði um árið 1927). Við vorum ekki heldur í stj. þá, þó að við værum hlutlausir gagnvart stj.

Þá er þetta ægilega vald, sem sumir segja, að n. sé fengið í hendur. Þetta vald á að vera svo ægilegt, að menn séu hundeltir sem glæpamenn, ef þeir ekki tjái n. öll sín leyndarmál. Allar þessar ógnir eru tómur hugarburður, sem ég veit, að þessum hv. þm. dettur ekki í hug að trúa sjálfum. Það vald, sem þessari n. á að gefa, er ekki meira en vald það, sem ýmsar n. hafa nú þegar til að krefjast skýrslna o. fl., eins og t. d. skattan. Og hér eiga, eins og þar, að liggja viti við, ef menn gefa ranga skýrslu eða ljúga til. Við nánari athugun sést, að ekki er minnsti voði á ferðum, einkum þegar þess er gætt, að í 2. gr. frv. er það tekið fram, að menn séu bundnir þagnarskyldu, eins og t. d. skattan.menn. N. hefir ekkert framkvæmdarvald. Hún á að koma með till. til lagasetningar, er síðar verða lagðar fyrir Alþ., sem ræður svo úrslitum málanna. Það er því ekki annað en hugarburður, að þótt ákveðinn flokkur eigi ekki menn í n., þá sé honum hætta búin. Ef n. heldur, að einhversstaðar sé úrbótar þörf, þá verða till. hennar athugaðar á þingi af öllum flokkum jafnt.

Hv. 8. landsk. sagði, að ekki stoðaði að neita því, að n. ætti að vinna að þjóðnýtingu. Ég segi fyrir mig, að ég hefi hvorki játað þessu né neitað. Hver n.maður gerir sjálfsagt það, sem hann álítur bezt og réttast. En ég hefi ekki dregið dul á það, að ef ráðstafanir n. eiga að geta ráðið bót á því, sem ábótavant er, þá hljóta þær að beinast í þá átt, að afskipti hins opinbera af öllum atvinnurekstri verði meiri en áður. Hvort menn vilja kalla þetta þjóðnýtingu eða eitthvað annað, liggur mér í léttu rúmi. Ég hefi sýnt fram á það áður, að þjóðnýting er víðtækari en ríkisrekstur og að ríkisrekstur þarf ekki alltaf að heyra undir þjóðnýtingu.

**Frsm. minni hl. (Thor Thors)**: Herra forseti! Það er margt í ræðum hv. andstæðinga, sem ég þyrfti að svara, en mér vinnst ekki tími til að minnast á nema fátt af því.

Hæstv. atmrh. las upp kafla úr fyrri ræðum sínum um væntanlega þátttöku sjálfstæðismanna í n. þessari og kom það einmitt skýrt fram þar, að Sjálfstæðisflokkurinn hefir aldrei æskt upptöku í n. Hann hefir aðeins vitt það, að gengið er fram hjá honum, ef tilgangurinn á annars að vera sá, að n. verði til gagns. Það er því alrangt hjá hv. þm. Mýr., að ég hafi óskað eftir því fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, að hann fengi sæti í þessari n.

Það fór sem mig grunaði, að Framsóknarflokkurinn, eða hæstv. fjmrh. fyrir hans hönd, myndi mótmæla sósialistastefnu Rauðku, eins og þessi n. er almennt kölluð, bæði utan þings og innan — en hæstv. fjmrh. er nú orðinn eins konar útbreiðslustjóri hjá Framsókn, líkt og Göbbels hjá nazistum. En þessi mótmæli verða þýðingarlítil, þegar málið er athugað nánar. Í fyrsta lagi er það vitað, að það er hæstv. atvmrh., sem hefir skipað n. Hann þekkir því manna bezt tilgang hennar og ætlunarverk. Í öðru lagi hafa sósialistar meiri hl. n. og ráða því till. hennar. Og í þriðja lagi er það hæstv. atvmrh., sem á að taka við till. og rannsóknum n. og ræður, hverju hann vill sinna af þeim. Efast nú nokkur heilvita maður um, að hæstv. atvmrh. muni grípa fegins hendi við hverjum þeim till. til þjóðnýtingar, sem jafn áhrifarikur flokksbróðir hans og hv. 2. þm. Reykv. leggur fyrir hann? Ég held ekki. Sósialistinn Haraldur Guðmundsson ber áreiðanlega fram allar þjóðnýtingartill. sósialistans Héðins Valdimarssonar.

Ég vil skýra fyrir hæstv. ráðh., hvað ég meina með þjóðnýtingu. Hún er, samkv. alþjóðastefnuskrá sósialista, ríkisrekstur fyrst og fremst. Allt, sem hann sagði um þetta, er barnalegt hjal, sem skiptir hér engu máli. Er það undarleg fræðsla, sem hann hefir fengið í Samvinnuskólanum, ef hann heldur, að samvinna sé þjóðnýting. Hann hlýtur að hafa átt þar góðan læriföður. Því sagði þá hæstv. atmrh., að ekki væri hægt að hleypa sjálfstæðismönnum í n., af því að þeir væru hlynntir einstaklingsrekstri? Hefir þá Framsóknarflokkurinn og fulltrúar hans í n. lofað að vera á móti einstaklingsrekstri?

Hvað gerir nú Framsóknarflokkurinn, þegar sósialistarnir í n. bera fram þjóðnýtingartill. sínar? Hann á þá um það að velja, hvort hann vill heldur virða vilja meiri hl. þjóðarinnar og snúast gegn þjóðnýtingunni eða njóta sætleiks valdanna í faðmlögum við sósialista. Enginn þarf að efast um, hvor kosturinn verður valinn. Framsóknarflokkurinn mun ætíð meta meira eigin völd en afkomu og heill þjóðarinnar. Gangur þessara mála er því alveg augljós. Mótmæli hæstv. fjmrh. eru því ekkert annað en kisuþvottur. Væri Framsóknarfl. alvara, þá myndi hann, sem hefir forsæti ríkisstj. í sínum höndum, víkja þeim ráðh. úr ráðuneytinu, sem ekki væri flokknum sammála í jafnstórvægilegu máli og þessu, máli, sem í raun og veru markar höfuðlínur stjórnmálabaráttunnar. Ef alvarlegur ágreiningur væri innan ráðuneytisins um slíkt stórmál, þá hlyti það vissulega að leiða til samvinnuslita. En það er enginn ágreiningur um þessar einokanir. Enda fór hæstv. fjmrh. beinlínis að gylla þjóðnýtinguna í lok ræðu sinnar og taka upp faguryrði Alþýðublaðsins og blekkingar um hana. Hafa ekki allar hendur hv. framsóknarmanna og sósialista verið uppi í einu hér í þinginu til að samþ. öll hin nýju einokunarfyrirmæli? Ekki er annað sjáanlegt en að allt stjórnarliðið standi að frv. um einokun á bifreiðum og mótorum og hverskonar rafmagnsáhöldum. Svo er ennfremur að sjá af blöðum stj. sem bæði framsóknarmenn og sósialistar standi að hinu nýja frv. hæstv. atvmrh. um fiskimálan. Þar er allt frjálsræði um verkun, sölu og útflutning fiskjar tekið af framleiðendum og beinlínis stefnt að því að brjóta niður hina frjálsu samvinnu fiskframleiðenda um fisksöluna, sem framleiðendur undu vel við og orðið hefir þjóðinni til stórkostlegra hagsbóta undanfarin ár. — Það er ekki rétt hjá hv. þm. Mýr., að þarna hafi verið um einokun að ræða.

Það voru allir sjálfráðir um það, hvort þeir vildu taka þátt í þessum samtökum, og öllum frjálst að vera utan þeirra. Þessa frjálsu samvinnu, sem er formuð eftir og byggð á óskum framleiðenda sjálfra, virðast svo kallaðir samvinnumenn stjórnmála vilja feiga. Þeir vilja nýja síldareinkasölu á þessu sviði. — Öll framkoma hv. framsóknarmanna hér á þingi bendir vissulega til þess, að ekki sé aðeins um að ræða samstarf við sósialista, heldur og fulla sameiningu í háskalegum anda einokunarinnar. Og hv. framsóknarmenn verða að skilja það, að þjóðin lítur meir á athafnir en innantóm orð og glamur.

Hv. andstæðingar hafa talið þessa almennu rannsóknarn. réttlætast af erfiðleikum tímanna. Sjálfstæðisfl. hefir ekki átalið, að skipuð yrði n. til að rannsaka hið iskyggilega ástand atvinnuveganna, enda stendur deilan ekki um það atriði. Ég vil nú fyrst leyfa mér að benda á hin alvöruþrungnu orð hv. 2. landsk. Það er vissulega ástæða til fyrir þjóðina að hugleiða gaumgæfilega álit hins reynda og merka lögfræðings á þessu máli. (Hlátur). En hann telur þetta stjórnarskrárbrot, eða a. m. k. andstætt anda stjórnarskrárinnar. Hvað sem því nú líður, þá er slík almenn rannsóknarheimild algert einsdæmi í okkar þjóðfélagi, og ég hygg raunar með öllum menntuðum þjóðum. Rannsóknarheimildir veittar opinberum n. eru ætíð byggðar á alveg sérstökum atvikum og takmarkaðar við einstök mikilvæg mál, eins og 34. gr. í stjskr. vorri gerir ráð fyrir. Ég þekki dæmi þessa, t. d. dæmi frá kolaiðnaðinum í Bretlandi, sem hv. þm. V.-Ísf. minntist á. Þessi iðnaður þar í landi hefir lengi verið hið erfiðasta viðfangsefni og undirrót stöðugra verkfalla og vinnudeilna. Breska íhaldsstjórnin skipaði því árið 1925 nefnd með hinu víðtækasta valdi til rannsóknar á kolaiðnaðinum. En rannsóknarheimildin var stranglega bundin við þetta eina mál. Og halda menn, að í n. hafi verið tómir fylgifiskar stj.? Nei, vissulega ekki. Formaður n. var einn af þáv. aðalandstæðingum stj.. Sir Herbert Samuel. — Svona fara siðaðar þjóðir að ráði sínu.

En þessi rannsóknarheimild er ekki aðeins einsdæmi. Hún getur líka verið ósvifin ránsheimild. — Hér hafa á undanförnum árum myndazt nokkur iðnfyrirtæki. Þau hafa byrjað í smáum stíl, en náð fótfestu með tímanum, öðlazt reynslu og þekkingu og beitt þessu til endurbóta á atvinnurekstrinum. Ég skal hér nefna sjóklæðagerð, vinnufatagerð, ölgerð og smjörlíkisgerð. Nú er hinn rauði rannsóknarréttur, þegar áður en hann fær heimildina, farinn að skrifa þessum iðnrekendum og heimta af þeim nákvæmar skýrslur um allt varðandi fyrirtæki þeirra. Þess er krafizt, að þessir menn, sem með dugnaði og árvekni hafa unnið upp fyrirtæki sín, afhendi hinum rauða rannsóknarrétti alla sína þekkingu, alla sína dýrmætu og dýrkeyptu lífsreynslu. Og til hvers? Til þess, að þetta sé notað til að drepa og einoka atvinnurekstur þeirra. Hér er því beitt brögðum og eignaráni. 62. gr. stjskr. verndar eignarréttinn. Sú vernd nær til allra veraldlegra og andlegra verðmæta. Til eignarnáms þarf almennings þörf, enda komi fullt verð fyrir. Ég vil nú spyrja: Hverjar bætur eiga hér að koma fyrir afsal verzlunarþekkingar og lífsreynslu? Ég býst við, að þær verði heldur smávaxnar. Atvinnuþörf og heimili þessara manna munu reyna það.

Hv. andstæðingar hafa talað um ótta sjálfstæðismanna við þessar rannsóknir. Hverri hlutlausri og vinveittri rannsókn yrði vissulega fagnað af atvinnurekendum, því að hún hefði þann árangur einn, að opna augu manna fyrir erfiðleikum þeirra — enda hafa slíkar rannsóknir farið fram og ekki verið amazt við. En svokölluð rannsókn hins rauða rannsóknarréttar er beinlínis gerð í þeim tilgangi að drepa atvinnurekstur manna. Hún er heimsókn manna, sem bera vopn undir klæðum sínum. Þess vegna er slíkri rannsókn kröftulega mótmælt.

Deiluefnið er hér í fyrsta lagi það, að þessi n. er samkv. skipan sinni pólitískt einlit, í öðru lagi það, að n. hefir verið gerð tortryggileg samkv. yfirlýsingu hæstv. atvmrh. og blaðs hans, sem bendir ótvírætt til þess, að þjóðnýting á að vera hlutverk hennar, og svo í þriðja lagi það, að svipta á Alþingi rétti þeim, er það hefir samkv. 34. gr. stjórnarskrárinnar.

Ég þykist nú hafa bent á það, að með þessu frv. er stefnt að byltingu á öllum sviðum atvinnulífsins. Þjóðinni má að vísu vera það mikil huggun, er af þessu hljótast hin mestu vandræði, að þau hafa verið vendilega skipulögð og undirbúin. En það má hæstv. ríkisstj. vita, að meiri hl. þjóðarinnar mun kunna henni litlar þakkir fyrir þetta, — og ekki er hún öfundsverð af þeirri göfugu viðleitni að leggja fjötra og handjárn á atvinnurekendurna í landinu. Þess verður þá væntanlega ekki langt að bíða, að við sjáum hv. stjórnarliða margmenna á hinni fjörlitlu Rauðku yfir rústir atvinnulífsins við hrópandi kvalræði atvinnuleysis og eymdar. Ætli það fari þá ekki svo, að Rauðka svigni undir ofþunga riddaranna og þeir hinir glæstu knapar falli sjálfir ofan í annara grafir.

Það er athyglisvert, að á þessum tímum erfiðleika, vandræða og utanaðkomandi hættu sameinast aðrar þjóðir til sameiginlegra átaka gegn óvinunum. Hér á landi er leitazt við á slíkum geigvænlegum hættutímum, og það af sjálfri ríkisstj., að stofna til harðvítugs innanlandsófriðar — í þeim tilgangi að drepa niður ýms þau öfl, sem á farinni braut hafa reynzt þjóðinni til drýgstra þrifa og farsældar (sbr. öll einokunarfrv. stj.). Vér verðum að vona, að heillavættir þjóðar vorrar bjargi henni úr þessum voða.

Ég sé, að hæstv. forseti vekur athygli mína á því, að ræðutími minn sé útrunninn. Ég býð því honum og öllum áheyrendum góða nótt.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.]: Ég vil byrja á því að svara nokkrum orðum aðstoðarmanni íhaldsins, hv. þm. V.-Húnv. Í ræðu hans kom fram mikil gremja, og veit ég vel, af hverju. Ég veit, að hv. áheyrendur munu líka skilja það.

Fyrir skömmu var landbrh. Þorsteinn Briem deildarstjóri í stjórnmáladeild íhaldsins. Hann fékk þá heimild frá Alþ. til að skipuleggja af-

urðasölu bænda. Þetta var á vetrarþinginu 1933. Það ár leið allt án þess að samkomulag yrði. Varð þá um haustið meira hrak á markaði bænda en áður hafði verið og batnaði ekkert þeirra hagur, þó að í ráðh.stóli sæti þessi maður, sem stjórnar gerðum hv. þm. V.-Húnv. Ástæðan til þess, að honum tókst ekki að framkvæma þetta þýðingarmikla mál bændanna verður ljós, þegar þess er gætt, að hann starfaði þá með Sjálfstæðisfl., sem alltaf hefir sýnt slíkum málum hinn mesta fjandskap. Ég skal lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, nokkur ummæli úr blaði þessa flokks, sem sýna undirtektir hans undir afurðasölumálið, þegar það komst loksins til framkvæmda fyrir atbeina Framsóknarfl. Í Morgunblaðinu 24. ágúst. stendur þetta:

„Þessi skattur á kjötið innanlands er auðvitað mjög tilfinnanlegur, og hann kemur langsamlega þyngst niður á þeim bændum, sem hingað til hafa notið Rvíkurmarkaðsins. Til þess að þeir geti notið verðhækkunar á kjöti innanlands, þarf verðhækkunin að vera mjög mikil. En afleiðing þeirrar verðhækkunar verður óhjákvæmilega stórfelld minnkun á neyzlunni, því kaupgeta almennings þolir ekki mikla verðhækkun á þessari vöru. Verðhækkun, sem nemur skattinum einum, er svo tilfinnanleg, að erfitt verður að hækka verðið þar fram yfir svo nokkru nemi".

Svona eru nú undirtektir þess blaðs, sem hv. þm. V.-Húnv. fylgir að öllum málum hér í d. En ekki nóg með þetta. Þann 7. sept. skrifar sama blað:

„Skipulagning kjötsölunnar hefir til að byrja með verið framkvæmd þannig, að verkamenn verða að neita sér um að borða kjöt, því verðið hefir verið sett svo hátt, að þeir hafa ekki ráð á að kaupa kjötið".

Og við sama tón kveður í mörgum öðrum greinum blaðsins.

Það sýndi sig í fyrra, að Þorsteinn Briem gat ekki ráðið til lykta þessu máli, enda þótt hann hefði heimild til þess. En svo þegar Framsóknarfl. tekur völd ásamt sósíalistum, fæst bráð lausn á málinu. Maður skyldi nú ætla, að þessu hefði verið fagnað í blöðum Bændaflokksins. En því er nú ekki að heilsa. Í blaðinu Framsókn, sem hv. þm. V.-Húnv. styðst við, stendur þessi klausa 8. sept.:

„Nú er framkvæmt á Íslandi það víðtækasta eignarnám, sem fram hefir farið um langt skeið — Aðalframleiðsluvörur fjölmennustu stéttar þjóðfélagsins, bændanna, kjötið og mjólkin, eru teknar eignarnámi, að því leyti, sem bændurnir eru sviptir rétti til að ákveða verðið á þessum vörum sínum, en ríkið tekur það vald í sínar hendur.

Í fullan aldarfjórðung hefir Sláturfélag Suðurlands ráðið kjötverðinu í Reykjavík. Nokkuð skemmri tíma hefir Mjólkurfélag Reykjavíkur, og síðar Mjólkurbandalagið, ráðið mjólkurverðinu í Reykjavík. Og á þriðja tug ára hefir Kaupfélag Eyfirðinga ráðið kjöt- og mjólkurverðinu á Akureyri".

Þetta er það, sem blaðið hefir til málanna að leggja. Því hefir aldrei verið eins vel svarað og af bónda einum, sem ég átti tal við á fundi fyrir austan nýlega. Hann sagði: „Þeir segja, að við höfum haft okkar eigið verðlag á kjöti og mjólk. Dettur ykkur í hug, að við hefðum skammtað okkur 72 aur. fyrir kg. af bezta kjöti og 55 aura fyrir kg. af saltkjöti, ef við hefðum verið einráðir um það". Nei, Bændafl. og aðrir, sem ekki hafa gert neitt á meðan þeir höfðu aðstöðu til þess, ættu ekki að vera að fjargviðrast yfir því, að bændur séu ekki einráðir um verð á afurðum sínum. Þessar árásir Bændaflokksmanna eru alveg gripnar úr lausu lofti, og einungis frambornar af því, að þeir öfundast yfir því, að aðrir gátu framkvæmt löggjöf, sem þeir gátu sjálfir ekki framkvæmt, meðan þeir höfðu völd til þess að gera það. Af þessu skilst gremja hv. þm. V.-Húnv. Honum gremst það, að spádómar hans, sem komu fram, þegar Framsóknarfl. hóf samstarf við jafnaðarmenn, hafa ekki rætt. Framsóknarfl. hefir tekizt að leysa aðalvandamál bændanna með samstarfi við jafnaðarmenn. Það er eðlilegt, að honum gremjist að verða að bíta í hið súra epli.

Hv. þm. var að tala um, að skemmdir hefðu orðið á l. frá því að milliþingan. gekk frá þeim, og þær eru frá hans sjónarmiði aðallega fólgnar í því, að neytendur hafa fulltrúa í kjötverðlagsnefndinni. Ég verð nú að segja það, að í þessu er fólgin mikil grunnhyggni, og að þarna kemur fram misheppnuð tilraun til þess að taka sig út í augum bændanna og þóknast þeim. Það er vitanlegt, að ef bændur hafa meirihl.vald í nefndinni, þá er það þeim til bóta, að neytendurnir hafi fulltrúa, svo að þeir geti kynnt sér, hvað verð á afurðunum má vera hátt. Þegar neytendurnir hafa fulltrúa í n., eru miklar líkur til þess, að þeir geti öðlazt skilning á þörf bændanna, og að neytendurnir taki verðlaginu vel og skipti við bændur heldur en ef boginn af ókunnugleika væri spenntur of hátt.

Þá gerði hv. þm. tvö atriði í hinum nýju l. að umtalsefni. Hann sagði, að verðuppbótin væri of lág, því að útflutta kjötið yrði í lægra verði en í fyrra. En það er ekkert hægt að segja um það, hvað verðlagið verður, og að segja, að það sé 10 aur. lækkun frá því í fyrra, er gripið úr lausu lofti. En hitt er auðvitað annað mál, að verðið getur hrapað svo mikið, að verðuppbótin nægi ekki. Þess vegna hefir Framsóknarfl. beitt sér fyrir því að hækka verðjöfnunargjaldið frá því, sem það var upphaflega ákveðið. Ennfremur hefir það komið fram við umr. hjá hæstv. forsrh., að stj. er að láta fara fram rannsókn um það, hvernig eigi að fara að, ef kjötið hrapar svo í verði, að verðjöfnunargjaldið nægi ekki. Rétt eftir þessi ummæli kemur svo flokksbróðir hv. þm., Þorsteinn Briem, í Ed. fram með till. um það, að í kjötl. verði sett ákvæði um það, að ríkissjóður greiði uppbót til bænda, ef kjötið hrapar í verði á erlendum markaði. En þessi till. var felld, og það var vegna þess, að kjötið, sem selt er á innlendum markaði, á í framtíðinni að bera uppi mismuninn. Þetta á því ekki heima í framtíðarlöggjöf um þetta efni. Það sést á sínum tíma, hvernig leyst verður úr þessu, ef brýn þörf er fyrir hendi.

Hv. þm. var að tala um mjólkurlækkunina og

reyndi að gera hana tortryggilega. Ég verð nú að segja það, að vegna undirtekta þeirra, sem málið hefir fengið hjá Bændafl. og Sjálfstæðisfl., þá var alveg sérstök ástæða til þess að reyna að gera framkvæmd l. vinsæla meðal neytenda. En það er ekki víst, að þurft hefði að framkvæma mjólkurlækkun, ef skaplega hefði verið tekið í málið af hálfu andstæðinga stjórnarinnar. Hv. þm. sagði, að lækkunin hefði verið gerð stjórninni til lífs. Ég vil þá benda á það, að haustið 1932 var gerð veruleg mjólkurlækkun, eða helmingi meiri en nú. Hvaða stj. var verið að bjarga þá? Var það ekki þannig, að mjólkurframleiðendurnir sjálfir álitu, að það væri hagstætt fyrir þá? Því það getur beinlínis verið óhagstætt að hafa verðið svo hátt, að það takmarki söluna. En það, sem mestu máli skiptir, er það, að hægt sé að selja mestan hluta mjólkurinnar nýjan, og að mjólkin fari ekki til vinnslu. Aukning mjólkursölunnar er aðalatriðið, en ekki það, hvort verðið er miðað við 40 aur. eða ekki.

Um sjálfstæðismenn er ekki hægt að sjá annað en að þeir hafi hreinlega gefizt upp í því að rökræða málið. Hv. þm. Snæf. sagði, að með þrennu móti væri sannað, að n. væri ætlað að vinna að þjóðnýtingu. Í fyrsta lagi hlyti atvmrh. að vita gerst um það, hvað n. væri ætlað að gera, þar sem hann hefði skipað hana. Það sjá nú allir, hversu mikils virði þessi röksemd er. En hvað sem atvmrh. ætlast til, að n. geri, þá getur hann engu um það ráðið, því að n. hefir óbundnar hendur í starfi sínu. Í öðru lagi sagði hann, að mætti sjá það af því, að Alþýðufl. hefði meiri hl. í n. En um þessa n. er það að segja, að hún hefir aðeins tillögurétt, og það skiptir því litlu máli, hverjir hafa meiri hl. í henni, þar sem hún hefir aðeins tillögurétt, en stj. og Alþ. verða að taka till. hennar til yfirvegunar og leggja úrskurð á það, hvort þær eru þess virði, að þær séu teknar til greina. Og í þriðja lagi álítur hv. þm., að af því að Har. Guðmundsson er jafnaðarmaður og stjórnar atvinnumálunum, þá sé sjálfsagt, að hann taki till. hráar frá Héðni Valdimarssyni og framkvæmi þær. En till. verður að leggja fyrir ríkistj. í heild og Alþ., og Haraldur Guðmundsson getur ekki framkvæmt þær, nema Alþ. fallist á þær. Sjálfstæðisfl. hefir því sjálfur fellt dóm yfir sér með því að safna saman þessum þremur atriðum, sem öll eru einskis virði. Að endingu sagði hv. þm. Snæf., að með orðinu ríkisrekstur ætti hann við hið sama og Haraldur Guðmundsson, þegar hann talaði um, að n. ætti að stefna að þjóðnýtingu, en með henni væri stefnt að ríkisrekstri. Alþýðufl. skýrgreinir þjóðnýtingu þannig, að orðið nær ekki eingöngu til ríkisrekstrar, heldur einnig til sérhverrar íhlutunar af hálfu hins opinbera, sem fer í þá átt, að atvinnufyrirtækin séu rekin með hagsmuni almennings fyrir augum.

**Magnús Torfason:** Hugurinn hefir nú reikað víða hjá hv. ræðumönnum, og get ég ekki betur séð en að með þeim hafi stofnað verið til eldhúsdagsumr. En ég mun ekki fara í eldhúsið, heldur halda mér við dagskrárefnið, en það er ekki annað en það, hvort fá eigi þessari n., sem hæstv. ríkisstj. hefir skipað, það vald, sem um getur í frv. Um þetta eitt ætla ég að ræða.

Hæstv. atvmrh. fórust þannig orð viðvíkjandi ræðu minni, að það hefði mátt skilja svo sem ég hefði haldið því fram, að frv. færi í bág við stjórnarskrána. Ég sagði ekki eitt orð í þá átt. Ég fór af ásettu ráði fram hjá því. Þessu til sönnunar vil ég benda hæstv. atvmrh. á það, að ef ég hefði litið svo á, að frv. bryti í bág við stjskr., þá hefði ég risið upp við 1. umr. og heimtað úrskurð forseta um það efni. En ég sé ekki betur en það, að fá slíkri einlitri flokksnefnd sama vald og 34. gr. stjskr. fær þingnefnd sé mjög varhugaverð og háskaleg braut. Við verðum að ganga út frá því, að við höfum ekki sopið kálið úr ausunni, ef það verður gert. Ég játa það fullum fetum, að löggjafinn hefir rétt til þess að veita hverri n. slíkt vald. En það er varhugavert að ganga langt á þessari braut. Og það verður að fara varlega með þetta vald, og sérstaklega er ég hræddur um, að ef harkaliðið næði völdum, gæti það notað það til þess að misþyrma þingræðinu. Ég held, að ég þurfi ekki fleiru að svara, sem tekið hefir verið fram. Ég tel það ekki, þó lesin hafi verið upp yfirlýsing um það, hverjir væru í hinum ýmsu flokkum menntamanna. Ég tók það fram, að lýðræðisflokkurinn hefði fengið 48 atkv. Ég gat ekki betur séð af blaðinu, sem ég las, en að öfgaflokkarnir stæðu að hinum listanum. Það lítur út fyrir, ef það hafa verið framsóknarmenn og jafnaðarmenn, sem ekki fylgdu lýðræðisflokkunum, að þeir vilji ekki vera þekktir fyrir að fylgja honum, og finnst mér þá, að það liggi talsvert í því. Að öðru leyti hvað efni málsins snertir skal ég taka það fram, að ég get ekki séð, að nægileg rök séu fyrir því að fá slíkri flokksnefnd þetta vald. Það hefir ekki verið sönnuð þörfin á því, að fá n. þetta vald. Og ég veit ekki til, að nein kvörtun hafi komið frá nefndinni um það, að hún geti ekki unnið sitt starf. Það þýðir ekki að vísa í vald skattanefnda. Þar er sá stóri munur, að þær vinna undir ábyrgð annara og hafa yfir sér nefnd, sem getur tekið í taumana, auk þess sem þær eru ópólitiskar nefndir. Ég skal svo ekki hafa þessi orð lengri, því ég býst við, að samflokksmaður minn þurfi að svara einhverju.

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Hæstv. fjmrh. kom með gusti miklum og talaði um gremju í ræðu minni. Ég held nú, að gremjan hafi aðallega verið á hans hlið og verið gagnvart hans eigin tilfinningu um það, hvernig hann hafi leyst starf sitt af hendi sem fulltrúi bænda. Hann finnur, að hann hefir orðið að láta í minni pokann vegna áleitni sósialista. Hann er gramur yfir þessu þróttleysi flokks síns og yfirgangi sósialista og að hafa orðið að beygja sig fyrir þeim. Hann talar um, að Þorsteinn Briem hefði haft aðstöðu til þess að koma ýmsum landbúnaðarmálum í framkvæmd á meðan hann sat í landsstjórninni. Hann gleymir því, að í stjórnartíð fyrrv. stj. var unnið mikið að hagsmunamálum bænda. Þá var stofnaður Kreppulánasjóður og nauðsynlegur undirbúningur gerður að alhliða viðreisn landbúnaðarins, og mun

hann bera árangur svo framarlega sem núv. stj. skilur hlutverk sitt. Í þessu sambandi nefndi hann skrif blaðanna og vildi leggja að jöfnu blaðið Framsókn og blöð sjálfstæðismanna, Morgunblaðið og Vísi. Hann las upp kafla úr Morgunblaðinu. Ég ætla nú ekki að fara að verja skrif þess, því að þau hafa verið ógætileg og ekki til þess að bæta aðstöðu bænda. En það hefir þó ekki gengið lengra en svo að segja, að verðhækkunin sé svo tilfinnanleg, að verð á kjöti megi ekki vera hærra. En samkv. skýrslum hagstofunnar, sem gefnar hafa verið út fyrir september, sést, að kjötið hefir ekki hækkað frá því í fyrra, heldur er verðið lítið eitt lægra. (**Fjmrh.**: Þetta er vitleysa). Hæstv. fjmrh. þarf ekki annað en lesa skýrslur hagstofunnar til þess að sjá, að ég fer með rétt mál. — Því verður ekki neitað, að Framsóknarfl. á sök á því, að stjórn þessara mála var að nokkru leyti dregin úr höndum bændanna. Hæstv. fjmrh. segir, að það sé nauðsynlegt að hafa fulltrúa frá neytendum í nefndum. Alþýðufl. hefir auðvitað viljað hafa það svo. Hann vill fá 2 aur. lækkun á mjólkinni fyrir nýár og 5 aur. eftir nýár. En er þetta velvilji í garð bænda? Mér finnst, að það hafi ekki verið ástæðulaust að halda því fram, að þeir fengju sjálfir að ráða þessum málum. Það þykir engin goðgá hjá Norðmönnum, að bændurnir hafa þar sjálfir stjórn þessara mála með höndum. En þar er bændum líka borgið með afurðasölu sína.

Hæstv. fjmrh. sagði út af þeim upplýsingum, sem ég gaf um verð á útflutta kjötinu, að það væri sagt út í loftið. Ég hefi nú ekki ómerkari mann fyrir mér í þessu efni en hæstv. forsrh. Hann lýsti því yfir í Árnessýslu, að verðið á kjötinu yrði eins og ég sagði. (**Fjmrh.**: Það er kyndugt). Það er kannske kyndugt í þessu tilfelli, en það er þó rétt með farið, og vil ég vitna í áheyrendur í Árnessýslu, sem heyrðu hæstv. ráðh. segja þetta. — Hæstv. fjmrh. talaði á móti till. Þorsteins Briem um styrk úr ríkissjóði til verðjöfnunar. Hann sagði, að innlendi markaðurinn ætti í framtíðinni að bera uppi verðmismuninn á innl. og erl. markaði. En ef innlendi markaðurinn getur það ekki, því þá ekki að greiða úr ríkissjóði? Hæstv. fjmrh. var ekki smeykur við að greiða hlutaruppbót til sjómanna. En þar var hann líka keyrður áfram af sósialistum. (**Fjmrh.**: Það þurfti ekki að keyra mig. Ég var fús til þess).

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þd. og annara á tveim atriðum. Í fyrsta lagi á því, hversu miklum gífuryrðum andmælendur frv. hafa beitt, án þess að sýna nokkra viðleitni í þá átt að finna orðum sínum stað. Í öðru lagi vil ég benda á, að í ræðum andstæðinga frv. er annað atriði ennþá eftirtektarverðara og varhugaverðara. Ef þeir hafa gaman af því að nota stóryrði, þá er auðvitað ekkert við því að segja, þó þeir skemmti sér við það. Þeir hafa viðurkennt, að rík ástæða er til þessarar n.skipunar. Þeir hafa viðurkennt, að verkefni n. er mikilsvert, og að það sé nauðsyn stórfelldra aðgerða. Og eftir því sem leið á umr. var minni áherzla lögð á það, að nefndarmennirnir væru ekki vel hæfir menn. En því miður hefir í ræðum sjálfstæðismanna í kvöld borið greinilega á þeim tilgangi að eggja þá, sem trúa orðum þeirra, á að gefa nefndinni ekki upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til þess að geta unnið að sínu hlutverki, og þeir hafa reynt að gera nefndina tortryggilega, til að draga úr því, að nefndinni yrðu gefnar skýrslur eða gefa henni rangar skýrslur, það geri ekkert til.

Ég vil nú benda áheyrendum á, hvernig þessar ráðleggingar Sjálfstæðisflokksins eru, að menn skuli ekki gefa skýrslur eða gefa þær rangar. Ég vil aftur á móti eggja menn á að gefa nefndinni sem beztar og gleggstar upplýsingar. Eigi hennar verk að verða til úrbóta, þá ciga þeir menn, sem ekki gefa nefndinni réttar upplýsingar, á hættu, að nefndinni verði ekki kleift að undirbyggja þær till., sem þarf að gera og nauðsynlegar eru. Þetta vil ég biðja menn að leggja sér á hjarta.

Hv. 2. landsk. sagði í sinni síðari ræðu, að hann hefði ekki haldið því fram, að frv. færi í bága við stjórnarskrána. Hinsvegar virðist hv. þm. Snæf. kominn aftur á þá skoðun, að frv. sé brot á stjórnarskránni, og af því hann taldi, að hv. 2. landsk. stæði sér nærri í þessari skoðun, fór hann að gera gælur við hann, skjalla hann með blíðyrðum og hæla honum fyrir lögspeki. Ég verð nú að segja það, að það er í fyrsta sinni, sem ég heyri sjálfstæðismenn hæla hv. 2. landsk. eða bera hrós á hann. Það er náttúrlega ekki nema frómt og fallegt að tala vel um fólk, ef eitthvað er með því meint. En ég vil fullyrða, að þær fullyrðingar, að hér sé um brot að ræða á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, eru staðhæfingar út í loftið, og sama er að segja um 34. gr. stjórnarskrárinnar, hún er ekki heldur brotin með frv. þessu. Það hefir verið talað um, að hér væri verið að beita brögðum, og hér væri um eignarán að ræða, væri verið að hnýsast í verzlunarþekkingu og lífsreynslu einstaklinganna. Þetta eru ekki annað en staðlausir stafir og orðagjálfur. Að gefa þessari n. heimild til að krefja um upplýsingar er ekki annað en það, sem skattanefnd hefir fengið, þetta er alveg hliðstætt því að gefa skattanefnd upplýsingar. Ef á að telja verzlunarþekkingu til fjár eða eignar einstaklinga, er ekki meira að telja þá eign fram en aðrar. En að halda því fram og tala um, að hér eigi að hnýsast í helgustu leyndardóma sálardjúpsins, það nær vitanlega engri átt. Hv. 2. landsk. vildi halda því fram, að skipulagsnefndin væri ekki hliðstæð skattanefndum, þær væru ópólitiskar. Mér er ekki kunnugt um annað en að í skattanefndum séu pólitiskir menn á borð við þá, sem eru í þessari n., og ég veit ekki betur en að menn hafi skipzt í pólitiska flokka við kosningar í þessar nefndir. Þagnarskylda er lögð þeim á herðar til að tryggja það, að vitneskja sú, sem berst henni í hendur, verði ekki notuð til að spilla fyrir einstaklingunum.

Ég get nú gefið þær upplýsingar, að hverjum manni er fyllilega óhætt að gefa allar upplýsingar. Þær munu ekki og skulu ekki verða birtar. Ég vil einnig benda á, að þegar hv. sjálf-

stæðismenn tala með fjálgleik og helgisvip um, hve hraklegum misrétti þeir hafi verið beittir að fá ekki mann í nefndina, þá minnast þeir ekki á mþn. í sjútv.-málum, sem mikið hefir verið rætt um og skipuð var á sínum tíma af Magnúsi Guðmundssyni, og hún var ekki skipuð af stjórninni án íhlutunar Alþ., heldur eftir ályktun Nd. Þessi nefnd átti að kynna sér hag útgerðarinnar, en í hana var enginn Alþýðuflokksmaður settur. Þó er víst, að mikill hluti þeirra manna, er eiga afkomu sína undir þessari atvinnugrein, skipast í sveit með Alþýðuflokknum, en þeim vísa manni þóknaðist ekki að skipa neinn úr þeirra hópi, heldur skipaði þá eftir pólitískum lit, eða þá Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sem hefir verið mikill bardagamaður fyrir sinn flokk, og með honum þm. N.-Ísf., Jón A. Jónsson, og síðan í forföllum 6. þm. Reykv., Sigurð Kristjánsson, sem er þekktur bardagamaður úr Heimdalli, og svo einn framsóknarmann, en þeir eru þó tveir í skipulagsnefndinni. Ég vildi aðeins benda á tvöfeldnina hjá þessum hv. flokki. Þeirra ráðh. hefir nýlega skipað nefnd og útilokað gersamlega úr henni áhrif Alþýðuflokksins, en svo fyllast þeir vandlætingu yfir skipun þessarar nefndar.

Ég skal svo að lokum þakka þeim, sem á hlýddu, og vil láta í ljós þá von, að áheyrendum sé ljósara en áður, að ef ráða á bót á þeim vandræðum, sem nú steðja að, er nauðsyn á að fá heildaryfirsýn um ástandið í landinu og byggja síðan á því till. til úrbóta, eftir því sem hægt er.

**Frsm. minni hl. (Thor Thors):** Ég vil aðeins geta þess, að ég hafði kvatt mér hljóðs, því margt í síðustu ræðum er ósvarað. En fyrir vinsamleg tilmæli forseta mun ég geyma það til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39., 40. og 41. fundi í Nd., 17., 19., og 20. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 33, n. 287 og 336, 490).

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil út af þeirri atkvgr., sem hér liggur fyrir, taka það fram, að við framsóknarmenn hér í d. höfum talað okkur saman um, hvaða afgreiðslu við getum fallizt á viðvíkjandi þeirri brtt., sem hér liggur fyrir. Og þar sem það er kunnugt, að það er á valdi sjálfstæðismanna og flm. till., hvort hún verður samþ., og með því að við höfum ekkert við það að athuga, að sjálfstæðismenn taki þátt í störfum n., ef þeir vilja það, þá hefir okkur komið saman um að taka þá afstöðu til till., að greiða ekki atkv.

**Ólafur Thors:** Það er náttúrlega ekki ætlazt til, að hér sé verið með neinar rökræður, en ég vil aðeins taka það fram, að það er ekki rétt, að það sé á valdi sjálfstæðismanna og flm. till. að tryggja það, að hún verði samþ. Sjálfstæðismenn hér í d. eru 14 og með flm. yrðu það þá 15, sem greiddu henni atkv., en í d. eru 33 menn.

Út af brtt. á þskj. 490 frá hv. þm. V.-Ísf. vil ég taka fram, að Sjálfstæðisflokkurinn hefir ekki farið fram á að fá hlutdeild í þessari n. og hann er andvígur því, að veita slíkt rannsóknarvald, sem hér er um að ræða. Sjálfstæðisflokkurinn mun því gr. atkv. móti frv., hvort sem brtt. verður samþ. eða ekki. Hinsvegar telur Sjálfstæðisflokkurinn ekki ástæðu til þess að gr. atkv. móti heimild til flokksins um að tilnefna menn í þessa n., enda þótt flokkurinn hafi ekki tekið neina ákvörðun um, hvort hann hagnýtir sér þann rétt.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir Sjálfstæðisflokkurinn í d. ásamt flm. brtt. og Bændaflokksmönnunum það á valdi sínu, að ráða því, hvort till. verður samþ. eða ekki, og þar sem Framsóknarflokkurinn er því ekki mótfallinn, að sjálfstæðismenn taki þátt í nefndarstörfum, ef þeir sjálfir vilja, þá munu Framsóknarmenn sitja hjá við atkvgr.

**Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson):** Eins og lýst hefir verið yfir af hæstv. atvmrh., munum við Alþýðuflokksmenn gr. atkv. á móti þessari brtt. Lítum við svo á, að það muni alls ekki bæta n. eða flýta fyrir störfum hennar, að sjálfstæðismenn taki þar sæti. Hin stjórnskipaða n. getur starfað eins þó þetta frv. verði fellt, en verkið verður nokkru erfiðara og þarf því lengri tíma. Auk þess er ekki rétt, að þingið fari að kjósa menn í stjórnskipaða n.

**Ólafur Thors:** Ég vil leiða athygli að því, að það er ekki rétt hjá hæstv. fjmrh., að Sjálfstæðisflokkurinn hafi atkvgr. á valdi sínu. Ef d. er fullskipuð þarf 17 atkv. í meiri hl. Nú hefir Sjálfstæðisflokkurinn ekki nema 14 atkv. Það verða því með atkv. flm. ekki nema 15 atkv. Um atkvæði Bændafl. er mér ókunnugt.

**Hannes Jónsson:** Ég vil segja hæstv. fjmrh. það, að hann skal ekki gera sér nein ómök eða áhyggjur út af því, hvernig Bændaflokkurinn gr. atkv. í þessu máli. Hæstv. ráðh. hefir sjálfsagt nóg á sinni könnu, að sjá um sína eigin flokksmenn. Þar er nú ástandið svo aumt, að ráðh. verður að ganga fram fyrir flokksmenn sína og biðja þá að gr. ekki atkv. Þetta sýnir, að þeir mega enga skoðun hafa, en eru svínbeygðir undir vald sósíalista. — (Forseti hringir). Já, svínbeygðir, þó hæstv. forseti hringi. (Forseti hringir). Ég sagði svínbeygðir, herra forseti (Forseti hringir) — já svínbeygðir. Það er bezt að gefa ástæðu til, að það komi prentað í þingtíðindunum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins taka það fram, að ef það er aumingjaháttur að sitja hjá við atkvgr., þá er þessi hv. þm. meira en meðalaumingi, svo oft hefir hann setið hjá við atkvgr. hér í d. Ég verð að segja, að þetta kemur úr hörðustu átt, þar sem allir vita, að hann fylgir að málum sjálfstæðismönnunum í d. og

er í nánu sambandi við þá og undir þeirra valdi. Ég skal geta þess, að vegna þes að 2. landsk. þm. lýsti því yfir í útvarpsumr., að hann mundi fylgja brtt., þá hélt ég, að Bændaflokkurinn stæði saman, og býst ég við, að mér verði virt það til vorkunnar.

ATKVGR.

Brtt. 490 samþ. með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JJós, JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, ÁÁ.

nei: JG, PÞ, SE, StJSt, EmJ, FJ, HannJ, HV, PZ, SigfJ, ÞorbÞ, BJ[1]), BÁ[2]), BB, EystJ, GG, JörB greiddu ekki atkv.

1 þm. (JÓl) fjarstaddur.

**Jakob Möller:** Mér skilst, að þegar 32 menn eru í deildinni, þá sé ekki hægt að samþ. löglega neitt mál með 15 atkv. (**Forseti:** Jú, jú). Því aðeins að hæstv. forseti úrskurði nægilega marga óatkvæðisbæra menn hér í deildinni, get ég fallizt á, að hann hafi lög að mæla, en þann úrskurð hefi ég ekki heyrt.

**Forseti (JörB):** Svo er fyrir mælt í lögum um þingsköp Alþ., að deildin sé ályktunarfær, þegar meira en helmingur þm. sé á fundi og greiði þar atkvæði, og að ályktun sé lögmæt, þegar meira en helmingur þeirra fundarmanna, sem atkvæðisbærir eru, gr. henni atkvæði. Nú er deildin því ályktunarfær, ef 17 menn eru á fundi og gr. atkv. Hér hafa nú gr. atkv. 23 menn, og þar af 15 með brtt., og verður hún því að teljast löglega samþ. Um hitt ákvæðið, hvenær þm. hefir fært nægar ástæður fyrir því, að gr. ekki atkv., fer aðeins eftir því, hvaða ástæður forseti metur gildar. En verði ágreiningur milli forseta og hlutaðeigandi þm. um, hvort ástæðurnar skuli metnar gildar, má skjóta því undir úrskurð d. En hér er ekki um slíkan ágreining að ræða. Þeir hv. þm., sem ekki gr. atkv., hafa gert þá grein fyrir því, sem ég hefi metið gilda, og er þessi afgr. því fullkomlega lögmæt.

**Jakob Möller:** Ég vil vísa hæstv. forseta á 44. gr. þingskapa, sem hljóðar svo: „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og gr. þar atkv.

Enginn ályktun er lögmæt, nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkv. með henni. Skylt er þm., hvort heldur í d., eða Sþ., að vera viðstaddur og gr. atkv., nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi". Mér skilst því, að þegar 32 atkvæðisbærir þm. eru staddir í d., en aðeins 15 gr. atkv. með brtt., að það sé ekki helmingur, og til þess að það geti talizt lögleg samþ. vanti úrskurð hæstv. forseta fyrir því, að svo margir hv. þm. séu óatkvæðisbærir, að 15 verði meira en helmingur þeirra, sem atkvæðisbærir teljast.

1) **BJ:** Með tilvísun til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. greiði ég ekki atkv.

2) **BÁ:** Með sama fyrirvara og hv þm. Barð. greiði ég ekki atkv.

**Forseti (JörB):** Þetta er af einhverjum ókunnugleika hjá hv. 3. þm. Reykv. Mikið af okkar löggjöf er til orðin á þennan hátt, því þessari reglu hefir verið fylgt allan þann tíma, sem ég hefi setið á þingi.

Þetta ákvæði þingskapanna, sem hv. þm. var að vitna til, kemur því aðeins til greina, að um það sé deilt, hvort þm. sé atkvæðisbær eða eigi. En forseti hefir engan rétt til að skipa þm. að gr. atkv. Hann getur aðeins lagt á þá þingvíti, með því að svipta þá kaupi. Nú hefir nokkur hluti hv. þdm. tekið þá afstöðu að greiða ekki atkvæði, og forseti ekki gengið eftir frekari grg.

Nú eru rúmir 20 menn í d., sem hafa gr. atkv., 15 með brtt. en 8 á móti. Er því brtt. samþ. og atkvgr. fullkomlega lögmæt.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég vil aðeins taka undir með hæstv. forseta, að ekki hafi þýðingu að þrátta um þetta, því alla þá tíð, sem ég hefi setið í þessari hv. d., hefir svona afgr. verið tekin gild og daglega leitað mótatkv. til þess að fá löglegan meiri hluta til þátttöku í atkvgr. og tryggja með því þingsköp.

**Jakob Möller:** Ég veit, að hv. þm. V.-Ísf. hefir gert sér grein fyrir því, hve mikla þýðingu það hefir fyrir Sjálfstæðisflokkinn, að þau miklu réttindi, sem honum eru veitt með þessari till., séu fullkomlega löglega afgreidd. Mér skilst, að hæstv. forseti lesi ekki nema nokkurn hluta af 44. gr. Þar er skýrt fram tekið, að þd. geti ekki ályktað um mál, nema helmingur þm. sé á fundi, og því aðeins er ályktun lögmæt, að hún sé samþ. með fullum helmingi atkv., þeirra sem atkvæðisbærir eru. Er þetta vitanlega gert til að ganga úr skugga um, að þýðingarmikil mál hafi samþ. meira en helmings fundarmanna. Hvað forseti metur gilt eða ekki gilt er undir 4 málsgr. þessarar gr. og ekki um það að ræða hér. En er skilyrðislaust ákvæði fyrir því, að samþykktin sé lögmæt. Hæstv. forseti verður því að úrskurða þá þm., sem ekki gr. atkv., óatkvæðisbæra, svo ályktunin sé lögmæt. Það er óhjákvæmilegt skilyrði.

**Forseti (JörB):** Það er ekki til neins að vera að karpa um þetta lengur. Mikið af okkar löggjöf hefir fyrr og síðar verið afgreitt á þennan hátt. Þetta er því ekki annað en orðhengilsháttur hjá hv. 3. þm. Reykv., og skal ég ekki rekja marga þætti úr þingsögunni um það. En ég skal víkja að því atriði í orðum hv. 3. þm. Reykv., þar sem hann lagði áherzlu á að binda löglega samþ. við meiri hl. atkvæðisbærra þdm., sem fund sætu. Ég vil þar benda hv. þm. á, að ef þm. neitar að gr. atkv., þá telst hann ekki þátttakandi, og verður þá hitt ákvæðið að gilda. Hér er engin deila um, hvort þm. séu atkvæðisbærir eða ekki.

Ég hefi tekið gildar frambornar ástæður þeirra, sem sitja hjá. Hér hefir meiri hl. dm. tekið þátt í kosningu og meiri hl. þeirra samþ. brtt., og er það vissulega nóg. (**GÞ:** Er það sama, að vera ekki atkvæðisbær og gr. ekki atkv.?). Undir þessum kringumstæðum hefir

ætíð gilt það sama, og fjöldi mála þannig afgreidd fyrr og síðar.

**Magnús Torfason:** Það er þýðingarlaust að deila lengur um þetta mál, því úrskurður forseta er fallinn. En ég skal geta þess, að fyrst þegar úrskurður hliðstæður þessum var felldur, voru þingsköpin mjög vel athuguð. Og það, sem gerði það að verkum, að fyrsti forseti í Ed. leit eins á og forseti Nd. nú, eru ákvæðin í 17. gr. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Rétt kosinn í nefnd við óhlutbundna kosningu — þ. e. við *aðra kosningu en hlutfallskosningu* — er sá, er hlotið hefir ½ gr. atkv., og aðeins hér telst auður seðill greitt atkv".

Þetta er undantekningarákvæði í þingsköpunum og þess vegna var litið svo á, að rétt væri að álykta sem svo, að því er atkvgr. snertir, að þá skyldi hin reglan gilda. Er mér kunnugt um, að forsetar hér í Nd. höfðu þessa skoðun frá því fyrsta.

**Garðar Þorsteinsson** óyfirl.]: Ég legg ekki áherzlu á að lengja þessar umr. Ég tel hinsvegar engan vafa á, að 3. þm. Reykv. hefir juridiskt rétt. Ég get ekki fallizt á úrskurð forseta um, að það sé sama að vera ekki atkvæðisbær og gr. ekki atkv. Ef þm. er atkvæðisbær, en notar ekki sitt atkv., er á valdi forseta að úrskurða hann í þingvíti. Hér hlýtur því hv. 3. þm. Reykv. að hafa rétt fyrir sér,

Í 44. gr. þingskapanna er sagt, að til þess, að þd. sé ályktunarfær, þurfi meira en helmingur þm. að vera á fundi. Hér í d. þyrfti því að vera 17 á fundi, og fengist þá lögleg afgreiðsla með 9:8 atkv. En væru fleiri á fundi en 17, er afgr. ekki lögleg með 9:8 atkv. Það er því misskilningur að blanda þessu tvennu saman. Mál getur verið löglega afgreitt með því að leita mótatkv., en er það ekki í öllum tilfellum, þó meira en helmingur dm. gr. atkv. Ályktunin er ekki lögmæt með 9:8 atkv., ef 20 eru á fundi og 3 gr. ekki atkv., nema því aðeins að forseti úrskurði þessa 3 þdm. ekki atkvæðisbæra.

**Forseti (JörB):** Hv. 8. landsk. kom nákvæmlega með sömu atriðin og deilt hefir verið um, en ekkert nýtt. Ég undrast stórlega, að lögfræðingur skuli bera fram þau rök, því ef þetta er athugað, liggur í augum uppi, að fáir þm. geta leikið sér að því að fella mál, með því að gr. ekki atkvæði. Hv. þm. tók það dæmi, ef 20 þm. *væru í d. og 9 væru með, en 8 móti og 3 gr.* ekki atkv. Eftir okkar reglum er þetta lögmæt afgr. En eftir skilningi hv. 3. þm. Reykv. og hv. 8. landsk. yrði málið ekki afgr., nema meira en helmingur þessara 20 þm. gr. atkv. með eða móti. Eigi að síður er þessi skoðun svo fjarri sanni upp á afgreiðslu mála, því að þá hefði mikið af okkar lögum ekki fengið löglega samþykkt.

*Hér er um tvö óskyld atriði að ræða, hvenær* þm. séu atkvæðisbærir, og ef þeir eigi taki þátt í atkvgr. (GÞ: Það skilst mér líka). Hér hefir ekki verið ágreiningur um, hvort þm. væru atkvæðisbærir, og kemur það því ekki þessu máli við. Sá ágreiningur getur því aðeins komið upp, að forseti taki ekki ástæður þm. gildar fyrir því, að hann greiði ekki atkv.

**Garðar Þorsteinsson** óyfirl.]: Út af síðustu ummælum hæstv. forseta vil ég minna hann á, að hann hefir ekki gert skyldu sína í sambandi við þessa atkvgr. 4. málsgr. 44. gr. segir: „Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skulu gild talin" o. s. frv. Forseta bar því að ganga eftir því, að þm. færðu gild rök fyrir því, hvers vegna þeir greiddu ekki atkvæði. Forseti sker úr því, með hliðsjón af 2. málsgr. 44. gr., hvort þm. sé atkvæðisbær og hvort aðstaða hans til málsins sé þannig, samkv. öðrum ákvæðum þingskapa, að hann hafi heimild til þess að greiða atkvæði um málið. 2. málsgr. út af fyrir sig ræðir ekki um fjölda greiddra atkvæða, eins og hæstv. forseti og hv. þm. V.-Ísf. virðist hafa skilið hana. Hún setur skilyrðislaust það ákvæði, að til þess að samþykkt geti talizt lögmæt, þurfi meira en helmingur þm., er við eru og atkvæðisbærir , að greiða atkvæði með henni, ella sé hún eigi lögmæt.

Hæstv. forseta líkaði ekki dæmið, sem ég tók, að 20 menn væru mættir á fundi. 9 greiddu atkv. með máli, 8 á móti, en 3 sætu hjá.

Ég skal taka annað dæmi. Segjum, að 33 þm. *séu á fundi, eða öll d., 2 greiða atkv. með máli,* 1 á móti, en 30 sitja hjá. Er þetta lögmæt samþykkt? Nei, slíkt nær vitanlega ekki nokkurri átt. Markið verður að setja við absalut meiri hl. atkvæðisbærra þm.

Annars er dæmi til um þetta atriði frá Ed. Þar greiddu 8 atkv. með máli, 7 á móti en sá 16. neitaði að greiða atkvæði. Forseti úrskurðaði hann þá óatkvæðisbæran og þar með fékkst *lögleg samþykkt málsins.*

Eini möguleikinn til þess, að þessi samþykkt hér sé því lögleg, er að forseti úrskurði þá þm., er eigi greiddu atkv., óatkvæðisbæra.

**Forseti (JörB):** Mér virðist, að því fjær sé markinu því meira sem um þetta er rætt.

Dæmin, sem tekin hafa verið í þessu sambandi, sanna það bezt. Hv. 8. landsk. tók það dæmi, að 30 sætu hjá við atkvgr., 2 greiddu atkv. með, en 1 á móti. 3 af 32 er nú ekki meiri hl. (GÞ: Ekki heldur 15). En 15+8 er meiri hl., því að þátttaka í atkvgr. er bundin *við, að menn greiði atkv. með eða móti.* Þeir, sem hjá sitja, teljast ekki taka þátt í atkvgr.

Út af aðferðinni við þessa atkvgr. er þess að geta, að formaður Sjálfstæðisflokksins lýsti yfir afstöðu Sjálfstæðisflokksins til málsins, en hv. fjmrh. lýsti yfir afstöðu Framsóknarflokksins; skírskotuðu sumir þm. til þessa, en aðrir ekki, og tók ég það gilt, þar sem og engin krafa kom fram um það, að gerð yrði frekari gangskör að þessu. Samþykktin er í fyllsta máta lögleg, en ef hv. þm. hafa gaman af að ræða þetta og þykjast eiga rétt á að lyfta sér upp við þær umr. eftir vel unnið dagsverk, þá er það mér að meinalausu.

**Ásgeir Ásgeirsson**): Ég vil geta þess, að í öll þau ár, sem ég hefi verið á þingi, hafa allir forsetar haft þá reglu, sem hæstv. forseti hefir haft nú. Ég man það greinilega úr forsetatíð Benedikts Sveinssonar, sem lengst af var forseti d., að hann hafði þá reglu, að reyna að fá meiri hl. með till., en ef það tókst ekki, þá tók hann það gilt, ef meiri hl. sagði annaðhvort já eða nei. Þetta hefir og komið fyrir daglega án þess að því hafi verið mótmælt. Vænti ég þess, að hv. sjálfstæðismenn beri með karlmennsku það mótlæti, að þurfa að játa, að þeir séu taldir sterkari en sjö sósialistar.

**Garðar Þorsteinsson** óyfirl.): Út af ummælum hæstv. forseta um það, að lítið nýtt hafi komið fram í ræðu minni, þá held ég nú, að sama megi segja um ræðu hæstv. forseta.

Hæstv. forseti lét það í ljós, að ef við hefðum rétt fyrir okkur í þessu máli, þá gætu þm. með því að greiða ekki atkv. fellt mál. Þetta er misskilningur hjá hæstv. forseta. Ef eigi fæst meiri hl. með till. og móthlutinn skiptist í tvennt, þá sem greiða atkv. á móti till. og þá sem sitja hjá, þá geta þeir, með því að þeir eru fleiri, fellt till. með því að greiða allir atkv. móti henni.

Það kunna að hafa verið afgreidd hér l. á þann hátt, sem nú hefir verið farið að, en ég vil benda hæstv. forseta á 2. málsgr. 44. gr., sem segir: Engin ályktun er lögmæt, nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.

Hér mundi ekki standa „atkvæðisbærir" ef miðað væri við þá, sem taka þátt í atkvgr., þá hefði staðið: þeirra fundarmanna, er þátt hafa tekið í atkvgr. Ég tel því, að eina leiðin til þess að samþykktin sé lögmæt sé sú, að forseti slái því föstu, að þeir, sem eigi greiddu atkvæði, hafi ekki verið atkvæðisbærir.

Mér virðist, að hæstv. forseti, sem tekið hefir þá leið, að vera í samræmi við þá reglu, sem gilt hefir um þetta, eigi líka að slá því föstu, að þeir, sem eigi greiði atkv., séu ekki atkvæðisbærir, því ef hann vill slá því föstu, er hann í samræmi við 2. málsgr., en ella ekki.

**Forseti (JörB)**: Það er misskilningur hjá hv. 8. landsk. að hér liggi fyrir deila um það, hvort þm. séu atkvæðisbærir. Milli forseta og þm. getur orðið ágreiningur um það, en eigi milli þm. innbyrðis. Til þess að benda á það, hvort eigi skiptir máli, ef þm. neita að greiða atkv. af ástæðum, sem forseti tekur ekki gildar, skal ég taka dæmi.

Ef 18 menn eru á fundi, 16 eru með málinu, en 2 fást ekki til að greiða atkv., þá er málið þar með fallið, ef atkvgr. er ekki frestað, þar sem meira en helmingur þm. fæst ekki til þátttöku í atkvgr. En ef annar af þeim tveim, er sátu hjá, greiddi atkv. móti málinu, þá væri það samþ. Sá telst ei taka þátt í atkvgr., sem situr hjá. Annars býst ég við, að menn greði ekki á frekari umr. um þetta.

**Jakob Möller** óyfirl.): Það er alltaf sami misskilningurinn hjá hæstv. forseta í þessu efni. Það er skilyrði til þess, að till. sé samþ., að fullnægt sé ákvæðum 2. málsgr. 44. gr. Hæstv. forseti hlýtur því að hafa úrskurðað, að með till. hafi greitt atkv. meira en helmingur atkvæðisbærra dm. Með sjálfum sér hlýtur hann því að hafa úrskurðað nægilega marga óatkvæðisbæra. Niðurstaðan verður því sú, að a. m. k. þrír þeirra þm., er eigi greiddu atkv., séu að dómi forseta óatkvæðisbærir og þar með allur Framsóknarflokkurinn. Ég get verið hæstv. forseta sammála um þetta og vildi vænta þess, að hv. framsóknarmenn gerðu sér ljósan sinn ófullkomleika í fleiri málum og það, að þeir séu ekki atkvæðisbærir um vandamál þjóðarinnar. Það fer fjarri því, að ég átelji hæstv. forseta fyrir að lýsa þessa hv. þm. óatkvæðisbæra, en ég tel rétt, að þetta komi skýrt fram.

Það er þýðingarmikið, hvort Sjálfstæðisflokkurinn á að fá heimild til þess að hafa tvo menn í þessari n., ef eftir á verður efað um lögmæti samþykktarinnar.

Framkvæmd samþykktarinnar gæti bæði strandað á hæstv. atvmrh. og n. sjálfri, ef þessir aðilar álitu hana ekki löglega. Það er því rangt, að eigi sé ástæða til þess að krefjast ákveðins úrskurðar í þessu efni, og ég slæ því föstu, að forseti hafi úrskurðað alla þá, er eigi greiddu atkvæði, óatkvæðisbæra.

**Forseti (JörB)**: Það græðist ekkert á þessum umr., heldur eru það stöðugt sömu atriðin, sem koma fram. Ég vil benda hv. 3. þm. Reykv. á, að í næstsíðasta máli var samþykkt gerð með líku móti, um brtt. um fiskiráð, án þess að nokkur mótmæli kæmu fram, enda var þess eigi þörf.

**Hannes Jónsson**: Ég vil taka það fram, að það er ekki til neins að deila um það, hvort þetta hafi verið samþ. Forseti hefir úrskurðað, að svo sé, og því verður ekki breytt. Það er sama og lögleg samþykkt.

Hitt finnst mér athugunarvert, ef misræmi er í úrskurðum forseta. Ég vil því beina því til hæstv. forseta, að forsetar beri sig saman um svona hluti, svo að shlj. úrskurðir séu kveðnir upp og byggðir á sömu forsendum. Hvað rétt sé í þessu máli er viðurkennt af forseta, hitt virðist mér, að hæstv. forseti, með því að segja, að því meira sem um þetta sé rætt því fjær séu menn því að sjá hvað rétt sé, sé farinn að efast um það sjálfur, að hann hafi kveðið upp réttan úrskurð.

**Magnús Torfason**: Ég vildi benda á eitt atriði í þessu sambandi. Eftir því sem sumir vilja skilja þetta á það að vigta meira að greiða ekki atkv. en að greiða atkv.

Ef 16 menn eru með einhverju máli og 2 á móti, þá er það samþ., en ef þessir 2 sitja hjá, þá er að fellt. Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt. Áður en þingsköpunum var breytt 1915, var engin leið til þess að losna við að greiða atkv. önnur en sú, að ganga út úr d. Um þetta er frægt dæmi, er Jón Þorkelsson eldri vildi ekki greiða atkv. og gekk út og kvað dragsúg í d. Það er náttúrlega hægt að láta vera að skila

seðlum þegar atkvgr. er skrifleg, hitt var óviðkunnanlegt, að þm. færu út, ef þeir eigi vildu greiða atkv., og þess vegna var þessum ákvæðum breytt.

**Gísli Sveinsson**: Herra forseti! Það er rétt, að í úrskurðum forseta á Alþingi hefir kennt við og við nokkurs misræmis milli d.

Þegar eftir að þessi þingsköp voru sett og samþ., var tekin upp sú regla, sem eðlilegt var fyrst í stað, að fara línlega í þessi ákvæði 44. gr. Annars má eigi blanda saman 1. og 2. málsgr. gr., en þar virtist mér kenna nokkurs misskilnings hjá hæstv. forseta. 1. málsgr. ræðir um, hvenær d. sé ályktunarfær, en 2. málsgr. um hvenær ályktun sé lögmæt.

Reglan er ótvíræð og ákveðin og hefir verið praktiseruð eins og forseti vill nú gera og fleiri muna eftir, en það hefir verið gert með ákveðinni undirvitund og undirskilningi.

Það er skylda forseta að fara gætilega í það, þótt menn greiði ekki atkv. í einstaka tilfellum. Þó að forseti tilkynni eigi, að hann jafnsetji þá, sem eigi greiða atkv., þeim, er 2. málsgr. beinlínis segir, að séu óatkvæðisbærir, þá liggur það þó til grundvallar.

Forseti hefir og áður tekið gildar meira og minna línar ástæður fyrir því, að þm. greiddu eigi atkv., „sett" þá „óatkvæðisbæra" og þannig fengið l. samþ. Þess vegna getur hver sem vill nú slegið því föstu, að þeir, sem eigi greiða atkv., séu óatkvæðisbærir, að þegjandi áliti forseta.

**Garðar Þorsteinsson** (óyfirl.): Það er út af þessum ummælum hv. þm. V.-Sk., sem að mínu áliti eru mjög óþægileg fyrir forseta, að ég tek til máls. Það er eins og hv. þm. V.-Sk. tók fram, og eins og ég og hv. 3. þm. Reykv. höfum gert, höfuðatriðið, hvort þeir, sem eigi greiddu atkv., séu atkvæðisbærir. Það er ekki rétt, að það skipti engu máli, það er hér punktum saliens. Ef hér voru 32 þm. áðan, voru þeir þá allir atkvæðisbærir, og ef þeir voru það, vill þá hæstv. forseti segja, að meira en helmingur þm. hafi greitt atkv. með till.? Aðeins 15 þm. af 32 greiddu atkv. með till., og ef þessir 32 eru allir atkvæðisbærir, þá er það ekki meira en helmingur atkv. En ef hæstv. forseti vill segja, að hv. framsóknarmenn í d. séu óatkvæðisbærir, þá er úrskurðurinn réttur, annars ekki.

**Ásgeir Ásgeirsson**: Ég vil benda á í sambandi þið þessar umr., að í máli því, frv. um fiskiráð, sem afgreitt var til 2. umr. næst á undan þessu máli hér í hv. d., var 1. gr. þess frv. samþ. með 16:15 atkv., einn hv. þm. greiddi ekki atkv. Nú voru 16 menn ekki meiri hl. þeirra hv. þm., sem á fundi sátu þá í hv. d., en um þetta var ekki kvartað, og töldu allir frv. löglega samþ. Það er ekki lengra en þetta síðan þessir tveir hv. þm. sjálfstæðismanna og aðrir hafa fallizt á þessa reglu hæstv. forseta. Ég segi þessum 2 hv. þm. þetta til huggunar, til þess að sú kúgun þurfi ekki að bætast ofan á aðra kúgun, sem þeir verða fyrir hér í þessari hv. d., að þeir eru nú neyddir til að vera í meiri hl. í þessu máli og sigra.

ATKVGR. (frh.).

1. gr. frv., svo breytt, samþ. með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EmJ, EystJ, FJ, GG, HV[1]), JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt,[2]) ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB.

nei: GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.

MT, JörB greiddu ekki atkv.

Einn þm. (JÓl) fjarstaddur.

2.—5. gr. samþ. með 16:9 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:13 atkv.

---

Á 44., 45. og 51. fundi í Nd., 23., 24. nóv. og 5. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 6. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 554).

**Frsm. minni hl. (Thor Thors)**: Það er orðið alllangt, líklega um 3 vikur, síðan þessi blessuð skepna, sem almennt er kölluð Rauðka, hefir rölt hér um hv. d. Ég var farinn að halda, að hún ætti að fá að hvíla sig og yrði ekki meira leidd inn í hv. d. Við síðustu umr. málsins, sem var útvarpað, voru ýms atriði í ræðum andstæðinganna, sem ég vildi svara.

Þessum útvarpsumr. var þannig hagað, að það varð hlutskipti okkar sjálfstæðismanna að hefja umræður, en hæstv. ráðh. nutu þeirrar sérstöðu að taka síðastir til máls, og var í síðustu ræðunum drepið á ýmislegt, sem ekki var hægt að svara í það skiptið, og verð ég að segja, að mér fannst leitt að sjá, hvernig þessir hv. ráðh. notuðu sér aðstöðu sína í þessum efnum.

Í síðustu ræðu hæstv. atvmrh. voru ýmsar staðhæfingar, sem nálguðust blekkingar og sóma sér illa á þeim vettvangi, sem þær voru fluttar á.

Hæstv. fjmrh. talaði mikið um það í sinni ræðu, að vegna utanríkissamninga og verzlunarástandsins yfirleitt í heiminum væru afskipti hins opinbera nauðsynleg á ýmsum sviðum. Ég býst við, að öllum hv. þm.sé kunnugt um þetta, og því þurfi engar skýringar í þessu efni frá hæstv. fjmrh. Það er ekki svo að skilja, að íhlutun þess opinbera, sem er nauðsynleg vegna utanríkissamninga, valdi nokkrum ágreiningi hér á hv. þingi. Atvikin, sem koma utan að, getum við ekkert við ráðið, og því er ekkert annað að gera í þessu efni en beygja sig undir rás viðburðanna og taka afleiðingunum af þeirri stefnu, sem almennt ríkir í heiminum. Um þetta atriði virðist enginn ágreiningur vera milli flokkanna.

Hæstv. fjmrh. varð mjög tíðrætt um kjöt- og mjólkursölulögin. Ég get ekki séð, hvað sú löggjöf kemur þessari n. við, sem hér um ræðir og þeirri rannsóknarheimild, sem hún á að fá. Þessi löggjöf, sem mikið hefir verið rædd hér í hv. þd., er nú orðin að lögum. Hún kemur verksviði þessarar skipulagsnefndar ekkert við.

1) **HV:** Í því trausti, að brtt. komi aldrei til framkvæmda segi eg já.

2) **StJSt:** Með sömu motiveringu og hv. 2. þm. Reykv. segi eg já.

Þá talaði hæstv. fjmrh. um það, að nauðsynlegt væri að hefja nýja markaðsleit fyrir sjávarafurðir og breyta til um verkun fiskjarins. Þetta er líka atriði, sem allir flokkar hér á þingi eru sammála um. Það kemur þessari n. ekkert við. Hæstv. ríkisstj. hefir ekki heldur álitið það koma þessari n. við. Það sýnir frv. um fiskimálanefnd, sem verður til umr. á eftir. Þeirri n. er ætlað að hafa með höndum útvegun nýrra markaða og framkvæmd nýrra verkunaraðferða. Þessi fyrirhyggja skipulagsnefndar fyrir sjávarútveginum réttlætir alls ekki þessa nefndarskipun eða það rannsóknarvald, sem nefndinni er gefið.

Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það, að hann færði við síðustu umr. þessa máls enga ástæðu fyrir því, hvers vegna ekki var leitað til Sjálfstæðismanna um þátttöku í þessari n. Hann hoppaði í kringum þetta atriði með þeim undarlega hætti að slá því föstu, eftir að andstæðingunum hafði verið varnað máls, að við hefðum gefizt upp við að rökstyðja þetta.

Hæstv. fjmrh. talaði líka um nagdýrshátt, sem hann taldi lýsa sér í pólitískri baráttu sjálfstæðismanna. Þessi hæstv. ráðh. ætti sem minnst að minnast á nagdýrshátt. Ég veit ekki, hverjir hafa sýnt meiri nagdýrshátt í íslenzkri stjórnmálabaráttu en einmitt framsóknarmenn, og þá ekki sízt sá maður, sem hæstv. fjmrh. hefir hlotið sitt pólitíska uppeldi hjá.

Hv. þm. V.-Ísf. leitaðist við að hrekja þá staðreynd í sinni ræðu, að þessi n. ætti að beita sér fyrir þjóðnýtingu. Hann sagði „með gleðibros á vör“ og gleðihreim í röddinni, að hann byggist við, að menn fengju áfram að búa á jörðum sínum og reka fyrirtæki sín. Ég vil minna hv. þm. á það, að hæstv. atvmrh., sem ráðið hefir þessari nefndarskipun, hefir beinlínis lýst yfir því, eins og ég hefi oft minnzt á í þessum umr., að n. eigi að vinna að þjóðnýtingu, og sama hefir blað hans gert. Ef hv. þm. vill staðhæfa, að þessi sé ekki tilgangur nefndarinnar, þá er hann þar með að gera orð hæstv. atvmrh. ómerk og að engu hafandi.

Hv. þm. fór mjög hugðnæmum orðum um þau ágætu frv., sem fram hefðu komið frá þessi n. (**JakM**: Heyr á endemi!). Ég verð að segja það, að mér finnst óþarfi að vera að hlaða lofi á nefndina fyrir þau frv., sem frá henni hafa enn komið. Hv. þm. V.-Ísf. og öðrum til leiðbeiningar ætla ég að leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessi frv.

Fyrst má minna á frv. um fólksflutninga á landi, sem átti svo að heita. Það fekk ekki meira að standa í því frv. en það, að nákvæmlega hverri einustu grein var breytt af allri samgmn. Nd., bæði af hendi flokksmanna nefndarmanna í skipulagsnefnd og eins af hendi stjórnandstæðinga. Jafnvel fyrirsögn frv. fekk ekki staðizt almenna gagnrýni. Fyrirsögnin var um fólksflutninga á landi, en frv. átti ekki að ná t. d. til flutninga á hestum, heldur aðeins að vera bundið við flutninga með bílum. Þessu þurfti vitanlega að breyta í frv. Um þetta frv. má segja í heild, að það er mjög vafasamt, hvort þetta mál er nokkur réttarbót fyrir þjóðina. En það getur verið réttarbót fyrir ýmsa einstaka menn, sem gætu haft einhver áhrif á það, hvernig þessum sérleyfum verður úthlutað, sem í ráði er að úthluta fyrir alla fólksflutninga með bílum.

Þá kem ég að frv. um póst- og símamál. Það er lítið annað en ný lögfesting á gildandi lögum frá 1929. En þótt hér sé ekki um annað að ræða en að miklu leyti upptekningu á gildandi lagaákvæðum, þá er svo illa frá þessu gengið, að hv. samgmn. sá sér ekki annað fært en að taka sig til og breyta næstum hverri einustu grein frv.

Þriðja frv. er um opinberan rekstur. Þetta er eitthvert hégómlegasta frv., sem fyrir þinginu liggur, eins og mun verða sýnt fram á við umr., sem eftir eiga að fara fram. Það hefir í för með sér stofnun 9 nýrra bitlinga. Það á að skipa 3 ráð til þess að hafa eftirlit með rekstri ríkisfyrirtækjanna. Hverju ráði verður ætlað mikið starfssvið, en samt sem áður er ekki gert ráð fyrir því í frv., að störf þessa ráðs verði viðtækari en það, að því nægi að koma saman á fund einu sinni í mánuði. Það sjá allir hversu mikið eftirlit þetta er.

Þá kemur frv. um ferðamannaskrifstofu, þar sem farið er fram á það, að ríkið leggi á sig ný útgjöld við starfrækslu þessarar skrifstofu, sem annars hefir lítið sem ekkert verksvið og ekkert vald.

Ég vona, að hv. þm. V.-Ísf. sjái, hve mikil ástæða er til þess að vera hugfanginn af þessum afkvæmum nefndarinnar, sem enn hafa komið í ljós.

Hæstv. atvmrh. kvartaði yfir því í sinni ræðu, að andstæðingarnir í þessu máli beittu miklum stóryrðum. Ég vil segja það, að ég hefi oft heyrt þennan hæstv. ráðh. halda ræður á meðan hann var í stjórnarandstöðu, og fannst mér það helzt einkenna hans málflutning, hve stóryrður hann var oft og tíðum. Ég segi honum þetta ekki til lasts. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi oft verið hneykslaður út frá sínu sjónarmiði, á ýmsu því, sem fram kom hjá andstæðingum hans. Eins er með okkur sjálfstæðismenn. Við hneykslumst á ýmsu, sem fram fer hér í kringum okkur og getum ekki lýst okkar skoðunum nema með nokkuð sterkum orðum. Við viljum standa við þau orð, hvar og hvenær sem er.

Hæstv. atvmrh. vildi gagnrýna þau orð mín, er ég minntist á það í minni ræðu, að þessi rannsóknarheimild skipulagsnefndarinnar gæti verið ránsheimild.

Í 62. gr. stjskr. er eignarrétturinn lögverndaður, ekki einungis eignarréttur á veraldlegum verðmætum, heldur líka andlegum, og þá einnig á lífsreynslu manna og þekkingu þeirra, sem þeir hafa aflað sér með atvinnurekstri sínum. Með þessari rannsóknarheimild er beinlínis leyft að taka hverskonar skýrslur af mönnum, sem þessi n. telur þörf krefja. Þar með er n. að leitast við að seilast eftir verzlunar- og atvinnureynslu manna og þekkingu, til þess að leggja þá þekkingu undir sig án nokkurs endurgjalds. Ég hika ekki við að fullyrða, að það hafi í upphafi verið tilgangur nefndarinnar að ganga mjög langt inn á þessa braut. Þessa staðhæfingu mína vil ég rökstyðja með því að nefna það, að

áður en nefndinni var fengin þessi rannsóknarheimild, sem frv. fer fram á, var hún farin að skrifa ýmsum iðnrekendum hér í bænum og krefja þá um mjög nærgöngular skýrslur um atvinnurekstur þeirra. Þessar skýrslur voru þannig lagaðar, að ómögulegt var að skilja þær öðruvísi en að nefndin væri að heimta að fá að vita, hvað þarf til þess að reka slíkan rekstur, sem þessir iðnrekendur hafa með höndum.

Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að vekja athygli hv. þings á því, hvernig þær skýrslur eru, sem n. krefur smærri iðnrekendur um. N. hefir skrifað þeim öllum sameiginlegt bréf, sem hljóðar svo:

Reykjavík, 15. nóv. 1934.

Skipulagsnefnd atvinnumála er að láta fara fram rannsókn á því, hversu mikils iðnaðar gæti í atvinnulífi þjóðarinnar, með það sérstaklega fyrir augum að undirbúa löggjöf, sem orðið gæti til styrktar slíkum atvinnurekstri. En með því að hér eru ekki til neinar iðnaðarskýrslur enn, leitum vér til iðnrekendanna sjálfra um þær upplýsingar, er oss eru nauðsynlegar. Leyfum vér oss því að mælast til þess, að þér gerið svo vel að gefa oss þær upplýsingar um starfsemi yðar síðastliðið ár, sem hér segir:

Vörutegund eða vörutegundir, er framleiddar eru. Magn framleiðslunnar. Hve mikið af henni er selt á innlendum og hve mikið á erlendum markaði. Hráefni sundurliðuð. Hversu mikið hráefni fer í hverja fullunna einingu. (TT: Menn taki eftir þessu). Hve mikið er innlent hráefni. Verð á hráefni. Hve mikið er greitt fyrir orku.

Starfsmannafjöldi: við framleiðslu, við skrifstofustörf, við flutninga eða dreifingu framleiðslunnar.

Kaupgreiðslur. Heildsöluverð framleiðslu pr. einingu.

Bendingar, sem þér kynnuð að geta gefið um breytingar á núgildandi lögum, er að einhverju leyti snerta iðnaðargrein yðar. Vér væntum þess að mega sem fyrst vænta svars frá yður.

Virðingarfyllst
f. h. Skipulagsnefndar atvinnumála.
Ragnar E. Kvaran (sign)".

Geta menn hugsað sér, að meira sé hægt að heimta í þessu efni en hér er gert? Hvers vegna er þessa krafizt? Hvers vegna er þess krafizt að fá að vita, hvernig hráefnin eru sundurliðuð, eða hve mikið er af hverri tegund hráefnis fyrir sig í hverri fullunninni einingu. Nefndin er m. ö. o. að biðja iðnrekendur að gefa sér þær formúlur, sem þeir nota við framleiðsluna.

Ég get ekki séð, að þetta hafi neina aðra þýðingu fyrir nefndina en þá, að hún geti sjálf eða fulltrúar hennar orðið færir um að taka upp þennan atvinnurekstur af iðnrekendunum. Og ég leyfi mér að fullyrða, að þetta sé gert í þeim tilgangi.

Af því, hvernig n. hegðar sér þegar áður en hún hefir fengið þá rannsóknarheimild, sem frv. gerir ráð fyrir, er augljóst, að það á við fullkomin rök að styðjast, þegar ég staðhæfi, að þessi rannsóknarheimild nálgist ránsheimild.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að margir af þessum iðnrekendum hafa byrjað starfsemi sína af litlum efnum og lítilli þekkingu. Þeir hafa aflað sér aukinnar þekkingar ár frá ári í starfsemi sinni og aukinnar reynslu. Nú koma fulltrúar stj.flokkanna og heimta þessa þekkingu og lífsreynslu af þeim með einu bréfi.

Það er einnig lýðum ljóst, að margir þessara iðnrekenda hafa orðið að takast á hendur dýrar utanferðir til þess að nema þessar iðngreinir. Hvaða rétt hafa þessir fulltrúar stj.flokkanna til þess að krefja þá um þessa lífsreynslu þeirra?

Hæstv. atvmrh. gerði gys að því, að ég sagði, að það væri ástæða til þess að taka í þessum efnum gaumgæfilega eftir ummælum hv. 2. landsk., sem er reyndur og gamall lögfræðingur. Það var engu líkara en að hæstv. ráðh. yrði afbrýðissamur, þegar ég talaði um, að hv. 2. landsk. væri reyndur lögfræðingur. Hv. 2. landsk. benti á það, að það er hv. Alþ., sem ætlar sjálfu sér það vald að rannsaka einstök málefni, eins og gert er ráð fyrir í 34. gr. stjskr. Hann benti einnig á það, að það vald er ætlað hv. þm. einum. Þessi skipulagsnefnd er hinsvegar skipuð mönnum, sem ekki eiga sæti á þingi og það er einkennilegt, ef hv. þm. geta fyrir sitt leyti samþ. að veita utanþingsmanni þann rétt, sem stjskr. ætlar þm. einum.

Þá sagði hæstv. atvmrh. í sinni síðustu ræðu, að rannsóknarheimild skipulagsn. væri samskonar vald og t. d. milliþn. í sjávarútvegsmálum hefði. Ég vil benda á mismuninn. Milliþn. í sjávarútvegsmálum er ætlað að kynna sér hag sjávarútvegsins eins. Það er samskonar n. og margar síðaðar þjóðir skipa, þegar þarf að rannsaka einstakar atvinnugreinir.

En þessi skipulagsn. á sér enga líka. Hún getur rannsakað allt. Hún er ekki bundin við neitt nema geðþótta nefndarmanna sjálfra.

Ennfremur sagði hæstv. atvmrh., að það ætti að gefa skipulagsnefndinni sömu upplýsingar og menn væru hvort sem er skyldugir til þess að láta skattanefnd í té. Hér er einnig um stórfelldan mismun að ræða. Menn gefa skattanefnd aðeins upplýsingar um efnahaginn, og skattanefndin má rannsaka, hvort menn gefa réttar skýrslur. En þessi n. hefir aftur á móti, eins og ég er búinn að taka fram, heimild til þess að leggja undir sig lífsreynslu manna og sérþekkingu þeirra í atvinnugreinum þeirra.

Þá tók hæstv. atvmrh. það fram, að það, að þessir menn, sem n. skipa, væru pólitískir, væri meiri trygging fyrir því, að þeir kæmu sínum málum áfram. Þar með finnst mér hann sanna, að þetta sé pólitísk nefnd, og vald nefndarmanna, og sérstaklega meiri hl. nefndarinnar, sem er skipaður sósíalistum, er í sjálfu sér nægileg sönnun fyrir því, hvert verkefni n. er.

Það hefir nú farið svo, að brtt. hv. þm. V.-Ísf. hefir verið samþ. Hún fer fram á það, að sjálfstfl. sé heimilað að skipa 2 menn í þessa n. Hvort Sjálfstfl. notar sér þessa heimild, er óráðið, en það veitti sannarlega ekki af því, að einhverjir sjálfstæðismenn kipptu í taumana á Rauðku gömlu og reyndu að beina leið hennar í aðra átt. En jafnvel þótt Sjálfstfl. taki þessu boði, er n. samt ranglátlega skipuð. Ef einhver sanngirni ætti að ríkja í skipun n., þá hefði hún átt að vera kosin hlutfallskosningu á Alþingi.

Þá hefði fyrst mátt vænta þess, að landsmenn hefðu tekið vel í starfsemi hennar og reynt, að svo miklu leyti sem ópólitískur alvarlegur tilgangur var bak við nefndarskipunina, að greiða götu hennar, svo að störf hennar mættu koma að sem mestum notum. Nú hefir þetta ekki verið gert, og hvernig sem fer um þátttöku sjálfstæðismanna í n., þá er það víst, að þetta fyrirtæki stj.flokkanna á alltaf tortryggni að mæta af meiri hl. þjóðarinnar.

**Emil Jónsson:** Ég hefi litinn þátt tekið í þessum umr., enda þótt nokkur ástæða hefði verið til þess, þar sem ég á sjálfur sæti í hinni svo kölluðu „Rauðku", sem gengur hér ljósum logum. Ástæðan fyrir því er aðallega sú, að umr. hafa snúizt meira um ýmislegt annað en greinar frv., sem fyrir liggur, svo sem tilefnið til skipunar nefndar þessarar og hvernig mönnum hún er skipuð. Tilgangurinn með skipun n. hefir verið langstærsta og mesta ágreiningsatriðið, og skal ég ekki fara neitt út í það nú. En því vil ég lýsa yfir, að eftir því sem ég þekki til nefndarmannanna, þá eru þeir fullkomlega færir um að inna af hendi það starf, sem nefndinni er ætlað að vinna. — Því hefir verið haldið fram af hv. þm. Snæf. o. fl., að þar sem nefndarmennirnir væru svo mjög pólitískir sem þeir hafa viljað vera láta, þá hljóti n. að vinna pólitískt, vera aðeins pólitísk n. Þetta er rangt, því að það er vitað, að menn geta unnið ópólitískt, enda þótt þeir séu pólitískir sjálfir. Hitt hefir og verið bent á, að þeir menn, sem hafa sterka pólitíska aðstöðu í stórum stjórnmálaflokkum, hafa meiri tök á að koma till. sínum fram en hinir, sem ekki hafa neinn pólitiskan lit.

Hv. þm. Snæf. nefndi þrjú frv., sem frá n. hefðu komið: frv. um skipulagning fólksflutninga á landi, frv. um opinberan rekstur og frv. um ferðamannaskrifstofu. Þegar nú þess er gætt, að n. var ekki skipuð fyrr en 29. ágúst, og hefir því ekki haft nema litinn tíma til umráða, þá er tæplega ástæða til þess að ætla, að hún sé nú þegar búin að koma fram með mikil nýmæli. Þessi þrjú mál, sem þegar hafa komið frá henni, eru öll þörf, en þurftu ekki mikilla rannsókna. Um frv. um skipulagning fólksflutninga á landi hefir litill ágreiningur orðið í þ., svo mjög hafa menn verið á einu máli um það, að bæta þyrfti úr því ástandi, sem er um fólksflutninga á landi hjá okkur, enda er það svo þar sem ég þekki bezt til, sem er um flutninga á milli Hafnarfjarðar og Rvíkur, að þeir, sem þá atvinnu stunda þar, stefna sinni fjárhagslegu getu í hreinan voða. Þar keppa þrjú firmu, sem reyna að ná sem mestu hvert frá öðru og nota til þess ýms ráð, m. a. að láta bílana læðast af stað litlu áður en hinn ákveðni brottferðartími er kominn, hverja á undan öðrum.

Um ferðamannaskrifstofuna hefir minna verið rætt. Að erlendum ferðamönnum sé látinn í té sá fróðleikur um land og þjóð, sem mögulegt er með góðu móti, er og verður að teljast nauðsynlegt, og jafnframt, að komið sé í veg fyrir það, að okrað sé á ferðamönnum langt umfram það, sem forsvaranlegt getur talizt.

Þá er frv. um eftirlit með opinberum rekstri. Ég vil nú biðja hv. þm. Snæf. að benda á, hvar í því felst pólitískur litur. Þar er beinlinis ákveðið, að í ráðin skuli kosið með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Það ætti kannske að skipa í þau eintómum sjálfstæðismönnum, eins og t. d. í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum. Það myndi þessi hv. þm. ekki kalla pólitískt litað.

Þá hefir n. sent frá sér frv. um tryggingar, sem teljast verður þjóðnytjamál. Það má vel vera, að það komist ekki fram á þessu þingi, en það er víst, að það kemst þá fram síðar, og það áður en langt líður.

Það, sem minnst hefir verið um rætt, er um skýrslusöfnunina sjálfa. Frv. gerir ráð fyrir því, að n. megi heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum og stjórnendum félaga og stofnana, um þau atriði, sem hún telur þörf á í starfi sínu. Það verður þá fyrst að gera sér ljóst, hverskonar skýrslur þetta eru, sem skipulagsnefndin á að fá heimild til þess að krefjast. Skýrslur þessar eru aðallega tvennskonar. Annarsvegar skýrslur um framleiðsluhætti landsmanna og afkomu atvinnuveganna, en hinsvegar skýrslur um iðnað og iðnrekstur. Nú vill svo til, skýrslur um sjávarútveg og landbúnað eru til, en að því er viðvíkur iðnaðinum, þá eru þessar skýrslur ekki til. Eitt það fyrsta, sem n. gerði, var að taka upp úr verzlunarskýrslunum það, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu af þeim iðnaðarvörum, sem inn eru fluttar. Hvaða vörutegundir hér væru framleiddar og hvaða hráefni væru notuð vissi n. ekki, og því tók hún það til bragðs að senda út fyrirspurnir til iðnrekenda um það, hvaða vörur hér væru framleiddar, hvaða hráefni væru notuð og hve margir menn hefðu atvinnu við framleiðsluna. Þetta eru þær fyrirspurnir, sem hv. þm. Snæf. hafði einhversstaðar náð í og var að lesa upp áðan.

Svör við fyrirspurnum þessum hafa fá borizt ennþá, og til þess munu liggja eðlilegar ástæður. Ég hefi heyrt, að háttv. þm. Snæf. hafi tekið þá rögg á sig að hringja út og austur til iðnrekanda og biðja þá um að svara ekki fyrirspurnum þessum. Nú vil ég leyfa mér að spyrja háttv. þm. Snæf., hvað satt sé í þessu. Sé þetta rétt, þá er ég ekki viss um, nema ég greiði beinlinis atkvæði á móti frv., ef sjálfstæðismenn eiga að taka sæti í nefndinni. Hvað ég geri í þessu efni fer nokkuð eftir svari háttv. þm. Snæf. við þeirri spurningu, sem ég hefi til hans beint.

Til þess nú að sýna fram á, hvað nefndin hafði við að styðjast, þegar hún sendi út þessar umræddu spurningar, vil ég fyrst benda á till., sem samþ. var á iðnþinginu í fyrrasumar og hljóðar svo: „Iðnþingið skorar á stjórn landssambands iðnaðarmanna að fá lögunum um framleiðsluskýrslur breytt þannig, að iðnaðarmenn séu skyldaðir að senda hagstofunni slíkar skýrslur og undirbúi hagstofan eyðublöð undir þær." Þessa óska iðnaðarmenn sjálfir. Stjórn landssambandsins, sem ég á sæti í, sendi svo ályktun þessa til hagstofunnar með ósk um, að hún beitti sér fyrir því, að frv. um þetta

efni yrði lagt fyrir Alþingi það, sem nú situr. Eins og kunnugt er, þá gerði hagstofustjóri þetta, og er frv. nú orðið að lögum. Fyrsta gr. þeirra laga hljóðar svo: „Iðnfyrirtæki þau, sem eru tryggingarskyld samkv. lögum nr. 72. 8. sept. 1931, um slysatryggingar, eru skyld að láta hagstofunni árlega í té skýrslu um magn og verð framleiðslu sinnar, um notkun hráefna og aðstoðarefni, um tölu og samanlagðan vinnutíma verkamanna og starfsmanna ásamt útborguðu vinnukaupi, svo og aðrar upplýsingar um fyrirtækið samkv. eyðublöðum, sem hagstofan semur í samráði við iðnráð Reykjavíkur". Í þessari lagagrein er allt það upptalið og heimilað, sem skipulagsnefnd atvinnumála hefir sent út í fyrirspurnarformi. Það hefir því ekki verið spurt um neitt það, sem iðnfyrirtækin eru ekki að lögum skyld að gefa upp til hagstofunnar.

Þegar samþ. var að senda út þessar umræddu fyrirspurnir, fór skrifstofustjóri nefndarinnar á fund hagstofustjóra og ráðfærði sig við hann um það, hvernig spurningarnar ættu að vera. Hagstofustjóri vildi eitthvað breyta spurningarskemanum frá því, sem nefndin hafði gengið frá þeim, og var ekkert við því að segja. En hitt var með öllu ókleift, að bíða eftir því, að hagstofan safnaði skýrslunum og sendi heildarskýrslu. Það hefði dregizt allt of lengi, jafnvel ár eða meira. Þess vegna varð n. að hverfa að því ráði, að senda spurningarnar út sjálf.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á, að n. hafi ekki hegðað sér eins illa og háttv. þm. Snæf. vildi vera láta. En hvernig hefir hann nú hegðað sér, þessi háttv. þm? Hann hefir hringt út um allar jarðir til atvinnurekendanna og beðið þá um að gefa ekki þær skýrslur, sem hann sjálfur var með að lögfesta. Ef það er ekki tvöfeldni og undirhyggja, þá veit ég ekki, hvað slíkt er.

Eins og ég hefi tekið fram, þá liggja fyrir skýrslur um framleiðslumagn landbúnaðar- og sjávarútvegs, en vanta að því er iðnaðinn snertir, og þess vegna eru fram komnar spurningar um hráefnið, en upplýsingar um það er nefndinni nauðsynlegt að fá, til þess að hún geti gert sínar till.

Ég tók það fram áðan og vil endurtaka það enn, að ég er í vafa um, að ég fylgi frv. eins og það er nú orðið, og veltur þar nokkuð á svari hv. þm. Snæf. Hvort hann ætlar að halda uppteknum hætti um vinnubrögð, eða hvort hann ætlar að bæta ráð sitt. Annars virðast mér sjálfstæðismenn hafa sýnt nefndinni þá andúð, að ekki sé neins góðs að vænta af samstarfi við þá.

Þá kem ég að því atriði, hvers vegna þeir hafa sýnt þessa andúð. Hv. þm. Snæf. sagði í fyrstu ræðu sinni, að nefndinni væri ætlað það hlutverk að finna veilurnar í atvinnurekstri pólitíska andstæðinga. Þetta er rétt. En henni er ekki einungis ætlað það eitt, heldur á hún líka að finna veilurnar í öllum atvinnurekstri, sem hún hefir afskipti af, ef þær eru einhverjar. Henni er hreint og beint skylt að benda á þær veilur, sem hún finnur hjá hverjum sem er, jafnt framsóknarmönnum sem jafnaðarmönnum. Annars er eins og hv. þm. Snæf. viti um einhverjar veilur hjá flokksmönnum sínum, sem ekki sé hollt, að komi fram í dagsljósið, en það er einmitt það, sem nefndin vill fá fram, veilurnar í atvinnurekstrinum, til þess að geta gert tillögur til umbóta á þeim. Sé nú þetta hin sanna orsök andúðarinnar, sem nefndin hefir fengið hér í deildinni, þá er sýnt, að það er óhollt að fá sjálfstæðismenn inn í nefndina, úr þeirra flokki eru líka flestir atvinnurekendurnir, sem sérstaklega eru á móti öllum afskiptum hins opinbera af atvinnurekstri yfirleitt og á móti ýmsum umbótum, sem tíminn krefur.

Það hefir verið talað um, að ákvæði frv. þessa brytu í bág við 62. gr. stjskr., um friðhelgi eignarréttarins, og að þar væri ekki aðeins átt við hin veraldlegu verðmæti, heldur og líka hin andlegu. Hvort hv. þm. Snæf. telur þau verðmæti, sem hér er um að ræða, þ. e. veilurnar í atvinnurekstri einstaklinganna, undir andleg eða líkamleg verðmæti, veit ég ekki, en hitt veit ég, að það þarf að kippa í lag ýmsu, sem aflaga fer í þessum málum.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Það er þegar liðið ærið langt síðan mál þetta var hér til umr. síðast, og er því miður ýmislegt af því, sem sagt var þá og ég hefði viljað svara, liðið mér úr minni. Þó eru það nokkur atriði, sem ég vildi taka fram, sérstaklega í sambandi við ræður hæstv. ráðh.

Skal ég þá fyrst snúa mér að hæstv. fjmrh. Hann var eitthvað að tala um það, að kjósendurnir úti á landsbyggðinni litu örvæntingarfullir til Alþ. nú á þessum erfiðu tímum, og hann var að skopast að því, hæstv. ráðh., að kjósendur Sjálfstæðisflokksins gerðu það engu síður, en hvers gætu þeir vænzt af fulltrúum sínum, sem væru í minni hl.? Um þetta ætti hann að tala sem minnst, því að hann veit það, að það er Sjálfstfl., sem berst fyrir hinum betri málstað hér á Alþ., enda þótt meiri hl. þess taki lítið tillit til þeirra, þrátt fyrir það þó að baki flokksins standi meiri kjósendafjöldi en að baki þeirra flokka, sem nú skapa þingmeirihlutann.

Við 2. umr. þessa máls minntist hæstv. ráðh. á frv. um skuldaskilasjóð sjómanna og sagði, að sjálfstæðismenn hefðu borið það fram, en ekki komið með neina till. um það, hvernig afla skyldi fjár til þess að standast þau útgjöld, sem frv. hefði í för með sér. Það er nú hvorttveggja, að hér er ekki rétt skýrt frá hjá hæstv. ráðh., enda er þetta langt frá öllu lagi. Sjálfstfl. lýsti því einmitt yfir, að hann væri reiðubúinn til þess að semja við stjórnina um að beita atfylgi sínu til þess að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem nauðsynlegar væru til þess að koma máli þessu í framkvæmd. Það er þess vegna alveg víst, að þeir kjósendur Sjálfstfl. og annara flokka, sem til Alþ. líta, munu finna það, að andstæðingar stj. bera engu síður velferð almennings fyrir brjósti heldur en stj. og hennar flokkar gera, og þau frv., sem Sjálfstfl. hefir borið fram, en ekki finna náð fyrir augum andstæðinganna, munu á sínum tíma verða lausn þessara mála. Og það vill svo einkennilega til, að jafnvel andstæðingarnir hafa orðið að leita í efni þeirra frv. Sjálfstfl., sem þeir ætla sér að fella, og taka upp úr þeim viss atriði, sem þeir

síðan vilja fá fram sem sín málefni. Allt þetta hjal hæstv. ráðh. um það, að sjálfstæðismenn hafi ekki með frv. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna bent á neina leið til þess að standast þau útgjöld, sem þar er gert ráð fyrir, verður dálítið broslegt, þegar maður les þskj. 662 frá meiri hl. sjútvn., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilað að verja allt að 1 millj. kr. samkv. ákvæðum þessarar gr. Það er einkennilegt, að þeir menn, sem mest hafa áfellt Sjálfstfl. fyrir það að koma ekki með neina till. um það, hvernig ætti að afla tekna til viðreisnar sjávarútveginum yfirleitt, skuli einmitt sjálfir bera fram till. um að auka útgjöld ríkissjóðs um 1 millj. án þess jafnframt að gera nokkra grein fyrir því, hvernig eigi að afla þess fjár, nema þá með láni. Ef þessi till. er jafnnauðsynleg eins og gera má ráð fyrir eftir því, hvernig hún hljóðar, að það skuli þurfa að taka úr ríkissjóði 1 millj. kr., þá er dálítið einkennilegt, ef stj. getur ekki jafnframt fundið einhverja leið til þess að afla þess fjár, sem mundi leiða af samþykkt frv. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, þar sem þar er ekki um eins mikla upphæð að ræða og gert er ráð fyrir á þskj. 662. Það er áreiðanlegt, að hæstv. ráðh., sem nú eru á móti frv. um skuldaskilasjóð vegna þess að ekki sé gert ráð fyrir því, hvernig eigi að afla fjár til þess að standast útgjöld samkv. frv., er ekki alvara að öðru leyti en því, að þeir vilja ekki koma á móts við Sjálfstfl. til lausnar því máli og koma því fram með tylliástæðu, sem sannast á brtt. þskj. 662, þar sem gert er ráð fyrir 1 millj. kr. útgjöldum.

Hv. þm. Hafnf. sagði í sinni ræðu hér áðan, að þó skipaðir væru pólitískir menn í slíka n. sem þessa, þá gætu þeir þó starfað ópólitískt. Ég get ímyndað mér, að hv. þm. Hafnf. gæti gert það, ég vil gefa honum þau meðmæli. En hann þarf hinsvegar ekki að ganga þess dulinn, að menn eins og hv. þm. S.-Þ. og hv. 2. þm. Reykv. mundu nota aðstöðu sína pólitískt. Ég hefi aldrei vitað hv. þm. S.-Þ. skýra svo frá nokkru atriði, sem máli skiptir án þess að setja á það pólitískan blæ, og ég hefi heldur aldrei vitað hv. 2. þm. Reykv., a. m. k. ekki á þessu þingi, koma fram með nokkurt mál án þess að setja á það sérstakan pólitískan blæ, sér og sínum flokki til hagsmuna. Ég hefi setið með honum í allshn., og ég hefi ekki einu sinni orðið þess var, að það mætti setja eina kommu eða punkt, ef það gæti á einhvern hátt breytt pólitískum tilgangi. Það er dálítið einkennilegt af hv. þm. Hafnf. að halda þessu fram, eftir að hafa séð, hvernig 1.—3. gr. frv. eru orðaðar, því það er ekki svo lítið vald, sem þessari n. er gefið við skýrslusöfnun. Þetta er ekki eins og hv. þm. vildi halda fram aðeins prentuð skýrsluform, sem send væru til atvinnurekenda og annara til útfyllingar á sama hátt og hagstofan gerir. Þetta er tvennt ólíkt. Hv. þm. verður að muna eftir því, að ef einhver maður fæst ekki til að gefa þær upplýsingar, sem n. biður um, þá skal hann greiða 10—100 kr. dagsektir þangað til hann hefir gefið umbeðnar upplýsingar, og ef viðkomandi maður hefir gefið rangar upplýsingar, þá skal hann dæmdur eftir 156. gr. hegningarlaganna fyrir meinsæri. Það er því tvennt ólíkt að bera saman vald þessarar n. til skýrslusöfnunar og þau viðlög, sem þar eiga við, og þá skýrslusöfnun, sem hagstofan sér um. Ég skal að vísu ekki fullyrða, að ekki séu neinar sektir gegn því, að menn ekki verða við skyldu sinni um að senda hagstofunni umbeðnar skýrslur, en ég efast um, að svo sé, og þó svo væri, þá mundi þeim aldrei verða beitt, vegna þess að hagstofan verður að senda út skýrsluform til fjölda manna, bæði atvinnurekenda og annara, svo það væri ókleift verk fyrir hana að sjá um, að allir þeir, sem ekki gerðu skyldu sína í þessu efni væru látnir sæta sektum. Sem sagt, ef þessi ákvæði eru til, sem ég efast um, þá er það vitanlega dauður bókstafur. Hér er því um allt annað mál að ræða. Þessi n., sem er launuð af ríkissjóði, getur ákveðið, hvernig þessi skýrsluform eru, hverjum þau eru send o. s. frv. Hún getur skyldað hvern einasta mann, sem hún telur með þurfa til þess að gefa allar þær upplýsingar, sem henni þykja nauðsynlegar. Ég hefi aldrei vitað, að í nokkrum l. væri svo ákveðið, að allir undantekningarlaust skyldu vera skyldir til að gefa allar þær upplýsingar, sem einhver n. eða stofnun krefðist.

Það er t. d. vitanlegt, að þó það sé almenn skylda að koma fyrir rétt og standa sem vitni og gefa þær upplýsingar, sem máli þykja skipta, þá er þó ákvæði í l. um það, að undir vissum kringumstæðum sé vitnið ekki skyldugt til þess að gefa upplýsingar, t. d. um atriði, sem varða fjárhagslega afkomu vitnisins sjálfs, og ekki heldur um atriði, sem snerta þann atvinnurekstur, sem það starfar við jafnvel þó fyrir aðra sé.

Þetta kann að vísu stundum að vera matsatriði, en vitnið hefir rétt til að koma með mótmæli gegn því að svara spurningum, sem fyrir það eru lagðar, og það er dómarinn, sem á að úrskurða um það, hvort viðkomandi maður, sem fyrir rétti er staddur, er skyldur til svara eða ekki. En hvernig á þetta að vera samkv. þessu frv.? Þar er gert ráð fyrir, að skyldan til þess að svara spurningum, sem þessi n. leggur fyrir menn, sé svo rík, að ef menn ekki svara, skuli þeir greiða 10—100 kr. dagsektir, þangað til þeir hafi gefið þær upplýsingar, sem um er beðið, og ef þeir geta rangar upplýsingar, skuli þeir dæmdir fyrir meinsæri, einmitt fyrir þau atriði, sem þeir í öðrum löndum mundu vera undanþegnir frá því að svara. Ef þetta frv. yrði ekki samþ. og n. vildi kalla einhvern mann fyrir rétt og fá hann til þess að gefa þessar upplýsingar, þá mundi maðurinn ekki úrskurðaður af dómara til þess að svara þessum spurningum, af því að þær snertu fjárhagsafkomu mannsins sjálfs. En samkv. þessu frv. mundi viðkomandi maður vera skyldur til að gefa allar upplýsingar um hag sinn og atvinnurekstur og allt, sem snerti hann persónulega, ef bara n. áliti það máli skipta, að viðlögðum 10—100 kr. dagsektum. Og svo vill hv. þm. Hafnf. bera þetta saman við þá skýrslusöfnun, sem hagstofan beitir sér fyrir. Ég veit, að hv. þm. hlýtur að sjá, hver munur er á þessu.

Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls, þá vantar öll ákvæði um það, hvernig sektunum á

að beita. Hverjir eru það, sem ákveða þessar sektir? Á n. að fara dómstólaleiðina og kæra hvern þann, sem ekki vill hlíta boði hennar og banni og krefjast þess, að hann sé dæmdur í 10—100 kr. dagsektir eða dæmdur fyrir meinsæri? Mér er ekki alveg ljóst, hvort þessi leið er nauðsynleg, hvort n. getur bara ekki sjálf með einfaldri bókun í gerðabókinni sagt, að þessi og þessi maður skuli sæta 100 kr. dagsektum o. s. frv., þangað til hann hafi gefið umbeðnar upplýsingar. Mér þætti þetta í samræmi við allt annað í þessu frv., en ég veit ekki, hvernig hv. þm. Hafnf. skilur þetta. Hvernig á svo að tilkynna mönnum þetta? Er það nóg, að hv. þm. S.-Þ. hvísli því í eyra viðkomandi manns eða hv. 2. þm. Reykv. steyti hnefana framan í menn með viðeigandi hótun eða taki upp brotna stólfætur til áréttingar? Þetta gæti allt verið álitamál. Og hvert eiga sektirnar að renna? Það er ekkert ákvæði um það í l. Eiga þær að renna til rekstrarkostnaðar Rauðku eða í flokkssjóð og eftir hvaða hlutföllum þá? Það væri æskilegt að fá að vita þetta, því gera má ráð fyrir, að þarna fáist verulegt fé til umráða. Ég vil skjóta því til hæstv. fjmrh., að þarna sé einn tekjuliður, sem þá Rauðka hefir séð fyrir, og væri æskilegt, að jafnframt væri gerð áætlun um það, til hvers þessum tekjum skuli varið. Nei, hv. þm. Hafnf. ætti ekki að reyna að telja neinum manni trú um það, að þau ákvæði um skýrslusöfnun, sem hér liggja fyrir, séu að nokkru leyti sambærileg við þá skýrslusöfnun, sem hagstofan beitir sér fyrir. Annarsvegar er opinber stofnun, sem á meinlausan hátt útbýtir prentuðum eyðublöðum, sem menn geta útfyllt eftir því, sem þeir vilja, og ég hugsa, að það sé svo um flesta, að þeir gefi þessar skýrslur góðfúslega. En það er vitanlega allt annað mál, þegar pólitísk n., sem hefir lýst því yfir, að hún ætli að beita sér fyrir þjóðnýtingu yfirleitt, fer, með því valdi, sem henni er gefið samkv. þessu frv., að krefjast skýrslna af viðkomandi mönnum. Þetta er tvennt ólíkt, og ég hugsa, að hv. þm. Hafnf. hafi ekki neina sérstöðu gagnvart flokksbræðrum sínum í þessari n. um það, hver sé aðaltilgangurinn með starfsemi n. Ég hugsa, að hann hafi undirstrikað eins og flokksbræður hans þær greinar, sem hafa birzt í Alþýðublaðinu um það, að tilgangur n. sé sá eini að koma á þjóðnýtingu atvinnuveganna. Ég veit ekki til þess, að þessi hv. þm. hafi opinberlega tekið neina afstöðu frá þessum yfirlýsta tilgangi jafnaðarmanna eins og hann hefir verið birtur í ritstjórnargreinum Alþýðublaðsins. Það væri a. m. k. æskilegt, að hv. þm. gæfi yfirlýsingu um það, ef svo væri. Og ef hann er nú, eins og ég hygg, að öllu leyti samþykkur þeim tilgangi n.manna, sem sé að koma á þjóðnýtingu atvinnuveganna, þá leiðir af því, að það er annaðhvort barnalegt eða lævíslegt af honum að segja hér á þ., að þessi skýrslusöfnun, sem hér er um að ræða, sé alveg eins og sú, sem hagstofan beitir sér fyrir, meinlaus gögn, sem n. ætlar að safna og og skemmta sér svo við að lesa og vinna úr. Nei, n. ætlar sér vitanlega að nota allar þær upplýsingar, sem hún fær í gegnum þessar skýrslur, sem e. t. v. eru margra ára reynsla atvinnurekandanna yfirleitt. Hún ætlar sér að byggja á þessum skýrslum, til þess að geta komið fram með till. um, hvernig eigi að reka þjóðarbúskapinn, þegar búið er að koma þjóðnýtingunni á. Þessir háu herrar hafa sýnt það, að þeir eru ekki færir til þess að standa fyrir atvinnufyrirtækjum. Þess vegna þurfa þeir að leita til annara og fá það, sem þá sjálfa vantar. En hvernig stendur á því, að hv. þm. Hafnf., sem er svo sannfærður um ágæti þjóðnýtingarinnar, hefir ekki tekizt að láta það fyrirtæki, sem hann stendur fyrir, blómgast betur en raun er á? Og hvers vegna er hv. þm. að kasta hnútum að þeim mönnum, sem standa fyrir samskonar fyrirtækjum og hann sjálfur og segja, að það hljóti að vera einhverjar huldar veilur í þeirra starfsemi og að það þurfi n. að rannsaka? Eru þá einhverjar huldar veilur í þeim atvinnurekstri, sem hann stendur fyrir? Eða hvers vegna hefir bæjarútgerðin í Hafnarfirði ekki borið sig? Og hvers vegna getur hv. þm. ekki sýnt með þessum atvinnurekstri, að hann sé færari en aðrir menn yfirleitt til þess að standa fyrir togaraútgerð? (**EmJ**: Ég stend ekki fyrir togaraútgerð). Það má nú samt kalla það svo, því það er bæjarsjóður Hafnarfjarðar, sem rekur útgerðina og hv. þm. er bæjarstjóri þar. Framkvæmdarstjóri útgerðarinnar er líka í þessari n., svo það eru hæg heimatökin. — Hv. þm. segir, að það hljóti að vera einhverjar huldar veilur í fyrirkomulagi atvinnurekstrar þeirra, sem eru hans pólitísku andstæðingar, sem geri það að verkum, að atvinnuvegirnir ekki beri sig. Ég skil því ekki, hvers vegna þessi atvinnurekstur, sem þessir 2 þjóðnýtingarpostular standa fyrir, skuli ekki geta borið sig, nema það sé vegna ýmiskonar utanaðkomandi áhrifa, sem þá vitanlega bitna eins á þeim og öðrum atvinnurekendum. Og þetta er einmitt skýringin. Mér dettur ekki í hug að ætla, að þeir, sem standa fyrir bæjarútgerðinni í Hafnarfirði, séu neitt óhæfari en aðrir, en ég held bara, að þeir séu ekki neitt færari. — Hv. þm. Ísaf. er eitthvað að muldra. Hann er eflaust að tala um samvinnuútgerðina á Ísafirði. Það vill nú svo vel til, að það er sama, í hvort hornið maður lítur, þá sér maður þessa einokunar- og þjóðnýtingarpostula, sem eru að tala um það, hvað atvinnurekendur yfirleitt séu óhæfir til þess að standa fyrir atvinnurekstri, en sjálfir hafa þeir á sinni könnu atvinnufyrirtæki, sem hafa stórtapað. (**FJ**: Langar hv. þm. til þess að vita, hverju ég var að hvísla að sessunaut mínum? Ég var að hafa það eftir enskum lögfræðingi, að það væru leiðinlegir lögfræðingar, sem alltaf færu með tóma vitleysu). Ég er þessum lögfræðingi alveg sammála, en það þarf nú ekki lögfræðing til að standa hér á þ. og segja aldrei neitt orð af viti tímunum saman, og það gildir vitanlega jafnt um þá, sem grípa hér fram í og aðra. (**FJ**: Er þá gengið út frá því með lögfræðinga?). Lögfræðingar geta vitanlega sagt vitleysur eins og aðrir. En það er ekki almenn regla um þá, eins og mér virðist, að það sé regla um allar þær ræður, sem þessi hv. þm. flytur.

Hv. m. Ísaf. er einn af þeim mönnum, sem berjast fyrir þjóðnýtingu atvinnuveganna. Hann

ætti að líta til sinna heimahaga og sjá, hvernig þar gengur. Hann hefir fengið betri aðstöðu til þess að reka þennan atvinnurekstur, samvinnuútgerðina á Ísafirði, heldur en nokkur privatmaður hefir í sambandi við rekstur eigin fyrirtækis. Þetta fyrirtæki hefir notið styrks frá Alþ. í stórum stíl, og það hefir fengið meira rekstrarfé heldur en önnur fyrirtæki yfirleitt. Samt hefir þetta fyrirtæki stórtapað, og ef það yrði gert upp, þá mundi verða fjarri því, að það ætti fyrir sínum skuldum. Þessi orð mín skulu samt ekki skilin svo, að ég út af fyrir sig kenni hv. þm. Ísaf. persónulega um þetta, eða að ég áliti hann ófæran til þess að standa fyrir svona fyrirtæki. Ég vil bara minna þessa hv. þm. á það, að þegar þeir eru að dæma um atvinnurekstur sinna pólitísku andstæðinga, þá eiga þeir ekki að vera að *gefa í skyn, að þar séu huldar veilur, sem* ekki megi koma fram, heldur eigi að þegja yfir, þegar alveg eins fer fyrir þeim í sambandi við atvinnurekstur, sem þeir veita forstöðu, eins og pólitískum andstæðingum þeirra. Þeir ættu að taka sér orðin í munn, dæmið ekki, svo þér verðið ekki dæmdir.

Hv. þm. Hafnf. lýsti því yfir, að hann mundi ekki taka sæti í þessari n. áfram, ef Sjálfstfl. ætti einnig að fá þar tvö sæti. (**EmJ**: *Það hefi ég aldrei sagt. Ég sagði að ég mundi skoða hug* minn um það, hvort ég fylgdi frv. eða ekki, ef starfsemin þar færi eftir stefnu Sjálfstfl.). Hvers vegna er hv. þm. Hafnf. svo illa við, að sjálfstæðismenn taki sæti í þessari nefnd? Er það vegna þess, að þeir hafi minni möguleika til þess að krefjast skýrslna af atvinnurekendum, eða er það af því, að þeir geti ekki dæmt sjálfstætt um það, hvernig beri að skipuleggja þá atvinnuvegi, sem þeir vilja skipuleggja á annað borð? Nei, vitanlega er það vegna þess að þeir vita, að Sjálfstfl. muni beita sinni aðstöðu til þess að aftra því, að atvinnuvegirnir verði þjóðnýttir. Hv. þm. Hafnf. er einmitt hræddur um það, að ekki verði eins auðvelt að framkvæma þá þjóðnýtingu, sem hann nú tekur þátt í að framkvæma, ef sjálfstæðismenn verða í n., og n. geti þess vegna ekki komið eins óskipt með till. sínar fyrir Alþ. eins og ella mundi verða. N. óttast það, að þær upplýsingar, sem hún fær, muni einnig koma til vitundar sjálfstæðismönnum í nefndinni, og þeir muni vinna úr þeim upplýsingum á annan veg heldur en þeir, sem nú eru í nefndinni. Hv. þm. óttast það, að þessar upplýsingar muni nú ekki einar út af fyrir sig, ef rétt eru skildar og lesnar, sannfæra menn yfirleitt um það, að leiðin út úr ógöngunum sé þjóðnýting atvinnuveganna. Hann óttast, að það verði hægt að lesa skýrslur hennar á tvo vegu, annan til áframhaldandi starfsemi þess atvinnurekstrar, sem nú er, en e. t. v. með eitthvað breyttu fyrirkomulagi eða endurbótum. En hv. þm. Hafnf. og hans samherjar munu hinsvegar lesa upplýsingarnar á þann eina veg, að atvinnuvegirnir séu niðurniddir og eigi sér engrar viðreisnar von, og að eina leiðin til þess að komast út úr ógöngunum sé þjóðnýting atvinnuveganna. Hv. þm. Hafnf. óttast, að skjölin, sem fyrir n. koma, verði lesin á tvo vegu, en hann kærir sig ekki um, að þau verði lesin nema á einn veg. Þau verða vitanlega lesin öll aftur á bak, eins og sagt er, að ákveðin persóna lesi bibliuna, en hv. þm. Hafnf. og hans samherjar óttast, að sjálfstæðismenn í n. muni lesa þau á réttan veg, til þess að sýna, að með aðstoð og aðhlynningu þingsins megi koma atvinnuvegunum í það horf, sem þeir þurfa að vera í, en þjóðnýting sé ekki eina lausnin. N. vill óskipt geta komið fram fyrir þjóðina og sagt: nú höfum við fengið allar mögulegar upplýsingar og velt þeim fyrir okkur í marga mánuði, og nú höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að eina leiðin til þess að komast út úr ógöngunum, er þjóðnýting. Hv. þm. Hafnf. veit, að þetta muni ekki takast, ef sjálfstæðismenn eru í nefndinni.

Hæstv. forsrh. talaði þannig við 1. umr. málsins, og lét m. a. s. Morgunblaðið hafa það eftir sér, *að það væri alls ekki stefnt að þjóðnýtingu* atvinnuveganna með því að skipa þessa nefnd. Nú hefir Alþýðublaðið lýst því yfir, og sá flokkur, sem að því stendur, að þetta sé einmitt verkefni nefndarinnar. Og forsrh. hefir nú væntanlega látið sannfærast um það, því að hann hefir ekki mótmælt ummælum hæstv. atvmrh., sem gengu í alveg þveröfuga átt við yfirlýsingu hans sjálfs í þessu efni við 1. umr. málsins, né heldur hefir hann mótmælt þeim ummælum jafnaðarmanna, sem í Alþýðublaðinu hafa birzt um það, hver væri tilgangurinn með skipun þessarar n. Hæstv. forsrh. hefir stundum hælt sér af því að vera stöðugur í rásinni. Mig undrar það því og þykir það litilmannlegt af honum, ef hann hefir síðan við 1. umr. þessa máls snúizt í því, og viðurkennir nú, að tilgangurinn með þessari n. sé að koma á þjóðnýtingu atvinnuveganna. En vitanlega hefir þessi ráðh. sér það til afsökunar, að það var atvmrh., sem skipaði n. og hefir gefið henni erindisbréf. Hæstv. atvmrh. er því kunnugastur, hver er tilgangurinn með starfsemi þessarar n., og ég geri þess vegna ráð fyrir að hæstv. forsrh. hafi ekki frá upphafi verið kunnug fyrirætlun hæstv. atvmrh. í þessum efnum.

Ég hlýt að endurtaka það, að mér finnst það dálítið einkennilegt af hv. þm. Hafnf. að geta vænzt þess af hv. 2. þm. Reykv., að hann muni starfa ópólitískt í þessari n. Þessi maður, sem beitir áhrifum sínum hér á Alþ. til þess að koma fram málefnum, sem eingöngu eru miðuð til þess að auka vald eins stjórnmálaflokks frekar en annara, eins og með l. um vinnumiðlunarskrifstofu, þar sem það vald, sem að l. tilheyrir bæjarstjórn Rvíkur, sem sé úthlutun vinnu í Rvík, er tekið af bænum og lagt í hendur atvmrh. Þessi maður, sem í sambandi við frv. til l. um verkamannabústaði hefir komið því til leiðar, að félag sjálfstæðra verkamanna yrði drepið, og að það ekki gæti notið þeirrar aðstoðar, sem l. um verkamannabústaði annars heimila. Mér þykir það undarlegt af hv. þm. Hafnf., að hann nú skuli vilja telja mönnum trú um það, að menn, sem starfa þannig hápólitískt, eins og hv. 2. þm. Reykv. gerir í öllu tilliti, að hann muni ekki í þeirri n., sem hann á sæti í, nota áhrif sín sínum flokki til pólitísks framdráttar. Ég held, að enginn maður muni efast um það, að hv. 3. þm. Reykv. muni fyrst

og fremst nota sér aðstöðu sína í nefndinni, til þess að koma pólitiskum andstæðingum sínum einhvernveginn á kné, og hann muni umfram allt beita sér fyrir þjóðnýtingu atvinnuveganna, sem er hans yfirlýstur vilji.

Hv. þm. Hafnf. minntist hér á frv. um líftryggingarstofnun ríkisins. Ég vil aðeins til gamans benda honum á það, af því að í grg. frv. stendur, að á Ítalíu sé rekin líftryggingastarfsemi með ríkisrekstri, að það eru mörg ár síðan þessi einkarekstur ítalska ríkisins var lagður niður. Það er leiðinlegt fyrir þá menn, sem flagga með það, að skipulagsnefnd hafi aflað sér upplýsinga sérstaklega um þetta mál, sem hún flytur, að nefndin skuli þurfa að koma fram með eins ranga skýrslu eins og þessa, sem birtist í grg. frv. og ég gat um.

Eins og hv. þm. Snæf. gat um, er það óráðið mál, hvort Sjálfstæðisflokkurinn notar sér þá heimild, sem nú er í frv. um það, að þeir geti skipað 2 menn í skipulagsnefndina. En undir öllum kringumstæðum mun Sjálfstæðisflokkurinn vera á móti frv. sem slíku, og þegar af þeirri ástæðu, að þeir telja það algerlega einsdæmi, ef á að gefa n. slíkt vald sem farið er fram á í þessu frv. Það er áreiðanlegt, að slíkt fordæmi mundi ekki vera nema til ills eins fyrir síðari tíma, ef á að fara þá leið, að gefa pólitiskri n., eins og hér er um að ræða, slíkt vald, nefnd manna, sem enga sérstaka hæfileika hefir til þess að rannsaka þau mál, sem henni er ætlað að rannsaka, en hefir þá hæfileika eina að vera mjög pólitísk, og berjast fyrir tvær ákveðnar stefnur og í raun og veru aðeins eina, sósialismann. Þeir menn eru allir sósialistar, sem í n. eru. Eins og ég hefi áður tekið fram, þá mun það ekki gefa gott fordæmi, ef á með sérstökum l. að gefa slíkri pólitiskri n. það vald, sem felst í þessu frv., og það má mikið vera, ef þetta fordæmi kemur ekki þessum háu herrum einhverntíma sjálfum í koll.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

**Frsm. minni hl. (Thor Thors):** Það eru nokkur atriði í ræðu hv. m. Hafnf. frá því í gær, sem ég þarf að svara.

Þessi hv. þm. brást mjög reiður við minni ræðu og talaði í fyrsta sinn á þessu þingi af gremju í ósæmilegum tón og jafnvel með hótunum og dylgjum. Annars hefir hann komið prúðmannlega fram hér á þingi, en nú virðist reiðin hafa borið hann ofurliði í þetta sinn, og verður að virða honum það til vorkunnar, þar sem hann á sæti á þessari Rauðku, sem hér er til umr., og er ekki ósennilegt, að hann sé búinn að hristast svo á baki hennar, að það sé farið að hafa áhrif á hans hugarástand.

Hann byrjaði á því að segja, að allir hefðu viðurkennt þörf þessarar n. Það er alls ekki rétt. Ég hefi fyrir mitt leyti viðurkennt þörf á því, að skipuð væri n. til að rannsaka ástand atvinnuveganna, og ég hefi bent á, að það hefði beinlínis verið stefnumál hjá Sjálfstæðisflokknum að taka til alvarlegrar íhugunar ástand atvinnuveganna og beita sér fyrir nýjungum á sviði þeirra. En ágreiningurinn, sem hefir orðið um skipun þessarar n., er fyrst og fremst af því, hversu pólitískt einlitt val er á nefndarmönnum. Það er svo einhliða, að það eru valdir þeir menn, sem pólitiskt séð eru þeir ofstækisfyllstu, sem hægt var að finna. Það er því alveg augljóst, að það er ekki þörf atvinnuveganna, sem á hér að rannsaka, heldur á þetta að vera pólitískt vopn þessum flokkum til framdráttar. Það er ómögulegt að koma mönnum til að trúa því, að þessi n. sé ekki pólitísk. Hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. S.-Þ. eru svo ákveðnir í pólitík hér á landi, að hvar sem þeir fara og hvar sem á þá er minnzt, þá er nafn þeirra fyrst og fremst tengt við pólitíkina.

Þessi hv.nm. vildi reyna að gera sem mest úr þeim frv., sem þessi n. hefir nú þegar komið inn á þing. Hann byrjaði á því að ræða um frv., sem upphaflega var kallað frv. um fólksflutninga á landi og sagði, að að vísu hefði fyrirsögninni verið breytt. Ég hefi nú þau þingskjöl, sem fram komu um þetta mál, hér fyrir framan mig og ég vil leyfa mér að benda honum á þau. Þetta er 66. mál þingsins. Það er ekki svo, að fyrirsögninni einni hafi verið breytt á frv., heldur nákvæmlega hverri einustu gr., bæði af flokksbræðrum hans og öðrum samherjum hans og sömuleiðis af stjórnarandstæðingum. Ég vil máli mínu til sönnunar benda honum á, að við 2. umr. koma fram brtt. á tveimur þskj. Annað þeirra er þskj. 339 frá meiri hl. samgmn., sem samherjar hans voru í, og eru á því 6 brtt. Hitt þskj. er frá minni hl. samgmn. Það er nr. 340, ef hv. þm. Hafnf. vildi gera svo vel og líta á það, það er frá hans andstæðingum, og á því eru 10 brtt. Margar af þessum brtt. voru samþ. við 2. umr. En þrátt fyrir þetta var frv. enn ekki komið í betra horf en það, að hann sjálfur og hv. 2. þm. Reykv., sem sé tveir menn úr skipulagsn., þurftu við 3. umr. að bera fram brtt. á þskj. 447. Ennfremur komu fram aðrar brtt. við þetta frv. við 3. umr. Þær eru á þskj. 484. Þetta sýnir bara, hvaða meðferð frv. fékk í Nd., hversu mikil ástæða bæði honum sjálfum, samherjum hans og andstæðingum þótti til að gerbreyta frv.

Nú er frv. fyrir Ed., og þar hafa líka komið fram brtt., þótt þær hafi ekki náð fram að ganga. Hv. þm. Hafnf. viðurkennir nú í næstu ræðu sinni, vona ég, að það hafi verið fleira en fyrirsögn frv., sem þurfti að breyta. Hann vildi telja þetta nauðsynjamál. En það hefir þó ekki nokkur maður beðið um þetta. Bifreiðastöðvarnar sjálfar hafa ekki óskað þess. Þetta gæti þó orðið þeim til hagsbóta, en ekki almenningi. Hann sagði, að á leiðinni milli Hafnarfjarðar og Rvíkur hefði samkeppnin verið ógurlegust, fargjöldin hefðu lækkað hvað eftir annað og samkeppnin væri jafnvel svo mikil, að bílarnir væru farnir að fara einni mínútu á undan áætlun til þess að geta orðið á undan keppinautunum. En er þetta ekki til hagsbóta fyrir hans kjósendur og Reykvíkinga, að fargjöldin stórlækki mánuð eftir mánuð og ár eftir ár?

Ég sé ekki, hvaða almenningsheill er á bak við þetta frv. Hitt get ég skilið, að það gæti

orðið einstökum mönnum til hagnaðar fyrir það vald, sem menn eiga samkv. þessu frv. að fá yfir flutningunum, og það vald má auðvitað á ýmsan hátt nota.

Þá talaði hann um ferðamannaskrifstofuna og að það væri nauðsyn, að ferðamenn kæmu til landsins. Ég er honum sammála um það, en þessi skrifstofa hefir engin áhrif á það, hvort ferðamenn koma til landsins eða ekki, því að henni er ekkert vald ætlað að hafa.

Ég hirði ekki, þar sem hæstv. forseti er nú farinn að líta allóþolinmóðlega til mín, — þó að ég tali yfirleitt manna minnst hér á þingi, — að lýsa frv. um opinberan rekstur, ég býst við, að það fáist tækifæri til þess síðar.

Hv. þm. spyr, hvaða pólitískur blær sé á þessum frv. Ég hygg, að það geti falizt pólitík í frv. um fólksflutninga með bifreiðum. Ég skal þó ganga inn á þá röksemd, að n. hefir starfað svo stuttan tíma ennþá, að hún er ekki farin að sýna sig eins og hún á eftir að gera, og því er pólitíkin enn ekki orðin eins áberandi augljós eins og hún á eftir að verða í störfum þessarar n.

Þá vék hv. þm. sér að iðnaðarmönnum. Hann vill gjarnan láta svo líta út sem hann sé sjálfkjörinn forsvarsmaður iðnaðarmanna hér á þingi.

Hann staðhæfði, að þær spurningar, sem skipulagsn. hefir lagt fyrir einstök iðnaðarfyrirtæki, væru ekki nærgöngulli en þær spurningar, sem hagstofan hefir nú fengið lagaheimild til að leggja fyrir iðnfyrirtæki. Ég hygg, að hv. þm. meini þetta ekki. En ef hann skyldi meina þetta, þá vildi ég mega leiða hann í allan sannleika um það. Í bréfinu er spurt um sundurliðað hráefni, (**EmJ**: Það er búið að lesa þetta áður). Hv. þm. virðist ekki skilja það samt — sundurliðað hráefni, hve mikið fer í fullunna einingu af hverri vörutegund, og það er það, sem á iðnmáli eru nefndar formúlur, sem n. spyr hér um. En það, sem á að gefa í skýrslum til hagstofunnar samkv. frv., sem lá fyrir þinginu og er nú orðið að l., það er um magn og gerð framleiðslu iðnaðarmanna og notkun hráefna og aðstoðarefna. Það er m. ö. o. nákvæmlega samskonar skýrsla og aðrir atvinnurekendur í landinu gefa. Iðnaðarmenn hafa sjálfir óskað eftir þessu, eins og hv. þm. tók fram. Og af hverju? Af því að þeir vilja láta sjást í hagskýrslunum, hvaða þátt iðnaðurinn á í íslenzku atvinnulífi. Þess vegna vilja þeir láta sjást og fá skjalfest, hversu miklu magni framleiðslan nemur og ennfremur, hvað mikið þeir kaupa af hráefnum. Hvernig getur hv. þm. leyft sér að bera slíkar almennar hagskýrslur saman við svona nærgöngular spurningar, þar sem beinlínis er spurt um þær formúlur, sem einstakir iðnrekendur nota við atvinnurekstur sinn?

Þetta ákvæði um hagskýrslurnar sætti ekki neinum ágreiningi hér í deildinni. Það kom til þeirrar n., sem ég á sæti í, og ég var frsm. þessa máls og fékk bætt nokkrum ákvæðum inn í frv. til þess að gera það ennþá fyllra. Hér er ekki heldur um samskonar skýrslur að ræða. Það sjá allir hv. þm. þann meginmun, sem er á því, að afhenda skýrslur til hagstofunnar, sem er ópólitísk ríkisstofnun, eða að láta slíkt í hendur jafn pólitískrar n. og skipulagsn. er. Hagstofan gerir ekki annað við þessar skýrslur en að gefa þær út mönnum til leiðbeiningar og fróðleiks. Um tilgang skipulagsnefndar með skýrslusöfnuninni vita menn hinsvegar ekki annað en það, sem yfirlýst hefir verið í Alþýðublaðinu og af hæstv. atvmrh.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að ég hefði tekið á mig þá röggsemi að hringja til allra iðnrekenda og vara þá við því að gefa n. skýrslur. (**EmJ**: Ég sagði ekki allra.) Jú, allra. Ég get sagt hv. þm. Hafnf. það, að ég átti tal við einn gamlan kunningja minn og iðnrekanda hér í bænum. Hann var í vafa um, hvort hann ætti að gefa skýrslu, og ég sagði honum, að honum bæri ekki nein skylda til þess og áleit það ekki annað en kunningjabragð.

Hv. þm. komst svo að orði, að ef sjálfstæðismenn ætluðu að halda áfram uppteknum hætti gagnvart n., þá mundi hann greiða atkv. á móti þessu frv.

Ég get sagt hv. þm. það, að ég mun halda áfram uppteknum hætti gagnvart n. og meira en það. Ég mun taka upp meiri röggsemi en nokkru sinni áður til þess að vara þjóðina við þessari hættu, sem hér er á ferðum. Hann getur því rólegur greitt atkv. á móti frv., ég mun ekki hætta, veri hann viss um það.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði sagt, að n. ætti að finna veilur í rekstri einstaklinganna. Ég sagði, að hún ætti að reyna að finna veilur. Annars skil ég nú ekki, hvers vegna sósialistar eru að ónáða hv. Alþ. í þessu tilefni. Er ekkert mark takandi á samþ. flokksþings þeirra og flokksblaði þeirra, fyrst þeir þurfa að ónáða þingið dag eftir dag í tilefni af því, að athuga að verði, hvort ekki séu veilur í rekstri einstaklinganna? Því að Alþýðublaðið hefir sagt, að glæpsamleg óstjórn hafi verið á rekstri einstaklinganna, og í ávarpi, sem Alþýðusambandið sendi þjóðinni, segir svo: „En forráðamenn einstaklingsrekstursins á atvinnumálum þjóðarinnar hafa fyrirgert réttinum til þess að veita atvinnulífinu forsjá og forstöðu. Þá á ekki að spyrja ráða né til þeirra að leita um bjargráð". Hérna er hans eigið flokksþing búið að kveða upp dauðadóminn yfir einstaklingsrekstrinum, og svo er verið að biðja hv. Alþ. um heimild til þess að finna veilur í honum. Ég skil ekki samræmið í þessu.

Ég hygg, að hv. þm. Hafnf. sé svo kunnugur a. m. k. einum atvinnurekstri, að hann viti, við hve mikla örðugleika er að stríða. Hann þarf ekki að vera að þenja sig upp með það, að við séum hræddir um, að fram komi veilur, sem almenningur hafi ekki gott af að vita um.

Ég vil benda á það, að öll skjöl atvinnurekenda í landinu hafa þegar verið lögð á borðið. Þau liggja hjá skattanefndum, hjá millibinganefndinni í sjávarútvegsmálum og hjá n., sem Reykjavíkurbær skipaði til þess að rannsaka hag stórútgerðarinnar. Það hvílir því engin leyndarblæja yfir þessu.

Hv. þm. veit sjálfur, hvar skórinn kreppir að. Hann ætti að stinga hendinni í eigin barm, áður en hann talar digurbarkalega um þessi

efni. Andstaða okkar gegn þessu frv. og þeirri rannsóknarheimild, er felst í 1. gr., byggist ekki á því, að við séum hræddir við rannsókn eða viljum hana ekki. Hlutlaus rannsókn er okkur kærkomin, en rannsókn þeirra, er þrá það eitt að drepa niður einstaklingsreksturinn í landinu, er okkur ekki kærkomin. Tilgangurinn er of augljós. Jafnviðtæk heimild og felst í 1. gr. frv. yrði þessum mönnum stórkostlegt vopnabúr til þess að blekkja almenning og villa honum sýn.

Ég get vel trúað, að hv. þm. Hafnf. gangi hér gott til. Hann er maður, sem vill halda sér við málefnin, en hann er enn ungur og óreyndur, og aðrir munu ráða meira um stefnu Rauðku en hann.

Ég ætla að lokum, svo að ekki leiki vafi á, áður en málið fer út úr d., hvað það er, sem veldur ágreiningi, að minna á þrjú aðalatriðin en þau eru:

1. Hið einlita pólitíska val nefndarmanna í jafnstórfelldu og viðkvæmu máli.

2. Hinni yfirlýsti tilgangur n., sem komið hefir fram í ræðu hv. atvmrh., í skrifum Alþýðublaðsins og í samþ. Alþýðusambandsins, þar sem dauðadómur er kveðinn upp yfir öllum einstaklingsrekstri.

3. Það, sem mestum ágreiningi veldur, en það er hin almenna rannsóknarheimild, sem er alveg einstök og fram úr hófi varhugaverð og háskaleg, þar sem hér er um flokksnefnd að ræða. Andstaða okkar gegn þessari almennu heimild byggist einnig á stjórnarfarslegum ástæðum. Hér á að fara að seilast inn á það svið, sem þingið eitt á yfir að ráða.

Ég hefi áður bent á það, hvernig Englendingar fara að, er þeir skipa n. til þess að rannsaka mál, er vanda valda. Árið 1925 skipaði íhaldsstjórnin í Englandi n. til þess að rannsaka kolaiðnaðinn, þetta mesta vandamál enska iðnaðarins, þar sem ætíð gekk á stöðugum verkföllum. Enska stjórnin fór ekki eins að við skipun þessarar n. og stjórnin hér fór að með skipulagsnefnd. Hún skipaði ekki tóma fylgifiska sína í n., heldur gerði hún að formanni n. einn aðalmótstöðumann sinn, Sir Herbert Samuel. N. fékk víðtækt vald. Af því að það er upplýsandi í þessu sambandi, hverskonar vald þessi n. fékk, vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það upp hér í þýðingu. N. fékk vald til þess að spyrjast fyrir um og safna skýrslum um hagfræðilegt ástand kolaiðnaðarins og atriði, er hann snerti. Og enn fremur segir svo: „Til þess betur að ná þessum tilgengi gefum vér yður vald, einum ykkar, þremur eða hverjum ykkar sem er, til þess að kalla fyrir sérhvern þann mann, er þér álítið að geti gefið upplýsingar í þessu efni“ — ég legg áherzlu á það, að það stendur í þessu efni — „til þess að biðja um upplýsingar og rannsaka allar bækur, skjöl, skýrslur og skrár, sem geta gefið fyllstu upplýsingar um málið“. Þetta sýnir, hvernig Englendingar takmarka sig við þetta eina efni, en n. má kalla hvern fyrir sig, sem hún vill og ferðast hvert sem hún vill til þess að rannsaka þetta efni. N. gaf út bók með niðurstöðum sínum. Hún kallaði fyrir sig 76 vitni, bæði námueigendur og verkamenn og fékk hjá þeim allar skýrslur. Ég hygg, að þetta dæmi upplýsi það, hversu ranglega hér á að beita þessu valdi.

Ég vil svo áður en ég sezt endurtaka það við hv. þm. Hafnf., að ég mun halda áfram upptéknum hætti gegn þessu frv., og vara bæði hv. þm. og þjóðina við þessu skaðræði.

**Emil Jónsson:** Hv. þm. Snæf. sagði, að ég hefði verið hér með ósæmileg orð, en minntist þó ekki á, hvar þau hefðu komið fram. Mér kemur þetta líka kynlega fyrir sjónir, því að ég man ekki eftir að hafa viðhaft slík orð. Hann kvað einnig svo að orði, að ég hefði verið að þenja mig út, viljinn væri góður, en ég væri ungur og óreyndur. Ég held, að hv. þm. Snæf. sé ekki eldri maður en ég, og e. t. v. yngri, svo að honum lætur illa að vera með umvandanir út af slíku. Hvor okkar er reyndari skal ég ekkert um segja. Það má vel vera, að hann sé reyndari maður en ég, en mér finnst þó að ég megi hafa skoðun, þótt ég sé ekki eins lífsreyndur og hann.

Ég skal ekki hafa hér mörg orð. Það hefir fátt verið hrakið af því, sem ég sagði. Helzt hefir orðið tíðrætt um skýrslurnar, sem skipulagsnefndin hefir beðið um, bæði af hv. 8. landsk. í gær og hv. þm. Snæf. nú. Áður var áherzlan lögð á það, að skipulagsnefnd hefði gerzt svo djörf að heimta að vita um, hvaða hráefni iðnaðarmenn notuðu. Þegar ég hafði upplýst það, að iðnaðarmenn hefðu sjálfir beðið um þetta, er nú áherzlan lögð á það, að n. heimti að vita, hve mikið af hverri tegund hráefna iðnaðarmenn noti. Þetta kallar hv. þm. Snæf. að narra út úr þeim dýrkeypta reynslu þeirra, og telur, að það gangi nærri 66. gr. stjórnarskrárinnar.

Í rauninni er engin frekari heimild veitt með þessum l. til skýrslusöfnunar en sú, sem veitt er með l. um að safna megi hagfræðiskýrslum. Það er því alveg rangt að gera hér einhvern meginmun á. Hinsvegar koma skýrslur hagstofunnar ekki fram fyrr en í fyrsta lagi eftir ár frá því þeim er safnað, svo að n. þurfti að taka þetta í sínar hendur, svo að hún gæti hafið starf sitt strax. Þetta er það, sem hefir verið gert að aðalatriði í þessu máli; hvað aukaatriðin snertir fer ég fljótt yfir sögu.

Um frv. skipulagsn. er það að segja, að þau eru samin á skömmum tíma og því eðlilegt, að þeim þurfi að breyta eitthvað. N. hafði ekki starfað nema einn mánuð er þing kom saman. Hv. þm. Snæf. gekk í raun og veru inn á það, að ekki væri pólitík að ráði í frv. n. Hann sagði eitthvað á þá leið, að hann héldi að hann gæti talið, að pólitík væri í þessu frv. Hvaða frv. er það eiginlega, sem slíkt verður ekki sagt um?

Hv. þm. Snæf. talaði um muninn á skipulagsnefndinni og n. þeirri, er Englendingar skipuðu 1925 til þess að rannsaka kolaiðnaðinn. Báðar hafa þessar n. það sameiginlegt, að þeim er veitt ótakmörkuð rannsóknarheimild. Skipulagsnefnd fer fram á að rannsaka sitt efni, alveg eins og enska n. Munurinn er aðeins sá, að verksvið skipulagsnefndar er stærra.

Að afstaða mín til þessa máls velti á því,

hvernig Sjálfstfl. hagar sér í því, er ekki rétt nema að nokkru leyti. Ég sagði, að fylgi mitt við frv. mundi fara nokkuð eftir því, hvernig afskipti Sjálfstfl. yrðu til málsins.

Nú er það vitað, að Sjálfstfl. hefir sýnt málinu fullan fjandskap, og mér er sagt, að hv. þm. Snæf. hafi reynt að spilla fyrir skýrslusöfnuninni. Það var mín skoðun, að sjálfstæðismenn hefðu ekkert annað að gera í n. en að spilla fyrir störfum, og þeirri skoðun hefi ég ekki breytt. Ég álít því, að sjálfstæðismenn eigi ekki að fara í n., nema því aðeins, að þeir fyrst gefi yfirlýsingu um, að þeir vilji starfa þar af heilum hug og gera ekkert til þess að spilla störfum hennar, eins og mér virðist þeir hafa ætlað sér. Þessi rannsóknarheimild, sem með frv. er farið fram á, að n. verði gefin, er ekki að mínu viti það mikils virði, að ég vilji kaupa hana því verði, að Sjálfstfl., ef hann er ráðinn í því að eyðileggja störf n., verði hleypt í n. Öðru máli væri að gegna, ef þeir vildu starfa í n. af heilum hug, en það hefir ekki komið neitt fram ennþá, sem benti til þess. Ef þess vegna sjálfstæðismenn ekki breyta til um sína stefnu í þessu efni, þá mun ég vinna að því, að þessi heimild, sem frv. fer nú fram á að veita n., verði ekki notuð, þó frv. verði að l., nema því aðeins að sjálfstæðismenn gefi þessa yfirlýsingu. Því eins og frv. er nú er það alls ekki skylda að nota hana, og ég býst við, að flestar þær upplýsingar, sem n. þyrfti að fá, gæti hún fengið án þessarar rannsóknarheimildar og gerir það að sjálfsögðu, ef ekki fást þessar yfirlýsingar sjálfstæðismanna.

**Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Hv. þm. Hafnf. talaði um það, að það væri að vissu leyti nokkuð hliðstæð skylda, sem fælist til einstaklinga um að gefa skýrslur eftir l. frá 1895 um hagfræðiskýrslur eins og fælist í þessu frv., og að þar væru einnig ákveðnar dagsektir. Þetta er að vissu leyti rétt, en það er þó ákaflega mikill meginmunur í ákvæðum þeim, sem felast í l. um hagfræðiskýrslur og þessu frv., sem hér liggur fyrir, bæði um sektir, skylduna til að gefa upplýsingar og hverjir það séu, sem skyldir eru til að gefa upplýsingar. Ef hv. þm. vill athuga þetta frv., sem ég þykist nú reyndar vita, að hann muni hafa gert, þá sér hann í fyrsta lagi, að samkv. 1. gr. l. frá 1895 er það ríkisstj., sem á að annast um útvegun á þeim skýrslum, sem í l. þessum greinir. Það er sem sé Alþ., sem felur ríkisstj. að fá ákveðnar skýrslur um ákveðin málefni frá alveg ákveðnum mönnum. Það er því ríkisstj. sjálf í fyrsta lagi, sem á að annast um þessa skýrslusöfnun, þó hún svo hafi falið sitt umboð hagstofunni. Hv. þm. hlýtur að vera það alveg ljóst, hver meginmunur er á því, hvort það er ríkisstj. sem slík, sem á hverjum tíma hefir vald til þess að fá skýrslur um ákveðin málefni frá fyrirfram ákveðnum mönnum eða hvort það er gefið ótakmarkað rannsóknarvald í hendur pólitískri n., sem er skipuð af pólitískri stj.Í öðru lagi má benda á það, að samkv. 2. gr. l. frá 1895 er þessari skýrslusöfnun og fyrirkomulagi hennar komið fyrir með reglugerð, þannig að þeir, sem þurfa að gefa skýrslur, geta alveg séð, hve víðtæk skylda þeirra er til þess að gefa upplýsingar um það, sem um er spurt. Ríkisstj. eða hagstofan hefir á hverjum tíma ekki heimild til að ganga að skýrslusöfnun lengur heldur en þessi reglugerð heimilar, en mér er hinsvegar ekki vitanlegt, að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé gert ráð fyrir því, að gefin sé út nokkur reglugerð um það, á hvern hátt þessi skýrslusöfnun Rauðku skuli fara fram eða að takmarka eigi með reglugerð að nokkru leyti skyldu manna til þess að svara þeim spurningum, sem n. kann að leggja fyrir menn. Þarna kemur líka allverulegur munur fram. Í l. frá 1895 er þetta takmarkað með reglugerð, en í þessu frv. er þetta alveg ótakmarkað gefið n. sjálfri á vald. Það, sem þá er augljósasti munurinn á þessu tvennu, frv. og l. frá 1895, er það, að í l. er það alveg tiltekið, hverjir það séu, sem eru skyldir til að gefa þessar upplýsingar, og eru það eins og talið er upp í 3.—5. gr. l., bændur, búendur, skipstjórar, formenn, útgerðarmenn og forstöðumenn sparisjóða. Það er ekki sjáanlegt, að það séu aðrir, sem séu skyldir til þess að gefa þær upplýsingar, sem samkv. þeim l. er heimilt að biðja um. En samkv. þessu frv. hefir n. heimild til þess að heimta skýrslur, munnlega eða skriflega, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, stjórnendum fyrirtækja og stofnana, um þau atriði, sem hún sjálf telur með þurfa. Það eru engar takmarkanir á því, hjá hverjum n. getur krafizt þessara skýrslna, jafnt hjá embættismönnum, forstöðumönnum allra stofnana, sparisjóða, hlutafélaga og annara firma og öllum einstaklingum, jafnvel þó þeir hafi engan atvinnurekstur, nema þá kannske e. t. v. einhvern iðnað. Það er því algerlega út í hött hjá hv. þm. Hafnf. að koma með samanburð á þessu frv., sem hér liggur fyrir, og l. frá 1895. Og ég þykist vita, að hv. þm. hafi meira komið með þennan samanburð til þess að reyna að finna einhver veik rök fyrir sínum málstað heldur en að honum sjálfum hafi ekki verið fullljóst, hver munur er á ákvæðum þessa frv. og l. frá 1895. — Það er rétt, að í l. frá 1895 er svo ákveðið, að menn, sem ekki vilja gefa þær skýrslur, sem þar greinir, skuli sæta dagsektum, sem eru 1—5 kr., en hér í þessu frv. allt að 100 kr., svo það er strax út af fyrir sig útilokaður allur samanburður, og í öðru lagi er í l. frá 1895 aðeins lítilfjörleg sekt, 10—20 kr., gegn því ef mönnum skyldi verða á að gefa eitthvað rangar upplýsingar, en samkv. þessu frv. skulu menn dæmdir í fangelsi fyrir meinsæri. Ef t. d. mér ekki þóknast að gefa hv. þm. S.-Þ. og hv. 2. þm. Reykv., sem ég hefi nú litla löngun til að lúta hvorki í einu né öðru, allar þær upplýsingar, sem þeir óskuðu, þá mundi ég verða dæmdur í meinsæri. Mér þætti það ákaflega hart, og ég mundi aldrei gefa mitt atkv. til þess að gefa hvorki þessum mönnum né öðrum ótakmarkað vald í þessum efnum eins og frv. fer fram á. Og það er alveg sama, við hvað maður miðar í þessu efni, hvort maður tekur eldri lagaákvæði, sem fjalla um svipuð efni eða hvort maður tekur svipaðan samanburð og hv. þm. Snæf. gerði, þar sem hann minntist á skipun

hinnar ensku n., þá er mismunurinn svo mikill, að enginn samanburður kemst að. Það er í raun og veru bæði sorglegt og hlægilegt, að fást skuli meiri hl. þ. til þess að gefa pólitískri n. slíkt vald sem þetta, og ég er alveg sannfærður um, að þetta frv., ef að l. verður, á eftir að hefna með því fordæmi, sem hér er gefið.

Hv. þm. Hafnf. talaði dálítið af sér áðan. Hann talaði um það í ræðu sinni hér í gær, að þó að menn tækju þátt í pólitík, þá gætu menn starfað í slíkri n. sem þessari ópólitískt og að *menn þyrftu ekki að láta pólitíska skoðun ráða* neinu í slíkum daglegum störfum, og er ég honum sammála um þetta. En hinsvegar erum við að sjálfsögðu sammála um, að slíkt verður oftast svo í reyndinni. En hv. þm. sagði áðan, að sjálfstæðismenn hefðu ekkert að gera í þessa n. meðan þeir hafa þetta hugarfar sitt, þeir þyrftu að fá rétt hugarfar. Hvaða hugarfar? Pólitískt hugarfar? Sjálfstæðismenn mega ekki starfa í n., af því að þeir hafa ákveðið pólitískt hugarfar, en í gær sagði hv. þm., að slíkt þyrfti ekki að skipta neinu máli. Hvernig vill hv. þm. samrýma þetta? (**EmJ**: Þetta er útúrsnúningur). Ef ég ekki má vitna í orð hv. þm. frá því í gær og bera þau saman við orð hans í dag, þá er það bara hann sjálfur, sem hefir talað af sér, en ég ekki með neinn útúrsnúning. Hv. þm. talaði um það, að þeir, sem í n. færu, yrðu að starfa þar af heilum hug. Hvað er heill hugur? (**EmJ**: Veit ekki hv. þm. það?). Jú, ég veit það út af fyrir sig, en ég fæ bara ekki samrýmt þessi orð hv. þm. við það, sem hann sagði í gær. Er það heill hugur að starfa í n. í samræmi við pólitíska skoðun manna eða í samræmi við það, sem maður álítur sannast og réttast? Ég álít, að það sé heill hugur. En ég efast um, að hv. þm. Hafnf. skilji þau orð á þann veg. Ég fæ þess vegna ekki séð, jafnvel ekki frá sjónarmiði hv. þm., að það sé fyrirfram útilokað, að sjálfstæðismenn gætu starfað af heilum hug í n., ef hann skilur orðin þannig, að pólitík eigi þarna engu að ráða. Það er því aðeins, að hv. þm. skýri orðin á þann veg, að starf manna í n. verði að vera í samræmi við þeirra pólitísku skoðun, að ég get ekki fallizt á, að sjálfstæðismenn geti starfað af heilum hug í n. En ef n. vildi starfa á visindalegum grundvelli, þá álít ég, að sjálfstæðismenn væru engu síður en aðrir hæfir til þess að vinna í n., og ef þeir vildu eins og hinir nm. leita að veilum, sem nú kynnu að vera á rekstri atvinnuveganna. Ef þeir gerðu þetta ópólitískt, þá tel ég, að þeir mundu starfa af heilum hug. Og hvað er það, sem sannfærir hv. þm. Hafnf. um það, að *sjálfstæðismenn* mundu ekki vilja starfa í n. á þeim grundvelli að finna leiðir til þess að bæta atvinnumöguleikana? Hv. þm. slær því einu föstu, að sjálfstæðismenn hafi ekki hið rétta pólitíska hugarfar og þess vegna geti þeir ekki starfað af heilum hug. Það er þess vegna ég, sem skil orðin „heill hugur" rétt, en hv. þm. ekki. Hv. þm. sagði, að sjálfstæðismenn mundu eyðileggja störf n. Hvers vegna? Ekki vegna þess, að þeir hljóti fyrirfram að vera skoðaðir sem óhæfir starfsmenn, ekki vegna þess, að þeir hafi ekki þá reynslu og þekkingu, sem fullkomlega jafnist á við þá, sem nú sitja í n. Ég veit ekki, frá hvaða sjónarmiði ætti að skoða störf n., ef endilega þyrfti að slá því föstu fyrirfram, að þeir, sem af Sjálfstfl. hálfu kæmu í n., þyrftu að eyðileggja störf hennar. En hvað er það, sem þarf að slá föstu til þess að þetta gæti samrímzt orðum hv. þm.? Það er það eina, að störf n. séu ekki það, að reyna að finna leiðir til þess að bæta atvinnumöguleikana, heldur sé tilgangur n. sá einn að þjóðnýta atvinnuvegina og þess vegna vilja þeir ekki sjálfstæðis*menn í n. Öðru visi er ekki hægt að skilja hv.* þm. En í gær kom hann með þessari saklausu einfeldni fram fyrir d. og sagði, að það væri sama þó hann og hv. 2. þm. Reykv. væru pólitiskir, þá gætu þeir samt starfað ópólitískt í n. Og hann er nú búinn að gleyma því sem hann sagði í gær, þar sem hann nú heldur því fram, að þeir, sem ekki hafi hugsunarhátt hinna rauðu flokka, hljóti að eyðileggja störf n. Þannig er hugsunargangur þessa hv. þm. Ég spyr því ekki að því, hvað lengi hann starfar ópólitískt í n., úr því að hann er nú búinn að gleyma sínum góða ásetningi frá því í gær. Og ég, sem var svo bjánalegur og sagðist trúa því vel, að þessi hv. þm. mundi geta starfað ópólitískt. Ég tek þetta því aftur, mér dettur ekki í hug að standa við það deginum lengur, úr því hann sjálfur er búinn að taka allt aftur af því, sem hann sagði um þetta mál í gær.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég hefi nú ekki tafið þingstörfin með því að ræða um þetta mál, og ég býst ekki heldur við að gera það mikið, en þó er þetta mál, sem ég ætti tæplega fremur en aðrir að láta fara fram hjá mér, því það er einkennilega til orðið, og framhald þess ætlar ekki síður að verða einkennilegt. Það er ekki neitt smáræði að ætla að fara að breyta skipulagi þjóðfélagsins í raun og veru alveg óundirbúið og svo að segja umtalslaust. Maður skyldi nú ætla, að það væri fyrst komið til þ. til þess að ræða um það, hvort slíkt ætti upp að taka, eða öllu heldur, að það væri rætt við kjósendur landsins, hvort rétt væri að snúa frá því skipulagi, sem gilt hefir í atvinnuháttum þjóðarinnar til þessa dags. En hæstv. stjórn hleypur til og skipar alveg flokkseinlita n. til þess að undirbúa þessa hluti. Og það er engin tilviljun, að n. er þannig skipuð, sem raun er á, því þessi merkilegu orð, að sjálfstæðismenn hafi ekki hið rétta pólitíska hugarfar til þess að starfa í n. og koma með till. um breyt. á atvinnuháttum þjóðarinnar, benda ekki aðeins til þess, heldur *sanna það fullkomlega*, að þetta er ekki annað heldur en flokksklíkunefnd, sem skipuð hefir verið, og að gersamlega óleyfilegt er, að greitt sé fé úr ríkissjóði fyrir þessi flokksstörf. Það má vel vera, að það verði talið aukaatriði í þessu máli, því að það hefir nú orðið svo snöggt um margan skildinginn úr ríkissjóði undir stjórn þeirra flokka, sem almennt eru kallaðir rauðu flokkarnir. Það er einu sinni komið inn í meðvitund margra manna, og það alltof margra manna, að það þýði ekki lengur að tala um eignarrétt á nokkrum skildingi, sem í greipar stjórnarinnar kemst. Þó virðist nú, að mönnum

þyki ekki með öllu einskisvert, hver á féð eða hvort fé er til, þegar verið er að safna í þennan sameiginlega sjóð, og frá minu sjónarmiði má þess vegna vel á það minnast, hvort það sé þolandi og forsvaranlegt, að ríkisstjórnir búi til flokksnefndir, sem enginn má nærri koma, nema þeir, sem hafa hið rétta pólitíska hugarfar, og hvort það sé forsvaranlegt, að slíkar nefndir megi ganga í ríkisfjárhirzluna, til þess að greiða þann kostnað, sem þær vilja skapa, og eftir því fé, sem þær þykjast þurfa að fá fyrir sitt persónulega starf.

Ég geri ráð fyrir því, að ef ég yrði hér nærstaddur á þessari háu samkomu, þegar ætti að fara að samþ. það, að ríkissjóður stæði undir þeim greiðslum, sem nefndin hefir skapað, þá mundi ég mótmæla því algerlega og segja það, sem rétt er, að það fé væri ranglega tekið úr fjárhirzlum ríkisins, en að það ætti að greiðast úr sjóðum flokka þeirra, sem nefndina eiga og þeir telja, að einir megi í henni sitja eða starfa.

Það er nokkuð stórt atriði, að fara út í verkefni þessarar nefndar, og það hafa nú ekki einu sinni verið birtar þær reglur eða fyrirskipanir, sem ríkisstj. kann að hafa gefið henni um störf hennar, né heldur hefir það verið birt, sem hún hefir krafizt af stj., að hún mætti gera. Verksvið hennar er sjálfsagt nokkuð víðtækt. En það, sem fyrir okkur liggur nú, er það, hvort við eigum að leyfa það, að algerlega hrein flokksnefnd, og ég held, að það sé ekki rangnefni, þó að hún sé kölluð klíka, því að það er rétta nafnið, þegar menn án nokkurs umboðs frá þeim, sem umboðið eiga að gefa, rotta sig saman til þess að hnýsast í annara manna sakir, — fái slíkt vald, sem hér um ræðir. Það, sem fyrir liggur núna, er það, hverskonar umboð Alþ. á að gefa slíkri klíku. Ég segi: það á ekkert umboð að gefa henni, hún á enga viðurkenningu skilið af neinum, nema þeim flokkum, sem hafa sett hana á laggirnar, og fyrir þeim einum getur hún borið ábyrgð, en ábyrgðarlaus er hún gagnvart öllum öðrum. Það er ekkert smáræðisvald, sem þessi nefnd á að hafa. Við skulum segja, að ríkisstj. geti dottið það í hug að gefa henni vald til þess að yfirheyra og krefja sagna opinberar nefndir og þá, sem í þjónustu ríkisins eru, sem ég þó algerlega neita, að stj. geti gefið hreinni flokksnefnd, en þegar á að fara að gefa henni umboð, eins og hér stendur, til þess að krefjast skýrslna, munnlegra eða skriflegra af einstökum mönnum, þá vil ég segja það, að slíkt umboð getur enginn gefið. Það er svo fjarri því, að hægt sé einu sinni að gefa slíkt umboð af þinginu sjálfu. Það er mjög fjarri því. Og það er beinlínis verndaður réttur manna með l. landsins, til þess að þeir geti verið í friði fyrir slíku snuðri um einkasakir sínar. Það er aðeins um þá hluti, sem varða hið opinbera, sem hægt er að kalla fyrir einstaka menn og heimta af þeim skýrslur. Þetta atriði er eitt út af fyrir sig alveg nægilegt til þess, að það á ekki einu sinni að hefja máls á því, að þingið styðji störf þessarar nefndar, nema þá að vald hennar verði takmarkað miklu meira en gert er ennþá. Ég vil líka segja það, að það væri ákaflega hæpið, þó nú að Alþ. hefði skipað nefndina, sem það hefir alls ekki gert, að gefa slíkri n. vald til þess að heimta skýrslur af trúnaðarmönnum einkafélaga og einkafyrirtækja. Ég fyrir mitt leyti mundi aldrei gefa slíkra skýrslu, ef ég væri trúnaðarmaður hjá einkafyrirtæki, ekki nema samkvæmt dómi. Það er að sönnu sagt hér í 2. gr. þessa frv., að það sé bannað að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þessir nm. kynnu að verða áskynja um. En hvað ætla þeir þá að gera með upplýsingarnar, ef þeir ætla ekki að nota þær til neins? Eða hvernig á að skilja það, þegar talað er um óviðkomandi menn? Kannske það sé átt við, að nm. eigi ekki að ganga út um stræti og gatnamót og æpa þar upp það, sem þeir hafa snuðrað upp. Þetta eru nokkuð lítil takmörk fyrir uppljóstrunum. Ég held, að þagnarheitið yrði að vera miklu ríkara, t. d. að það mætti ekki skýra neinum frá því, nema þeim, sem nefndina hefði skipað, sem sé ríkisstj.

Það eru svo engar smásektir, sem þessir menn eiga að sæta, sem krefja á skýrslna, ef þeir ekki vilja hlýðnast því, að gefa þær. Það eru 10 til 100 kr. á dag. Ég geri ekki ráð fyrir því, að almenningi í landinu þyki það lítilsvirði, hvort dagsektirnar, sem hann er dæmdur til að greiða, eru lægri eða hærri, því að það er nú búið að gera mikið til þess að rýja menn, og að því, sem ógert er í þeim sökum, hafa verið lögð allveruleg drög með ýmsu því, sem Alþ. er nú búið að samþ. eða hefir á prjónunum. Virðast þetta vera allveigamikil viðurlög, þegar það er athugað, að þau eiga að hitta menn, sem ekki fara með umboð neinna annara, en starfa aðeins fyrir sig og á sína ábyrgð.

Ég þarf ekki að endurtaka það, að það er mjög einkennilegt, að það skuli ekki einu sinni hafa komið fram rödd á þessu þingi um það, að þessi n. verði upplýst og þingskipuð nefnd kæmi í staðinn, og það er ákaflega einkennilegt, að sú krafa skuli ekki hafa komið fram, á sama tíma og krafizt er svona geysilega mikils valds fyrir nefndina. Ég geri ráð fyrir því, að þetta stafi af því, að fylgismenn stj. ætlist til þess og haldi fast við það, að þetta eigi að vera flokksnefnd, og að í henni eigi engir að vera nema þeir, sem aðhyllast stjórnarstefnu sósíalista eða kommúnista. En það, að sjálfstæðismenn koma ekki með slíka till., stafar af því, að þeir álíta það óeðlilegt að búa til n., sem hefir slíkt vald, sem þessari n. er ætlað að hafa, og með svo að segja engum takmörkunum. Það væri ekki hægt að segja, að það væri óeðlilegt að veita slíkt vald, ef rannsaka ætti einhvern ákveðinn og takmarkaðan hlut, eins og t. d., að það hefðu verið rannsökuð tildrög að því, eins og einu sinni kom fram á Alþ., að lokað var þeim bankanum, sem stóð undir aðalatvinnuvegi landsmanna. Það var ekkert óeðlilegt, þó að krafizt væri, að nefnd yrði skipuð til þess að rannsaka það, og henni fengið nokkurt rannsóknarvald, því með þeirri athöfn, að koma þessum banka á kné, var stefnt að því, að koma á vonarvöl a. m. k. helmingi allrar þjóðarinnar, og það lá þungur grunur á um það, að þar hefði verið um pólitískt hermdarbragð að ræða, og þjóðin átti heimtingu á, að það yrði rannsakað. Þetta var afmarkað efni;

bara um þetta eina atriði, en samt var neitað um þetta, og þó átti nefndin að vera þingskipuð. En hér kemur nefnd, eða það sem ég kalla klíku, sem pólitískir flokkar, utan þingsins, finna upp á að búa til og láta koma nefi sínu í sakir allra manna á þessu landi, hvort sem það eru félög, fyrirtæki eða einstakir menn, og svo á hún að fá slíkt vald, sem hér er farið fram á.

Það hefir aldrei fengizt skýrt fram, hvað þessi n. eiginlega ætlaði sér að leggja stund á. Hún hefir verið að unga ýmsu út. Það hefir verið haft mikið orð á því, að þessi Rauðka væri alltaf að kasta, og þar væri hvert folaldið öðru ófélegra. Ég tek undir það, en vil líka taka mér í munn þessi orð okkar gamla og löngu liðna skálds: „Etum við þau öll og getum bæði". Mér finnst þeir hafa mest til matarins unnið, sem Rauðku bjuggu til, og þeir ættu því að nærast á þeim folöldum, sem hún er að kasta.

Ég man ekki, hvað þessi n. er búin að sitja lengi. Það eru sjálfsagt nokkrir mánuðir, og hún hefir verið látin setja á fót mektuga skrifstofu, og hefir strax ráðið sér skrifstofustjóra, sem hefir á 8. þús. kr. í árslaun. Ég geri svo ráð fyrir, að annað skrifstofulið sé eftir því. Ég hefi aldrei heimsótt þessa háu nefnd, en hún kvað hafa fínt um sig og haga sér eins og þar sé ekki af vanefnum tekið, og væri það vel, ef þeir greiddu féð, sem eiga að greiða það. En fyrst n. liður svona fjárhagslega vel, ætti að vera rétt að lofa henni að vera án alls umboðs frá Alþ., a. m. k. þar til út um það er gert meðal þjóðarinnar, hvort hún vill hafa framkvæmdan tilgang þessarar n., því að það er enginn vafi á því, að íslenzkir kjósendur hafa aldrei verið um það spurðir beinlínis, en hafi þeir verið óbeinlínis um það spurðir, þá hafa þeir svarað neitandi. Það er enginn fótur fyrir skipun þessarar nefndar frá hálfu kjósenda, nema ef vera skyldi sá, að einn sérstakur flokkur hér á landi, sem gekk til kosninga við síðustu kosningar til Alþ., Alþýðuflokkurinn, hann gerði skrá yfir ýms málefni, sem hann vildi koma í framkvæmd, ef þjóðinni litist það að gefa honum vald til þess að fara með stjórn landsins, og á þessari skrá var a. m. k. nokkuð í þessa átt, sem Rauðku er ætlað að vinna. En ef eitthvað má ráða af kosningarúrslitunum, hver svör þjóðin vildi veita máli þess lofsæla flokks, þá var það hreint nei, því að þessi flokkur fékk ekki, og ekki einu sinni fyrir kraft þessarar stefnuskrár sinnar, nema ¼ hluta greiddra atkv., eða réttara sagt fékk ekki einn ¼ hluta þjóðarinnar með sér. Og þó að annar flokkur hafi eftir kosningarnar gengið honum á hönd, þá hefir það alls ekki verið borið undir kjósendur landsins, hvort þeir vilji taka það gilt, og það er enginn vafi á því, að ef á að framkvæma hér meginatriði þessarar skrár, sem ég áður gat um, þá má það ekki, nema því aðeins að það sé aftur borið undir landsfólkið, hvort það vilji aðhyllast þessi stefnuskráratriði. Hitt er að svíkjast að mönnum.

Ég skal fúslega og fyrstur manna viðurkenna það, að af þeim flokki, sem nú hefir gengið á hönd Alþýðuflokknum, mátti búast við ýmsu, en ég geri samt ekki ráð fyrir því, að allir kjósendur þess flokks hafi gert ráð fyrir því, að hann gleypti strax eftir kosningarnar allt það rauðasta á stefnuskrá viðurkenndra sósíalista, og hafi þess vegna ekki allir með það fyrir augum gefið þeim atkvæði sín. Það mundu því vera og eru hrein og bein svikráð við þessa kjósendur, ef umboðsmenn þeirra leggja út á þá mjög svo varhugaverðu braut, að styðja róttækustu stefnuskráratriði Alþýðuflokksins, en hafa ekki um eða fyrir kosningarnar tilkynnt það, að þeir mundu ganga einu sinni í þá átt, hvað þá gleypa hverja þá flugu, sem þeir vildu koma þeim í munn og háls.

Af því að það er nú mjög liðið á umr. um þetta mál, og frv. hefir ekki verið í þeirri n., sem ég hefi átt sæti í, og þess vegna ekki sérstaklega borið undir mig að ræða það í einstökum atriðum, mun ég ekki fara öllu lengra út í að ræða það. En mér þótti þó rétt, af því að ég veit, að það er litið svo á af mjög miklum hluta, og sennilega talsverðum meiri hl. kjósenda í mínu kjördæmi, að þessi nefndarskipun sé fyrst og fremst alveg óviðkomandi Alþ. og einnig, að óforsvaranlegt sé að fá henni nokkurt viðtækara umboð heldur en flokkur hennar gæti gefið henni — þá þótti mér rétt að láta það í ljós. Ég er alveg sannfærður um það, að ef þingið snýst að því ráði, að gefa nefndinni þetta umboð, þá mun það koma fram innan skamms, að kjósendur munu kalla þm. til reikningsskapar út af því. Það mun vera alveg einsdæmi í þingsögu okkar, að stj. hafi skipað svona fjölmenna nefnd algerlega einlita, en ætla sér þó, að láta hana heita skipaða af ríkisstj. Og hitt mun ótvírætt vera einsdæmi, að farið skuli fram á, að þingið gefi slíkri n. eða klíku, eins og ég hefi leyft mér að kalla hana, svo viðtækt og varhugavert umboð. Og f. h. allra þeirra manna, sem hafa fengið mér umboð til þess að starfa á þessum stað, vil ég mótmæla því fastlega, að þingið veiti n. það umboð, sem farið er fram á.

**Frsm. minni hl. (Thor Thors):** Ég ætla fyrst að svara nokkrum atriðum í ræðu hv. þm. Hafnf. Hann brást nokkuð reiður við minni ræðu og sagði, að ég hefði staðhæft, að hann hefði farið með dylgjur. Ég vil vekja athygli hans á því, að hann sagði í sinni fyrri ræðu, að andstaða okkar sjálfstæðismanna gegn þessari n. byggðist á því, að við vissum, að það væru huldar veilur í einkarekstrinum, og það þyrðum við ekki að láta koma í dagsljósið. Þetta kalla ég, með allri virðingu fyrir hv. þm., dylgjur, og ekkert annað en dylgjur, sem ég vil hér með vísa heim til föðurhúsanna.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að ég hefði verið að víkja að aldri hans. Það var rétt. Ég benti honum á það, að það væru aðrir eldri og reyndari menn í þessari n. en hann, og ég byggist við, að svo færi, að þeir mundu meiru ráða þar heldur en hann. Hvað viðvíkur aldri þessa hv. þm., þá skal ég fúslega viðurkenna það, að ég álít hans ósku vera hans prýði. Ég fór aldrei neitt út í að draga neitt í efa orð þessa hv. þm., vegna þess, að hann skorti reynslu, svo að það er alveg

óþarfi fyrir hann að víkja sér að mér og vilja gera gys að mér fyrir það, að ég hafi ekki fulla reynslu. En viðvíkjandi þeirri reynslu, sem ætti mestu að ráða í þessu máli, þar sem verið er að ræða um skipulagsnefnd atvinnumála, þá þori ég alveg óhikað, enda þótt ég sé nokkuð yngri en hv. þm., að tefla fram minni reynslu og þekkingu á sviði atvinnumálanna gegn hans reynslu.

Þá sagði hv. þm. Hafnf., að það, sem ég hefði tilfært um vald ensku nefndarinnar, til þess að rannsaka kolaiðnaðinn, sýndi það, að hún hefði samskonar vald og þessi skipulagsnefnd á að fá. Það er mikið rétt, að í sjálfu sér er valdsvið þeirra nokkuð líkt, en það eru bara verkefni þessara tveggja nefnda, sem eru gerólík, þar sem enska nefndin fékk það verkefni að rannsaka aðeins eitt stórt ágreiningsmál, og vald hennar var strax bundið við það eina verkefni. En ef við hinsvegar lítum á verkefni skipulagsnefndarinnar, — og nú er ég kominn að svo miklu ræðuefni, að ef hæstv. forseti hefir ákveðið að fresta fundi innan skamms, þá óska ég að fresta því, sem eftir er af ræðu minni, þar til fundi verður haldið áfram seinna í kvöld.

Fundarhlé.

Ég hafði áður lýst því takmarkaða verksviði, sem brezka n. hafði, sem átti að rannsaka hag kolaiðnaðarins. Ég gerði það til samanburðar við það mjög svo yfirgripsmikla verksvið, sem skipulagsn. atvinnumála á að hafa. Í 1. gr. er mælt svo fyrir, að n. eigi að rannsaka fjármál ríkis og þjóðar, og hverskonar atvinnurekstur í landinu, þ. e. a. s. fjármál allra einstaklinga þjóðfélagsins og atvinnurekstur þeirra. Hún á að hafa vald til þess að skyggnast niður í hverja kistu og fara niður í vasa hvers manns til athugunar á fjárreiðum hans. Og þar sem hún á að rannsaka hverskonar atvinnurekstur í landinu, nær verksvið hennar frá því smæsta til hins stærsta. Undir valdsvið hennar heyrir því jafnt sala blaðadrengjanna hér á götunum og atvinnurekstur í stórum stíl, eins og þeim, er á sér stað hjá hv. þm. Hafnf. Hvorttveggja þetta, og allt þar á milli, getur þessi n. rannsakað. Og samkvæmt orðalagi 1. gr. frv. fellur undir verksvið n. yfirleitt allt milli himins og jarðar, og má n. því láta það af því til sín taka, sem þeir jarðnesku menn, sem í n. eru, ná til.

Þá sagði hv. þm. Hafnf., að við sjálfstæðismenn yrðum að gefa yfirlýsingu þess efnis, að við vildum vinna í n. „af heilum hug". Mér þykir þetta allundarlegt eftir yfirlýsingu hæstv. atvmrh. við 1. umr. málsins, um að sjálfstæðismenn væru ekki færir um það að starfa í n. Ég get ekki skilið þessi ummæli á annan veg en þann, að við þurfum að gefa yfirlýsingu um, að við ætlum að víkja frá okkar stefnu. En hann mætti þá lengi bíða, því að slíka yfirlýsingu munum við aldrei gefa. Sjálfstfl. er ekki svo óðfús að taka þátt í störfum þessarar n., að hann vilji vinna það til að svíkja sína kjósendur. Við munum halda áfram að berjast gegn því þjóðnýtingarbrölti, sem lýsir sér í skipun þessarar n. og verkefnum hennar. En við álítum það beina skyldu stjórnarflokkanna áður en þeir láta til skarar skríða með þá þjóðnýtingu, sem hér er stefnt að, að bera málið undir kjósendur. Við getum gengið inn á að lofa Rauðku að lifa á meðan, en við erum ekki í vafa um, hver dómur kjósendanna yrði. Ég skal láta þess getið, að einn merkur framsóknarmaður sagði við mig, að þeir vildu gera bandalag við okkur á þann hátt að lofa Rauðku að lifa, en drepa öll afkvæmi hennar. En við teljum óþarfa að láta Rauðku lifa, ef svo á að drepa öll hennar fölöld.

Ég fer nú að þreytast á að sitja á Rauðku, því að hún er fremur óþýð, og mun ég því fara af baki. Hún verður nú væntanlega leidd inn í hv. Ed. Ég vona að hún fái þar gott fóður, verði sett í hesthús og látin vera þar til eilífðar.

**Forseti (JörB)**: Mér hefir borizt áskorun frá 6 þingmönnum, svo hljóðandi:

„Undirritaðir alþingismenn í neðri deild óska þess, að greidd séu þegar atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið þegar í stað, samkv. 37. gr. þingskapa.

Jónas Guðmundsson. Páll Zóphóníasson. Finnur Jónsson. Bergur Jónsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Gísli Guðmundsson".

**Ólafur Thors**: Ég sé, að komin er fram till. um, að skornar séu niður umr. um þetta frv. Það er að vísu svo, að komið hefir fyrir áður, að slík till. væri lögð fram og er ekki mikið við því að segja, úr því að þingsköp gefa heimild til þess. En mér finnst, að þar sem hér er um að ræða 3. umr. málsins og þetta mál er eins og því hefir verið lýst, þ. e. a. s. mjög óvenjulegt í alla staði, og þar sem sá maður af stjórnarandstæðingum, sem stendur næst ríkisstj., telur ákvæði frv. fara í bág við stjórnarskrána, þá sé hart að gengið, að mönnum skuli ekki gefinn kostur á að ræða málið. Ég t. d. hefi ekki talað eitt orð um málið, og hafði ég þó ekki ætlað að láta það fara út úr deildinni án þess að segja nokkur orð, svo að eitthvað af því, sem ég hefi út á frv. að setja, gæti orðið skjalfest í þingtíðindunum, og ég hygg, að svo sé um fleiri sjálfstæðismenn. Aðeins þrír okkar flokksmanna hafa tekið til máls, þeir hv. þm. Snæf., hv. 8. landsk. og hv. 6. þm. Reykv. Því verður ekki neitað, að það er nokkuð nærri gengið málfrelsi þingmanna að skera niður umr., þegar aðeins þrír menn úr andstæðingaflokki frv. hafa tekið til máls. Verð ég því að mótmæla því algerlega, að við séum beittir slíku ofríki og tel það í alla staði óviðeigandi. Veit ég eigi heldur, hvort slíkt ofríki flýtir nokkuð fyrir afgreiðslu mála yfirleitt. Ef stjórnarflokkarnir ætla sér að beita þannig bolmagni til þess að skerða málfrelsi okkar, verða þeir að gera sér ljóst, að þeir kynnu að þurfa að grípa til þess úrræðis í fleiri málum, ef þetta á að vera til þess að stytta þingstörfin. Mér skilst nú, að skilyrði fyrir því, að slíkur niðurskurður á umr. geti yfirleitt farið fram, sé tilgreindur í 37. gr. þingskapanna. Ég þarf ekki að kynna okkar reynda forseta þessi ákvæði, en þeim til leiðbeiningar, sem hér eiga að greiða atkvæði, vil ég leyfa mér að lesa þessa gr. Þar stendur:

„Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sé hætt, og sker þing-

deildin úr því umræðulaust. Sömuleiðis geta 3 þingmenn i efri deild, 6 i neðri deild og 9 i sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið o. s. frv.“

*Ég verð að mótmæla því mjög eindregið*, að hægt sé að telja, að umr. um þetta mál hafi dregizt úr hófi fram, þegar þess er gætt, hvaða ákvæði felast i frv. og hvað það er óvenjulegt. Ég var ekki viðstaddur, þegar 2. umr. fór fram, *en hún tók aðeins 4 klukkustundir, og af þeim* tíma töluðu stjórnarliðar i 2 klst. Nú, þegar andstæðingar þessa frv. bera fram rökstudd andmæli, get ég ekki viðurkennt, að það sé neitt i þá átt, að umr. gangi úr hófi fram, þó að tveir *þingmenn hafi talað gegn frv. og sá þriðji flutt* eina stutta ræðu. Ég teldi því rétt, að úrskurður hæstv. forseta félli á þá leið, að þessi atkvæðagreiðsla geti ekki farið fram, vegna þess að hér séu eigi fyrir hendi þær forsendur, sem 37. gr. *þingskapanna gerir ráð fyrir*, að *slik* atkvgr. byggist á. Vil ég beina því til hæstv. forseta að taka þetta til athugunar.

**Forseti (JörB):** Samkvæmt ákvæðum þeirrar *greinar þingskapanna, sem vísað er til* þegar fram kemur áskorun um að slíta umr., skal það borið undir deildina umræðulaust, og er sjálfsagt að forseti hliti því ákvæði. Það liggur i augum uppi, að ef forseti ber fram slíka áskorun, *þá hafa umræðurnar að hans dómi gengið* úr hófi fram. Nú hefi ég ekki gert þá uppástungu, sem hér liggur fyrir. En samkv. þessari sömu grein hafa 6 þm. deildarinnar rétt til að bera slíka áskorun fram, og forseti verður að sjálfsögðu að taka *hana til greina. Ég mun því* bera þessa áskorun undir deildina. Þingsköpin taka fram, að það skuli gert umræðulaust. Það er ætlazt til, að þingmenn dæmi sjálfir með atkv. sínu.

**Jónas Guðmundsson:** Ég hafði kvatt mér hljóðs til að ræða um þingsköp, en ég mun falla frá orðinu, ef aðrir gera slikt hið sama.

**Ólafur Thors:** *Ég skal ekki misnota leyfi hæstv.* forseta til örstuttrar aths. Ég vildi aðeins beina til hans þeirri fyrirspurn, hvort hann líti ekki svo á, að upphaf 37. gr. þingskapanna: „Ef umræður dragast úr hófi“ — sé líka skilyrði fyrir því, að 6 *þingmenn geti borið fram áskorun um* að slíta umræðum. Ef hæstv. forseti litur svo á, óska ég, að hann úrskurði, hvort umræður hafi dregizt úr hófi fram, og telji hann það ekki, þá verði áskorunin eigi tekin til greina og því ekki borin upp.

**Forseti (JörB):** Ég man ekki til, að ágreiningur hafi orðið um þetta ákvæði síðan ég tók sæti i þessari hv. d. Ég lít svo á, að samkv. orðalagi *þessarar greinar gildi sama regla*, hvort sem tillaga um að slíta umræðum kemur frá forseta eða 6 þingmönnum. Upphaf greinarinnar hljóðar svo:

„Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti *stungið upp á, að þeim sé hætt, og* sker þingdeildin úr því umræðulaust“. — Þetta ákvæði er alveg skýlaust. Svo kemur næsti málsliður: „Sömuleiðis geta 3 þingmenn i efri deild, 6 i neðri deild og 9 i sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin *upp og rituð i gerðabókina*“. — *Hér er svo náið* samband á milli, að það virðist alveg tvímælalaust, að ætlazt sé til, að deildin skeri úr i báðum tilfellum.

**Ólafur Thors:** Það er augljóst, að 6 þingmenn úr neðri deild geta ekki krafizt niðurskurðar á umræðum, nema því aðeins, að umræður hafi dregizt úr hófi fram. En ég lít svo á, að það sé hlutverk forseta, en eigi þingdeildar að meta, hvort umr. hafa dregizt úr hófi. Það er skylda forseta að gæta þess, að þingsköp séu eigi brotin, og ef hann lítur svo á, að umræður hafi í þessu tilfelli dregizt úr hófi fram, er eðlilegt, að hann úrskurði, að atkvgr. skuli fara fram. En ef hann hinsvegar lítur svo á, að slíku sé ekki til að dreifa, þá ber honum að girða fyrir það, að þingmeirihluti geti brotið þingsköp með því að beita meirihlutavaldi sínu. Vil ég því leggja á hæstv. forseta þá skyldu að úrskurða, hvort umr. i þessu máli hafi farið fram úr hófi.

**Forseti (JörB):** Ég ætla, að hv. þm. G.-K. misskilji ákvæði *þeirrar greinar, sem hér er um* að ræða. Það liggur i hlutarins eðli, að þeir, sem gera uppástungu um, að umræðu sé slitið, líta svo á, að umræður hafi verið um hóf fram, og hvernig sem forseti kann að líta á málið, verður hann að sjálfsögðu að fylgja ákvæðum þingskapa og leita úrskurðar deildarinnar. Með þessu ákvæði er það tryggt, að forseti geti eigi beitt valdi til að skera niður umræður, þó að þær að hans dómi dragist úr hófi fram. Honum er gert að skyldu að bera þetta undir deildina, og hennar úrskurði verður hann að hlíta eins og aðrir. Ég mun því bera þessa áskorun undir deildina samkv. skýlausum fyrirmælum þingskapanna. Það er ætlazt til, að hver deildarmanna sé dómbær um þetta atriði og þeirra dómi ber að hlíta. Vænti ég, að ekki þurfi frekari umræður um þetta.

**Ólafur Thors:** Ég skal ekki karpa um þetta við hæstv. forseta, en ég held því fram, að minn skilningur sé réttur. (**Forseti:** Ákvæði greinarinnar eru ótvíræð).

ATKVGR.

Krafan um að slíta umræðum borin undir atkv. Viðhaft var nafnakall og sögðu

**já:** BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, JörB.

GÞ, GSv, GÍ, GTh, JakM,[1]) JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh,[2]) PHalld, PO, SK, TT greiddu ekki atkv.

Þrir þm. (HannJ, MT, ÁÁ) fjarstaddir.

Þar sem ekki hafði meiri hl. dm. tekið þátt í atkvgr. lýsti forseti yfir því, að umr. yrði frestað haldið.

1) **JakM:** *Eg tel*, að með því að bera þessa *till. undir* atkv., sé breytt þvert ofan í skýlausan tilgang 37. gr. þingskapa, og með því að meiri hl. er hér að beita minni hl. bersýnilegu ofbeldi, mun eg ekki *taka þátt í þessari* atkvgr.

2) **ÓTh:** Með tilvísun til grg. hv. 3. þm. Reykv. greiði eg ekki atkv.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Ég gerði grein fyrir atkv. mínu um þá till., sem nú var borin undir deildina, eins og hv. dm. hafa heyrt. En ég tel rétt að gera nokkru nánari grein fyrir afstöðu minni, svo að enginn geti verið í vafa um, að með atvgr. þeirri, sem hér fór fram gegn settum lögum, var verið að gera tilraun til að beita minni hl. alveg óforsvaranlegu ofbeldi. Skilyrði til að slíkt sem þetta megi bera undir atkv., er það, að umr. um málið hafi keyrt úr hófi fram. Ef svo er eigi að dómi forseta verður það a. m. k. að vera skilyrði fyrir hverjum þeim dm., sem slíka till. ber fram eða greiðir henni atkv. Nú hafa umr. um þetta mál farið svo fram, að frsm. hefir talað þrisvar sinnum og því aðeins notað sinn rétt, án þess þó að nota rétt sinn til athugasemda. Annar nm. hefir talað tvisvar og þannig aðeins notað sinn skýlausa rétt. Auk mín hefir ekki talað nema einn stj.andstæðingur, hv. 6. þm. Reykv., aðeins einu sinni, og 1 stjórnarliði, hv. þm. Hafnf., haldið 2 ræður. Þeir, sem eru jafnkunnugir þingsköpum og umr. eins og hv. þdm., vita, að ekki er nokkur leið að halda því fram, að hér sé verið að teygja eða toga umr. úr hófi fram. Það er því alveg bert, að með kröfu um að skera niður umr. nú, skirrist stj.liðið ekki við að beita minni hl. d. ofbeldi, ef tækifæri gefst. En þó að þeir gætu ekki komið því fram, var tilgangurinn sá sami. En það var í rauninni enn ógeðslegra vegna þess, að þeir höfðu ekki mátt til að koma því fram. En það lýsti engu að síður óskammfeilni, heimsku og ófyrirleitni. (**Forseti** hringir). Hæstv. forseti var heldur seinn, því ég var búinn að segja það, sem ég ætlaði.

Get ég þá snúið mér að því, í fyrsta sinni í umr., að segja nokkur orð um frv. Er það nú komið til 3. umr. án þess að ég hafi talað í málinu. Ég minnist þess, að því var haldið fram við 1. umr., að skipun skipulagsnefndarinnar hefði ekki verið tekið þannig af Sjálfstfl., að ástæða hefði verið til þess, að ætla honum mann í n., eða að hann vildi taka þátt í störfum hennar, sízt á þann hátt, að gagn mætti að verða. En ég segi fyrir mig að því leyti, sem ég hefi látið í ljós skoðun mína um tilgang n. og störf, — sem ég mun hafa gert hér í sambandi við annað mál — að ég hefi aðra skoðun á því en margir samflokksmenn mínir og gildir það um afstöðu þá, sem ég tók upphaflega til skipunar n. En ég játa, að undir umr. hefir skoðun mín nokkuð breytzt. Mín skoðun var sú, þegar ég upphaflega sá það ákvæði í 4 ára áætluninni, að skipa svona n., að það væri aðeins gert eins og títt er hjá sósialistum til þess að hafa agn á önglinum, sem gengi í fólkið, og svo ekki meir. Ég þekki slíkt ákaflega vel frá bæjarstjórnar- og þingkosningum. Síðast þegar bæjarstjórnarkosningar fóru fram hér í Rvík í byrjun ársins, minnist ég, hvernig þeir beittu þá önglinum. Þá ætluðu þeir að kaupa 10 nýja togara og sýna fólkinu, hvernig þeir færu að útrýma atvinnuleysinu með því að bæta 10 togurum við fiskiskipaflotann. En þetta reyndist eins og vita mátti ekki annað en gott agn, sem beitt var við kosningarnar, sem enginn hugur fylgdi. Sýnir það sig bezt á því, að á aukaþinginu síðasta báru þeir fram frv., sem nú er látið detta máttlaust niður á milli stj.flokkanna og enginn þm. sósialistanna hefir látið sér detta í hug að taka upp, nú þegar þeir hafa aðstöðu til að koma því fram. Er því auðséð, að það hefir aldrei annað verið en meiningarlaust kosningaskrum. Með þessum forsendum þóttist ég hafa ástæðu til að ætla, að þessi liður í 4 ára áætluninni væri ekki annað en venjulegt kosningaskrum, sem aldrei væri ætlað að bera árangur. Þetta lá því nær og ég gerði þeim mun minni kröfur sem flokkurinn bjóst ekki við að fá þá aðstöðu að verða krafinn efnda. En nú fór svo, að þeir fengu þá aðstöðu að mega búast við, að kjósendurnir krefðu þá efnda, og að þeir yrðu að einhverju leyti að standa við loforð sín. Það var alveg dásamleg fyrirhyggja hjá sósialistum, hvernig þeir fóru eins og köttur kringum heitan graut um sitt aðalstefnuskráratriði — þjóðnýtinguna. Ég minnist, að ég heyrði hv. þm. Hafnf. lýsa yfir, að hann ætlaði að koma á einhverju rjómafyrirkomulagi, en hafði aldrei tíma til að gera grein fyrir, hvernig þetta mætti ske, jafnvel þó hann væri krafinn um það. Var það sannarleg fyrirhyggja að koma sér undan því. Nú geta þeir sagt, að þeir ætli að gera það með skipun n., en það þurfi bara lítilsháttar undirbúning til þess að koma öllu því fram, sem þeir lofuðu. Við bæjarstjórnar- og þingkosningarnar létu þeir á sér skilja, að allt þetta mundi veitast yður, ef þið kjósið okkur. En í 4 ára áætluninni er látið skína í, að ekki mætti ætlast til, að allt þetta yrði gert undirbúningslaust, og þess vegna hélt ég, að meiningin með því að skipa n. væri ekki sú, að henni væri ætlað að vinna nokkurt gagnlegt starf, heldur væri það aðeins blekking. Það er því engin ástæða til þess að búast við, að henni sé ætlað, eða hún ætli, að gera nokkurt gagn, né að þau frv. verði mikils metin, sem n. ber fram, enda eru þau meinlaus og má einu gilda, hvað við þau er gert. Þetta er einmitt sá árangur, sem ég bjóst við, að n. mundi gera eitthvað aðeins til þess að sýnast. En n. þarf að láta líta svo út sem hún ætli að gera meira en að sýnast, og því vill hún fá þessa rannsóknarheimild. Er þetta rétt eins og ég bjóst við gert í því augnamiði einu. Hefi ég þá trú á sómatilfinningu og réttlætiskennd hv. þm., að þeir samþ. þetta aldrei. En hafi n. borið frv. fram í þessu trausti, hefir hún ekki reiknað með, að fylgismenn hennar væru orðnir aðrir eins aumingjar, — eins auðvirðileg flokksþý og raun ber vitni um. Já, ég skil, forseti ætlar að hringja. (**Forseti**: Það er æskilegt meðan hv. þm. hefir einhverja tilfinningu fyrir því, hvað sé þinglegt, að hann hagi orðum sínum eftir því). Hæstv. forseti má vera viss um, að ég geri allt af eins og ég tel við eiga.

Ég bjóst við, að krafan um rannsóknarheimildina væri gerð í samræmi við kosningaloforð sósialista í því trausti, að hún yrði felld, til þess svo að geta sagt kjósendunum, að þeir hefðu ekki getað staðið við loforðin vegna þess, að þeir fengju ekki rannsóknarheimildina. Ég hafði þá skoðun á þessu, að það væri ekki annað en stórkostlegt bluff, bara til þess að hafa kjós-

endur góða fram undir næstu kosningar. Þá var hægurinn hjá að setja málið á odd fyrir kosningar og láta stranda á því, að sósialistar vilji þjóðnýtingu, en framsókn samvinnu. Segja svo upp samvinnunni eins og 1931 og ganga vígreifir til kosninga. Hefja nýja sókn með nýjum loforðum um, hvað flokkurinn ætli að vinna næsta kjörtímabil — semja nýja 4 ára áætlun.

Ég get skilið, að hv. þm. Hafnf. segi sem svo, að slíkar undirtektir um skipun n. gefi ekki góðar vonir um samvinnu við þann flokk, sem ég tilheyri, og ég er sömu skoðunar, og þess vegna sé ekki ástæða til að ætla flokknum sæti í n. En ég get ekki neitað því, að mér finnst það sýna vantrú á n. og vonleysi um málstaðinn, ef hv. stj. og stuðningsmenn stj., sem að skipun n. stóðu, þora ekki að láta sjálfstæðismenn koma í n. og kynnast hennar störfum. Ef málstaðurinn væri virkilega góður þykir mér óskiljanlegt, ef ekki væri hægt að sannfæra jafnvel hv. þm. Hafnf. Þess vegna skoða ég það sem vantrú á málstaðinn, að sjálfstæðismenn eigi ekki erindi í n. og hafi ekki skilyrði til að taka þátt í þeim störfum, sem henni eru ætluð. Ég verð að segja, að þetta fél mjög vel við þá skoðun, sem ég hafði haft um skipun n., að hún væri ekki nema til að sýnast. Það er skiljanlegt og lá í augum uppi, að ekki yrði eins auðvelt að halda málamyndastarfi í n. í samvinnu við Sjálfstfl. án þess að það kæmi fljótlega í dagsljósið. Þegar mál þetta var til umr. hér á þingi fyrir nokkrum dögum, varð nokkur ágreiningur milli forsrh. og atvmrh. Atvmrh. lýsti því hátíðlega yfir, að höfuðtilgangur n. væri sá, að vinna að þjóðnýtingu. En forsrh. var fljótur til og rauk upp og taldi það fjarri sanni að því er sinn flokk snerti. Síðan hefir hæstv. forsrh. haft minni afskipti af málinu, en látið sitja við þessa einu yfirlýsingu um tilgang n. Þegar það er athugað, að þeir 2 flokkar, sem skipuðu n., hafa ekki fyrir fram rætt eða krufið til mergjar, á hvaða grundvelli n. ætti að starfa, þannig að þegar rætt er opinberlega um þetta, segir einn ráðh. þetta og annar hitt, er alveg augljóst, að n. er skipuð út í bláinn, án þess að gera grein fyrir, hvernig hún eigi að starfa. Atvmrh. sagði, að frá sínu sjónarmiði ætti að byggja á grundvelli þjóðnýtingar, en forsrh., að það væri fjarstæða, sem ekki kæmi til mála. Það er m. ö. o. augljóst, að samherjarnir, sem skipuðu n., hafa ekki hugsað sér neinn ákveðinn grundvöll. Styður þetta enn mína skoðun, þá, að aldrei hafi verið nein alvara með skipun n.

En það, sem veldur því, að ég er farinn að vera nokkuð efablandinn um, að ekkert hafi legið bak við annað en yfirskin, er fyrirspurn, sem ég hefi orðið var við, að n. hefir sent út til iðnrekenda hér í bænum, og hvernig þeirri fyrirspurn er hagað. Hv. þm. Snæf. las hér áðan við þessar umr. eitt slíkt fyrirspurnarbréf. Út af því réðst hv. þm. Hafnf. út á völlinn og þóttist skáka hv. þm. Snæf., því þar væri ekki spurt um annað en það, sem menn væru skyldugir til að svara hagstofunni. Annaðhvort er nú, að þessi hv. þm., sem er í n., hefir ekki séð bréfið, eða að hann er ekki nógu kunnugur þeim lögum, er leggja skyldu á menn að svara hagstofunni, því að í bréfinu er gengið svo nærri réttindum manna, að þeir eru krafðir svo nákvæmra upplýsinga, að spurt er um blöndun hráefna í þeim vörum, er þeir framleiða. Þess er áreiðanlega ekki krafizt af hagstofunni. Satt að segja get ég ekki séð, að það snerti þann tilgang, sem n. er ætlað að hafa, jafnvel þó það væri eindreginn tilgangur beggja stjórnarflokkanna að undirbúa þjóðnýtingu. Ég hefi ekki orðið þess var, að hv. þm. Hafnf. hafi leitt nokkur rök að því, að þess væri þörf. En það er skýlaus sönnun fyrir því, að hv. þm. — ef hann er annars kunnugur þessum fyrirspurnarbréfum — veit vel, að það er mjög mikill munur á skýrslugjöf til hagstofunnar og þeirri, sem farið er fram á í þessu bréfi.

Skýr sönnun er það, að ef skýrslur, sem ætlazt er til, að hagstofan gefi, fullnægi tilgangi nefndarinnar, þá væri þessi rannsóknarheimild um leið óþörf. Þá gæti n. notfært sér upplýsingar hagstofunnar. Fyrst hagstofunni er gert að skyldu að innheimta slíkar upplýsingar frá einstaklingum, hvers vegna þarf þá að gefa þessari einstöku nefnd sama vald? Það væri engin ástæða til þess, ef hér væri ekki um mismunandi tilgang að ræða. En mismunandi tilgangur er augljós af því, sem hv. þm. Snæf. upplýsti hér áður við þessa umr. Hann taldi tilgang nefndarinnar þann, að fá betri upplýsingar um atvinnurekstur einstaklinga heldur en hagstofan hefir þörf fyrir. Í þessu sambandi vil eg geta þess, að mig minnir, að síðastl. haust hafi verið auglýst verð á framleiðsluvöru, sem framleidd er af fyrirtæki norðanlands, og var lítið eitt lægra heldur en sama framleiðsluvara, sem framleidd var hér í Rvík. Síðan kom auglýsing frá framleiðendum hér í Rvík um, að þeir hefðu byrjað á framleiðslu á sömu vöru og auglýst hafði verið af fyrirtækinu norðanlands, ég man ekki, hvort tekið var fram í auglýsingunni, að verðið væri ákveðið það sama eins og á framleiðslu norðlenzka fyrirtækisins, ég man ekki heldur vel, hvort þess var líka getið, að þessi vöruteg. væri ekki samskonar, lélegri vara heldur en sú vara, sem þessi framleiðandi annars hafði á boðstólum, en að hún væri fullkomlega samkeppnisfær við framleiðsluvöru þessa norðlenzka fyrirtækis. Mér skildist, að norðlenzka fyrirtækið hefði ekki möguleika til þess að framleiða samkeppnisfæra vöru við framleiðslu hér í Rvík. Af þeim ástæðum fyrst og fremst hefir verðið verið fært niður. Mér skilst m. ö. o., að þetta norðlenzka fyrirtæki hafi ekki haft þá kunnáttu til að bera í iðnaðinum, sem til þess þurfti að framleiða samkeppnisfæra vöru við vöru Sunnlendinga.

Þegar ég sé spurningarbréf skipulagsnefndar, þá skilst mér, að ef þær upplýsingar, sem þar er krafizt, eru gefnar, þá gæti n. með góðri aðstoð sinni e. t. v. bætt upp vankunnáttu þessa norðlenzka fyrirtækis, þannig að það fengi allan þann fróðleik, sem það þyrfti til þess að geta framleitt jafngóða vöru og keppinauturinn hérna í Rvík. Ég get ekki gert mér aðra grein fyrir tilgangi þessarar n. en þá, að það eigi að ljósta upp framleiðsluleyndarmálum einstakra fyrir-

tækja, til þess að gefa öðrum kost á að nota þau. Ég hefi ekki látið mér detta í hug, að þetta hafi verið gert af þeirri forsjálni, að það væri tilgangurinn, þegar þessi atvinnuvegur væri þjóðnýttur, að þá gæti ríkisfyrirtækið haft sinn rekstur sem fullkomnastan, því að það er ljóst, að ef fyrirtækin eru þjóðnýtt, þá hafa einstaklingar enga aðstöðu til þess að reka sinn atvinnurekstur áfram, vegna þess að ríkið er búið að taka einkarétt á því að reka þann atvinnurekstur, og þá er ekki lengur nein ástæða fyrir einstaklinginn, sem kann að búa til vöruna, að halda þeirri þekkingu sinni leyndri. Hann vinnur ekkert með því. Hinsvegar er líklegt, að slíkir menn sem áður hafa stundað atvinnurekstur, væru fengnir, a. m. k. í mörgum tilfellum, sem sérfræðingar og leiðbeinendur fyrir ríkisfyrirtæki. Þess vegna er engin ástæða til þess að fara þessa leið til að tryggja þjóðnýtingu eða það, að ríkisrekin fyrirtæki gætu framleitt sem fullkomnasta vöru. Ég skal játa, að ef þetta er tilgangurinn með þessu, þá er í því viss afsökun. Það óbrigðula „moment" er: að það á að vanda sem bezt til undirbúningsins undir ríkisframleiðsluna.

Ég hefi sýnt fram á það í þessu sambandi, að þessi undirbúningur er alveg óþarfur, því að um leið og ríkið tæki að sér atvinnureksturinn, yrði það að taka að sér verksmiðjurnar og rekstur þeirra og mundi þá að sjálfsögðu nota þekkingu þeirra manna, sem hafa rekið þennan atvinnurekstur.

Það er engin nauðsyn á þessu vegna þjóðnýtingar. Hver er hún þá? Hvers vegna ber skipulagsnefndin þessar fyrirspurnir fram, sem gera mönnum skylt að skýra nákvæmlega frá því hvernig þeir setja saman efni til þess að búa til ákveðnar vörur, og varðar fangelsi, ef ekki er rétt skýrt frá? Hvers vegna er farið þannig að? Tilgangurinn getur ekki verið alþjóðarheill. Þess gerist ekki þörf.

Ég efast ekkert um, að á bak við slíka kröfu liggur sá tilgangur, að efla aðra aðilja til samkeppni við þá menn, sem stofnað hafa atvinnurekstur og hafa fjölþætta reynslu að baki sér í sinni grein, e. t. v. með miklum tilkostnaði. Þessa dýrkeyptu þekkingu á að taka af þeim og selja hana í hendur einkafyrirtækjum, til þess þau geti keppt við þá með fullum árangri og betri árangri heldur en fyrirtækið fyrir norðan, sem gat ekki keppt með fullum árangri vegna vankunnáttu sinnar. A. m. k. er augljóst, að ef tilgangurinn væri þessi, þá er skiljanlegt, að stj.flokkarnir skuli ekki hafa viljað blanda blóði við aðra flokka hvað skipun og starfshætti þessarar nefndar snertir. Það er einkennandi fyrir hugmyndina um þessa nefnd, skipun hennar og framkvæmd, að láta ekki aðra koma nálægt þessari nefnd en stjórnarsinna.

Það er fullkomið glapræði af þinginu að gefa þessari n. slíkt vald, sem farið er fram á, því að það er óhætt að segja, að ekki sé forsvaranlegt að fá þessari n. þetta vald í hendur, eins og hún er skipuð. Hv. þm. hefir jafnvel ekki heimild til þess að veita nokkurri n. slíkt vald, eins og hv. 2. landsk. tók fram. Með þessu móti er eingöngu gefið færi á því að hnýsast svo í atvinnurekstur einstaklinga, að það verður að teljast að öllu leyti óverjandi. Það er sennilega talið óforsvaranlegt af öllum nema þeim, sem standa að hæstv. núv. stj.

Ég hefi ekki breytt skoðun minni á því, að þessari n. er í rauninni ekki ætlað að vinna nokkurt starf í þágu alþjóðar. Ég er jafnsannfærður um það enn, eins og fyrst þegar ég sá þennan lið á 4 ára áætlun Alþfl., að frá alþjóðlegu sjónarmiði séð, er aðeins um hégómlega kosningabrellu að ræða. Það liggur í hlutarins eðli, hve fráleitt það er, að samþ. þetta lagafrv., sem hér liggur fyrir. Sé það hinsvegar ætlun hv. Alþ. að samþ. þessi lög, þá er það vitanlega sjálfsagt, að allir aðalflokkar þingsins hafi rétt til þess að skipa menn í þessa n., því að ef n. er aðeins skipuð 2 flokkum eða fulltrúum 2 flokka, þá er augljóst, að hinir flokkarnir eru og verða ofurseldir geðþótta nefndarinnar. Þeir eru skyldugir til þess að gefa allar upplýsingar um sín fyrirtæki og rekstur annara fyrirtækja, sem standa undir verndarvæng þessara flokka. Það er a. m. k. engin trygging fyrir því, að eitt sé látið yfir alla ganga í þessu efni. Það liggur í augum uppi, að þeir flokkar, sem standa utan við n., hafa allt aðra aðstöðu til þeirra upplýsinga, sem veittar kunna að verða. En tryggingin fyrir því, að þær upplýsingar séu ekki misnotaðar, meira og minna, fæst ekki með öðru móti en því, að öllum flokkum sé gefinn kostur á að taka þátt í starfi nefndarinnar, þannig að séð verði um, að það, sem er framkvæmt gegn einum, verði einnig framkvæmt gegn öðrum, og að vitneskja, sem fæst um atvinnurekstur þessa fyrirtækis, sem tilheyrir manni úr þessum flokki, fáist einnig um rekstur annars fyrirtækis, sem rekið er af manni úr hinum flokknum. Þetta ætti þó a. m. k. að geta verið nokkur trygging gegn því, að þær upplýsingar, sem nefndinni er gefin aðstaða til þess að fá, verði ekki misnotaðar, því að það yrði að reikna með því, að slík misnotkun leiddi eingöngu til þess, að reynt yrði að ná sér niðri með því að fara eitthvað svipað með þær upplýsingar, sem fengjust um þau fyrirtæki, sem annars hefðu verið til þess fallin að standa undir verndarvæng nefndarinnar. Hitt er augljóst, að ef þessari n. er ætlað að vinna alþjóðlegt gagn, þá er það fyrsta skilyrði fyrir því, að það megi takast, að um það náist samvinna allra flokka.

Ég veit, að stj.flokkunum er ekki geðfellt að ganga inn á þennan hugsunarferil. Þeir eru samfærðir um, að þeir einir hafi vit og þekkingu, og þeir eigi að segja fyrir um allar framkvæmdir. Áþreifanleg sönnun fékkst fyrir þessu á þingfundi hér í gær. Eins og við vitum, liggur fyrir hv. þingi frv. um fiskimálanefnd o. fl. Það er sagt, að þetta frv. sé komið frá hæstv. atvmrh., en sannleikurinn er sá, að enginn veit, hver hefir samið það og enginn veit, á hvaða þekkingar-grundvelli það er byggt. En hitt vita menn, að þetta frv. hefir ekki verið borið undir einn einasta aðila, sem nokkurt vit eða þekkingu, hefir á þeim málefnum, sem þar er talað um. Það er skiljanlegt, að meiri hl. sjútvn., sem tilheyrir núverandi stj.flokkum, mátti ekki heyra

það nefnt, að frv. væri borið undir nokkurn mann eða aðila, sem nokkur ástæða var til að ætla, að hefði nokkra reynslu í þeim hlutum, sem þar um ræðir. Það er reynt að keyra þetta mál gegnum þingið, án þess að farið sé eftir áliti nokkurs dómbærs manns um málið, af því að þessir menn hafa einir vit og skilning! Ekki er feimnin mikil!

Þegar hægt var að koma því til leiðar fyrir aðstoð hæstv. forseta, að nokkurra upplýsinga væri aflað um þetta mál, og tilraunir hv. meiri hl. n. til þess að þvinga málið fram áður en upplýsingar hefðu komið fram, strönduðu, og þessar upplýsingar voru komnar í hendur n., þá stendur hv. form. og frsm. meiri hl. n. upp og les upp þessar umsagnir, sem eru honum til háðungar, ef svo mætti að orði kveða í þessu sambandi.

Ég vil geta þess, að hann kveinkaði sér við að lesa upp allar þær skýrslur. Þegar þessi hv. frsm. meiri hl. sjútvn. hafði lokið þessum lestri, þá sagði hann, að úr því þetta frv. væri þegar búið að gera alla hugsanlega bölvun, þá gerði það ekkert til, þótt það yrði látið halda áfram. Þetta er ábyrgðartilfinningin!

En það lítur út fyrir, að það sé ekki aðeins þessi einstaki hv. þm. stj.flokkanna, sem þannig er farið, því að öðrum kosti er það óskiljanlegt, að hv. stj.flokkar líti í raun og veru svo á, að heill og hag þjóðarinnar væri bezt borgið með því móti, að þeir einir fái aðgang að því að fjalla um þessi vandamál.

Í þessu sambandi vil ég minnast á það við hv. stj.fl., að í einu bréfinu, sem hv. frsm. las upp hér í gær, frá bankastjórum Landsbankans, var komizt svo að orði, að þess væri óskandi, að allir flokkar stuðluðu að samvinnu um það að leysa mestu vandamálin, sem þingið á við að fást. Það er skoðun þeirra manna, sem ábyrgðin hvílir ekki síst á, að samvinna þingflokkanna sé óhjákvæmilegt skilyrði fyrir heppilegri úrlausn þessara miklu vandamála.

En þetta virðist ekki vera skoðun hv. stj.-flokka og hæstv. ríkisstj. [Fundarhlé].

**Forseti (JörB):** Þá hefst fundur af nýju. **(ÓTh:** Ég vil spyrja, hvaða 17 þm. voru við, þegar fundur hófst nú. Ég sé þá ekki). Hv. þm. G.-K. er einn af þeim. **(ÓTh:** Ég var á tali við kunningja minn hér inni í hliðarherberginu, svo að ekki var hægt að telja mig meðal þeirra, sem voru í d.) Ég hefi talið hv. þm. G.-K. með, þó að hann hefði ekki komizt lengra en í dyrnar. **(ÓTh:** Það er ekki leyfilegt að setja fund með færri en 17 þm.). Það eru nú að vísu engin ákvæði til um það, þó að þeirri venju hafi verið fylgt einnig nú.

**Gísli Sveinsson** [óyfirl.]: Herra forseti! Ég veit ekki, hvort það er gustuk að þjarma meira að þessari skepnu, sem nefnd er Rauðka, en þar sem ég vona, að hæstv. forseti sé ekki eins hátt settur í neinu dýraverndunarfélagi eins og hann er hér á meðal vor, þá mun ég nú kanna gang hennar nokkuð.

Ég skal þá fyrst víkja nokkrum orðum að því, hvort við skipun þessarar n. hafi pólitík ráðið, hvort henni sé ætlað að starfa pólitískt, hvort pólitík hafi komið fram í starfi hennar og hvort hægt sé að búast við pólitískum árangri af starfi hennar.

Nú er þess fyrst að geta eins og reyndar hefir komið fram áður og ég hefi haft tækifæri til að taka fram í sambandi við annað mál, að þessi svokallaða skipulagsn. atvinnumála, sem nú er tekin til starfa, ekki fyrir tilhlutun þings, heldur stjórnar, fékk erindisbréf, þar sem henni er upp á lagt að skila áliti og till. að lokinni rannsókn á þessum verkefnum, sem henni var falin eða verður falin. Og eins og hv. þdm. er kunnugt, þá hefir Alþ. nú þegar fengið til meðferðar nokkur mál í frv.-formi frá þessari n., og satt að segja eru þau mál ekki og geta ekki verið árangur af neinni rannsókn. Skal ég þar nefna tvö mál, sem eru komin talsvert áleiðis hér á þingi. Það er frv. um fólksflutninga á landi og frv. um starfrækslu póst- og símamála. Bæði þessi mál voru þannig vaxin, að þar getur engin rannsókn hafa legið á bak við.

Fyrra frv., sem ég nefndi, var mjög illa úr garði gert, þegar það var lagt fyrir þingið, og var sýnt fram á það með rökum undir umr. um það. Hafi n. safnað að sér gögnum um það mál og unnið úr þeim, þá hefir það verið gert mjög lauslega. Þetta sýndi líka sú meðferð, sem frv. fékk í samgmn. N. klofnaði, og báðir hlutar komu með till. um að umsteypa frv., þó að tilgangurinn héldi sér að kalla hjá meiri hl., en minni hl. vildi gerbreyta frv. Það hafði ekki verið leitað upplýsinga, sem þó voru fáanlegar í landinu, og var alls ekki hirt um að leita þeirra hjá þeim, sem vitað var, að höfðu beztan skilning á þessum hlutum.

Hitt frv., sem ég nefndi, var tiltölulega mjög ómerkilegt. Það hafði áður komið fram og verið rannsakað. Það var frv. um starfrækslu pósts og síma. Það var mjög einfalt og hefði hver sem vildi getað samið það á 1—2 dögum. Ég veit, að það hefði nafni minn, sem situr nú við hliðina á mér og er formaður samgmn., vel getað.

Þessi mál eru því þannig vaxin, að þau koma ekki fram frá n. hálfu sem árangur af neinni rannsókn. N. hefir þannig vanrækt þegar í byrjun það grundvallaratriði, sem er í erindisbréfi hennar, að láta fara fram rannsókn og athugun á málum, og þegar það bætist við, að hún er ekki betur skipuð að mönnum heldur en hún er, þá getur verið athugunarvert að láta hana fá jafngeysilegt rannsóknarvald og hér er lagt til. Þessir menn hafa oftar en einu sinni verið taldir upp af ráðh., og þó að sumir þeirra kunni að vera sæmilegir menn, þá eru þeir ekkert hæfari en hverjir aðrir, sem að svipuðum málum hafa starfað, og það er ekkert, sem bendir til þess, að þeir séu sjálfkjörnir í þessa n., sem á að fá svo geysimikið rannsóknarvald. Þetta er ljóst af fleiri atriðum. Ég hefi þegar nefnt afköst nefndarinnar hingað til. En það má benda á fleira. Því er ómótmælt, enda ómótmælanlegt, að skipun slíkrar nefndar var einn liðurinn í hinni svokölluðu 4 ára áætlun Alþýðuflokksins, sem er viðurkennt pólitískt kosningaplagg. Að framkvæma skipun nefndar,

sem boðuð er sem kosningabeita af ákveðnum stjórnmálaflokki, sýnir það, eitt út af fyrir sig, að n. er pólitísk, og sjálf skipunin í nefndina sýnir, að það hefir verið tilætlun stjórnarflokkanna að hafa hana pólitíska. Að vísu þarf ekki að furða sig á því, þótt stjórnarflokkarnir hafi viljað með nefndarskipuninni setja pólitík í samræmi við sína stefnu. En hér skipar stjórnin n. með viðtæku verksviði um óákveðinn tíma, sem starfa skal á kostnað ríkissjóðs, án þess að samþykki Alþ. komi til eða þess sé leitað. Slíkt getur ekki verið gert til annars en að tryggja það fyrirfram, að n. þjóni ákveðinni pólitískri stefnu.

Þá hefir hæstv. atvmrh. gefið þá yfirlýsingu, að frá sjónarmiði sósíalista eigi n. að komast að þeirri niðurstöðu, að þjóðnýting eigi að komast á, þar sem henni verður við komið. Með þessu er játað, að n. eigi í raun og veru enga rannsókn að hafa með höndum. Slíkt er auðvitað alger óþarfi, þar sem niðurstaðan er ákveðin fyrir fram.

Loks er þess að geta, að svo var skipað í n., að aðeins stj.flokkarnir eiga þar sæti. Hinum flokkunum var bolað burt eða meinað að vera í n., þrátt fyrir það, þótt þar ætti hlut að máli stærsti stjórnmálaflokkur landsins, Sjálfstfl. Þetta er enn ein fullkomin sönnun þess, að n. á að þjóna ákveðinni pólitískri stefnu. Það var auðheyrt á einum nm., sem hér hefir talað, hv. þm. Hafnf., að honum var meinilla við, að sjálfstæðismenn fengju að starfa í nefndinni og taldi jafnvel, að starfi n. væri með því stór hætta búin. Þetta sýnir, að stjórnarflokkarnir hafa ætlað sér að starfa einir og óáreittir í n. á kostnað alþjóðar.

Þá má benda á það, að fyrir liggja skrifleg gögn, sem sýna það, að hér er ekki um neina vísindalega starfsemi að ræða. N. hefir sent út fyrirspurnir til ýmissa atvinnurekenda, sem bera það fullljóst með sér, að hún er pólitísk n., en ekki óhlutdræg starfsnefnd. Sumar spurningarnar eru að vísu meinlausar, en aðrar meinlegar. Óhlutdræg starfsn. hefði ekki farið svo að, að heimta skýrslur af einstaklingum undir viti, án þess að hafa nokkra heimild til þess, eins og þetta frv. sýnir bezt sjálft, þar sem einmitt er farið fram á að fá slíka heimild. Ef n. ætlaði að starfa hlutlaust, var henni nóg að fá slíkar skýrslur frá hagstofunni, samkv. frv., sem nú hefir verið lagt fyrir Alþ. Enda hefir nú einn meðmælandi þess frv., sem hér liggur fyrir, sagt, að þær skýrslur væru þær sömu og n. á að geta krafizt eftir þessu frv. Þetta er að vísu blekking, því að frv. á að geta opnað n. leið til pólitískrar hnýsni og jafnvel árása í garð einstakra atvinnurekenda. En n. gat fengið allar fullnægjandi skýrslur frá hagstofunni, ef hún hefði ætlað sér að starfa ópólitískt.

Ég hefi þá sýnt fram á það í mörgum atriðum, þar sem hvert atriði er eitt út af fyrir sig fullnægjandi sönnun þess, að n. er skipuð pólitískt og á að starfa pólitískt. Meðmælendur frv. hafa hvað eftir annað viðurkennt þetta, og því er það firra að vera að neita þessu í öðru orðinu.

Ég vil spyrja meðmælendur n., hvers vegna n. hafi sent út fyrirspurnir með hótunum, meðan hún og stj. vissu, að n. hafði enga heimild til þess að gera slíkar fyrirspurnir. Það hefði ekki mátt gera minni kröfur en þær, að n. hefði beðið eftir því, að frv. um skýrslur frá hagstofunni, eða þetta frv., næðu fram að ganga, svo að henni veittist heimild til að heimta allar skýrslur af einstaklingum og opinberum stofnunum. En það er ljóst, hvað fyrir n. hefir vakað. Hún hefir ætlað, með þeim ómerkilegu málum, sem hún hefir látið frá sér fara og lagt fyrir þingið, og hinum ógnandi fyrirspurnum, að hún væri verðug trausts stjórnarinnar og stj.flokkanna. Ég get þess vegna vel skilið, að sjálfstæðismenn séu ekki velkomnir í n., og satt að segja hefi ég ekki talið neina þörf á því, að sjálfstæðismenn færu í þessa n. Ég ætla engan öfundsverðan af því að vera í henni, enda er svo til hennar stofnað, að hún gat ekki verið annað en stjórnarflokkaklíkunefnd.

En það er ekki hægt að neita því, að þegar stofnað er til nefndar, sem á að starfa á svo víðtækum grundvelli og hafa svo alhliða verkefni með höndum, lá næst að skipa eða kjósa slíka n. úr þingflokkunum öllum, eða a. m. k. stærstu flokkunum. En skýringin á því, hvers vegna slíkt var ekki gert, er fyrir löngu augljós. Hún er sú, að n. var frá upphafi ætlað að vera pólitísk n. og jafnvel árásarnefnd á Sjálfstfl.

Það hefir komið ljóst fram, að forsvarsmenn n. eru mjög andvígir þeirri breyt. á frv., sem komin er inn fyrir tilstilli hv. þm. V.-Ísf., að tveir sjálfstæðismenn skuli einnig fá að eiga sæti í þessari uppáhaldsskepnu þeirra rauðliða, þó að þeir vilji þrátt fyrir það láta bikkjuna ganga sér til húðar. Þeir hv. þm. Hafnf. og hv. 2. þm. Reykv. hafa báðir lýst yfir því, að þessi breyt. myndi stórspilla fyrir árangri af störfum nefndarinnar eða jafnvel gera hann að engu. En hví vilja þeir þá ekki hætta við n. eða a. m. k. fella frv., ef augljóst er fyrir fram, að enginn árangur verður af störfum nefndarinnar? Mér virðist, að skepnan sé þá orðin svo gölluð, að ekki sé rétt að knýja hana áfram lengur.

Ég verð því að draga þá ályktun af því, sem komið hefir fram í þessu máli í ræðum okkar sjálfstæðismanna og þá ekki síður af hálfu andstæðinga vorra, að nefndin, og þá ekki sízt þetta frv., sé orðið eitt stórt „húmbug“, sem ekki er lengur neitt skjól fyrir stjórnarflokkana, ekki einu sinni skálkaskjól. Ég vil því beina þeirri spurningu til stjórnarflokkanna, hvort þeir vilji ekki lofa þessari lemstruðu skepnu að hvíla sig héðan af og losa hv. Ed. þannig við að lóga henni.

**Jóhann Jósefsson** óyfirl.: Við 1. umr. þessa frv. minntist ég nokkuð á þetta mál og þó einkum á skipun nefndarinnar, á þann hátt, að mörgum hv. stjórnarliðum þótti ég víst gera fullmikinn aðsúg að n. og öllu hennar athæfi. Síðan hefi ég ekki skipt mér af gangi málsins, og vænti ég því, að mér verði ekki lagt það til lasts, þótt ég víki nokkuð að því við 3. umr., þar sem engir aðrir komust að við 2. umr. en þeir, sem töluðu í útvarpið.

Ég hefði viljað gera nokkra aths. við ræðu

hv. þm. Hafnf., sem talaði hér áðan í þessu máli. Ræða hans gaf alveg sérstakt tilefni til að ræða þær lífsskoðanir, sem virðast hafa valdið meðferð stjórnarflokkanna á þessu máli.

Aðrir hv. þm. hafa þegar sýnt fram á það, hve feikilega mikið og margþætt verkefni n. er ætlað. En þegar nefnd er stofnuð til að vinna að svo víðtækum verkefnum sem þessi, gegnir furðu, að nokkur ríkisstj. skuli leyfa sér að skipa svo einhliða pólitískt í hana og gert hefir verið í þessa n.

Mér þykir leiðinlegt, að hv. þm. Hafnf. skuli ekki mæta á fundi, svo að hægt sé að ræða við hann um það, sem hann sagði í þessu máli, því að þar kom „princip" stjórnarliða í þessu máli gleggst í ljós.

Hann játaði, að það væri fyrst og fremst tilgangurinn með þessu frv. að finna veilur í einkarekstrinum. Það er nú sjálfsagt svo hér sem annarsstaðar, að með eftirgrennslan má finna veilur í slíkum rekstri, og það jafnvel án þess að nokkur n. sé skipuð til þess. En skyldi þetta gilda alveg sérstaklega um íslenzkan atvinnurekstur, eða skyldi þetta eiga eingöngu við einkarekstur og rekstur hins opinbera vera þar alveg undanskilinn? Nei, en sannleikurinn er sá, að stjórnarflokkarnir vilja hvergi sjá veilur, nema í einkarekstri. Þeir geta ekki litið óhlutdrægt á þessi mál, af því að þjóðnýtingin er þeirra átrúnaðargoð og skipar svo háan stall í tilfinningalífi þeirra og meðvitund, að þeir loka augunum fyrir öllum göllum hins opinbera rekstrar. Annars vil ég taka það fram, að það er engin ástæða fyrir hv. þm. Hafnf. né aðra formælendur þessa máls, að halda, að atvinnurekendur hér séu neitt kvíðandi eða skjálfandi fyrir rannsókn þeirra manna, sem n. skipa. Til þess brestur þessa menn um of alla þekkingu á atvinnulífi þjóðarinnar. Að undanteknum einum manni í n., sem er trésmíðameistari, hefir enginn af þessum mönnum nokkurn tíma dýft hendi í kalt vatn hvað atvinnurekstur snertir. Betur en þetta var nú ekki séð fyrir þekkingu, hvað þá sérþekkingu, á atvinnuháttum og högum þjóðarinnar, er valið á þessum mönnum í nefndina fór fram. Fyrir gagnrýni slíkra manna þarf því enginn að blikna eða blána. Hitt er aftur á móti vitanlegt, að með fyrirspurnum sínum, t. d. til iðnaðarfyrirtækja, hefir n. látið það berlega skína í gegn, að eitthvað annað vakir fyrir henni í starfi hennar heldur en það, sem talið er í frv., að eigi að vera verkefni hennar, og er þar þó ærið talið. Því hefir verið lýst í umr., að n. hefir snúið sér til atvinnufyrirtækja, sem framleiða vörur til neyzlu, og hún spyr þau ekki um það eitt, hve marga starfsmenn fyrirtækin hafi, heldur um það, hvernig vörurnar séu búnar til, hún spyr um blöndun hráefnanna, sem notuð eru til þess að framleiða einstakar vörutegundir.

Hvað getur maður nú hugsað sér, að þessir menn, hv. þm. S.-Þ., hv. 2. þm. Reykv., hv. þm. Hafnf., skólameistarinn á Hólum og útgerðarstjóri og trésmíðameistari í Hafnarfirði hafi með slíkar upplýsingar að gera? Hvaða gagn geta menn ímyndað sér, að þessir menn hafi af þeim fróðleik, sem kallast formúlur fyrir því, hvernig einhver matvæli séu saman sett, hvaða hráefni notuð eru við kemiska samsetningu efna, svo ég nefni t. d. eina þá vörutegund, sem spurt hefir verið um, smjörlíki. Það er eðlilegt, að þeir, sem spurðir hafa verið á þann hátt, eigi erfitt með að finna, hvaða meining muni vera á bak við svona yfirheyrslu. (**ÓTh:** Mig langar til að skjóta þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvar hv. flokksbræður hans eru og hæstv. stj. Nú, þarna kemur þá einn þeirra í hv. d. Þá læt ég fyrirspurnina niður falla, ég spurði vegna þingfararkaups o. fl.). (**ÓTh** gengur til forseta og talar við hann í hljóði). Ég ætla að hvíla mig á meðan hæstv. forseti og hv. þm. G.-K. talast við (ræðumaður sezt). (**Forseti:** Hv. þm. Vestm. er óhætt að halda áfram).

Samkv. 1. gr. frv. og þegar maður kynnir sér það verkefni, sem n. er falið, er ekki gott að sjá, hvaða ástæður liggja til þess, að n. fer sérstaklega að kynna sér, úr hvaða hráefni smjörlíki sé búið til. Að vísu er sagt svo í frv., að n. eigi að gera till. um skipulag þjóðarbúsins o. fl. Kannske þetta „o. fl." þýði það, að n. eigi að gera till. um tilbúning smjörlíkis. Þetta á sér líka stað um tilbúning skósvertu, gljávax og ýmislegs fleira af framleiðsluvörum hér á landi, því þessar spurningar eru sennilega sendar til allra framleiðenda. M. a. er því grennslazt um það, hvaða hráefni notuð séu í skósvertu. Það er sannarlega ekki ónýtt fyrir n. að vita það, hvernig skósverta er búin til. Ég sé, að hv. 8. landsk. brosir, en þetta er ekkert broslegt. Það væri hreint ekki ónýtt fyrir hv. 2. þm. Reykv., ef hann gæti konstrúerað út úr upplýsingum um samsetningu á bónvaxi og skósvertu einhverja dýrindis skósvertu eða bónvax. Ég minnist þess, að ég las eitt sinn í Englandi smásögu Hv. 2. þm. Reykv. rak þar höfuðið út úr gætt. Ég vil beina hugsun hans, sem hefir sýnt sig að vera frjó, sérstaklega eftir að hann varð formaður „Rauðku", að því, að ég var að tala um smásögu, sem hann gæti lært nokkuð af. Það var eitt sinn fátækur hermaður, sem bað annan mann að gera sér greiða. Maðurinn varð við bón hermannsins vel og ljúflega. Hermaðurinn hafði ekkert til að borga með, en sagði þó: Eitt get ég látið þig hafa að launum, ég get kennt þér aðferð til þess að búa til talsvert góða skósvertu. (**ÓTh:** Það þýðir ekkert að segja hv. 2. þm. Reykv. þetta, hann gerir aldrei nokkrum manni greiða). Hv. þm. N.-Þ. er kominn hér og hlustar með athygli. Ég vil gjarnan, að hann nemi af sögunni. Maðurinn fór heim til sín með blað, sem hermaðurinn gaf honum, þar sem á var uppskrift um tilbúning skósvertunnar. Maðurinn fór að athuga blaðið. (Þetta er víst alveg sönn saga). Það reyndist svo, að þessi skósverta var talsvert góð, því maðurinn, sem tók að framleiða hana, varð af því auðugur, þó að hermaðurinn væri svo hógvær að segja skósvertu þessa ekki meira en talsvert góða.

Ég ætla, að rétt sé að benda þeim á, sem heyra mál mitt, hvað jafnvel þessi vara getur verið dýrmæt fyrir framleiðendur hennar, ef rétt er að farið. Það mætti nefna fleiri vörutegundir í þessu sambandi, en ég vil ekki þreyta hæstv. forseta á því að lengja mál mitt um þetta atriði,

en sumir af þeim, sem n. skipa, eru bókamenn og hafa kannske lesið söguna og vita það, hvernig uppskrift um skósvertuna gaf stórfé, og að það sé þess vegna, að hv. n. leggur sig svo fram til þess að fá frá iðnrekendum uppskriftir um tilbúning ýmissa iðnaðarvara. En svo er önnur hlið á þessari sögu. Hermaðurinn stóð í þakkarskuld við þann mann, sem gerði honum gott og veitti honum beina. Hann vildi þess vegna láta það, sem hann hafði yfir að ráða til endurgjalds. En það er óvíst, að iðnrekendur, hvort sem þeir framleiða ætar eða óætar vörur, álíti sig standa í þakklætisskuld eða nokkurri skuld við n. eða hæstv. stj., og að þeir þurfi af þeim ástæðum að láta af hendi þær upplýsingar um aðferðir við tilbúning sinna vara, aðferðir, sem þeir hafa fundið með mikilli vinnu, miklu námi og ærnum kostnaði. Aðferðir, sem þessir menn hafa lært og eignazt, eins og vitað er og allir skilja, að sá maður á, sem kemst yfir slíkar aðferðir með heiðarlegu móti, annaðhvort með vinnu eða kaupum á upplýsingum um það, hvernig vara er tilbúin, sá maður á vitanlega einn rétt á þeim launungarmálum eða formúlum, sem liggja til grundvallar fyrir því, hvernig ýmsar iðnvörur eru tilbúnar. Slíkar formúlur eru oftast nær leyndarmál, og má kalla, að hver verksmiðja hafi sína aðferð fyrir sig. Það er vitað um vörur með sama nafni, sem gerðar eru með mjög mismunandi aðferðum. Menn vita, að t. d. smjörlíki er mjög misjafnt að gæðum o. s. frv. En mismunur á gæðum orsakast sumpart af því, hversu góð hráefni eru notuð og hvernig þau eru notuð, hvaða aðferðir verksmiðjurnar nota og hversu vandvirknislega unnið er, hve mikið hreinlæti er viðhaft o. s. frv. En sérstaklega þetta atriði, blöndun hráefnanna, er víst alstaðar álitið að sé hreint einkamál hverrar verksmiðju eða iðnrekstrar fyrir sig, sem ekki komi til mála, að verksmiðjan þurfi að gefa öðrum upplýsingar um. Það gleður mig að sjá, að hv. þm. Hafnf. er nú kominn í deildina og heyrir mál mitt. Því miður var hann ekki viðstaddur er ég talaði til hans áðan, en ég skal endurtaka það, sem ég sagði. (**EmJ**: Ég hefi heyrt allt, sem hv. þm. hefir sagt). Það gleður mig, og þá get ég gjarnan bætt dálitlu við til hv. þm. og minnzt á fleira í ræðu hans. (**EmJ**: Það er óþarfi). Á þessum aðferðum eru oft tekin einkaleyfi, ef einhver maður finnur t. d. nýja aðferð til að vinna vöru úr einhverju hráefni. Við skulum hugsa okkur einhverja hrávöru hér á landi, t. d. lýsi eða lifur, svo maður taki eitt frumstætt hráefni. Eins og menn vita er lýsi unnið úr lifur, en til þess eru notaðar mismunandi aðferðir. Ég veit, að hv. þm. Hafnf. veit þetta, en það er ekki víst, að svo sé um alla hv. dm. Ég hefi heyrt á það drepið, að það megi fá einkaleyfi á slíkum aðferðum, og ég hefi m. a. s. heyrt, að umsókn um eitt slíkt einkaleyfi sé einmitt á ferðinni í stjórnarráðinu, og er hæstv. fjmrh. það kannske kunnugt. Aðferðirnar við að vinna lýsi úr lifrinni eru mismunandi og lýsið mjög misjafnt að gæðum. Ef nú einhver hefir fengið einkaleyfi á hlut eða aðferð og ef það einkaleyfi er verðmætt, þá á hann kröfu á verðlaunum eða borgun hjá þeim, sem nota hans aðferð. Ég veit, að hv. þm. Hafnf. veit þetta betur en ég, en ég veit þó svo mikið, að einkaleyfi á einhverri aðferð gildir sama og peningar, og getur slíkt verið stórra peninga virði í sumum tilfellum. En svo ég komi aftur að uppskriftunum, sem n. heimtar að fá á iðnaðarvörum bæði ætum og óætum, heimtar með valdboði, að gefnar séu út í yztu æsar, þá vil ég segja það, að með því er n. að heimta, að þessir menn framselji sína eigin eign. (**EmJ**: Má ég skjóta fram í, gildir þá ekki „patentið"?) Í öllum tilfellum eru þessar aðferðir ekki „patentaðar". (**EmJ**: Eru þær þá leyndardómur, ef þær eru ekki patenteraðar?). Ég veit ekki, hvort „patent" er á smjörlíkinu. (**EmJ**: Það er ekki „patent" á því). En hvers vegna er hv. þm. þá að spyrja um þessar aðferðir og uppskriftir, ef þær eru ekki leyndardómur. Hann er einn af nefndarmönnunum, sem spyr. Hvers vegna er hann að spyrja? Ég var áðan hálfgert að áfellast einn hv. ræðumann fyrir það, að hann sagði, að þessi n. væri aðeins skipuð til þess að sýnast, en hér kemur nú fram einn maður úr n., sem hefir spurt um það, sem hann veit. En hvers vegna er hann þá að spyrja, úr því hann veit? Þetta virðist styðja það, sem einn hv. þm. hélt fram, að starf n. ætti að vera það að sýnast og ekki annað.

Hv. þm. Hafnf. talaði um, að það væru miklar veilur í atvinnurekstri einstaklinganna. Ég veit ekki, hvort þessi hv. þm. hefir spreytt sig á að reka nokkra atvinnu, en það hafa margir reynt bæði hér í hv. d. og utan d., og vita þeir sennilega betur en hv. þm. hvað það er. Það er náttúrlega ekki vafi á því, að hægt er að finna veilur í einkarekstri, en hv. þm. vill þá kannske benda á betri leiðir um leið og hann fordæmir einkareksturinn. Það virðist nú móðins í stjórnarliðinu að sparka í hverskonar einkarekstur. En um leið og þessi hv. þm. leggur fram sitt lið til þess að kasta hnútum í einkareksturinn, þá flytur hann frv. í þinginu um að ýta undir þann rekstur, með því að hvetja menn til að ráðast í ný iðnfyrirtæki. Ég held, að ég fari rétt með það, að þessi hv. þm. flutti hér í þinginu frv. um ýms hlunnindi fyrir ný iðnfyrirtæki. Hvers vegna er ástæða til þess að ýta undir það, að menn stofni ný iðnfyrirtæki og ráðist svo á þau á eftir og telji, að sá grundvöllur, sem þau eru reist á, sé rangur. Það kom fram í ræðu þessa hv. þm., vafalaust eftir skipun frá flokksbræðrum hans, að ríkisrekstur væri sú aðferð, sem ætti að vera fremst í röðinni, en að einstaklingsreksturinn ætti að fordæma. Mér finnst hv. þm. Hafnf. ósamkvæmur sjálfum sér, þegar hann flytur frv., sem ýta undir einstaklingsreksturinn í landinu, en í þinginu talar hann svo þannig, að öll iðnfyrirtæki hafa ástæðu til þess að óttast hann, og n. segir hann, að hafi það markmið að finna hinar miklu veilur, sem séu í iðnaðinum. — Það hafa komið nokkur frv. frá þessari n., sem í daglegu tali er kölluð Rauðka, og þeir, sem þau hafa flutt, hafa álitið þau mjög vel undirbúin og talið rétt af hv. þingheimi að aðhyllast þau. Það má nefna frv. um einkasölu á hifreiðum o. fl., frv. um ferðamannaskrifstofu, og ennfremur er nú nýkomið frv. um líftryggingar. Ég skal ekkert

segja um þessi mál yfirleitt, ég skal ekki um: það ræða að þessu sinni, hvort ég tel þau þörf eða óþörf. Ég mun sýna það við atkvgr. um þau mál. En ég vil bara benda á eitt atriði, sem sýnir að samsetning og skipun þessarar n. og starfsaðferðir er allt skoðað sem sérstakt fyrirbrigði. Þegar miðað er við aðrar n., hvort sem þær eru stjórnskipaðar eða þingskipaðar, er það venja, að slíkar n. leggi fram álit og skýrslur á þeim málum, sem þær hafa til rannsóknar, en hér er ekki því til að dreifa og þess er ekki heldur að vænta. Þessi n. er til þess að gera ný af nálinni, svona 3 til 4 mánaða. En henni liggur svo mikið á, að því er virðist, að fá það lögfest, sem hún framleiðir, að hún hefir ekki tíma til að koma með álit í málunum.

Þegar athuguð er 1. gr. frv., má gera ráð fyrir, að þessi n. geti orðið lengi að vinna að þessari breytingu á þjóðskipulaginu, sem er yfirlýst, að hún á að vinna að. Ég vil í þessu sambandi benda á ummæli hæstv. ríkistj. og margra hv. þm. úr stjórnarflokkunum viðvíkjandi frv. því, er milliþn. í sjávarútvegsmálum lagði fram og stjórnarflokkarnir í heild sýnast hafa tekið höndum saman um að láta ekki ná fram að ganga. Í svo að segja hverri einustu ræðu var því lýst yfir, þegar það frv. var lagt hér fram, með greinilegum og viðprentuðum ástæðum, að það væri eiginlega ekkert hægt að gera í þessu máli, af því að ekki lægi fyrir álit frá viðkomandi n. Ég held, að hæstv. ráðh., að undanteknum hæstv. forsrh., hafi iðulega að þessu vikið, a. m. k. hæstv. atvmrh. og margir þm. úr stjórnarflokkunum. Þá voru þeirra hendur og tungur algerlega bundnar nema til þess að gagnrýna till. okkar vegna þess að ekki lægi fyrir prentuð skýrsla frá n., sem var þó upplýst, að væri í prentun og var lögð fram nokkrum dögum síðar.

Ég verð að kannast við það, að það var full ástæða fyrir þá að heimta af okkur, að við legðum fram skýrslu, enda vann milliþingan, að því eftir megni, og prentsmiðjan flýtti prentun skýrslunnar, eftir því sem hún gat, enda fór það svo, að skýrslunni var útbýtt nægilega snemma, svo að það þurfti út af fyrir sig ekki að verða til tafar.

Ég gat þess áðan, að það hefði verið lagðar fram greinilegar ástæður með frv., sem voru vitanlega útdráttur úr þessari skýrslu, og það vissi hæstv. ríkisstj., en þó var þetta notað sem yfirvarpsástæða og vitnað í það til þess að eiga hægra með að vera á móti frv. En þessi n., sem hér er um að ræða, getur sent hvert frv. á fætur öðru og hæstv. stj. og stjórnarflokkarnir taka þau óðar upp á sína arma og bera þau fram í þinginu, jafnvel þótt um hin mestu hégómamál sé að ræða, og án þess að nokkrar skýrslur liggi fyrir frá þessari n.

Í sambandi við þessar margendurteknu og harðvítugu ádeilur og árásir núv. valdhafa, en með því meina ég stjórnarflokkana, á fyrirtæki einstaklinga hér á landi, benti ég á það við fyrstu umr. þessa máls, að allar þær framfarir, sem við sjáum hér á landi, vegagerðir, brúargerðir, stórútgerð, vélbátaútgerð, millilandasiglingar og margt fleira í menningar og þjóðþrifaáttina, er fram komið mest eða allt á síðastliðnum 50 árum, og allt saman er það að þakka baráttu einstaklinganna hvers á sínu sviði. Því er öllu komið í verk undir merki einstaklingsframtaksins, en ekki ríkisrekstrar eða þjóðnýtingarstefnu.

Ég vil benda á, að mér finnst, þegar svo að segja hver óvalinn kratapostulinn, sem hefir slæðzt hér inn í þingið, telur sig réttborinn til þess að sparka í framtak einstaklingsins hér á landi og saka atvinnurekendurna um allt, sem miður hefir farið og jafnvel um heimsástandið og utanaðsteðjandi vandræði, að ekki væri úr vegi að líta á þessa staðreynd, að það, sem ennþá hefir verið gert og verulegt manntak er í hvað framtak í verklegum efnum snertir, er það þetta margnidda einstaklingsframtak, sem hefir verið máttarstólpinn í öllum þessum verkum.

Það getur vel verið, ef heppnast að ná því takmarki jafnaðarmanna, sem hæstv. atvmrh. lýsti yfir við fyrstu umr. þessa máls, að þjóðnýta atvinnureksturinn, að svo geti farið, að þjóðin fái eftir nokkur ár þjóðnýtingu og sjái þess merki, hvað framförunum miðar áfram undir þeirri nýju tilhögun, sem stefnt er að með skipun og starfi þessarar n. Það er aldrei of rækilega á það bent, og ég vil við 3. umr. málsins í þessari hv. d. undirstrika, að fyrir þær hörðu ádeilur, sem gerðar hafa verið á þessa n. og hæstv. ríkisstj. í því sambandi, þó var fram knúð sú yfirlýsing af hendi stjórnarinnar, eins og hæstv. atvmrh. orðaði það: Að það væri engin launung að störf n. mundu beinast í þjóðnýtingaráttina. Og að þessari yfirlýsingu fenginni er því þar með slegið föstu, að báðir stjórnarflokkarnir standa að þessu verki. Það hefir komið fram till. um það og verið samþ., að Sjálfstæðisflokknum verði heimilað að tilnefna tvo menn í þessa n., og þá yrði hún sjö manna n. Nú er það vitanlegt, að Sjálfstæðisflokkurinn á þingi hefir að baki sér meiri hl. kjósenda í landinu. Eftir þeim lýðræðisanda! sem fram kemur í þessari till., þá á meiri hl. kjósenda í landinu að tilnefna tvo menn af sjö í þessa n.

Hv. þm. Hafnf. hefir verið einna berorðastur á móti því, að við sjálfstæðismenn kæmumst í nefndina. Hann kann að hafa sagt það fyrir munn sína flokksbræðra og annara, sem áður hafa látið slíkt í ljós, en hugsað sem svo: „Ég veit ekkert um það, hvort þessu ákvæði verður haldið í frv. við gang þess í gegnum hv. Ed., og ég veit heldur ekki um það, hvort sjálfstæðismenn munu hirða um að nota þá heimild, sem þá yrði í lögunum, ef till. stæði óbreytt". En það má hv. þm. Hafnf., sem talaði einna skýrast um þetta, vel vita, að það er ekki neinum sjálfstæðismanni, sem hér er á þingi, neitt áhugamál að komast í þessa n. Þeir góðu menn þurfa ekki að ímynda sér, að við sækjumst eftir að komast í n., því fer svo fjarri. Hitt er annað mál, að það hefir verið ákaflega skemmtilegt að sjá það, og eiginlega nauðsynlegt að fá því slegið föstu við umræðurnar um það, hvort sjálfstæðismenn ættu að fá sæti í n. eða ekki, hvaða viðtökur þetta hefir fengið hjá stjórnar-

flokkunum og þá einkum hjá sósialistum. Þeir hafa ekki farið dult með það, síðan úr þess varð nokkur alvara, að svona till. yrði samþ., að þeim væri ógeðfellt að nokkur sjálfstæðismaður komi nálægt þessari n. Hæstv. atvmrh. lét það skína í gegnum sínar ræður við fyrstu umr. þessa máls, að hann fyrir sitt leyti væri ekkert á móti því, að svo yrði, og hefir hann þá sennilega ekki talað í nafni síns flokks. En þessi skoðun hefir víst ekki átt marga áhangendur í hans flokki, því að það hefir komið greinilega fram, bæði í umr. hér á þingi og eins í blöðum jafnaðarmanna hér í bænum, að þeir vildu alls ekki, að sjálfstæðismenn kæmust í n. Þeir þykjast einfærir um að koma á stefnubreyt. í þessum málum hér á landi með aðstoð framsóknarmanna og vilja ekkert hafa með sjálfstæðismenn að gera í þessari n.

Ég vil benda á í sambandi við allt þetta, að engir menn tala eins mikið um lýðræði og einmitt þeir, sem eru í þeim tveim stjórnmálaflokkum, sem standa að Rauðku. Engir tala meira um nauðsyn þess að vernda lýðræðið og engir þykjast vera hræddari við fasista og nazista og allt einræði annað heldur en kommúnista, sem þeir venjulega deila lítið á, heldur en einmitt þessir stjórnmálaflokkar, sem standa að stjórninni. Hér höfum við spegilinn af lýðræðishugsjónum þessara manna. Óðara en þeir hafa náð meirihlutavaldi á þingi þjóðarinnar, vilja þeir nota þá aðstöðu til þess að koma af stað breyt. á þjóðskipulaginu, þó að þeir viti, að þeir hafa ekki meiri hl. kjósenda í landinu að baki sér. Þetta er út af fyrir sig sýnishorn af einlægni þessara manna í lýðræðismálunum. Útkoman er þessi, að þeir undiroka þá, sem eru minni máttar, eins og hægt er meðan þeir mega. Innan þessara veggja er, eins og vitað er, Sjálfstæðisflokkurinn örlítið minni máttar heldur en þeir tveir flokkar, sem standa að þessari n. M. ö. o. nota þeir þennan sinn mjög svo hæpna meiri hl. til þess að koma fram hreinu og beinu ofbeldi gagnvart minni hlutanum. Enginn maður, sem vill líta óhlutdrægt á þetta mál, getur komizt hjá því að samsinna því, sem ég hefi hér sagt. Þá er að benda á, hversu haldgóðar þessar ráðstafanir verða í framtíðinni, sem eru getnar og fæddar í svona mikilli synd frá lýðræðislegu sjónarmiði skoðað og síðan þrengt upp á meiri hl. þjóðarinnar af minni hl., sem af tilviljun fékk það vald í hendur. Hvað halda menn, að slíkar ráðstafanir verði haldgóðar, þegar þær eiga að útfærast í hinu daglega lífi þjóðarinnar, eins og þær eru undir komnar? Nei, löggjöf, sem byggð er á þeim forsendum, er hér hefir verið lýst, verður aldrei vel metin af þjóðinni; til þess er hún allt of flokkslituð og einræðislituð. En það er gefið í skyn, að ráða eigi bót á velferðarmálum þjóðarinnar. Ég vil nú spyrja: Mundi hygginn maður, sem vildi koma á umbótum, fara þannig að, að kúga algerlega meiri hl. þeirra manna, sem við þessar breyt. eða umbætur ættu að búa? Ég býst við, að flestir mundu svara því neitandi. Hygginn maður mundi ekki fara svo að ráði sínu. Hann mundi leita samvinnu við sem flesta af þeim mönnum, sem ættu að verða fyrir áhrifum af þessum ráðstöfunum, og þar með búa í haginn fyrir það, að þær breyt., sem hann ætlar sér að fá fram, mæti ekki fyrirfram andúð fyrir það, hvernig þeim var af stað komið. En um þetta hirðir ekki hæstv. núv. stj. Hún treystir sýnilega meira á valdið heldur en viðurkenningu þjóðarinnar fyrir því, hvað rétt sé og hollt. En það er reynsla fengin fyrir því, m. a. s. hér á landi, að varlega sé gerandi að treysta valdboði, sem ekki hefir mætt skilningi hjá meiri hl. þeirra, sem undir því valdi eiga að búa. Dæmin liggja ekki svo fjarri, að þörf sé að nefna sérstakt löggjafaratriði til þess að sýna, að ég fer hér með rétt mál.

Við sjálfstæðismenn höfum aldrei lagzt á móti því, að tekin væru atriði til rannsóknar, andlegs eða líkamlegs efnis, með aðstoð þings eða stjórnar, þegar að því hefir verið stefnt að lagfæra eða ráðstafa betur til lykta velferðarmálum þjóðarinnar. Við höfum heldur aldrei mótmælt því, að rannsókn á atvinnurekstri og þjóðarhag væri nauðsynleg. Við höfum sýnt þetta í verkinu með því — svo ég nefni síðustu dæmi — að gangast fyrir rannsókn og undirbúningi á umbótatill. bæði að því er snertir landbúnað og sjávarútveg, og er skemmst að minnast þeirrar n., sem skipuð var til þess að athuga um kreppumál bænda, og þá n., sem nýlega hefir lokið við rannsókn á hag sjávarútvegsmanna. Ennfremur mætti benda á þá n., sem skipuð var til rannsóknar á atvinnumálum þjóðarinnar, og var það mál afgreitt á næstsíðasta þingi með atkv. sjálfstæðismanna og annara hér á þingi. Þetta og margt fleira er til sönnunar því, að við höfum ekki lagzt á móti því, heldur greitt fyrir, að tekin væri til athugunar og nauðsynlegrar rannsóknar ýmiskonar atriði atvinnurekstrinum viðkomandi, með það fyrir augum að koma af stað endurbótum og viðreisn bæði til lands og sjávar. Við hefðum sannarlega ekki lagzt á móti því að skipuð væri n. með nokkuð víðara verksviði heldur en því, sem ég nefndi hér áðan, sem hefði haft til meðferðar ýms af þeim rannsóknaratriðum, sem talin eru hér í 1. gr. frv., ef það hefði verið undir okkur borið. En hæstv. ríkisstj. kaus nú að fara sínar götur í þessum málum og spyrja ekki sjálfstæðismenn til ráða, af því hún var fyrirfram í því ráðin, að veita þeim enga íhlutun hvað þessa rannsókn snerti, láta þá enga hlutdeild í henni hafa. Það er, eins og ég sagði, minni hl. þjóðarinnar, sem ætlar hér að ráða niðurlögum meiri hl. með þessu atferli. Hinsvegar hafa andmæli þau, sem við höfum beitt hér gegn þessari sérstöku og röngu aðferð, verið lögð út á verri veg af hæstv. stj. og liði hennar, og málið verið flutt þannig af þeirra hendi, að við værum á móti allri rannsókn á þeim atriðum, sem nefnd eru í 1. gr. frv. En þetta er hin mesta firra, eins og ég hefi sýnt fram á. Hinsvegar erum við okkur þess fyllilega meðvitandi, að allt þetta rannsóknarbákn kemur ekki að neinu haldi í þjóðfélaginu, þegar til lengdar lætur, þegar til þess er stofnað á þann veg, sem ég hefi lýst og allir þekkja. Það er hér ekki um að ræða neina alvarlega tilraun af hálfu ríkisstj. til þess að

ráða nokkra bót á neinu af því, sem aflaga fer í þessu landi. Það er ekki um að ræða ráðstöfun til að auka atvinnuna í landinu og létta kreppunni, eins og stundum er orðað. Það er einungis um það að ræða, að stj.flokkarnir vilja beita sínu minnihlutavaldi til þess að kúga meiri hl. þjóðarinnar. Þetta er einungis flokkspólitískt mál og það er það, sem verður fótakefli allra þeirra athafna, sem fylgja í kjölfar þessarar n. Það er þetta, sem hún að lokum veltur um, að vilja hundsa meiri hl. þjóðarinnar þegar vinna á að því, sem menn láta í veðri vaka, að séu till. til viðreisnar og bóta.

Ég vil að lokum minnast á þær alvarlegu ráðleggingar, sem forstjórar þjóðbanka landsins sendu hinu háa Alþ. í gær, að vísu viðvíkjandi einu vandamáli, sem fyrir þinginu liggur, og kannske því stærsta, en sem vel má þó heimfæra upp á hin önnur vandamál, sem verið er að glíma við. Þar er það látið uppi, sem samróma álit þeirra manna, er fara með peningamál landsins, að að þeirra dómi muni þessi mál skipast bezt með samtökum og samvinnu milli allra flokka. Þar er litið á málið af hyggindum og viti. Þeim er það ljóst, að ef annar helmingur þjóðarinnar vill með harðrétti skipa málum hins helmingsins gegn hans vilja, þá verður hönd skamma stund höggi fegin. Þess vegna benda þeir hinu háa Alþ. á að ráða því máli, sem þar er um að ræða, fisksölumálinu, með samtökum milli allra flokka. Það hefði verið betur farið, ef hæstv. stj. hefði í því máli, sem hér er um að ræða, tekið hina sömu afstöðu eins og stj. þjóðbankans gerði hvað snerti fisksölumálið. Slík ráðstöfun hefði mælzt vel fyrir hjá allri þjóðinni og hefir raunar verið reynt hjá nágrannaþjóðum okkar, þegar verulega vandamál hafa steðjað að, að menn hafa lagt alla flokkspólitík á hilluna og reynt að taka höndum saman til þess að ráða fram úr vandasömum atvinnumálum. En núv. ríkisstj. hefir því miður valið hinn verri kostinn og kosið að skipa þessum málum aðeins frá flokkspólitísku sjónarmiði. Þar með hefir hæstv. ríkisstj. ekki valið sér hið góða hlutskipti, og skiptir það út af fyrir sig litlu, því ríkisstj. fara og ríkisstj. koma, en fyrir heildarhagsmuni þjóðarinnar hefði það verið happasælla, að hæstv. stj. hefði borið gæfu til þess að líta á þessi umbótamál frá öðru sjónarmiði heldur en flokkspólitísku sjónarmiði.

Það má vel vera, að í augum hæstv. ríkisstj. séum við, sem ekki erum á sömu skoðun og hún um landsmál, svo lítils virði, að henni sýnist vel mega án okkar verka og okkar ráða vera, þegar ráðið er fram úr þeim vandamálum, sem nú steðja að þjóðfélaginu, en þau vandamál eru eins og allir vita, inn á við ekki síður en út á við, meiri og alvarlegri heldur en nokkurntíma áður hefir verið við að stríða. Það er náttúrlega ekki hægt um það að sakast fyrir okkur sjálfstæðismenn, hvernig hæstv. ríkisstj. metur okkar hæfileika, okkar vinnuþrek og okkar lífsreynslu. En þá kröfu verður hver þjóð að gera til ríkisstj., sem finnur til ábyrgðar sinnar á hverjum tíma, að hún blindist ekki af flokksofstæki, þegar um er að ræða að greiða fram úr aðsteðjandi örðugleikum, sem snerta afkomu og lífsbjargarmöguleika hvers einasta heimilis í landinu.

Við höfum orðið, sjálfstæðismenn, að ræða þessi mál við hæstv. stj. og flokka hennar á þessum vettvangi. Þeim er að vísu ekki ljúft að hafa okkur hér og ennþá leiðara er þeim, að við skulum hafa okkur svo í frammi að tala um þeirra ráðabrugg og ráðstafanir. En eins og til er stofnað geta þeir undan engu kvartað, þó að við notum rétt okkar til þess að ræða um þetta efni hér á Alþ., því þeir hafa sjálfir vendilega séð fyrir því, að í nefndinni komust okkar till., okkar álit og okkar gagnrýni á engan hátt að. Ég geri ráð fyrir, eins og ég sagði áðan, að það sé engum sjálfstæðismanni neitt keppikefli að komast í þessa n., og það sé þess vegna e. t. v. alveg óþarfi fyrir hv. þm. Hafnf. og hans nóta að hafa nokkrar hótanir í frammi um sína afstöðu til mála með tilliti til þess, að það geti skeð, að sjálfstæðismenn lendi í n. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé kvíðbogi, sem kemur fullsnemma fram. En hitt vil ég vona, að þegar þar að kemur, að ráða til lykta þeim till. til þjóðnýtingar, sem von er á frá þessari n., í hvert sinn er þjóðnýtingarfrv. á hvaða sviði sem er verða lögð fram hér á Alþ., þá verði þar til sjálfstæðismenn til þess að taka á móti þeim og segja sitt álit á þeim, þó þeir verði ekki samstarfsmenn þeirra nefndarmanna, sem nú sitja á rökstólum.

Einn hv. þm. lét svo um mælt, að í þessa n. hefðu verið valdir hinir óhæfustu menn eða eitthvað á þá leið. Ég vil engan dóm á það leggja annan en þann, að þess virðist á engan hátt hafa verið gætt, að þeir menn, sem stj. skipaði í n., hefðu neinn kunnugleika af eigin reynd í nokkrum atvinnurekstri, svo að orð sé á gerandi. En hitt ætla ég, að fullyrða megi, að í hópi sjálfstæðismanna um land allt hefði ekki verið neinn vandi fyrir hæstv. stj. að finna menn til þessa verks, sem hefðu haft hæfileika fyllilega á borð við þá menn, sem nú vinna að till. og undirbúningi lagafrv. í skipulagsnefnd.

Ég vil nú vona það, að þegar til þeirrar höfuðorustu kemur, sem þessi n. á að undirbúa, þegar til þess kemur að ákveða, hvort þjóðnýtingarstefnan eigi að vera ríkjandi hér á landi eða ekki framvegis, þá muni gifta landsins fá því til vegar komið, að þetta þing sitji annar meiri hluti, röggsamari og þjóðhollari en sá, sem nú situr hér og hefir lagt sig undir einokunarhelsi sósialistanna. Ég veit það, að svo heilbrigður hugsunarháttur er enn hjá þessari þjóð, að ennþá er svo mikil trú manna á mátt sinn og megin á sviði atvinnumálanna, að þessi þjóðnýtingarjarmur finnur ennþá ekkert bergmál hjá meiri hl. þjóðarinnar, hvorki til sjós eða sveita, þótt svo slysalega hafi til tekizt, að þetta þing er þannig skipað, að hver till., sem kemur fram og miðar í þá átt að hrifsa atvinnu frá einstaklingunum, að leggja framtak einstaklingsins í rústir, hún á sér visst fylgi meiri hlutans. Það mega þeir góðu menn vita, að þetta ástand ríkir ekki að eilífu á Alþingi Íslendinga, svo mikið af heilbrigði á

þjóðin enn í atvinnulífinu. Og það er ég viss um, að sérstaklega úti um sveitir landsins verður sá boðskapur ekki talinn neinn gleðiboðskapur, sem hæstv. atvmrh. boðaði hér um daginn í sambandi við starf þessarar n., að henni væri ætlað það hlutverk fyrst og fremst að vinna að þjóðnýtingu.

Ég býst nú við, að það sé rétt, að ég stytti nokkuð mál mitt, og er við því búinn. Hæstv. forseti hefir verið þolinmóður, enda hefi ég stillt máli mínu vel í hóf, eins og allir hafa heyrt. En ég hefi ekki talað nema einu sinni við þessa umr., og býst ég því við, að þær aðrar aths., sem ég hefi að gera við þetta mál, geti ég komizt að með síðar meir, þegar þeir hv. þm. hafa talað, sem nú um stund hafa hvílt sig.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt svo hljóðandi áskorun:

„Undirritaðir alþingismenn í neðri deild Alþingis krefjast þess hér með, að greidd séu atkvæði um, hvort umræðum um frv. til l. um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl. skuli lokið nú þegar, samkv. 37 gr. þingskapa.

Alþingi, 7. des. 1934.

Bjarni Bjarnason, Sigfús Jónsson,
Páll Þorbjörnsson, Sigurður Einarsson,
Héðinn Valdimarsson, Þorbergur Þorleifsson".

ATKVGR.

Krafa um að slíta umræðum borin undir atkv. og samþ. með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, JörB.

**nei:** ÓTh.

SK, GÞ, GÍ, JakM, JJós, JÓl, JónP, PHalld, PO, greiddu ekki atkv.

6 þm. (TT, GSv, GTh, HannJ, JS, MT) fjarstaddir.

Við atkvgr. urðu þessar umræður:

**Ásgeir Ásgeirsson:** Mér sýnist horfa svo við, eftir þeirri atkvgr., sem áður hefir farið fram hér, að það vera lítill vandi fyrir mig að greiða atkv., því ef ég segi já, mun till. verða samþ., og ef ég segi nei mun hún líka verða samþ. (**ÓTh:** Þá er bezt að taka á sig enga ábyrgð og segja hvorugt). Þótt ég sé yfirleitt tegur til að greiða atkv. með að skera niður umr., þá mun ég gera það í þetta sinn að gefnu tilefni, enda veit ég, að þeir, sem kynnu enn að eiga einhver óbrúkuð „argument" í fórum sínum, munu geta sent þau til Ed. með frv. (**ÓTh:** Á bakinu á henni Rauðku).

**Jakob Möller:** Mér finnst allar sömu forsendur vera fyrir hendi enn, sem fyrir hendi voru þegar gengið var til atkv. um samskonar till. fyrr á fundinum. Síðan hafa aðeins þrír dm. talað, og get ég því ekki látið mér skiljast, að þær kringumstæður séu fyrir hendi, sem ákvæði þingskapanna gera ráð fyrir, þar sem segir, að einungis sé heimilt að gera slíka samþykkt, þegar umr. keyra úr hófi fram. Ég fæ ekki betur séð en það sé sama brotið á anda þingskapanna, sem hér er í ráði að framkvæma, aðeins sú breyt. hefir orðið, að bætzt hefir í d. einn maður, sem fúslega hefir léð stjórnarliðinu lið sitt til þess að framkvæma það ofbeldisverk og gerræði, sem hér á að hafa í frami. Greiði ég því ekki atkv.

**Jóhann Jósefsson:** Ég held nú satt að segja, að stjórnarliðið þurfi ekki undan mér að kvarta, því að ekki er svo mikið búið að tala um þetta mál, að ekki mætti halda því áfram.

En á hinn bóginn er það eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði, að sömu ástæður eru nú fyrir hendi og voru fyrr í kvöld um þetta efni, og greiði ég því ekki atkv.

**Ólafur Thors:** Ég er nú sá eini, sem er á mælendaskrá og hefi ekki fengið að láta í ljós álit mitt um þetta mál. Ég þykist nú vita það, að allmörgum hv. þm. sárni nú að fara á mis við — — — — (**Forseti StJSt:** Ég vil benda hv. þm. á það, ef hann er sjúkur, að leita sér lækn is). Mér þætti mjög gott að fá að vita, hvaða lækni hæstv. forseti hefir, því að ég sé, að hann þrífst næstum óeðlilega vel. Það sem ég vildi segja forseta var það, að ég geri ráð fyrir, að allmargir þm. telji sjálfsagt, að ég hefði fengið að láta í ljós mína skoðun á þessu máli. Gæti ég að vísu flutt aðalrökin um leið og ég geri grein fyrir afstöðu minni við atkvgr.

**Forseti (StJSt):** Ef það er ekkert frekara, sem hv. þm. hefir fram að færa fyrir því, að hann greiðir ekki atkv., vil ég benda honum á, að umr. er lokið um málið. Máske hann sé búinn að skipta um skoðun um framkomna áskorun.

**Ólafur Thors:** Ég get játað það að gefnu tilefni, að mitt atkv. fer dálítið eftir því, hve margir stjórnarliðar eru viðstaddir í d. Sé ég ekki ástæðu til að leyna því, að ég er á móti því, að umr. séu skornar niður, og ég hefi hugsað mér að greiða ekki atkvæði, ef það gæti orðið til þess að fella till., að ég sæti hjá. (**JG:** Stjórnarliðar eru allir viðstaddir). Þar sem nú einn hinn trúverðugasti stjórnarliði hefir sagt mér, að 17 stjórnarliðar séu viðstaddir, þá sé ég að það herbragð, að greiða ekki atkv., dugir ekki til að fella áskorunina, og af því að ég er því líka andvígur, að umr. verði skornar niður, segi ég nei.

**Pétur Ottesen:** Mín aðstaða er óbreytt síðan síðast, er greidd voru atkv. um þetta, og greiði ég því ekki atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:10 atkv. og afgreitt til Ed.

---

Á 56. fundi í Ed., 8. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 554).

Á 57. fundi í Ed., 10 des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., 11. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Það hefir heyrzt um þetta mál eða frétzt til þess bæði í hv. Nd. og útvarpinu, enönnur kynni höfum við í þessari hv. d. ekki af því. Ég bjóst þess vegna við, að hæstv. stj. mundi sýna því þá lotningu að fylgja því úr hlaði með nokkrum vel völdum orðum hér í hv. d. En þessu er nú ekki að fagna, og finnst mér það óviðkunnanlegt, að við hér fáum ekkert að vita um tilefni og væntanlegt starf þessarar n.

Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar ekki um annað en það, hve víðtækt vald þessi skipaða n. eigi að fá til þess að krefjast ýmiskonar upplýsinga. Mér finnst óviðkunnanlegt, að 1. umr. um frv. fari svo fram, að ekki sé minnzt á nauðsyn þessarar n., og þó ég tali stutt, þá tel ég rétt, að frv. sé nokkur sómi sýndur. Það eitt út af fyrir sig, að einmitt þetta mál var valið í hv. Nd. til þess að verða rætt í útvarpinu, bendir ótvírætt á það, að þetta er mál, sem búast má við, að þjóðin vilji fylgjast með. Þetta eitt sýnir, að ærin ástæða er til að ræða málið hér, ekki einasta nefndarskipunina, heldur alveg sérstaklega það mikla vald, sem á að fá n. í hendur, og engin dæmi eru til fyrir um neinar n. aðrar en þingn., sem hafa vald til þess að spyrja hvern sem er um allt, er snertir það mál, er þær eiga að rannsaka. Engum öðrum en þingn. hefir verið gefið slíkt vald; því hefir það verið verulega dregið í efa, hvort n., sem starfar utan þings, geti fengið svo mikið vald. Var það sérstaklega einn lögfræðingur í hv. Nd., sem ræddi í útvarpinu þetta spursmál og taldi varhugavert að samþ. frv. af þeim ástæðum. Það, sem hann ræddi sérstaklega um, var ekki viðvíkjandi valdi n., heldur verksviði, hvaða ástæða væri til þess að láta slíkar rannsóknir fara fram sem þessar.

Þessi n. var skipuð 29. ágúst. Verksvið hennar var að rannsaka fjármál og atvinnumál ríkis og þjóðar og gera till. til endurbóta. Það hefir komið fram, sérstaklega í öðru dagblaði hæstv. ríkisstj., því blaðinu, sem alveg sérstaklega stendur að þeim ráðh., sem n. hefir skipað, að þessi n. eigi að undirbúa það nýja skipulag á atvinnuvegum og fjárhagsmálum þjóðarinnar, sem kölluð er þjóðnýting. Í blaði þessu, sem ætla má, að viti bezt um tilgang þessarar nefndarskipunar, er þessari hugsun yfir lýst sem ástæðu fyrir nefndarskipuninni, enda vita allir, að sú hugsun er orðin það teoretiska mál, sem flokkur þessa hæstv. ráðh. berst fyrir. Í útvarpinu var það rætt, hvort ætti að skipa þessa n. í þessum tilgangi.

Ef ætti að ræða það út í yztu æsar, hver ástæða væri til að skipa n. til þess að undirbúa breyt. á öllum atvinnuháttum og skipulagi þjóðarbúsins í átt til þjóðnýtingar, þá verður ekki hjá því komizt að athuga það, hvernig þessi mál hafa nú baslazt hjá okkur hingað til. Til þess þyrfti langa ræðu, ef ætti að segja þá sögu frá fyrstu tímum, og er ég hræddur um, að mér endist ekki þetta þing til þess, því ég yrði sennilega ekki búinn fyrr en eftir jól, en mér finnst ekkert á móti því, að nokkuð sé vikið að þessu efni á síðustu áratugum. Við Íslendingar höfum á síðustu áratugum gengið í gegnum meiri breyt. í þessum efnum en flestar aðrar þjóðir á sama tíma, sem stafar af því, að við urðum alllangt á eftir öðrum þjóðum í þessum efnum, en það stafaði bæði af því, hve okkar land er afskekkt, og þó sér í lagi af þeim erlendu yfirráðum og einokun, sem við urðum að lúta. Þannig urðum við út undan, er þróunin gekk yfir nágrannalöndin og allan heiminn með þeirri stefnubreyt. í verzlunarmálum, er á síðari tímum ruddi sér alstaðar rúm og kölluð er frjáls viðskipti. Sú stefna, sem áður ríkti í viðskiptamálum og fleiri þjóðmálum var merkantilisminn, sem var einskonar þjóðnýting, þar sem valdhöfunum voru gefin sem allra mest ráð yfir málum þjóðarinnar. Þeim var fengin verzlunin í hendur til einskonar þjóðnýtingar, ekki til þess að þeir, sem verzlunina höfðu, skyldu græða á henni, heldur var þetta fyrst og fremst gert af umhyggju fyrir þjóðinni sjálfri. Valdhafarnir skyldu ákveða vörutegundirnar, vörumagnið, verðið, allt til blessunar og af hreinni umhyggju fyrir þegnunum. Þá var átthagabandið, sem sett var á alla menn í þá tíð, ekkert annað en þjóðnýting. Menn voru bundnir á sömu stöðum alla ævina. Ekki heldur átti þetta að vera gert í slæmum tilgangi, heldur til þess að efla hagsæld og hamingju þjóðarinnar. Hún hefir svo sem þekkzt í Norðurálfu fyrr, þjóðnýtingin, bæði í átthagafjötrum og verzlunareinokun. Hún var þá sett á af einvöldunum, en ekki með þingatkv. Þegar svo átthagabandinu og einokunarverzluninni var létt af, þá var það sú nýja kenning, sem olli því, að frjáls verzlun væri hin eina sanna þjóðnýting. Og þessi breyt. leiddi af sér mikla byltingu í lífi þjóðanna. Í stað fátæktar þjóðarinnar og þrælkunar kom velliðan og auðsöfnun. Við Íslendingar fórum lengi varhluta af blessun þessarar byltingar, vegna þess hve lengi konungur hélt einokuninni hér, en þegar henni var loks létt af varð hér mikil breyting. Jafnvel við, sem nú lifum, þekkjum til þeirrar röskunar, við munum þá tíð, er þessi þróun var að gerast, og það er langt frá því, að henni sé lokið enn, sem eðlilegt er, þar sem feður okkar tóku við landinu í niðurlægingu einveldisþjóðnýtingarinnar. Það má nærri geta, að slík þróun gerist ekki á einum mannsaldri, en þrátt fyrir það verða allir að viðurkenna, að þjóðin hefir lyft þungu Grettistaki á síðustu áratugum í þessum efnum. Og þar sem sú viðreisn byggist á því, að atvinnuvegirnir hafa verið reknir með miklum dugnaði, getur ekki hafa verið ákaflegt sleifarlag á þeim. Einhverjir góðir þættir hafa verið í þeim atvinnurekstri. Því er ekki hægt að segja, að með mistökum og sleifarlagi hafi hin nýja stefna hafið atvinnuvegina til vegs og blómgvunar. Hvort sem er á sjó eða landi eru ávextirnir auðsæir. Það er hægt að segja, að landbúnaðurinn hafi verið seinni til framfara. Þó er á þeirri atvinnugrein orðin svo mikil framför, að það er ekki ósvipað og með fiskiveiðarnar og verzlunina, enda þótt hækkað kaupgjald og fleira hafi knúð fram þær umbætur að nokkru leyti. Þess eru nú varla dæmi, að hægt sé að nota hið gamla búskaparlag lengur með fjölda vinnufólks, sem ekki á kost á annari atvinnu en reitingsbeyskap úti

um flóa og upp til fjalla, sem síðan var heim fluttur á klökkum, (MG: Á Rauðku), já, á þeirra tíma Rauðkum. Framfarirnar hafa orðið stórkostlegar á sjávarútveginum. Í stað þess sem bóndinn hefir átt allerfitt uppdráttar með sínar framkvæmdir hefir sjávarútvegurinn búið við ein hin beztu skilyrði, beztu fiskimið. Ef við lítum á verzlunina, hafa framfarirnar þar ekki síður verið stórstigar. Í þeim sökum var þjóðin ákaflega fákunnandi. Einokunin kenndi mönnum ekki annað en það, að láta bykkjuna fara á sund með ullarklyfjarnar. Hún kenndi mönnum að hafa sand í ullinni og að svíkja dúninn. Það voru einu verzlunarhyggindin, sem þjóðinni voru kennd, það var það eina, sem henni var bent á. Eftir að einokuninni var létt af var hún fyrst gefin frjáls aðeins við alla þegna Danakonungs. Þá vantaði þjóðina bæði þekkingu og fjármagn til þess að taka verzlunina í sínar hendur, en smám saman tókst það þó. Verzlun landsmanna hefir skipzt í tvær greinir, annarsvegar samvinnuverzlun neytandanna og hinsvegar hin frjálsa verzlun. Það er ómögulegt annað að segja en báðar þessar greinar hafi lyft sannkölluðu Grettistaki, þar sem svo að segja öll verzlun er nú komin í hendur landsmanna, ekki aðeins smásalan, heldur líka heildverzlunin. Þó er enginn vafi á því, að mikið er eftir ógert til umbóta á atvinnu- og verzlunarmálum. Það er enginn efi á því, að Íslendingar eiga eftir að ryðja leiðir. Verzlunarstéttin þarf að senda framtakssama unga menn til þess að fylgja okkar framleiðsluvörum á heimsmarkaðinn. Ég er sannfærður um, að fleiri en Norðmenn geta selt okkar vörur til annara þjóða með góðum árangri.

Ég hefi nú flutt þennan stutta inngang vegna þess, að ef á að fara að undirbúa nýtt skipulag, vildi ég sýna, að það skipulag, sem við höfum undanfarið búið við og byggzt hefir á framtaki einstaklingsins, hefir ekki brugðizt vorri þjóð. Ég hefi sýnt fram á, að það skipulag var byggt á afnámi gömlu þjóðnýtingarinnar. Ég veit, að margir segja, að gamla fyrirkomulagið hafi verið allt annað en okkar tíma þjóðnýting. Ég skal játa það, að margt er þar nokkuð ólíkt, en þó má óhætt fullyrða það, að þeir, sem börðust fyrir fyrri tíma þjóðnýtingu settu jafnmiklar vonir á hana og nú er gert við okkar tíma þjóðnýtingu af þeim mönnum, sem trúa á hana. Og báðar þjóðnýtingaraðferðirnar hafa það sameiginlegt að vilja setja á þjóðina sem mest bönd í þágu þjóðarheilla. Það var stefna merkantilismans og það er stefna þjóðnýtingarmanna nú.

Úr því ekki er hægt að benda á, að fyrirkomulagið hafi brugðizt, verður að leita annara orsaka fyrir því, að n. þessi er skipuð, því náttúrlega verða að vera einhverjar orsakir til þess, að sett er á stofn svo valdamikil n. sem þessi. Auðvitað eru atvinnuvegirnir flestir staddir í miklum vanda nú. Flestir þeirra hafa farið fram á að fá opinberan stuðning, en eins og kunnugt er geta til þess legið ýmsar ástæður aðrar en gallar á fyrirkomulagi atvinnuveganna. Það eru utanaðkomandi ástæður, sem valda því, það er heimskreppan, sem hægt er að segja að byrji árið 1930 og fram kom hér fyrir alvöru fyrst 1931 eins og annarsstaðar í heiminum. Hún er orsök erfiðleika þeirra, sem atvinnuvegir okkar eiga nú við að búa. Þess háttar fjárkreppur koma alltaf við og við yfir heiminn, og hægt er að segja að þær séu einn af göllum hins „kapitalistiska“ þjóðskipulags, sem náttúrlega væri mjög æskilegt að losna við, ef annað verra kæmi þá ekki í staðinn. En það er náttúrlega ekki hægt að kenna okkar fyrirkomulagi um fjárkreppuna í heiminum, enda bendir ekkert til þess, að þjóðnýtingarstefnan bjargi þjóðunum í því efni. Það er engin ástæða til að ætla, að ríkisútgerð togara hefði bjargað okkur frá verðfalli sjávarafurðanna, og yfirleitt mundum við hafa átt við alla sömu erfiðleika að etja út á við, þó við hefðum búið undir fyrirkomulagi þjóðnýtingarfrömuðanna undanfarin ár. Því verður ekki heldur neitað, að erfiðleikar þeir, er við höfum nú við að búa, stafa að mjög miklu leyti af ógætilegri stjórn og óhæfilegri eyðslu á fé landsmanna á undanförnum árum, t. d. á árunum 1929 og 1930, þar sem Lr. sýna, að eytt hefir verið milljónum eftir milljónir fram yfir það, sem fjárlög heimiluðu, sem þó voru enganveginn lág. Auðvitað er engin ástæða til að ætla, að stjórn, sem fer svo ógætilega með fjármál þjóðarinnar, ég held, að óhætt sé m. a. s. að segja svo óráðvandlega með fé þjóðarinnar, ég held, að engin ástæða sé að ætla, að sú stjórn hefði farið hyggilegar með stjórn á atvinnufyrirtækjum, sem ríkið hefði átt. Ég held, að það mætti miklu frekar segja, að það hafi í rauninni verið mikil mildi, að stjórnin hafði þó ekki meira umleikis í þann tíð en hún hafði.

Það er náttúrlega eðlilegt, ef ekki er hægt að finna þær orsakir, sem gefið er í skyn, að liggi til grundvallar fyrir þessu frv., að þá verði mönnum fyrir að grafa dýpra og leita að nýjum ástæðum. Og það vill svo til, að það þarf ekki að leita lengi. Eins og allir vita hefir borizt hingað til lands fyrir nokkrum árum pólitísk stefna, sem allmikið hefir gripið um sig, það er jafnaðarstefnan. Og eitt af meginatriðum í kenningu þeirrar stefnu er þjóðnýting atvinnuveganna. Um það er ekki spurt af þeim, sem aðhyllast þá stefnu, hvort atvinnuvegirnir séu í lagi eða ólagi. Þetta er teoretiskt stefnuatriði, sem segir, að atvinnuvegirnir séu æfinlega í ólagi í kapitalisku þjóðfélagi, það skipulag sé æfinlega óalandi og óferjandi, vegna þess að ekkert skipulag sé réttlátt nema það, sem rekið sé með hagsmuni allrar þjóðarinnar fyrir augum, eins og þeir kalla það. Það má náttúrlega segja, að þessi stefna sé ekki orðin svo voldug hér á landi, að líklegt sé, að hún orki því að keyra í gegn þetta frv., sem bendir til þess, að nú eigi fyrir alvöru að fara að undirbúa allsherjarþjóðnýtingu, eins og lýst hefir verið yfir af blaði jafnaðarmanna og þeim ráðh., sem n. skipaði. Þetta getur litið dálítið undarlega út, þegar við völd eru tveir flokkar, annarsvegar stærri flokkur, sem byggður er á núverandi þjóðskipulagi og framtaki einstaklingsins, hinsvegar minni flokkur, sem er fámennari bæði í þinginu og stjórninni og því ekki

líklegur til að ráða mjög miklu. Til þess að átta sig fyllilega á þessu þarf maður að þekkja sögu hinna pólitísku mála hér á landi hina síðustu áratugi, því hér eru vissulega nokkur undirmál á ferðinni, sem að vísu eru nú orðin nokkuð kunn, en sem öllum eru e. t. v. ekki nægilega ljós.

Sá flokkur, sem nú má kalla aðalstjórnarflokkinn, Framsóknarflokkurinn, hefir alla sína tíð siglt undir því merki, að hann væri bændaflokkur. Þrátt fyrir alla bændavináttu hefir hann haft á sér einhvern einkennilegan blæ í augum þeirra, sem litið hafa á hann sem bændaflokk. T. d. leit út fyrir á tímabili, að það ætti algerlega að útrýma bændum úr þingliði flokksins; í þeirra stað voru kosnir skólastjórar og ýmiskonar embættismenn (**JBald**: Ekki að vera að skensa bændaflokkinn). Hvernig stóð á þessum einkennilegan blæ? Á því fengu menn skýringu, sem ýmsir höfðu að vísu haft hugboð um, en nú fékkst skjallega staðfest við það, að hv. núv. þm. S.-Þ. lenti í ritdeilu við einn af foringjum jafnaðarmanna hér í Rvík. Þeim unga manni rann í skap, svo hann hefir e. t. v. sagt meira heldur en ætlazt var til. Hann skrifaði grein í Alþýðublaðið, sem ég hefi ekki hér hjá mér, af því að ég hafði ekki búið mig undir að ræða þetta mál í kvöld. En hún var um það, hvaða ráð jafnaðarmenn tóku upp, þegar stefna þeirra kom fyrst hingað til Íslands. Þá voru hér fámennir kaupstaðir, lítið um iðnað og ekkert af verksmiðjum né öðrum þeim gróðrarstígum, sem jafnaðarstefnan hafði þróazt í erlendis. En hér var fjölmenn og voldug bændastétt, og var auðséð, að ef stefnan átti að ná einhverjum verulegum tökum, þá varð á einhvern hátt að véla bændur til fylgis við hana. Þá segir þessi ungi maður, að alkunnugt hafi verið, að bændur í öðrum löndum skildu vel annan þátt þjóðnýtingarstefnunnar, samvinnuhreyfinguna. Hafi þess vegna þótt rétt og vænlegt *til árangurs að laða bændur fyrst til fylgis við* samvinnustefnuna, beygja hana í þjóðnýtingaráttina og leiða bændur þannig til samstarfs við jafnaðarstefnuna. Það var náttúrlega auðvelt að tala um þetta, en hver vildi nú verða til þess að hengja bjölluna á köttinn? Jú, það vildi einmitt svo til, að sá var til taks, sem reiðubúinn var til að hengja bjölluna á köttinn. Greinarhöf. segir, að til þess hafi valizt einn af foringjum jafnaðarmanna, Jónas Jónsson frá Hriflu. Það er kunnugt um þann mann, sem nú situr hér á þingi sem þm. S.-Þ., að hann kom um þetta leyti heim frá útlöndum sem alsannfærður og eldheitur jafnaðarmaður. Man ég ekki betur en stundum hafi verið lesin hér upp fyrir honum skrif hans frá þeim árum, þegar hann játaði trú sína á jafnaðarstefnuna. Segi ég þetta ekki honum til vanvirðu. Þessi áhugasami maður var nú sendur út af örkinni til þess að safna bændum um samvinnuhreyfinguna og Framsóknarflokkinn og sveigja hann síðan til samstarfs við jafnaðarmenn. Held ég, að því hafi ekki verið mótmælt, a. m. k. hefir það aldrei verið hrakið. Árangurinn af starfi þessa útsendara fór fljótlega að koma í ljós, hann varð strax framarlega í flokknum, því hann reyndist duglegur agitator. Framsóknarflokkurinn fór að sveigjast undarlega mikið í áttina til jafnaðarmanna, þar til haustið 1926, að þessir tveir flokkar sameinuðu sig um einn mann við landskjör. Maður verður náttúrlega að játa, að þetta fyrsta spor til opinberrar samvinnu var hálfgert vixlspor, því þeir töpuðu mjög í þessum kosningum. En það sýndi sig þó, að þessi tilraun var viturleg, þó hún misheppnaðist. Með henni var verið að venja bændur, sem sumir voru hálftregir í taumi, við samvinnuna við jafnaðarmenn, svo allt gengi betur þegar til alvörunnar kæmi. Svo komu almennu kosningarnar 1927, og þó þessir flokkar hefðu ekki opinbera samvinnu við þær, þá höguðu þeir svo til svo lítið þar á, að þeir spilltu ekki hvor fyrir öðrum. Svo gengu þeir saman til stjórnarmyndunar, þó ekki þannig, að jafnaðarmenn tækju þátt í stjórninni eða væru opinberlega taldir styðja hana, heldur kallað, að þeir væru „hlutlausir". Þessari samvinnu allri hafa nú þeir menn, sem gengnir eru úr Framsóknarflokknum, lýst með mjög sláandi orðum. Hvernig Tryggvi Þórhallsson varð að kaupa jafnaðarmennina ár eftir ár, þangað *til þeir loks sviku alveg 1931, eftir* að hafa fengið hvert beinið öðru feitara. Á þessu tímabili var samstarfið komið það áleiðis, að óhætt þótti að starfa opinberlega með hinu keypta málaliði að þeim þörfu störfum, sem þá voru unnin. Og tíminn leiddi í ljós, að þróunin hélt áfram í sömu átt, þó að stanz yrði á samstarfinu eftir að þm. jafnaðarmanna sviku framsóknarstjórnina. Því eftir síðustu kosningar var samvinnan orðin fullkomin, og þá gengu þessir tveir flokkar saman til stjórnarmyndunar sem jafngildir stjórnarflokkar. Um stjórnarmyndunina var gert samkomulag, sem mikið hefir verið talað um. Og hvað sem annars má um það segja, þá sannaði Alþýðublaðið með tilvitnunum við að ég held hvert einasta atriði í þessu samkomulagi, að það var í fullu samræmi við *fjögra ára áætlun* Alþýðuflokksins og upp úr henni tekið. Það hefir ekkert að segja, þó hv. þm. Mýr. reyndi að sýna fram á í útvarpsumr. hér um daginn, að sumt af þessum atriðum væri líka í stefnuskrá Framsóknarflokksins. Þar sem öll atriði samkomulagsins eru í stefnuskrá jafnaðarmanna, þá er augljóst, að þeir hafa engu þurft að slá af sínum ómengaða sósíalisma.

Að þessu öllu athuguðu sést raunverulega orsök þeirrar nefndarskipunar og þess frv., sem hér er um að ræða. Það er ekkert annað en fullkomnun þess starfs, sem hafið var þegar Jónas Jónsson, núv. þm. S.-Þ., var sendur inn í bændaflokkinn til þess að vinna hann til fylgis við jafnaðarmenn. Þessi hv. þm. er nú kominn að markinu og er að skila af sér því, sem hann hefir aflað, er að koma heim til föðurhúsanna með alla dröguna á eftir sér. Sem vottorð um það er þessi n. skipuð, til að vinna að undirbúningi þjóðnýtingar, sem er aðalstefnumál og einkenni allra jafnaðarmanna. Að þetta er verkefni n. sannar m. a., hvernig hún er skipuð, auk yfirlýsingar hæstv. atvmrh. Í henni eru eingöngu ákveðnir jafnaðarmenn, ýmist grímuklæddir eða ógrímuklæddir, ýmist með þennan eða hinn skilninginn á því, hvað þjóðnýting er. Þegar

einhverjir minntust á, að n. væri undarlega skipuð, þá var svarað, að það væri ekki til neins að skipa sjálfstæðismenn í svona n., því þeir væru andvígir markmiði hennar eða tilgangi. Nú atvikaðist svo, að samþ. var í Nd. að bæta sjálfstæðismönnum í n., skal ég ekki segja, hvers vegna það var. En hitt er víst, að það mætir mótspyrnu. Við skulum sjá, hvort ekki verður sagt hér í Ed., að það sé í ósamræmi við starf og tilgang n. að hleypa sjálfstæðismönnum inn í hana.

Ég hefi nú sýnt fram á, að orsökin til þessarar nefndarskipunar er ekki sú, að atvinnuvegir landsmanna hafi sýnt sig neitt óhæfa til þess að leysa sitt hlutverk, heldur er hún sú, að sá stjórnmálaflokkur, sem telur þjóðnýtingu atvinnuveganna sitt aðalstefnumál, hefir í svipinn náð völdunum algerlega í sínar hendur. Þó hann sé í samstarfi við flokk með öðru nafni breytir það engu, þar sem þeir eru alveg sammála í þessum efnum. Ég er þannig andvígur þessari nefndarskipun, vegna þess að ég er andvígur verkefni hennar. En þó jafnvel að n. hefði verið skipuð til þess að safna skýrslum og undirbúa einhverja breyt. á atvinnuháttum, sem að liði ættu að verða, þá hefir skipun hennar verið þannig framkvæmd, að af henni er sáralítils að vænta, sem gagnlegt mætti heita. Þó ekki sé hægt að segja um marga af nm., að þeir séu almennt talið óstarfhæfir menn, þá virðist liggja í augum uppi, að þeir hafa verið valdir af pólitískum ástæðum. Það, sem fyrst og fremst hefir verið látið koma til greina, er það, að þeir væru allir fullkomlega tryggir jafnaðarmenn, hvaða flokksheiti sem þeir bera. Í n. hafa verið valdir menn, sem eru störfum hlaðnir fyrir, mestu forretningsmenn og menn í erfiðum embættum. Ég gæti t. d. trúað, að hv. samþm. minn, 2. þm. Reykv., hefði annað að starfa heldur en að fara að framkvæma nákvæmar rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Og ég býst við, að bæjarstjórinn í Hafnarfirði hafi ærið að starfa, eins og ástandið er nú líka þokkalegt þar. Báðir þessir menn sitja á þingi, auk annara starfa, þannig að þó að þeir geti setið í n., sem lætur aðra vinna allt fyrir sig, þá virðast þeir ekki hafa verið valdir með það fyrir augum, að þeir hefðu mikinn tíma til að hugleiða þau mál, sem n. á að fjalla um. Eða hv. þm. S.-Þ. Mér getur nú ekki í svipinn hugkvæmzt öllu óheppilegri maður til þess að starfa í svona n., þó ýmislegt megi segja gott um hæfileika hans á öðrum sviðum. Þó hann geti skrifað sniðugar skammagreinar í blöðin og sé agitationarlega baulkunnugur út um allt land, þá mun hann gersneyddastur hæfileika til málefnalegrar meðferðar á nokkrum hlut þeirra manna yfirleitt, sem á þingi hafa setið. Og hann er alveg ókunnur þeim praktisku hlutum, sem hér er um að ræða og ósýnt um allt slíkt.

Það er því augljóst, að n. er ekki valin með það fyrir augum, að hún brjóti til mergjar atvinnulega örðugleika, heldur til þess að koma fram vissri teoretiskri skoðun. Þau frv., sem þegar hafa komið frá n., bera skýran vott um þetta. Þau eru flest um mjög smávægileg efni, álíka smávægileg og það, hvort einhver hurð á að vera rauð eða blá o. s. frv., en þó svo illa undirbúin, að þingn. hafa orðið að umskapa þau til þess að þau yrðu nokkurnveginn frambærileg. Þessu skilar n., sem ætlað er að umskapa allan þjóðarbúskapinn og koma honum í betra horf heldur en þeim hefir tekizt, sem að atvinnuvegunum hafa unnið um tugi ára og þekkja út í æsar allt, sem þeim við kemur.

Valdið, sem veita á með því frv., sem hér liggur fyrir, er út af fyrir sig mjög viðtækt, og því engin furða, þó nokkrum óhug hafi slegið á menn, þegar veita á það slíkri n., sem ég hefi nú lýst, með þeirri velvild til atvinnurekendanna, sem búast má við af þeim mönnum, er hana skipa. Hún á að hafa heimild til að heimta skýrslur, bæði munnlegar og bréflegar af embættismönnum, stjórnendum félaga og stofnana og einstökum mönnum. Og svo megi halda mönnum með 10—100 kr. dagsektum til að svara hvaða spurningum sem er og geta þó átt von á, að þessi n. noti þau svör sem henni sýnist. Og svo hefir þessi n. bak við sig allsterkan þingmeirihl. nákvæmlega jafnhlutvandra manna. Ég er ekki með þessu að segja neitt ljótt um nokkurn hv. þm. Ég segi aðeins: jafnhlutvandra manna.

Af því að ég bjóst ekki við að tala hér í kvöld, hefi ég ekki viðað að mér sem skyldi plöggum viðvíkjandi þessu máli. En væntanlega gefst tilefni til þess síðar, og má þá sýna ennþá glögglegar, hvert hlutverk þessarar n. á að vera í raun og veru og hvers af henni má vænta.

Ef það er tilgangurinn, að n. safni skýrslum, sem geta orðið atvinnuvegunum til viðreisnar, þá er þar nálega einungis um upplýsingar að ræða, sem ættu að þola dagsins ljós. Yfirleitt ætti þessi n. ekki að geta spurt um annað en það, sem allir mættu vita. Mér hefir verið bent á, að rétt væri að setja í l. ákvæði um, að allar skýrslugerðir n. skyldu birtar. Ég hefi heyrt það eftir ýmsum n.mönnum, að n. myndi ekki safna annarskonar skýrslum en þeim, sem hagstofan safnar, en að n. vilji fá þessar skýrslur fyrr og greiðlegar, þar sem skýrslur hagstofunnar koma oft seint og eru orðnar gamlar, þegar þær koma fyrir almenningssjónir. Þetta væri í sjálfu sér gott og blessað. En mér finnst spurningaeyðublöð n. benda á allt annað. Þeir spyrja jafnvel um efnasamsetningu ýmissa framleiddra vöruteg., og er ekki hægt að álíta annað en að þessar upplýsingar eigi að vera til þess, að hægt sé að hnupla iðnaðarleyndarmálum manna og nota þau síðan í þágu þjóðnýtingarinnar, þegar hið opinbera fer sjálft að framleiða smjörlíki, sápur og aðrar vörur, sem nú eru framleiddar hér. Mig stórfurðar á því, ef nokkurt fyrirtæki er hér til, sem látið hefir sér detta í hug að anza þessu. Þó er mér sagt, að einstaka fyrirtæki hafi gert þetta, í því skyni sennilega að kaupa sér frið í bili. Ég hefði ekki trúað því, að hér á landi væru til menn, sem fúsir væru á að leggja höfuðið á höggstokkinn. Sá, sem ætlar að hálshöggva annan, er þó a. m. k. réttur til að leggja manninn á höggstokkinn með valdi.

Meiningin er, að n. geti neytt alla menn til að

svara spurningum sínum. Og hún getur spurt um allt milli himins og jarðar. Hún ákveður sjálf störf sín og eins það, hvers sé þörf að spyrja og getur lagt við dagsektir, 10—100 kr., ef öllu er ekki greiðlega svarað. Ef það kemst upp, að í nokkru atriði sé rangt frá skýrt, varðar það við hegningarl.

*Um það hefir verið rætt, hvort löglegt sé að* að veita utanþingsn. slíkt vald. Ég er nú ekki lögfræðingur, og ætla ég ekki út í neinar lagaskýringar. Þó hefir mér virzt, að það sé ekki beint brot á stjskr. út af fyrir sig, þótt heimild verði veitt til slíkrar n.skipunar. Stjórnarskráin bannar ekki að skipa utanþingsn., og yfirleitt takmarkar hún lítt vald þingsins. En því meiri vandi er að fara vel með þetta vald. Og svona vald má ekki fá nokkurri n. í hendur. En ef það skyldi samt vera álitið nauðsynlegt, þá verður a. m. k. að takmarka starfssvið hennar mjög mikið. Ætti þá helzt ekki að fela henni nema eitt mál til rannsóknar, segjum t. d. togaraútgerðina, og það ekki fyrr en hún væri svo illa komin, að ekki reyndist hægt að halda út *einum togara. Væri hugsanlegt að skipa utan*þingsn. í slíkum tilgangi, og yrði þá að sitja í henni tómir fagmenn. En skipun n., sem hafi ótakmarkað verksvið, megi spyrja allan landslýð að öllu, að viðlögðum dagsektum og refsingum, er algerlega óforsvaranlegt.

Ég skal svo ekki hafa mál mitt mikið lengra, með því að framorðið er og hæstv. forseti ætlar að halda áfram umr., þangað til þeim er lokið. Ég get þá væntanlega tekið til máls aftur, ef mér þykir umr. ætla að hætta of fljótt.

Ég ætla aðeins að endurtaka, að ég sé ekki ástæðu til að skipa þessa n., enda þótt ég álíti, að hún væri betur skipuð, *ef í henni væru menn* úr fleiri flokkum. Hún gæti þá a. m. k. orðið að liði við rannsókn mála og gæti komið með *skynsamlegar till. til viðbótar hinum heimskulegu* till. þeirra, sem nú er ætlað að sitja í henni. En þó er ég hræddur um, að sjálfstæðismenn myndu ekki geta unnið með þessum mönnum.

N.skipunin er ekki annað en fálm og að meira eða minna leyti af persónulegum ástæðum og kröfum sprottin. Svo að ég taki dæmi, gæti ég hugsað mér, að menn, sem ekki gátu orðið ráðherrar, hafi þótzt fá nokkurn plástur á sár sín með því að fá að sitja í þessari geigvænlegu n. Við þekkjum ekki öll þau vandamál, sem hæstv. stj. hefir átt í um þær mundir, sem hún ungaði þessu út. Það voru ekki allir hennar fylgismenn vingjarnlegir á svipinn *þá dagana.*

Ég hefi alltaf verið á móti þessu frv. og mun greiða atkv. á móti því nú eftir 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:4 atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 554, n. 775).

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég tel ekki þörf langrar framsögu fyrir þessu *máli.* **(JAJ:** Það er ekki svo merkilegt). Það er svo kunnugt hér á hv. Alþ. og þær deilur, sem um það hafa staðið.

N. var ekki sammála um afgr. málsins, því að einn af hv. meðn.mönnum mínum, hv. 2. þm. Rang., er þessu máli andvígur. Meiri hl. n. hefir lýst sínu áliti í nál. á þskj. 775. Þar er lagt til, að þetta mál verði samþ. Mál þetta er flutt af hæstv. stj. *og fer fram á það, að nefnd sú, sem* hæstv. ríkisstj. skipaði í sumar til þess að rannsaka hag atvinnuveganna í landinu og gera till. um breytt og betra skipulag á þeim sviðum, fái vald til þess að krefjast þeirra upplýsinga og gagna af félögum og einstaklingum, sem nauðsynleg verða að teljast, svo að tilætlaður árangur fáist af starfi hennar.

Um þetta hefir orðið nokkur deila í n., eins og ég drap á áðan, en óþarft tel ég, að samskonar deila endurtaki sig hér í hv. d., því að í raun*inni verður að telja það sjálfsagt, að þegar stj.*skipuð n. situr á rökstólum til þess að vinna að *þjóðnýtum störfum, eins og hér á sér stað, þá* séu henni þessar upplýsingar óhjákvæmilegar. **(MG:** Þjóðnýtingu?). Ég sagði þjóðnýtum störfum. Og það kalla ég þjóðnýt störf, að gera till. eftir grandgæfilega rannsókn á því ástandi, sem ríkir um rekstur þjóðarbúsins í smáu og stóru, sem almennt er talið, að sé á ýmsan hátt mjög gallað.

Sumir menn brosa, þegar þeir heyra nefnda skipulagningu. En öll þjóðfélög hafa einhverskonar skipulagningu, en öll þjóðfélög störf, að gera till. eftir grandgæfilega rannsókn á því ástandi, sem ríkir um rekstur þjóðarbúsins í smáu og stóru, sem almennt er talið, að sé á ýmsan hátt mjög gallað.

Sumir menn brosa, þegar þeir heyra nefnda skipulagningu, En öll þjóðfélög hafa einhverskonar skipulagningu, að meira eða minna leyti, og deilan er um það eitt, hvernig skipulagið eigi að vera. Það eru skiptar skoðanir um það, hvort slík skipulagning fyrir atbeina hins opinbera eigi rétt á sér eða ekki. Um það er mikil togstreita, og flestir líta svo á, að það skipulag, sem við *eigum* við að búa, sé gallað og óviðunandi og þurfi því að gera endurbætur þar á.

Sú nefnd, sem um þessi mál fjallar, þarf að vera öllum hnútum kunnug viðvíkjandi því skipulagi í smáu og stóru, sem við búum nú undir. Þess vegna er n. nauðsynlegt að fá með lögum það vald, sem frv. þetta gefur, ef að l. verður, svo fullur árangur verði af starfi hennar.

Skal ég svo láta máli mínu lokið að þessu sinni.

**Pétur Magnússon** óyfirl.): Eins og tekið er fram í nál. á þskj. 775, hefi ég ekki verið sammála hv. meðn.mönnum mínum í þessu máli. Þeir leggja til, að frv. nái fram að ganga óbreytt. Ég er því mótfallinn. Hinsvegar sá ég ekki ástæðu til þess að gefa út sérstakt nál. í þessu máli. Um þetta mál hafa farið fram útvarpsumr., svo að alþjóð er kunnug ástæðan fyrir því, að Sjálfstfl. er andstæður framgangi málsins. Ástæða sú, sem hér liggur til grundvallar, er, eins og flestum er ljós, að flokkurinn vill vinna á móti því, að hafizt verði handa um þjóðnýtingu og ríkisrekstur í atvinnulífinu. Ég get því sagt svipað við hv. frsm. meiri hl. og hann sagði við mig í sambandi við umr. um áfengismálið, að „lífsskoðanir okkar stangast á hinum andstæðu pólum". Hinsvegar ætla ég ekki við þessa umr. að taka upp almennar umr. um málið, enda mæla þingsköp svo fyrir, að rætt

skuli um einstakar gr. frv. við 2. umr. Ég mun því ekki ræða meira um þetta nú, heldur geyma mér það til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:7 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:7 atkv.

---

Á 63. fundi í Ed., 17. des. var frv. tekið til 3. umr.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Ég hélt e. t. v., að þar sem n. var ekki sammála um afgreiðslu frv., en 2. umr. fór fram að áliðnum degi og lítill tími til umr., þá myndu nefndarhlutarnir leiða saman hesta sína og ræðast við um frv. nú, en það er ekki útlit fyrir, að svo ætli að verða.

Það er aðeins lítið atriði, sem ég vildi spyrjast fyrir um. Það er viðvíkjandi þeirri breyt., sem gerð var á frv. í Nd., að Sjálfstfl. var gefinn kostur á að tilnefna tvo menn í n. Mér skilst, að meðan því skilyrði er ekki fullnægt, þá hafi n. ekki það vald, sem henni er annars fengið í hendur með lögum þessum. Mér finnst dálítið ónákvæmt orðalag á því, hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til þess að n. fái í hendur það vald, sem l. ætla henni. — En eftir 2. gr. frv., þar sem talað er um þagnarskyldu n.manna og starfsliðs, virðist sem n. muni verða ærið nákvæm í eftirgrennslunum, og er búizt við, að hún fái vitneskju um leyndarmál fyrirtækja. Eðlilegast væri, að n. hnýstist ekki í annað en það, sem almenningi mætti birta, t. d. eins og hagskýrslur eru birtar, og væri þetta n.starf þá meira til þess að safna upplýsingum almenns eðlis, sem ella fengjust ekki fyrr en miklu síðar. En hitt er öllu óheppilegra, ef n. fer að gera nákvæmar eftirgrennslanir, eins og heyrzt hefir, að hún sé þegar byrjuð á. N. hefir t. d. spurt iðnaðarmenn um það, á hvern hátt ýmsar vörur þeirra séu framleiddar. Þetta finnst mér einkennilegt, og sé ég ekki, hvað það getur komið því máli við, sem hér á að vera um að ræða, sem er að efla atvinnureksturinn í landinu. Ég fæ ekki séð, að því máli sé á nokkurn hátt viðkomandi, hvaða efni eru notuð og á hvern hátt, við tilbúning ýmiskonar áburðar t. d. eða feiti o. s. frv. Hér er um eftirgrennslanir að ræða, sem valda munu almennri óánægju. Það er næsta hart, að n. skuli á þennan hátt ætla að leika sér með sitt mikla vald og leggja við dagsektir svo og svo háar, ef ekki er möglunarlaust hlýtt. — Ég sé ekki, að nú sé hér viðstaddur neinn fyrirsvarsmaður n., þar sem það mun vera hæstv. atvmrh., sem helzt getur gefið upplýsingar um störf n. fram að þessu, en ég verð að endurtaka það, að mér finnst hart að fá n. þetta vald í hendur, ef það á að nota til slíkra hluta. Hitt er annað mál, þótt spurt sé um verð á vörum og annað þess háttar. En um samsetning varanna varðar n. ekki nokkurn skapaðan hlut, og er á þennan hátt verið að reyna að svíkja út úr mönnum iðnaðarleyndarmál, sem eru mjög mikils virði, í því skyni, að hið opinbera geti sett upp keppinauta til höfuðs þeim fyrirtækjum, sem leyndarmálin voru svikin út úr. Það er hart, ef löggjafarvaldið ætlar þannig að svíkjast að mönnum með undirbúning ríkisrekstrar og þjóðnýtingar. Fyrst á með l. að viðlögðum stórsektum að pína út úr mönnum mikilsverð leyndarmál, og síðar setur svo ríkið keppinaut til höfuðs þessum sömu mönnum. — Ég skal annars ekki fjölyrða um þetta frekar nú, en vildi, að menn fengju tækifæri til þess að hugsa sig um, því að málið er vissulega ekki útrætt. Ég hygg, að enginn hafi hér um það talað, nema ég ofurlítið við 1. umr. Þótt við höfum frétt af umr. í hv. Nd., þá hafa menn ekki tíma til að sitja þar og fylgjast með (**JBald:** Eitthvað verður Nd. að gera). Nd. hefir gert mikið í þessu máli, en ekki skapað okkur neinar skorður eða unnið okkar verk. (**JBald:** Hv. þm. verður þá bara að lesa þingtíðindin).

**Pétur Magnússon** óyfirl.: Hv. 1. þm. Reykv. hreyfði því, að þetta mál hefði lítið verið rætt í þessari hv. d., og það er rétt. Ég gat þess við 2. umr., að ég teldi þýðingarlaust að vera að halda uppi löngu málþófi þá. Það er ekki til þess ætlazt við 2. umr., að rætt sé um málin almennt heldur aðeins einstök atriði. Og þar sem ekki lágu fyrir brtt., var engin ástæða til langra umræðna, enda komið langt fram á nótt þegar 2. umr. fór fram. Ég mun ekki heldur fara að teygja mjög umr. nú. Málið hefir verið rætt í útvarpinu fyrir alþjóð manna. Þar hafa verið settar fram skýrt og greinilega þær ástæður, sem sjálfstæðismenn yfirleitt færa fram móti málinu. Þessar ástæður liggja fyrst og fremst í því, að við viljum ekki stuðla að því, að hafizt sé handa um ríkisrekstur atvinnuveganna, en því hefir verið yfirlýst af hæstv. atvmrh. og í aðalblaði stj., Alþýðublaðinu, að sá væri tilgangurinn með nefndarskipuninni. Og það gefur að skilja, að flokkur, sem telur heppilegra til góðs gengis fyrir þjóðina, að atvinnureksturinn sé í höndum einstaklinganna, getur ekki gengið með til þeirra breyt., sem n. er ætlað að gera á í því efni. Það hefir verið nokkur ágreiningur um það innan stj.flokkanna, í orði kveðnu a. m. k., hvort þessi væri raunverulega tilgangur n. En ég geri nú ráð fyrir, að ef menn skoða þetta ofan í kjölinn, valið í n. og það, sem opinberlega hefir fram komið um málið í stj.blöðunum, þá geti menn naumast verið lengur í vafa um, að verkefni og ætlunarverk n. muni vera að færa atvinnurekstrinn úr höndum einstaklinganna og yfir til ríkisins. Og ég verð að segja það, að þau mál, sem til þessa hafa komið frá n., gefa ekki miklar vonir um góðan eða mikinn árangur. Auðvitað eru ekki nema tæpir 4 mán. síðan n. var skipuð og þarf ekki við miklu að búast, en það, sem enn hefir fram komið, eru líka flest smámál, og sumt sízt til bóta, að mínu áliti. Það virðist meira vera um það hugsað að hlynna að einstökum mönnum með alls konar bitlingum heldur en lyfta atvinnurekstrinum í heild. Má t. d. í þessu sambandi nefna frv. um ferðamannaskrifstofu og bifreiðaflutninga, sem er mál mjög rætt hér í hv. d., mál, sem er fram borið án þess að nokkur ástæða hafi verið fyrir því færð, sem frambærileg geti talizt. Auðvitað

er það reynslan ein, sem sker úr um það, hvernig þessi n. leysir störf sín af hendi. Hitt er alkunna, að í n. hafa verið skipaðir menn, sem ýmist eru yfirlýstir sósialistar eða, sem ávalt hafa staðið þeim allra næst í skoðunum. menn, sem jafnan hafa verið tilbúnir að leggja lið sitt til þess að koma á ríkisrekstri, hvenær sem á því hefir verið ymprað. Þannig bendir allt í þá átt, að fyrir stj. vaki með n. þessari að koma á viðtækri, ef ekki algerðri þjóðnýtingu. Að þessu styður líka það, að í n. var enginn sjálfstæðismaður skipaður, þótt vitað sé, að Sjálfstfl. hefir að baki sér 40% af öllum greiddum atkv. við síðustu kosningar og er því stærsti stjórnmálaflokkur landsins, og hefir innan sinna vébanda hlutfallslega miklu fleiri atvinnurekendur en nokkur annar flokkur í landinu, að Framsóknarfl. ekki undanteknum. Ef n. hefði átt að byggja á sama grundvelli í starfi sínu fyrir atvinnurekstur og byggt hefir verið á í þessu landi, þá er ekki ósennilegt, að í n. hefðu verið teknir 1—2 sjálfstæðismenn, og annað a. m. k. hrein ósvinna gagnvart þeim flokki, og eins og er, ber n. á sér hreinan flokksblæ. Það þarf í raun og veru ekki mikið að undrast, eftir því sem framkoma stj.flokkanna hefir verið á þessu þ. Þetta Alþ., er nú situr, hefir fremur líkzt flokksþingi en löggjafarsamkomu, og það er mælt, að stj.flokkarnir muni líta fremur á ríkissjóðinn sem flokkssjóð en sameiginlega eign landsmanna, og þykir það hafa komið fram við úthlutun í fjárl.

En viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Reykv. drap á í sinni ræðu, og ég gerði ráð fyrir, að frsm. myndi svara, þá vil ég láta í ljós sem mína skoðun, að það geti ekki orkað tvímælis eftir orðalagi 1. gr. frv., að rannsóknarvaldið, eða rétturinn til þess að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, sé bundinn því skilyrði að sjálfstæðisflokknum sé gefinn kostur á að tilnefna 2 menn í n. Orðalagið er svo ótvírætt, að ekki verður vefengt, enda hefir enginn borið brigður á þennan skilning. Svo minntist hv. þm. á það, að n. hefði lagt spurningar fyrir iðnaðarmenn um það, hvernig iðnaðarvörur þeirra væru framleiddar, þ. e. a. s. n. hefir heimtað „recept" fyrir samsetningi varanna. Ég verð nú að segja það, að ég trúi þessu varla. En ef svo er sem hv. þm. segir, þá eru þessar spurningar auðvitað markleysa, sem enginn getur verið skyldugur að svara frekar en honum sjálfum sýnist, eins og frv. nú er orðað, enda vafasamt, að hægt sé með einfaldri lagasetningu að setja slík ákvæði, því að þau geta brotið í bága við stjskr., þótt ég telji frv. eins og það nú er ekki gera það. En slík iðnaðarleyndarmál hljóta að njóta sömu verndar og eignarrétturinn yfirleitt. Ég veit ekki, hvað Carlsbergsbryggerier myndu segja, ef einhver slík rannsóknarnefnd kæmi til þeirra og ætlaði að fá „recept" fyrir tilbúningi ölsins. Ég er hræddur um, að hún hefði fengið stutt svör, og hið sama myndi eiga sér stað hér, þótt farið væri að koma með slíkar spurningar, þótt í 1. gr. frv. standi, að n. skuli hafa heimild til þess að heimta skýrslur munnlegar eða bréflegar „um þau atriði, sem hún telur þörf á í starfi sínu". Þetta „telur" á auðvitað að skiljast sem hefir, sem n. hefir þörf á í starfi sínu. En nú hefir hún enga þörf á að vita um leyndarmál iðnaðarfyrirtækja. (**MJ**: Hún hefir spurt um þau). Já, en það er eins og hver önnur vitleysa, og um það er enginn maður skyldugur að gefa upplýsingar fremur en hann sjálfur kýs. Það, sem n. gæti þurft að fá að vita, eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram, væri e. t. v., hve mikið fyrirtækin framleiða, um útsöluverð, kostnað o. s. frv. o. s. frv. Allar slíkar upplýsingar geta varðað starf n., en engum dettur í hug, að því yrði sinnt, þótt spurt væri um leyndarmál fyrirtækja.

Þá vil ég leyfa mér að spyrja hv. frsm. um skilning hans á ákvæðum 3. gr., þar sem stendur: „Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 1. gr., skal sæta 10—100 kr. dagsektum unz skyldunni er fullnægt". Álítur ekki frsm., að nauðsynlegt væri, ef fyrirtæki neitaði að gefa upplýsingar, að n. yrði að höfða mál gegn fyrirtækinu, ef hún ætlaði að knýja málið í gegn og fá dóm í því? (**MG**: Auðvitað). Sé þessi skoðun mín rétt, er augljóst, að tafsamt getur orðið að fá þessar upplýsingar, þó að drátturinn verði ekki kostnaðarlaus fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki. En sennilega eru ekki önnur ráð við þessu.

Þá vildi ég spyrja um skilning hv. frsm. á öðru atriði, sem er raunar ekkert vafaatriði frá mínu sjónarmiði séð, en ég vildi þó fá fram skilning hv. frsm. Í 1. gr. frv. stendur, að n. sú, sem ríkisstj. skipaði 29. ágúst 1934 til þess að rannsaka fjármál ríkis og þjóðar og hverskonar atvinnurekstur í landinu og til þess að gera till. um hagskipulag þjóðarbúsins o. fl., skuli hafa heimild til þess að heimta skýrslur o. s. frv. Nú vil ég spyrja hv. frsm., hvort hann lítur svo á, að bara meiri hl. n. geti heimtað þessar skýrslur, eða hvort þessi heimild á líka að ná til einstakra nefndarmanna. Ég vænti þess, að hv. frsm. láti álit sitt á þessum tveim atriðum í ljós, áður en umr. lýkur.

**Sigurjón Á. Ólafsson**: Ég skal ekki verða langorður að þessu sinni, tel þess enga þörf. Umræður hafa verið fremur hógværar, eftir því sem búast mátti við, og því lítið tilefni gefið mér til langrar ræðu. Hv. 1. þm. Reykv. taldi, að n. sú, sem hér um ræðir, hefði gengið lengra en viðeigandi væri, þar sem hún hefði heimtað af iðnaðarmönnum, að þeir létu uppi leyndarmál sín um efnasamsetningu framleiðsluvaranna og annað slíkt. Ég get lítlu svarað þessu, þar sem ég er algerlega ókunnugur starfi n., en ég hefi ekki heyrt umkvartanir í þessa átt fyrr en nú. En ég tel víst, að verði spurt um slíkt atriði, þá sé það vegna þess, að n. telji þær upplýsingar nauðsynlegar í starfi sínu.

Bæði hv. 1. þm. Reykv. og 2. þm. Rang. töluðu um viðbót þá, sem frv. fékk í hv. Nd., þar sem niðurlagi 1. gr. var breytt svo, að það var gert að skilyrði fyrir heimildinni, að þingflokkur sjálfstæðismanna fengi að tilnefna tvo menn í n. Ég tel víst, að flokknum verði gefinn kostur á þessu, en hann um það, hvort hann notfærir sér það tilboð.

Hv. 2. þm. Rang. talaði mjög hógvært, taldi langar umr. tilgangslausar. Það er rétt. Mál þetta

hefir verið rætt frammi fyrir öllum landslýð í útvarpinu, ennfremur mjög ýtarlega í hv. Nd. Bæði af þessum umr. og svo blaðaskrifum er málið orðið alþjóð svo kunnugt, að ég hygg, að fá af þingmálum séu það jafn vel. Hv. þm. lagði mikið upp úr því, að n. væri skipuð einhliða flokksmönnum. Þetta er að vísu rétt, nefndarmenn munu allir vera meðlimir ákveðinna stjórnmálaflokka. En það er vitað, að Sjálfstæðisflokkurinn hefir frá upphafi verið andvígur stofnun þessarar n., og í sumar í kosningaundirbúningnum kom það ótvírætt fram í aðalmálgagni flokksins, að sjálfstæðismenn vildu ekki taka þátt í störfum nefndar sem þessarar. Það var því ekki gott aðgöngu fyrir ráðh. að skipa sjálfstæðismenn í nefndina í óþökk flokksins. — Hv. þm. lagði mikla áherzlu á það, að allir n.mennirnir væru þjóðnýtingarmenn. Ég er nú ekki svo viss um það. Sá hluti nefndarinnar, sem telur sig til Framsóknarfl., hefir mér vitanlega ekki viðurkennt þá stefnu sem sína, a. m. k. ekki í þeirri merkingu, sem við jafnaðarmenn leggjum í hana. — Hv. þm. taldi Sjálfstfl. hafa verið beittan ósvífni með nefndarskipuninni. Ég hefi þegar tekið það fram, að mér finnst ekki hægt að telja það ósvífni, þó að ekki væru skipaðir menn úr flokki, sem lýst hafði andstöðu við nefndarskipunina og starfsemi nefndarinnar.

Þá lagði hv. þm. fyrir mig lögfræðilegar spurningar, og verð ég að játa, að ég get ekki mætt honum á þeim vettvangi, þar sem hann mun vera í fremri röð lögfræðinga talinn hér í bænum, en ég leikmaður á því sviði. Og þó að ég segi eitthvað um þær spurningar má ekki skoða það sem neinn hæstaréttardóm. Hann vill meina, ef menn þrjózkist við að gefa þær upplýsingar, sem um ræðir í 1. gr. frv., sé ekki hægt að knýja menn til þess nema með málssókn. Ég þori ekkert að fullyrða um þetta, reynslan verður að skera úr þessu atriði. Það má vel vera, að menn neiti að gefa einhverjar þær upplýsingar, sem n. krefst, og vilji láta dómstólana skera úr því, hvort það sé skylda þeirra eða ekki. Þá verður auðvitað að hlíta þeim dómsúrskurði. Hv. þm. spurði ennfremur, hvort einstakir nefndarmenn gætu krafizt upplýsinga eða aðeins meiri hl. nefndarinnar. Ég hefi ekki kynnt mér starfsfyrirkomulag nefndarinnar, en ég geri ráð fyrir því, að ekki verði annað framkvæmt en það, sem meiri hl. nefndarinnar samþykkir. Ef þessu er ekki þannig varið, upplýsist það í umræðunum og þarf ég því ekki að fjölyrða um það.

Ég vil taka það fram, að mér virðist sem andúð einstakra hv. þm. við þetta frv. sé sprottin af ástæðulausum ótta. Ég get ekki séð, hvað það væri í atvinnurekstri landsmanna, sem þyrfti að fela fyrir n. sem þessari. Og ég held líka, að þjóðnýtingaróttinn sé ástæðulaus, a. m. k. eins og sakir standa. Þjóðnýting atvinnuveganna þarf langan og rækilegan undirbúning og verður ekki gerð nema í samræmi við vilja fólksins í landinu eða meiri hl. þess. En við erum ekki einir um það sem þjóðfélag, að vilja þoka atvinnuvegum okkar í áttina til aukinnar og betri skipulagningar, og vil ég þar benda á stórveldið Bandaríki Norður-Ameríku, og nú nýlega hefir komið frétt þess efnis, að enski stjórnmálamaðurinn Lloyd George ætli að beita sér fyrir svipaðri stefnu og núv. Bandaríkjaforseti fer eftir. Á Norðurlöndum er þetta heldur ekki ný saga. Langt er síðan nefndir með svipuðu hlutverki voru skipaðar í Svíþjóð og Noregi. Ég játa það, að enn hefir ekki sprottið mikill árangur af starfi þessara nefnda, en þær munu þó hafa lagt fram ýtarleg álit og tillögur um skipulagningu atvinnuveganna.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, málið liggur ljóst fyrir, og vona ég, að ekki þurfi að verða langar umræður um það hér eftir, því þær mundu tilgangslausar og atkvgr., sem hér fer á eftir, sker úr um það.

**Magnús Guðmundsson** óyfirl.: Ég sé ekki til mikils að ræða þetta mál, þegar enginn er til andsvara. Hæstv. stj. sést hér ekki, hún flýr þegar á að ræða aðalágreiningsmálin. Af stjórnarliðinu sést hér heldur enginn maður nema þeir, sem embættum eiga að gegna í d., og geta því ekki almennilega stungið af. Þetta er sú aumlegasta þrotayfirlýsing, sem ég get hugsað mér. Það er að vonum að fara í geitarhús að leita sér ullar, að spyrja hv. 4. þm. Reykv. um starf nefndarinnar, hann veit ekkert um það, og hefir kannazt við það sjálfur. Hann hélt því fram, að n. spyrði ekki um annað en það, sem henni væri nauðsynlegt vegna starfa sins. Ég leyfi mér að efast um það, enda bera spurningar þær, sem n. hefir sent út, það greinilega með sér, hver tilgangurinn er. Iðnaðarmenn eru spurðir út í æsar um efnasamsetninguna á vörum sínum, auðvitað til þess að tilvonandi ríkisrekin framleiðsla geti síðar notfært sér þessar formúlur og aðferðir. Ég tek undir það með hv. 2. þm. Rang., að oft getur leikið vafi á því, hvort mönnum er skylt að svara spurningum nefndarinnar. Ég held því fram, að spurningar eins og þær, sem ég nú hefi lýst, séu hreinasta óhæfa, og það, að vaða svo inn í einstaklingsrekstur manna, getur tæplega samrýmzt ákvæðum stjórnarskrárinnar um eignarréttinn. En eins og frv. er nú orðið, þá finnst mér það auðskilið, að ekki sé hægt að krefjast þessara skýrslna án þess að Sjálfstfl. verði gefinn kostur á því að tilnefna menn í n. Og það er ólöglegt, þegar n. er nú að krefjast hverskonar upplýsinga áður en frv. þetta verður að l. Og innheimtu á dagsektum verður ekki hægt að framkvæma nema með fjárnámi að undangengnum dómi. Dæmi n. hluta eigendur í sektir, verður það að ganga til dómsstólanna, eins og hv. 2. þm. Rang. tók réttilega fram.

Hv. frsm. vildi réttlæta það, að n. væri skipuð einlitum flokksmönnum, með því, að Sjálfstflokkurinn hefði verið á móti nefndarskipuninni. Ég man ekki til þess, að flokkurinn hafi lýst sig andstæðan skipun n., sem ætti að rannsaka fjármál ríkis og þjóðar og atvinnurekstur landsmanna, og gera tillögur til bóta á þessum sviðum. En auðvitað erum við sjálfstæðismenn á móti skipun n., sem ætti að undirbúa þjóðnýtingu atvinnurekstrarins í landinu. En um það atriði er greinilegur tvískinnungur í stjórnarher-

búðunum; jafnaðarmenn halda því fram, að n. eigi að vinna í þjóðnýtingarátt, en hæstv. forsrh. segir, að það sé ekki meiningin hjá Framsóknarflokknum. Þannig hafa óheilindin fylgt þessari n. frá upphafi. Viðvíkjandi því, hvort einstakir nefndarmenn megi krefjast upplýsinga, þá finnst mér auðsætt, að aðeins meiri hl. nefndarinnar eða nefndin öll geti farið fram á slíkt. Eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar má hver nefndarmanna í nefnd, sem skipuð er af Alþ., krefjast allra upplýsinga, er hann telur sig þurfa í starfi sínu, og bendir það til þess, að einstakir menn í nefndum, sem öðruvísi eru skipaðir, hafi ekki þennan rétt án þess að það sé sérstaklega fram tekið, en svo er ekki í frv. þessu. — Hv. frsm. taldi andúð sjálfstæðismanna við frv. þetta ástæðulausa. Það fer eftir því, hvað á að gera. Annars heyrðist mér hv. frsm. vera að draga í land með þjóðnýtinguna, þar sem hann sýndi fram á, að árangurinn af samskonar n.skipun í Noregi og Svíþjóð hefði ekkert leitt af sér annað en ýtarleg nefndarálit. En ef satt skal segja, þá þekki ég ekki til, að slíkar nefndir hafi verið skipaðar í þessum löndum. En sé þetta rétt með farið hjá hv. frsm., þá undrar mig ekki, að árangurinn skyldi ekki verða annar og meiri. Það er svo alstaðar í heiminum, þar sem jafnaðarmenn fá aðstöðu til þess að framkvæma kenningar sínar, að þeir gera það ekki. Þeir verða hræddir við þær, þegar ábyrgðin kemur til sögunnar. Þetta hefir líka komið fram hér. Hæstv. atvmrh. talaði þannig um fiskeinkasöluna, að bersýnilegt var, að hann væri hræddur við einkasölu á þessu sviði, og vildi heldur hafa frjáls samtök einstakra framleiðenda. Á mörgum undanförnum þingum hafa jafnaðarmenn flutt frv. um einkasölu á saltfiski, en nú er hæstv. atvmrh. jafnaðarmaður, og þá er einkasalan ekki orðið áhugamál, þvert á móti. Sama hefir orðið uppi á teningnum í skattamálunum. Jafnaðarmenn hafa barizt á móti hækkuðum tollum. En í dag kemur hér fyrir frv., sem fer fram á mjög miklar tollahækkanir, og jafnaðarmenn ljá því fylgi sitt. Það er því e. t. v. ekki svo mikil ástæða til þess að óttast þjóðnýtingarskraf jafnaðarmanna, þeir verða hræddastir við þjóðnýtinguna sjálfir, þegar á á að herða. Þó er ekki því að neita, að á þessu þingi hefir margt bent til þess, að íslenzkir jafnaðarmenn ætli sér að verða kjarkmeiri á þeirri braut en erlendir flokksbræður þeirra. Eins og hefir verið upplýst í þessum umræðum, hefir jafnaðarmönnum erlendis ekki dottið í hug að fitja upp á einkasölum svipuðum þeim og hér hefir verið gert, eftir að þeir fengu aðstöðu til þess að koma slíkum málum fram. — Jæja, nú mun hv. stjórnarstuðningsmönnum óhætt að fara að koma inn, — ég hefi lokið máli mínu.

**Pétur Magnússon** (óyfirl.): Það er aðeins fátt eitt úr ræðu hv. frsm., sem ég tel þörf á að svara. Hann sagði, að það lægi nú ljóst fyrir öllum, hvað þessi n. á að vinna. Ég verð að segja, að þetta liggi ekki ljóst fyrir mér. Það hefir verið sagt, að n. væri skipuð í samræmi við 4 ára áætlun Alþýðuflokksins. Þar stendur (með leyfi hæstv. forseta): „Stofnuð sé ráðgefandi n. sérfróðra manna, þingi og stj. til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt till. um, hvernig komið verði fastri stj. og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi)". Í sambandi við þetta stefnuskráratriði Alþýðuflokksins á nefndin að hafa verið skipuð. Ég get ekki hugsað mér, að menn þeir, sem skipaðir voru í nefndina, hafi nokkra þá sérþekkingu á atvinnuvegum landsins til að bera, að það gæti réttlætt skipun þeirra. Enn þá síður get ég hugsað mér þessa menn standa fyrir vísindalegum rannsóknum og tilraunum í þarfir atvinnuveganna. Ég fæ ekki betur séð en að skipun nefndarmannanna hafi verið hreinpólitísk. Ég held, að enginn nefndarmanna hafi nokkur skilyrði til að gera gagn í svona n. öðrum fremur, nema ef það væri hv. 2. þm. Reykv., sem hefir bæði þá menntun og lífsreynslu, að maður ætti að geta gert ráð fyrir því, að hann bæri skyn á ýmiskonar atvinnurekstur. Ég segi þetta ekki til að níðra þessum mönnum, sem að mörgu leyti eru góðir og gegnir menn, — en þeir hafa bara enga sérþekkingu til þess að geta orðið að liði á þessu sviði fremur en hverjir aðrir.

Hv. frsm. sagði, að við Íslendingar værum ekki einir þjóðin, sem hefir farið þessa leið í atvinnumálum. Ég vil nú segja, að við höfum farið aðrar leiðir yfirleitt en flestar aðrar þjóðir. Annarstaðar hefir verið reynt að glæða atvinnuna og skapa í atvinnulífinu sem mest öryggi og ró. En mér sýnist, að við förum allt aðra leið. Okkar aðferð hefir verið sú, í stað þess að skapa öryggi og ró, að koma inn ótta hjá atvinnuveitendum um, að ríkið geti fyrirvaralaust tekið atvinnureksturinn undir sig og einstaklingarnir verði útilokaðir frá að halda áfram. Og þegar árlega eru sett lög um stórfellda skattahækkun, skapar það öryggisleysi og ótta um, að útkoman verði sú sama, hvernig sem atvinnan gengur; ef vel gengur, þá þeim mun meiri skattar, ef illa gengur, þarf ekki að lýsa afkomunni. Ég verð að játa, að inn í tekju- og eignarskattslögin hefir þó komizt eitt ákvæði, sem er til mikilla bóta, sem sé ákvæði um rétt til þess að draga frá tekjum tap 3 síðustu ára. Þetta er líka það eina, sem gert hefir verið til þess að skapa öryggi fyrir atvinnurekendur í landinu. Það er alkunnugt, að eftir kosningarnar í vor varð sú breyt. á, að margir hættu við ýms fyrirtæki, sem byrjað var á, af ótta við, að þeirra biði fjárhagslegt hrun, vegna þeirrar stefnu, sem tekin er gagnvart atvinnuvegunum. Að menn líta svo á, að þessi skattastefna sé hættuleg, er algengt, jafnvel án tillits til þess, hvaða pólitíska flokk þeir fylla.

Hv. frsm. sagði, að ekki hefði verið ástæða til að skipa sjálfstæðismenn í n., því flokkurinn hefði lýst sig andvígan n.-stofnuninni. Ég hefi lýst því yfir áður og skal endurtaka það nú, að það var ekki ástæða til að skipa sjálfstæðis-

menn í n., ef hlutverk hennar á að vera að undirbúa þjóðnýtingu. Því vitanlega er ekki hægt að ætlast til, að menn, sem álita aðra skipun heppilegri fyrir atvinnuvegina, leggi fram till. um það gagnstæða. En það var líka því aðeins, að tilgangurinn með n.skipuninni væri sá, að hlutverk hennar væri að undirbúa þjóðnýtingu, það var því aðeins ástæðulaust að bjóða sjálfstæðisflokknum að hafa menn í n. Sjálfstæðisflokkurinn hefir aldrei gefið yfirlýsingu um, að hann væri andvígur umbótum á atvinnurekstrinum; slíkt er óhugsanlegt, að nokkur flokkur geri. Þó sjálfstæðismenn játi fylgi sitt við einstaklingsrekstur, er ekki þar með sagt, að allt sé með heppilegu fyrirkomulagi, heldur er þeim fullljóst, að þar fer margt aflaga, sem þarf að bæta úr. Og ef þessi n. er skipuð til þess að reyna að bæta skipulagið á þjóðarbúskapnum, hefði Sjálfstæðisflokkurinn viljað vera með, svo framarlega sem þjóðfélagið fengi að starfa áfram á sama grundvelli og verið hefir, þ. e. a. s. með einkaeign og einstaklingsrekstri. Ef haldið er áfram á þeirri braut, er Sjálfstæðisflokkurinn fús til að vera með. En einmitt þetta, að Sjálfstæðisflokknum er ekki boðið að hafa menn í n., sýnir betur en allt annað, bæði yfirlýsingar og blaðaskrif, að tilgangurinn er allt annar. Ef byggja átti á sama grundvelli var blátt áfram ósvífni að bjóða ekki Sjálfstæðisflokknum að hafa menn í n., en annars var það ástæðulaust.

Ég vil segja hv. frsm., að þó ég hreyfði athugasemd um vafasaman skilning á 2. gr. frv., var það ekki gert í þeim tilgangi að reyna að koma honum í lögfræðilegan vanda með rökfræðilegum skýringum. En ég vildi gera hv. þm. ljóst, að ef vafi leikur á um skilning á ákvæðum l., getur það haft mikla þýðingu, að sá, sem ber málið fram, hafi lýst yfir, hvaða skilning hann leggur í það, hvað fyrir honum vakir með ákvæðinu. Getur þetta haft meira að segja heldur en þó andstæðingar komi með lögfræðilega skýringu, þó lagastafurinn hafi að vísu mest að segja. Ég er ekki í neinum vafa um, hvernig eigi að skilja annað atriðið um dagsektir, og raunar ekki heldur um hitt atriðið, og býst ég við, að skilningur hv. frsm. sé réttur. Tilgangur fyrirspurnarinnar var aðeins sá, að fyrir lægi í Alþt. yfirlýsing frá flm. frv. um skilning á þessum atriðum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 862).

## 29. Gengisviðauki.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um gengisviðauka** (stjfrv., A. 71).

Á 6. fundi í Ed., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. fer fram á framlengingu á gengisviðauka á nokkrum tegundum vara. Þó er sú breyt. frá því, sem nú er, að gengisviðauki á kaffi og sykri verður ekki framlengdur, ef frv. verður gert að lögum. Stj. áleit nauðsynlegt að færa tolla og skatta í eins réttlátt form og unnt er — réttlátara form en verið hefir. Þess vegna leggur stj. til, að leiðrétting sé gerð viðvíkjandi kaffi og sykri og að gengisviðaukinn, sem lagður var á 1933, verði felldur niður, en annar gengisviðauki framlengdur. — Að þessari umr. lokinni, óska ég þess, að frv. verði vísað til fjhn.

**Magnús Jónsson:** Ég vil leyfa mér að gera stutta fyrirspurn, til þess að fá upplýsingar hjá hæstv. fjmrh. um það, hvers vegna á endilega að fella niður gengisviðauka, þegar um kaffi og sykur er að ræða. Að vísu minntist hæstv. fjmrh. á það, að þetta væru miklar nauðsynjavörur. Mér er ekki kunnugt um, að þær séu meiri nauðsynjavörur en margar aðrar vörur, sem bera háan skatt. Ríkissjóður þarf peninga. Það er vitanlegt. En þá verður að taka með einhverju öðru móti. Það er ekki ástæða til þess að hlífa kaffi og sykri fyrir tollaálagningu frekar en t. d. fæði og fatnaði.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Sykur og kaffi er hærra tollað heldur en aðrar vörur, sem hingað flytjast. Það verður að viðurkennast, að sykur er mjög nauðsynleg vara fyrir almenning. Þegar stj. bar niður á þessum vörutegundum, þá var það af því, að hún hafði ekki tíma til þess að undirbúa viðtæka breyt., og þarfir ríkissjóðs eru nú þannig, að ekki er um mikla lækkun að ræða, nema hækkun komi á móti. Þessar vörur voru valdar sökum þess, að tollur á þeim er hærri, enda þótt þessi gengisviðauki verði færður niður.

**Magnús Jónsson:** Ég býst við, að þessi tollur, sem er mjög hár, sé lagður á vegna þess, að þessar vörur geta ýmist verið nauðsynlegar eða ónauðsynlegar. Það er rétt, að sykur er sérstaklega góð vara og nauðsynleg. Hann er þó aðeins að vissu marki nauðsynjavara. Sama er að segja um kaffi. Mörg lönd hafa þessar vörur hátt tollaðar af þessari ástæðu. Heppilegra er að draga úr nautn þessara vara, ef hægt er.

Ég æski upplýsinga um það, hvort sérstök ástæða er til þess, að gengisviðaukanum er létt af tolli á þessum vörum, á sama tíma sem talað er um aukna skatta á mörgum öðrum sviðum.

**Jón Baldvinsson:** Ég vildi taka til máls um þetta frv., sem er það fyrsta á dagskrá að því er snertir að lækka skatta. Því að hin eru ýmist til framhalds skatta eða um nýja tekjuöflun. Þetta frv. tel ég eiga fullan rétt á sér, eins og hæstv. fjmrh. hefir tekið fram. Og viðvíkjandi hinum öðrum frv. vildi ég taka það líka fram, að við Alþýðuflokksmenn teljum rétt, að þau fari til athugunar í nefnd, svo að þau verði athuguð bæði út af fyrir sig og eins í sambandi við þau önnur tekjuöflunarfrv., sem fram kunna að koma á skattamálasviðinu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 480, 481).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Það eru nú liðin allmörg ár síðan gengisviðauki var fyrst samþ. sem bráðabirgðaráðstöfun, og hefir síðan verið framlengdur á hverju þingi. Fjhn. er sammála um það, að ekki sé síður þörf á framlengingu hans nú en áður, og mælir því með þessu frv. Einn nm., hv. 1. þm. Reykv., hefir þó skrifað undir nál. með þeim fyrirvara, að hann vill halda gengisviðauka á kaffi- og sykurtolli eins og áður og flytur brtt. um það, en í þessu frv. er gengisviðauki af þessum vörum felldur niður. Ég mun ekki ræða brtt. hans, því að hann mun gera grein fyrir henni sjálfur.

En ég vil taka það fram um þetta frv. og önnur svipuð, að mér er farin að leiðast þessi árlega framlenging á tekjustofnum, sem búið er að gera að föstum tekjustofnum í raun og veru, og finnst vera kominn tími til að koma skatta- og tollalöggjöf vorri í fastara horf. Ég hefði því haft tilhneigingu til að koma með brtt. þess efnis, að þessi viðauki héldist um óákveðinn tíma, en hefi þó ekki gert það. En mér þótti rétt að láta þessa skoðun mína í ljós.

**Magnús Jónsson:** *Ég hefi gert ágreining í n.* um það, að mér hefði fundizt eðlilegast, að lög þessi hefðu verið samþ. óbreytt frá því, sem þau voru. Mér finnst það á engan hátt rétt, á meðan verið er að hækka skatta og tolla og fjölga þeim, skuli kaffi- og sykurtollurinn vera tekinn út úr og lækkaður svo verulega. Það má kannske kalla þessar vörur nauðsynjavörur, en þó er það nú svo, að þetta eru vörur, sem hver maður getur a. m. k. minnkað við sig sér að skaðlausu, fremur en matvæli eða klæði. Menn geta dregið úr notkun þessarar vöru, aðeins ef þeir vilja leggja það á sig. Og þegar t. d. benzíntollurinn er tvöfaldaður, tollur á vöru, sem er ein nauðsynlegasta vara fyrir framleiðsluna, þá sé ég ekki ástæðu til að fella niður gengisviðauka á þessum tolli. Ég held, að réttara væri að létta einhverjum sköttum af hinni þrautpíndu framleiðslu. Ég skyldi að vísu vera með þessari lækkun, ef hægt væri að lækka skatta og tolla yfirleitt, en ég tel ekki forsvaranlegt að lækka þennan toll meðan allar aðrar álögur hækka. Þessi lækkun nemur heldur engu smáræði fyrir ríkissjóð. Tollur þessi hefir numið um 1 millj. króna á ári, og nú á hann að lækka um 20%, eða 200 þús. kr. Ég get því alls ekki talið þessa lækkun forsvaranlega.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég legg til, að þessi brtt. hv. 1. þm. Reykv., sem fer fram á að framlengja gengisviðaukann á kaffi og sykri, verði felld, af þeirri ástæðu, að stj. vill lækka verðtoll á þessum vörum, sem eru ákaflega hátt tollaðar, en verða þó að teljast nauðsynjavörur fyrir mikinn hluta þjóðarinnar. Stj. hefir ekki breytt afstöðu sinni frá því við fyrri umr. málsins.

ATKVGR.
Brtt. 481 felld með 7:3 atkv.
1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

---

Á 44. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 7).
Á 44. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 615).

**Frsm. (Sigfús Jónsson):** Ég hefi ekki annað um þetta mál að segja en það, að n. hefir athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. Þetta mál mun hafa legið fyrir fyrri þingum, og fjhn. væntir þess, að það verði samþ., eins og hefir verið gert á undanförnum þingum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 7, 758).

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Ég á brtt. á þskj. 758. Þessi brtt. er í sambandi við það, að það varð að samkomulagi milli stjórnarflokkanna að stuðla að því, að sú hækkun á benzínskatti, sem ráðgerð var, næði ekki fram að ganga, og er þessi brtt. flutt til þess að vega upp á móti þeim tekjumissi, sem við það verður. Til þess að þingheimur geti áttað sig á því, hvers vegna þessi brtt. er flutt, þá skal ég gera grein fyrir því, hvernig þessi mál eru eins og nú standa sakir.

Eins og menn kannske muna, þá er hallinn á fjárl. eins og þau eru núna 1 millj. 790 þús. kr., og þarna koma til viðbótar 150 þús. kr.,

þar sem niður fellur útflutningsgjald, sem því nemur. Þá er hallinn á fjárl. 1 millj. 940 þús. kr. Móti þessu kemur svo tekjuaukning af l. um tekju- og eignarskatt, sem nemur 850 þús. kr. Við þetta minnkar hallinn niður í 1 millj. 90 þús. kr. Svo er ætlazt til, að af tollabreyt. fáist 400 þús. kr. tekjuaukning. Þá er ætlazt til, að af þeirri breyt., sem samþ. er á l. um einkasölu á áfengi og l. um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, fáist um 100 þús. kr. Svo er gert ráð fyrir, að fáist 340 þús. kr., ef þessi brtt. verður samþ. Þá eru komnar þarna um 1700 þús. kr. til að vega upp á móti hallanum á fjárl. Þá vantar 240 þús. kr. til þess að jöfnuður fáist áður en gengið er til 3. umr. fjárl. Ég hefi viljað gera ráð fyrir því, að frv. um stimpilgjald ásamt heimildum til einkasölu, sem hér liggja fyrir þinginu, myndu, ef þau verða samþ., nægja til þess að jafna hallann, jafnvel þó að gert sé ráð fyrir nokkurri hækkun á útgjaldalið fjárl. við 3. umr.

Þessi brtt. á þskj. 758 er borin fram til þess að jafna hallann á fjárl., og er gert ráð fyrir, að hún veiti tekjuaukningu, ef hún verður samþ., sem nemur 340 þús. kr. Brtt. fer fram á 25% viðauka, sem lagður sé á aukatekjur ríkissjóðs I.—VI. kafla, þær, sem taldar eru í lögum nr. 75 27. júní 1921. Undanþegnar eru aukatekjur í VII. kafla, en þar er aðallega um afgreiðslugjöld að ræða. Viðaukinn er því á helming aukateknanna 270 þús. kr., og 25% af því verða um 66 þús. kr. Svo er gert ráð fyrir 25% viðauka á stimpilgjaldi, og mun hann eftir áætlun fjárl. gefa um 100 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir 25% viðauka á verðtolli, að undanskildum verðtolli af vörum þeim, er greinir í l. nr. 11 2. júní 1933, en þau eru viðvíkjandi verzlunarsamningum við Bretland og auglýsingu í sambandi við þá, sömuleiðis á ekki að greiða viðauka á verðtolli á skófatnaði, öðrum en lakk-, flos- og silkiskóm, og olíufatnaði. Ef miðað er við innflutninginn 1932 og áætlun fjárl.frv., þá yrði þessi viðauki 180 þús. kr., og verður þá allur viðaukinn milli 340 þús. og 350 þús. kr. samkv. till.

Um þennan verðtoll vildi ég ennfremur segja það, að með því að undanskilja verðtoll samkv. l. frá 1933, þá verður undanþeginn hinn ódýrari varningur, svo að viðaukinn á verðtollinum nær ekki til hinna nauðsynlegustu vara.

Þá vil ég minnast á annan lið viðaukans, en hann er á stimpilgjaldi, en sá viðauki nær ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð. Það er vist, að á næstu árum verður mikið gefið út af skjölum vegna framkvæmdar Kreppulánasjóðsl., og það er ekki sanngjarnt, að sú skjalaútgáfa verði fyrir þessu gjaldi. Ég get svo látið útrætt um þessa brtt. Ég hefi nú gert grein fyrir því, hvernig þessi mál standa, og vænti því, að hv. d. sjái, að þörf er fyrir þennan tekjuauka, og samþ. því brtt.

**Ólafur Thors:** Þessi brtt. er nýframkomin. Hún er um hvorki meira né minna en það, að leggja nýja skatta á, sem nema 340 þús. kr., eftir því sem hæstv. fjmrh. hefir gert grein fyrir. Ég vil þegar láta þau orð falla, að það er auðvitað óviðfelldið, svo ekki sé sterkara að orði kveðið, að ætla sér að hafa þetta form á nýrri skattaálagningu, að bera fram brtt. við 3. umr. frv. í seinni d. Það þarf að vísu að fara aftur til Ed., ef brtt. verður samþ., en þrátt fyrir það er þetta ekki þingleg meðferð, þegar um slíkt mál er að ræða sem þetta. Ég vil samkv. ósk hæstv. forseta ekki ræða efnishlið málsins núna, en fara fram á það, eftir að hæstv. fjmrh. hefir skýrt frá málinu og ég hefi látið þessi orð falla, að það verði tekið út af dagskrá, og fjhn. fái tækifæri til þess að athuga það. Teldi ég þá rétt, að n. reyndi að fá fjmrh. á sinn fund og hann gerði ýtarlega grein fyrir frv. Ég tel þetta heppileg vinnubrögð í máli sem þessu og vænti þess, að hæstv. forseti verði mér sammála um þetta.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég hefi auðvitað ekkert á móti því, að málinu sé frestað og það tekið til athugunar af fjhn., og vona ég, að hún geti athugað það í fyrramálið.

Ég get ekki fallizt á það, að þetta sé óviðfelldið form, þar sem þetta á að koma í staðinn fyrir annan skatt, sem flokkarnir hafa komið sér saman um að láta ekki ganga fram. Ég veit ekki betur en þessi aðferð hafi tíðkazt í þinginu, þó að ég af skiljanlegum ástæðum hafi ekki getað fylgzt með sögu þingsins. En mér hefir samt skilizt, að þessi aðferð hafi ekki verið talin óviðfelldin, og var t. d. 1933 smeygt inn í samskonar frv. viðauka á tekju- og eignarskatti. Þetta er því hvorki óvanalegt né óþinglegt, þó ég ætli mér ekki að fara út í deilur um það.

**Ólafur Thors:** Ég get vel viðurkennt, að það er ekki einsdæmi, að þannig sé farið að sem hér. En ég hygg, að hæstv. fjmrh. verði að samsinna því, að þetta sé óviðfelldin aðferð, þó að þetta hafi komið fyrir áður. Ég veit, að hæstv. ráðh. verður líka að viðurkenna, að þó að ýmsir hv. alþm. hafi í öndverðu ekki ljáð sig mótfallna þessari aðferð, þá hafa þeir hugsað sér hana að því leyti óviðkomandi þessu máli, að þm. eigi kröfu á hæfilegum fresti til þess að athuga, hvort þessi skattur er nauðsynlegur. Og ef rannsókn leiddi í ljós, að sú nauðsyn væri fyrir hendi — en ég held nú, að hún sé ekki fyrir hendi —, þá gefist alþm. og flokkunum kostur á að reyna að koma sér saman um, hvernig leið eigi að fara. Hæstv. ráðh. verður að viðurkenna, að till. borin fram við 3. umr. í seinni d. felur ekki í sér þann möguleika, að flokkarnir fái tíma til að athuga málið og reyna að komast að samkomulagi um það, eins og ef frv. væri lagt fyrir Alþ. og færi gegnum 3 umr. í hvorri deild.

**Forseti (JörB):** Ég held, að það væri hyggilegt að fresta málinu, svo að fjhn. gæfist kostur á að athuga það, enda hefir hæstv. fjmrh. fallizt á það.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 14. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 7, 758).

**Frsm. (Sigfús Jónsson):** Þegar þetta mál var til umr. síðast, kom fram brtt. á þskj. 758, frá hæstv. fjmrh. Í tilefni af þessari brtt. var ákveðið, að fjhn. skyldi taka þetta mál til athugunar. Nú hefir fjhn. haldið fund um það, *og á þeim fundi var hæstv. fjmrh. viðstaddur* og meiri hl. n. N. var ásátt um að leggja til, að þessi brtt. yrði samþ., vegna þess að það er sýnilegt, að fjárl. geta ekki orðið afgr. nema með talsverðum tekjuhalla, ef ekki fæst þessi tekjuauki, sem brtt. ætlast til, en líkur til, að þau yrðu tekjuhallalítil eða tekjuhallalaus, ef þessi tekjuauki fæst. Minni hl. n., hv. þm. G.-K. og hv. 3. þm. Reykv., voru ekki búnir að taka afstöðu til málsins, og munu þeir sjálfsagt skýra frá sinni afstöðu nú. En meiri hl. n. *leggur til, að brtt. verði samþ.*

**Ólafur Thors** óyfirl.: Hæstv. fjmrh. kom á fund í fjhn. í gær til þess þar að gera gleggri grein fyrir þessu frv. sínu.

Það er rétt, sem hv. formaður fjhn., 2. þm. Skagf., sagði, að við sjálfstæðismennirnir í n. létum ekkert sérstakt uppi um það, hvort við mundum vera með þessari till. eða móti. Þó hygg ég raunar, að nokkuð hafi mátt skilja á undirtektum okkar, að það væri ekki líklegt, að við mundum fylgja till. Sú er líka raunin á, að við sjáum okkur ekki fært að fylgja henni.

Hæstv. fjmrh. gerði n. nokkra grein fyrir því, hverjar horfur hann teldi um afgreiðslu fjárl., og enda þótt ég sé honum ekki að öllu leyti sammála um, hverra tekna er von af hverjum tekjulið, þá hygg ég, að áætlanir hans séu nokkuð nærri lagi. Ég hefi þó breytt fjárhagsáætluninni ofurlítið, þ. e. ég hugsa mér, eftir núverandi ástandi og horfum, fjárhagsafkomuna ofurlítið öðruvísi. Með því að taka þessar aths. mínar til greina, en leggja að öðru leyti til grundvallar skýrslu hæstv. fjmrh., virðast mér horfurnar vera þessar:

Fjárl. munu nú vera með 1790 þús. kr. tekjuhalla. Þegar svo við bætist tekjumissir ríkissjóðs vegna niðurfellingar útflutningsgjalds af síld og landbúnaðarafurðum, sem ætla má að nemi alls um 150 þús. kr. á ári, þá verður tekjuhallinn að þessu meðtöldu 1940 þús. kr. Til jafnvægis á móti þessum tekjuhalla koma svo hinar væntanlegu tekjur af þeim tekjuöflunarfrv., sem samþ. hafa verið eða verða nú á þessu þingi og enn hafa ekki verið áætlaðar tekjur af í fjárl. Það er fyrst hækkun tekju- og eignarskattsins, sem hæstv. fjmrh. telur, að muni gefa 850 þús. kr. tekjuauka í ríkissjóðinn á ári. *Þetta hygg ég of lágt áætlað, og að varlega muni* vera áætlað, þótt þessi tekjuauki sé talinn 900 þús. kr. á ári.

Þá hefir verið hækkaður tollur á tóbaki, öli, sódavatni og brjóstsykri, og þær tollhækkanir áætlaði hæstv. ráðh., að muni veita ríkissjóði um 400 þús. kr. tekjuauka. Ég hefi tilhneigingu til að ætla, að sá tekjuauki verði meiri, eða allt að 450 þús. Við þetta bætist tekjuauki af eldspýtnaeinkasölunni og af áfengissölunni, sem hæstv. ráðh. áætlar samtals 100 þús. kr., og hygg ég, að sú áætlun standist. Þá er að telja þessu til viðbótar tekjur af hinu nýja stimpilgjaldi, sem ekki verður með vissu sagt um, hvaða tekjuauka muni gefa ríkissjóði. Ég hefi þó heyrt haft eftir hæstv. fjmrh., að hann áætli, að þessi tekjuauki muni að líkindum nema 100 þús. til 150 þús. kr. á ári. Ég hygg, að þetta sé þó engin vissa, en líklegt þykir mér, að þessi tekjuauki muni nema 150 þús. kr. Ég veit, að hæstv. ráðh. hefir fært þessa tekjuaukaáætlun niður, enda hefir hv. Ed. gert á þessu frv. breyt. Ég hygg, að ekki sé þó óvarlega farið með því að áætla tekjuauka af áðurnefndum tolllagabreyt. viðvíkjandi tóbaki, öli, sódavatni og brjóstsykri og öðru, sem felst í þeim frv., að viðbættum tekjuaukanum af hinu nýja stimpilgjaldi, 550 til 600 þús. kr.

Hin nýju tekjuöflunarfrv. virðast því færa ríkissjóði 1600 þús. kr. tekjuauka, miðað við 600 þús. kr. tekjuauka af síðasttöldu liðunum tveimur og að hinn aukni tekju- og eignarskattur veiti 900 þús. kr. tekjuauka. Að þessu öllu teknu til greina er tekjuhallaáætlunin komin niður í 340 þús. kr. Þennan tekjuhalla vill hæstv. ráðh. vinna upp með þessu frv., sem hér liggur fyrir, sem hann áætlar, að muni gefa af sér um 347 þús. kr., þannig að gengisviðauki, 25% af hálfum aukatekjum, muni gefa 66 þús. kr. tekjur á ári, samskonar álagning á *stimpilgjald muni gefa um 100 þús. kr. á ári* og samskonar álagning einnig, 25% gengisviðauki, á nokkurn hluta verðtolls muni gefa af sér 181 þús. kr. á ári. Það er lagt til grundvallar þessari áætlun, að verðtollurinn gaf ríkissjóði árið 1932 950 þús. kr. í tekjur. En undan þeim tolli falla vissir vöruflokkar samkv. milliríkjasamningum við Breta, en af þeim vörum mun tollurinn hafa það ár numið 220 til 230 þús. kr. Eftir af áðurtöldum 950 þús. kr. verða þá aðeins um 724 þús. kr., sem 25% gengisviðauki af nemur 181 þús. kr.

Við sjálfstæðismenn höfum frá öndverðu lýst því yfir, að við værum reiðubúnir til að aðstoða hæstv. stj. til að afgr. tekjuhallalaus fjárlög gegn vissum skilyrðum, sem sé þeim, að sjálfstæðismenn fengju að vera með í ráðum um það, hvernig tekna til þess yrði aflað. Hæstv. stj. hefir ekki viljað á þetta hlusta og ekki taka neitt til greina af till. sjálfstæðismanna um niðurfærslur á útgjöldum ríkissjóðs og ekki viljað veita sjálfstæðismönnum neina eðlilega þátttöku í ákvörðunum um úthlutun þess fjár, sem fjárl. úthluta. Allt þetta leysir Sjálfstfl. frá öllum vanda í þessum málum. Stjórnarandstöðuflokkur getur ekki betur gert en boðið samvinnu um slíkt. Sé því boði ekki tekið á neinn hátt, þá er af stjórnarandstöðuflokki ekki meira hægt að krefjast í þeim efnum.

Það má sjálfsagt um það deila, hvort það sé rétt eða heppilegt að gera þá breyt. á löggjöfinni að afnema gengisviðaukann af kaffi og sykri og koma með þessa nýju tolla í staðinn. Ef um það er að ræða að leggja nýja viðbótartolla

annaðhvort á kaffi og sykur eða þær vörur, sem hæstv. ráðh. bendir á hér í frv., þá mun mörgum finnast það orka tvímælis, hvort ekki beri eins að taka þær vörutegundir, sem hæstv. ráðh. bendir á í frv. En þess ber að gæta, að hér hefir að undanförnu gilt kaffi- og sykurtollur, sem hefir fest sig í verðlagi á þessum vörum í landinu, og ég er ekki viss um, að afnám gengisviðaukans á kaffi og sykri komi eins og til er ætlazt til nota almenningi í landinu. Um hitt þarf ekki að efast, að þessi nýju álagningarákvæði leggjast með fullum þunga á almenning í landinu.

Ég sagði áðan, að við sjálfstæðismenn yrðum vitanlega siðferðislega skoðað lausir allrar ábyrgðar á fjárl. vegna þeirrar meðferðar, sem höfð hefir verið á okkar till., sem fram hafa komið. Samt færumst við ekki undan þessari ábyrgð sjálfir. Það, að við teljum, að ekki sé eðlilegt að samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir, stafar af því, að við teljum ákaflega vafasamt, að skipta beri svo um sem gert er ráð fyrir í frv., eins og ég tók fram, og líka af því, að þrátt fyrir það, þó að samkv. framteknum útreikningum, að ótöldum tekjum af þessu frv., sé tekjuhalli fjárl. 340 þús. kr., þá er í reyndinni ekki hægt að telja hann þannig, vegna þess að nú er, eins og allir vita, verið að breyta áfengislöggjöfinni, og ég hygg, að við séum allir þeirrar skoðunar, að af þeirri lagabreyt. leiði auknar tekjur fyrir ríkissjóð vegna vínverzlunar. Rekstrarhagnaður af vínverzluninni er nú áætlaður 750 þús. kr. og vínfangatollurinn 570 þús. kr., þannig að tekjur ríkissjóðs af þessum atvinnurekstri eru áætlaðar 1320 þús. kr. Ég hygg, að ekki sé óvarlega farið, þótt þessar tekjur séu áætlaðar hálfri millj. kr. hærri. Það er á allra manna vitorði, að hér á landi er drukkið ákaflega mikið af ólöglega fengnu víni, bæði smygluðu og heimabrugguðu. Og ég hygg, að menn megi gera sér vonir um, ef sæmilegs hófs er gætt í verðlagi á þessari vöru, að smygl hverfi og verzlun með landa hætti líka. Af því leiðir aftur það, að neyzla þessara sterku drykkja, sem hingað til hefir að svo mjög miklu leyti farið fram án þess að ríkissjóður hafi hagnazt við það, mun hér eftir verða að miklum tekjulið fyrir ríkissjóð. Ég þykist ekki vera um of bjartsýnn fyrir hönd ríkissjóðs með því að áætla, að þessar tekjur fari um 500 þús. kr. fram úr áætlun. Þetta er skoðun okkar hv. 3. þm. Reykv. En við höfum ekki haft tækifæri til þess að bera þetta undir álit okkar flokks, svo að ég get ekki um þetta talað fyrir flokksins hönd í heild. Skoðun okkar þessarra tveggja er sú, að þetta frv. sé ekki nauðsynlegt að samþ. til þess að tryggja tekjuhallalaus fjárlög. Hinsvegar vil ég leita álits Sjálfstæðisfl. um það, hvort hann vill samþ. þetta frv., gegn því, að tekjurnar af áfengisverzluninni, samanlagðar tolltekjur og rekstrarhagnaður, sem fram yfir verður 1320 þús., skuli ekki falla í ríkissjóð til þess að verða notaðar sem eyðslueyrir, heldur leggist í sérstakan sjóð, sem varið verður til þess að koma fótum undir skuldaskilasjóð útgerðarmanna. Vilji hæstv. fjmrh. ganga inn á þetta, þá er ég reiðubúinn til að bera þá ósk fram í Sjálfstfl., að hann gangi inn á samþ. þessa frv. Með þessum hætti fengi hæstv. fjmrh. reikningslegan jöfnuð á fjárl. með okkar samþykki. Ef reyndin sýnir, að min spá um tekjur ríkissjóðs af áfengisverzluninni er rétt, þá á hæstv. fjmrh. að geta lagt tekjurnar af samþ. þessa frv. til hliðar til þess að koma fótum undir skuldaskilasjóð útgerðarmanna.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Það hefir komið allgreinilega fram nú við umr., þótt þær hafi ekki verið langar, hvernig á því stendur, að frv. þetta um gengisviðauka er fram komið. Bæði í ræðu minni í gær og í fyrradag gerði ég grein fyrir því, hvernig fjárl. litu út nú og hvers væri að vænta af þeim tekjuöflunarfrv., sem ýmist hafa verið samþ. eða liggja fyrir þinginu. Svo endurtók ég þetta á fundi í fjhn., og hv. þm. G.-K. hefir rætt þetta hér nú enn á ný. Ég hygg því, að mönnum sé orðið þetta mál vel kunnugt.

Okkur hv. þm. G.-K. ber ekkert á milli um áætlanirnar um það, hvað tekjuaukafrv. muni gefa af sér. Þó hygg ég, að óviljandi töluskekkja hafi orðið í áætlunum þessum hjá hv. þm. Hann taldi, að tekjuaukafrv. mundu gefa af sér 1600 þús. kr., en eftir þeim áætlunum, sem ég hefi gert, nemur þetta 1 millj. og 500 þús. kr. Ég hefi áætlað tekjuaukann þannig: Vegna l. um tekju- og eignarskatt 850 þús. kr., vegna tolllagabreyt. 400 þús. kr., vegna einkasölu á eldspýtum og breyt. á áfengisl. samtals 100 þús. kr., og vegna hins nýja stimpilgjalds 150 þús. kr. Eins og fjárl. lita út nú, er því tekjuhallinn á þeim 440 þús. kr. Þó að hv. þm. G.-K. áliti, að þessir liðir muni sumir gefa meira af sér, þá er síður en svo, að fjhn. áliti a. m. k., að tolllagabreyt. muni gefa meira af sér en ég áætla. Tel ég þess vegna, að halli fjárl. sé nú, miðað við, að þessi frv. verði samþ., 440 þús. kr. Svo hefi ég gert þessa till. um breyt. á l. um gengisviðauka, sem hér liggur fyrir, sem á að gefa um 340 þús. kr. tekjuauka í ríkissjóð. Þá er mismunurinn orðinn 100 þús. kr., og mundi ég leggja upp með þetta, með það fyrir augum að hafa heimildina til einkasölu á bifreiðum o. fl. í bakhönd.

Út af því, sem hv. þm. sagði að öðru leyti um það, að þessa frv. væri ekki þörf, vegna þess að áfengisverzlunin mundi gefa af sér meiri tekjur en áætlað er í fjárl., vegna bannlagabreyt., þá vil ég halda því fram, að um þetta sé ekkert hægt að segja nú, heldur sé þetta allt í óvissu enn. Það má færa sterk rök fyrir því, að það sé mjög háskalegt að miða í áætlun við það, að tekjuauki verði mikill af áfengisverzluninni, fram yfir það, sem nú er áætlað. Ég vil benda hv. þm. á það, að ef þetta frv. verður ekki samþ. um nálega 340 þús. kr. aukatekjur, þá reiknast mér, að mundu verða 540 þús. kr. útgjöld, sem ekki væru áætlaðar tekjur fyrir, með því að ég geri ráð fyrir, að útgjaldaliðir fjárl. hækki um 100 þús. kr. við 3. umr., eða ekki minna. Ég get ekki fallizt á, að skynsamlegt sé að ætla, að óáætlaðar tekjur af áfengisverzluninni muni jafna þennan halla.

Þá sagði hv. þm. G.-K., að hann vænti þess, að sjálfstæðismenn gætu gengið inn á að samþ. þetta frv., ef því væri heitið í staðinn, að það, sem áfengisverzlunin gæfi meira af sér heldur en þær 1320 þús. kr., sem áætlað er, yrði ekki tekið í ríkissjóðinn til þess að nota það sem eyðslueyri fyrir ríkissjóð, heldur yrði það lagt í sérstakan sjóð, sem yrði látinn ganga til stofnunar skuldaskilasjóðs útgerðarmanna. Slíka yfirlýsingu treysti ég mér ekki til að gefa, af þeim ástæðum, sem nú skal greina.

Eins og mönnum er kunnugt, er það svo, að þótt með samþ. þessa frv. sé fenginn því nær fullkominn jöfnuður á fjárl. eins og þau liggja fyrir, þá er vitað um ýms útgjöld á árinu 1935, sem ekki er á minnzt í fjárl.frv. Má í því sambandi nefna tillag til skuldaskilasjóðs útgerðarmanna — því að það mál verður væntanlega leyst á næsta þingi —, væntanlegt tillag til verðuppbótar á kjöti, og einnig vil ég nefna tillag til vaxtagreiðslu af landbúnaðarlánum, sem ekki er í fjárl., en frv. um þetta er á leiðinni gegnum þingið. Og þó að það e. t. v. nái ekki fram að ganga nú á þessu þingi, þá hlýtur það að verða samþ. ekki síðar en á næsta þingi. Það koma því á árinu 1935 ýms útgjöld til greina úr ríkissjóði, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. Ennfremur vil ég benda á það, að í frv. um fiskimálan. o. fl. er gert ráð fyrir allt að 1 millj. kr. framlagi til ýmissa nauðsynjamála sjávarútvegsins. Gert er ráð fyrir, að til þessara hluta verði tekið lán. En ef það gæti tekizt að fá upp í þessar greiðslur aukatekjur að einhverju leyti, svo að ekki þyrfti að taka allt fé, sem til þeirra þarf, að láni, þá væri það auðvitað betur farið. Þess vegna vil ég alveg sérstaklega vekja athygli á því í þessu sambandi, að svo mikil útgjöld ríkisins eru fyrirsjáanleg á árinu 1935, sem ekki er gert ráð fyrir á fjárlagafrv., sem sérstakra tekna verður að afla til að standast, ef tekjuliðir fjárlagafrv. fara ekki fram úr áætlun, þannig að ekki er vafi á því, að ef það sýndi sig á næsta Alþ., að áfengisverzlunin gæfi af sér meiri tekjur en menn nú gera sér ákveðnar vonir um, þá mundi ríkisvaldið taka því fé fegins hendi, sem þannig fengist til þess að nota það í þessi fjárframlög, sem ég hefi nú rakið og ekki er gert ráð fyrir í fjárlagafrv., sem sérstakra tekna árinu 1935 úr ríkissjóði. Þetta mál er svo margþætt, að ekki er hægt að segja nákvæmlega um það nú, hvernig útkoman verður, og því álít ég ekki hægt að gefa neinar slíkar bindandi yfirlýsingar sem hv. þm. G.-K. var að leita eftir.

Menn geta e. t. v. gert sér í hugarlund, að hægt sé að láta bíða að afla þeirra tekna, sem með þessu frv. á að gera, þangað til á þinginu, sem væntanlega kemur saman í marz í vetur. En ég álít, að þetta sé ekki hægt að láta bíða þangað til, vegna þess, að ef þetta tekjuaukafrv. verður ekki samþ. fyrr en þá, þá verkar það ekki nema hálft árið 1935. Hinsvegar sjá það allir, að ef einhverjar tekjur kæmu fram yfir áætlun af áfengisverzluninni, þá kæmu þær allt árið 1935, vegna þess að breyt. á áfengisl. verður samþ. á þessu þingi. Á næsta þingi verður betra að sjá það heldur en nú, hverra tekna má vænta af áfengisverzluninni, og eins og menn sjá af því, sem ég hefi tekið fram, eru nóg not fyrir þær fjárupphæðir, sem þannig kynnu að aflast ríkinu, bæði til stofnunar skuldaskilasjóðs og margs annars.

Að öðru leyti vil ég benda á, að það getur komið fram, eins óvíst og nú er um afkomu ríkisins út á við og sölu afurðanna, að næsta ár verði lakara en menn nú ímynda sér í þessum efnum, og að ýmsir tekjustofnar gefi minna af sér heldur en nú er búizt við. Ef því svo færi, lít ég svo á, að þá yrði fyrst og fremst að hugsa um það, ef tekjur áfengisverzlunarinnar yrðu meiri en gert er nú ráð fyrir, að þær gætu þá gengið til þess að bæta upp það, sem kynni að skorta á aðrar tekjur miðað við áætlun um þær. Einnig af þessari ástæðu geng ég ekki inn á að gefa bindandi yfirlýsingar um það, sem hv. þm. G.-K. talaði um. Enginn þarf að kvíða því, að ekki verði nóg við það fé að gera, sem fást kynni af áfengisverzluninni fram yfir áætlun.

Af því að svo mikið hefir verið talað um auknar tekjur af áfengisverzluninni, þá vil ég benda á, að það er ljóst, að þegar farið verður að selja sterka drykki í áfengisverzluninni, þá fæst minni álagning og minni tollur af hverri áfengiseiningu heldur en með því að selja léttari vín. Til þess að áfengistollurinn gefi sömu tekjur í ríkissjóð, þarf því að nota miklu meiri vínanda í landinu heldur en áður. Ég viðurkenni, að það hefir verið neytt töluverðs af áfengi á ólöglegan hátt, sem enginn tollur hefir fengizt af. Ef vel tekst til með tollgæzluna, þá vænti ég, að þessi utanhjásala minnki. En mismunur er svo mikill á vínandaeiningu, tolli og álagningu á sterkum og veikum vínum, að það þarf að vera miklu meiri neyzla á sterkum vínum en veikum til þess að sömu tekjur náist. Ég tel þetta allt í svo mikilli óvissu, að óvarlegt sé að treysta á það.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég hefi ekki ástæðu til þess að gera langa aths. við ræðu hæstv. fjmrh. Það upplýstist meðan hann var að flytja ræðu sína, að okkur greinir á um 100 þús. kr., og munum við eiga hvor hálfa sökina. Ég taldi tekjur af tollabreytingu 450 þús., en átti að vera 400 þús. Þarna munar 50 þús., en hæstv. fjmrh. mun hafa heyrt skakkt um hinar 50 þús. kr., svo að það er ekki mikið, sem ber á milli þar.

Út af orðum hæstv. fjmrh. síðast í ræðu hans, en þar minntist hann á það, sem snertir kjarna þessa máls, en það er, hverra tekna von er af áfenginu, þá hygg ég, að það stafi af misskilningi hjá honum, að menn þurfi að drekka meira af sterkum vínum til þess að tekjur ríkissjóðs aukist. Ef drukkið verður hið sama og áður, þá fær ríkissjóður ½—1 millj. kr. í tekjur, en hann fær meira, af því að smygl og „landi" minnkar, en þá verða auðvitað síður drukkin Spánarvínin, svo að tekjur af þeim minnka. En ég játa, að þarna er um dálitið óvissar tekjur að ræða. — Ég hefi svo ekki annað um þetta að segja, en ég vil leiða athygli að því, að hæstv. fjmrh. vill ekki taka til athugunar uppástungu

mina um, að þær tekjur áfengisverzlunarinnar, sem fara fram úr 1320 þús. kr., falli í skuldaskilasjóð útgerðarmanna. Og rökin, sem hann færir fyrir þessu, get ég að sumu leyti fallizt á. Hann gerir ráð fyrir ýmsum útgjöldum, sem ekki eru áætluð í fjárlagafrv., og verð ég að viðurkenna, að það er rétt. En hvernig ætlar hann að fullnægja þörf ríkissjóðs, ef tekjur af áfengisverzluninni fara ekki fram úr 1320 þús. kr.? Annaðhvort verður hann að trúa á þessar auknu tekjur eða ekki, en ef hann trúir ekki á það, að tekjurnar fari fram úr 1320 þús. kr., og ef hann lítur svo svörtum augum á hina auknu útgjaldaþörf ríkissjóðs árið 1935 sem hann hefir nú skýrt frá, þá vil ég spyrja hann, hvort hann telji sæmilega fyrir öllu séð án þess að séð sé fyrir meiri tekjum. Annars var það ekki nema tvennt, sem hæstv. ráðh. nefndi, þó að hann teldi það í 4 liðum. Hann nefndi skuldaskilasjóð og vaxtalækkunina. Hann nefndi það, að það á að verja 1 millj. kr. í þágu sjávarútvegsins til þess að greiða fyrir útflutningi á fiski og leita að nýjum mörkuðum. En það er ætlazt til, að það verði gert með lántöku, og er margt, sem mælir með því, að svo verði gert. Við, sem verðum að rísa undir hinum dæmalausu örðugleikum, getum með góðri samvizku fært þetta yfir á framtíðina, þar sem á að verja þessum peningum til þess að byggja upp framtíðina. Hæstv. fjmrh. þarf því ekki að kveinka sér við því að leysa þetta af hendi. Svo skal ég viðurkenna, að það getur komið til greina, að greiða þurfi kjötuppbót og vaxtagreiðslur til landbúnaðarins, sem ekki munu fara fram úr 60—70 þús. kr., og er það smávægileg upphæð, sem ekki getur raskað jafnvægi fjárl. Ég sé ekki, að þetta séu út af fyrir sig frambærileg rök til þess að hafna tilboði mínu. Ég hefi borið fram mínar einkaóskir, og telur hæstv. ráðh. sig ekki hafa ástæður til að taka við þeim, og munum við sjálfstæðismenn því greiða atkv. á móti tillögunni.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. G.-K. minntist á það, hvernig fara ætti að, ef tekjur áfengisverzlunarinnar fara ekki fram úr áætlun. Ég verð að segja það, ef óhjákvæmilegt verður að sinna þessum útgjöldum, sem hann minntist á, á árinu 1935, þá býst ég við, að ég verði þegar á meðan næsta þing stendur yfir að fara fram á það vegna ríkissjóðs, að tekjuaukinn standi óbreyttur. En ef það lítur vel út um áfengistekjurnar, eins og hv. þm. G.-K. gerir sér vonir um, þá er ástæða til þess að vænta þess, að það þyrfti ekki að fá nema lítinn tekjuauka.

Ég tek undir það með hv. þm. G.-K., að það er ekkert óeðlilegt að taka lán til sjávarútvegsins, eins og gert er ráð fyrir í frv. um fiskimálanefnd. Ég sá, að það var alveg sérstaks eðlis. En ég vil benda á, að það hefði ekki verið nema ágætt, hefði verið hægt að greiða eitthvað af upphæðinni í reiðufé, en ég býst ekki við, að það verði hægt eins og útlitið er nú. Mér þykir vænt um að fá það fram, að hann lítur á þetta eins og ég, að þessi útgjöld séu alveg sérstaks eðlis, og því ekki óeðlilegt að taka lán til þeirra. Ég er honum alveg sammála um þetta.

ATKVGR.

Brtt. 758,1 samþ. með 18:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.

**nei:** JakM, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GÍ, GTh.

HannJ[1]) greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (JJós, GSv) fjarstaddir.

Brtt. 758,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 758,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:11 atkv. og endursent Ed.

---

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 823).

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til einnar umr.

**Magnús Jónsson:** Mér finnst óviðkunnanlegt, að ekki sé sagt neitt orð um þetta frv., sem er nú komið hingað aftur frá Nd. Það er venjulega gert um lítilfjörlegri mál, þó að einungis hafi verið gerðar við þau smábreyt. í Nd. Mér hefði fundizt viðkunnanlegra, að hæstv. fjmrh., sem hefir gengizt fyrir því í Nd., að smurt hefir verið 25% viðauka á meginhlutann af verðtollsskyldum vörum, lofaði okkur aðeins að vita um það hér í þd., hvað hann áætlar, að þessi viðauki gefi ríkissjóði í tekjur. Það mætti ætla, að hægt væri að reikna þetta út í fljótu bragði, hvað þessi viðbót nemur miklu, en þar kemur ýmislegt til athugunar, t. d. þær undantekningar, sem gerðar eru frá þessum viðauka: Skótau og ýmsar vefnaðarvörutegundir, sem keyptar eru frá Englandi og eru undanþegnar verðtolli samkv. viðskiptasamningum við Breta. Mér þætti viðkunnanlegra, að hæstv. fjmrh. gerði nánari grein fyrir þessu, en ef hann er bundinn í Nd., þá óska ég, að umr. verði frestað, svo að við getum fengið frv. til athugunar í fjhn. **(JBald:** Það verður að ljúka henni í dag). Það getur vel verið, að sumir hv. þdm. geti greitt atkv. með þessari stórfelldu breyt. á frv. án frekari umhugsunar. En ég er fyrir mitt leyti mjög í vafa um það, og óska því eftir frekari skýrslu um málið.

**Forseti (EÁrna):** Ég get búizt við, að hæstv. fjmrh. sé bundinn við atkvgr. í Nd., og mun ég því verða við tilmælum hv. 1. þm. Reykv. og fresta umr. þangað til síðar á fundinum.

Umr. frestað um stund.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. hefir tekið allmiklum breyt. í Nd., og vil ég taka það fram, að það hefir orðið ákvörðun stjórnarflokkanna, að breyt. á benzínl., sem fyrir liggja í þessari d., verði ekki afgr. af þeirra hálfu á

1) **HannJ:** Hæstv. stj. hefir ekki leitað samvinnu við Bændafl. til þess að afla tekna, en þrátt fyrir það vil ég ekki á neinn hátt standa í vegi fyrir því, að hæstv. stj. afli þess fjár, sem hún telur nauðsynlegt fyrir ríkissjóðinn, og greiði því ekki atkv.

þessu þingi, en í þess stað að samþ. þá viðauka við þetta frv., sem samþ. hafa verið í Nd., en það er 25% gengisviðauki á aukatekjum ríkissjóðs, sem taldar eru í l. nr. 27 27. júní 1921, I.—IV. kafla, um stimpilgjald samkv. l. nr. 75 27. júní 1921, og ennfremur af verðtolli, þó ekki þeim, er greinir í l. nr. 83 19. júní 1933 og auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, og eigi heldur af skófatnaði, öðrum en lakk-, flos- og silkiskóm, og oliufatnaði.

Viðaukinn er á helmingi aukateknanna, og er sá liður áætlaður 66 þús. kr. Viðauki á stimpilgjaldi, og mun hann eftir áætlun fjárl. gefa um 100 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir 25% viðauka á verðtolli á vörum þeim, er greinir í l. nr. 11 2. júní 1933, en þau eru viðvíkjandi verzlunarsamningunum við Bretland. Ef miðað er við innflutninginn 1933 og áætlun fjárlfrv., þá verður þessi viðauki 180 þús. kr., en allur gengisviðaukinn samkv. till. milli 340 og 350 þús. kr., en það er 100 þús. kr. meira en áætlaðar tekjur af benzínskattsbreyt., en það ber líka að gæta þess, að síðan það var lagt fram, hafa fjárl. hækkað nokkuð, svo að ekki er óeðlilegt, að það þurfi nokkurn tekjuauka til að vega upp á móti því.

Þá vil ég minna á það, að eins og nú horfir við, er tekjuhallinn á fjárl. 1800 þús. kr. Þar við bætist lækkun á útflutningsgjaldi, 140 þús. kr., svo að tekjuhallinn verður þá 1 millj. 940 þús. kr. Upp á móti þessu kemur svo tekju- og eignarskattur, 850 þús. kr., hækkun samkv. tollabreytingum 400 þús. kr., tekjur samkv. einkasölu á eldspýtum og breyt. á áfengisl. 100 þús. kr., svo viðaukastimpilgjald, sem samþ. var hér á dögunum, 150 þús. kr. Þetta er þá samtals 1 millj. 500 þús. kr. Mismunur er þá 440 þús. kr. Verði nú samþ. þessi 340 þús. kr. gengisviðauki, þá er mismunurinn 100 þús. kr., að viðbættri hækkun, sem verður á fjárlfrv. við 3. umr. Stj. hefir að vísu hugsað sér að beita *sér fyrir einhverjum lækkunartill., frá því, sem* nú er í frv., en samt má búast við einhverri hækkun, og er það meiningin að leggja út á árið 1935 með þessum tekjuaukum með sérstöku tilliti til þess, að stj. hefir þá í bakhöndinni heimild til einkasölu á bifreiðum og rafmagnsvörum. (**MJ**: Hvað verða miklar tekjur af því?). Um það höfum við ekki þorað að gera fasta áætlun, en ég hugsa, að óhætt sé að leggja út á árið með þessa heimild í bakhöndinni, þó að mismunur sé 100—200 þús. kr.

Svo hefi ég ekki fleira um þetta að segja, en vil aðeins taka það fram, að í Nd. var ekki mikill ágreiningur um þessa viðauka í sjálfu sér. Ágreiningurinn var um það, að sjálfstæðismönnum fannst ekki ástæða til að afla eins mikilla tekna og stj. fór hér fram á.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Það er í raun og veru ástæðulaust fyrir mig að standa upp, þegar hæstv. ráðh. varð að fara. — Mér finnst þetta mál hafa snúizt dálítið einkennilega við, þar sem þetta frv. byrjaði þannig, að það dró stórlega úr tekjum þessum með því að fella niður jafngamla, viðurkennda og trygga liði og kaffi- og sykurtollinn, en svo er hrúgað inn í frv. undir meðferð málsins nýjum og stórum auknum tekjum. Mér hefði fundizt eðlilegt, fyrst jafnaðarmenn stöðvuðu benzínfrv., að þeir hefðu gert þau kaup þannig, að þetta frv. hefði fengið að ganga fram óbreytt. Á hinn bóginn get ég vel unnað Alþýðuflokksmönnum þess að verða að krjúpa að þeim krossi að samþ. ekki eingöngu framlengingu á verðtollinum, heldur og 25% viðauka. Ég get ekkert vorkennt þeim það, en dálítið er það einkennilegt.

Ég verð að segja það, að mér finnst þeir tollar, sem hér er um að ræða, allt of lágt áætlaðir 180 þús. kr. Ég hygg, að það sé af því, að það geti ekki losnað úr höfði hæstv. ráðh. sú einkennilega fluga, að innflutningur sé enn stöðvaður svo mikið. Hann gætir ekki að því, að innflutningshöftin hafa nú í raun og veru alveg verið afnumin. Það þarf ekki annað en að benda á það, sem nú hefir verið birt í Lögbirtingablaðinu. Þar er það skýrt tekið fram, að engar hömlur megi leggja á innflutning frá Spáni né heldur gjaldeyrishömlur. En það er vitanlegt, að frá Spáni má fá svo að segja allar þær vörur, sem hægt er að setja innflutningshöft á, *svo sem allar gull- og silfurvörur og* allskonar glingur. Svo er einnig hægt að fá þar bíla, vélar og ýmislegt þess háttar, og það þarf engum getum að því að leiða, að þegar við höfum gert slíka samninga við eitt land, þá hljóta aðrar viðskiptaþjóðir okkar að heimta, að samskonar samningar verði gerðir við þær. Það er því alveg sérstaklega brosleg vitleysa, þegar þessir menn eru að samþ. fullkomin innflutningshöft, þegar þau eru í raun og veru alveg afnumin.

Hvað sem annars má um þetta segja, þá er það víst, að verðtollur hlýtur að verða meiri á næsta ári vegna þessa afnáms á innflutningshöftunum. Það er því alveg óhætt fyrir hæstv. fjmrh. að leggja út á árið með þessa tekjuauka, eins og hann orðaði það. Ég býst frekar við, að með þessu verði mönnum íþyngt stórlega um þörf fram, jafnvel til að ná greiðslujöfnuði á þeim ógurlegu fjárl., sem nú á að samþ. En það er eitt atriði, sem hér kemur þó til greina, þó að það verði kannske ekki á þessu fyrsta ári. Það er það, hvernig gjaldendur fara að rísa undir öllum þessum gjöldum. Það er hætt við, að það komi fram erfiðleikar, t. d. á því að ná inn tekju- og eignarskattinum, en ég býst við, að það komi ekki fram á svipstundu.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vildi aðeins minna Alþfl. á þessa krossgöngu og Canossagöngu hans í þessu máli.

**Jón Baldvinsson** óyfirl.: Af því að hv. 1. þm. Reykv. hefir nú nokkuð vikið að okkur Alþýðuflokksmönnum við þessa umr., verð ég víst að gera það honum til þægðar að segja við hann fáein orð. Annars býst ég ekki við, að við Alþfl.menn þurfum sérstaklega á hans mönnum að halda um þessi mál, þó að við tökum nú nokkuð aðra afstöðu en áður til t. d. verðtollsins, því að það er dálítill munur að fá að eiga hlutdeild í því, hvernig fénu er varið, en áður höfðum við ekki nokkurn skapaðan hlut um það að

segja. Það var m. a. það, sem gerði það að verkum, að sjálfstæðismenn á sínum tíma stóðu á móti að framlengja verðtollinn, sem þeir í sjálfu sér hafa þó alltaf verið samþykkir. Þeir vildu ekki samþ. hann af því, að þeir þóttust ekki fá að ráða nógu miklu um það, hvernig fénu væri varið.

Ég hygg, að við Alþfl.menn getum fullkomlega komizt að samkomulagi við okkar flokk um það, hvernig afstöðu við höfum tekið til þessa máls. Fulltrúaþing Alþýðusambandsins hefir tekið þessa afstöðu, sem við höfum nú fylgt eftir. Það var óskað eftir, að haldið væri uppi á þessum erfiðu tímum miklum framkvæmdum, en það er ekki hægt nema með því móti, að til þess fáist nokkurt fé, og til þess að geta haldið uppi miklum framkvæmdum og atvinnubótavinnu, þá var óhjákvæmilegt að leggja á nýja skatta, ef þeir gömlu fullnægðu ekki þeirri þörf, sem nú er fyrir opinberar framkvæmdir. Þess vegna erum við ósnortnir af því, þó að hv. 1. þm. Reykv. tali um okkur með mikilli vorkunnsemi fyrir að við skulum þurfa að ganga þessa Canossagöngu, en þetta sýnir aðeins hans góða hjartalag, og það ber kannske að þakka honum fyrir.

Þá talaði hv. þm. nokkuð um innflutningshöftin. Satt að segja get ég aldrei almennilega skilið afstöðu Sjálfstfl. til þeirra mála. Þeir vilja ekki innflutningshöft, en þeir vilja beita gjaldeyrishömlum eins strangt og þurfa þykir. En eins og nú er komið, er þetta allt ekkert nema gjaldeyrishömlur. Eins og hv. þm. vel veit, þar sem hann hefir svo lengi verið í bankaráði, þá er oft hrúgað vörum inn í landið meira og minna óþörfum, og svo verða bankarnir nauðugir viljugir að greiða þessar vörur, þó að þær séu gersamlega óþarfar. Stjórnir verzlunarbankanna erlendis kaupa þessar kröfur, og svo er ómögulegt að neita þeim um peningana. Þegar því hv. sjálfstæðismenn eru að tala um gjaldeyrishömlur, þá eru þeir að leika hálfgerðan skollaleik um þetta, því að þær geta ekki gert mikið gagn, nema jafnframt sé dregið úr innflutningi eins og hægt er.

Hann segir, að með samningunum við Suðurlönd hafi innflutningshöftin verið gerð að engu. En það tekur mjög langan tíma að taka upp viðskipti um vörur, sem ekki þéna okkur, og eins tekur það langan tíma fyrir kaupmenn að komast þar í samskonar sambönd og við nágrannaþjóðirnar. Þar fá þeir langan gjaldfrest, af því að þeir hafa ekki handbært fé til að greiða vöruna út í hönd. Það hefir líka sýnt sig, að þrátt fyrir liðlegar undirtektir undir innflutning frá Suðurlöndum hefir sú verzlun ekki aukizt stórlega mikið á síðustu árum. Innflutningur á nauðsynjavörum eins og t. d. salti hefir staðið í stað, því að þar eru komin á gömul og föst sambönd, en með aðra vöruflokka hefir gengið heldur treglega, því að það þarf langan tíma til að komast í föst verzlunarsambönd, bæði að því er snertir val á vörum, gjaldfrest o. s. frv. Það er því svo, að þó að við höfum gert svona samninga við þessa viðskiptaþjóð okkar, þá þýða þeir ekki það, að allt sé þar með opið upp á gátt. Þó að samningurinn sé nokkuð fortakslaus, þá þarf alltaf nokkuð langan tíma til að koma á föstum verzlunarsamböndum við ný lönd.

Hv. þm. minntist á vélar og sagði, að við gætum vel keypt þær frá Spáni. Nú er víða hér búið að setja upp allmikið af nýjum vélum. Ef nú þarf að bæta nýjum vélum við, þá verða þær að koma frá sömu löndum og fyrstu vélarnar voru keyptar frá. Það gætu auðvitað komið nýir menn, sem keyptu þá fyrstu vélarnar frá Suðurlöndum, en þeir, sem þurfa að kaupa viðbótarvélar, leita áreiðanlega til þeirra sambanda, sem þeir hafa áður haft, því að þá geta þeir fengið vélar, sem eiga saman við þær, sem fyrir eru. Það getur því orðið talsverð bið á því, að veruleg verzlunarsambönd komist á við Suðurlöndin þrátt fyrir þessa samninga.

Ég skil það vel, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vilja áætla þessar tekjur um skör fram nú, því að það er bersýnilegt, að ef sú takmörkun, sem nú er á innflutningunum, verður meiri en áður, þá verður innflutningurinn varla meiri en 1932, en það var lágt innflutningsár. Hinsvegar er óvíst, hvernig innflutningurinn verður á árinu 1934, það getur verið, að hann verði miklu meiri, en það stafar þá bara af meira fjöri í atvinnulífi þjóðarinnar. Ef eitthvað greiðist úr með sölu afurða okkar, verður innflutningurinn meiri, en hinsvegar lítur nú því miður svo skuggalega út þar, að við getum varla verið bjartsýnir um það atriði. Auk þess þurfum við eftir næstu áramót að greiða vegna erlendra viðskipta 6—7 millj. kr. eða meira, sem kemur sem kröfur smátt og smátt upp úr næstu áramótum, en um tollana þarf hv. 1. þm. Reykv. ekki að gera sér rellu viðvíkjandi okkur jafnaðarmönnum. Og benzinskatturinn, sem þetta frv. kemur nú í staðinn fyrir, hefir verið lagður í sína gröf að þessu sinni, og hugsa ég, að fjhn. geymi hann vel. En eins og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir, myndast stórt skarð við það, að benzinskattinum var kippt burt. Það skarð vill hann fylla, og þá þörf skilja þeir, sem taka þátt í þeirri ábyrgð, hvernig búskapur ríkisins gengur, og undan þeirri ábyrgð viljum við Alþfl.menn ekki skorast.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Ég vona, að ég þurfi ekki að misnota rétt minn, þar sem þetta á aðeins að vera aths., eftir því sem hæstv. forseti segir, en ég held, að það hefði verið hægt að telja mínu fyrstu ræðu það. Þó mun ég nú reyna að verða stuttorður. Ég vildi aðeins svara hv. 4. landsk. nokkrum orðum. Mér þykir vænt um það, hvernig hann bregzt við þessu máli, ég var að vorkenna honum að þurfa að fylgja því, en hann ber sig bara mannalega og sýnist ekki skorta kjark til þess að fylgja nú því máli, sem hann áður hefir barizt gegn og flokksmenn hans, því ómögulegt er að neita því, að í þessu máli ganga þeir ekki einu sinni þvert á móti fyrri ræðum sínum og atkvgr., heldur algerlega gegn sinni stefnu. Það mætti minna á hin gífurlegu ummæli þessara manna um verðtollinn, þennan ránsfeng, þessa blóðsugu, sem þeir hafa kallað hann, þennan svívirðilega og gífurlega rangláta skatt á fátæklingunum. Það er ómögulegt

annað fyrir hjartagóða menn eins og mig en að kenna í brjósti um þessa menn nú, fyrir að beita sér nú fyrir slíku máli. Hér þýðir ekki að benda á, að þetta þurfi að samþ. af því það vanti tekjuauka. Hv. Alþfl.menn hafa nú ekki verið í vandræðum, þó svo hafi staðið á fyrri. Þeir hafa bent á beina skatta. Þeir hafa meira að segja haldið því fram, að það ætti ekki að hafa neina tolla, heldur aðeins beina skatta. Auðvitað áttu þeir að halda hinu sama fram enn, ef þeir vildu vera sjálfum sér trúir, — en hvernig fór? Það verður að segja það eins og það er, að Alþfl. ber skarðan hlut frá borði í skattamálunum í viðskiptum við Framsfl., þó nokkur hækkun hafi verið gerð á tekju- og eignarskattinum. Hv. þm. sagði, að það væri mest undir því komið, hvernig skattinum væri varið. Ef honum væri varið rétt, þá hefði það ekki eins mikla þýðingu, hvernig hans væri aflað, og okkur ætti að vera nóg að heyra þetta. Hv. þm. sagði, að Sjálfstfl. hefði á síðasta þingi beitt sér á móti verðtollinum af skattapólitískum ástæðum. Þetta er ekki rétt. Sjálfstfl. notaði þetta mál þá til þess að knýja fram annað mál hér í þessari hv. d. Það var stjórnarskrármálið, þó það kannske hafi ekki verið notað eins lengi sem svipa á það mál eins og átt hefði að vera.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um innflutningshöftin og gjaldeyrishöftin, þá er það um innflutningshöftin að segja, að í raun og veru eru þau afnumin með samningunum við Spánverja. Og við önnur viðskiptalönd okkar hér norður í álfunni verður alls ekki fullkomlega hægt að beita innflutningshöftum. Ég hygg, að stj. hljóti að sjá, að gagnvart Ítölum getum við það ekki heldur. Við kærum okkur líklega ekki svo mjög um nýja samninga við Ítali. Auk þess er það þjóð, sem hefir miklu betri aðstöðu til að útvega okkur flestar þær vörur, sem við þurfum á að halda. Ég játa það, að gjaldeyrishömlur ná ekki heldur þessum tilgangi, að loka úti erlendan varning, en þær geta gert það tvennt, að beina viðskiptum okkar að vissum þjóðum og að halda uppi verði á okkar gjaldeyri. Hitt skal ég fúslega játa, að gjaldeyrishömlur gera ekki sömu verkanir í framkvæmdinni og innflutningshöft, því það er ekki alltaf hægt að neita að greiða áfallnar skuldir í útlöndum. En þetta sannar það, að ef á að bæta greiðslujöfnuðinn við aðrar þjóðir, þá mun það koma á daginn, að til þess er ein leið, og aðeins ein, og hún er sú, að spara. Ég hefi kallað það að minnka kaupgetuna. Það er yfirleitt óvinsælt orð að segja mönnum að spara, en það er þó það ráðið, sem alviðurkennt er, að rétt er og hvergi skeikar. Kenningar hæstv. ráðh. um það, að auka beri kaupgetuna í landinu og svo eigi að loka hana inni, er ekkert nema hreinasta fjarstæða. Kaupgeta, sem orsakast fyrir blómgun atvinnuveganna, er góð, en kaupgeta, sem framkölluð er með sérstökum ráðstöfunum, er auðvitað hreinasta vitleysa.

Hæstv. ráðh. sagðist ætla að bæta verzlunarjöfnuðinn við útlönd á einu ári. Ég ætla að bíða og sjá, hvernig hann stendur við orð sín. Ég veit, að reyndin verður sú, að eftir árið stöndum við einu ári nær gjaldþroti en áður, — hinu óumflýjanlega þjóðargjaldþroti. Það er alveg rétt hjá hv. 4. landsk., að ósýnilegum skuldum verður hrúgað upp erlendis þangað til við erum komnir í þrot. Þess vegna verður að skera niður útgjöld ríkisins. Valdaflokkar þingsins hafa nú tekið það ráð að afla sér vinsælda með því að auka útgjöldin, auka kaupgetuna, reynt að fleyta þjóðarbúinu áfram á ímynduðum möguleikum, — en hve lengi stendur það? Það er alveg eins og kaupmaður, sem er að verða gjaldþrota, færi til, keypti sér loðkápu, pípuhatt og gullúr, ferðaðist um og gisti á fínustu hótelum, allt til þess að reyna að halda sínu lánstrausti. En það vita allir, hvernig þetta endar. Kaupmaðurinn stendur brátt einn uppi með sitt gjaldþrot. Eins er þessu farið með okkar þjóð nú, hún hefir keypt sér dýra loðkápu, hatt og gullúr, hún ber sig ríkmannlega, en hefir litlu úr að spila, og endirinn verður þjóðargjaldþrot. Það er ekki gaman að standa hér á Alþ. og spá þessu, en þessar spár hljóta að rætast, ef þannig heldur áfram sem nú horfir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 863).

## 30. Markaðs- og verðjöfnunarsjóður.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til íhlutunar um sölu og útflutning á saltfiski** (stjfrv., A. 29).

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Af hinum nýju samingum vorum við Spánverja hefir það leitt, að saltfisksútflutningur þangað hefir verið takmarkaður til stórra muna. Fyrrv. ríkisstj. leit því svo á, að óhjákvæmilegt væri að hafa eftirlit með saltfisksútflutningi einstakra manna, og gaf út bráðabirgðalög um það efni 25. maí síðastl. Það varð fljótlega ljóst, að óhjákvæmilegt væri að hafa fé til umráða til markaðsleitar, verðjöfnunar o. fl., og var því það ráð tekið að binda útflutningsleyfin því skilyrði, að útflytjendur greiddu ákveðið gjald af hverri smálest útflutningsfiskjar í þessu skyni. Þessu var slegið föstu með bráðabirgðalögum, er nýja stjórnin gaf út 20. ágúst í sumar. Var þar ákveðið, að útflytjendur skyldu greiða í sjóðinn 20 kr. á smálest af óverkuðum fiski, sem út er fluttur, en 5 kr. til jafnaðar á skippund af verkuðum fiski nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski. Þar sé gjaldið 2 kr. á skippund.

Með sérstakri reglugerð verður nánar kveðið á um skiptingu gjaldsins á hinar ýmsu tegundir af verkuðum fiski, svo að það nemi 5 kr. á smálest til jafnaðar, og ennfremur um stjórn sjóðsins. Stj. mun innan skamms fara fram á við stjórnmálaflokkana í þinginu, að þeir bendi á menn í sjóðstjórnina, og mun fara eftir till. þeirra.

Ég vil taka það skýrt fram, að gjald það, sem hér ræðir um, fer á engan hátt í ríkissjóð, heldur í sérstakan sjóð, sem varið verður í þágu fiskverzlunarinnar sjálfrar, til markaðsleita o. s. frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 461, 462).

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Sjútvn. hefir athugað þetta frv. og er því samþykk. Hún er sammála um að leggja til, að það verði samþ. að mestu leyti óbreytt. Ber n. sameiginlega fram eina brtt. á þskj. 461, um að stjórn verðjöfnunarsjóðs skuli skipuð mönnum úr öllum þingflokkum. Auk þess bera 3 nm. fram brtt. á þskj. 462, við 1. gr. frv., um að 1. málsgr. og upphaf 2. málsgr. („Nú er beitt ... og skal þá") falli niður, en upphaf gr. orðist svo: „Meðan innflutningur á saltfiski er takmarkaður til eins eða fleiri markaðslanda, skal" — o. s. frv. Þetta upphaf, sem nú er á 1. gr. frv., á ekki við, ef frv. um fiskimálanefnd nær fram að ganga — Í samræmi við þessa brtt. höfum við jafnframt flutt brtt. á sama þskj., sem ætlazt er til, að breyti nafni frv., þannig að það heiti: „Frv. til l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð".

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Ég er alveg blindbreifandi fullur af aðdáun á því freyðandi frjálslyndi og framúrskarandi réttlæti, sem nú er farið að skjóta upp kollinum hjá hv. meiri hl. — stjórnarflokkunum hér á Alþingi. Ég minnist þess, er ég fór fram á það í byrjun þings, hér í þessari hv. þd., að fjölgað væri um 2 menn í landbn., svo að Bændafl. mætti koma einum manni í n., en því var algerlega synjað. Og síðan hefir það gengið þannig það sem af er þessu þingi, að hv. stjórnarflokkar hafa ekki viljað taka hið minnsta tillit til Bændafl., hvað um skipun nefnda hefir verið að ræða, eða áhrif á mál og störf utanþings. — En hér liggur allt í einu fyrir brtt. frá hv. sjútvn. á þskj. 461, þar sem lagt er til, að skipuð verði 9 manna stjórn fyrir markaðs- og verðjöfnunarsjóð saltfiskjar, og 8 af þessum mönnum á þingið að skipa samkv. tilnefningu fjögurra þingflokka, þeim nú eru, þannig að hver þingflokkur tilnefnir 2 menn. Bændafl. líka. Og þetta er ákveðið af sjútvn. alveg án þess að Bændafl. hafi nokkuð óskað eftir því. Hann hefir alls ekki gert það. Og ég er jafnvel ekki viss um, að hann vilji eiga neinn þátt í þessari sjóðstjórn. Ég vil mega vænta, að þeir menn eða flokkar, sem að þessu hafa staðið, reynist jafnréttlátir í öðrum málum. Hér í þessari hv. þd. fóru nýlega fram umr. um svo kallaða „Rauðku", og þó að ég sé nú ekkert tiltakanlega skotinn í henni, þá álít ég, að sú n., ef vel væri á haldið, kynni að geta látið eitthvað gott af sér leiða. En það var ekki við það komandi, að Bændafl. fengi skipaðan mann í skipulagsnefndina, og hefði þó vitanlega getað komið til mála, að Bændafl. tæki fremur þátt í einhverjum af þeim málum, sem sú nefnd hefði til meðferðar. (**ÓTh:** Langar þm. til þess að láta hv. 2. þm. Reykv. teyma sig?). Ég væri til með að hafa taumhald á honum og hv. þm. G.-K. — Annars vil ég vænta, að úr því að slíks frjálslyndis hefir nú loks orðið vart á þessu þingi, sem þessi till. sjútvn. ber vott um, þá eigi það eðlilegar rætur hjá hv. þm. En sumir þeirra hafa sýnt okkur bændaflokksmönnum alveg sérstakan fjandskap. Hinvegar kærum við okkur ekki svo mjög um að taka þátt í þessari nefnd, það höfum við ekki farið fram á, enda stöndum við fjær því að starfa að þeim málum heldur en ýmsum öðrum, sem við höfum frekar óskað að taka þátt í.

Sem sagt, ég get glaðzt yfir frjálslyndi hv. sjútvn. og verið henni þakklátur, og ég vona, að hún hafi ekki á sér yfirskin guðhræðslunnar, en afneiti hennar krafti.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** (óyfirl.): Mig furðar stórlega á því, hvað hv. þm. V.-Húnv. sýnir nú óvenjulega mikla hæversku. Það er alveg ný bóla hér í þessari hv. þd. Annars vildi ég aðeins geta þess, að sú brtt., sem hv. þm. var svo þakklátur fyrir, er flutt af hv. sjútvn. í samráði við mig. Og ég veit ekki betur en að hún sé fram komin í samráði við formenn allra þingflokka, einnig form. Bændafl., Þorstein Briem, og hann tjáði sig samþykkan þessari till. Ég verð því að láta í ljós undrun mína á þessum eftirtölum hv. þm. V.-Húnv., eða andmælum hans gegn því, að Bændafl. taki þátt í skipun þeirrar sjóðstjórnar, sem um ræðir í brtt. Ég hefi hingað til álitið hv. þm. sama sinnis og flokksbróður hans, Þorst. Briem, enda þykist ég vita, að við nánari athugun muni hann fallast á þetta með flokksbróður sínum.

Ég vil svo aðeins bæta því við, að ég get ekki séð, að flokkur hv. þm. hafi undan neinu að kvarta í viðskiptum sínum við aðra þingflokka, eða að hann hafi orðið útundan við skipun manna í aðrar sambærilegar þingnefndir. Ég veit ekki betur en að Bændafl. hafi t. d. fengið að koma sínum fulltrúa í utanríkismálanefnd, og var það ákveðið eftir samkomulagi allra flokka.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég þarf ekki að vera langorður, því að hæstv. atvmrh. hefir tekið af mér ómakið, að svara hv. þm. V.-Húnv. — Annars sé ég ekki ástæðu til að ræða við þann hv. þm. í alvöru. Form. Bændafl. á ekki sæti hér í þessari hv. þd., og hér er aðeins viðstaddur annar helmingur Bændafl. í þd., sá hlutinn, sem minni ástæða er til að tala við og venjulega er ekki tekið neitt mark á.

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Ég ætla að sleppa því að svara hv. frsm. sjútvn. og get geymt mér það til annars betri tíma. En hann ætti að fara varlega út í þá sálma, hvenær beri að taka mark á mönnum, enda mundi hann tæp-

lega til kvaddur að skera úr því. Þó að nú megi taka mark á hv. þm., þá hefir oft út af því borið, og skal ég ekki fara lengra út í það nú.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvmrh. sagði, skal ég geta þess, að honum og hv. sjútvn. virðist hafa skjöplazt um tilnefning manna í þessa verðjöfnunarsjóðsnefnd, ef það hefir átt að vera samhærilegt við skipun utanríkismn., því að við kosningu manna í utanríkismn. var m. a. tekið tillit til þess þm., sem er utan flokka, nema það sé undirskilið, að hann eigi að vera formaður í stjórn sjóðsins, og þykir mér ekki fara neitt illa á því, ef svo væri.

Hvort talað hefir verið við form. Bændafl., Þorst. Briem, um skipun sjóðstjórnarinnar, veit ég ekkert um, eða hvort hann hefir verið þessu samþ., en hitt veit ég, að það hefir engin ákvörðun verið tekin um þetta í Bændafl.

En svo er alls ekki hægt að bera þetta saman við utanríkismn. Hér er aðeins verið að skipa stjórn sjóðs, sem á að taka við gjaldi af útfluttum fiski og ráðstafa sjóðnum samkv. fyrirmælum þess frv., sem hér er til umr. Hitt væri miklu nær, að taka skipulagsnefnd til samanburðar við kosningu þm. í utanríkismálanefnd, og heimila öllum þingflokkum á sama hátt þátttöku í henni. En vera má, að hæstv. atvmrh. hafi séð villu sína í skipun þeirrar n. og sé nú á góðum vegi með að bæta ráð sitt og breyta um stefnu í þessu efni. — Hér getur ekki verið um að ræða neina sérstaka hæversku frá minni hálfu, því að ég er venjulega yfirleitt hæverskur í kröfum. En ég vildi aðeins benda á ósamræmið í framkomu hv. stjórnarflokka í þessu máli, borið saman við það, sem komið hefir fram í öðrum málum. Ég er ekki með því að segja, að þeir eigi að láta sömu ósanngirnina ráða hér eins og í öðrum málum, þvert á móti heldur hitt, að hér eigi að vera samræmi á hlutunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 462,1.a samþ. með 17:1 atkv.
— 462,1.b samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 461 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 462,1.c samþ. án atkvgr.
3.—5. gr. (verða 4.—6. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 462,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.**

---

Á 46., 51., 52., 53., 54. og 56. fundi í Nd., 27. nóv., 5., 6., 7., 8. og 11. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 555, 559).

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég lýsti yfir því við 2. umr. þessa máls, að ég fyrir mitt leyti gæti verið samþykkur þessu ákvæði í staðinn fyrir ákveðið gjald af skippundi, en álít þó, að prósentugjaldið, sem lagt er til í brtt. 559, sé of lágt, og legg ég því til, að það verði hækkað upp í 6%. Vil ég mega leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. frá mér, hæstv. fjmrh. og hv. þm. G.-K. þess efnis, að í staðinn fyrir 5% komi 6%. Vænti ég þá, að flm. geti fallizt á þetta og taki aftur aðra brtt. á þskj. 559.

**Forseti (JörB):** Hæstv. atvmrh. hefir afhent mér þá skrifl. brtt., er hann lýsti, en til þess að till. megi taka til umr. og atkvgr., verður að veita afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 796,II) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Hannes Jónsson:** Það hefir verið svo mikið annríki undanfarið, að maður hefir naumast haft tíma til þess að athuga málin nákvæmlega og helzt ekki nema jafnóðum og þau koma fram. — Við 3. gr. frv. þessa hefi ég það að athuga, að mér sýnist stj. sjóðsins vera óþarflega fyrirferðarmikil, og mætti rýra það að talsverðu leyti. Það er gert ráð fyrir 9 manna stjórn fyrir sjóðinn, og nær það ekki nokkurri átt, að slíkt fjölmenni sé nauðsynlegt til þess að hafa þetta starf á hendi. Í niðurlagi 3. gr. er ákveðið, að ráðh. ákveði þóknun til stjórnarmanna og starfstíma þeirra. Hér gæti því verið um sparnað að ræða, ef fækkað væri mönnunum. Í áframhaldi að þessu er svo ákveðið, að ráðh. skuli setja reglur um starfsemi sjóðsstjórnarinnar. Mér finnst meiri þörf fyrir að fá reglugerð um starfsemi sjóðsins, því að stj. sjóðsins á að haga sér eftir því, hvert er starfssvið sjóðsins sjálfs. Ég kann ekki við að hafa þetta ákvæði svona og hefi því borið fram skrifl. brtt. við gr. og vil leyfa mér að lesa hana hér upp, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, en atvmrh. skipar hinn fimmta, og er hann formaður. Ráðh. ákveður þóknun til stjórnarmanna og starfstíma þeirra og setur reglugerð um starfsemi sjóðsins.“

**Forseti (JörB):** Hv. þdm. hafa heyrt þessa skrifl. brtt., sem hv. þm. V.-Húnv. hefir nú afhent mér, og vil ég leita afbrigða frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 796,III) leyfð og samþ. með 19:1 atkv.

**Thor Thors:** Við hv. þm. Vestm. höfum borið fram brtt. við frv. þetta, á þskj. 559. Hún gengur í þá átt, að í stað þungagjalds sé

tekinn ákveðinn hundraðshluti af verðinu. Við töldum hæfilegt að hafa þetta gjald 5%, en nú hefir náðst samkomulag milli allra flokka um að miða gjaldið við 6%, og getum við eftir atvikum fellt okkur við þá breyt. Aðalatriðið var að fá þetta ákveðið sem hundraðshlutagjald, því að þannig kemur það réttlátlegar niður. — Síðari brtt. okkar á þskj. 559, við fyrirsögn frv., get ég líka tekið aftur, samkv. ósk hæstv. atvmrh. Aftur á móti tel ég orðalag fyrri málsgr. 1. gr. ekki nógu nákvæmt. Þar stendur: „Meðan innflutningur á saltfiski er takmarkaður til eins eða fleiri markaðslanda, skal við útflutning fiskjarins", o. s. frv. Ég ætla að bera fram skrifl. brtt. þess efnis, að í stað „fiskjarins", komi: saltfisks. Það er meiningin og er rétt, að hún komi ótvírætt fram í orðalagi frv.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. þm. Snæf.: „Við 1. gr. Fyrir „fiskjarins" í fyrri efnismálsgrein komi: saltfisks". Brtt. er skrifl. og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 796,I) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Hannes Jónsson:** Ég vil til frekari áherzlu á samþ. brtt. minnar við 3. gr. benda á, að eins og sú gr. hljóðar nú, er engin trygging fyrir því, að n. verði fullskipuð, og má það ekki góðri lukku stýra. Það kemur ekki til mála, að hægt sé að þvinga stjórnmálaflokka til að tilnefna menn í n., sem þeir engin afskipti vilja hafa af.

ATKVGR.
Brtt. 559,2 tekin aftur.
— 796,I samþ. með 18 shlj. atkv.
— 796,II samþ. með 22:1 atkv.
— 559,1, svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
— 796,III felld með 22:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HannJ, JJós, JónP, JS.
nei: ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, GTh, HV, JakM, JG, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, SK, StJSt, TT, JörB.
GÍ, PHalld greiddu ekki atkv.
Fimm þm. (GÞ, GSv, JÓl, MT, ÞorbÞ) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 797).

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Þetta frv. er nokkur hluti efnis úr bráðabirgðalögum, sem lögð hafa verið fyrir þingið af stj., og hefir orðið samkomulag um það hjá öllum flokkum í Nd., að afgr. frv. í þessu formi, sem það hér liggur fyrir. — Ég held, að það sé engin ástæða til að vísa málinu til n., og vil ég því aðeins gera það að till. minni, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.

**Jón Auðunn Jónsson:** Mér finnst fyrirsögn frv. ekki fullnægjandi. Ég hefði kunnað betur við, að fyrirsögnin hefði verið: Frv. til l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð fiskjar, — og vildi ég beina því til n. að breyta því fyrir 3. umr., því það verða fleiri verðjöfnunarsjóðir eftir l. um mjólkur- og kjötsöluna.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Mig minnti, að breyt. eins og sú, sem hv. þm. N.-Ísf. talaði um, hefði verið samþ. í Nd. En þetta skiptir ekki máli, því það má athuga milli umr., hvort ástæða er til að breyta þessu, og má þá gera það við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég vakti máls á því við 2. umr., að mér þætti fyrirsögn frv. ekki sem heppilegust, þar sem búið er að samþ. ýmislegt um verðjöfnunarsjóð. Ég vildi því gera að till. minni, að fyrirsögnin yrði: Frv. til l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð fiskjar.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Að efni til er ég samþ. þessari brtt., en við athugun á frv. virðist mér hún óþörf. Í 2. gr. er skýrt tekið fram, til hvers eigi að nota sjóðinn. 2. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa, ef þau verða fyrirskipuð. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á fiski með öðrum verkunaraðferðum en nú eru mest tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja fisk á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Getur ríkisstjórnin veitt nefndinni fé úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði í þessu skyni með samþykki sjóðstjórnarinnar".

Ég held því, að ekki sé ástæða til að senda frv. aftur til Nd. út af þessu.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 876) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Pétur Magnússon**: Ég vildi vekja athygli á því, hvort ekki mætti lagfæra þetta við „redaktion". Á þinginu 1930 var á þann hátt leiðrétt ártal í Nd. Ef það væri gert, þyrfti þessi till. ekki að koma til atkv.

**Forseti (EÁrna)**: Ef horfið verður að þessu ráði, væri rétt að taka það fram í bókun, að samkv. áliti d. megi sú leiðrétting koma inn við prentun, að orðinu „fiskjar" sé bætt aftan við fyrirsögnina.

**Magnús Jónsson**: Ef hv. flm. tekur till. ekki aftur, þarf að greiða atkv. um hana.

**Forseti (EÁrna)**: Það er undir hv. flm. komið, hvort hann vill taka till. aftur.

**Jón Auðunn Jónsson**: Ef forseti úrskurðar þetta sem redaktionsbreyt., get ég tekið till. aftur.

**Forseti (EÁrna)**: Ég vil bera það undir hv. d., hvort hún lítur svo á, að breyta megi þessu við prentun.

**Jónas Jónsson**: Ég álít það leiðinlegt, að þessu verði breytt á þennan hátt, þótt hér sé ekki nema um eitt orð að ræða. Það væri slæmt fordæmi, og vildi ég því heldur, að till. yrði samþ. eða felld.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)**: Ég hefi athugað í Nd., hvort svo var sem mig minnti, að um prentvillu væri að ræða, en svo er ekki. Hinsvegar sé ég ekki ástæðu til að breyta fyrirsögninni og held því, að ég verði að greiða atkv. móti till., svo að málið þvælist ekki milli deilda.

ATKVGR.
Brtt. 876 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JAJ, MG, MJ, PM,[3] ÞÞ.[5]
nei: JBald,[1] JJ,[2] PHerm, SÁÓ,[4] BSt,[6] HG, HermJ.
ÞBr, GL, EÁrna greiddu ekki atkv.
Einn þm. (IngP) fjarstaddur.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 878).

1) **JBald**: Með því að það mundi orsaka töf á málinu að samþ. þessa till., og vegna þess að hún skýrir þetta ekki nánar en gert er í 1. og skýrt tekið fram í 2. gr. þeirra, segi ég nei.
2) **JJ**: Ég segi nei af sömu ástæðum og hv. 4. landsk.
3) **PM**: Þótt það sé rétt hjá hv. 4. landsk., að það muni orsaka nokkra töf á málinu, ef þessi till. er samþ., þar sem frv. þyrfti þá að fara aftur til Nd., sé ég ekki, að nein hætta stafi af því, þar sem meiri hl. þar er með málinu, og segi því já.
4) **SÁÓ**: Ég segi nei af sömu ástæðum og hv. 4. landsk.
5) **ÞÞ**: Ég segi já af sömu ástæðum og hv. 2. þm. Rang.
6) **BSt**: Ég segi nei af sömu ástæðum og hv. 4. landsk.

## 31. Bráðabirgðaútflutningsskýrslur.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um bráðabirgðaútflutningsskýrslur** (stjfrv., A. 34).

Á 7. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)**: Það verður með hverjum mánuði nauðsynlegra að hafa skýrslur um útflutning, bæði magn og krónuupphæð, og svo hvernig útflutningurinn skiptist á markaði. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt að því er snertir sjávarútveginn. Auðvitað verður að afla sér þeirra beztu upplýsinga, sem hægt er að fá. Frv. um þetta var flutt af sjútvn. Nd. í fyrra, en varð einhvernveginn útundan. Ég býst við, að menn hafi ekki verið á móti efni frv. — Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en óska þess að lokum, að frv. verði látið ganga til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 209).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson)**: N. hefir fallizt á að mæla með því, að frv. verði samþ. að mestu leyti óbreytt. — Þær breyt., sem n. vill gera á frv., eru veigalitlar. N. leggur þannig til, að hertur fiskur, sem n. er sammála um, að verði útflutningsvara á næstu árum, og þá verður metinn og flokkaður eftir gæðum, verði tekinn með undir þann lið, sem yfirfiskimatsmönnum er ætlað að gefa skýrslu um. Þá virðist n. rétt, að umboðsmönnum ísfiskútflytjenda verði gert að sima Fiskifélaginu auk magnsins einnig verðið, enda hefir Fiskifélagið undanfarið fengið símskeyti um aflasölur togaranna jafnóðum og sala hefir farið fram, og þar jafnan verið getið bæði magns og verðs aflans.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Get ég og að öðru leyti vísað til nál., þar sem gerð er grein fyrir málinu almennt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 209,1.a—b samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 209,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 230, 231).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson)**: Við nánari athugun frv. kom það í ljós, að það vantaði á-

kvæði um, hver tiltæki dagsektir samkv. 8. gr. frv. Það hefir því komið fram till. um, að lögreglustjóri gerði það og tilkynnti upphæðir dagsekta bréflega. Aðrar breyt. eru einungis orðabreyt. og hefir frv. sumstaðar verið fært til betra máls. Ég vænti svo, að hv. d. samþ. þessar breytingar.

ATKVGR.
Brtt. 231,1 samþ. án atkvgr.
— 231,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 231,3 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 23. fundi í Nd., 30. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 241).

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 241, n. 843).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Forseti (JörB)**: Hv. frsm. er ekki við, en n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:5 atkv.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég verð að játa, að hér er ekki um stórvægilega löggjöf að ræða, sem ég álíti, að geti valdið nokkrum skaða, þótt til framkvæmda komi. En það er meira heldur en hægt hefir verið að segja um ýms af þeim frv., sem hæstv. stj. hefir lagt fyrir Alþ. í seinni tíð, því að flest hafa þau verið fjölda manna til stórbölvunar. Ég vil taka fram, að ég er þó mótfallinn því, að ýms fyrirmæli frv. verði samþ., því að ég hygg algerðan óþarfa og jafnvel beinlínis skaða að lögfesta sum þeirra, enda þótt þau skipti að vísu ekki miklu máli.

Ég er samþ. höfuðtilgangi þessa frv., sem fjallar um það, að Fiskifélag Íslands skuli safna skýrslum um útflutning á allskonar sjávarafurðum. Ég er vitanlega samþ. mörgum af þeim fyrirmælum, sem í frv. standa viðvíkjandi þessari skýrslusöfnun. En ég kann aðeins illa við, að slík fyrirmæli séu samþ. án þess að þeir aðilar, sem hér eiga sérstaklega hlut að máli, útvegsmennirnir, fái tækifæri til þess að láta í ljós skoðun sína um þetta atriði. Þetta sagði ég að gefnu tilefni við hv. form. sjútvn. í gær, og þá fannst mér hann þessu samþykkur. Þess vegna kemur það mér á óvart, að þetta mál skuli vera tekið fyrir, því að ég fyrir mitt leyti gæti vel fellt mig við, að þessu máli verði tryggður fljótur framgangur, jafnvel á þessu þingi, sem gera má ráð fyrir, að endi næstu daga, ef útvegsmönnum — ég á aðallega við stærri útgerðarmenn, því að þetta mál skiptir þá mestu — gefst kostur á að segja sitt álit í þessum efnum. Ég get ekki séð, að nein hætta sé á ferðum, þótt þetta frv. bíði vetrarþings, því að þetta mál er ekkert deilumál. Ég vil því mælast til þess, að þetta mál verði tekið út af dagskrá og útgerðarmönnum verði gefinn kostur á því að láta í ljós álit sitt í þessu efni með þeim ummælum, að ef þeir verði búnir að skila umsögninni fyrir fimmtudag, þá skuli hún verða tekin til greina, en annars verði málið afgr. hér á Alþ., og mun ég þá ekki gera tilraun til þess að hefta framgang málsins með óþarfa málalengingum.

**Finnur Jónsson**: Ég sé, að hv. frsm. þessa máls er ekki viðstaddur í hv. d., og er mér kunnugt um, að það stafar af veikindum. En ég skal taka það fram, að þetta mál hefir tafizt af óvenjulegum ástæðum af hálfu sjútvn. Það var samþ. í n. 2. nóv. og afgr. þar, en hv. frsm. gleymdi beinlínis að skila þessari hv. d. nál. Af þessari ástæðu er málið svo seint fram komið í hv. deild.

Þetta frv. er stj.frv., sem lagt hefir verið fyrir Ed. og verið samþ. þar í hv. sjútvn. 2. nóv. kemur það svo til sjútvn. hv. Nd. og er samþ. þar í einu hljóði. Það er því auðséð af því, sem nú var sagt, að það er rétt, sem hv. þm. G.-K. tók fram, að þetta mál væri ekkert flokksmál, því að það getur í eðli sínu alls ekki verið það. Það er mjög nauðsynlegt, að Fiskifélagið fái lögverndaða þessa merkilegu skýrslusöfnun. Það er vitanlega engin ástæða til þess að neita um þetta. Þar sem Fiskifélagið er þegar búið að safna samskonar skýrslum og talað er um í frv., þá má gera ráð fyrir, að þetta frv. verði byggt á þeirri reynslu, sem Fiskifélagið hefir aflað sér í þessari skýrslusöfnun. Ég vænti þess því, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi.

Í grg. Fiskifélagsins er tekið fram, að nauðsynlegt sé, að þessi skýrslusöfnun fylgist sem bezt með tímanum, vegna verzlunarsamninga við erlend ríki. Eins og högum okkar er nú háttað í þessu efni, er sérstök ástæða fyrir okkur að sjá um, að mál þetta verði ekki tafið, en nái fram að ganga á þessu þingi.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Eins og ég hefi þegar tekið fram, ber lítið á milli okkar hv. form. sjútvn. um þann tilgang, sem liggur til grundvallar flutningi þessa máls. Ég tel þessar skýrslur eðlilegar og nauðsynlegar, en ég fór aðeins fram á það, að þeir, sem mestar kvaðir eru lagðar á í þessu sambandi samkv. frv., fengju tækifæri til þess að láta í ljós skoðanir sínar á þessu máli.

Ég vil benda hv. form. sjútvn. á það, að það

er ástæðulaust að óttast, að hængur verði á skýrslusöfnun, þótt þessu máli verði frestað til næsta þings, vegna þess að Fiskifélagið hefir, eins og hv. þm. minntist réttilega á, dálitla reynslu fyrir sér í þessari skýrslusöfnun, og á þeirri reynslu er frv. það, sem hér liggur fyrir, byggt. Hitt er engu síður rétt, að Fiskifélagið hefir fengið ýmiskonar upplýsingar, a. m. k. frá stórútgerðarmönnum, jafnóðum og þær hafa legið fyrir. Yfirleitt má segja, að ákjósanleg samvinna hafi verið milli skrifstofu botnvörpuskipaeigendanna og skrifstofu Fiskifélagsins. Þessir tveir aðilar hafa skipzt á gagnkvæmum upplýsingum.

Ástæðan fyrir því, að ég fór að bera fram þessa ósk, um að sanngjarnt væri, að menn tækju tillit til álits botnvörpuskipaeigenda í þessu efni, var sú, að ég greip ofan í 3. gr. frv., sem skyldar innlenda framleiðendur til þess að láta umboðsmenn þá, sem selja afla af íslenzkum skipum erlendis, síma þegar í stað, er salan hefir fram farið, til Fiskifélagsins og tilkynna því fiskmagn og verð. Þessar upplýsingar hafa hingað til borizt til útgerðarmannanna sjálfra. Það er því kostnaðarauki og alveg ástæðulaust fyrir umboðsmennina að síma strax til Fiskifélagsins, enda geta útgerðarfélögin sent skrifstofu Fiskifélagsins þessar upplýsingar, þegar þau eru búin að fá þær, alveg eins og verið hefir.

Þetta er að vísu ekkert stórmál, enda mun ég ekki gera það að kappsmáli, en mér þótti réttara að láta í ljós þessi andmæli núna gegn þessum fyrirmælum frv., sem ég er búinn að minnast á. Mun ég því að sjálfsögðu greiða atkv. á móti því, að þessi ákvæði verði lögfest án vilja og vitundar útgerðarmanna, um leið og ég samþ. aðaltilgang laganna.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 879).

---

## 32. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga** (stjfrv., A. 4).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

*Forseti tók málið af dagskrá.*

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Frv. þetta fer fram á, að framlengdar verði bráðabirgðabreyt. á nokkrum l., vegna bágrar afkomu ríkissjóðs. Það er shlj. frv., sem samþ. var síðastl. ár, að öðru leyti en því, að hér er ekki lagt til, að niður falli tillag til verkfærakaupasjóðs, svo sem áður var gert. Það þótti ekki fært vegna hinnar miklu nauðsynjar á að styrkja bændur til verkfærakaupa. Ennfremur er niður fellt, að $^1/_8$ hluti af tekjum menningarsjóðs skuli renna í ríkissjóð, og þótti ekki taka því. — Ég legg til, að máli þessu verði vísað til fjhn. að aflokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 107).

**Frsm. (Sigfús Jónsson):** Frv. þetta er shlj. lögum nr. 50 19. júní 1933, að öðru leyti en því, að fellt er úr l. að fresta framkvæmd jarðræktarlaganna að því er verkfærakaupasjóð snertir, og að $^1/_8$ hluti menningarsjóðs skuli renna í ríkissjóð. Þykir ekki vert, að ríkissjóður taki í sinn hlut þennan litla hluta tekna menningarsjóðs, en að því er hitt atriðið snertir, þykir ekki mega fresta framkvæmdum verkfærakaupasjóðs lengur vegna þverrandi vinnuafls í sveitunum. Er nauðsynlegt að veita bændum aðstoð til verkfærakaupa til þess að vega upp á móti fækkun hinna vinnandi handa.

Með l. eins og þau verða samkv. frv. er frestað framkvæmd 5 gildandi l. Framkvæmd l. nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1935. Er ég ekki svo kunnugur hag landsbankans, að ég viti, hvort bankinn er í þörf fyrir þetta framlag, en það er öllum vitanlegt, að ríkissjóður er í fullri þörf fyrir að losna við þessa kvöð. Framkvæmd 2. og 3. gr. l. nr. 45 10. nóv. 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, er sömuleiðis frestað til ársloka 1935. Samkv. þessum l. ber sveitar- og bæjarfélögum að greiða 25 aur. iðgjald í bjargráðasjóð fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, og ríkissjóði sömuleiðis. Er framkvæmd þessara ákvæða l. frestað. Þá er svo ákveðið, að tekjur af l. nr. 56 31. maí 1924, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, skuli renna í ríkissjóð til ársloka 1935, og ennfremur tekjur eftir l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki. Samkv. þeim l. rennur ágóðinn af tóbakseinkasölunni að hálfu til byggingar- og landnámssjóðs og að hálfu til byggingarsjóða verkamanna, en sjóðunum er bættur þessi tekjumissir upp að nokkru leyti með framlagi, sem þeim er ætlað í fjárl. ársins 1935, af tekjum tóbakseinkasölunnar, 100 þús. kr. til hvors. Loks fellir frv. svo niður til ársloka 1935 kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. l. nr. 35 19. maí 1930. Veit ég ekki, hve miklu þetta eftirlit nemur, en ég hygg þó, að kostnaðurinn við það muni svara um 15 þús. kr. Hvort heppilegt sé að fella eftirlitið niður eða ekki, skal ég ekkert segja um, en ég býst við, að hv. þm. V.-Ísf., sem skrifað hefir undir nál. með fyrirvara um þetta atriði, muni gera grein fyrir því.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv., en leyfi mér að leggja til f. h. fjhn., að frv. verði samþ. óbreytt.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég vildi aðeins beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann beri síðasta

lið frv. upp sérstaklega, svo að þm. gefist tækifæri til að sýna það með atkv. sínu, hvort þeir vilja fella kennsluefirlitið niður. Kennsluefirlitið er líklegt til að gera mikið gagn, og þar sem ekki er nema um 10—12 þús. kr. útgjöld að ræða, sýnist sem réttast hefði verið að fella þennan lið niður úr frv., eins og liðinn viðvíkjandi menningarsjóði.

ATKVGR.
1. gr., 1.—4. liður, samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., 5 liður, samþ. með 18:8 atkv.
1. gr. í heild samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. úthýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 4).
Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 548).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Eins og menn vita, þá eru l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l., sem hér er farið fram á, að framlengd verði, sumpart um að fresta framkvæmd l., sem hafa í för með sér útgjöld úr ríkissjóði, og sumpart um það, að tekjur samkv. sérstökum l., sem ætlaðar hafa verið til ákveðinna framkvæmda, renni beint í ríkissjóð. Fjhn. d. er á einu máli um það, að ríkissjóður þurfi að hafa áfram þau hlunnindi, sem hann hefir haft af þessum l., og leggur einróma til, að frv. verði samþ.

Aftur á móti hefir einn af nm. skrifað undir nál. með fyrirvara, en það er út af viðauka, sem meiri hl. n. vill bæta inn í frv. Eins og sést á nál. á þskj. 548, þá leggur n. þar til, að ákvæðum í c-lið 8. gr. l. nr. 84 frá 1932, um bifreiðaskatt o. fl., verði einnig frestað til árisloka 1935. En þessi liður 8. gr. bifreiðaskattslaganna er um það, að 20% af bifreiðaskattinum gangi til malbikunar vega. Nú leggur fjhn. það til, að niður falli á næsta ári ákvæðið um, að þessu fé verði beinlínis varið til malbikunar vega, og þetta gerir n. vitanlega af sömu ástæðu og hún leggur það til, að frv. verði samþ., sem sé þeirri, að ekki muni veita af, að þessi upphæð renni beint til ríkissjóðs. Í þessu frv., eins og það liggur fyrir, eru að vísu felldir niður 2 liðir, sem verið hafa í fyrri l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l., og kann að vera, að fyrirvari hv. 1. þm. Reykv. gildi einnig að því er þá snertir, en hann mun að sjálfsögðu gera grein fyrir því, hvort svo er eða ekki.

**Magnús Jónsson:** Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. n. sagði síðast, að fyrirvari minn gilti ef til vill einnig um þá breyt., að fellt er úr l. að fresta framkvæmd jarðræktarl. að því er verkfærakaupasjóð snertir, skal ég segja það, að ég hefi ekki gert um það brtt. að bæta þeim kafla inn í frv., svo að fyrirvari minn gildir að sjálfsögðu ekki hvað þetta snertir. Annars verð ég að segja það, að úr því að ríkissjóður verður að seilast svona langt inn á ýmsar þær fjárveitingar, sem hann annars hefir ákveðið með l., þá sé ég ekki neina beina ástæðu til þess að fara að taka þennan lið einan undan, aðra en þessa venjulegu agitationsástæðu þeirra flokka, sem biðla sérstaklega til bænda. En annars mun ég ekki gera ágreining um það, þó að farið verði að framkvæma aftur þennan part l.

Ágreiningur minn er aftur á móti um það, að ég hefi ekki viljað taka þennan nýja lið upp í frv., en hann er um það, að hætta að taka 20% af þeim tekjum, sem bifreiðaskattur gefur hvert ár, til malbikunar á þjóðvegum. Ástæður mínar fyrir því, að ég er á móti þessu, eru þær, að þetta ákvæði bifreiðaskattsl. var beinlínis sett inn í l. upphaflega sem einskonar samningur milli þm. Óánægjan, sem spratt út af því, að leggja þannig viðhald veganna algerlega á bifreiðarnar, var milduð nokkuð með því að segja sem svo, að bezt væri þá að verja allverulegum hluta skattsins til þess að gera vegina betri fyrir bifreiðarnar. Ég býst við, að allir bifreiðaeigendur og bifreiðastjórar muni segja sem svo, að það margborgi sig peningalega að greiða þennan skatt allan, ef með honum væri hægt að gera vegina góða fyrir bifreiðar, því að góðir vegir varðveita bifreiðarnar frá sliti og spara eldsneyti. Og þess vegna varð það að samkomulagi að taka allverulegan hluta af þessum skatti til þess að gera vegina bifreiðafæra. Þó að upphæðirnar hafi að vísu ekki verið stórar, þá hafa samt þó nokkuð margir vegakaflar verið endurbættir einmitt fyrir þetta fé. T. d. má nefna veginn milli Hafnarfjarðar og Rvíkur, sem er án alls samanburðar mest notaður vegur landsins, því að það mun óhætt að segja, að á þessum stutta vegarkafla líði ekki svo nokkur stund, hvorki að degi eða nóttu til, að þar séu ekki alltaf fleiri eða færri bifreiðar á ferðinni. Þar af leiðandi er erfitt að halda veginum við, og er í rauninni alveg sjálfsagt að byrja sem fyrst á að malbika þennan veg eða aðra vegi, sem mikil umferð er um. Og vegna þess, að þetta ákvæði er komið inn í l. beinlínis eins og samningur við þá, sem annars voru talsvert andvígir þessum l., þá álít ég það í alla staði óviðkunnanlegt og óviðurkvæmilegt að taka þetta ákvæði nú út úr lögunum.

Annars dettur mér ekki í hug, að þessi till. mín verði samþ., þó að ég nú hafi verið að bera hana fram, því að skynsemin á þessu þingi er nokkuð einhliða, ef farið er eftir því, hvað samþ. er. Stj. hefir látið í ljós sinn vilja um þetta með því að laga fjárl. eftir því, og ég

þykist vita, að það sé ekki vert að eyða löngum tíma til þess að ræða um þetta. Hæstv. fjmrh. hefir einnig lýst því yfir, að till. meiri hl. n. væru ekki annað en framhald af störfum stj. við gerð fjárl. Ég þykist þess vegna vita það, þar sem þetta virðist allt vera rækilega grunnmúrað, þannig að meiri hl. fjvn. er í samræmi við stj., og svo leggur meiri hl. þessarar n., sem hér um ræðir, það aftur til, að breyt. verði gerðar til samræmis því, sem meiri hl. fjvn. hefir lagt til, að þá muni ekki blása byrlega fyrir brtt. minni, en hinsvegar vildi ég þó láta þessi ummæli fylgja henni, til þess að sýna fram á það, að það eru í raun og veru sviknir samningar með því að fella niður þennan lið l.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Ed., 27. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 548 samþ. með 9:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 596).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 48. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 596).
Á 50., 62. og 63. fundi í Nd., 4., 17. og 18. des., var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 19. des., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 596, 812, 893).

**Jónas Guðmundsson:** Á þskj. 893 er brtt., sem við flytjum 4 þm., sem sæti eigum í fjvn., um, að ríkisstj. sé heimilt að fresta framlagi til malbikunar vega til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu, og framkvæma ekki malbikun á árinu 1935. Eins og hv. þdm. muna, á að skipta 15% af bifreiðaskattinum milli bæja og kaupstaða eftir reglugerð, sem ríkisstj. setur. Það fé, sem kaupstaðirnir leggja ekki fram á móti, á að setja í sjóð, er geymist í vörzlum atvmrh. Nú er það svo, að á þessu þingi hefir verið lagt óvenjumikið fé fram til vegagerðar. Því fannst fjvn. rétt að taka eitthvað af þessu fé og verja einnig til þess. En þetta nær aðeins til þeirra kauptúna, sem ekki leggja fram fé í malbikun. Það er því ekki gengið á rétt þeirra sveitarfélaga, sem aðstöðu hafa til þess að leggja fram fé til malbikunar. Vænti ég, að þetta valdi ekki ágreiningi.

**Jakob Möller** óyfirl.: Ég er hræddur um, að nokkur misskilningur sé á bak við þessa brtt. Ég hygg, að þessi varnagli, um að leggja þetta fé í sjóð og geyma frá ári til árs, sé gerður vegna þess, að þar, sem hlutdeild einstakra aðila er lítil, þar þyki ekki gerlegt að leggja árlega í malbikun, og því sé fénu safnað saman til þess að vinna verkið síðar. Ég er ekki viss um, að nm. hafi gert sér þetta ljóst. Ég hefi ekki haft tíma til að rifja þessi l. upp, en hygg þó, að þetta sé tilgangurinn, og því gangi brtt. þvert á móti honum. Þó ekki sé hægt að leggja fé á móti, þarf ekki að vanta viljann til framkvæmda, heldur geta legið til þess ýmsar aðrar ástæður. Ég er yfirleitt mótfallinn þessari tilraun til að seilast eftir þessu fé, sem af skornum skammti hefir verið lagt til kauptúna og kaupstaða af bifreiðaskattinum, sem í raun og veru ætti að mestu að renna til þeirra. Þar eru bifreiðarnar langmest notaðar, og sumar þeirra koma aldrei út fyrir bæjarlandið, og því engin ástæða til þess, að skattur af þeim renni í aðra vegi. Annars þykir mér leiðinlegt, þegar á síðasta þingi var sýnd þessi sanngirni, ef nú á strax á næsta þingi eftir að fara að seilast eftir þessu gjaldi og taka það aftur.

**Hannes Jónsson** óyfirl.: Við hv. 2. landsk. flytjum brtt. við þetta frv. á þskj. 812. Ég sé, að nokkrir hv. þm. ætla að feta í okkar fótspor, en þó til þess að beina fénu í annan farveg en við leggjum til. Brtt. okkar á þskj. 812 gengur eins og brtt. á þskj. 893 í þá átt, að fresta framkvæmd þessara laga til ársloka 1935. En við höfðum áður í Sþ. reynt að færa til samræmis 2 liði í fjárl., en ekki fengið því framgengt. Og ennfremur vegna þess, að það lítur út fyrir, að eigi að láta daga uppi í þinginu frv., sem borið var fram í Ed. og fór í þá átt, að hækka styrkinn til jarðræktarframkvæmda, svo sem til votheys- og þurrheyshlöðubygginga, safngryfjugerðar, garðræktar og framræslu til ræktunar, samkv. reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur, en landbúnaðarrh. staðfestir. Nú viljum við sameina þessa tvo liði þannig, að því, sem sparast við að fresta framkvæmd þessara l., verði varið til styrktar landbúnaðinum eftir till. okkar hv. 2. landsk.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að mönnum er ljóst, að bændur hafa fulla þörf á að fá aukinn styrk til þessara framkvæmda, sem ég nefndi. Og þegar hægt er að framkvæma þetta á þennan hátt, að framkvæma þessi l., sem mér virðist stjórnarflokkarnir vilja fallast á, þá virðist mér málið vera auðleyst, því að vitanlega er ætlazt til, að þegar þessi upphæð er sett í fjárl., þá verði hún borguð út, og því er hér ekki um nein ný útgjöld að ræða frá því, sem hæstv. fjmrh. hefir gert ráð fyrir í sínu fjárl.frv. Það er því ekki hægt að mæla á móti till. okkar, eins og oft hefir verið gert hér á þingi, þegar eitthvað hefir átt að gera til hagsbóta fyrir bændurna, á þeim grundvelli, að ekki sé til fé til þess. Hér hefir verið bent á fjárhæð, sem hæstv. fjmrh. hefir gert ráð fyrir, að yrði borguð úr ríkissjóði, en við viljum, að það sé greitt til þessarar bráðnauðsynlegu eflingar fyrir bændurna.

Þar sem mér sýnist, að svo sterkur vilji muni

vera fyrir því, að þetta verði framkvæmt, þá virðist mér ekki þurfa frekari rökstuðning fyrir því. Ég held, að ekki þurfi heldur að ræða um það, hver nauðsyn er að styrkja þessar framkvæmdir sveitabænda og létta undir með þeim að koma á þessum framkvæmdum, sem aftur á móti munu skapa þeim betri aðstöðu til að koma búskap sínum í sæmilegt horf. Ekki síður er þetta nauðsynlegt fyrir það, að mér sýnist ekki blása sérlega byrlega fyrir því, að það frv., sem flutt var í Nd. um nokkra endurbót á lánskjörum á fasteignaveðslánum bænda, fái greiðan gang gegnum þingið. Ég hefi nýlega heyrt, að það muni verða lagðar fram talsvert róttækar brtt. við það í Ed., og því vafasamt, að það muni ná fram að ganga á þessu þingi. Þó hefir það verið viðurkennt af svo að segja öllum í Nd., að það væri nauðsynlegt, að þar væri eitthvað gert til umbóta, þó að ekki væri hægt að fallast á þær till., sem fólust í frv. og gengu lengra.

Af öllum þessum ástæðum vil ég vænta, að hæstv. ráðh. og hv. d. taki vel undir þessa brtt. og samþ. hana.

**Jónas Guðmundsson:** Út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. vil ég segja það, að ég held, að það sé á misskilningi byggt, sem hann hafði á móti þessari frestun. Að vísu er það rétt, að þessum 15% af bifreiðaskattinum, sem er ekki nema 60 þús. kr., á að skipta milli allra kaupstaða og verzlunarstaða á landinu, sem hafa 300 íbúa og þar yfir. Sér þá hver maður, hversu örlítill verður hlutur hvers sveitarfélags. Þess vegna er gert ráð fyrir, að þessu verði safnað í sjóð, þar til nokkur upphæð er komin á hvert sveitarfélag og það hefir möguleika til að framkvæma malbikun með þeim tækjum, sem til þess þarf, og getur lagt fram allt að helmingi á móti þeirri upphæð, sem það á þá í sjóði. Nú munu það aðeins vera tveir bæir á landinu, sem geta framkvæmt malbikun, Rvík og Akureyri. Hafnarfjörður getur það ekki, nema þá með því að kaupa sér tæki eða fá þau lánuð frá Rvík. Svo er ekki heldur loku skotið fyrir frestun á þessu í öðrum kaupstöðum, því að það geta aðrir kaupstaðir bætzt við. Þessu er aðeins frestað að því leyti, sem það er ekki notað 1935 og tilskilinn hluti lagður á móti. Þeim kaupstöðum er því enginn óréttur gerður, sem geta lagt fé til malbikunar á næsta ári. Þeir fá sinn tilskilda hluta greiddan, ef þeir vilja það. Hinir kaupstaðirnir, sem alls ekki geta þetta, fá nú í vegafénu allmikið fé til að byggja þjóðvegi til þess að koma þeim í samband við þjóðvegakerfið eins og ég áður hefi tekið fram, og mér finnst það ekki nema sanngjarnt, að þeim sé gefinn eftir sinn hluti úr þessum sjóði þetta ár og fái það heldur í vegi til þess að tengja þá við þjóðvegakerfið. Nú er t. d. lagt fram fé til Siglufjarðar og Norðfjarðar og til vegar milli Seyðisfjarðar og Héraðs og milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, til Fáskrúðsfjarðar og til kaupstaðanna á Snæfellsnesi, til vega í Barðastrandarsýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu, sem mest kemur í þágu ýmissa kauptúna.

Það er svo til ætlazt að bifreiðaskattinum sé skipt í fjóra parta, 50% gangi til akfærra þjóðvega — það hefir verið greitt —, 15% til sýsluvega, en ekki er það þó skylt, enda ekki nú tekið upp í fjárl.frv., 20% til malbikunar þjóðvega, sem hefir verið farið fram á að fresta, og 15% til malbikunar í kaupstöðum og verzlunarstöðum.

Hvað viðvíkur brtt. á þskj. 812, þá er hún mjög á annan veg en það frv., sem hér liggur fyrir. Þar er um það að ræða, að taka það fé, sem ætlað er kaupstöðunum til vega- og gatnagerðar, og verja því sem styrk á votheysgryfjur og safnþrær. Það nær engri átt að taka þannig vegafé og láta það ganga til alóskyldra hluta, og það er mikill munur á, að hver kaupstaður, sem á að fá þetta fé, fái það í nærliggjandi vegi, eða að láta það fara til að gera áburðargryfjur og súrheysgryfjur. Ég er því eindregið á móti þessari brtt. hv. þm. V.-Húnv. enda tekur hún til alls fjárins og ætlast til, að liðnum sé að öllu leyti frestað, þar sem okkar till. fer fram á, að fresturinn komi aðeins fram gagnvart þeim kauptúnum, sem sýnilega geta ekki notað þetta fé árið 1935.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Mér er nær að halda, að þetta ákvæði um að geyma þennan hluta bifreiðaskattsins hafi verið gert í samráði við vegamálastjóra, einmitt með tilliti til þess, að við það standi í framkvæmdinni, en með því er gengið á móti þeirri kröfu, að þeir, sem leggja fram bifreiðaskattinn, fái að njóta hans að einhverju leyti, og þessi till., sem hér liggur fyrir, þó að hún sé miðuð aðeins við eitt ár, gengur á móti þeim tilgangi, sem sé að það er hindrað, að mögulegt verði að gera varanlegar götur innan þorpanna, en það tel ég ekki rétt. Annað mál er með vegi að þorpunum; það er óskylt mál og ómögulegt að réttlæta það á neinn hátt, að taka það fé, sem af eðlilegum ástæðum á að renna til vegagerða innan þorpanna, til þess að standast kostnað af vegagerð utan þeirra. Það er yfirleitt svo, að með þessari skiptingu á bifreiðaskattinum er það viðurkennt, að þorpin eigi að hafa rétt til að ráðstafa hluta af þessum skatti til eigin þarfa. En þar sem þau ummæli eru látin fylgja þessu nú, að þetta eigi aðeins að gilda í eitt ár, þá vil ég vísa til þess, að þessi l. um frestun á framkvæmd nokkurra l. hafa verið sett um eitt og eitt ár í einu og svo framlengd þing eftir þing. Eins verður gert um aðra liði, sem teknir verða inn í frv., að þeir verða framlengdir þing eftir þing, svo að þetta fé verður alveg af kaupstöðunum tekið, sem þeim hefir verið úthlutað til þeirra sérstöku þarfa. Það er það, sem um er að ræða, að svipta kaupstaðina þessari hlutdeild í skattinum, sem þeim er ætlað til sinna sérstöku þarfa, og að verja því til almennra vegagerðaþarfa ríkisins.

Ég tek undir það, sem hv. 6. landsk. sagði viðvíkjandi brtt. á þskj. 812, að mér finnst það engri átt ná að samþ. hana. Það er rétt, sem hann tók þar fram, að þar er farið fram á að verja þessu fé í svo geróskyldum tilgangi, að það kemur ekki til greina.

**Haunes Jónsson** [óyfirl.]: Hv. 6. landsk. sagði, að það væri fjarstæða að hugsa sér að láta þessa

upphæð renna til allt annars en ætlazt væri til með l. Ég vil benda honum á, að öll þessi frestun á umræddum l., sem um ræðir í þessu frv., gengur í þá átt að láta fé renna til allt annars en því er ætlað með þessum l., t. d. með frestun á því, að ríkið leggi til landsbankans 100 þús. kr. Því er frestað til þess að ríkið geti fengið það fé og ráðstafað því til allt annars en til er ætlazt með þeim l., þó að ekki sé sérstaklega tekið fram, til hvers þessar 100 þús. kr. skuli fara. Eða t. d. með skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Hér á að taka það fé og láta það fara til allt annars en ætlazt er til með l. um skemmtanaskatt. Ríkissjóður er þegar búinn að ráðstafa þessu fé til allt annars en ætlazt er til í l., sem hér á að fresta framkvæmd á. Sama er að segja um tekjur af tóbakseinkasölunni og framlag til bjargráðasjóðs. Það fé á hér að renna til allt annars en upphaflega var til ætlazt. Þannig má taka hvern einasta lið í þessu frv. Hitt er aðeins lítilsháttar formsatriði, hvort á að ráðstafa þessu fé beint í þessu ákveðna augnamiði, eða hvort það er látið renna í ríkissjóð og síðan aftur ráðstafað úr ríkissjóði. Ég vil halda því fram, að það sé að öllu leyti réttlátara að breyta þessum farvegi og láta fé ekki renna beint í ríkissjóð á þessu tímabili. Það getur vel verið, að öðrum finnist það öfugt, en hitt sé réttara, að láta það renna í þeim farvegi, sem l. sjálf ákveða, og þá verður að minni hyggju að gera það upp við sjálfan sig og greiða atkv. eftir því, en á annan hátt er ekki hægt að greiða atkv. Hv. 6. landsk. segir, að þeir kaupstaðir, sem ekki geta lagt fram fé á móti, verði ánægðir, af því að þeir fái þennan styrk úr ríkissjóði til þess að komast í samband við þjóðvegakerfið. Hvað má þá segja um þá, sem hafa fjárhagslega betri aðstöðu? Hefir ríkið ekki líka lagt fram fé til að koma þeim í samband við þjóðvegakerfið? Við skulum t. d. taka Reykjavík. Það er jafnmikið gert fyrir Rvík eins og héruðin í kring, að miklu fé er varið til að gera þjóðvegasambandið þar eins gott og gert hefir verið. Þessir tveir aðilar hafa þar báðir sömu hagsmuna að gæta. Þá má segja, að þeir kaupstaðir, sem eru betur staddir fjárhagslega, eigi ekki heldur að fá þennan styrk, því að þeir hafa fengið svo mikinn stuðning til að komast í samband við vegakerfi landsins. Hér getur ekki komið til greina annað en aðeins það eitt, mat á því, hvort eðlilegra er, að þessi upphæð renni á næsta ári til þess, sem við leggjum til, eða eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég hefi áður bent á, að þau mál, sem ganga í sömu átt, t. d. umbót á fasteignaveðslánum bænda, fái annaðhvort ekki afgreiðslu á þessu þingi, eða að þeim verði breytt svo í Ed., að lítið gagn verði að. Þess vegna er enn þá meiri ástæða til, að eitthvað sé gert í þessu efni til þess að létta undir með afkomu bændastéttarinnar.

**Magnús Torfason** (óyfirl.): Ég vil leyfa mér að mæla með brtt. á þskj. 812. Ég álít, að það þurfi ekki að fara mörgum orðum um þá till. Það hefir verið talað mikið um að hjálpa bændum, eins og þeir eiga örðugt uppdráttar. Og hvað sem því líður, þá er víst um það, að ef á að gera það, þá verður það á engan hátt gert betur en með því að hjálpa bændum til að rækta landið. Það er sú hjálp, sem að haldi kemur til langframa. Þess vegna legg ég áherzlu á, að þessi till. verði samþ., ekki vegna þess, að hér sé um verulega fjárhæð að ræða, heldur vegna þess, að ef þessi till. verður samþ., þá er því máli, sem fram var borið af hálfu Bændafl., snúið á rétta leið, og þessi till. er þá nokkurskonar vísir að því. Ég vænti því fastlega, að hv. d. líti svo á, að það sé rétt að samþ. eitthvað í þessa átt, og það er vissulega rétt braut, sem hér er farið út á.

ATKVGR.

Brtt. 812 felld með 25:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JónP, JS, MT, PO, GTh, HannJ.

nei: JG, ÓTh, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, SK, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, HV, JakM, JörB.

Einn þm. (JJós) fjarstaddur.

Brtt. 893 samþ. með 17:10 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 66. fundi í Ed., 19. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 899).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 907).

---

## 33. Mjólkursala og rjóma o. fl.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.** (stjfrv., A. 31).

Á 5. fundi í Ed., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Ed., 9. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég get verið fremur fáorður um þessi bráðabirgðalög. Saga þessa máls er að mörgu leyti hin sama og kjötsölumálsins.

Ég hygg, að ein af fyrstu tilraununum til að koma skipulagi á mjólkursölu hér í Reykjavík hafi verið gerð með lögum nr. 47 frá 1917. Þar er bæjarstj. heimilað að koma skipulagi á mjólkursöluna og ráða búðafjöldanum í bænum. Þessi lög, sem bersýnilega voru sett til þess að draga úr milliliðakostnaðinum í bænum, náðu ekki tilgangi sínum, vegna þess að bæjarstj. Rvíkur

reyndist alltaf ófáanleg til að notfæra sér þessi lög. Afleiðingin af því varð sú, að útsölustöðum hefir stöðugt fjölgað. Og þrátt fyrir það, þótt svo sé ákveðið í reglugerð samkv. l. frá 1917, að mjólkurbúðir hér í Rvík skuli ekki vera fleiri en 12, þá eru þær samkv. leyfum frá bæjarstj. Rvíkur orðnar um 80 talsins.

Það er talið af þeim, sem kunnugir eru þessu máli, að af þessari óreiðu á sölunni muni fara í óbeinan kostnað um ½ millj. kr. Þetta er álit forstjóra Mjólkurfél. Rvíkur, sem er málinu manna kunnugastur. En jafnframt þessum erfiðleikum á vegi framleiðendanna hafa komið aðrir nýir. Þótt framleiðslan hafi aukizt, hafa ekki jafnhliða verið opnaðir möguleikar til að selja með sæmilegu verði þær vörur, sem unnar eru úr mjólkinni. Erlendur markaður er ekki til fyrir þessar afurðir, og það hefir ekki þótt fært að hækka verðlag á þessum unnu afurðum svo mjög, að það kæmist til samræmis við neyzlumjólk, sem seld er daglega í bænum.

Þetta er nú m. a. orsökin til þess, að búðum hefir fjölgað svo mjög sem raun er á, — kapphlaupið að koma neyzlumjólkinni út, vegna þess að mjólkurafurðir seljast ekki með eins háu verði og mjólkin sjálf.

Þetta mál var tekið upp á þinginu 1933, og voru þá samþ. lög nr. 97. Þau voru með allt öðru sniði en frv., sem fram kom um þetta efni. Er sérstaklega vert að benda á það, og mun ég ef til vill fara frekar út í það undir þessum umr., hvaða leið ætlazt var til að fara með því frv., sem var tilefni þess, að þessi l. voru samþ. En jafnframt var málið tekið upp af fundi kaupfélagsstjóra, sem haldinn var í marzmánuði 1933, og þá bent á þá leið í þessu máli, sem aðallega hefir verið stuðzt við síðan.

Samkv. þáltill. á aukaþinginu 1933 var skipuð nefnd í afurðasölumálið; tók sú nefnd málið til meðferðar og lauk meðferð þess í byrjun sept. s. l. Samkv. því nál. í aðaldráttunum eru þessi l. sett. Höfuðatriði þeirra er það, að samkv. 1. gr. er landinu skipt í verðlagssvæði.

Samkv. 2. gr. frv. á öll sala á mjólk í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem viðurkennd mjólkurbú geta annazt söluna, að vera háð verðjöfnunargjaldi. Með því er tilætlunin sú að standast þann verðmismun, sem er á þeirri, sem seld er til vinnslu, og neyzlumjólk. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir, að kapphlaupið um mjólkurmarkaðinn verði of mikið, — að framboðið verði meira en eftirspurnin og verðlagið þar af leiðandi lækki.

Reyndar má segja, að þessi staðhæfing komi að nokkru leyti í bága við reynsluna á undanförnum árum, vegna þess að verðlag á mjólk til neytenda er svo hátt. En þetta hefir komið fram í því, að búðafjöldi hefir farið fram úr öllu hófi og milliliðakostnaður orðið svo mikill, að framleiðendur hafa sætt lágu verði, þrátt fyrir hið háa verð til neytenda. Samkv. 3. gr. á að leggja verðjöfnunargjaldið í sérstakan sjóð, sem á að nota til þess að bæta upp verðlag á þeirri mjólk, sem notuð er til vinnslu. Útsöluverð á mjólk á að ákveðast af 5 manna nefnd á hverju verðjöfnunarsvæði, sem skipaðir eru samkv. ákvæðum 4. gr. Það, sem e. t. v. þykir einna mest nýmælið í þessum lögum og kann að verða deilt einna mest um, er það ákvæði í 5. gr., að alla mjólk á að selja gegnum eina sölumiðstöð. Og í öðru lagi, að öll mjólk á að gerilsneyðast nema sú, sem sérstaklega er undanþegin samkv. ákvæðinu um sjúkramjólk og barnamjólk. Að ágreiningur kunni helzt að verða um þetta atriði, marka ég á því, að leiðir þær, sem farnar eru í ýmsum löndum, þar sem svipað skipulag hefir átt sér stað, eru einmitt nokkuð misjafnandi í þessu efni. Og í frv. 1933 var einmitt gert ráð fyrir nokkuð annari leið. Eins og hv. þm. hafa veitt athygli, er í þessu frv. ákveðið, að mjólkurframleiðendur í lögsagnarumdæmi Rvíkur eigi að vera undanþegnir verðjöfnunarskatti, ef þeir hafa einn hektara fyrir hverja kú. En hinsvegar er þeim gert að skyldu að selja mjólkina gegnum sölumiðstöð.

Í frv., sem borið var fram 1933 og ekki náði samþ. nema að nokkru leyti, var gert ráð fyrir, að lagt yrði 5% gjald á alla mjólk, sem framleidd er til sölu og neyzlu, en Rvík var ekki sérstaklega undanþegin. En hinsvegar áttu þá framleiðendur í lögsagnarumdæmi Rvíkur að vera undanþegnir því að gerilsneyða mjólkina og selja gegnum sölumiðstöð. Samkv. þeim viðtölum, sem ég hefi átt við mjólkurframleiðendur í lögsagnarumdæmi Rvíkur, virðist mér, að þeir muni heldur kjósa að vera lausir við skattinn og selja gegnum sölumiðstöð; og ég hygg, að framleiðendur utan Rvíkur kjósi heldur þessa leið.

Um þessar tvær leiðir má óneitanlega talsvert deila. Kosturinn við þá aðferð að leyfa mjólkurframleiðendum hér í lögsagnarumdæmi Rvíkur að selja beint, er fyrst og fremst sá, að þeir losna við milliliðakostnað. Þó ber á það að líta, að eftir því, sem þeir sjálfir skýra frá, verður þeim dreifingin alldýr, þó að þeir selji mjólkina beint. Margir þurfa beinlínis að halda menn til að flytja mjólkina. Í öðru lagi kvarta þeir undan því, að kostnaður við að halda framleiðslunni jafnri árið um kring sé mjög tilfinnanlegur. Ennfremur má geta þess, að þarna koma til greina heilbrigðisráðstafanir, sem ekki eru lítils virði, með því að selja mjólkina gerilsneydda. Með einni sölumiðstöð er hægt að fylgjast nákvæmlega með neyzluþörfinni á hverjum tíma, og þá hægt að leyfa þeim framleiðendum í nágrenni bæjarins, sem hafa selt beint og kosta miklu til jöfnunar á framleiðslu sinni, að hafa ójafna framleiðslu og jafna hana með aðfluttri mjólk á hverjum tíma. Með því má koma í veg fyrir, að mikið af mjólk fari í afgang, spillist og skemmist, og að mjólk úr lögsagnarumdæmi Rvíkur og nágrenni verði notuð til vinnslu. En þá mjólk á að nota eingöngu sem neyzlumjólk, en vinna úr þeirri mjólk, sem fjær er, en kosta ekki til flutnings á henni til bæjarins. — Ég minnist á þessi atriði nú, þótt það eigi tæpast við nú við 1. umr. Ég geri það vegna þess, að ég álít, að þau geti valdið nokkrum ágreiningi, en ég tel þau nauðsynleg skipulagningu mjólkursölunnar. En annars ætti frv. að geta komizt til 2. umr. án mjög mikilla umræðna.

Hv. 1. þm. Reykv. minntist á það í gær, að vita-

vert væri, hve mörg bráðabirgðalög stj. hefði sett síðan hún kom til valda. Þessu var svarað þá þegar að því er kjötsöluna snerti. Í sambandi við aðfinnslur um mjólkursölulögin var þess getið, að sum ákvæði þeirra kæmu ekki til framkvæmda fyrr en um áramót. Ég þyrfti í raun og veru ekki að koma með annað svar en það, að þessi lög um kjötsöluna og mjólkursöluna eru bráðabirgðalög meir að forminu til en nokkur önnur bráðabirgðalög, sem hafa verið sett. Og út af þeim ummælum, að þingmönnum sé misboðið með því að setja þessi bráðabirgðalög, vil ég benda hv. minni hl. á, að einmitt um þessi tvenn lög var samið sérstaklega, þegar þm. komu saman til fundar í sumar. Frá l. var gengið þá í öllum höfuðatriðum, og þess vegna liggur fyrirfram vilji þingmanna fyrir þessum lögum. Það er beinlínis samningsatriði milli þeirra flokka, sem með völdin fara, að setja þessi lög, og eru þau þar með sett samkv. fyrirlagi meiri hl. Alþingis. Og það má hiklaust segja um þessi bráðabirgðalög um mjólkursöluna, að það varð ekki komizt hjá að setja þau. Stj. átti í raun og veru um þrjár leiðir að velja. Fyrsta leiðin var sú, að ganga algerlega framhjá þeim l., sem nú gilda um mjólkursölu, og virða þau að vettugi. Ekki býst ég við, að þingið hefði viljað fallazt á þá leið. Önnur var sú, að framkvæma lögin, sem gilda um mjólkursölu, og setja á stofn fyrirkomulag samkv. þeim þennan stutta tíma, sem mátti búast við, að þau yrðu látin gilda. Því að vitanlega eru þau lög í höfuðatriðum óframkvæmanleg. Af framkvæmd þeirra hefði þegar leitt það, að vaxið hefði upp í nágrenni Rvíkur heil borg af fjósum. Það var farið að bera á því, að bændur, sem höfðu búslóð sína austur í sveitum, keyptu hér lóðir, til þess að geta selt mjólk hér beint úr fjósinu, en ætluðu að flytja heyið að austan. Ýmsir álíta, að þesskonar mjólkursala sé til sérstakrar fyrirmyndar. En ég vil benda á, að þegar rannsökuð var mjólk, sem seld var eða framleidd hér í Rvík, þá reyndist það einmitt þannig, að þessar „mjólkurverksmiðjur“, ef svo má segja, framleiddu langversta mjólk. Þetta er af því, að þegar flytja á að allt fóður í þessi geysistóru fjós, leiðir það til þess, að fóðurbætir er notaður miklu meir en góðu hófi gegnir. Hvað eftir annað s. l. vetur komst fitumagn þessara „mjólkurverksmiðja“ niður í 2,5%, þó að lágmarkið eigi að vera 3,3%.

Það kom því ekki til mála, að áliti ríkisstj., að framkvæma þessi lög, til þess að koma á stað fyrirkomulagi, sem þurfti að rífa niður aftur. Einasta leiðin var sú, sem meiri hl. Alþ. grundvallaði í sumar, að fella þessi lög úr gildi og byrja á þeim lögum, sem meiri hl. var samþykkur.

En hitt atriðið, að einstök ákvæði laganna komi ekki til framkvæmda, — en um það hefir talsvert verið rætt, m. a. af hv. 1. þm. Reykv. í gær og einnig í blöðunum — það stafar af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki hægt að framkvæma svona lög fyrirvaralaust. M. a. má benda á það, að því skipulagi mjólkursölunnar að gerilsneyða alla mjólk, er ómögulegt að koma í framkvæmd á skemmri tíma en þrem til fjórum mánuðum, að áliti þeirra manna, sem við þessi mál fást. Í þessu sambandi má benda á, að framleiðendur mjólkur í nágrenni Rvíkur, eru ekki í neinu mjólkurfélagi, þar sem þeir geti fengið mjólkina gerilsneydda. Það liggur því fyrir, að þeir komi málum sínum þannig fyrir, í félagi við mjólkurbúin, sem fyrir eru, að þeir geti gerilsneytt mjólk sína.

Í öðru lagi er það atriði, að selja mjólkina frá einni sölumiðstöð. Það er sömuleiðis ómögulegt nema með talsverðum undirbúningi. Ef ríkisstj. hefði hinsvegar ekki sett þessi bráðabirgðalög, þá hefðu lögin um meðferð og sölu mjólkur og rjóma ekki komið í gildi fyrr en um áramót, og þar af leiðandi ekki verið hægt að framkvæma þau fyrr en komið var fram undir vor, en að vetrinum er einmitt mest þörf fyrir skipulagningu á mjólkursölu. Með því að setja þessi bráðabirgðalög er þessu máli flýtt sem frekast er unnt, og að mínu áliti er þess fyllilega þörf. Nágrannaþjóðir okkar hafa gripið til þessara ráða fyrir löngu, og m. a. Englendingar, sem manna sízt hafa gripið til þeirra ráða að lögþvinga skipulag á verzlun sína, komu á hjá sér í október 1933 skipulagi, sem ekki er ósvipað því, sem gert er ráð fyrir í þessum lögum.

**Magnús Jónsson:** Ég vil fyrst minnast með örfáum orðum á svar hæstv. forsrh. við ræðu minni í gær, þar sem ég átaldi það, að stj. hefði farið nokkuð freklega í að setja bráðabirgðalög, og nefndi ég þar þessi lög sérstaklega. Mér fannst svar hæstv. ráðh. miklu frekar benda í þá átt, að aths. mínar hefðu haft við full rök að styðjast hvað þessi lög snertir. Það er óhugsandi, að hæstv. forsrh. geti komið nokkrum manni til að trúa því, að mál eins og þetta hefði þurft að afgr. með bráðabirgðalögum, og sízt þegar á það er litið, að þau eru „gerð á Skaganum“ 10. sept. 1934, eða m. ö. o. 20 dögum áður en þing kemur saman. Þau atriði, sem hæstv. forsrh. nefndi að hefðu unnizt við þessi bráðabirgðalög, hefði alveg eins verið hægt að framkvæma án nokkurra lagasetninga, með því að skipa nefnd til undirbúnings málinu. Það getur verið, að framkvæmd laganna hefði dregizt eitthvað við það, en það er bara ekki framhjá slíku hægt að komast. Það er hálfhlægilegt, að í forsendum fskj. stendur, að ástandið sé með öllu óviðunandi og þurfi „skjótra aðgerða um lagfæringu þess“, því að málið hefir verið á döfinni frá árinu 1917, og nú allt í einu má það ekki bíða 20 daga til þess að frv. geti komið fram fyrir þingið.

Maður fór að skilja, hvað hæstv. forsrh. fór, þegar hann sagði, að lögin væru ekki bráðabirgðalög, því að þau hefðu verið samin á flokksfundum Framsfl. og Alþýðufl. um það leyti, sem stj. var mynduð. Ef hann álítur, að svona flokksfundir hafi löggjafarvald, þá er skiljanlegt, að hann sé nokkuð djarfur við að gefa út bráðabirgðalög, og að stj. sé ekki annt um, að þingið sé skipað að lögum. Ég skildi ekki það, sem hæstv. forsrh. var að vitna í Englendinga í þessu sambandi, því að þó að þeir skipuleggi mjólkursölu hjá sér, upplýsist ekki, að þar hafi verið um bráðabirgðalög að ræða, en það var það atriði, sem um var að ræða í þessu sambandi.

Annars virtist mér hæstv. ráðh. tala friðsamlega fyrir þessu máli og á þann veg, að gefi von til nokkurs samkomulags. Hann ræddi um ýmsar leiðir, sem hægt væri að fara í þessu efni, og mér þykir mega vænta, að undir meðferð málsins megi koma að ýmiskonar lagfæringum á þessu frv. Ég skal viðurkenna, að rétt sé að skipuleggja þetta að einhverju leyti, til þess að bæta úr ágöllum, sem kunna að vera á mjólkursölu, og eins hvað snertir fjölda mjólkurbúðanna, sem eru vafalaust allt of margar, þó að ég geti ekki fallizt á, að hér fari hálf millj. í súginn, því að það hlýtur að vera hin fáránlegasta fjarstæða. — Ég er sem sagt mjög fús til þess að ganga inn á samkomulag í þessu efni, svo framarlega, sem málið verður þá betur og skipulegar til lykta leitt.

Mér skilst, að það séu þrjú atriði, sem aðallega koma til greina í þessu frv. Í fyrsta lagi að selja mjólkina hér eftir gegnum eina sölumiðstöð á hverjum stað. Í öðru lagi, að skyldugt sé að gerilsneyða alla mjólk hér í bænum, og svo í þriðja lagi verðjöfnunarskattur, sem greiða á af allri mjólk nema þeirri, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kauptúns eða kaupstaðar, sem hún er seld í.

Mér finnst strax koma fram hugsunarveila í þessu frv., því að hér er blandað saman allri mjólk, bæði þeirri, sem framleidd er í bænum, og þeirri, sem framleidd er utan hans. Það er augljóst, að ekki nær nokkurri átt að láta sömu reglur gilda um þá mjólk, sem framleidd er í bænum, og þá, sem flutt er að. Það hafa verið gerðar nokkrar skýrslur um, hve mjólkurneyzla væri mikil í bænum, og mun hún vera um 6 millj. lítra á ári. Þar af er ⅓ framleiddur af bæjarmönnum sjálfum og ⅔ aðflutt. Það er því augljóst, að mjólkurframleiðsla hér í bænum er orðin svo verulegur hluti af allri mjólkurframleiðslu fyrir bæinn, og mjólkurmagnið er það mikið, að rétt er að skipuleggja hvort út af fyrir sig.

Það má segja með fullum rétti, að sá mjólkurmarkaður, sem hér er fyrir hendi í Rvík og skipuleggja þarf, er sá markaður, sem verður eftir, þegar frá er talin sú mjólk, sem Reykvíkingar framleiða sjálfir. Það á enginn neinn rétt á þeim markaði, sem Reykvíkingar geta fyllt sjálfir. Það er því 4 millj. lítra, sem koma undir þetta frv.

Um framleiðslu Reykvíkinga sjálfra er það að segja, að þeir hafa brotizt í því að rækta landið hér í kringum bæinn, og eru það einhverjar hinar stórfelldustu jarðræktunarframkvæmdir á öllu landinu. Þetta hefir kostað afskaplega mikið, sennilega miklu meira en ræktun annarsstaðar á landinu, því að t. d. er kaupgjald hér hærra, og það er þess vegna óhugsandi, að þeir, sem framleiða mjólk á þessu landi, geti staðið sig við að fá fyrir hana sama verð og aðrir, sem framleiða mjólk undir miklu hentugri kringumstæðum. Til skamms tíma var hærra verð á mjólk framleiddri hér. Mjólkurframleiðendur hér fengu 5 aurum hærra fyrir lítra, því að meðan engin tök voru á að hreinsa mjólkina, var aðflutta mjólkin miklu lakari. Nú upp á síðkastið hefir hún þó verið seld fyrir sama verð, en Reykvíkingar hafa þó fengið hærra verð fyrir sína mjólk með því að forðast kostnað, sem aðrir verða að hafa.

Ef maður skilur nú þessa tvo aðila að, sem alls ekki eiga samleið, þá er það augljóst, hvað gera þarf við mjólk, sem er framleidd á bæjarlandi Rvíkur. Það þarf fyrst og fremst að sjá um, að hún sé holl vara, en mjólkin er aldrei hollari en þegar hún kemur úr kýrspenanum, ef kýrin er heilbrigð og engin óhreinindi komast að henni og sé hún seld ný. Það þarf að fyrirskipa nákvæma skoðun á kúm, sérstaklega berklaskoðun. Mér er sagt, að á Siglufirði og Akureyri sé þetta framkvæmt annaðhvert ár. Það mætti fyrirskipa árlega skoðun í Rvík. Það kostar tiltölulega lítið, 3 kr. í hvert skipti. Síðan mætti fyrirskipa eftirlit með hreinlæti. Ef eftirlit, eins og ég hefi bent á, væri framkvæmt hér, þá er sú mjólk, sem framleidd er hér og seld beint til kaupendanna, hollust og bezt. Ég tel það ekki betri öryggisráðstafanir að glundra mjólkinni saman við aðra mjólk, og þá oft gamla, og gerilsneyða hana síðan. Það er brýnt fyrir mönnum, að börnum eigi ekki að gefa gerilsneydda mjólk, af því að gerilsneyðingu fylgja ókostir, og ef mjólk er hollari ógerilsneydd fyrir börn, þá er hún það líka fyrir fullorðna. Nú er engin meining í að skylda þá menn, sem geta komið mjólkinni sem hollri vöru til neytenda með svona lítilli ráðstöfun, til að glundra henni saman við aðra mjólk, einungis til að auka kostnaðinn og gera vöruna lakari.

Viðvíkjandi sölu mjólkurinnar, þá er mér ómögulegt að skilja, hvað það á að þýða að taka mjólkina frá mönnum, sem hafa fasta viðskiptavini, og neyða þá til að selja hana frá mjólkurmiðstöð. Með því virðist ekkert unnið nema óþarfur milliliðakostnaður. Flestir þessara manna hafa fáar kýr og skipta við fá ákveðin heimili, og er ekki minnsta ástæða til þess að trufla þessi beinu viðskipti og skylda þá til að borga allmikið sölugjald í staðinn.

Ég þykist þá hafa sýnt fram á, að þetta tvennt, gerilsneyðing og skylda til að selja frá einni miðstöð, á hvorugt við um þá mjólk, sem framleidd er á bæjarlandinu, en er aftur á móti aðeins til þess að auka kostnaðinn og gera vöruna lakari.

Næsta atriðið er verðjöfnunarskatturinn, hvort nokkur ástæða er til þess að leggja hann á mjólk, sem framleidd er á bæjarlandinu. Hæstv. forsrh. hefir gengið inn á það, og er það mjög góðra gjalda vert, að undanþiggja skatti mjólk úr þeim kúm, sem fóðraðar eru með fóðri af bæjarlandinu. En mér er óskiljanlegt, að þessi ívilnun skuli aðeins vera látin ná til nokkurs hluta framleiðslunnar. Ég hefi lýst eftir ástæðum, en ekki heyrt þær ennþá, en það kann að vera í sambandi við það, að hann var að tala um heilan bæ af fjósum, sem hér mundi rísa upp, til þess að menn þannig kæmust undan að greiða skatt. Ef þetta er eina ástæðan, þá þykir mér seilzt um hurð til loku, því að auðvitað eru til fjöldamargar afareinfaldar ráðstafanir gegn þessu. Þessir menn þyrftu að fá lóðir og sækja um leyfi til að byggja, til þess að geta framkvæmt þetta. Bærinn gæti því hindrað

þetta gersamlega. Það má heita, að engin brögð hafi verið að þessu, og ég hefi heyrt talað um aðeins eitt kúabú, sem hafi verið flutt hingað að austan, og ef það færðist í aukana, þá eru til ofur einfaldar ráðstafanir til að varna því. Aðrar ástæður get ég engar séð til þess arna. Að miða þetta við einn hektara lands er ekki sanngjarnt. Hér hafa menn kapprækta land sitt svo vel, að þeir fá meira en eitt kýrfóður af hektaranum, stundum allt að því tvö, og þá er þessi mælikvarði ekki réttur, að miða kúafjöldann við tölu hektaranna. Auk þess er það ekki sanngjarnt. Ef t. d. maður hefði fengið 10 hektara af erfðafestulandi og ætlaði að rækta þá, þá verður hann, á meðan hann er að koma ræktuninni á, að borga verðjöfnunarskatt af þeim kúm, sem hann hefir, á meðan hann verður að nota aðflutt fóður. Þetta er ákaflega erfitt fyrir mann, sem verður að leggja mikið í kostnað við ræktun. Ég sé ekki heldur, hvaða ógnar athæfi það er, þó að menn vilji hafa kúabú og kaupa hey þar, sem það er ódýrast. Þetta er gert alstaðar. Ég miða við Rvík, af því að ég er kunnugastur hér. Úti um land er það víða svo, að menn kaupa fóður eða heyja sjálfir utan bæjarlandsins, því að það er oft hentugra en að leggja í kostnað við að rækta sjálft bæjarlandið.

Ég sé ekki, hvers vegna bæjarbúar mega ekki eiga sinn markað án þess að gjalda skatt af honum. Ég ætla að lýsa því með örfáum orðum, hvaða þýðingu þetta hefir fyrir mjólkurframleiðendur, og miða þá aftur við Rvík. Mér er sagt, að kostnaðurinn hjá Mjólkurfélagi Rvíkur sé 14 aurar á lítra við gerilsneyðingu, sölu og dreifingu. Nú er sagt, að með því að fækka búðunum og koma öllu í þetta fína horf komist þessi kostnaður niður í 8 aura. Ég er ákaflega hræddur um, að þetta standi ekki heima, því að reynslan virðist vera sú, að kostnaðurinn verður meiri en áætlað er. Ég hefi heyrt vitnað í Akureyri í sambandi við þetta, að þar sé kostnaðurinn 6 aurar á lítra. Ég þori ekki að dæma um, hvernig aðstaðan er þar í samanburði við þá aðstöðu, sem hér er. Mér er sagt, að Kaupfélag Eyjafjarðar hafi þetta með höndum, og get ég hugsað mér, að það sameini fyrirtækin, noti hús og vinnukraft þannig, að kostnaðurinn lækki. Ég er ákaflega hræddur um, að sá kostnaður, sem hefir reynzt hér 14 aurar á lítra undir öflugri stjórn, muni ekki lækka ofan í 7—8 aura, þó að þessi skipulagsbreyt. verði gerð. En þó svo yrði, þá er þessi skattur samt 160 til 200 þús. kr. Það er alveg tvímælalaust, að svona skattur, á ekki stærri atvinnuveg, sem rekinn er með jafnmiklum kostnaði og þessi, er hreinasta rothögg á framleiðsluna. Ef það er meiningin með þessum lögum að veita mjólkurframleiðslu Reykvíkinga rothögg, þá er þetta rétt aðferð, en sé það ekki meiningin, má ekki leggja þennan skatt á. Hér eru því 160—200 þús. kr. á lagðar engum að gagni, en mörgum að ógagni, með því að gera vöruna heldur lakari og fyrirkomulagið verra.

Ég vona, að hæstv. ráðh., sem tekið hefir tillit til óska bæjarmanna um að fella niður verðjöfnunargjald af nokkrum hluta mjólkur, sem framleidd er í bæjarlandinu, líti líka á þessa ástæðu. Ofan á þetta kemur svo verðjöfnunargjaldið, en það kemur þó einhverjum að gagni, í staðinn fyrir að hinum peningunum er kastað til einskis. Það verður þess vegna til þess að eyðileggja að nokkru leyti þá framleiðslu, sem fyrir er, stöðva framþróun í þessari atvinnugrein bæjarmanna.

Hæstv. ráðh. minntist á það í þessu sambandi, að Reykvíkingar, sem framleiddu mjólk í bæjarlandinu, jöfnuðu þann mismun, sem er á framleiðslunni á mismunandi tímum ársins, með aðfluttri mjólk. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, þá eru það einmitt mjólkurframleiðendurnir í Reykjavík, sem stuðla að því, að mjólkin sé nokkurnveginn jafnmikil á öllum tímum árs. Fyrir nokkrum árum voru vandkvæði á að hafa nægilega mjólk til að fullnægja eftirspurn hér í Reykjavík á haustin. En síðan mjólkurframleiðslan í Rvík hófst hefir þetta lagazt, og það er af því, að hér eru kýrnar látnar bera fyrr heldur en bændur yfirleitt fást til að láta sínar kýr bera. Þeir hafa þannig jafnað mjólkurframleiðsluna, svo að nú ber ekki á neinum mjólkurskorti á haustin.

Ég hefi þá bent á, hvað ég álíti, að gera eigi við þennan aðila, bæjarmennina og þeirra framleiðslu. Það á að fyrirskipa skoðun á kúnum og eftirlit á hreinlæti í fjósum, og þá er fengin sú bezta vara, sem hægt er að fá.

En svo eru eftir ⅔ hlutar af markaðinum. Það eru, eftir því sem talizt hefir til, 4 millj. lítra á ári, og það er þessi mjólkursala, sem á að skipuleggja. Þá mjólk, sem aðflutt er í bæinn, verður að gerilsneyða. Það er óforsvaranlegt að hella svo mikilli mjólk saman án tillits til þess, hvernig hvert heimili er. Og þessir menn, sem flytja mjólk sína í bæinn, verða vitanlega að selja sína mjólk með millilíðum. Það er ómögulegt fyrir bændur, t. d. fyrir austan heiði, að hafa fasta viðskiptamenn.

Það er því þessi partur mjólkurinnar, sem þessi mjólkurlög eiga við, og ég hygg, að þetta frv. sé í flestum atriðum heppileg lausn á mjólkursölumálinu að því er aðflutta mjólk snertir. Ef svo þessir menn vilja leggja á verðjöfnunarskatt, til þess að jafna verðið og halda of mikilli mjólk frá markaðinum, þá er engin ástæða fyrir mig til að leggja stein í götu þess. Það miðar að vísu heldur til þess að halda uppi verðinu, en hinsvegar óska ég þess vegna neytendanna, að mjólkurverðið lækki. En sú lækkun gæti orðið til þess að framleiðslan minnkaði, en það álít ég ekki borga sig, og get ég því ekki verið á móti því, að þessi verðjöfnunarskattur sé lagður á aðflutta mjólk. Það er því rökrétt afleiðing af því, sem ég hefi sagt, að mjólkin skiptist í tvo flokka, eftir því hvort hún er framleidd í Rvík eða er aðflutt. Í Rvík þarf ekki annað en að fyrirskipa um hollustuhætti mjólkur, en þessi l. eiga við þá mjólk, sem flutt er að. Ég mun þess vegna fara fram á, að þetta frv. sé látið gilda aðeins um aðflutta mjólk til Rvíkur, en svo önnur ákvæði gefin um það, hvernig fara eigi með mjólk, sem framleidd er í Rvík, þannig að tryggt sé, að hún sé jafnan holl og góð vara.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég gerði það af ásetningi að hafa framsöguræðu mína um þetta frv. stutta og sleppa fjöldamörgu, sem ég hefði kosið að ræða um jafnvel við 1. umr., til þess að komast hjá því, ef hægt væri, að tefja umr. um þetta mál við 1. umr. Ég skal því svara hv. 1. þm. Reykv. mjög stutt.

Hann minntist á það, að þessi bráðabirgðal. væru óþörf. Ég hefi fært fram þau rök fyrir því, sem ég tel nauðsynleg, og sé því ekki ástæðu til að endurtaka þau, en vil aðeins benda á það, að mjólkursölunefndin, sem nú er fullskipuð, hefir það vald samkv. l., sem önnur n., skipuð af stj., mundi ekki hafa haft. Hún er þegar byrjuð á að rannsaka möguleika fyrir sameiginlegri gerilsneyðingu fyrir nágrenni Rvíkur og hvernig henni verði fyrir komið, og mun hún gera ráðstafanir í þá átt, að salan geti orðið skipulögð um áramót.

Viðvíkjandi því, að ekki hafi verið tilhneiging til þess að flytja kýr inn í lögsagnarumdæmi Rvíkur og selja mjólkina beint, verður að standa staðhæfing á móti staðhæfingu. Mér er vel kunnugt um það. En þegar sýnt var, að þetta fyrirkomulag átti ekki að gilda, hættu menn vitanlega við að flytja fjós sín inn í lögsagnarumdæmi Rvíkur. (**MJ**: Það má gera nógar ráðstafanir móti því). Á þær ráðstafanir hefir ekki sérstaklega verið bent, og vitanlega er ekki hægt að gera ráðstafanir gegn því nema á þann hátt að leggja verðjöfnunarskatt á mjólkina gegnum sölumiðstöð, eins og gert var ráð fyrir í frv., sem lagt var fram á þingi 1933 af fyrrv. varaformanni og núv. formanni Sjálfstfl., og það sýnir, hvað flokkurinn er skiptur í þessu efni. Fyrrv. varaform. flokksins ber fram frv. um að leggja verðjöfnunarskatt á alla mjólk, sem framleidd er í Rvík, en þá kemur hv. 1. þm. Reykv. og mælir því í gegn. Þessir hv. þm. hafa alveg samskonar hlutverk í þessu máli, annar talar fyrir Rvík, en hinn talar fyrir sitt kjördæmi.

Hv. 1. þm. Reykv. benti á það m. a., að það væri alger óþarfi að gerilsneyða mjólk, sem framleidd væri í Rvík. Þetta er út af fyrir sig staðleysa, sem ekki hefir við nokkur rök að styðjast, vegna þess, að hér utan við lögsagnarumdæmi Rvíkur er framleidd mjólk, t. d. á Seltjarnarnesinu, sem er nær bænum heldur en sú mjólk, sem framleidd er innan lögsagnarumdæmis Rvíkur. Þessir framleiðendur hafa því betri aðstöðu til þess að flytja mjólkina ógerilsneydda og óskemmda heldur en sumir þeirra, sem framleiða hana innan lögsagnarumdæmis Rvíkur.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, að ekki eigi að leggja verðjöfnunarskatt á þá mjólk, sem framleidd er innan lögsagnarumdæmis Rvíkur, er það að segja, að alstaðar þar, sem þessi sala hefir verið skipulögð, hefir verið gengið það feti framar en hér, að það hefir verið lagt verðjöfnunargjald á mjólk, hvort sem hún var framleidd nær eða fjær bæjunum, einmitt vegna þess, að þessi l. eru ekki síður sett í þágu framleiðendanna í bæjunum og í námunda við bæina heldur en þeirra, sem fjær eru, til þess að losa þá við óeðlilegt og of mikið framboð þeirra, sem framleiða mjólkina fjær. Þess vegna er engin leið til þess að skipuleggja mjólkursöluna á annan hátt en að leggja skatt í einhverri mynd á þá, sem eiga að njóta markaðsins á neyzlumjólkinni. Þetta hefir verið gert í Noregi, Svíþjóð og Englandi og hvergi verið farin sú sanngirnisleið, að undanþiggja þá, sem framleiða mjólk á ræktuðu landi, eins og gert er í þessu frv.

Viðvíkjandi dreifingarkostnaðinum vil ég taka það fram, að með því að skipuleggja dreifingu mjólkurinnar á þann hátt, sem bezt er að skipuleggja, t. d. eins og gert hefir verið á Akureyri, þar sem dreifingarkostnaðurinn er 6 au., þá fer þessi dreifingarkostnaður ekki — a. m. k. ekki neitt verulega — fram úr því, sem hver einstaklingur, er selur beint, hefir af því að dreifa sinni mjólk til neytendanna.

Ég hefi talað við marga af mjólkurframleiðendum í nágrenni Rvíkur, og þeir viðurkenna, að dreifingarkostnaðurinn sé a. m. k. 5 au. á hvern lítra hjá sér, og það þó þeir hafi stór bú. Og reynslan er sú á Akureyri, að þeir, sem selt hafa beint — því þar hefir engin þvingun verið í þessu efni —, hafa smátt og smátt gengið inn í mjólkursölusamlagið, vegna þess að þeir hafa talið það borga sig betur að láta mjólkursölusamlagið sjá um dreifinguna heldur en að gera það sjálfir. — Það hefir verið bent á, að kostnaðurinn við dreifingu hjá Mjólkurfélagi Rvíkur hafi orðið mjög mikill, og er það rétt, en það er ekki til fyrirmyndar. Dreifingarkostnaðurinn á Akureyri sýnir aftur á móti, hvað hægt er að komast í þessu efni, ef málið er vel skipulagt.

Þá minntist hv. 1. þm. Reykv. á, að ranglátt væri að undanþiggja verðjöfnunargjaldi þá mjólk, sem framleidd væri á 1 hektara af ræktuðu landi fyrir hverja kú. Þetta er það, sem framleiðendur innan lögsagnarumdæmis Rvíkur hafa farið fram á, og það byggist á öðru en því, sem hv. þm. vildi vera láta. Þetta byggist á því, að reynsla undanfarinna ára hefir sýnt það, ekki síst í nágrenni Rvíkur, að tilhneiging hefir verið til þess að framleiða mjólk á þann hátt að nota fóðurbæti meira en góðu hófi gegnir. Þetta veldur því, að mikið fé fer út úr landinu fyrir fóðurbæti, sem eyðir okkar dýrmæta gjaldeyri, en skapar enga atvinnu í landinu. Þess vegna er þetta ákvæði beinlínis stílað, og mér þykir líklegt, eða a. m. k. mun stj. stuðla að því, að gerðar verði frekari ráðstafanir til þess að fyrirbyggja slíka framleiðslu á mjólk. Með þessu ákvæði er ýtt undir mjólkurframleiðendur innan lögsagnarumdæmis Rvíkur að rækta land, en sleppa verksmiðjuiðnaði mjólkurinnar, sem átt hefir sér stað, en þarf að útrýma.

Almennt vil ég segja það um málið, að afstaða Sjálfstfl. hefir ekki verið sérstaklega ákveðin. Nú upp á síðkastið hefir komið fram í málgögnum flokksins sérstök umhyggja fyrir neytendum í Rvík. En síðan 1917 hefir bæjarstj., þar sem flokkurinn hefir verið í meiri hl., haft vald til þess að skipuleggja mjólkursöluna til hagsbóta fyrir neytendur, en þeir hafa alls ekkert að því gert í þessi 16 ár annað en að auka búðafjöldann upp í 80, sem hefir orðið til þess að hækka

dreifingarkostnaðinn, og hefir það komið niður á neytendunum. Þetta er verk flokksins í þessu máli. En nú rísa blöð þessa sama flokks upp til þess að láta líta svo út, sem þau beri hag neytendanna sérstaklega fyrir brjósti í þessu máli. En þegar talað er um þetta mál hér, er leikið algerlega tveim skjöldum. Form. Sjálfstfl. ber fram frv. 1933 um að leggja verðjöfnunarskatt á mjólk, sem framleidd er í nágrenni Rvíkur, en svo kemur hv. 1. þm. Reykv. og segir, að þennan skatt megi ekki leggja á framleiðsluna í nágrenni Rvíkur. Þegar svona er talað og breytt, er ekki gott að segja, hvernig maður á að taka á málinu gagnvart þessum flokki, því sannast að segja er ekki gott að vita, hver er hin raunverulega stefna flokksins í þessu máli. Er það stefna flokksins, að ekki megi leggja verðjöfnunarskatt á mjólkurframleiðsluna hér í Rvík, eins og hv. 1. þm. Reykv. heldur fram, eða það, sem komið hefir fram af hálfu form. flokksins?

Um þetta mál skal ég svo ekki fara fleiri orðum, en ég vildi mælast til þess, að við þessa 1. umr. yrðu menn ekki langorðir úr hófi fram, því það gefst tækifæri til að tala um einstök atriði málsins við 2. umr.

**Magnús Jónsson:** Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði í lok ræðu sinnar, vil ég lýsa yfir því, að ég viðurkenni ekki að hafa í ræðu minni farið út fyrir þau mörk, sem látin eru takmarka umr. við 1. umr. mála. Ég fór ekki út í einstök atriði frekar en nauðsyn bar til, en ræddi málið á almennum grundvelli, benti á, að hverju leyti ég teldi frv. gott og að hverju leyti ég teldi breytinga þörf, sem sé að því er snertir framleiðslu mjólkur innan lögsagnarumdæmis Rvíkur. Get ég því ekki fallizt á, að ég hafi lengt umr. um hóf fram. Verð ég að segja, að mér finnst engan þurfa að furða það um þetta gamla ágreiningsmál, þó að haldin sé um það ein ræða við 1. umr.

Mér þótti hin margprísaða lipurð hæstv. ráðh. skríða í felur í síðari ræðu hans. Nú gildir ekkert annað en hnefinn í borðið og: svona skal það vera. Landið skal skiptast í verzlunarumdæmi eins og hér fyrr á öldum, þegar Hólmfastur var hýddur við staur og annað var eftir því. Þá var það siður, þegar vandræði steðjuðu að, að stjórnin skipulagði allt í rústir. Stefnan er sú sama nú, þó að útfærslan hafi ef til vill lánazt eitthvað betur.

Hæstv. ráðh. var enn að verja útgáfu bráðabirgðal. um þetta efni með því að reyna að sýna fram á, hvað n. hefði gert til undirbúnings málinu. En það starf mun ekki hafa verið ýkjamikið, þar sem heill mánuður leið frá setningu bráðabirgðal. þangað til n. var stofnuð. Þegar svo hæstv. ráðh. fór að lýsa störfum n., þá heyrði ég ekki eitt atriði í þeirri upptalningu, sem krefðist lagabreytinga. Hæstv. ráðh. kemst ekki kringum það, að hann hefir seilzt út fyrir nauðsynina með setningu þessara bráðabirgðal. En ég get látið útrætt um það.

Þá undrar það mig, hversu mjög hæstv. ráðh. hugsar í flokkum. Held ég, að hann hafi komið að því fjórum sinnum í síðari ræðu sinni, að form. Sjálfstfl. hafi borið fram till., sem ég hafi talað á móti. Við erum ekki með nein handjárn í Sjálfstfl. Veit ég ekki, hvernig hæstv. ráðh. hugsar. Hann spyr, hver sé stefna Sjálfstfl. í mjólkursölumálinu. Ég svara: Skoðun hvers þm. innan flokksins. Þetta finnst væntanlega hæstv. ráðh., sem er vanur handjárnum, alveg ógurlegt. Ég get skilið það. En nú vil ég líka spyrja hæstv. ráðh.: Hver er stefna Framsfl., t. d. í bannmálinu? Hefir lukkazt að setja svo handjárn á alla framsóknarmenn, að enginn megi þar hafa skoðun á nokkru máli, hversu smátt sem er?

Ég hefi yfirleitt aldrei heyrt neinn þm. tala hér á Alþingi, sem hugsaði eins mjög í flokkum og hæstv. ráðh., því að hann heldur sig geta drepið mál með því að sýna fram á, að form. Sjálfstfl. hafi einhverntíma borið fram frv., sem ég hafi verið á móti. En hversu leitt sem það kann að vera fyrir hæstv. ráðh., þá eru nú samt ekki enn komin á okkur handjárn.

Þá færði hæstv. ráðh. það sem ástæðu gegn því, að aðrar reglur giltu um mjólkurframleiðendur innan lögsagnarumdæmis Rvíkur og utan, að Seltirningar ættu t. d. auðveldara um að koma sinni mjólk óskemmdri á markaðinn en ýmsir framleiðendur innan lögsagnarumdæmis Rvíkur. Þetta er rétt, og verður aldrei hægt að draga svo neina línu, að hvergi verði ósamræmi. En það hafa líka komið fram ákveðnar till. um, að Seltjarnarnes yrði lagt undir bæinn, vegna þess, hvað það ætti margt sameiginlegt við Rvíkurbæ. Ég hefi reyndar alltaf verið á móti þessu, því að eins og ég er fylgjandi sjálfsákvörðunarrétti þjóðanna, vil ég að Seltirningar ráði þessu sjálfir. Þetta kemur líka vafalaust á sínum tíma. En þó að l. geti ekki komið fullkomlega rétt fram gagnvart öllum, er þó sjálfsagt, að sú reglan gildi um hvora, innan- og utanbæjarframleiðendur, þar sem um gerólíkar ástæður er að ræða.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þessi l. um gerilsneyðingarskyldu, söluskyldu og verðjöfnunarskyldu væru jafnt í þágu allra framleiðenda. Ef svo er, þá er það undarlegt, hve menn eru misjafnlega þakklátir því, sem fyrir þá er gert. Ég var t. d. á fundi í fyrradag, þar sem ég held, að flestir mjólkurframleiðendur í Rvík hafi verið saman komnir. Heyrði ég þar ekki eina rödd, sem mælti þessum l. bót. Var það einróma álit manna, að ef þessi l. kæmu til framkvæmda, þá yrði það til þess að leggja í rústir þessa atvinnugrein innan Rvíkur.

Í blöðum þeim, sem næst standa hæstv. ráðh., hefir því verið haldið fram, að samkomulag hefði náðst um þetta mál fyrir einskæra lipurð hans. Mér kom á óvart að sjá þar orðið lipurð. Og dæmi það, sem ég nefndi, sýnir, hverskonar samkomulag hér er um að ræða.

Hæstv. ráðh. sagði, að verðjöfnunarskatturinn væri nauðsynlegur til þess að verjast verðhruni mjólkurinnar. Ég viðurkenni, að hann geti gert gagn í því að halda verðinu uppi. Ég hefi heldur ekkert á móti því, að þeir, sem flytja mjólk til Rvíkur, komi sér saman um, með hverjum hætti þeir vilji hafa mjólkursöluna, komi sér saman um sölumiðstöð, gerilsneyðingu

og annað. Ég hefi ekkert á móti því, að þeir jafni með sér verð mjólkurinnar. En það er að minum dómi óréttlátt, að leggja þessar kvaðir á þá, sem búa innan markaðssvæðisins. Markaðurinn í Rvík miðast ekki við alla þá mjólk, sem þar er notuð, heldur mismun þess, sem neytt er og framleitt í bænum.

Ég er nú ekki kunnugur ástandinu á Akureyri eða ástæðunum fyrir því, að dreifingarkostnaður er þar svo lítill. Þætti mér ekki ólíklegt, að útreikningarnir væru eitthvað skakkir, en ef svo er ekki, þá hlýtur Kaupfélag Eyfirðinga að hafa aðstöðu til þess, t. d. vegna annars atvinnurekstrar sins, að lækka þennan kostnað. Hann er svo lítill, að ég held ekki, að allt geti verið með felldu. Jafnvel formælendum málsins dettur ekki í hug, að kostnaðurinn geti komizt niður í 6 aura hér. Veit ég, að þegar þessi l. eru búin að vera nokkurn tíma í framkvæmd, þá hlæja menn að þessari áætlun hæstv. ráðh. Dreifingarkostnaður verður aldrei undir 10 aurum, ef hann fer þá niður úr 14 aurum. Hann sagði, að nýlega hefðu tveir stórframleiðendur mjólkur komið inn í mjólkursamlagið. Getur það vel verið um þá stóru, að þeir hafi gagn af að vera innan þess, en smáframleiðendur hafa svo lítinn dreifingarkostnað, að hann er ekki teljandi. Verður hann oft enginn. Til dæmis er eitt fjós í nánd við mig, og streymir þangað fólk hvarvetna að með fötur. Þetta er alveg heilbrigt ástand. Fólk fær beztu vöru, nýja og óskemmda án nokkurs kostnaðar. Ef heilbrigðiseftirlit er gott, þá er þetta fyrirkomulag óáfinnanlegt. Og svo á að fara að leggja 160—200 þús. kr. í kostnað til þess að afnema þetta ástand.

Hæstv. ráðh. sagði, að verðjöfnunarskatturinn myndi stuðla að aukinni ræktun. Ef ég hefði t. d. 8 kýr og 3 ha. ræktaðs lands, myndi ég flýta mér að koma ræktuninni upp í 8 ha., til þess að verða skattfrjáls. Þetta getur litið nógu laglega út við fyrstu sýn. Þetta kemur allt heim, ef ekki koma til greina fleiri atriði en í dæminu eru nefnd. En þegar jafnframt á að leggja á menn stórgjöld fyrir að fá að selja mjólk og gerilsneyða, þá munu fáir geta beðið þangað til þeir hafa ræktað þessa 8 ha. og eru orðnir skattfrjálsir.

Hér umhverfis Rvík hafa verið ræktuð upp grýtt holt og fúamýrar, svo að nú eru þar komnir fallegustu blettir. Og nú á, fyrir einskæran þráa sumra manna, að binda enda á þessa þróun, því að sumir þeir, sem þessa ræktun hafa framkvæmt, verða settir í gjaldþrot vegna skulda, sem atvinnurekstur þeirra getur ekki lengur risið undir við þessar nýju álögur. Væri fróðlegt að vita, hvað bankarnir segðu um þetta.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég heyrði, að hv. 2. þm. Eyf. kvaddi sér hljóðs. Mun hann ætla að upplýsa eitthvað um dreifingarkostnaðinn hjá Eyfirðingum, en ég býst ekki við, að þær upplýsingar hafi nein áhrif á mina skoðun.

Að lokum ætla ég að láta í ljós þá ósk, að hv. landbn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, liti með velvilja til þeirra aths., sem ég hefi gert hér, og þoki frv. í þá átt, sem ég hefi lagt til, að gert yrði.

**Einar Árnason:** Ég ætla að segja nokkur orð út af annari ræðu hv. 1. þm. Reykv., um Kaupfélag Eyfirðinga og Mjólkursamlag Akureyrar. Það vill svo vel til, að ég hefi í vasanum skýrslur um starf Mjólkursamlagsins 1933. Af því að hv. 1. þm. Reykv. vefengir reikninga Mjólkursamlagsins og kaupfélagsins, er nauðsynlegt að gefa nokkrar skýringar, því að það kom greinilega fram, að hv. þm. veit ekki, um hvað hann er að tala. Hann kastar fram órökstuddum ummælum og tortryggir reikninga samlagsins. Mjólkursamlagið er sjálfstæð stofnun og hefir sjálfstætt reikningshald. Það ber sjálft uppi allar skuldir, er á því hvíla, og greiðir af þeim vexti og afborganir. Hv. þm. kastaði fram þessum ummælum út af kostnaði þeim, sem Reykvíkingar myndu hafa af því að gerilsneyða mjólk sína og dreifa henni út til kaupenda frá sérstakri miðstöð. Gerði hann mikið úr því, hvílikur kostnaður myndi af þessu stafa. Ég ætla því að upplýsa það, að allur kostnaður Mjólkursamlagsins 1933 varð 5,8 aurar á lítra, að meðtöldum dreifingarkostnaði út um bæinn til neytenda. En dreifingarkostnaðurinn út af fyrir sig nam 2 aurum á lítra. Samlagið lætur dreifinguna í akkorð, og fá þeir menn, sem hana annast, 2 aura á lítra, og verða þeir þá að ábyrgjast að greiða bætur fyrir flöskur, sem ekki er skilað aftur heilum. Getur það því ekki náð nokkurri átt, sem hv. þm. sagði um kostnað þann, sem verða myndi af gerilsneyðingu og dreifingu mjólkur í Rvík.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara mjög út í ræðu hv. þm. En orð hans um Mjólkursamlag Akureyrar eru sýnishorn af því, hversu ábyggilegt það er yfirleitt, sem hann ber fram í þessu máli. Hv. þm. er ákaflega ófróður um þessi mál, — og hvernig ætti annað að geta verið um mann, sem aldrei hefir komið nærri þessum hlutum? Þessi mál eru flóknari en svo, að um þau sé hægt að dæma af engri þekkingu. En frv. það, sem hér liggur fyrir, er eina lausnin á þeim, sem um er að ræða. Ég segi ekki, að ekki megi breyta því til bóta í einstökum atriðum, en aðalstefna þess er áreiðanlega rétt.

**Magnús Jónsson:** Ég neyðist til að bera af mér sakir þær, sem hæstv. forseti bar á mig. Hann sagði, að ég hefði efazt um, að reikningar Kaupfélags Eyfirðinga og Mjólkursamlags Akureyrar væru réttir. Þetta er ekki rétt. Ég tók það fram, að ég vissi ekki, hvernig stæði á hinum lága dreifingarkostnaði þarna fyrir norðan. Ég sagði, að mér þætti sennilegt, að aðrar aðstæður væru þar, sem lækkuðu þennan kostnað, að þar væru notaðir aðrir starfskraftar til að vinna þetta verk. Ég þekki t. d. kaupfélagsstjóranm þar, sem er slyngur maður að stjórna stórum fyrirtækjum. Þykir mér líklegt, að hann geti hagnýtt ýmsa krafta, er geri honum fært að minnka rekstrarkostnaðinn. — Mér þótti það hæpin ályktun hjá hv. þm., að þetta sýndi, að allar mínar upplýsingar væru óábyggilegar. Þær voru alveg réttar, það sem þær náðu.

Hv. þm. gaf nokkrar tölur viðvíkjandi dreifingarkostnaðinum. Sagði hann vera 2 aura á lítra, af því að dreifingin væri unnin í akkorði. En mér þætti þá gaman að vita, hvað þeir menn, sem þetta vinna, græða á verkinu. Ég gæti t. d. fengið byggt hús á ódýran hátt, ef það væri gert í akkorði, sem væri lægra en byggingarkostnaðurinn.

Annars liggur í augum uppi, að þetta má skipuleggja á ódýrari hátt á Akureyri, sem er 10 sinnum minni bær en Rvík. Þessi kostnaður hlýtur að aukast með stærð bæjarins. Þó þykir mér gerilsneyðingar- og dreifingarkostnaðurinn á Akureyri, alls 5,8 aurar, óeðlilega lítill. Ég hefi heyrt, að af 14 aura heildarkostnaði hjá Mjólkurfélaginu fari 5 aurar í gerilsneyðingu. Má vera, að á Akureyri séu notaðar ófullkomnari aðferðir við gerilsneyðinguna. Öðruvísi get ég ekki skýrt þetta.

Þá spurði hv. þm., hvernig ég gæti haft vit á þessum málum, sem aldrei hefði framleitt mjólk. Ég verð að kalla þetta hina heilögu einfeldni sjálfa. Hvernig eiga þá þm. yfirleitt að taka afstöðu til mála? — Ég hefi fyrir mitt leyti fengið upplýsingar hjá þeim mönnum, sem mjólkina framleiða, hefi t. d. nýlega setið margar klst. á fundi með þeim. Ég verð að taka þesskonar afstöðu til ⅑₀ af þeim málum, sem fjallað er um á Alþingi, og slíkt hið sama verða þm. yfirleitt að gera. Þingmannshæfileikinn fer eftir því, hve laginn maður er að afla sér upplýsinga og raða þeim niður. Og þessar upplýsingar mínar munu verða staðfestar af þeim, sem hér eiga hlut að máli. Út frá hugsanagangi hv. þm. mætti t. d. segja: Hvernig ætti hann að hafa vit á mjólkurframleiðslu kringum Reykjavík, þar sem hann hefir aldrei fengizt við hana?

Akureyringar fá að vísu gerilsneyðingu og dreifingu mjólkurinnar fyrir lítið verð, en betra væri þó að fá hana beint frá spenanum. Betra væri að fá hana að kostnaðarlausu en jafnvel fyrir 5,8 aura.

Um afleiðingu þessara l. segi ég hið sama og Höffding heitinn prófessor, þegar hann var spurður, hvort hann héldi, að vér lifðum eftir dauðann. Hann svaraði þessum orðum: „Við fáum að sjá það, þegar þar að kemur“.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að svara hv. 1. þm. Reykv. viðvíkjandi ummælum hans um handjárn og ófrelsi í Framsfl. — Ég hefi nú verið lengi í bæjarstj. Rvíkur, og gæti ég því nefnt dæmi um starfsaðferð Sjálfstfl. Það er lagður fram listi viðvíkjandi því, hvernig ráða eigi málum til lykta. Fulltrúum flokksins er síðan skipað að greiða atkv. í samræmi við það, sem á listanum stendur. Þessi starfsaðferð er staðreynd. Nokkur mál hafa verið afgr. í þinginu á svipaðan hátt. Sem dæmi má nefna, að hv. 1. þm. Skagf. ætlaði að drepa frv. um tóbakseinkasöluna með því að sitja hjá. Þannig hefir jafnan verið farið að í þessum flokki, þegar hagsmunirnir eru í veði. Það er ekkert við því að segja, þótt menn standi saman um hugsjónir, sem þeir berjast fyrir. Aftur á móti er öðru máli að gegna, þegar á aðra hönd eru hagsmunir Rvíkur, en á hina hagsmunir sveitanna.

Í gær sagði sami hv. þm., að hann væri fylgjandi kjötsölumálinu. En aftur á móti ræðst málgagn flokksins á kjötsölulögin. Þetta sýnir mæta vel, hverju bændur ráða í þessum flokki. Þannig er þetta alltaf, þegar hagsmunir framleiðenda eru í tafli, eða annara, sem ekki verða ofan á.

Það er þýðingarlaust að nefna bannlögin í þessu sambandi. Þau eru sérstakt mál, sem samkv. minni skoðun ber að líta í öðru ljósi heldur en mál eins og kjötsölumálið. Bannmálið er eitt af þeim málum, sem ekki eru flokksmál.

Hv. þm. minntist á þá óánægju, sem hann kvað ríkja meðal mjólkurframleiðenda í Rvík. Hann sagði ennfremur, að það væri ekki rétt, að samkomulag hefði náðst um þetta mál. Ég vil segja, að þetta frv. var fyrst gert í samræmi við frv. það, sem hv. þm. G.-K. bar fram hér í þinginu í fyrra. Það gekk út á, að lagður yrði verðjöfnunarskattur á alla mjólk. Þegar frv. kom fram, mótmæltu mjólkurframleiðendur í Rvík og nágrenni þessu verðjöfnunargjaldi. Ég átti tal við félag þeirra, og það skrifaði mér bréf. Í því bréfi kemur fram eindregin andstaða mjólkurframleiðenda félagsins við verðjöfnunarskattinn. Fáum dögum síðar barst mér annað bréf í mótmælaskyni frá mjólkurframleiðendum í lögsagnarumdæmi Rvíkur. Þar er mótmælt aðferð þeirri á skattálagningu, sem fólgin er í frv. því, sem hv. þm. G.-K. bar fram á þinginu 1933 og ætlazt var til, að borið yrði fram á þessu þingi. Þeir gengu því að samningum með því skilyrði, að skattinum skyldi létt af þeim, ef látinn yrði 1 ha. fyrir hverja kú. Síðan er jafnvel byrjað á að losa framleiðendur við að selja mjólkina gegnum eina sölumiðstöð. Vitanlega vilja mjólkurframleiðendur vera lausir við það líka. Til þess var fundur sá haldinn, sem hv. 1. þm. Reykv. sagðist hafa verið á. Hann var haldinn til þess að halda áfram „agitation“.

Það er örðugleikum bundið að benda á, hvernig skipulagning mjólkursölunnar hér í Rvík og nágrenni skuli vera. Ef framlengd verður undanþága frá skatti, verður að selja í gegnum sölumiðstöð. Afleiðingin verður sú, að ómögulegt er að „kontrollera“ mjólkursölu úr lögsagnarumdæmi Rvíkur. Af því leiðir aftur samkeppni milli einstakra mjólkurframleiðenda. Þeir hafa því enga tryggingu fyrir að geta sent mjólkina á markaðinn hér í Rvík. Svo þegar farið væri að framkvæma þau mjólkursölulög, sem samþ. voru á þingi árið 1933, þá gætu ýmsir mjólkurframleiðendur í nágrenni Rvíkur ekki selt sína mjólk. Þeir yrðu þess vegna að semja við Mjólkurfélagið um að taka afgangana. Ég vil benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að ef þessi aðferð yrði tekin upp, þá gæti hún leitt til mjólkurstríðs. Það er engin trygging fyrir því, að mjólkin komist á markaðinn sem neyzlumjólk, því að það er ekkert skipulag á mjólkursölunni. En mjólkurstríð er bæði til tjóns fyrir framleiðendur og neytendur. Skipulagning á mjólkursölubúðum er nauðsynleg, því að kostnaðurinn við umsetningu mjólkurinnar er meiri

en góðu hófi gegnir. En það er sjálfsagt ekki ætlun hv. 1. þm. Reykv., að undanskilja eigi mjólkurframleiðendur hér í lögsagnarumdæmi Rvíkur frá því að selja mjólk í gegnum eina mjólkursölumiðstöð og greiða skatt og láta svo þar við sitja fyrir mjólkursöluna. Það verður ekki séð, hvernig á að koma því fyrir. Það er ekki um aðra leið að ræða en annaðhvort þá, að mjólkurskattur sé lagður á framleiðendur hér, eða ein sölumiðstöð. Í þessu sambandi get ég minnzt á það, að í Englandi var valin sú leiðin að selja mjólkina gegnum sölumiðstöð. Þar er fyrirkomulag, sem hv. 1. þm. Reykv. kallar miðaldafyrirkomulag. Á Englandi og Wales er landinu skipt í 11 verðjöfnunarsvæði, eins og hér, Sautján manna nefnd hefir alla umsjón með málinu. En lengra var ekki gengið, því að neyzlumjólk var ekki nægilega mikil til þess, að hægt væri að leggja nógu mikinn verðjöfnunarskatt á hana sem upphót á vinnslumjólkina. Ákveðið var að verja 78 millj. kr. til þess að greiða verðuppbót á vinnslumjólk. Þetta á að taka aftur eftir tvö ár, þegar þeir eru lausir við samning um kaup á osti og smjöri frá útlöndum, sem fellur úr gildi 1936. Þeir verja 22 milj. kr. til þess að „agitera" fyrir aukinni mjólkurneyzlu þar í landi.

Augljóst er, eins og ég hefi sagt áður, að sú leið verður tryggust, að grípa til lögþvingaðrar skipunar, eins og gera á í mjólkurmálinu. Við verðum neyddir til þess að gera þetta fyrir framleiðendur. Þetta fyrirkomulag með 80 sölubúðum hefir geysilegan kostnað í för með sér, svo að verðið á mjólkurlítra kemst upp í 40—42 aura. Slíkt fyrirkomulag er með öllu óviðunandi.

**Magnús Guðmundsson:** Hæstv. forsrh. er að eggja menn á og egna til þess að tala um þetta mál samtímis því, að hann óskar eftir, að umr. verði ekki lengdar. Ég skil ekki, hvaða rétt hæstv. forsrh. hefir til að velta sér yfir stjórnarandstæðinga svo að segja í hverju einasta máli. Ég álít nóg, að hann deili á þann, sem hann á í höggi við í þaun og þann svipinn. Ég furða mig á því, að hann skuli undrast það, að ekki séu allir sammála um öll mál í Sjálfstfl. Ég býst við, að hæstv. forsrh. sé kunnugt um það, að samkv. fyrirmælum stjskr. eigi þingmenn að greiða atkv. eftir sannfæringu sinni. Þessi ákvæði hefir Sjálfstfl. í heiðri og mundi ekki vilja nota andleg handjárn á sína þm., þó að hann ætti kost á. En af því að sjálfstæðismenn fylgja sinni sannfæringu, þá heldur hæstv. forsrh., ef marka má orð hans, sem ég fyrir mitt leyti geri ekki, að Sjálfstfl. sé að leysast upp vegna innbyrðis ósamþykkis. En þetta er fjarri sanni, og mun hæstv. forsrh. fá fullar sannanir fyrir því. Annars er það gamalt herbragð framsóknarmanna að halda því fram, að flokkur sjálfstæðismanna sé klofinn, en við allar kosningar kemur það í ljós, að þessi flokkur er langsterkastur allra flokka í landinu, og hann hefir ekki klofnað enn. Klofningur í flokknum hefir yfirleitt aldrei komið til mála nema hjá andstæðingum, sem af andlegum vesaldómi sínum skilja það ekki, að sjálfstæðismenn eru frjálsir um skoðun sína.

Ég skil orð hæstv. forsrh. þannig, að hann lofi, að þegar samsala mjólkur sé komin í kring, þá falli ekki meiri kostnaður á mjólkurlítrann frá fjósi framleiðandans til húss neytandans en 8 aur. Er þá að bíða og sjá, hverjar efndirnar verða.

**Þorsteinn Briem:** Ég saknaði þess í grg. frv., að því fylgir ekki óbreytt frv. það, sem afurðasölunefnd bjó til og sendi ráðuneytinu. Mér skilst, að hæstv. forsrh. muni hafa gert breyt. á því. Mér þætti æskilegt að fá upplýsingar um, í hverju þær breyt. eru fólgnar. Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forsrh., að hann láti n. þetta frv. í té.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. 10. landsk. fór fram á það, að ég léti frv. fara í hendur n. Það er hægt að verða við þeirri ósk. Ég vil taka fram, að þetta frv. er að efninu til að mestu leyti það sama, nema að því er snertir skipun n. Þegar reynt hefir verið að ná samkomulagi um þetta mál, hafa nm. verið látnir vita um það. Frv. er ekki lagt fram eins og það kom frá n. Það er samið í flýti, og er það ekki að öllu leyti í frv.formi sökum þess. Af þessari ástæðu hefi ég fengið málið fært í frv. í formi, sem viðunandi þótti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, 66, n. 361 og 407).

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson)** óyfirl.: Mál þetta hefir verið alllengi fyrir landbn. og niðurstaða hefir orðið sú, að n. hefir ekki getað orðið alveg samferða um frv. Að mínu áliti er þó ekki víst nema n. verði það áður en lýkur. Meiri hl. n. vill samþ. frv. óbreytt, a. m. k. við þessa umr., en telur geta komið til greina athugun fyrir 3. umr. um einstök smáatriði í samræmi við rannsókn í þessu máli, sem framkvæmd er af n. hér í bænum.

Meiri hl. landbn. hefir gert grein fyrir sögu þessa máls í nál. sínu, og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um hana. Málið hefir verið lengi á döfinni og nær saga þess langt aftur í tímann. Tilraunir hafa verið gerðar til skipulagningar á mjólkursölunni, en þær hafa ekki tekizt. Hafa það verið sundurlaus átök aðilanna, þar sem einn hefir rifið það niður, sem annar hefir byggt upp. Erfiðleikarnir á lausn málsins hafa vitanlega verið andstæðir hagsmunir framleiðenda annarsvegar og neytenda hér í Rvík og Hafnarfirði hinsvegar. Þar við hefir svo bætzt andstaða milli framleiðenda sjálfra. Það er hægt að skipta framleiðendum í nokkra flokka eftir hagsmunaafstöðu þeirra. Einn sá flokkur eru framleiðendur hér í bænum, sem skiptast í tvo hópa, þá, sem framleiða mjólk með afnotum af ræktuðu landi, og hina, sem nota aðkeypt hey, innlent og útlent, og kjarnfóður. Þessir aðilar hafa ekki nema að nokkru leyti sam-

eiginlegra hagsmuna að gæta. Stjórnin lítur svo á, að þeir, sem framleiða hér mjólk af ræktuðu landi innan lögsagnarumdæmisins og með eigin vinnu, hafi mestan rétt til markaðarins, og á því er það byggt, að þeir skuli fá undanþágu frá verðjöfnunargjaldi. Aftur er álitið, að þeir séu réttlægstir, sem framleiða af aðkeyptu fóðri, bæði heyi og kjarnfóðri. Það er hægt að hugsa sér, að sú framleiðsla gæti aukizt svo mjög, að hún fullnægði þörfinni hér, og væru þá hinir aðrir framleiðendur sviptir sinni atvinnu, sem verður að teljast alveg óviðunandi.

Þá er annar flokkur framleiðenda, sem býr í nágrenni Rvíkur í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þeir hafa næst bezta aðstöðu. Þeir hafa haft í raun og veru samtök með sér í mörg ár, að vísu að ýmsu leyti gölluð, en markmiðið hefir þó verið að gera mjólkina að útgengilegri vöru með því að meðhöndla hana eftir fyllstu kröfum tímans, sem framleiðendur hér í bænum hafa aftur á móti ekki gert. Inn í þetta ræktunarhverfi í nágrenni Rvíkur hefir komið sá fleygur, að útgerðarfyrirtæki hér í Rvík hefir hafið þar stóriðju í mjólkurframleiðslu fyrir reikning einnar fjölskyldu, að vísu mjög myndarlega iðju, en þó með þeim galla, að framleiðsla fyrirtækisins svarar til að útrýma afurðum ekki færri en 80 meðalbænda, að því er Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri hefir reiknað út. Stóriðja þessi hefir glæsilegar hliðar hvað ræktun snertir og alla vinnslu mjólkurinnar og stendur í því efni langt framar Reykjavíkuriðjunni, en hefir þjóðfélagslega séð þennan stóra galla, að svipta margt fólk atvinnu. Þetta bú kemst inn undir ramma þessara l., en hinsvegar er auðséð, að ekki er æskilegt, að fleiri slík bú myndist til þess að rýra möguleika almennings. Næst fyrir utan þennan annan hring framleiðenda er þriðja línan, bændur á Suðurlandsundirlendinu og að nokkru leyti í Borgarfirði. Það var vegna þessara héraða, sem Jón Þorláksson beitti sér fyrir járnbraut frá Reykjavík austur yfir Hellisheiði hér á árunum, og aðalrökin fyrir þeirri braut voru þau, að í þessum héruðum væri svo ódýrt að framleiða mjólk. Hann benti á þá miklu ræktunarmöguleika, sem þar væru, en hinsvegar mikinn markað hér og að það væri ekkert nema vegur, sem vantaði. Járnbraut er að vísu ekki komin enn, en Flóaáveitan er síðan fullgerð og vegir hafa verið lagðir og bifreiðar teknar í notkun, tvö mjólkurbú hafa þar verið reist og mjólkurframleiðslan vex ár frá ári. Þrátt fyrir þessar framfarir hefir þó ekki það takmark náðst enn, sem Jón Þorláksson ætlaði sér að ná með járnbrautinni. Aðstaðan fyrir bændur austan fjalls er erfið enn á einn og annan hátt, m. a. fyrir aðgerðir þeirra manna, sem nær búa markaðinum hér. Hafa neytendur í Rvík því sáralítil not ræktunarinnar í Flóanum, nema aðstaðan sé bætt eins og ætlað er með þessu frv.

Þá mætti segja, að hin fjórða röð framleiðandanna út frá Rvík væru Borgfirðingar, sem ekki senda hingað mjólk daglega, en fá kannske aðstöðu til þess bráðlega og standa þá betur að vígi en bændur austanfjalls. Þó er sýnt, að með aukinni ræktun og bættum samgöngum getur nálega allt Suðurlandsundirlendið, austur að Eyjafjöllum, náð til Rvíkurmarkaðarins. Þegar aðstaða þessara héraða, sem hafa hin góðu ræktunarskilyrði, batnar hvað samgöngur og skipulag snertir, þá fá þeir aðstöðu, sem jafnast við aðstöðu þeirra framleiðenda, sem nær búa markaðinum, en hafa verri ræktunarskilyrði; þá hefst hér mjólkurstríð. Það er aðeins tímaspursmál, hvenær það kemur, ef málið verður ekki skipulagt. Það er aðeins tímaspursmál, hvenær framleiðendur austan fjalls og Borgfirðingar taka til sinna ráða. Ég get ekki betur séð, þegar samgöngurnar batna, en að bændurnir, sem framleiða nú mjólkina fyrir 11 og 12 aura, geti hafið hér mjólkurstríð, sem yrði ægilegt fyrir framleiðendur hér í Rvík og grennd, sem leitt gæti meira að segja til þess, að öll framleiðsla hér eyðilegðist. Bændurnir fyrir austan hafa greiðan aðgang að markaðinum hér 8 mánuði ársins, er samgöngurnar batna. Og þeir gætu með sínum lága framleiðslukostnaði og bættu sölufyrirkomulagi lækkað mjólkurverðið að miklum mun. Hvernig færi þá fyrir framleiðendum hér í Rvík og grennd? Hvernig færu þeir að með sinn mikla framleiðslukostnað? Hvernig færi Thor Jensen? Af þessu mundi leiða svo stórfellda röskun á atvinnulífi þessa fjölda manna, að margir þeirra gætu orðið eignalausir. Það er ekki gott að sjá, hve lengi þetta stríð stæði eða hvernig því lyki, en afleiðingarnar yrðu alvarlegar.

Með mjólkursölulögunum á að koma á skynsamlegu fyrirkomulagi á framleiðslunni og sölu hennar bæði nær og fjær. Á hinn bóginn er þetta skipulag ekki eingöngu miðað við hagsmuni framleiðenda, heldur einnig neytenda. Með þeirri tilraun, sem hér er gerð, eru í fyrsta skipti gerðar ráðstafanir til þess, að kaupendur mjólkurinnar hafi eitthvað að segja, þó framleiðendur hafi meiri hl. í þeirri n., sem á að fara með málið. Þetta samstarf framleiðenda og neytenda er án efa spor í rétta átt, og ég held, að það sé ekki nein tilviljun, að það er stigið einmitt nú. Að vísu var í fyrra gerð virðingarverð tilraun í hv. Nd. til þess að koma á slíkri samvinnu sem þessari milli hinna tveggja aðila, en því frv. var spillt hér í hv. Ed. og niðurstaðan varð sú, að kosin var n. til að rannsaka málið. Nm. voru ókunnugir málinu og höfðu ekki aðstöðu til að þekkja rök þess. Að nokkru leyti voru þó bráðabirgðalögin reist á niðurstöðum þessarar n., en fyrst og fremst á þeim grundvelli, að báðir aðilar leysi málið. Á þeim grundvelli verður þetta mál annaðhvort að standa eða falla. Það þýðir hvorki að byggja á hreinum framleiðendagrundvelli eða á hreinum neytendagrundvelli; það þýðir ekki að ætla að byggja lausn málsins á sérhagsmunum einstakra stétta. Þetta spor sýnir, að málið er að þokast á hærri sjónarhæð, og ég hygg, að það sé ástæða til að láta ánægju í ljós yfir því, hve hæstv. forsrh. hefir vel tekizt að nálgast það takmark að gera báða aðila ánægða og miðla málum milli þeirra. Þó það tækist að vísu ekki til fulls strax, þá er fyllsta ástæða til að viðurkenna, að það tókst vonum betur, og má því ætla, að það samkomulag geti orðið grundvöllur hins bætta skipulags, hinn nýi samvinnugrundvöllur, sem hæstv.

landbrh. byggði bráðabirgðalögin á. Það er ennfremur full ástæða til að vona, að málsvarar gömlu aðferðarinnar, fulltrúar sérhagsmunanna, fái ekki að fleyga málið og vinna því tjón, eins og þeir gerðu við mjólkurlagafrv. í fyrra eftir að það hafði komizt gegnum 5 umr. í þinginu.

**Frsm. minni hl. (Þorsteinn Briem):** Af því að frsm. meiri hl. var ekki viðstaddur nema á hlaupum, þegar frv. var lesið sameiginlega í n., og af því að það kemur í ljós í nál. meiri hl., að hann hefir ekki kynnt sér frv. síðan, þá þykir mér hlýða að víkja að efni sjálfs frv. meira en venja er til við umr. þessa. — Þetta frv. er, eins og öllum er vitanlegt, borið fram í þeim tilgangi, að draga úr sölu- og dreifingarkostnaði mjólkur, sérstaklega hér í Rvík, og bæta með því markaðinn fyrir þessa vöru. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. tók fram, er mjög ólík aðstaða þeirra, sem selja mjólk hingað til Rvíkur. Það verður því hér að fara sömu leið og með sláturfjárafurðirnar, að þeir, sem bezta aðstöðu hafa, vinni nokkuð til þess, að útilokuð verði óheilbrigð samkeppni um þennan markað frá þeim aðilum, sem hafa aðra aðstöðu en þeir, sem búa næst markaðinum. Þeir verða því að leggja á sig nokkur gjöld, sem verður varið til þess að jafna aðstöðuna og til bættra hollustuhátta.

Þetta mál er ekki nýtt. Það kom fram á síðasta fjárlagaþingi frv., sem fól í sér rækilega lausn málsins, en afdrif þess í þessari hv. d. eru kunn. Lögin urðu ófullkomin og ónothæf, svo ég noti orð hæstv. forsrh. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, eru allmiklar breyt. frá því, sem var í frv. á síðasta fjárlagaþingi, 1933. Er komið nokkuð inn á það í nál. minni hl., og sé ég ekki ástæðu til að fara langt út í það mál. Í frv. 1933 var ætlazt til, að komið yrði skipulagi á sölu na með samþykktum innan hvers sölusvæðis, en í þessu frv. er ætlazt til, að skipulaginu verði komið á með beinu lagaboði. Þá eru í þessu frv. önnur ákvæði um það, hvernig verðjöfnunarsvæði verði sett. Ennfremur er í þessu frv. gert ráð fyrir almennum ívilnunum fyrir mjólkurframleiðendur í kaupstöðum frá verðjöfnunargjaldi, sem ekki var í frv. frá 1933. Nokkrar fleiri breyt. eru enn í þessu frv., sem taldar eru í nál. minni hl., og ég sé ekki ástæðu til að minnast á sérstaklega. Þetta frv. er aðallega undirbúið af n., sem skipuð var á síðastl. vetri af þáv. atvmrh., eftir þál. frá hv. Ed. En núv. landbrh. hefir þó nokkuð látið breyta frv., sérstaklega að því er snertir form þess og ákvæði um verðlagningu mjólkurinnar. Ég verð að segja það, að ég tel ekki, að allar þær breyt. séu til bóta. Mér virðist, að teknikin sé að sumu leyti skýrari og ljósari í frv. afurðasölunefndarinnar en í þessu frv. Aftur telur minni hl. þetta frv. töluvert fyllra en það frv., sem lá fyrir síðasta aðalþingi, og breytingarnar yfirleitt til bóta. Og minni hl. er algerlega sammála meiri hl. um það, að frv. í þessa átt sé mjólkurframleiðendum til hagsbóta, ef rétt er að farið og framkvæmd laganna skynsamlega hagað, enda er fullkomin þörf á því nú, þar sem þessi framleiðsla er svo langt frá því að bera sig. Minni hl. leggur því ríka áherzlu á, að framleiðendur njóti alls þess hagnaðar, sem næst með lækkun á sölu- og dreifingarkostnaði mjólkurinnar, a. m. k. þangað til framleiðslan er farin að bera sig. Miðar önnur brtt. minni hl. í þessa átt. Það er augljóst, að aðstaða þeirra aðilja, sem selja mjólk hingað til Rvíkur, er svo misjöfn, að ekki verður hjá því komizt, að hagsmunir þeirra rekist á. Verður að vænta þess, að þeir, sem hafa framkvæmd laganna með höndum, gæti þess, að hagsmunir þeirra, sem fjær búa, verði ekki fyrir borð bornir, og að ekki verði alið á sundrungu í sambandi við þetta mál, heldur sýnd sanngirni á allar hliðar. Og vil ég vænta þess að svo stöddu, að svo verði.

Skal ég þá víkja að nokkrum einstökum atriðum frv. Ég skal benda á það strax, að mér virðast ekki ákvæði ýmsra gr. frv. vera eins ljós eins og æskilegt hefði verið. T. d. er 1. gr. ekki svo ljós, að ekki geti orkað tvímælis um skilning hennar. Ég skal því taka það fram, að í 2. málsgr. 1. gr., þar sem ræðir um, að sú aðstaða skuli marka verðjöfnunarsvæði, að hægt sé þar að selja daglega óskemmda og góða mjólk frá þeim mjólkurbúum, sem til þess eru viðurkennd, skil ég orðið „markar“ þannig, að það þýði sama og „einkennir“, en ekki „afmarkar“.

Samkv. þessari grein er ætlazt til, að mjólkursölunefndin gæti þess vandlega, þegar verðjöfnunarsvæði eru ákveðin, að þau mjólkurbú, sem notið hafa markaðar í viðkomandi kaupstað eða kauptúni, haldi þeirri aðstöðu áfram. Verður að vænta þess, að þessa verði mjög vendilega gætt í framkvæmdinni, því það getur verið lífsspursmál viðkomandi sveitum, að slíkur réttur sé ekki af þeim tekinn.

Í 2. gr. frv., sem ræðir um verðjöfnunargjaldið, er sú breyt. frá frv. 1933, að samkv. henni er leyfilegt að hækka verðjöfnunargjaldið upp úr 5%, sem var hámarkið í frv. 1933. Jafnframt eru þeir undanþegnir verðjöfnunargjaldi, sem framleiða mjólk af ræktuðu landi innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns, og er þar um að ræða allmikla ívilnun til kaupstaðanna.

Ákvæði 3. gr., sem er um verðjöfnunarsjóð, eru ekki að öllu leyti svo ljós sem æskilegt hefði verið. Má t. d. benda á málsgr. eins og þessa: „Verðjöfnunargjaldið skal greitt eftir á í byrjun hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar“. Það kemur hér ekki ljóst fram, hvort hér er átt við þá, sem eru seljendur mjólkurinnar frá fyrstu hendi, eða þá, sem annast útsölu hennar. En það verður að líta svo á, að átt sé við hina síðartöldu, því að annars yrði framkvæmd þessara ákvæða næsta örðug.

Í þessari gr. er nokkur breyt. frá till. afurðasölunefndar. Hún hafði lagt til, að mjólkursölunefnd skyldi ákveða verðuppbæturnar í hverju einstöku tilfelli, en hér er lagt til, að stjórnir mjólkurbúanna hafi það verk með höndum.

Í 4. gr., þar sem ræðir um verðlagsnefnd og ákvarðanir um útsöluverð mjólkurafurða, er orðalagið heldur ekki eins ljóst og æskilegt hefði verið. Þar stendur í 2. málsgr.: „Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við

verður komið, eftir vísitölum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð. Þetta er allt of óljóst. Það er ekki einu sinni tiltekið, hverskonar vísitölum skuli farið eftir, og það er töluverð vöntun í frumvarpi eins og þessu. Minni hl. hefir því flutt brtt., sem kveður nánar á um þetta og gerir gr. ljósari. Jafnframt miðar sú brtt. að því að tryggja það, að framleiðendur mjólkurinnar njóti þess hagnaðar, sem verða kann á þessari skipulagningu mjólkursölunnar, a. m. k. þar til framleiðslan er komin á það stig, að hún getur borið sig.

Í 5. gr. ræðir um, hverjir skuli annast mjólkursöluna. Þar eru þörf ákvæði um mjólkurmiðstöð, og er öllum öðrum bannað að selja mjólk í þeim kaupstöðum, sem slík sölumiðstöð er í. Þar eru og sérstök ákvæði um barnamjólk, og verður að telja þá breyt. frá frv. 1933 til bóta, þar sem hér er beinlínis tekið fram, hverjir eigi að setja reglur um meðhöndlun barnamjólkur og hvers þurfi að gæta til þess að mjólk geti talizt barnamjólk. Er eðlilegt, að ákvörðunarrétturinn í þeim efnum sé hjá yfirstjórn heilbrigðismálanna, eins og hér er ráð fyrir gert.

Í 6. gr. frv., þar sem ræðir um mjólkursölunefnd, sakna ég þess fyrir mitt leyti, að einu af mjólkurbúunum, Mjólkurbúi Borgfirðinga, er ekki ætlað að hafa þar neinn fulltrúa. Tel ég það ekki fulla sanngirni og áskil mér rétt til þess að koma með brtt. við það atriði fyrir 3. umr.

Ein af þeim greinum frv., sem verður að telja sérstaklega óljóst orðaða, er 11. gr. Við hana flytur minni hl. brtt., sem á að gera þá hugsun ljósari, sem bak við gr. liggur.

Aðrar gr. frv. tel ég ekki ástæðu til að fara sérstaklega orðum um, en vil áður en ég lýk máli mínu víkja lítilsháttar að því plaggi, sem prentað er á þskj. 361 og nefnt er nál. Þar er ekki um nál. að ræða í venjulegum skilningi, heldur er þar ýmiskonar raus og rangfærslur um gang málsins og forsögu þess, hnútur til einstakra manna fyrir afskipti þeirra af þessu máli og ýmsum öðrum óskyldum málum og fleira, sem varla tekur að víkja mörgum orðum að. Þó eru nokkur atriði, sem ég kemst ekki hjá að minnast lítillega á. Vil ég í því sambandi fyrst láta í ljós þakklæti mitt fyrir þau ummæli, sem höfð eru um mig persónulega, þar sem sagt er, að ég hafi eftir kosningarnar 1933 hugsað til að segja af mér ráðherrastöðunni, en framsóknarmenn hafi litið öðruvísi á málið. Slík ummæli get ég ekki annað en þakkað. Það er rétt, að eftir að úrslit kosninganna 1933 voru kunn, taldi ég í sjálfu sér bezt við eigandi, að sú stj., sem þá sat, segði af sér störfum og byði a. m. k. öðrum að reyna stjórnarmyndun. En flokkurinn, sem þá stóð að mér í stj., og hinir ráðherrarnir litu svo á, að ekki væri ástæða til þess eins og þá stóðu sakir.

Hinsvegar segir í þessu plaggi að vissir menn, sem þar eru tilteknir, hafi sérstaklega hafizt handa um að koma á stað umr. um skipulagningu afurðasölunnar á fundum miðstjórnar Framsfl. Ég vil nú benda á, að áður en þau samtöl hafa farið fram, sem ég að vísu varð aldrei var við, og mætti ég oft á þessum fundum, þar sem einkum var rætt um blaðaútgáfu flokksins, þá höfðu ýmsir aðrir, þar á meðal bóndi vestan úr Dölum og einn af þáverandi þm. Framsfl., sérstaklega skrifað um málið í blað núv. Bændafl., Framsókn. Að þetta mál hafi sérstaklega verið tilefni þess, að farið var að tala um stjórnarmyndun í byrjun haustþingsins 1933 vil ég sem kunnugur maður bera brigður á. Af hlíf við fyrrv. flokksbróður skal ég ekki koma inn á það mál, sem í upphafi var aðallega rætt um í sambandi við myndun nýrrar stjórnar. En það var ekki fyrr en á síðara stigi málsins, eftir að Alþfl. hafði sent sitt fyrsta bréf, að farið var að ræða sérstaklega um skipulagningu afurðasölunnar.

Þá er sagt hér, að þáltill. Jóns í Stóradal, sem allar opinberar framkvæmdir til undirbúnings þessu máli byggðust á, hafi ekki verið borin fram fyrr en síðustu dagana í nóvember. Till. þessi var ekki samþ. að vísu fyrr en síðustu dagana í nóvember, en hún var borin fram löngu fyrr. Um þáltill. er komizt svo að orði, að samkv. henni hafi aðeins átt að gefa þinginu upplýsingar um þetta mál, en ekki leggja fram neinar ákveðnar till. Þetta er algerður misskilningur. Um leið og till. var borin fram var ætlazt til þess af flm. hennar og mér a. m. k., að áranguriinn yrði lagður fyrir þingið í frv.formi. Man ég ekki betur en ég tæki það fram í umr. Svo er sagt í þessu nál., sem ég vil kalla nál. innan gæsalappa, að það hafi ekki verið fyrr en eftir kaupfélagsstjórafundinn síðast í marz, sem ég hafi farið að undirbúa málið. Ég hefi nú hér fyrir framan mig afrit af bréfum skrifuðum 7. febrúar 1934 með tilmælum til Sláturfélags Suðurlands, Alþýðusambands Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga, Mjólkurbandalags Suðurlands og Kaupfélags Borgfirðinga um að tilnefna menn af sinni hálfu til að taka sæti í n. ásamt stjórnskipuðum formanni, til þess að undirbúa og gera till. um málið. Svo er hér sagt í prentuðu plaggi, að ég hafi ekki hafizt handa í þessu efni fyrr en komið var fram á vor. Og hefi ég ekki heyrt það fyrr, að vorið byrjaði hér á landi í febrúarbyrjun. Hitt er satt, að það stóð nokkuð lengi á svörum við þessum bréfum. Kaupfélag Borgfirðinga svaraði fyrst og tilnefndi mann af sinni hálfu með bréfi dags. 20. marz, og er það bókfært sem innkomið í stjórnarráðinu 24. marz. Sláturfélag Suðurlands svaraði með bréfi 7. marz, innkomnu 24. marz, Alþýðusambandið með bréfi 13. febr., innkomnu 13. febr., en S. Í. S. svaraði ekki fyrr en 28. marz, með bréfi innkomnu 3. apríl, sem kom því ekki fyrir mín augu fyrr en 4. apríl. N., sem ég skipaði samkv. þessum tilnefningum, var skipuð 7. apríl. Drátturinn frá 4. apríl til 7. apríl stafaði af því, að vegna fjarveru forstjórans hafði Mjólkurfélagið ekki tilnefnt neinn af sinni hálfu, og var það ekki gert fyrr en eftir að n. var skipuð að öðru leyti. Það var því ekki hægt að skipa n. fyrr en gert var.

Þá er í þessu fyrrnefnda plaggi minnzt á framkvæmd mjólkurlaganna frá 1933, sem núv. hæstv. forsrh. sagði konungi í innstillingu sinni fyrir bráðabirgðalögunum, að væru „ónothæf“, og er mér kennt um, að þau voru ekki fram-

kvæmd. Ég skal aðeins til skýringar því máli minna á, að það er svo um framkvæmd þessara laga eins og allra annara laga, að hún heyrir undir lögreglustjórana á hverjum stað. Hinn 25. okt. 1933 skrifaði lögreglustjóri Rvíkur ráðuneytinu og spyrst fyrir um, hvað skuli gera út af kæru Mjólkurfélags Rvíkur út af broti gegn l. nr. 97 1933, um heilbrigðisráðstafanir í sambandi við sölu mjólkur. Ráðuneytið svaraði strax um hæl, að honum bæri að sjálfsögðu að rannsaka málið og koma fram ábyrgð á hendur umráðamönnum viðkomandi mjólkurbúða, ef þeir reyndust brotlegir við lögin. Þannig eru öll bréf, sem farið hafa milli lögreglustjóra og ráðuneytisins um þetta efni, að það er lagt fyrir lögreglustjóra að sjá um, að þessum lögum sé framfylgt. Framkvæmd almennra laga heyrir ekki undir atvmrh., heldur dómsmrn., þegar kæra hefir komið fram, og ég get aðeins getið þess, að síðasta bréfið, sem mér er kunnugt um að dómsmrh. hafi skrifað lögreglustjóra um þetta mál, endar þannig: „Verður lögreglan auðvitað að sjá um, að þessum lögum sé fylgt eins og öðrum". (**JónasJ**: Hvenær er það dagsett?). Þetta síðasta bréf er dagsett 21. júlí, en áður hafði dómsmálaráðuneytið skrifað lögreglustjóranum mörg bréf hins sama efnis. Annars á fyrrv. dómsmrh. sæti hér í d., svo ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta.

Það er fjarri mínum huga að taka slíkt plagg sem þetta svonefnda nál. hátíðlega. Höfundur þess verður að sætta sig við það, að menn taki hann ekki yfirleitt eins hátíðlega nú orðið eins og menn hafa gert stundum áður. Er þar orðin að ýmsu leyti breytt aðstaða, og ég hygg, að jafnvel innan hans eigin flokks séu menn líkrar skoðunar um það. Ég skal því ekki tefja tíma þingsins með því að tala langt mál um þetta, en vil endurtaka það, sem stendur í nál. okkar, að minni hl. lætur ekki slíkan málflutning og missagnir hafa áhrif á afstöðu sína. Leggjum við til, að frv. verði samþ., en flytjum nokkrar brtt. við frv., sem prentaðar eru með nál., og er í nál. gerð nægileg grein fyrir þeim.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Ég þykist sjá æðimiklar fylkingar síga hér saman í þessu máli, og má gera ráð fyrir vopnagný miklum. En ég leyfði mér, þegar málið hafði verið til 1. umr., að bera fram nokkrar brtt. við það, og ég hefi í hvorugu nál. né heldur í framsöguræðum meiri hl. og minni hl. orðið var við, að vikið hafi verið að þeim einu orði. Þessar brtt. eru þó allvíðtækar, og ég þykist vita, að það, hvað lítill gaumur þeim er gefinn, stafi af því, að nhlutarnir þykist hafa æðimiklu liði á að skipa hér til þess að brjóta till. mínar niður. En það stendur nú svo á, að bak við þessar till. standa þeir, sem þetta mál á algeriega að lifa á, allur þorri manna hér í Rvík. Mér er sagt, að hér standi allmiklar deilur um það yfir eitthvað $^1/_3$ af landinu, hverjir skuli fá að eta upp þetta hræ, sem kallað er Rvík. Þeir austanfjalls vilja útiloka Borgfirðinga með því að skapa þar sérstakt verðjöfnunarsvæði utan um Borgarnes, en Borgfirðingar standa þar á móti. Þannig berst nærri þriðjungur landsmanna um Rvíkurmarkaðinn, en hvað Reykvíkingar segja sjálfir, það halda hv. þm. að geri ekkert til né frá. Það þarf ekki einu sinni að víkja í nál. að till., sem fara fram á að spara mjólkurframleiðendum innan lögsagnarumdæmis Rvíkur um 200 þús. kr. án þess að gera öðrum hlutaðeigendum nokkurn skaða. Það er nú samt svo, að til þess að framleiða þessa mjólk hafa verið ræktaðir 500 ha. af landi, sem sumt var mjög erfitt til ræktunar og allt mjög kostnaðarsamt. Á þessu landi hafa verið byggð býli og útihús og í það lögð hundruð þúsunda kr. Þetta eru svo mikil verðmæti, að Reykvíkingar láta ekki þegjandi leggja þau í rústir, það mega hv. þm. vita, hvað svo sem þeir skikka og skipa hér á hinu háa Alþingi. En það er bersýnilegt, að með miklum hluta þessa frv. er stefnt að því einu að drepa niður þennan búskap Reykvíkinga. Og það er gert af því það er talin ósvífni, ef Reykvíkingar reyna sjálfir að framleiða sínar neyzluvörur; þeir mega ekki framfylgja þeirri stefnu, sem annars er alstaðar ráðandi í heiminum, að búa sem mest að sínu, vegna þess að það kynni að svipta einhverja hér í kring atvinnu, sem hafa ætlað sér að lifa á Reykjavíkurmarkaðinum. Hv. þm. geta vel reynt, hvernig þetta gengur, en þeir mega vita það, að slík verðmæti, sem hér er um að ræða, verða aldrei eyðilögð; það verður engum látið haldast uppi. Í brtt. mínum felast tvær breyt., sem farið er fram á að gera á frv., og ég skal taka það fram strax, að ég geri mikinn mun á því, hvað mikla áherzlu ég legg á, að þær nái fram að ganga. — Fyrri breyt. er við 2. gr. og fer fram á, að Reykvíkingar séu yfirleitt undanþegnir verðjöfnunargjaldi. Mér finnst í sjálfu sér eðlilegt að líta svo á, að þegar talað er um Rvíkurmarkað í þessu sambandi, þá sé átt við markað fyrir aðflutta mjólk og það sé aðeins hann, sem þingið hefir leyfi til að skipta sér af. Það, sem framleitt er innan bæjarins, á að vera undanskilið. En ég get þó sagt það, að þótt mjólkurframleiðendur hér ættu að greiða verðjöfnunargjald af þeirri mjólk, sem ekki er sannanlega framleidd af heyi af ræktuðu landi innan lögsagnarumdæmisins, þá væri sá skattur ekki svo mjög tilfinnanlegur, eitthvað um 20 þús. kr. Það má þó færa þessum skatti það til málsbóta, að hann á að nota til þess að rétta þeim hjálparhönd, sem eiga við erfiðleika vegna skipulagsins að búa, en ekki að henda honum í sjóinn. Þessar ráðstafanir verða vafalaust til þess, að minna berst á markaðinn af mjólk, og er því engin fjarstæða að láta mjólkurframleiðendur í Rvík greiða nokkurn verðjöfnunarskatt, — mér finnst það bara ósanngjarnt. Ég hefi flutt brtt. um þetta efni; hún er við 2. gr. og fer fram á, að orðin „á ræktuðu landi", í 1. málsl. síðari málsgr. falli niður, — og með b-lið þessarar sömu brtt., sem líka er við 2. gr., verður síðari málsl. þessarar gr. svo hljóðandi:

„Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er innan sama kaupstaðar og kauptúns, sem hún er seld í, enda sé mjólkin seld til neytenda milliliðalaust".

Það er að segja, að þeir, sem framleiða mjólk innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, skuli sitja að markinum þar, óhindraðir af löggjöfinni. Þetta er ekki nema fyllsta sanngirni. Ég

legg þó ekki eins mikla áherzlu á þessar brtt. og síðari brtt. minar.

Þá eru brtt. við 5. gr. Í þeim fer ég fram á leyfi fyrir mjólkurframleiðendur innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins til að selja mjólk sína milliliðalaust og undanþiggja hana gerilsneyðingarskyldunni. Nú mæla l. svo fyrir, að þessari mjólk skuli blandað saman við aðkomumjólkina, og allt selt í gegnum eina sölumiðstöð. Þarna er verið að leggja á þessa mjólk, engum til hagsbóta, stóra gjaldaliði. Í stað þess að selja mjólkina nýja og ferska á nú að glundra henni saman við gamla mjólk, og í stað þess að selja hana beint til neytendanna, er nú lögboðinn dýr milliliður. Þessir aukaskattar nema hátt á annað hundr. þús. kr. á mjólkurframleiðendur í Rvík einni, og af honum hefir enginn lifandi maður það minnsta gagn, nema þá óbeinlínis þannig, að tilgangurinn væri sá, að drepa þennan búskap alveg niður. Ég talaði nokkuð um það við 1. umr., að ég sæi ekki ástæðu til að rengja þann sannfæringartón, sem heyrðist úr stjórnarstólunum um framgang þessa ákvæðis. Ég veit það, ef stjórnarliðið heldur saman, getur það kveðið upp þennan dauðadóm yfir búskap Reykvíkinga, en þeir hafa ekki séð fyrir endann á afleiðingunum.

Aðrar brtt. minar eru annaðhvort beint eða óbeint leiðréttingar á frv., vegna þess sem áður hefir verið tekið fram; d-liður II. brtt. gerir ráð fyrir nýrri gr., svo hljóðandi:

„Á ári hverju skal fara fram læknisskoðun á öllum kúm innan kaupstaða og kauptúna, og er óheimilt að selja ógerilsneydda mjólk úr öðrum kúm en þeim, sem eru heilbrigðar. Með reglugerð skal mæla fyrir um hreinlæti og hollustu þeirrar mjólkur, sem seld er beint til neytenda án gerilsneyðingar.“

Þetta stendur í sambandi við undanþágu þessarar mjólkur frá gerilsneyðingarskyldunni, sem kemur af hinum brtt. mínum við 5. gr. — Ég hefi ennfremur lagt til, að 1. málsgr. 3. gr. falli niður. Þar stendur: „Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til þess að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg nevzlumjólk til sölu á þeim stöðum“.

Þetta er bara eins og hvert annað raus, og á ekki við, að það standi í l. Hver á að koma fram ábyrgð á hendur mjólkurbúunum í þessu efni? Eiga þau að skapa kýr til þess að hafa nóga mjólk, ef þær, sem fyrir eru, hrökkva ekki til? Nei, þetta er eins og hvert annað hjal. Mér skildist á ræðu hv. frsm. meiri hl. n., að hann vildi skipta mönnum í flokka, eftir því hvað mikinn rétt þeir ættu að hafa í þessu máli, og væru Reykvíkingar í þeim flokknum, sem minnstan réttinn hefðu. Það skín í gegnum fjandskapinn til búskapar Reykvíkinga, og tilætlunin sú, að neyða mjólkurframleiðendurna í lögsagnarumdæminu til þess að hætta. Það á að stuðla að því, að þessi lönd, sem nú er búið að rækta upp með miklum erfiðismunum, verði aftur að grjótholtum og fúamýrum. — Næst réttlægstur var svo Thor Jensen. Hann hefir framið það ógurlega brot að koma upp svo stóru búi, að það framleiðir á við 80 meðalbændur! Hugsa sér allt það atvinnuleysi, sem af því stafar! En heldur hv. frsm., að það auki ekki á atvinnuleysið, ef lagður er í rústir búskapur allra þeirra bænda, sem mjólkurframleiðslu stunda í Reykjavík? — Hv. þm. sagði, að Jón Þorláksson hefði viljað leggja járnbraut austur yfir fjall, til þess að hægara yrði um mjólkurflutninga til Rvíkur. — Þá var engin mjólkurframleiðsla í Rvík eða nágrenni hennar. Þá voru sveitirnar fyrir austan með sínum góðu ræktunarskilyrðum það eiginlega uppland Rvíkur með mjólkurframleiðslu og annað. Nú er öllu þessu breytt, samgöngur orðnar góðar með bílum austur yfir fjall og minni þörf á járnbraut. Og í kringum Rvík er búið að rækta svo mikið land, að þar er framleidd allt að því nóg mjólk til að fullnægja þörfum bæjarins. En nú, þegar þetta ágæta uppland er komið kringum Rvík, fer hv. þm. að þykja þörf á járnbraut, sem flytti mjólk austan úr sveitum hingað til bæjarins.

Þetta mál er nú ekki komið lengra en til 2. umr. í fyrri d., og á enn langa leið fyrir höndum til endanlegrar samþ. Og hvernig sem farið verður með þessar brtt. minar, þykir mér ótrúlegt, að þingið taki á sig þá ábyrgð að samþ. annað eins tilræði við atvinnurekstur bæjarbúa eins og í frv. felst. — Og þó að hv. Alþýðuflokksmenn samþ. þetta til Nd., þá standa þeir sig ekki við að samþ. út úr þinginu svona stórkostlegar álögur á atvinnurekstur Rvíkurbúa, sem engan annan tilgang getur haft en þann, að gefa þessum búskap inn svo stóra pillu, að hann lifi það ekki af. (JJ: Þeir eru skattfrjálsir). Nei, hv. þm. hefir ekki lesið l., ef hann heldur, að þessir framleiðendur séu skattfrjálsir. Það er lögð á þá gerilsneyðingarskylda og skylda til þess að selja mjólk sína gegnum sölumiðstöð. Þarna er um 2 millj. lítra af mjólk að ræða, og á hvern lítra leggst 8—9 au. aukakostnaður, og getur þá hv. þm. sjálfur reiknað út, hverjar álögur þetta muni verða. — Ein af rökemdunum fyrir því, að öll mjólk skuli gerilsneydd, er sú, að gerilsneyðingin verði miklu ódýrari þegar um svo mikið magn sé að ræða. Nú sem stendur er gerilsneyðingarkostnaðurinn langminnstur á Akureyri, og er þar þó ekki um líkt því eins mikla mjólk að ræða og flutt er til Rvíkur, — svo að sú röksemd virðist ekki hafa við mikið að styðjast. Sýnilegt er, að með góðum aðferðum má færa kostnaðinn af gerilsneyðingu mikið niður, svo að óþarfi er að drepa mjólkurframleiðslu Reykvíkinga þess vegna. — Eins og nú er, vinna þessir menn sjálfir að því að koma mjólkinni til neytenda, en það á nú að fara að kosta 8—9 au. á hvern lítra. Yfirleitt er ábúð á þessum litlu skikum mjög óstöðug, og gengur illa að láta reksturinn borga sig. Þessar nýju álögur yrðu því vafalaust rothöggið á þennan búskap. Hv. frsm. minni hl. talaði um, að sanngirni þyrfti að vera á báða bóga í þessu máli. Ég er honum alveg samdóma um það atriði, og einmitt það eru sterkustu rökin, sem ég hefi með því, að frv. verði samþ. með minum brtt.

**Magnús Guðmundsson:** Ég vildi fara nokkrum orðum um nál. á þskj. 361. Það er ritað á þann hátt, sem enginn annar en hv. þm. S.-Þ. ritar nál.

Það á að vera saga málsins, en hún er svo fölsuð í verulegum atriðum, að mjög er leitt, ef þagg þetta yrði lagt til grundvallar um gang þessa máls. Til þess að leiðrétta nokkrar af þeim aragrúa missagna, sem eru í þessu nál., ætla ég með fáum orðum að benda á það, sem áður hefir gerzt í þessu máli. — Hv. þm. S.-Þ., sem hefir samið nál., segir, að á þingi 1932 hafi Bjarni Ásgeirsson flutt mjólkurmálið inn í þingið. Þetta er ósatt. Það var landbn. Nd., sem gerði það, — mér er vel kunnugt um þetta, því að ég átti þá sæti í n., — og frv. var útbúið af búnaðarþinginu. — Höfundur nál. lætur í veðri vaka, að frá því fyrsta hafi jafnaðarmenn barizt við hlið Framsfl. í þessu máli, og að þeim flokkum beri allur heiður af því. Ég skal sýna fram á, hvernig jafnaðarmenn snerust við málinu á þingi 1932, með því að lesa upp nokkur orð úr ræðu hv. 2. þm. Reykv. — Hann segir svo:

„Jafnaðarmennirnir í bæjarstj. hafa barizt fyrir því í mörg ár, að bærinn kæmi upp fullkomnu kúabúi, fyrst hann á nóg landrými, og gæti slíkt bú vafalaust fullnægt þörfum bæjarins. Þetta er ólíkt skynsamlegri leið en sú, sem farin hefir verið, að teygja mjólkurkaup bæjarins alltaf lengra og lengra burt frá honum. En verði þetta frv. samþ., mundu slík bæjarkúabú lenda undir stjórn sveitanna, og álít ég það mjög óheppilegt".

Hv. 2. þm. Reykv. segir þarna skýrum stöfum, að það sé og hafi verið stefna jafnaðarmanna í þessu máli að koma upp svo stóru mjólkurbúi í Rvík, að enga mjólk þurfi að kaupa þar að. Og í samræmi við þetta var afstaða hinna flokksbræðra hans. — En í nál. stendur eftirfarandi klausa:

Jafnhliða þessu létu leiðtogar íhaldsins í Rvík hafa eftir sér, að þeir myndu nota sér einkasölulögin frá 1917 og láta bæinn verzla sjálfan með mjólk, og þá fyrst og fremst kaupa af bæjarmönnum og beztu vinum sínum í nágrenninu".

Hv. 2. þm. Reykv. ásakar sjálfstæðismenn fyrir það, að hafa ekki viljað koma upp svo öflugu mjólkurbúi í Rvík, að enga mjólk hefði þurft að kaupa að. En hv. þm. S.-Þ. talar um það í ásökunartón, að sjálfstæðismenn hafi viljað nota mjólkurl. frá 1917 til þess að taka alla mjólkursölu í hendur bæjarins. Ekki ber þeim nú sem bezt saman, þessum hv. flokksbræðrum. (**JJ**: Ekki erum við nú flokksbræður!). Ég held, að óhætt sé að nefna þessa hv. þm. flokksbræður, a. m. k. hálfbræður. En svona er málið flutt úti um sveitir landsins. Á fundi í Landeyjum fyrir skömmu reis þar upp bóndi og sagði, að undarlegt væri, að þar hefði málið verið flutt svo, að allir sjálfstæðismenn væru andvígir málinu, og af þeim ástæðum hefði stj. orðið að lækka mjólkurverðið til þess að halda hylli jafnaðarmanna, — annars hefði málið ekki gengið fram. En svona er þetta ekki. Hér er öllu snúið öfugt. Á þingi 1932 gekk málið í gegnum Nd., og mætti þar lítilli mótstöðu af hálfu annara en jafnaðarmanna, og var samþ. þar með 16:2 atkv. En svo dagar málið uppi í Ed. Og þá hafði hv. þm. S.-Þ. ekki meiri áhuga á þessu máli en svo, að hann tók ekki til máls um það. Og á þingi 1933 var dugnaður hv. þm. S.-Þ. ekki meiri en svo, að hann lét limlesta málið í höndum sínum eftir slælega vörn. Og þess er hvergi getið, að 1. flm. frv. á þingi 1933 var hv. þm. G.-K., og kemur það illa heim við þá fullyrðingu, að Sjálfstfl. hafi alltaf verið á móti málinu, og því hafi verið hrundið fram af hv. þm. S.-Þ. og flokki hans eingöngu. Ég skal svo ekki eyða löngu máli til þess að ræða nál. Í því er frekar veitzt að hv. 10. landsk. en mér hvað snertir afskipti stj. okkar af framkvæmd l. Þó vil ég leiðrétta það ranghermi, að ég hafi gefið fyrirskipun um að stöðva það mjólkurmál, er til dómstólanna kom. Það eina, sem ég gerði í þessu máli, var að fresta framkvæmd dómsins yfir hvítasunnuna, með samtali við fulltrúa lögreglustjóra. Síðan var ekki frekar um það talað. Ef hæstv. forsrh. vefengir þetta, skal ég lesa upp bréf, sem taka af öll tvímæli í þessu efni. (**Forsrh.**: Ég vefengi ummæli hv. þm.). Hvað er ósatt í þeim? (**Forsrh.**: Það er ósatt, að ráðh. hafi ekki stöðvað málið). Ég skal þá lesa upp þessi bréf, svo að hæstv. forsrh. verði að renna þessari staðhæfingu niður aftur. — Fyrsta bréfið er frá honum sjálfum sem lögreglustjóra í Reykjavík, dagsett 23. des. Það hljóðar svo:

„Hér með leyfi ég mér allra virðingarfyllst að senda hinu háa ráðuneyti dómsgerðir í málinu: Valdstjórnin gegn Jafet Sigurðssyni.

Bera dómsgerðirnar það með sér, að dómfelldur hefir óskað dóminum skotið til hæstaréttar.

Þar sem dómi þessum er áfrýjað, kemur það hér með undir úrskurð ráðuneytisins, hvenær fullnægja beri dómi þessum og mörgum hliðstæðum, er á eftir koma, með því að banna algerlega sölu á ógerilsneyddri mjólk framleiddri utan lögsagnarumdæmisins. Ef ráðuneytið tekur þann kostinn að láta fullnægja dóminum áður en fullnaðardómur hæstaréttar er genginn í máli þessu, þá vil ég þó mjög eindregið leggja það til, að fullnustunni verði minnsta kosti frestað fram yfir hátíðar, því ella mundi valdið fyrirvaralítið og nú um hátíðirnar óverjandi truflun og óþægindum fyrir alla aðila þessa máls.

(Sign.) Hermann Jónasson".

Hér kemur hæstv. forsrh. sjálfur með till. um að fresta framkvæmd dóms þessa yfir hátíðar, nákvæmlega eins og ég gerði, aðeins er hér að ræða um jólahátíðina, en í hinu var það hvítasunnan. Þessu svarar dómsmrn. með bréfi, dags. 29. des. 1933, svo hljóðandi:

„Til lögreglustjórans í Reykjavík.

Hérmeð sendir ráðuneytið yður dómsgerðir undirréttarins í málinu: Valdstjórnin gegn Jafet Sigurðssyni.

Er þess beiðzt, að þér látið birta fyrir dómfellda áfrýjunarstefnu þá til hæstaréttar, sem rituð er á dómsgerðirnar, og endursendið síðan dósmgerðirnar hingað með venjulegri áritun um birtingu. Jafnframt tekur ráðuneytið það fram, að lögreglunni ber auðvitað að sjá um, að enginn selji mjólk gegn skýlausum fyrirmælum laga nr. 97 frá 1933, hvað sem líður áfrýjun þessa máls".

Hvernig er hægt að gefa skýrari fyrirskipanir en þetta. Málinu var áfrýjað, en sagt, að lög-

reglustjóra beri að sjá til, að ákvæðum l. um sölu ógerilsneyddrar mjólkur skyldi hlýtt. Samt leyfir hæstv. ráðh. sér að vefengja orð mín, og þó þekkir hann þessi bréf. 29. des. fær lögreglustjóri fyrirmæli um að framfylgja l., hvað sem líði áfrýjun þessa máls. Samt er sagt í nál., að ég hafi gert tilraun til þess að stöðva málið. *Mig furðar það nokkuð*, að hv. 1. þm. N.-M. skuli skrifa athugasemdalaust undir þetta nál.; ég hefi haft það álit á þessum hv. þm., að hann mundi ekki skrifa undir það, sem bersýnilega er rangt með farið. Aftur á móti undrast enginn slíkt um hv. þm. S.-Þ. — Hv. 1. landsk. hefir verið svo sniðugur að skrifa undir nál. með fyrirvara, og bak við þann fyrirvara getur hann hulið sína persónu.

En úr því að ég stóð upp, er rétt að gera fyrirspurn til hæstv. forsrh. Hvort er tilætlunin, að Borgarfjörður fylgi viðskiptasvæði Reykjavíkur eða ekki? Um þetta fer tvennum sögum, og er því æskilegt að vita það rétta.

Annars hefi ég aldrei dregið neina dul á, að ég væri því samþykkur að brýna nauðsyn bæri til að skipuleggja mjólkursöluna. En það verður að taka hæfilegt tillit til allra aðila, og það er aðalvandi málsins að finna þar rétta leið. Ég hefi nokkuð athugað þetta mál og mun koma fram með brtt. við 3. umr. Ég vil þó nú þegar benda á þau ákvæði í 5. gr. frv., sem gera mjólkurbúunum að skyldu að hafa ávallt nægа mjólk til þess að fullnægja eftirspurn. Ég vil vekja athygli hv. þm. á, hvort hér muni ekki vera of þung byrði lögð á mjólkurbúin, að þau ábyrgist að hafa allt af nóga mjólk og rjóma til sölu. Ég sé ekki betur en að það geti komið fyrir þeir tímar, að flutningar stöðvist vegna illviðra og snjóa, — og hvernig eiga þá mjólkurbúin að sjá um, að nóg sé til af mjólk og rjóma? — Ég skal svo í bili ekki tefja umr. með lengra máli, en áskil mér rétt til að svara hæstv. forsrh., þegar hann hefir flutt sín andmæli, sem ég býst við, að hann a. m. k. reyni að gera.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég ætla að svara nokkrum orðum því helzta, sem hefir komið fram til andmæla gegn þessu frv., *sem hér liggur fyrir*, án þess að ég vilji blanda mér inn í þær umr., sem hafa farið fram milli hv. frsm. meiri og minni hluta og út af nál.

Það kom fram hjá hv. 10. landsk., að hann áliti frv. að ýmsu leyti breytt til hins verra frá því, sem það var, þegar n. gekk frá því. Rökstuðningur kom ekki fram fyrir þessu, enda býst ég við, að þessi staðhæfing sé byggð á nokkuð hæpnum röksemdum, vegna þess að maðurinn, sem gekkst aðallega fyrir þessu, var Ingimar Jónsson. Hann var fenginn til að fara í gegnum frv. eins og það kom frá n., með mjög góðum lögfræðingi, til þess að athuga það að efni til og ganga frá því að öðru leyti. Eins og n. gekk frá frv. í upphafi, voru nefndar þar ýmsar stofnanir, sem gert var ráð fyrir, að kæmu seinna í frv., en ekki búið að ákveða í sjálfu frv., hvaða valdsvið þær hefðu áður en þær eru nefndar í gr. frv. Þetta var óviðkunnanlegt form, sem varð að lagfæra. Ingimar Jónsson gekk í gegnum frv. með þessum lögfræðingi, enda álít ég, að þeir hafi gengið betur frá frv. en gert var af n.

Þá minntist hann á einstakar gr. frv., að þær væru ekki nægilega ljóst orðaðar, en samt gat hann vitanlega komizt að meiningu þessara gr. án þess að beita nokkrum lögskýringum. Hann hefir því þar sannað það sjálfur, að frv. er ekki óljóst orðað, fyrst og fremst með því, að það var engum vandkvæðum bundið fyrir hann að skilja, hvað var meint í hverri gr., án þess að hann þyrfti að beita nokkrum lögskýringum. Í öðru lagi er það, að ég hefi ekki séð hann koma með brtt. í þessa átt, sem stafar af því, að honum þykir sæmilega greinilega gengið frá þessum ákvæðum.

Hann minntist sérstaklega á 3. gr. frv., um seljendur mjólkurinnar. Það gefur að skilja, að þetta orð „seljendur" mjólkurinnar, er ómögulegt að misskilja. Þarna er rætt um það, að seljendur mjólkurinnar eigi að greiða verðjöfnunargjald. Með þessu er vitanlega átt við þá, sem selja mjólkina til mjólkurbreinsunarstöðvar. Þar getur ekki verið um aðra að ræða, eins og hann benti á í framsöguræðu sinni, því að þegar *mjólkin er gengin í gegnum búin og gengur* síðan í gegnum sölumiðstöð, þá getur sú sala, sem þar fer fram, ekki verið undanþegin verðjöfnunarskatti, enda komst hann að þeirri niðurstöðu — sem rétt var. Það er því engum blöðum um það að fletta, að þetta ber að skilja eins og hann gerði.

Það getur hinsvegar verið meira vafaatriði og skipt nokkru máli, hvernig orðað verði niðurlag 4. gr., sem hann talaði um. Ég vil orða gr. eins og þar er gert, en ekki fallast á þá brtt., sem *hann ber fram* við hana ásamt hv. 2. þm. Rang. Þar er í raun og veru gengið nokkuð inn á aðra braut viðvíkjandi þessu löggjafarákvæði en gert er í kjötlögunum, þar sem tekið er fram, að við ákvörðun verðlagsins skuli fyrst og fremst tekið tillit til framleiðslukostnaðar og kaupgetu. Hér er lagður nokkuð annar grundvöllur. Það getur átt sér stað, að það verði hér með mjólkina svipað og í Englandi. Þar hefir þeirri reglu verið fylgt, að mjólkurverðið hefir verið miðað við kaupgetu og framleiðslukostnað, en vegna þess, hvað þeir hafa orðið að vinna mikið úr afgangsmjólk, sem þeir hafa fengið tiltölulega lágt verð fyrir, þá hafa þeir nú í seinni tíð tekið upp þá aðferð að hefja sérstakt „propaganda" fyrir sölu mjólkur og selja hana ódýrara, til þess að auka söluna, t. d. í skólum. Þetta borgar sig þar, sem verð fyrir vinnslumjólk er lágt. Þar getur borgað sig að nota þannig nokkuð af mjólkinni til að auka söluna. Ég held því, að það verði eðlilegast að fylgja sömu reglum í þessum l. og hefir verið viðvíkjandi sölu kjöts, en ekki binda þetta eins og gert er með þessari brtt.

Hin brtt., sem fyrir liggur, er aðeins breyt. á orðalagi. Ég skal taka það fram, að hv. 10. landsk. lýsti því með ákaflega sterkum fullyrðingum, hvað vel hefði verið gengið frá frv. frá n. Það voru teknar upp tvær gr. orðréttar úr frv. n., og önnur þeirra er þessi 11. gr., sem hann hefir nú séð ástæðu til að koma fram með brtt. við, vegna þess að hún sé ekki nægilega

vel orðuð, þó að hún sé orðrétt frá hendi n. Ég álít, eins og ég sagði, að frv. geti engum misskilningi valdið. Það má deila um það, hvort þetta orðalag sé til bóta; það getur verið, að það sé heldur betra, en ég sé þó ekki betur en að gr. sé þannig nú, að hún megi standa eins og hún er. Ég álít því, að réttast sé að fella báðar þessar brtt., sem hér liggja fyrir, því að hvorug þeirra er til bóta. Brtt. við 11. gr. er þó meinlaus, því að þar er aðeins um orðabreyt. að ræða.

Þá komu hér fram nokkrar aths. frá hv. 1. þm. Reykv., og það var náttúrlega það sama og var rætt m. a. í Nd., að hve miklu leyti þessi l. snertu hagsmuni Rvíkur og þeirra, sem framleiða mjólk í nágrenni Rvíkur. (MJ: Er búið að ræða þetta í Nd.?). Það vildi svo til, að þegar kjötlögin voru til umr. í Nd., þá var þetta atriði dregið inn í þær umr. og rætt af hv. 5. þm. Reykv. Viðvíkjandi þessu er ekki að búast við, að komizt verði að niðurstöðu, sem allir verði sammála um.

Ádeilur hv. 1. þm. Reykv., að við með frv. þessu vildum drepa niður mjólkurframleiðsluna í nágrenni Rvíkur, hitta líka hans eigin flokksmenn, eins og t. d. hv. 2. þm. Rang., sem hefir lýst yfir fylgi sínu við frv. Að ég ekki tali um núv. form. Sjálfstfl., sem flutti í fyrra hér á Alþingi frv., sem gekk í sömu átt og þetta, og að sumu leyti lengra, þar sem átti að leggja 2 aura verðjöfnunargjald á hvern lítra mjólkur, sem framleiddur var hér í nágrenni Rvíkur. Það er því ekki með neinum rétti hægt að halda því fram, að við framsóknarflokksmenn séum með þessu sérstaklega að níðast á Reykvíkingum, því að sjálfstæðismenn eiga hér óskipt mál, og ganga að sumu leyti lengra. Að því er snertir mjólkurframleiðendur í Rvík og nágrenni, geta menn aldrei verið á sama máli um það, að hve miklu leyti þetta nýja fyrirkomulag geti orðið þeim til hagsbóta og að hve miklu leyti til hins verra. Það er allt af deilt um, hvernig fara myndi, ef til mjólkurstríðs kæmi, hvort framleiðendur hjá Rvík myndu halda betur út en austanmenn. Ég hefi bent á það hvað eftir annað, hversu framleiðslukostnaðurinn er mikill hér í nágrenni Rvíkur, og að þeir, sem hér búi, standi því eðlilega verr að vígi heldur en hinir, sem hafa ódýrari framleiðslu. Af sömu rökum ættu þeir því að verða undir í mjólkurstríði við austanmenn, ef til slíkra hluta kæmi. Annars myndi mjólkurstríð sennilega fara svo, að báðir myndu tapa, því að baráttan myndi kosta mikla peninga, sem framleiðendur og neytendur yrðu svo að borga síðar. Ég held því, að allt tal um það, að framleiðendum hér sé sérstaklega ívþyngt með þessu nýja skipulagi, hafi við lítil rök að styðjast. Þvert á móti munu þessi nýju lög geta orðið þeim til hagsbóta, ekki síður en hinum, sem fjær búa.

Í raun og veru hefir það verið svo hér, að undanfarið hefir verið rekið fullkomið mjólkurstríð. Það hafa verið 105 mjólkurbúðir, og þar af 80 löggiltar. Geta því allir séð, hvað slíkt fyrirkomulag hefir kostað neytendur og framleiðendur umfram það, sem þörf var á. Þó hefir mjólkurverðinu verið haldið í skefjum af Mjólkurbandalagi Suðurlands, sem hefir verið að reyna að finna leið út úr þessu öngþveiti, allt á kostnað manna fyrir austan, en til hagsbóta fyrir framleiðendur hér. Hefir mjólkurstríðinu þannig að nokkru leyti verið skotið á frest. En það var ekki hægt að halda þessu lengur áfram, því að það er ekki eðlilegt, að framleiðendur austanfjalls haldi mjólk sinni lengur frá markaðinum hér án þess að fá eitthvað í staðinn. Bezta lausnin á þessu máli verður því sú, sem frv. felur í sér, að framleiðendur í nágrenni Rvíkur fái tryggðan markaðinn hér, en borgi aftur verðjöfnunargjald til hinna, sem verða að láta vinna úr mjólk sinni að miklu leyti. Væri þetta gjald aftur látið falla niður, þá félli um leið niður ástæðan fyrir þá, sem fjær búa, að halda mjólk sinni frá markaðinum hér. Því hefir verið haldið fram, að það kostaði mjólkurframleiðendur hér í nágrenni Rvíkur mikið fé að selja mjólk sína gegnum mjólkurstöðvar, vegna gerilhreinsunar og dreifingar, sem þeir hefðu verið lausir við og gætu verið lausir við, þar sem þeir hefðu útbýtt mjólk sinni sjálfir. Þessi ástæða fellur af sjálfu sér, þegar þess er gætt, að þessir framleiðendur hafa einmitt orðið að kaupa flutning á mjólkinni hingað, auk þess dreifingu og innheimtu, að nokkru leyti a. m. k., sem ég hefi fyrir satt, að hafi numið um 5 aur. pr. lítra. Til samanburðar má t. d. geta þess, að hjá K. E. A. hefir dreifingar- og gerilsneyðingarkostnaður numið 5,8 aur. pr. lítra. Hvort það tekst að koma þessum kostnaði svona langt niður hér, veit ég ekki, en við vonum, að hann komist langt niður. Auk þessa kostnaðar, sem ég nú hefi greint, verða þeir framleiðendur, sem selja beint, að kosta miklu fé til þess að hafa framleiðsluna sem jafnasta allt árið. Stafar það af því, að þeir hafa fasta kaupendur og verða að fullnægja mjólkurþörf þeirra á hverjum tíma. Þetta mun kosta þá 1—2 aura pr. lítra. Verði frv. samþ., þá fellur þessi kostnaður niður, því að þá verður ekki nauðsynlegt fyrir þá að hafa framleiðsluna jafna árið um kring; þeir hafa þá enga fasta viðskiptamenn, þar sem þeir yrðu að selja gegnum mjólkurstöð, og verður þá alltaf hægt að bæta við mjólk að austan til þess að fullnægja þörfinni. Hér getur því orðið hagnaður fyrir framleiðendur hér, án þess að það kosti aðra nokkuð. Stærsta atriðið fyrir framleiðendur hér er þó það, að með þessu eina móti, að greiða verðjöfnunargjaldið, geta þeir haft markaðinn hér í Rvík vissan.

Þá má benda á það, að mjólkurframleiðendur hér í grennd við Rvík hafa jafnan verið háðir Mjólkurfélagi Rvíkur. Það verða allt af hjá þeim meiri og minni afgangar af mjólk, sem þeir verða að koma í vinnslu hér. Það er því engum efa undirorpið, að svo framarlega sem þetta ástand verður ekki lagfært, þá mun draga að því, að mjólkurframleiðendur hér yrðu að koma upp sinni eigin vinnslustöð, og þá myndi það sýna sig, að það yrðu miklir afgangar suma daga, sem taka yrði til vinnslu, ef mjólkurstríð væri komið. En það væri óneitanlega mikið öfugstreymi hlutanna, ef mjólk, framleidd hér í nágrenni Rvíkur, yrði vinnslumjólk, meðan seld væri hér mjólk, sem flutt væri hingað langan veg með ærnum kostnaði. Það er því sama,

hvernig sem á mál þetta er litið, þá verður því ekki neitað með neinum rökum, að á því er tekið með fyllstu sanngirni, bæði að því er snertir þá, sem búa hér í grennd, og hina, sem búa lengra frá, og að hið nýja fyrirkomulag verður til hagsbóta fyrir báða, ef vel tekst að framkvæma það. Eftir að hafa kynnt mér þetta mál eins og ég nú hefi gert, þá segi ég óhikað, að ef ég ætti eftir að búa hér í nágrenni Rvíkur, þá teldi ég mig miklu öruggari undir þessu nýja fyrirkomulagi heldur en ef mjólkurstríð væri sífellt yfirvofandi, sem yrði öllum til ógagns.

Þá sný ég mér loks að framkvæmd gömlu mjólkurlaganna, sem hér giltu, enda þótt það sé leiðinlegt að draga umr. um þau inn í umr. um þessi lög, því að þau koma þeim mjög lítið við. — Hv. 10. landsk. vildi halda því fram, að það hefði verið mín sök, að þau lög væru ekki framkvæmd. Að ég hafi ekki viljað framkvæma þau, eins og hv. þm. sagði, er algerlega rangt. Í þessum gömlu lögum segir svo, að þau komi þá fyrst til framkvæmda, þegar búið sé að löggilda nægilega mörg fullkomin mjólkurbú. Lögin gengu í gildi vorið 1933, en það var ekki farið að hugsa um að framkvæma þau þegar kom fram undir jól í fyrra, en þá kvartaði Mjólkurfélag Rvíkur yfir þessu. Var þá farið að hefjast handa um framkvæmd laganna, en þá kom í ljós, að engin löggilt mjólkurbú voru til. Þáv. atvmrh. vildi þá halda því fram, að með því að veita mjólkurbúunum fjárstyrk hefðu þau verið viðurkennd sem fullkomin mjólkurbú. En nú var sá galli á gjöf Njarðar, að t. d. Mjólkurbúið á Korpúlfsstöðum hafði aldrei fengið neinn styrk, og var því samkv. þessu ekki löggilt mjólkurbú. Þegar svo einn smákaupmaður var kærður fyrir brot gegn l. þessum, var þegar augljóst, að þessi löggilding, að veita búunum styrk, var einskis virði. Löggilding búanna varð vitanlega að fara fram opinberlega, vegna alls almennings, sem eftir lögunum átti að fara. Þetta hafði ég bent atvmrh. á, en hann vildi ekki ganga inn á það. Samkv. þessu sýknaði ég því mann þann, sem kærður var fyrir brot gegn lögunum. Þegar hér var komið, gaf atvmrh. út auglýsingu í Lögbirtingablaðinu um löggilding mjólkurbúanna, sem svo var sent út um allan bæ í skyndingu. — Mjög fljótlega eftir að auglýsing þessi hafði verið birt var annar maður kærður fyrir brot gegn þessum lögum. Þann mann dæmdi ég að sjálfsögðu sekan. Það liggur nú alveg beint fyrir, að atvmrn. hefði ekki farið að gefa út þessa auglýsingu, ef það hefði álitið þá skýringu rétta, að búin hefðu verið löggilt með styrkveitingunni. Þá viðurkenndi dómsmrn. líka, að dómur minn yfir manni þeim, er fyrst var kærður, hefði verið réttur, þar sem það áfrýjaði honum ekki. Það bendir ótvírætt til þess, að það hafi litið svo á, að lögin gætu ekki komið til framkvæmda fyrr en löggilding hefði farið fram. Hinum dómnum, sem dæmdur var eftir að auglýsingin hafði verið gefin út, var áfrýjað til hæstaréttar og staðfestur þar. Önnur afskipti hafði ég ekki af þessu máli að því er snertir þáv. atvmrh.

Þá vil ég með nokkrum orðum svara hv. 1. þm. Skagf. Hann sagði, að ég hefði farið með vísvitandi ósatt, er ég hélt því fram, að hann hefði stöðvað framkvæmd mjólkurlaganna. Um þetta mál hefir mikið verið skrifað, og er því flestum kunnugt um, hver maður sá var, sem málið snerist aðallega um. Þar sem hér var líka aðeins um lögreglubrot að ræða, þá get ég gjarnan lesið upp úr bréfum þeim, sem fóru á milli mín og ráðuneytisins um málið. Eftir að ég hafði dæmt Jafet Sigurðsson fyrir að selja ógerilsneydda mjólk, skrifaði ég ráðuneytinu og spurðist fyrir um það, hvort ég ætti að láta fullnægja dómnum, þar sem maðurinn hefði áfrýjað málinu til hæstaréttar. Að ég spurðist fyrir um þetta, var fyrst og fremst af því, að eins og hv. 1. þm. Skagf. veit, er allt af mjög deilt um það, hvort yfirleitt eigi að fullnægja dómum á meðan þeir eru undir áfrýjun, og í öðru lagi fannst mér rétt að spyrjast fyrir um þetta, þar sem þetta var fyrsti dómurinn, sem kveðinn var upp samkv. lögunum. Þá var það líka, að gefa átti út reglugerð m. a. um barnamjólk, og taldi hinn dæmdi, að mjólk sú, er hann seldi, gæti fallið undir hana. Var svo beðið eftir svari viðvíkjandi fullnægingu dómsins, og skal ég nú lesa upp niðurlag svarbréfsins. Það hljóðar svo: „Jafnframt tekur ráðuneytið það fram, að lögreglustjóranum ber auðvitað að sjá um, að enginn selji mjólk gegn skýlausum fyrirmælum laga nr. 97 frá 1933, hvað sem líður áfrýjun þessa máls". Í bréfinu er enginn stafur um það, hvort fullnægja eigi dómnum eða ekki. Heldur aðeins að lögreglustjóranum beri að fylgja skýlausum fyrirmælum mjólkurlaganna. En hver voru nú hin skýlausu fyrirmæli þessara laga meðan dómur hæstaréttar var ekki fallinn í hinu áfrýjaða máli? Ég held, að þau hafi verið mjög vafasöm hvað þetta snertir.

Hinn 26. febr. fæ ég svo aftur bréf frá ráðuneytinu. Þar segir svo: „Er þess beiðzt, að þér annist fullnustu dómsins að öllu leyti og endursendið síðan dómsgerðina hingað með áritun yðar um fullnustuna". Þetta er nákvæmlega sama fyrirskipunin sem lögreglustjóri fær jafnan um fullnustu dóma. Í þessu bréfi er ekkert minnzt á það, að ég hafi fengið fyrirskipun áður um að láta fullnægja þessum dómi. Þetta bréf er einungis ritað þannig til þess að hægt sé að snúa því til beggja handa.

Ef ég hefði t. d. framfylgt dómnum, hefði verið sagt, að aldrei hafi verið ætlazt til, að þessum dómi væri fullnægt. En þegar ég svo framfylgdi honum ekki, er sagt, að þetta hafi átt að þýða það, að framfylgja skyldi dómnum. Ég gæti komið með heilan bunka af fyrirskipunum um að fullnægja dómum, og engin þeirra er orðuð á þennan veg. — Eftir að þessu sleppir kemur svo fyrirskipun um það, að fullnægja skuli dómnum, án þess að tekið sé fram, að um það hafi verið gefin fyrirskipun áður, sem skylt hefði verið að gera, ef svo hefði verið. — Þá gerðum við heilbrigðisfulltrúi fyrirskipun um það, að athugað skyldi í hverri mjólkurbúð, hvort seld væri ógerilsneydd mjólk. Síðan er mjólkursalan stöðvuð nema í 3 búðum, sem halda áfram að selja ógerilsneydda mjólk. Þá spyrjumst við fyrir um það hjá dómsmrn.,

þegar þessi maður, sem hlut átti að máli, er kallaður fyrir í maímánuði, hvort loka megi búðum hans. Þetta gerðum við af sömu varúðarráðstöfunum, eins og þegar við spurðum um það, hvort ætti að fullnægja dómnum, sem var undir áfrýjun, því ef fullnægt hefði verið dómnum og honum hefði svo verið hrundið í hæstarétti, var búið að valda einstökum mönnum tjóni, sem skipti kannske tugum þúsunda, og hefði það vitanlega komið á mitt bak, ef ég hefði ekki haft hreina fyrirskipun frá ráðuneytinu sjálfu um að fullnægja dómnum. Þess vegna datt mér ekki í hug að gera það, þegar ég fékk ekki fyrirskipanir um það. En þegar þessi maður hlýddi ekki, lét ég fulltrúa minn spyrjast fyrir um það, hvort loka mætti hjá honum, og gerði ég það vegna þess, að í búðunum var selt margt annað en mjólk, t. d. brauð og ýmislegur annar varningur, en það stendur ekkert um það í l., hvað eigi að gera, ef þeir, sem sektaðir eru, láta sér ekki segjast við það. Það var því ábyrgðarhluti fyrir mig að fullnægja dómnum, nema ég hefði dómsmrn. á bak við mig. Þess vegna lét ég fulltrúa minn hringja til þáv. dómsmrh., Magnúsar Guðmundssonar, og spyrjast fyrir um það, eftir að búið var að kalla þennan mann fyrir rétt, hvort loka ætti búðum hans. Þá var því svarað af dómsmrh., að þetta mætti bíða fyrst um sinn, þangað til hann gæfi aðra fyrirskipun. — Til þess að sýna, að hér sé ekkert vafamál á ferðinni, ætla ég að lesa upp embættisvottorð frá fulltrúa minum um þetta atriði, til þess að sýna og sanna, að það var ekki ég, sem stöðvaði framkvæmd mjólkurl. Þetta var sérstaklega borið á mig, þegar ég var í framboði norður á Ströndum, og þess vegna fékk ég embættisvottorðið, sem hljóðar svo:

„Hermann Jónasson lögreglustjóri.

pt. Kaldrananesi.

Eftirfarandi vottast:

Kristján Jóhannsson mjólkursali var sektaður 16. apríl s. l. fyrir ólöglega mjólkursölu. Hinn 18. þ. m. hafði lögreglustjórinn komizt að því, að Kristján hélt hinni ólöglegu sölu áfram, og fól hann mér þá að koma fram ábyrgð gegn honum og gera þær ráðstafanir, sem tiltækilegar væru til þess að hindra söluna. Ég kallaði þá Kristján fyrir þann 19. þ. m., en þá fékk hann af skrifstofu minni að tala í síma við dómsmálaráðh., sem síðan í símtali tjáði mér, að málið mætti bíða, unz hann tilkynnti mér, hvað gera skyldi í því, en fyrirskipun þar að lútandi er ókomin.

Jónatan Hallvarðsson“.

Í þessu vottorði sést, að ég gaf fulltrúa minum fyrirskipun um að fullnægja mjólkurl. Maðurinn flýr þá á náðir dómsmrh., sem gefur þá fyrirskipun, sem talað er um í vottorðinu.

Nú getur hv. 1. þm. Skagf. náttúrlega borið á þennan embættismann, að hann hafi gefið falsvottorð um það, sem farið hefir fram á hans skrifstofu. En með öðru móti er ekki hægt að komast að mér með það, að ég hafi staðið á móti framkvæmd mjólkurl. (MG: En allur tíminn frá 29. des. til maí?). Ég er búinn að fara í gegnum þennan tíma, og það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að vera að slíta sannanakeðjuna, sem hann nú er að bogna undir. Ég er búinn að sanna þetta svo rækilega, að ég býst ekki við, að hv. þm. detti í hug að standa upp aftur. En ég get samt komið með ennþá sterkari sannanir, því þegar fulltrúi minn fær ekkert svar, skrifar hann bréf 1. júní, sem ég hefi hér með höndum og skal lesa upp:

„... Leyfi ég mér því hér með að æskja fyrirmæla hins háa ráðuneytis um það, hvort gera skuli aðrar ráðstafanir gagnvart kærða en að beita sektarákvæðum viðkomandi l. til þess að hindra hina ólöglegu mjólkursölu, t. d. að loka búðum hans, en jafnframt skal það tekið fram, að kærði auk ógerilsneyddrar mjólkur selur brauð og annan bakarívarning í búðum sínum“.

Þegar svo fulltrúanum leiðist eftir svari, itrekar hann við ráðuneytið, hvort loka megi búðunum, hvort ráðuneytið standi á bak við það.

Þá kemur loks bréf nokkrum dögum eftir kosningar, dagsett 21. júlí. Þar segir á þá leið, að þetta sé ráðuneytinu óviðkomandi, en vitanlega beri lögreglunni að sjá um að l. sé framfylgt.

Eftir kosningarnar rankar ráðh. svo við sér, að hann þarf að hreinsa sig af bréfum. Þá skrifar hann bréf, þar sem hann segir, að það ætti að framfylgja mjólkurl. og hafa allt aðra skipun á mjólkursölunni í bænum. Þess vegna er þessi dráttur. Það er spurzt fyrir um það hvað eftir annað, en ekkert svar fæst fyrr en eftir kosningar. Þá kemur þetta bréf, þar sem svarað er út í hött. Ef ráðuneytinu hefði verið alvara með að láta framfylgja l., þá mundi það, þegar það var spurt 1. júní, hafa gefið út fyrirskipun um það.

Hér liggur því fyrir hver sönnunin á fætur annari í þessum bréfum og embættisvottorðinu um, að það var dómsmrh. sjálfur, sem kom í veg fyrir, að mjólkurl. væru framkvæmd.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson)** óyfirl.: Ég ætla fyrst að snúa mér að hv. 10. landsk. Hann mun hafa látið orð falla í ræðu sinni hér í dag um það, að það væri af hlífð við einhverja, máske við Sigurð Kristinsson og hv. þm. V.-Ísf., að hann ekki opinberaði eitthvað merkilegt, sem væri óþægilegt fyrir þá, sem stóðu að tilvonandi stjórnarmyndun í fyrravetur. Ég óska, að hv. þm. sýni ekki þessa hlífð; ég get ekki séð, að neinn akkur sé í því, ef hér er um að ræða alvarlegt mál, þar sem fyrir öðrum stendur þetta þannig, að það hafi verið honum sérstaklega kært, frekar en nokkrum öðrum, að ekkert varð úr þeim samningum, sem byrjað var á og honum þýðir ekki að neita, að voru alveg þeir sömu og leiddu til núv. stjórnarmyndunar. Það var sama krafan, sem Framsfl. gerði til Alþfl., að hann hjálpaði til að skipuleggja afurðasöluna. Og þetta var ástæðan til þess, að flokkurinn óskaði eftir að losna við hv. 1. þm. Skagf. úr stj. — Ég skora því á hv. þm. að upplýsa allt, sem hann getur, og láta það ganga út yfir hvern sem vera skal. En ég spái því, að hann standi svo höllum fæti, að hann hafi bara af hlífð við sjálfan sig ekki treyst sér til að hrekja

þetta, sem sagt er. Honum sjálfum er það að kenna, að þetta starf dróst frá því í nóvember í fyrra og þangað til í ágúst í sumar, því fyrst þegar hann er kominn úr stj., er hægt að sinna þessum málum. Hv. þm. reyndi sér til afsökunar að halda því fram, að það væri ekki rétt, að fyrir honum hefði ekki vakað að taka föstum tökum á afurðasölumálunum. Ég verð að hryggja hann með því að leggja fram óhrekjandi vitnisburð um muninn á aðstöðu okkar fyrir einu ári, er við deildum um þetta hér í þessari sömu stofu. Þegar þeir atburðir höfðu gerzt, að Framsfl. hafði reynt að mynda stjórn með Alþfl. til þess að leysa þetta mál, og þegar hv. 10. landsk. og Jón Jónsson eru búnir að eyðileggja þetta sama, og þegar Jón Árnason er búinn að senda fundarboð til allra kaupfélagsstjóra á landinu, og óskar, að þeir komi á fund til þess að ræða afurðasölumálið, þá kemur Jón í Stóradal með till. um að skora á stj. að láta athuga innanlandssölu með landbúnaðarafurðir. Í till. segir svo:

„Ed. Alþingis skorar á ríkisstj. að láta fara fram rækilega athugun á því, hversu heppilegast væri að haga sölu á afurðum landbúnaðarins í landinu sjálfu og hvaða ráðstafanir væri hægt að gera af ríkisvaldsins hálfu til þess að tryggja sem bezt markað fyrir þær innanlands og a. m. k. svo hátt verð, að bændur fengju framleiðslukostnaðinn endurgoldinn".

Þetta er fyrsti liður till., sem gengur út á það, að stj. láti fram fara athugun. Annar liður till. hljóðar svo: „Skal leita um þetta umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Sláturfélags Suðurlands og Mjólkurbandalags Suðurlands". Þetta er sá liður, sem Jón Þorláksson vildi ekki samþ. Svo er þriðji liður till.: „Leggja skal árangurinn af þessari athugun fyrir næsta Alþingi".

Hér er ekkert talað um frv., heldur aðeins athugun. Þetta veika kvak kemur fram eftir að Framsfl. hefir orðið að láta tvístranda á stjórnarmyndun með Alþfl. á þessum grundvelli og eftir að vitað er, að sá maður á Íslandi, sem mest hefir gert til þess að þoka þessum málum áfram, hefir kallað saman alla fulltrúa samvinnufélaganna á fund í Rvík til þess að ræða þessi mál. En hvernig er þá aðstaða þessa ráðh., sem þá sat „fungerandi", af því hann vildi ekki ganga inn á, að Sigurður Kristinsson eða Ásgeir Ásgeirsson mynduðu stj. með þessu prógrammi? Hans bandamenn eru þannig, að þegar kemur að miðlið till. um það, að leita skuli umsagnar þessara félaga, þá kemur formaður þess flokks, sem er í bandalagi við hv. 10. landsk., og mótmælir því, að leita skuli umsagnar þessara félaga. Hann óskar þess, að forseti beri till. upp í þrennu lagi, til þess að geta fellt þetta úr, og heimtar svo nafnakall um þetta. Þá kemur í ljós, að form. Sjálfstfl., Jón Þorláksson, greiðir fyrstur manna atkv. móti till.liðnum, ennfremur 1. þm. Reykv., sem heldur sinni stefnu ennþá og vill vinna þessu máli allt það tjón, sem hann getur, Bjarni Snæbjörnsson, þáv. þm. Hafnf., og núv. 2. þm. Rang., sem nú er með hv. 10. landsk. undir minni hl. áliti n. — Ég vil biðja hv. 2. þm. Rang. að útskýra fyrir d., í hvaða ljósi maður eigi að skoða atkvgr. hans. Hann er sá eini af þessum mönnum, sem nú telur sig vera með frv., og hans atkvgr. get ég því ekki skilið öðruvísi en að hann hafi viljað leysa þetta mál utan við samvinnufélögin. En hitt er annað mál, að það var samþ. að spyrja samvinnufélögin en ekki meira. — Ég bar fram brtt. við þessa till. Jóns Jónssonar, og gerði það fyrst og fremst í samráði við flokksmenn mína í d. og form. Alþfl. Sú till. gekk inn á nýja leið, þá leið, sem hv. 10. landsk. svo síðar fór. Till. var á þessa leið:

„Ed. Alþingis skorar á ríkisstj. að skipa 5 manna n., ólaunaða, til þess að undirbúa fyrir næsta þing frv. um skipulag á sölu landbúnaðarafurða innanlands, svo framarlega sem Samband ísl. samvinnufél., Sláturfél. Suðurlands, Mjólkurbandalag Suðurlands, Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands vilja leggja til, hvert um sig, einn mann í nefndina".

Ef þessi till. er borin saman við upprunalegu till., kemur fram allt annað viðhorf. Hún er einungis um það, að þessi 5 stóru félög skuli leggja til menn í n. til þess að rannsaka þessi mál og leggja þá rannsókn fyrir næsta Alþingi. Það er ekki verið að tala um neina „athugun", heldur að fá hæfa menn frá þessum félögum til þess að gera frv., sem svo verði lagt fyrir Alþingi. En það mátti svo sem nærri geta, að þetta átti ekki upp á pallborðið hjá hv. 10. landsk. Hann mótmælti till. og fékk með sér sinn eina flokksmann, Jón Jónsson, og alla sjálfstæðismenn til þess að greiða atkv. á móti henni, og var hún því felld. — Nú skyldi maður ætla, að hv. 10. landsk. hefði farið eftir þeirri leið, sem lá opin samkv. till. Jóns Jónssonar, sem sé þeirri, að skipa n. eða setja mann eða menn í að athuga, hversu heppilegast væri að koma þessum málum fyrir. Þegar svo þessi maður eða menn hefðu gert sínar athuganir, áttu þeir að senda till. til þessara 5 félaga og fá álit þeirra. Þá var hægt fyrir stj. að gera annað tveggja, leggja þessa athugun fyrir þingið eða búa til úr því frv. En hvað gerist? Hv. 10. landsk. lætur alveg undir höfuð leggjast að láta þessa athugun fara fram, sem Jón Jónsson fyrirskipaði í sinni till. og hann og sjálfstæðismenn höfðu samþ., heldur fer hann inn á leið okkar framsóknarmanna og formanns Alþfl. Svo rignir bréfum frá honum til þessara stofnana, þar sem hann biður um nefndarmenn. Þá er hann í raun og veru kominn inn á þann grundvöll, sem hann lét drepa, og það án þess að nokkur knýjandi ástæða hafi verið til þess frá hans sjónarmiði. Ég óska, að hv. þm. geri hreint fyrir sínum dyrum og segi, hvers vegna hann fylgdi ekki till. Jóns Jónssonar og hvers vegna hann fór hina leiðina, sem hann var búinn að fordæma. Og hvað var það, sem gerði mína leið svo girnilega, að hann gat ekki hreyft sig fyrir því, að hann fékk ekki bréf nógu fljótt frá félögunum? Ég skal spara honum ómakið og svara honum. Ég hygg, að það sé alveg ljóst, að áður en Jón Jónsson kom með sína till., er Jón Árnason búinn að boða til fundar, og hann kemur saman. Þessi fundur var lifandi mótmæli gegn skoðun Jóns Þorlákssonar, sem vildi, að þessi félög væru látin utan við þetta. Svo gera þessir

menn frv. bæði um mjólkur- og kjötmálin, og voru sumir þeirra, eins og Jón Árnason, búnir að leggja að þessu grundvöll áður. Þá er það, sem ráðh. kemur og fær þessa menn til að vera í n. með skjólstæðing sínum, sem hann setur sem formann hennar. Svo eru bæði ráðh. og form. n., þm. V.-Húnv., í framboðsleiðangri út um allt, og það gerist ekkert í n.; henni liggur ekkert á. Frv. frá kaupfélagsstjórunum er til. Ráðh. er þarna kominn inn á það að skipa n. eins og Samvinnufélögin og Alþfl. höfðu viljað, og er hann þá kominn inn á þann grundvöll, sem hann nú vill komast út af, nefnilega að spyrða saman verkamenn og bændur; það er þessi nýjung, sem kemur fram í till., sem form. Alþfl. og framsóknarmenn stóðu að, að vita hvernig gæfist, að samvinnufélögin og Alþfl. sem starfandi eining fyrir neytendur í bæjunum tækju höndum saman um að reyna að brúa þá gjá, sem alltaf hefir verið í þessum málum. Inn á þetta er hv. þm. kominn, þegar hann biður Alþfl. að leggja til mann í n. Hitt er annað mál, að hann vill nú með brtt. sínum reyna að útiloka neytendur svona eftir á. — Það væri því mjög æskilegt, að hv. þm. vildi skýra frá því, hvers vegna hann og hans nánustu vilja ekki hafa neytendur með, úr því að þeir voru nógu góðir til þess að leggja mann í n. til þess að búa til frv. Svo gerist ekkert annað hjá hv. 10. landsk. en að hann snýst inn á leið andstæðinga sinna, sem hann var áður búinn að fordæma, en hefir þá ekki meiri áhrif á stéttarbróður sinn en það, að honum er ómögulegt að fá hv. 1. þm. Skagf. til þess að gera meira í þessu máli en það, sem hæstv. forsrh. hefir skýrt frá hér. Þetta er mál, sem maður er ekkert að fara út í hér, en við, sem erum kunnugir því, hvernig aðstaðan var viðvíkjandi mjólkurlögunum í Árnessýslu, vitum vel, að fyrir þann flokk, eða öllu heldur fyrir það flokksbrot, sem hv. 10. landsk. óskaði eftir vináttu við, var það heppilegra, að tekin væri sú afstaða, sem þáv. dómsmrh. tók, sem sé að halda öllu, sem málið varðaði, svifandi í lausu lofti fram yfir kosningar, og geta svo dregið sig í hlé hvenær sem var og án þess að taka tillit til þess, þó að lögbrotin héldu áfram óhindruð. Það vissu allir, að hv. 10. landsk. vildi ekki, að l. yrðu framkvæmd, af því að hann hafði ekki þrek til þess að taka þá afstöðu í mjólkurmálinu, sem stríddi á móti hagsmunum sjálfstæðismanna. Aftur á móti álít ég, að hv. 1. þm. Skagf. hafi haft góðan vilja til þess að taka föstum tökum á málinu. En hvernig í ósköpunum átti hann að gera það, þegar hann hafði 1. þm. Reykv., pólitískan ritstjóra Vísis og aðra slíka góða menn sem aðalstuðningsmenn í málinu?

Ég hefi minnzt á þetta í nál., til þess að sýna það, að þessi stjórn, þó að hún hefði ekki þingmeirihluta að baki sér, heldur væri millibilsstj., tók sér vald í ýmsum öðrum málum, eins og t. d. þegar atvmrh. tók sér það vald sjálfur, eftir kosningarnar í sumar og eftir að hann varð í hreinum minni hluta, að gefa út bráðabirgðal., sem tóku afnotaréttinn af einni síldarverksmiðju landsins eignarnámi. Hvers vegna hafði hv. þm. þrek til þess að gera þetta, mjög á móti stefnu síns flokks, þar sem hann skapaði með þessu fordæmi, sem flokksbræður hans eru ekki ánægðir með. Það hefði ekkert verið við þetta að athuga, ef hv. 10. landsk. hefði haft jafnmikinn áhuga fyrir því að hrinda þessu máli áfram, sem hér um ræðir. Hann gat tekið till. kaupfélagsstjóranna og komið málinu af stað, en hann gerði það bara ekki. Hann hélt áfram sinu milda aðgerðarleysi. Hvers vegna var hv. 10. landsk. svona aðgerðarlaus í þessu máli meðan hann var ráðh., og hvers vegna snýst hann frá sínum málstað, þegar hann sér, að straumurinn er svo sterkur á móti honum, að hann getur ekkert, og þegar hann sér, að samvinnufélögin láta ekki bjóða sér aðstoð Jóns Þorlákssonar, en taka málið í sínar hendur og taka til sinna ráða? Þessi stjórn fór síðan svo frá, að hún hafði ekki gert nokkurn skapaðan hlut í þessu máli.

Þá kem ég að hv. 1. þm. Reykv. Ég álít, að hans afstaða í þessu máli sé miklu virðingarverðari en þeirra ágætu manna annara, sem áttu sæti í stj. og eiga nú sæti í þessari d., því að hann er alltaf sjálfum sér samkvæmur. Hann hefir frá því fyrsta barizt á móti því, að mjólkursalan yrði skipulögð, bæði meðan hann átti sæti í Nd. og eins nú við þær umr., sem farið hafa fram um málið. Hann hefir ekki falskt yfirskin í málinu, en játar, að andstaða hans sé í sambandi við málstað kjördæmis þess, sem hann er þm. fyrir. Ég hefi eiginlega litið við þennan hv. þm. að segja, því að hann er fulltrúi þeirrar stefnu, sem vill hafa það sama skipulagsleysi í þessum efnum og hefir verið hingað til. Mjólkin var einu sinni á 1 krónu lítrinn, en var komin niður í 42 aura, samhliða því, að sumir bændur fengu 11 til 12 aura fyrir lítrann. Það er þessi aðstaða, sem ekki sérir hagfræðilegar tilfinningar hv. 1. þm. Reykv., og einungis fyrir það, að sú stétt, sem hann er fulltrúi fyrir, hefir hagnað af þessu, en honum er aftur á móti sama um þær stéttir, sem hann er ekki fulltrúi fyrir. Honum er sama, þó að þær fái óhreinsaða mjólk og líði fyrir það ástand, sem hefir verið í þessum efnum og það kemur honum ekkert við, hvort löggiltur er einn fjósbás hér sunnan til í bænum hjá einum flokksbróður hans eða ekki. Þetta minnir á það, þegar hinni útvöldu guðs þjóð var leyft að selja útlendingum skemmt kjöt, en þeir trúuðu og útvöldu máttu ekki éta það sjálfir. Hvers vegna eiga þeir efnuðu að fá barnamjólk t. d. frá Korpúlfsstöðum, en aðrir ekki? Þeir viðurkenna svo sem, að hún sé holl fyrir þeirra börn, en þeim kemur það ekkert við, þó að fátæklingarnir í kjallaraholunum fái óhreinsaða mjólk.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að skipulagslögin stefndu að því, að Rvík yrði étin upp. Hún væri hræ, sem bændur í næstu sveitum vildu éta upp. Eru Spánverjar okkar hræ, af því að þeir kaupa vörur frá okkur, eða þá Ítalir og Portúgalar? Erum við hræ Englendinga, af því að þeir selja okkur kol? Menn hafa hingað til álitið, að það réði mestu í verzlunarviðskiptum, hverju menn hefðu hagsmuni af, og þessi kenning hv. 1. þm. Reykv. er því alveg ný.

Viðvíkjandi járnbrautinni hans Jóns Þorlákssonar segir þessi þm., að nú sé búið að rækta svo mikið hér í nágrenni Rvíkur, að engin þörf sé

á því að flytja mjólk að austan á járnbraut. Mér dettur það ekki í hug, að heili heilanna hafi ekki séð það fyrir, að það mundi verða ræktað landið hér í kringum bæinn. Hann hefir áreiðanlega séð, að Suðurlandsundirlendið var miklu eðlilegri staður til ræktunar en holtin hér í nágrenni Rvíkur, og það, sem vakti fyrir Jóni Þorlákssyni þá, kemur jafnt til greina nú, sem sé það, að tengja saman þessa landshluta, svo að fólkinu hér geti liðið betur. Hv. þm. sagði, að það skipti ákaflega litlu máli, hvort Reykvíkingar keyptu mjólk að eða ekki. Eftir hans skoðun ættu það að vera iðnaðarfjós, sem ættu að sjá bænum fyrir nægilegri mjólk. Þau voru einmitt að rísa hér upp í skjóli misheppnaðra mjólkurl. Það má nefna t. d. fjós eins og Guðmundur Þorkelsson hefir komið á fót, þar sem eru um 50 kýr. Hvar hefir hann sín tún eða sína bithaga? Hann verður að kaupa hey að, annaðhvort austan úr sveitum eða þá frá útlöndum, eða þá útlendan fóðurbæti. Á maður svo, samkv. skoðun hv. 1. þm. Reykv., að hugsa sér að hér verði verkaskipting, þannig, að Rvík, frá því að vera fyrst og fremst útgerðarbær og máske í skjóli vatnsaflsins með tímanum iðnaðarbær, verði landbúnaðarbær? Eiga topparnir á hæðunum hjá Kleppi og á Öskjuhlíðinni að vera sú Eden, sem gefur Edensgróður handa Reykvíkingum? Svo 'ætti hún að loka sér, eins og pólitískur ritstjóri Vísis hélt fram, þegar hann vildi ekki, að hingað yrðu keyptar afurðir úr Árnessýslu, sem sendi andstæðinga sjálfstæðismanna á þing. Við skulum hugsa okkur, að það ráð yrði tekið, að Rvík yrði gerð að landbúnaðarborg og hefði fjós af tegund þeirri, sem Guðmundur Þorkelsson hefir komið upp, til þess að ala sín börn á. Ennfremur getum við hugsað okkur, að Rvík gæti sýnt það sjálfstæði, sem vakir fyrir leiðtogum Sjálfstfl. Við getum svo líka hugsað okkur, að aðrar þjóðir lokuðu sér fyrir landbúnaðarframleiðslu okkar, — og hvernig færi þá fyrir fólkinu í sveitunum, þegar teknir væru frá því möguleikarnir til þess að lifa á því, sem landshættir heimta að það lifi á og það hefir alltaf gert? Ef aðstaða okkar væri svo eins og hún er nú, að við kæmum litlum hluta fiskframleiðslunnar út í markaðslöndum okkar, þá leiddi þessi kenning í stuttu máli sagt til þess, að Rvík stæði alveg lömuð gagnvart heimsmarkaðinum. Ef það ráð yrði svo tekið að framleiða ennþá meiri mjólk í Guðmundar-Þorkelssonar-legum fjósum, og það yrði sá atvinnuvegur, sem þessum bæ yrði boðið upp á, þá yrði ekki gaman að vera hér í Rvík, og a. m. k. vildi ég ekki hafa átt þátt í að skapa slíkt ástand.

Ég hygg, að þessi sami hv. þm. hafi gert sínum málstað óskaplegan ógreiða, en okkur andstæðingum sínum aftur nokkurn greiða, með því að minnast á þá staði, þar sem samvinnumenn hafa verið einir um að koma fullkomnu skipulagi á mjólkursöluna. Það er alveg rétt hjá hv. þm., það er ákaflega gott skipulag á mjólkursölunni hjá Kaupfélagi Eyfirðinga. Mjólkin er þar ódýrari en í nokkrum öðrum kaupstað á landinu, og bændur fá þar meira fyrir hana en nokkursstaðar annarstaðar. Þar er minni hreinsunar- og flutningskostnaður en hér. En af hverju heldur hv. þm., að þetta sé? Það er af því, að þar er svo mikilli góðvild og svo miklu mannviti blandað saman við mjólkina. Mannvitið kemur fram í því, hvernig skipulagið er, og þar er ekkert af þeirri beiskju, sem kemur fram hjá þeim mönnum, sem eru að reyna að læða inn í frv. till. um það, að framleiðendurnir séu látnir níðast á neytendunum. Þegar Vilhjálmur Þór og hæstv. forseti þessarar d. komu þessu skipulagi á á Akureyri, þá voru þeir ekki með társtokkin augu yfir því, að þeir skyldu ekki geta látið verkamennina í kjöllurunum á Akureyri borga meira en 25 aura fyrir lítrann. Þeir voru líka of séðir verziunarmenn til þess að sjá það ekki, að þeir græddu á því að hafa mjólkina ódýra, því að um leið gátu menn á Akureyri keypt meira af mjólkinni. Þeir hafa séð það, að það borgar sig bezt að vera réttlátur við báða aðila, kaupendur og neytendur, og þeir hafa þess vegna fullkomið skipulag, sýna fullkomna samgirni, en eru þó styrkir sjálfir. Við verðum að játa það, samvinnumenn hér fyrir sunnan, að við erum ekki annað en ófullkomnir lærisveinar þessara góðu manna á Akureyri. Við búumst ekki við að komast eins langt, a. m. k. ekki strax, en okkar afsökun er sú, að við mætum sterkari mótstöðu í þessu starfi okkar. Þeir hafa ekki mikið af mönnum eins og t. d. hv. 2. þm. Rang. og hv. 1. þm. Reykv., sem ekki þoldu, að samvinnufélögin yrðu spurð um, hvernig þau álitu bezt að koma þessu fyrir.

Hv. 1. þm. Skagf. hélt hér nokkuð langa ræðu. Ég álít, að hann hafi miklu verri aðstöðu en flokksbróðir hans, hv. 1. þm. Reykv., vegna þess að hv. 1. þm. Reykv. lifir eftir sínum lögum og hefir aðstöðu til þess að koma til dyranna eins og hann er klæddur. Ég hefi hv. 1. þm. Skagf. grunaðan um að hafa viljað vel í þessu máli, en ekki getað það, vegna þeirra kringumstæðna, sem flokkur hans setur hann í. Þetta gerir aðstöðu hans veika, og þess vegna er hann hér með stóryrði, sem ég ætla, að ekki sé honum til mikillar ánægju. Honum kom það augsýnilega illa, að yfirlit var gert yfir þetta mál. Þetta er ósköp mannlegt. Honum hlýtur að koma þetta illa, þegar hann hugsar um það, að flokkur hans hefir ekkert gert í þessu máli, og ekki nóg með það, heldur hefir frá byrjun látið áhrifamestu málgögn sín ofsækja þá menn, sem hafa unnið að þessu máli. Það er út af fyrir sig gott og blessað fyrir hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. Rang. að segja það austur í sveitum, að þeim komi það ekkert við, hvað Morgunbl. og Vísir segi um þetta mál. Þeir afneita bara blöðunum, þegar lesnir eru upp úr þeim hinir hörðu áfellisdómar yfir stj. fyrir að hafa komið þessu máli í framkvæmd. Og þeir afneita líka þeim þm. Sjálfstfl., sem hafa komið hreinlega fram í þessu máli. Þetta er beint áframhald af því, þegar þeir drápu till. mína um að láta samvinnufélögin hafa forustuna um að rannsaka þetta mál. Aðstaðan er þá þannig hjá þessum flokki, að ofan á það, að þeir hafa ekkert gert í málinu og blöð þeirra hafa komið svona hraksmánarlega fram, og ofan á það, að þeir menn úr flokknum, sem vegna kjósenda sinna gátu

ekki snúizt gegn málinu, hafa afneitað flokknum og blöðum hans, ofan á þetta allt bætist svo það, að Morgunblaðið, þegar það fréttir það af fundinum að austan, að því hafi verið afneitað þar og að þar hafi verið sagt, að flokknum komi ekki við, hvað blaðið skrifi um þetta mál, þá afneitar það bara sjálfu sér og segir, að þessar greinar hafi verið eftir einhverja sveitakarla, núv. eða fyrrv. flokksmenn, sem hafi fengið að skrifa skammir um mjólkur- og kjötsölul. Það er þess vegna hryggðarsjón, sem maður lítur yfir í þessu efni, þegar maður athugar það, að hv. 1. þm. Skagf., sem er einn af leiðandi mönnum flokksins, hefir meðan hann var í stj. setið á hv. 10. landsk., sem sennilega hefir viljað gera eitthvað meira, en ekki fengið það. Þegar svo búið er að fella þá till., sem hér kom fram í fyrra um að framleiðendur og neytendur ynnu saman að því að leggja grundvöll undir þessa starfsemi, þá eru öll blöð flokksins látin spilla fyrir þessu máli eins og hægt er. Svo þegar kemur inn í þingið og búið er að gefa út l. um þetta og það er vitað, að bak við þau stendur yfirlýstur þingmeirihluti í báðum deildum, þá fara 2 gildustu menn flokksins austur yfir heiði og halda fundi með sínum beztu mönnum þar og spyrja þá, hvað þeir eigi að gera í málinu, hvort þeir eigi að vera með því eða á móti því, eða hvort þeir eigi að vera hlutlausir. Þar er þeim svo sagt, að ekki sé til neins að vera á móti því, því að straumurinn sé orðinn svo sterkur, að það þýði ekki neitt. Svo gerist þetta stórmerkilega fyrirbrigði, að í staðinn fyrir, að Sjálfstfl. stendur saman í hverju einasta máli — eins og t. d. í rakarafrv. sæla, sem þeir gerðu að flokksmáli, sem varð svo til þess, að einn af helztu mönnum flokksins þorði ekki að koma inn á rakarastofu í mörg ár, vegna þess, að hann hafði brugðizt loforði, sem hann hafði gefið áður en málið var gert að flokksmáli —, þá klofnar hann um þetta mál. Halda menn, að þetta sé af tilviljun, að helmingur flokksins afneitar blöðum hans? Nei, það er staðreynd, að þetta sýndi einmitt mikla hyggni, úr því sem komið var, hjá þeim mönnum flokksins, sem voru fulltrúar fyrir bændur. Menn vita, að það er ekki heppilegt fyrir hv. 2. þm. Rang. að halda fram þeirri skoðun hv. 1. þm. Reykv. austur í Rangárvallasýslu, að Reykjavík sé sjálfri sér nóg á þessu sviði. Útkoman er því sú, að þm. úr sveitakjördæmum er leyft að vera með þessu máli, en þeir þm., sem eru fyrir kaupstaði eða eru landsk., halda áfram að fjandskapast gegn því.

Við framsóknarmenn stöndum aftur á móti þannig að vígi, að við höfum náð samkomulagi við stærstu neytendasamböndin í landinu um að leysa þetta mál, og við höfum byrjað svo vel núna á nokkrum vikum, að það er meira gegnumgripandi heldur en það, sem hefir verið gert af öllum öðrum til samans frá árinu 1917. Á þessari braut munum við svo halda áfram, og okkur dettur ekki í hug að taka til greina fleyga frá þeim mönnum, sem hafa leyfi til þess að vera með. Við lítum mannlega á þetta og við viljum ekki vera ginningarfífl þeirra manna, sem við vitum, að eru á móti málinu, og þess vegna munum við fella alla þessa fleyga, sem frá þeim koma í báðum deildum, og skila frv. hreinu út úr þinginu á þeim grundvelli, sem lagður var með till., sem hv. 10. landsk. neyddist til þess að styðja, eftir að hann sá sér ekki aðrar leiðir færar.

Ég ætla, áður en við fáum kvöldmatarfríið, að leiðrétta tvo eða þrjá hv. þm. Ég skal ekki eyða löngum tíma í smávægilegar aths. eða þex hv. 1. þm. Skagf., sem hann er frægur fyrir. Hann taldi það rangt, að hv. þm. Mýr. hefði verið frumkvöðull mjólkurfrv. frá 1932. Ef þessi hv. þm. veit ekki, að hv. þm. Mýr. var í stjórn Búnaðarfél. og lét rannsaka málið á búnaðarþinginu og fékk landbn. það til flutnings á Alþingi, þá verður hann að læra betur. Sannleikurinn er sá, að fyrsta hreyfing um þetta mál, rannsókn þess og athugun, er komin frá samvinnumönnum. Sá fyrsti andblær um skipulagningu þess í þinginu er frá þeim kominn. Það er kunnugt, að form. Alþfl. sagði á þinginu 1932, þegar hv. þm. Mýr. hreyfði þessu máli, að jafnaðarmenn vildu helzt bæjarframleiðslu á mjólk. Það vilja þeir helzt enn. Nú getur hv. 1. þm. Reykv. séð, hvað það er að vera skammsýnn. Ef hann og hans flokkur hefði þá tekið höndum saman við jafnaðarmennina um þetta stefnumál þeirra, þá hefði verið hægt að koma á þeirri innilokun, sem hann vill fá. Þeim stóð opið að taka Fossvog og allar mýrar í nágrenninu, Hermannsmýrina líka, og stofna kúabú fyrir bæinn, til þess að útiloka sveitamennina. En Sjálfstfl. var skammsýnn þá eins og endranær. Hann hafði ekki vit á að taka í útrétta hönd jafnaðarmanna, þegar hún bauðst. Nú er samningsgrundvöllur okkar og jafnaðarmanna allur annar. Hann byggist á því að spara búðakostnað, flutningskostnað o. fl. á líkan hátt og Eyfirðingar hafa gert. Og hv. þm. hefir játað, að Eyfirðingar hafi leyst málið vel, með hagsmuni bæði neytenda og framleiðenda fyrir augum. Það getur ekki verið hv. þm. nein ánægja að vitna í það, að þeim hafi staðið til boða félagsskapur við jafnaðarmenn um þetta mál, og naga sig svo í handarbökin fyrir að hafa ekki notað þá tækifæri meðan kostur var á. Okkur hefir aldrei komið til hugar að sparka í neytendur, eins og virðist vaka fyrir hv. 10. landsk. Okkar sigur er í því fólginn að sameina með skipulagi hagsmuni beggja aðila, neytenda og framleiðenda.

Þá vildi hv. 1. þm. Skagf. gefa hv. þm. G.-K. dýrðina fyrir að vera meðflm. að frv., sem hv. þm. Mýr. var aðalflm. að á þinginu 1932. En hve lengi var sá Adam í Paradís? Var það nokkur sérstök dyggð af hv. þm. G.-K. að vera með málinu í Nd., en láta svo samherja sína í Ed. setjast á það og eyðileggja það og halda svo áfram á sömu braut með því að eyðileggja framkvæmd þeirra vesöiu laga, sem komust í gegnum þingið? Heldur hv. þm. að svona framkoma verði álitin mjög þakkarverð? Nei, fyrir svona málflutning fær hv. þm. G.-K. ekki lof fyrir annað en það, að hafa leikið grínrullu í þessum skrípaleik sjálfstæðismanna. Alvöruleysið og fláttskapurinn skín hér alstaðar í gegn.

Ég skal þá að lokum víkja að hv. 10. landsk. og minnast á aðaluppistöðuna í brtt. minni hl. n., sem miðar að því að sparka í neytendur í bæjunum. Þessi hv. minni hl. heldur, að hann hafi hér ákaflega sterka aðstöðu, einskonar hagfræðilegan Gibraltar. Ég verð nú að hrella þessa heiðursmenn, hv. 10. landsk. og hv. 2. þm. Rang., með því, að á þinginu í fyrra lagði ég þá spurningu fyrir þeirra ágæta samherja, Jón í Stóradal, hvort hann gæti bent á dæmi, þar sem framleiðslukostnaðurinn væri lagður til grundvallar fyrir verðlagi vörunnar. En sá mæti maður, Jón í Stóradal, gafst upp við að svara þeirri spurningu. Þrátt fyrir greind sína og lærdóm tókst honum ekki að finna nokkurt dæmi í veraldarsögunni sér til varnar. Jafnvel Rússar urðu honum ekki til bjargar. Eða hvernig halda menn, að þessu sé varið með aðalframleiðsluvöru þeirra, kornið? Mundi Stalin láta reikna út þurftarlaun þeirra, sem vinna að jarðyrkjunni, og verðleggja kornið samkv. því? Nei, það er markaðsverðið, sem ræður, alveg eins og það er komið undir markaðsverðinu á Spáni og Ítalíu, hvað við fáum fyrir fiskinn. Ég vil beina þeirri ósk til dýrkenda þessarar stefnu, að þeir komi með dæmi úr innlendri eða erlendri hagfræðisögu, sem sýni, að það hafi tekizt að láta þurftarlaun fólksins, sem að framleiðslunni vinnur, vera grundvöll undir verðlagi framleiðslunnar. Ef þeir geta það, skal ég játa mína fáfræði. Ég skal geta þess, að ég hefi á nefndarfundi borið þetta undir forstjóra Mjólkurfélagsins, af því að hann lét orð falla á svipaða leið og þessir hv. þm., og beðið hann að nefna dæmi um þetta, en hann gafst upp, alveg eins og Jón í Stóradal. Það getur verið, að við fáum síðar í kvöld einhverjar skynsamlegar ástæður frá hv. minni hl. n. En ég vil þó benda þeim tveimur hv. þm., sem að nál. standa, á það, að það getur verið, að þeir reki sig á óþægilega hluti í sambandi við þá lausn, sem þeir hugsa sér. Það hefir verið talað um einskonar beltaskiptingu á mjólkurframleiðslusvæðinu eftir kostnaði við framleiðsluna. Dýrasta beltið yrði þá Reykjavík, næst t. d. Mosfellssveitin, en ódýrasta beltið sveitirnar fyrir austan fjall. Hvernig færi svo, þegar farið væri að reikna út framleiðslukostnaðinn og leggja hann til grundvallar fyrir mjólkurverðinu? Það mætti byrja t. d. í Þykkvabænum. Svo væri farið í Blikastaði, sem er 70 þús. króna jörð, þó að hún sé ekki stærri né betri en venjuleg jörð í Þykkvabænum. Hvað ætli framleiðslukostnaðurinn yrði þar? Þá er komið að melunum í Rvík, sem ruddir hafa verið með miklum kostnaði og elju. Mundi ekki lóðaverðið hér í bænum koma til greina í þessu sambandi. Setjum svo, að hótel Borg hefði ekki verið byggt og ekki símstöðin á sinni 150 þús. kr. lóð og að þessir hv. þm. hefðu tekið sér fyrir hendur að „púla upp á kúgras" á þessum stöðum. Hver ætli útkoman yrði svo hjá þeim, þegar þeir færu að reikna út framleiðslukostnaðinn í þessu dýra belti og verðleggja mjólkina samkv. því handa blessuðum börnunum hérna í Reykjavík? — Ég ætla að lofa mínum hv. andstæðingum að glíma við þessa gestaþraut meðan við erum að borða kvöldmatinn.

**Magnús Guðmundsson:** Það er síður hæstv. forsrh. og hv. þm. S.-Þ. að stökkva burtu þegar á að fara að svara þeim, og út af þeim vana hafa þeir ekki heldur brugðið nú. En ég þarf að svara báðum nokkru og skipti mér ekkert af, hvort þeir heyra mál mitt eða ekki. Mun ég fyrst snúa mér að hæstv. forsrh. — Hann virðist líta svo á, að það sé aðallega ríkisstj., sem eigi að sjá um framkvæmd laga. En flestum mun kunnugt, að til þess eru settir aðrir embættismenn, sérstaklega lögreglustjórar og sýslumenn. Yfirumsjón með þeim á svo ríkisstj. að hafa. Þegar ráðh. er að tala um, að það hefði getað komið til mála, að fyrirskipun hefði komið um að stöðva framkvæmd mjólkurlaganna, þá ætti hann að athuga það, að dómsmrh. hefir ekki heimild til þess að gera slíkt. Kæmi það fyrir, að einhver dómsmrh. skipaði einhverjum lögreglustjóra að stöðva framkvæmd gildandi laga, þá ætti lögreglustjórinn vitanlega ekki að fylgja því. Hann hefði svikizt undan skyldu sinni með því að fylgja slíkri fyrirskipun.

Ég kem svo að því, hvort ég hafi gert þetta. Ég skal þá fyrst endurtaka það, sem ég hefi áður sagt, og lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, part úr bréfi frá 29. des., þar sem það er skilyrðislaust tekið fram, að það beri að framkvæma þessi lög. Þar stendur:

„...Jafnframt tekur ráðuneytið það fram, að lögreglunni ber auðvitað að sjá um, að enginn selji mjólk gegn skýlausum fyrirmælum laga nr. 97 frá 1933, hvað sem líður áfrýjun þessa máls".

Hér er sagt berum orðum, að þó að þessum umræddu dómi sé áfrýjað, þá beri samt að framfylgja skýlausum ákvæðum laga nr. 97 1933. M. ö. o.: Ég gef þá fyrirskipun, að framfylgja lögunum þrátt fyrir áfrýjun dómsins. Dóminum sjálfum, sektarákvæðum hans og málskostnaðar, var auðvitað ekki hægt að fullnægja meðan dómur var ekki fallinn í hæstarétti, en þó að svo væri, þá vildi ég auðvitað láta framfylgja mjólkurlögunum, enda var það sjálfsagt. Þessu hefir hæstv. ráðh. óhlýðnazt sem lögreglustjóri, en það er hans sök, en ekki mín. Hann viðhefur blekkingar, er hann segir, að hann hafi ekki fengið fyrirskipun um að fullnægja hinum áfrýjaða dómi fyrr en eftir að hæstaréttardómur var fallinn. Auðvitað var ekki hægt að gefa slíka fyrirskipun fyrri, en það, sem hægt var að gera, var gert, sem sé það, að fyrirskipa framkvæmd mjólkurlaganna yfirleitt.

Hæstv. ráðh. segist ekki hafa vitað, hvað voru „skýlaus fyrirmæli" mjólkurlaganna. Hefði hann verið í vafa um, hvað stj. meinti með þessu, þá átti hann að spyrja. En það gerði hann ekki. Nú veit ég, að hann getur ekki verið í vafa um, hvað stjórnarráðið meinti, því að þeir voru allir þrír, ráðh., skrifstofustjóri og fulltrúi, sammála um, að það bæri að fullnægja lögunum án tillits til þess, að dómnum væri áfrýjað. Í 1. nr. 97 1933 stendur: „Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum hér á landi þar sem fram fer sala á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurbúum, er viðurkennd hafa verið af atvinnumálaráðh., skal óheimilt að selja þessar vörur ógerilsneyddar".

Þetta eru hin skýlausu ákvæði, sem átt er við í bréfinu. Spurningin var eingöngu sú, hvort leyfa ætti að selja ógerilsneydda mjólk hér í bænum, þrátt fyrir áfrýjun dómsins. Í nefndri lagagrein er skýlaust bannað að selja ógerilsneydda mjólk, og það er þetta skýlausa ákvæði, sem ég fyrirskipaði að fara eftir, og það er þetta ákvæði, sem hæstv. ráðh. segist hafa verið í vafa um, hvernig ætti að skilja. En hví spurði hann þá ekki ráðuneytið, ef hann var í efa? Því get ég vel svarað. Hann spurði ekki, af því að hann var í engum vafa. Hann vissi vel, að ógerilsneydda mjólk mátti yfirleitt ekki selja hér. En samt lætur hann slíka sölu ganga fyrir sig hér í bænum og kennir mér um þá yfirsjón sína og embættisbrot, þó að ég hefði skipað honum að gæta framkvæmdar laganna.

Ég get ekki séð, að hæstv. ráðh. hafi haft nokkra minnstu ástæðu til þess að hlýða ekki fyrirskipunum dómsmrn., sem honum var gefin í bréfinu 29. des. 1933. Hann talar um, að hann hefði ekki getað tekið á sig ábyrgðina á að framkvæma skýlaus lagafyrirmæli. Hvaða ábyrgð gat verið því samfara? Alls engin. Þetta er fyrirsláttur og ekkert annað. Auðvitað gat enginn komið sér undan þessum skýlausu fyrirmælum undir því yfirskini, að hann seldi einnig aðrar vörur í búð sinni. Það er beinlínis hlægilegt að halda slíku fram, eins og hæstv. ráðh. tæpir á. Ég slæ því þessvegna föstu, að frá des. 1933 til maí 1934 lætur hæstv. ráðh., þvert ofan í skipun yfirboðara síns, farast fyrir að framkvæma mjólkurlögin. Þessi fyrirskipun í bréfinu frá 29. des. 1933 hefir aldrei verið afturkölluð.

Hæstv. ráðh. vitnaði í viðtal við mig í síma 19. maí. Ég man eftir því samtali. Það var um það, að fresta að loka mjólkurbúð ákveðins manns fram yfir hvítasunnu. Ég samþykkti frestunina yfir helgidagana og ég man eftir því, að lögreglufulltrúi sagði mér, að þeir gerðu ekkert um hátíðirnar hvort sem væri. Frekari frest hefi ég ekki samþ. En 1. júní kom enn bréf um þetta mál. Ég lá þá veikur, en þegar ég kom í stjórnarráðið, ca. 7. júní, lá bréf þetta fyrir mér í skrifstofu minni, og skýrði skrifstofustjóri mér frá því, að bréfi þessu hefði þegar verið svarað munnlega og vísað til bréfsins frá 29. des. 1933. Skriflegt svar taldi ég því með öllu óþarft. Síðan fór ég norður í Skagafjörð í kosningaleiðangur, en þegar ég kom heim aftur, kom til mín form. Mjólkurfélagsins og kvartaði yfir því, að mjólkurlögin fengjust ekki framkvæmd, og sagði, að það væru orð lögreglustjóra, að það væri samkv. minni skipun. Þá skrifaði ég bréfið 21. júlí.

Þetta er rétt saga þessa máls. Hún sýnir greinilega, að í bréfinu frá 29. des. 1933 er gefin fyrirskipun um að framkvæma mjólkurlögin, og sú fyrirskipun var aldrei afturkölluð. Þvert á móti var hún áréttuð. Það kom fljótt fram, að hæstv. ráðh. var því mjög mótfallinn að framkvæma lögin, því að hann finnur upp á því gagnvart þáv. atvmrh. að segja, að hann hafi ekki löggilt neinar mjólkurbúðir, og sýknaði mann, sem hafði brotið lögin út af því. Nú segir hann, að dómsmrn. hafi sýnt, að það hafi talið sýknudóm hans réttan með því að áfrýja honum ekki. En þetta er mesta fjarstæða. Dómsmrn. vildi einmitt ekki áfrýja af því, að það hefði orðið til þess að fresta framkvæmd laganna. Þess vegna varð það að samkomulagi, að hæstv. atvmrh. gæfi út þessa yfirlýsingu, sem lögreglustjóri heimtaði, til þess að hann gæti kveðið upp sinn áfellisdóm. Þetta var einmitt gert til þess að flýta fyrir framkvæmd laganna. Þessi dómur, sem ekki var áfrýjað, var bandvitlaus, enda kom dómur einum eða tveimur dögum seinna þvert ofan í hinn fyrri, kveðinn upp af sama lögreglustjóra, þ. e. núv. hæstv. forsrh. Ekkert hafði komið fyrir dagana á milli dómanna annað en það, að auglýst hafði verið í Lögbirtingablaðinu, hvaða bú hefðu fengið styrk og teldust því löggilt. Með þessu sýndi ráðh., sem þá var lögreglustjóri, óþekkt eða þrjózku gagnvart atvinnumálaráðh., því að hann var alltaf pólitískt á móti þessum lögum, og var það ekki í fyrsta eða einasta skiptið, sem hann blandaði stjórnmálum í dóma sína. Þetta kom ekki niður á mér, því að ég hafði ekki löggilt þessar mjólkurbúðir, heldur hv. 10. landsk.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um það, að vafasamt væri, hvort áfrýjun frestaði framkvæmd dóma. Þetta hefi ég skýrt hér áður. Áfrýjunin frestaði framkvæmd idæmdrar refsingar, en ekki framkvæmd þeirra laga, sem hann var dæmdur fyrir brot á. Það nær vitanlega engri átt, að maður, sem dæmdur hefir verið fyrir lögbrot, megi halda áfram að brjóta sömu lögin, meðan málið er í áfrýjun. Þessu heldur þó hæstv. ráðh. fram hér í öðru orðinu.

Annars var þessi ræða hans heil halarófa af afsökunum á því, hvað hann hefði gert í þessu máli, eða réttara sagt á því, sem hann hefði ekki gert í málinu.

Ég vík að því aftur, að bréfið frá 29. des. er svo skýrt, að enginn getur misskilið það, en annars verður að ætlast til þess, að lögreglustjóra höfuðborgarinnar þurfi ekki að gefa allt, sem viðkemur hans starfi, inn í smáskömmtum með skeið, eins og pelabarni.

Nú vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. S.-Þ. Ég ætla samt ekki að halda eins langa ræðu og hann, því að hann fekk eitt af sínum gömlu köstum og talaði samfleytt í 1½ klst. — Hann spyr fyrst, hvernig hægt sé að hugsa sér, að ég hafi látið framfylgja ákvæðunum um mjólkursölulögin gegn andmælum Jóns Þorlákssonar og Vísis. Það er ekki von, að hv. þm. skilji það. Sannleikurinn er sá, að hvorki J. Þ. né heldur Vísir andmæltu því, að lögin yrðu framkvæmd, en þó slík andmæli hefðu legið fyrir, hefðu þau verið þýðingarlaus.

Ég get ekki verið að fara út í umr. um Sólbakkaverksmiðjuna, eins og hv. þm. Hún kemur þessu máli harla lítið við. Mér skildist hv. þm. vera að hæla mér fyrir hugrekki í þessu máli, en ég get ekki fundið, að ég eigi það skilið. En ef hann heldur, að ég hafi fengið óþökk hjá mínum flokksmönnum fyrir afskipti mín af þessu máli, þá er það misskilningur hjá hv. þm. Hann sagði, að ég vildi vel og væri víst bezta sál, en ég gæti bara litlu ráðið. Ég þakka fyrir vottorðið um hið góða innræti, en vil segja hon-

um, að ég hefi ekkert að kvarta yfir, að ég sé borinn ráðum. Aftur á móti veit ég, að þessi hv. þm. vill ætíð ráðgast við sinn flokk áður en hann tekur ákvörðun.

Hann sagði ennfremur, að þegar ég hafi verið á fundi fyrir austan fjall, hafi ég afneitað öllum blöðum flokks míns og blöðin hefðu síðan jafnvel afneitað sjálfum sér. Það kemur stundum fyrir, að þessi hv. þm. fer í gegnum sjálfan sig. Hann gleymir því, sem hann hefir sagt áður, og rífur sjálfur niður það, sem hann var byrjaður að byggja upp. Þess vegna er svo auðvelt að svara honum.

Hv. þm. sviður, að í Sjálfstfl. skuli vera menn sem hafa eigin sannfæringu, en ekki hópsannfæringu, og honum þykir leitt, að sjálfstæðismenn eru ekki með handjárn, eins og hans flokksmenn. Honum þykir miður, að hv. 1. þm. Reykv. skuli lýsa yfir andstöðu við sum atriði málsins, eins og það liggur fyrir, og með venjulegri sannleiksást sinni segir hann, að hv. 1. þm. Reykv. sé alveg á móti málinu. (**MJ:** Ég er alls ekki á móti málinu). Ég veit það. Ég er að rekja hugsanagang hv. þm. S.-Þ., sem er utan við sig af örvinglun yfir því, að hann finnur engin handjárn í Sjálfstfl.

Það er spaugilegt að heyra þennan hv. þm. S.-Þ. svo að segja í hverri ræðu, sem hann heldur, velta sér með hrópyrðum yfir Mgbl. og Sjálfstfl. Hið sama gerir hann í flestum blaðagreinum. En hver er svo árangurinn af öllum þessum ósköpum? Árangurinn er sá, að Sjálfstfl. er langsterkasti flokkur landsins og Framsfl. er alltaf að tapa fylgi og var við síðustu kosningar hér um bil hálfdrættingur um atkvæðamagn í samanburði við sjálfstæðismenn. Honum ferst því illa, þessum hv. þm., að setja sig á háan hest og láta dólgslega. Kjósendur landsins hafa í þessu kveðið upp sinn hæstaréttardóm. Hv. þm. getur nöldrað eins og hann vill yfir þessum dómi, en hann getur ekki breytt honum. Framsóknarfl. gat átt glæsilega framtíð hefði hann bara ekki haft þennan mann innanborðs og látið hann ráða.

Hv. þm. sagði, að þm. Mýr. hefði verið flm. mjólkurlagafrv. 1932. Ég tók fram, að það hefði verið flutt af hv. landbn. Nd. og að í þeirri n. hefðu átt sæti 5 menn; meðal þeirra var hv. þm. Mýr. Frv. kom til n. frá búnaðarþingi.

Hv. þm. sagði svo, að ef við sjálfstæðismenn hefðum tekið höndum saman við jafnaðarmenn fyrir nokkrum árum, þá mundi nú vera komið svo, að Reykjavík framleiddi nægilega mjólk fyrir sig og þyrfti enga mjólk að kaupa úr sveitum. Þetta er víst alveg rétt hjá hv. þm., en þetta vildu og vilja sjálfstæðismenn ekki og hafa með því sýnt, að þeir eru um þessi mál ólíkt hollari sveitunum en jafnaðarmenn. Þess vegna er útilokuð samvinna milli Sjálfstfl. og sósíalista, en þó að Framsfl. viti um, hvað sósíalistar vilja í þessum málum, þá hafa þeir samt samvinnu við þá og látast vera patent-vinir sveitanna engu að síður. Það getur verið, að hv. þm. S.-Þ. miklist af því að hafa snúið jafnaðarmönnum öllum í þessu máli, en ég vil sjá, hversu haldgott það verður, áður en ég trúi því, að þeir hafi alveg horfið frá þeirri skoðun, sem þeir létu í ljós 1932 og 1933. Ég las hér upp nokkur orð eftir hv. 2. þm. Reykv., varaform. Alþfl., sem hann lét falla, er mjólkurmálið var til umr. í fyrra, en ég gæti líka lesið upp svipuð ummæli eftir form. Alþfl., hv. 4. landsk. Ég man glöggt, að hann tók alveg í sama streng. Hv. þm. S.-Þ. sagði að lokum, að hv. þm. G.-K. hefði leikið „grínrullu" með því að flytja mjólkurmálið á þingi. En þetta er alveg sama „rullan" og hæstv. stj. hefir nú. (**Forsrh.:** Þar er þó sá munur á, að stj. kemur málinu líklega fram). Hv. þm. G.-K. kom málinu með heiðri og sóma í gegnum sína deild, og meira verður ekki krafizt af flm. máls.

Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Reykv., að mér kæmi ekki á óvart, þótt stj. yrði að breyta einhverju í frv. áður en lýkur, og sú alda kæmi einmitt frá bandamönnum hennar, jafnaðarm. Þeir hafa þegar fengið mjólkina lækkaða, áður en nokkuð var farið að ávinnast fyrir framleiðendunum við hið breytta skipulag. Ég býst við, að bændur austan fjalls muni það, að það var fyrir tilstilli jafnaðarmanna, að mjólkin lækkaði í haust. Þótt sú lækkun sé að vísu ekki svo mikil, að hún muni neytendur neinu sem heitið geti, munar hún þó framleiðendur talsverðu yfir lengri tíma.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Mér leiðist nú satt að segja að vera að pexa lengur við hv. 1. þm. Skagf., sem er nú eins og hann er vanur að reyna að blása sig út af rakalausu og dauðleiðinlegu þrætunöldri. Það má strax koma með það sem dæmi um röksemdafærslu hans, er hann sagði síðast í ræðu sinni, að neytendur munaði ekkert um mjólkurlækkunina, þótt bændur munaði um hana yfir lengri tíma! Eins og lækkunin haldist ekki jafnlangan tíma hjá báðum aðilum!

Ég skal nú reka ofan í hann helztu fjarstæðurnar og ósannindin, sem hann fór með, og mun ég fara fljótt yfir sögu, því nærri liggur, að það sé lítillækkun í því að eiga orðastað við þennan hv. þm.

Ég skal ekki endurtaka mikið af því, sem ég hefi sagt áður, en ég vil fyrst minnast nokkru nánar á bréfið frá 29. des. Hv. 1. þm. Skagf. játar nú, að með því hafi ekki verið gefin fyrirskipun um að fullnægja dóminum, heldur að framfylgja skýlausum ákvæðum laganna, sem engin voru meðan ekki var búið að kveða upp dóm um málið í hæstarétti. Hv. þm. sagði, að ég hefði sagt, að ekki ætti að koma í veg fyrir afbrot meðan mál væru undir áfrýjun. Ég sagði einmitt alveg hið gagnstæða, enda er mér alveg eins kunnugt um þá réttarvenju eins og honum, þar sem ég hefi framfylgt lögum síðustu 10 árin. En í þessu tilfelli taldi ég nokkurn vafa leika á því, að rétt væri að fullnægja dóminum þegar, þar sem hér var að ræða um fyrsta mál, sem höfðað var eftir mjólkurlögunum. Ég áleit að sönnu dóm minn yfir manninum réttan, en þó ekki vafalausan.

En annars tekur bréfið, sem dómsmrh. sendir til lögreglustjóraskrifstofunnar eftir að dómur hafði verið felldur í hæstarétti, um fullnægingu þess dóms, allan vafa af um þetta mál. Hvaða ráðh. myndi skrifa svona bréf aðfinnslulaust, ef

hann hefði verið búinn að gefa samskonar fyrirskipun löngu áður án þess að henni væri hlýtt? Ég er ekki að álasa hv. 1. þm. Skagf. fyrir þetta, og veit satt að segja ekki, hvort ég á að vera að rífa niður þá skopmynd af honum, sem hann hefir hér búið til. Hvers vegna er t. d. sá lögreglustjóri látinn sitja kyrr, sem þverskallast svo greinilega við fyrirskipunum ráðh. sem hv. 1. þm. Skagf. vill heita láta, að ég hafi gert? (**MG**: Nú leggst hæstv. ráðherra lágt í blekkingunum). Þetta er staðreynd, sem hvert einasta mannsbarn skilur.

Þá var frammistaðan ekki burðugri, þegar hann kom að símtalinu við fulltrúann, er dómsmrn. fyrirskipaði svo í maí í vor, er lögunum hafði verið framfylgt gagnvart öllum öðrum en þeim, sem neituðu að hlýða þeim, nema búðum þeirra yrði lokað, að beðið skyldi með að framfylgja lögunum gagnvart þeim, unz ráðuneytið léti lögreglustjóraskrifstofuna vita. Um þetta liggur fyrir embættisvottorð fulltrúans, sem hann hefir gefið að viðlögðum drengskap. Hv. 1. þm. Skagf. kvaðst leiða hjá sér að fara út í þetta atriði. Já, furða var! En hann spurði mig að því, ef þetta væri satt, hvernig stæði þá á hinni bréflegu fyrirspurn lögreglustjóraskrifstofunnar um þetta sama efni 1. júní. Það var einmitt ágætt, að hann minnti mig á þetta. Þegar ég talaði við fulltrúann og spurði hann, hvers vegna ekki væri komið svar úr dómsmrn., sagði ég honum, að ég treysti ekki á nein munnleg svör frá því ráðuneyti, og því yrði hann að krefjast svarsins bréflega. Það kom líka á daginn, að þrátt var fyrir hið munnlega samtal. Það kom sér því vel, að þetta bréf var sent, eins og mig hafði órað fyrir. 21. júní kemur svo svar við þessu bréfi, og það er þá á þá leið, að þetta sé lögreglumál, sem komi ráðuneytinu ekkert við!

Svo er sagt, að gefnar hafi verið munnlegar fyrirskipanir til lögreglunnar um að framkvæma lögin. Hvar í víðri veröld skyldi það nú vera gert, að hringt sé frá dómsmrh. til einhvers í lögreglunni og fyrirskipað á þann hátt að framkvæma lög? Mér er ekki heldur kunnugt um, að nokkurntíma hafi verið hringt til lögreglunnar um þessi efni frá dómsmrn., enda fullkomin ástæða til að rengja, að svo hafi verið gert, eftir þá reynslu af fyrrv. dómsmrh., að hann þrætir fyrir samtöl við menn, þótt þau séu vottuð með embættiseiði. Enda mun það varla eða aldrei koma fyrir í stjórnarráðinu, að þar séu gefnar fyrirskipanir óðruvísi en skriflega.

Þá vil ég drepa lítið eitt á þá fáránlegu blekkingu fyrrv. dómsmrh., er hann segir, að hann hafi ekki áfrýjað sýknudómi, sem kveðinn var upp yfir manni á þeim grundvelli, að þá hefðu engin mjólkurbú verið löggilt, vegna þess að hann hafi ekki viljað tefja framkvæmd mjólkurlaganna með áfrýjun! Daginn eftir var annar maður dæmdur sektardómi, því að þá var búið að löggilda búin, og þeim dómi var áfrýjað til hæstaréttar. Ef dómsmrh. hefði látið sér detta í hug, að fyrri maðurinn væri sekur, bar honum tvímælalaus skylda til þess að áfrýja einnig máli hans til hæstaréttar. En ráðh. gerði það ekki af því, að hann vissi, að ég hafði sýknað manninn á réttum grundvelli og hann myndi líka fá sýknudóm í hæstarétti.

Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um, að ég væri grunnhygginn, og það er satt, að ég er enginn spekingur að viti. En ég held, að hv. þm. hefði sjálfur sýnt mest vit með því að þegja í þetta skipti.

**Pétur Magnússon**: Ég hefði sparað mér að taka til máls við þessa umr., ef hv. frsm. meiri hl. hefði ekki beint orðum sínum alveg sérstaklega til mín. Annars er mér alls ekki ljúft að fara að ræða þetta mál nú, sízt við hv. frsm. meiri hl., sem hefir komið þessum löngu umr. af stað með ræðu, sem ekkert kom málinu við, eftir að hafa soðið saman nál. upp á 7 bls., þar sem hvergi er minnzt á málið sjálft, nema í hálfri síðustu línunni. Allt þetta nefndarálit er ósannindavaðall, sem alls engar upplýsingar gefur um málið. Þetta má auðvitað ekki hafa áhrif á gang málsins sjálfs, en það fer að verða ástæða til að spyrja að því, úr því að til eru þm., sem ekki eru á hærra siðferðisstigi en svo, að þeir nota A-deild Stjtíð. til að birta þar ósannindavaðal og svívirðingar, hvort hjá því verði komizt að setja þingmenn undir eftirlit. (**JJ**: Er þetta nazismi?). Nei, þetta er enginn nazismi, en forsetar gætu haft eftirlit með því, að Alþingi verði ekki óvirt aftur eins og hv. frsm. meiri hl. hefir gert með þessu plaggi sínu.

Hv. frsm. meiri hl. gerði sér mjög tíðrætt um það, að ég og þrír aðrir þm. hefðum í fyrra greitt atkv. gegn einum lið í till. Jóns frá Stóradal um skipun n. til þess að athuga afurðasölu bænda. Þessi liður var svo hljóðandi: „Skal leita um þetta umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Sláturfélags Suðurlands og Mjólkurbandalags Suðurlands". — Hv. frsm. telur, að ég hafi verið, með því að greiða atkv. gegn þessum lið, að óvirða samvinnufélögin. Það er nú fyrst á það litandi, að till. hljóðaði ekki aðeins um samvinnufélög. Í öðru lagi get ég ekki talað um samvinnufélögin sem neinn helgidóm, eins og hv. frsm. virðist álíta þau, svo að ekki megi líta til þeirra óþveginn. Mér er það alveg ljóst, að samvinnufélög eru, eins og hver annar félagsskapur, mjög misjöfn. Þau hafa vitanlega ýmsum góðum mönnum á að skipa, en það er líka margur „misjafn sauður" í þeim hópi, sem að þeim stendur. En annars held ég, að ástæða væri til að ætla, að einhverjir bæru kaldari hug til t. d. Búnaðarfélags Íslands og Sláturfélags Suðurlands heldur en ég, og er ekki víst, að hv. frsm. þurfi að leita mjög langt til þess að finna slíka menn. Ég hefi aldrei reynt að troða skóinn af neinu þeirra félaga, sem ráðgert var að spyrja, — en sjálfur getur hv. frsm. spurt sína eigin samvizku, hvað hann hafi í því efni gert.

En þótt nú svo væri, að við, þessir fordæmdu fjórmenningar, hefðum talið einhverja aðra aðila hafa eins mikið vit á þessum málum og þá, sem í till. voru greindir, þá ber ég svo sem enga kinnroða fyrir það. En þegar málið er skoðað niður í kjölinn, kemur það í ljós, að það er síður en svo, að við höfum ekki treyst þessum félögum til að koma með till. um málið. Ástæðan var

allt önnur, eins og kom fram í grg. hv. 1. landsk., sem þá var, fyrir þeirri brtt., að fella þennan miðlið niður. Hann lýsti þar yfir því, að hann vildi ekki binda hendur stj. um að leita eingöngu umsagnar þessara aðilja, heldur væri henni frjálst að leita til fleiri. Með þessu var í rauninni gengið út frá því, að umsagna þessara aðilja væri leitað, en einnig fleiri, eins og raunar gert var.

Hv. frsm. var að tala um það, að ég og samþm. minn hefðum í hvorugan fótinn þorað að stiga fyrst eftir að afurðasölulögin komu fram og því farið austur yfir fjall og spurt kjósendur okkar ráða. Ég veit nú ekki, hversu fróður hv. frsm. er um flokksfundi sjálfstæðismanna í Rangárvallasýslu, enda er ekki víst, að honum flökri við, þótt hann fari ekki alveg rétt með. Ég skal hér ekkert fara inn á afstöðu samþm. míns, en ég hafði á þinginu 1933 tekið þá afstöðu til mjólkurmálsins, að ég hefði átt erfitt með að snúa við, því að ég var þá í landbn. og fylgdi meiri hl. í því að samþ. frv. óbreytt, og eins og hv. frsm. meiri hl. veit, strandaði málið þá á mótstöðu utanþings, en ekki innan. Forstöðumenn mjólkurbúanna austan fjalls og vestan óskuðu málinu breytt í það horf, sem það þá var samþ. í. Það er því ekki rétt, að málið hafi strandað á því, að flm. þess hefði ekki getað komið því gegnum þingið, heldur á því, að forsvarsmenn mjólkurfélaganna vildu ekki eiga á hættu, á því stigi málsins, þær deilur, sem kynnu að rísa af því, að frv. yrði samþ. í óbreyttri mynd. Þeir vildu heldur láta málið biða, en það var ekki nema sjálfsagt að verða við vilja þessara manna eins og málið lá þá fyrir.

Um kjötsölulögin er það að segja, að þótt ég hafi gert nokkrar aths. við þau, sem eru í fullu samræmi við almenna skoðun í mínu kjördæmi, þá veit ég ekki til, að nokkru sinni hafi fallið neitt orð hjá mér um það, að ekki væri réttlátt og enda nauðsynlegt að gera þær tilraunir, sem þar er farið fram á. Þessi ummæli hans eru því vitanlega ekki annað en uppspuni einn.

Í þessu sambandi væri ástæða til að minnast á það, sem hv. frsm. meiri hl. gerði að aðalumræðuefni í sinni ræðu, um afstöðu flokka til þessa máls áður fyrr. Hv. þm. stagaðist á því hvað eftir annað, að það hefði átt að mynda samsteypustjórn milli Framsfl. og Alþfl. til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd, og hann talaði um, að það hefði verið fyrirsjáanlegt, að Sjálfstfl. í heild mundi leggjast á móti slíkri skipulagningu á þessum málum, eins og líka væri komið á daginn nú. Ég veit ekki, hvaðan hv. þm. hefir komið þessi vizka haustið 1933. Mjólkurmálið hafði verið til umr. á þinginu 1933. — Það er auðvitað rétt, að það var ekki neitt flokksmál hjá Sjálfstfl. Það voru skiptar skoðanir um það eins og ýms önnur mál, því að það er yfirleitt ekki regla í Sjálfstfl., að gera mál að flokksmáli. Hver maður fær að njóta sinnar sannfæringar; það hafa aldrei verið gerðar tilraunir til þess að leggja handjárn á þm. Sjálfstfl. En samt sem áður var það svo, að þegar mjólkurlögin voru til umr. á þinginu 1933, þá var aðalflm. þess frv. sá maður, sem nú er form. flokksins og þá var vitanlega einn af áhrifamestu mönnum flokksins. Þetta út af fyrir sig hefði frekar átt að benda til þess, að Sjálfstfl. yrði ekki alveg óskiptur í slíkum till., sem hér eru komnar fram. Við þetta bætist svo það, að mikill meiri hl. flokksmanna var málinu fylgjandi á þinginu 1933. En hitt er rétt, að þm. Reykv., sem töldu það skyldu sína að gæta hagsmuna sinna kjósenda, voru á móti málinu. Það skal játað.

Þessi klofningur í Sjálfstfl. hefði kannske getað réttlætt að einhverju leyti þessa umhyggju hjá hv. þm. S.-Þ., ef Alþfl., sem hann ætlaði að gera bandalag við, hefði staðið óskiptur með slíkri skipulagningu sem þessari, en ég held, að það hafi ekki verið. Það hefir verið minnzt á, hvað varaform. flokksins, hv. 2. þm. Reykv., sagði um þetta í hv. Nd., en það hefir ekki verið minnzt á, hvað form. flokksins, hv. 4. landsk., sagði um málið hér í hv. Ed. Ég hefi fyrir framan mig það, sem hann sagði, og skal ég lesa úr því kafla — örstuttan, svo ég tefji ekki hv. d. — með leyfi hæstv. forseta:

„Þá tel ég það allhart að gengið, að láta þá menn, sem í kaupstöðum búa og bæjarstj. hefir styrkt — marga hverja — til þess að efla búskap innan bæjarfélagsins, bera skatt til þess að borga bændum í Rangárvallasýslu, Skaftafellssýslu, Árnessýslu, Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu — og kannske lengra að — uppbót á verði á mjólk. Það er náttúrlega rétt, að það er dýrara í nágrenni Reykjavíkur að framleiða mjólk; en hinir, sem fjær búa, þola líka betur að fá lægra verð fyrir mjólkina.

Ekki er hægt að segja, að þeir hafi verið sérlega sanngjarnir í garð Rvíkur, bændur í mjólkurfélögum hér, austan fjalls og annarsstaðar. Ég man eftir, að fyrir nokkrum árum gerði ég samning við framkvæmdarstjóra mjólkurbús í nágrannasýslu um að kaupa mjólk til að selja aftur í Rvík nokkuð undir því verði, sem hér var þá. Þetta var viðurkenndur samningur, þótt ekki væri skrifaður í öllum atriðum. En mjólkurfélögin hér, og sérstaklega mjólkurfélögin fyrir austan, héldu ráðstefnu og kúguðu framkvæmdastjóra þess fyrirtækis til að svíkja þann samning, sem hann hafði gert. Það var náttúrlega engin sérstök velvild til Rvíkur í þessu, að koma í veg fyrir 10% lækkun á mjólk.“

Svo endar hann ræðu sína með því að segja, að hann treysti sér ekki til að greiða atkv. með frv., en muni greiða atkv. með dagskrártill. hv. þm. Hafnf., sem gekk út á það að eyða málinu.

Þetta voru ummæli form. flokksins á aðalþinginu 1933, og ég held, að sannleikurinn sé sá, að Alþfl. hafi eins og venjulega staðið óskiptur í málinu — nefnilega óskiptur á móti því. En hv. þm. S.-Þ. sá, þegar kom fram á haustið 1933, að þarna voru bjargvættir skipulagsins, en ekki hinir, sem höfðu beitt sér fyrir málinu og voru yfirleitt með því. Nei, þessi röksemdaleiðsla hv. þm. S.-Þ. er allt of strembin fyrir þessa hv. d., og ég held fyrir pallana líka.

Ég ætla ekki að fara út í það, sem hann beindi til hv. 1. þm. Skagf. — að hann hafi ekki þorað að framkvæma mjólkurlögin fyrir flokksblöðum sínum. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að

það hafi verið nokkuð almennur vilji innan Sjálfstfl., að mjólkurlögin væru framkvæmd eins og gengið var frá þeim á vetrarþinginu 1933.

Þessum hv. þm. (JJ) er það tamt að vitna í Morgunblaðið, þegar hann álítur það heppilegt fyrir þann málstað, sem hann heldur fram, en ég held, að nú sé hægt að vitna til Morgunblaðsins með það, að þar hafi oft verið vítt, að mjólkurlögin voru ekki framkvæmd og hæstv. forsrh. hefir fengið hnútukast þaðan fyrir að hafa ekkert aðhafzt í því máli, meðan hann var lögreglustjóri í Rvík.

Þá kem ég, eins og hv. þm. S.-Þ., síðast að því, sem efni málsins skiptir. Það er út af brtt., sem ég og hv. 10. landsk. flytjum. Ég man ekki, hvort hv. þm. gerði síðari brtt. að umtalsefni, en hún er ekki annað en lagfæring á 11. gr. frv. Sú gr. er lítt skiljanleg í frv., en við öfluðum okkur upplýsinga um, hvað hún ætti að merkja, og reyndum svo að skrifa hana þannig um, að hún væri öllum skiljanleg.

Það var fyrri brtt., sem hv. þm. hellti úr skálum reiði sinnar yfir. Honum fannst till. fjarstæða eins og við orðum hana, og lagði sérstaklega út af því, að framleiðslukostnaðinn væri ekki unnt að reikna út. Mér skildist hann halda fram, að það væri af því, að framboð og eftirspurn skapaði verðið, og vitnaði hann þar til kornsölu Rússa. Eða er þetta ekki rétt? Ég tek það svo, fyrst hv. þm. þegir. (JJ: Það er ekki samtal). — Ég segi eins og er, ég hefi lagt þann skilning í þessa brtt., að hún gerði ekki neina efnisbreyt., a. m. k. ekki neina teljandi efnisbreyt. á frv. eins og það nú er. Brtt. er við niðurlag 4. gr. Síðari málsgr. orðist þannig:

„Við ákvörðun á útsöluverði mjólkur og mjólkurafurða skal sérstaklega hafa hliðsjón af kostnaði við framleiðsluna á hverjum tíma og þess gætt, að framleiðendur njóti að fullu þess hagnaðar, er leiða kann af breyttri tilhögun mjólkursölunnar, a. m. k. að svo miklu leyti sem þarf til þess, að mjólkurframleiðslan fái borið sig. Í því skyni skal við ákvörðun útsöluverðsins stuðzt við verðvísitölur, er sýni aðalkostnaðarliði framleiðslunnar ár hvert, eftir nánari ákvæðum, er ráðherra setur í reglugerð."

Eins og frv. nú er, er gert ráð fyrir, að útsöluverð mjólkur skuli á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir vísitölum. Ég skil þetta svo, að mjólkurverðið eigi að ákveðast í samræmi við aðrar verðvísitölur — þ. e. a. s., að verðlag mjólkurinnar svari til þeirra verðmæta, sem þarf að nota til framleiðslu hennar. Hugsunin í þessu skildist mér vera sú, að það ætti að leggja til grundvallar, að framleiðandinn fengi endurgreiddan framleiðslukostnaðinn. Ég skal játa, að þetta orðalag í frv. er nokkuð óskýrt, og skal ég því ekki taka munninn fullan um það, hvort þessi skilningur er réttur, en sé þetta rétt, þá mega allir sjá, að í brtt. okkar hv. 10. landsk. er ekki um neina verulega efnisbreyt. að ræða. Við leggjum áherzlu á það, frekar heldur en gert er í frvgr. eins og hún nú er, að útsöluverð skuli ákveðið með hliðsjón af kostnaði við framleiðsluna á hverjum tíma. Við vildum láta koma fram í lögunum sjálfum, að það, sem vekti fyrir hv. Alþingi með setningu þessarar löggjafar, væri að gera þennan atvinnuveg þannig úr garði, að þeir, sem að honum vinna, hefðu sæmilega lífsframfærslu af honum.

En nú kemur hv. þm. S.-Þ. og segir: „Það er ómögulegt að ákveða framleiðslukostnaðinn." Og hann talar um það eins og einhverja fjarstæðu að gera nokkra tilraun til að finna leið til þess. Ég vil nú leyfa mér að benda hv. þm. á það, að fræðimenn hafa gert tilraunir til þess. Ég hefi hér eina fræðilega grein, sem fjallar um þetta efni, nokkuð gamla að vísu, í íslenzku tímariti frá 1915 — „Réttur" heitir það. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lofa hv. þm. S.-Þ. að heyra nokkrar setningar úr þessari grein. Það er þá fyrst á bls. 34:

„Viðfangsefnið er að útskýra verð hlutanna, af hverju verð þeirra stafar og hverjum lögum það er háð. Og útskýringarnar eru aðallega tvær. Annarsvegar eru auðmenn og þeirra fylgifiskar. Þeir segja, að mannlegur vilji gefi hlutunum verð og hafa myndað hina alkunnu setningu um framboð og eftirspurn. Hinsvegar eru jafnaðarmenn. Þeir segja, að það sé vinnan, sem skapar verð hlutanna. Og þeir neita því þverlega, að kenningin um framboð og eftirspurn sé frambærileg fullnaðarskýring á verðgildi hluta."

Svo heldur hann áfram á bls. 39. (Hann er búinn að rekja skýringar auðvaldsins og segir, að því detti ekki í hug að skýra frá því, hvers vegna verð á folaldi hækki um 30 kr. á ári.):

„Aftur á móti skýrir kenning jafnaðarmanna þetta til fullnustu. Verðhækkun hestsins á þessum aldri stendur í nákvæmu samræmi við meðalverð á ársfóðri hesta undir núv. kringumstæðum á Íslandi."

Þarna virðist þessi fræðimaður vera búinn að fá skýringu á þessu og þykist nú hafa hitt naglann á höfuðið. Svo segir hann ennfremur:

„Þegar framboð og eftirspurn standast á, er jafnvægi á markaðinum. Þá eru hlutirnir seldir við sannvirði, hvorki meira né minna en þeir kosta."

Hvað er það, sem verið er að gera hér? Er ekki verið að koma jafnvægi á framboð og eftirspurn? Það er einmitt verið að girða fyrir, að mjólkin renni inn á markaðinn í stríðum straumum, meira heldur en neytendurnir geta tekið á móti, sem hlyti að verða til þess, að verðlagið lækkaði. Svo segir þessi fræðimaður í lok greinarinnar:

„Samkv. því, sem hér hefir verið skýrt frá, virðist mjög erfitt fyrir óhlutdræga menn að fallast á verðgildiskenningu auðvaldssinna, þótt hún sé byggð á nokkrum yfirborðssannindum. Hinsvegar virðist skýring jafnaðarmanna um að meðalmannsverkið ráði markaðsverðinu (að viðbættum gárum framboðs og eftirspurnar, þegar þessi öfl vega ekki hvort upp á móti öðru) bregða björtu ljósi bæði yfir sjálft markaðsverðið og mörg önnur atriði auðfræðinnar."

Þessi fræðimaður virðist hafa fundið það, sem við hv. 10. landsk. ætlumst til, að leitað sé að. En ég skal ekki segja, hvort allir leggja

mikið upp úr þessum fræðimanni, en ég hélt, að hv. þm. S.-Þ. mundi taka eitthvert mark á honum, því að hann heitir Jónas Jónsson og er nú þm. S.-Þ.

Annaðhvort er, að þessi hv. þm. hefir skipt um skoðun, og náttúrlega er ekkert við því að segja, eða þá að hann hefir tekið fulldjúpt í árinni nú, þegar hann talaði um, að ómögulegt væri að komast nálægt því rétta í þessum efnum.

Ég skal fúslega viðurkenna erfiðleikana á því að ákveða framleiðslukostnaðinn, en vil hinsvegar ekki taka neitt aftur af því, sem við höfum lagt áherzlu á, hv. 10. landsk. og ég, með brtt. okkar, sem sé það, að málinu verði komið í það horf, að framleiðslan geti borgað sig. Hver viti borinn maður hlýtur að sjá, að þessi atvinnurekstur **verður** að eiga framtíð fyrir höndum, en það getur hann því aðeins gert, að framleiðslan beri sig.

**Frsm. minni hl. (Þorsteinn Briem)** óyfirl.: Ég held, að hv. 1. þm. Reykv. hafi tekið fyrstur til máls af þeim hv. þm., sem ég vildi svara, og vildi ég þá aðeins út af kenningu hans um mjólkurframleiðsluna hér í Rvík og því, sem hann talaði um framleiðendur hér, benda honum á, að sú frjálsa samkeppni, sem hann lofar bæði í tíma og ótíma, gæti orðið mjólkurframleiðendum *allhættuleg. Því að hvernig færi fyrir* mjólkurframleiðendum hér í bænum, ef mjólkurframleiðendur til sveita kepptu þá út af markaðinum með því að bjóða sína vöru með lægra verði heldur en framleiðendur hér, sem hafa haft svo dýra ræktun, geta staðizt við að framleiða hana fyrir? Ef til mjólkurstríðs kæmi, þá gæti svo farið, og er jafnvel ekkert líklegra en að mjólkurframleiðendur hér í bænum biðu *lægri hlut í* þeirri viðureign. *Ég hygg*, að sú meðalleið, sem lagt er til að fara í þessu frv., og áður hefir verið lagt til að fara í frv. því, sem flutt var á vetrarþinginu 1933, geti verið til verndar mjólkurframleiðendum hér í Rvík. Til verndar gegn þeirri aðalhættu, sem yfir þeim atvinnurekstri vofir, að ef hér yrði mjólkurstríð og mjólkin kæmist niður fyrir það verð, sem þeim er mögulegt að framleiða hana fyrir, og þá væri þeirra atvinnuvegur af sjálfu sér hruninn í rústir. Mér finnst þess vegna kenna *mikils skilningsleysis hjá* hv. þm. á tilgangi þessa frv.

Þá kem ég að næsta ræðumanni, sem ég vildi svara lítillega. Það er hæstv. forsrh. Hann talaði yfirleitt rólega, og manni virtist á upphafi ræðu hans, sem honum væri engin skemmtun að því, inn á hvaða brautir málið væri komið með frumhlaupi hv. þm. S.-Þ. í sínu endemisplaggi á þingskjali 361, sem hann kallar nál. *Honum* er það *sjálfsagt ljóst, manninum*, sem á að sjá um framkvæmd þessara laga, að það er málinu enginn vinningur, að það sé verið að gera tilraun til þess að kljúfa n., sem vildi standa saman um málið og var viðbúin að skila sameiginlegu nál., né að þar sé með órökstuddum og staðlausum vaðli um óskyld efni reynt að gera okkur minnihlutamönnunum ómögulegt að skrifa undir nál. eins og það var orðað. Þó að við í aðalatriðum værum sammála frv., urðum við að semja annað nál., af því að við gátum ekki sóma okkar vegna skrifað undir slíkt plagg sem það, er ég áður nefndi. Hæstv. forsrh. fór þó ekki alveg rétt með ýms þau ummæli, sem ég hefi haft. T. d. talaði hann um, að ég hefði hafið andmæli gegn þessu frv. Slíkt er *fullkominn misskilningur hjá honum, og er* undarlegt, að nokkur maður skuli láta slík orð *sér um munn fara* eftir að ég hefi mælt með því, að frv. væri samþ., bæði munnlega í ræðu minni og skriflega í nál. Sú formsbreyt., sem hæstv. forsrh. hefir gert á frv., er að mínu áliti ekki til bóta. Hleypur hæstv. forsrh. þar á bak við mætan mann, Ingimar Jónsson, og segir, að hann og einhver lögfræðingur, sem hann nefndi ekki, hafi yfirfarið frv. og gert á því nokkrar breyt., og vildi telja þar með sannað, að þær *breyt. hlytu allar* að hafa verið óaðfinnanlegar. Ég hygg, að það sé rangt, að þessir tveir menn hafi staðið einir að þeim breytingum, heldur að þar hafi verið að verki ein nefndin af þeim mörgu, sem hæstv. stj. hefir skipað; það hefir reyndar ekki verið skýrt frá henni opinberlega, og mætti því kalla hana því sama nafni og félag eitt fyrr á öldum, sem nefnt var „hið ósýnilega“, og kalla hana **ósýnilegu nefndina**. Ég hygg, að sú n. hafi *einnig* fjallað um málið, og verði þess vegna ekki þeim mæta *manni*, sem hæstv. forsrh. nefndi, þar um allt kennt.

Hæstv. forsrh. vildi sanna, að frv. það, sem hann lagði fyrir þingið, væri ljóst og skýrt í öllum greinum, og sannaði það með því, að ég hefði getað skilið frv. rétt. Ég get ekki þakkað mér, þó að ég eftir langa yfirvegun gæti komizt í réttan skilning á frv., en lagafrv. eiga ekki að vera einskonar „rebus“ eða þannig úr garði gerð, að það *þurfi* að *leggja miklu vinnu* í að skilja það, sem meint er í frv.

Þá vék hæstv. forsrh. að framkvæmd laganna nr. 97 frá 1933, og kom það í ljós bæði í þeim ummælum og eins síðar, að í raun og veru hefði hann ekki treyst sér til þess að framkvæma þau lög. Hann hefði sjálfur sagt kónginum, að þau væru „ónothæf“, og hann sagði áðan, að þau hefðu verðið óframkvæmanleg. Enda verður ekki hjá því komizt að *segja* það, að þessi hæstv. forsrh. hafi meðan hann var lögreglustjóri haft ýmsar undanfærslur með að framkvæma lögin. Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. minnist þess, þegar hann annanhvorn daginn 21. eða 22. des. f. á. kom sjálfur upp í ráðuneyti til þess að reyna að fá mig til þess að samþykkja það, að framkvæmd laganna væri frestað a. m. k. um einn mánuð. Það vildi svo til, að hann kom ekki einn, og *býst ég við*, að *hann mæli ekki á móti* því. Það tókst ekki að fá mig til þess að samþ. þetta, og felldi hann því dóm í málinu daginn eftir. Annars fór þetta mál, eftir að dómurinn var fallinn í því, á milli dómsmrh. og lögreglustjóra, og skal ég ekki blanda mér inn í þær deilur, sem fram hafa farið milli fyrrv. dómsmrh. og núv. dómsmrh. um það mál. Mér virðist fyrrv. dómsmrh. standa þar fyllilega fyrir sínu máli.

Þá skal ég koma að þeim ræðumanninum,

sem hér hefir lengst talað í kvöld. Þarf ég varla að taka það fram, að ræða hans var eins og venjulega, að hann hljóp úr einu í annað, og var illt að fylgja þræðinum, þar sem hann annars var nokkur. Verð ég því að taka einstök atriði fyrir eins og þau bar að höndum í ræðu hans og svara þeim hverju fyrir sig. Hann var að tala um, að það hefði ekki verið fyrr en nú í þessu frv., að reynt hefði verið að taka nokkurt tillit til neytendanna. En veit hv. þm. ekki einu sinni það, að þegar í frv. því, sem flutt var um þetta efni hér á þingi 1931, var einmitt gert ráð fyrir því, að fulltrúar frá bæjarstj. ættu sæti sem fulltrúar neytenda í þeirri n., sem átti að ákveða verðlagið á mjólkinni? Fulltrúar framleiðenda áttu náttúrlega að vera í meiri hluta, og það er í samræmi við það, sem almennt gildir, að menn, sem vilja selja sína vöru, eigi ekki að vera í minni hl. um það, hvaða verði þeir vilja setja á vöruna.

Hv. þm. talaði mikið um samvinnuhug sinn í sambandi við þetta mál, að hann hefði lagt sérstaka stund á, að hér gæti verið sem bezt samkomulag, en framkoma hans, þegar hann semur slíkt nál. sem hér liggur fyrir, sýnir bezt, hvað þetta tal hans er á góðum rökum byggt, því að hann hefir gert leik að því að kljúfa n. að óþörfu og reyna að koma af stað ágreiningi, þó að það væri ástæðulaust, þar sem við vorum samþ. málinu og erum það enn.

Hv. þm. langaði mikið til þess, að ég færi að segja frá því, hvað hefði verið rætt á fyrsta fundi stj. haustið 1933. Mig langar ekkert til þess að fyrra bragði að fara að segja frá skipun lögregluþjóna eða að fara að rifja upp það, að þá voru af ýmsum dregnar fram myndir og ályktanir um, að einhver ógnaröld myndi koma upp hér á landi, svo að menn mættu búast við að vera skotnir inn um gluggana, ef sósialistar yrðu ekki fengnir til þess að mynda stj. með framsóknarmönnum.

Eftir að bréf kom frá Alþýðuflokksmönnum um einskonar tilboð um samvinnu, þá hóf þáv. form. Framsfl. kröfu um það, að áður en kæmi til greina að ræða þetta tilboð sósialista, þá yrðu að koma upplýsingar um, hvað sósialistar vildu gera fyrir landbúnaðinn á móti þeim kröfum, sem þeir vildu gera til stjórnarmyndunarinnar.

Þá talaði hv. þm. mjög um þáltill. Ed., sem þáv. hv. 3. landsk. bar fram, og var með ýmsa útúrsnúninga um málið, sem ég ekki ætla að fara að rekja hér, þar sem nú er áliðið orðið að kvöldi.

Ræða þm. S.-Þ. var slík þvæla, að ef ætti að fara að svara einhverju af henni, þá færi manni líkt og þeim, er héldi á garnflækju, sem klippt hefði verið af þannig, að endarnir stæðu alstaðar út úr, svo að maður veit ekki, hvern endann maður á helzt að taka í.

Hv. þm. var að reyna að halda því fram, að það hefði ekki verið meiningin hjá flm. þáltill. í fyrra, að niðurstöður stj., eftir að hún hefði ráðfært sig við aðilja, skyldu verða lagðar fram í frumvarpsformi, og byggði hv. þm. þetta á því, að frv. væri ekki nefnt í þáltill. En þegar stj. hefir lokið rannsóknum og undirbúið eitthvert mál, þá er það venjulegt, að hún skili áliti um það í frumvarpsformi. Og ég man ekki betur en að ég tæki það fram í umr. um þáltill., að ef ég ætti um þessi mál að fjalla í stj., þá mundi ég reyna að skila árangri af rannsóknum samkv. þeirri till. í frumvarpsformi.

Hvað þessi hv. þm. talar um Jón Þorláksson, það kemur mér ekki við, því að sá maður er einn af þeim, sem harðast deildi á mig á meðan ég var í ráðherrastóli, og ætla ég því ekki að taka málstað hans. Viðvíkjandi þeirri till., sem þáv. 1. landsk. bar þá fram um að fella niður miðpartinn úr till., þar sem nafngreindar eru þær stofnanir, sem stj. skyldi hafa til ráðuneytis, þá fullyrði ég, að hv. þáv. 3. landsk. (Jón Jónsson), flm. þáltill., greiddi atkv. á móti þeirri brtt.

Hv. þm. var að tala um, að flm. áminnstrar þáltill. hafi ætlazt til þess, að þáv. stj. færi í eitthvert geitarhús til þess að fá nauðsynlegar upplýsingar um málið áður en hún legði till. um það fyrir Alþ. Var það að fara í geitarhús að fara í þessu skyni til Sambands ísl. samvinnufélaga, Búnaðarfélags Íslands, Sláturfélags Suðurlands, Kaupfélags Borgfirðinga og Alþýðusambands Íslands? Þetta var nú meiningin með þáltill., að gert yrði, og þessa leið fór ég.

Hv. þm. er enn að reyna að telja mönnum trú um, að 7. febr. sé í almanakinu á eftir 20. marz. Við 1. umr. þessa máls var hann að halda því fram, að ég hefði ekkert gert í þessu máli fyrr en eftir kaupfélagsstjórafundinn, sem haldinn var 20. marz síðastl. En þó strax við 1. umr. skýrði ég honum frá því, að hann gæti gengið upp í stjórnarráð og lesið bréf, sem ég skrifaði 7. febr., þar sem það stendur skýrt, að þessir aðilar eru beðnir að gera sínar till. um málið.

Það er sagt í þjóðsögu um selshausinn á Fróðá, að hann hafi alltaf komið upp aftur, hvernig sem hann var barinn niður. Á sinn hátt er það eins með hv. þm. S.-Þ., að það er sama, hvernig rök eru færð á móti því, sem hann heldur fram, hans firrur reka alltaf upp höfuðið aftur. Við slíka menn vil ég ekki eiga lengi orðastað.

Ég skal nú gera grein fyrir því, hvers vegna ég skrifaði þessum aðilum ekki fyrr en 7. febr. til þess að biðja þá að leggja til menn að sínum hluta í viðkomandi n. Það var af því, að áður þurfti ég að útvega frá þremur þjóðlöndum upplýsingar um, hvernig hagað væri þar skipulagi á þessum málum, svo að þær upplýsingar gætu orðið til leiðbeiningar fyrir þá n., sem átti að skipuleggja afurðasölumálin. Og áður þurfti ég líka að reyna að fá áætlanir frá bæjarstjórnum um það, hve mikið þurfi af kjöti að kaupa í hverjum kaupstað landsins. Slík skýrslusöfnun tekur langan tíma, og ég sá, að þær skýrslur mundu ekki geta verið komnar til stj. fyrr en í febrúar í fyrsta lagi. Enda voru þær ekki allar komnar þegar ég skipaði n.. Ennfremur þarf allmikinn tíma til að vinna úr slíkum skýrslum. Auk þess þurftu þeir fulltrúar, sem í n. eru, að fara til útlanda vegna starfa fyrir þau fyrirtæki, sem þeir stóðu í og störfuðu fyrir. Ýmsir fulltrúar í n. þurftu að

vera á fundum vegna þess, að þeir voru í framboði til alþingiskosninga, og það tafði nokkuð afgreiðslu málsins. eða það, að n. gæti skilað áliti. En ég hafði tekið fram við form. n., að ég óskaði þess, að hann hraðaði undirbúningi sérstaks frv. um málið, svo að hægt yrði í tæka tíð að gefa út bráðabirgðalög um afurðasöluna. eða fyrir sláturtíð, til þess að þessi l. gætu komið til framkvæmda þegar á þeim þyrfti að halda. Ég vitna hér til þess, að ég sagði það við 3 menn, þá Vilhjálm Þór á Akureyri, Helga Bergs og Þorstein Jónsson kaupfélagsstjóra á Reyðarfirði, að ef ég hefði aðstöðu til, þá myndi ég gefa út bráðabirgðalög í tæka tíð fyrir sláturtíð. En það er alveg sama, hvernig þetta er sannað fyrir hv. þm. S.-Þ. Selshausinn kemur alltaf upp aftur, hvernig sem barið er á hann. Og nú vill þessi hv. þm. enn á ný halda því fram, að 7. febr. komi á eftir 20. marz á sama ári.

Hv. þm. kom eitt sinn í ræðu sinni að málinu sjálfu, það var þegar hann talaði um till. okkar minnihlutamanna. En hann komst svo að orði, að með þeim væri sparkað í neytendur. Hann komst svo að orði af því, að við töluðum um vísitölur, en um vísitölur er og talað í stjfrv. sjálfu. Þetta hlýtur þá að vera af því, að við ætlumst til þess, að framleiðendur fái það verð fyrir afurðir sínar, sem þeir þurfa að fá til þess að geta lifað af framleiðslu sinni.

Hv. 2. þm. Rang. svaraði þeirri fyrirspurn, sem hv. þm. S.-Þ. bar fram síðast, með því að lesa upp góða kafla úr grein, sem hv þm. S.-Þ. hafði sjálfur skrifað.

Annars er það öllum vitanlegt, að í þeim löndum, þar sem afurðaskýrslur eru miklu fullkomnari en hjá okkur, þar eru einmitt til útreikningar yfir það, hvað sé „rentabilitet" landbúnaðarins á hverjum tíma. Ég held, að þessi hv. þm., sem annars er ekki vanur að kynna sér tölur, hljóti að hafa séð þær tölur, sem eru „rentabilitet" landbúnaðarins í Danmörku. Það getur verið, að ekki sé hægt fyrir okkur að ná eins fullkomnum skýrslum um þetta eins og Danir gera. En það er enginn vandi að verða þess áskynja, hve mikil verður að vera framleiðsla bænda til þess að þeir geti komizt vel af. Það má með því að lesa framtalsskýrslur. Auk þess veit hver bóndi, hvort hann hefir hagnazt eða tapað á ári hverju af þeim atvinnuvegi, sem hann hefir stundað. Það munu vera fljótreiknaðir þeir liðir, sem bændastétt Íslands hefir eytt í óþarfa í flestum árum. Íslenzkir bændur gera yfir höfuð ekki aðrar kröfur til lífsins en að hafa sitt einfalda og óbrotna framfæri, og það er ekki erfitt að komast eftir því, hvort þeirra framleiðsla frá ári til árs getur fullnægt þeirra einföldu þörfum.

Ég hygg nú, að hv. þm. S.-Þ. hafi orðið þess áskynja, að jafnvel hans eigin flokksmönnum, bændum hér á Suðurlandi, hafi ekki fundizt sanngjörn sú mjólkurverðlækkun, sem hér hefir verið framkvæmd í bænum. Það er satt, að hún munar neytendur í Rvík ekki mjög miklu. Ég hygg, að þeir standi flestir jafnréttir eftir sem áður. En þess ber að gæta, að neytendur eru margfalt fleiri en framleiðendur. Þessi lækkun á mjólkurverðinu kemur að tiltölulega litlu gagni fyrir hvern einstakan neytanda, en af því að framleiðendur eru miklu færri, þá munar þá, hvern fyrir sig, miklu meira um verðbreyt., jafnvel þó ekki sé að ræða um nema fáa aura pr. lítra.

Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að hv. þm. S.-Þ. rataðist þó rétt á munn, er hann játaði það í niðurlagi sinnar löngu ræðu, að málið yrði þó leyst með því að fara leiðir, sem ég hafði lagt inn á. (JJ: Nei, nei, nei). Jú, það sagði hann. Þessi hv. þm. hefir stofnað til óþarfrar deilu um þetta mál, því að hann gerði tilraun til að kljúfa n., þó að honum stæði til boða, að nál. yrði sameiginlegt. Hv. þm. byrjaði sitt mál með því að hefja óþarfa deilu um málið og lauk ræðu sinni með því að skopast að okkur þm. fyrir það, að við höfum verið að leggja því liðsyrði, að framleiðendur gætu fengið það verð fyrir afurðir sínar, sem þeir þurfa til þess að geta lifað af framleiðslunni.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson)** óyfirl.: Hv. 1. þm. Skagf. talaði hér nokkur orð, og ég fann það glöggt, að honum var ljóst, að þetta mál er tapað fyrir hann og hans flokk. Og það er nú eins og stundum áður, að hann finnur sárt til þeirrar aðstöðu, að hann vill annarsvegar ekki, að hinar dreifðu byggðir verði troðnar niður, en verður hinsvegar að vera náinn samstarfsmaður þeirra manna, sem hafa hagsmuni af því, að þetta fólk sé skattlagt undir spekúlantana í landinu.

Þessi hv. þm. sagði, að það hefði ekki þurft hugrekki til þess að gefa út bráðabirgðal. um síldarbræðslustöðina á Sólbakka. Ég hefi nú enníþá engan mann hitt, sem ekki álítur, að þau bráðabirgðal. hafi verið vitlaus. Flokksblaði hans var það líka kunnugt, að þetta tiltæki hans var ekki heppilegt, að hann skyldi rétt áður en hann fór úr embætti gefa út l. um að taka atvinnutæki á þennan hátt undan yfirráðum þess rétta eiganda og fela þjóðfélaginu stjórn þess. Sérstaklega hlaut þetta að vera hættulegt frá sjónarmiði hans flokks, þar sem aðalbaráttan á milli Sjálfstfl. og Alþfl. er einmitt um þetta atriði, að taka atvinnutækin úr höndum einstakra manna og leggja þau undir þjóðfélagið. Enda kom það glöggt fram í umr. um málið, að Alþfl. var þessum hv. þm. þakklátur fyrir tiltækið, og fannst með því vera skapað kærkomið fordæmi.

Það er alveg vitanlegt, að þáv. landbrh. gat vel, ef honum hefði verið mjög umhugað um landbúnaðinn, gert það sama eða svipað í afurðasölumálunum í vor fyrir eða eftir kosningar. Hann sagði nú um leið og hann lauk sinni ræðu, að hann hefði ætlað að koma skipulagi á kjötsöluna fyrir haustið, ef hann hefði verið áfram ráðh. En hvers vegna kom þessi hv. þm. þá ekki góðu skipulagi á mjólkursöluna? Um þá sölu er ekkert haust til í sama skilningi og um kjötið og því hægt að endurbæta tilhögun hennar á hvaða árstíma sem er. Og það var því ekkert annað en viljaleysi þáv. landbrh., sem gerði það að verkum, að mjólkursalan var ekki skipu-

lögð í vor. En vissulega var stj. í þeim erfiðu kringumstæðum, sem ég hefi lýst viðvíkjandi hv. 1. þm. Skagf.

Þau eru orðin um 20 blöðin, sem ráðizt hafa á Framsfl. fyrir aðgerðir hans í kjötsölumálinu. Þessi blöð eru flokksblöð hv. 1. þm. Skagf. og mér er ekki kunnugt um, að eitt einasta þeirra hafi mælt kjötsölunni bót. Ekki hefir komið ein einasta grein í þeim um, að það hafi verið rétt af forsrh. að gefa út þessi bráðabirgðalög. Aðstaðan í Sjálfstfl. og flokki hv. 10. landsk. er þannig, að af þeim flokkum eða blöðum þeirra hefir aldrei verið minnzt á neitt, sem sé þessu til afsökunar. Sýnir þetta ekki hinn sanna hug flokkanna? Hvers vegna segir Vísir, að kjötið hækki um 33%, og í annari grein, að þingið hafi bjargað Rvík vorið 1933 undan þeim ókjörum, sem átt hafi þá að leggja á hana með mjólkurl., og skorar á það að gera nú hið sama í kjötsölumálinu? Íhaldsflokkurinn sem heild hefir aldrei sagt eitt einasta orð til stuðnings málinu, en hinsvegar er það liðið, að einn og einn þm. þess flokks afneiti blöðum flokksins, af því þeir sömu þm. hafa komizt að þingsæti í kjördæmum úti í sveitum landsins. En þeir þm. eru stöðugt að reyna að koma fleygum inn í frv., til þess að valda upplausn á því. Hv. 2. þm. Rang., sem seigastur hefir verið við að smíða þessa fleyga, hann vill leysa upp þessa löggjöf með því að leggja til, að hægt sé fyrir einstaka menn að verzla með kjöt utan við allt skipulag. Ef þetta hefði tekizt, þá hefði þessi lagabálkur orðið árangurslaus. Þá hefði það yndislega ástand komið aftur eins og það var, þegar bændur hér á Suðurlandi fengu 60 aura fyrir hvert kg. af kjöti gegnum Sláturfélag Suðurlands, það eina samvinnufélag, sem hann, hv. 2. þm. Rang., vildi kannske ekki sverja fyrir, að hann bæri velvildarhug til, af því að félagar þess munu vera nokkuð margir úr hans kjördæmi.

Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um, að Framsfl. væri svo lítill flokkur, borið saman við hans flokk, og að Framsfl. væri í stöðugri afturför. Ég vitna til þess nú, er Jón Þorlákssson sagði árið 1932, eftir að hann hafði komið hv. 1. þm. Skagf. í stj. með tveimur framsóknarmönnum. Þá sagði hann, að hans hugsjón væri, að þegar Sjálfstfl. gæti ekki myndað meirihlutastj. einn sér, þá ætti hann að fá lánað í stj. hjá Framsóknarfl. til þess að framkvæma stefnu Sjálfstfl. Nokkrir menn úr Framsfl. aðhylltust þessa hugsjón Jóns Þorlákssonar, og þar á meðal hv. 10. landsk., sem gein yfir þessari flugu formanns íhaldsflokksins. Hver varð svo niðurstaðan? Hún varð sú, að í staðinn fyrir, að þegar hv. 10. landsk. kom sem utanþingsmaður í stj. í samstarf við þingflokkana, hafði hann töluvert fylgi í landinu, þá hefir þetta fylgi ákaflega mikið rénað nú, af því einu, að þessi maður hefir tekið að sér það hlutverk að vera í varaliði íhaldsins. Þessi mæti maður hafði gleymt gamalli ráðleggingu sjálfs sín, en hún var sú, að menn ættu aldrei að trúa íhaldsflokknum. Hann hefði átt að vita, hvernig bandalag við íhaldið fer. Hann hefir tapað kjósendum sínum af vináttu sinni við þá menn, sem bændur álita að sitji á svikráðum við þeirra menn. Svo lítið treysta bændur íhaldinu, að slík undur hafa gerzt, að merkasti maður Bændaflokksins tapaði svo áliti sínu vegna vináttu sinnar við íhaldið, að hann féll við kosningar með miklum atkvæðamun. (MG: Voru það undur, að hæstv. núv. forsrh. skyldi ná kosningu?). Það voru afarmikil undur, að nokkur skyldi fella Tryggva Þórhallsson. Það sýnir aðeins ljóslega, að sá hefir fyrirgert trausti sínu, sem trúir íhaldinu. Það er svo langt frá því, að það sé nokkur ástæða fyrir hv. 1. þm. Skagf. að vera að klaga yfir þessu; hann ætti miklu heldur að reyna að leyna því, að hvenær sem frjálslyndir menn mynda samstarf við flokk hans, þá eyðileggjast þeir á sál og líkama, og þó sérstaklega á sálinni.

Þá vék hv. þm. (ÞBr) að því, að það hefði ekki verið Bjarni Ásgeirsson, sem kom fyrstur með hina nýstárlegu hugmynd um það, að hafa verðjöfnunargjald og stórfellt skipulag á mjólkursölunni. En hann treystir sér ekki til þess að neita því, að Bjarni Ásgeirsson hafi undirbúið málið og fengið landbn. til að vera með sér í því að flytja það. Það þýðir ekki að neita þessu, því að þetta vita allir. Það væri undarlegt, ef þessi hugmynd hefði fæðzt í flokki hv. 1. þm. Skagf., að öll blöð þess flokks myndu með öllum sínum fallbyssum reyna að spilla fyrir l. Það myndu þau ekki gera, ef flokknum væru þau kær. Ég mun síðar tala um ræðu hv. 1. þm. Skagf. Ég finn glöggt, að honum er raun að núv. aðstöðu sinni, raun að því að hafa þau handjárn yfir höfði sér, sem blöð flokksins eru, en þau sýna glögglega hug flokksins til málsins. Ég vil minna á það, að á hinum mörgu fundum, sem haldnir voru austanfjalls, voru lesnar upp ritstjórnargreinar úr Morgunblaðinu og Vísi og ennfremur úr blaði hv. 10. landsk., og mælti enginn þeim bót. Sumir afneituðu blöðunum algerlega, en hvergi voru færð fram nokkur orð til varnar blöðunum. Sumir létu alveg vera að minnast á þau, eins og t. d. hv. þm. Snæf. En hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. Rang. afneituðu blöðunum algerlega

Þá kem ég að hv 2. þm. Rang. Hann var óánægður yfir því, að nál. frá meiri hl. n. væri svo langt. Það er ekki hægt að áfella þá, sem skrifuðu nál. En það er eins og þessi hv. þm. megi ekki heyra nefnda sögu málsins. Þarna endurtekur sig það sama og á fundunum austanfjalls. Það er alveg eins með þessa menn og þegar saltaranum var veifað yfir hausnum á kölska. Það er honum sjálfum að kenna, en ekki mér, að honum líður illa út af atkvgr. sinni í fyrra. En hann verður að þola, að minnzt sé á verk hans. Það var auðséð, að hv. þm. áleit nál. meiri hl. þá bibliu, sem hann yrði að styðjast við í flestum hlutum. Hann studdist við hið prentaða álit, þegar hann var að glöggva sig á því, sem hefði gerzt í fyrra. Af því má sjá, hvað það var hentugt fyrir hann að hafa þetta álit. Hv. þm. gat ekki hrakið eitt orð af því, sem stóð í nál. Og þegar það er athugað, hvað hann hafði mikla þörf fyrir að drekka meðan hann flutti ræðu sína, og í hve mikilli geðshræringu hann var, þá hafa áheyrendur fengið hugmynd um, að það var bara

fortíðin, sem var honum óþægileg. Það hefir víst verið nál., sem kom þessum hv. þm. til þess að láta þau orð falla, að það væri rétt að *setja þingið undir eftirlit. Hvaða þjóðir eru* það, sem hafa sett þingin undir eftirlit? Það er þar sem persónufrelsi, fundafrelsi og prentfrelsi hefir verið afnumið. Ég gat ekki betur séð en hann væri að minna á það einræðisland, sem Sjálfstfl. virðist eftir ýmsum blaðagreinum hafa tekið sér til fyrirmyndar. Í Þýzkalandi er þingið undir eftirliti, eða öllu heldur lagt niður sem lýðræðisstofnun. Blöð flokksins *tala um einræðisfyrirkomulagið sem fyrirmynd*, þar sem Einstein er útlagi nr. 14 og mörg hundruð beztu vísindamenn og rithöfundar þjóðarinnar fá ekki landvist vegna frjálsmannlegra skoðana sinna. Þar er draumur hv. 2. þm. Rang. gerður að veruleika. (**MJ**: Er þetta um mjólkurlögin?). Það er út af því, að Sjálfstfl. vill setja þingið undir eftirlit.

Hv. þm. (PM) komst í úfið skap út af atkvgr. *um samvinnufélögin. Hann var eitthvað að tala* um það, að þar væri misjafn sauður í mörgu fé. Það voru helzt góðir menn í Sláturfélaginu, en það er víst af þeirri ástæðu, að það nær yfir kjördæmi hv. þm. En hann er samt á móti því, að Sláturfélagið sé stutt. Hann sagðist ekki ætla að þvo sér. Hvers vegna þarf þessi hv. þm. að þvo sér? Er það einhver innri nauðsyn fyrir hann að vera óhreinn? Ég verð að játa, að ég *hefi aldrei heyrt tekið svona til orða fyrr. Mér* finnst að þarna komi fram dýrkun á óhreinindunum. Hv. þm. gat ekki fært ástæðu fyrir fjandskap sínum. Jón Þorláksson vildi í fyrra ekki spyrja samvinnufélögin. Hverja átti þá að spyrja? Ég hélt því fram, að ekki væri völ á færari mönnum. Ekkert þýðir að spyrja kaupmenn. Þeir hafa ekkert gert í vöruvöndun ullar, kjöts eða osta. Þetta vita allir. Ef Jón Þorlákss*on hefði getað bent á færari menn*, þá var auðvitað ekkert við því að segja. En það hefir Jón Þorláksson ekki gert, og ástæðan er sú, að hann hefir ekki getað það. En hver varð svo niðurstaðan? Hún varð sú, að leitað var til samvinnufélaganna. Ég er ekki að áfella landbrh. fyrir að gera það. Nei, þvert á móti. Það átti einmitt að tala við þessa menn, sem hv. 2. þm. Rang. vill ekki að sé talað við. — Þegar hv. þm. fór að *tala um það, hvað hann hefði staðið sig vel á* þinginu vorið 1933, þá varð mér á að brjóta blað við þá frásögn. Ég kemst þá ekki hjá því að minnast á orsökina til þess. Ég verð þá að byrja á upphafinu. Það var Bjarni Ásgeirsson, sem fyrstur flutti málið 1932. Síðan var það árið 1933, að Framsfl. reyndi að lokka flokksbræður hv. 2. þm. Rang. til þess að fylgja málinu. Það var spilað á hégómagirnd eins þm. *sjálfstæðismanna og hann fenginn til þess að* vera 1. flm. málsins. Frv. komst svo gegnum Nd. og til 3. umr. í Ed. Hvað varð svo málinu að falli? Ekki það, að blöð framsóknarmanna skrifuðu á móti því. Nei, það voru blöð sjálfstæðismanna, sem skrifuðu á móti málinu, og svo að segja allir samherjar hv. 2. þm. Rang. þrumuðu á móti því, sérstaklega þáv. form. flokksins. Svo þegar málið var komið þetta langt, þá snúast spilin. Hv. 2. þm. Rang. sagðist hafa ætlað að vera með því. En það er næsta ólíklegt, þar sem tókst að eyðileggja málið samt. En það hefir víst átt að reyna að halda hon*um hreinum og undirbúa* það, að *hann* byði sig fram í bændakjördæmi. Það, sem gerist bak við tjöldin, er þetta: Eftir að málið hefir gengið gegnum 2. umr. í Ed., þá er mótstaðan frá Jóni Þorlákssyni svo öflug, ekki eingöngu í Ed., heldur líka í bæjarstj., að sagt var af Jóni Þorlákssyni og nánustu samherjum hans, að sala mjólkurbúanna austanfjalls skyldi verða stöðvuð, og að bærinn myndi taka til sinna ráða og *setja upp eigin mjólkursölu. Dettur* hv. 2. þm. Rang. í hug, að fylgismenn Bjarna Ásgeirssonar hafi sleppt málinu af tómum leikaraskap? Nei, það varð að vera ástæða fyrir því. Og ástæðan var, að öll blöð íhaldsins voru á móti málinu. Í Ed. valt málið á hv. 2. þm. Rang. og hótuninni um að spila bændurna austanfjalls út úr mjólkursölunni hér í Rvík. Þegar svona var komið, þá var óskað eftir því, að málið væri lagt á hill*una. Það er þetta og ekkert annað, sem er tekið* fram í nál. meiri hl. Enginn reynir að mótmæla því, að þetta var vegna innri baráttu milli Korpúlfsstaðabúsins annarsvegar og bændanna austanfjalls hinsvegar. Sú barátta er eins og allir vita afarsterk. Það getur meira að segja verið, að Jón Þorláksson hafi af þeirri ástæðu ekki óskað eftir járnbraut.

Það þurfti stjórnarskiptin 1927 til þess að *koma skriði á þetta mál og stofnun búanna* austanfjalls. Ef þau hefðu ekki komið, þá hefði alls ekki verið hugsað um mjólkurlög. Mjólkurframleiðendur í nágrenni Rvíkur voru ekki færir um að koma slíkum l. í kring. Hv. 2. þm. Rang. getur ekki mælt á móti því, að þeir menn, sem höfðu barizt móti mjólkurl., ætluðu að eyðileggja búin austanfjalls með því að setja upp samkeppnisbú. Þeir höfðu í þessu skyni keypt lóð *leynilega. Sú stofnun átti að miðast* við áþján og eymd bændanna, en þessi fyrirætlun varð ónýt, þegar járnbrautarplanið féll niður. Það er ekki til neins fyrir hv. 2. þm. Rang. að afsaka sig. Það er einungis honum og hans flokki að kenna, hvernig fór 1933. Og eftir að þessi ræfill af l., sem komst í gegn, hafði þvælzt fyrir fótum stj. var hann afnuminn með bráðabirgðal.

Það er ekki þörf að svara fyrir barnið, hvað Alþfl. *hefir gert í þessu máli. Og þau orð*, sem hv. þm. las sem tilvitnun og form. Alþfl. hefir látið falla — ef rétt var lesið — í garð þeirra manna, sem af hálfu íhaldsins réðu í mjólkurmálinu, voru alls ekki óeðlileg frá hans sjónarmiði.

Í till. þessara tveggja hv. bændavina kemur það enn fram, að þeir hirða ekkert um að læra af fordæmi Eyfirðinga, heldur að útpína neytendur eins og hægt er. Eyfirðingar hafa fundið það, að undir vissum kringumstæðum er meiri gróði að lækka mjólkina eitthvað heldur en hækka. Og Mjólkurfélagið er búið að lækka sína mjólk úr krónu og niður í 42 aura, og er, eftir því sem mér skilst, að lækka niður í 40 aura. Þessi mikla lækkun Mjólkurfélagsins síðan á stríðsárum hefir ekki þótt svik. Af hverju? Ekki var lækkunin framkvæmd af ást til neytenda, því að forstjóri þessa félags hefir verið mjög

grimmúðugur í þeirra gerð fyrr og síðar. Það var af því, að menn fundu, að það var takmarkað, hvað hægt er að bjóða neytendum.

Þessi leyndi fleygur í till. hv. minni hl. lítur ósköp sakleysislega út á yfirborðinu, en er þess eðlis, að hann mun áreiðanlega sprengja mjólkurmálið, ef gengið er inn á hann. Það eru falleg orð, sem þessir ágætu menn segja, að allur hagnaður af skipulagningunni eigi að fara til framleiðenda. Hv. þm. veit vel, að ef hann flettir í gömlum bókum, er nóg dæmi að finna um það, að ef bændur ætla að hafa allan bæinn á móti sér, bæði braskarana og hina fátæku alþýðu, þá komast þeir ekki neitt. Þá verður niðurstaðan hin sama og nú er, þegar allmargir bændur í kjördæmi hv. 2. þm. Rang. fá 11—12 aura fyrir lítrann af sinni mjólk. Það er treyst á, að það verð hækki til stórra muna, jafnvel þótt neytendum sé sýnd nokkur sanngirni, en ekki eintómt harðræði.

Það er alveg nauðsynlegt í þessu máli að skýra það til róta. Það þarf að brjóta til mergjar þær leyndu hvatir og athafnir. Það þarf að segja frá mjólkurframleiðendunum hjá kaupfélaginu austur frá og atkvgr. hv. 2. þm. Rang., þegar hann vill ekki láta spyrja samvinnufélögin, og útskýra, hvers vegna hv. þm. heldur ennþá, að hann geti sprengt samtökin í þessu máli, geti gert framleiðendur og neytendur að óvinum. Það er bókstaflega af því, að menn Sjálfstfl. eru með Morgunblaðinu og Ísafold og þeim tuttugu sjálfstæðisblöðum, sem hafa þrumað á móti skipulagningu. Það er enginn innri skoðanamunur hjá hv. 2. þm. Rang. og hinum pólitísku ritstjórum Morgunblaðsins og Vísis. En það á við í þessu tilfelli að vera óhreinn á sumum stöðum, en reyna að sýnast hreinn a. m. k. þegar verið er á öðrum stöðum.

Það, sem nú hefir gerzt í þessu skipulagsmáli, er blátt áfram það, að sterkustu aðilar í landinu í þessu efni, samvinnufélögin annarsvegar, sem málsvari bænda, og verkamannafélögin hinsvegar, ætla sér að leysa þetta mál á skynsamlegan hátt. Og þau hafa jafnvel aðstöðu til að leysa það betur en sumar næstu þjóðir; t. d. er ekki búið að leysa mjólkurmálið í Kaupmannahöfn svipað því eins vel og er í Eyjafirði. Sannleikurinn er sá, að þessu sterka samvinnufélagi hefir tekizt betur en maður yfirleitt veit að gerzt hefir hjá nágrannaþjóðum. Og þó að við komumst ekki eins langt hér og Eyfirðingar, þá er samt hægt að komast í áttina.

Þá kem ég að framleiðslukostnaðinum. Ég hafði lagt ákveðna spurningu fyrir mína hv. andstæðinga, sem halda fram, að mjólkurverðið gæti orðið byggt á útreikningi um verð eftir framleiðslukostnaði. Þeir hafa engu svarað, ekkert útlent dæmi nefnt um, að þetta hafi verið gert, og ekki heldur neitt innlent. Það hefir aðeins verið nefnd ein ritgerð, sem ég skrifaði og snertir þetta mál ekki nema að litlu leyti. Þeir hafa þess vegna alveg gefizt upp, það hefir farið eins fyrir þeim og Jóni Jónssyni og forstjóra Mjólkurfélagsins á dögunum, — þeir gátu engin dæmi nefnt. Þeir fimbulfamba um hluti, sem þeir ekki vita til, að neinsstaðar hafi verið reyndir. Þegar ég spurði, hvort þeir vildu ekki selja fiskinn við framleiðsluverði, þá sögðu þeir ekkert um það. Þeir vita, að þetta er ekki hægt. Þeir vita, að það hefir ekki nokkurn skapaðan hlut að segja þetta á Spáni eða Ítalíu: „Við viljum, að sjómennirnir, sem sækja fiskinn, og stúlkurnar, sem þurrka hann, fái aðstöðu til að lifa við viðunandi kjör í menningarlandi — þó að sumir kannske áliti ekki jafnvel þörf á að þvo sér — og við viljum miða fiskverðið við það".

Í þessu liggur það fullkomna strand hjá þessum mönnum. Þessi útreikningur þeirra er grunnfært fleipur. Hvorki fyrr né síðar hafa þeir komið með röksemdir. Og svo heldur hv. þm., að hann geti bjargað sér út úr þessu með því að snúa út úr grein, sem ég skrifaði fyrir tuttugu árum og stendur óhögguð enn í dag. Þar gerði ég alveg ljósan muninn á tveimur hagfræðistefnum, sem liggja bak við allar deilur um hagfræðimál, skoðun auðmannanna og ör-eiganna. Hvergi er nokkur mótsögn við það, sem hér er um að ræða, né talað um, að vörur séu seldar eftir framleiðslukostnaði. Það er sýnt fram á, hvernig aðalhöfundur jafnaðarmanna, Karl Marx, hafi leitt rök að því, að bak við allt liggi lífsframfærslan eins og undiralda, en ofan á komi bylgjurnar eftir atvikum. Þetta er viðurkennt af öllum í aðalatriðum. Og 85% af öllum hagfræðingum halda því fram, að það megi ekki líta við að reyna að miða við það, hvað þurfi til þess, að menn fái nóg til að lifa af. En hvernig færi um stétt þá, sem hv. 2. þm. Rang. heyrir til, ef við t. d. hugsum okkur, að kominn væri taxti á hennar vinnu, svo sem 25% af eyrarvinnukaupi í Reykjavík? Ég geri þá ráð fyrir, að þessi stétt mundi líða undir lok, þar sem enginn vegur væri til að kaupa lífsnauðsynjar fyrir greitt kaup. Nú vill svo vel til, að þessi stétt hefir ekki við þessi kjör að búa. T. d. hefir þessi hv. þm. tekið 30 þús. kr. árið sem leið fyrir eitt einasta mál, sem hann flutti fyrir hæstarétti. „Dýr mundi Hafliði allur". Hvað mundi framleiðslukostnaðurinn vera eftir þessum kokkabókum, ef sá tími af æfi hans, sem hann vann að þessu máli, er 30 þús. kr. virði? Er hann hér að hugsa um framleiðslukostnaðinn eins og Karl Marx taldi hann koma til greina? Ég held ekki. Hér eru óblandaðar andstæður á ferð hjá hv. þm. Og ég verð að segja, að það þarf brjóstheilindi hjá þessum hv. þm. til þess og yfirleitt hans stétt — að slá um sig með því allt í einu, að þeir vilji verja fyrir hungurvofunni.

Ég hafði dálitið gaman af lestri hv. þm. á þessum sundurlausu atriðum úr grein minni; þegar getið er um öldurnar á yfirborði markaðsins, þá las hann lágt. Af hverju? Af því að hann vildi blekkja, vildi leyna því, að ég tók skýrt fram þessa hlið málsins, að veröldin kann ekki ennþá að fara eftir þessu. Jafnvel þeir, sem virkilega vilja bæta lífskjör almennings, verða að viðurkenna, að bylgjurnar ofan á verði stundum allmiklar og verði ekki við það ráðið. Enda sést þetta vel af þeim árum, sem gengu yfir heiminn síðan þetta var skrifað.

Ég hygg ég hafi þá gengið frá þessu atriði um framleiðslukostnaðinn, sem þessir þrír hv.

andmælendur frv., sem alltaf hafa tafið fyrir þessu skipulagsmáli, ekkert vita hvað þeir meina með, þó að þeir slái honum fram í sínum rökþrotum. Þeir geta ekki bent á neina staðreynd sínu máli til stuðnings.

Hv. 10. landsk. ásakar mig eins og félagar hans fyrir það að hafa sagt frá rótum þessa máls. Er það mér að kenna, þótt hann gerði ekki neitt í þessu máli? Aðrir hafa kvúð það fram, og að honum nauðugum, að því er virðist. Hann kvað litinn samvinnuhug að sjá í þessu nál. Hvernig á að vera hjá mér samvinnuhugur við aðstandendur þeirra blaða, sem hafa tortryggt og rógborið þessa skipulagsviðleitni á alla lund? Hvernig á að verða samstarfshugur við hann, ritnefndarmann að því blaði, þar sem ýtarleg ritstjórnargrein er skrifuð til ófrægingar stj. fyrir þetta skipulagningarstarf? Það er sagt, að verið sé að taka frelsið af bændum. Í greininni segir einnig, að bændurnir hafi verið frjálsir hingað til um að leggja verð á sína vöru, Sláturfélagið hafi lagt verð á kjötið í Reykjavík og kaupfélögin fyrir norðan o. s. frv. Þessi grein er nafnlaus og stendur því á ábyrgð þessa hv. þm. Hvernig var svo þetta „frelsi" Sláturfélagsins til þess að ákveða verðið? Ég man tölurnar, sem Helgi Bergs gaf mér upp, hvað bændur fengu hæst nokkur undanfarin ár. 1931 voru það 85 aurar, 1932 60 aurar, í fyrra, 1933, 72 aurar, en í haust fyrir skipulagninguna, fullyrða þeir, sem að skipulagningunni hafa staðið, að það muni verða 93—95 aurar.

Ég vil nú spyrja hv. 10. landsk.: Finnst honum þetta ekki dásamlegt frelsi fyrir Sláturfélagið, að mega ákveða 60 aura fyrir kjötkíló fyrsta flokks? Þetta var fyrsta árið, sem þessi hv. þm. var ráðh. landbúnaðarmála. Ég áfellist hann ekki út af þessu; hann hefði litlu getað til vegar komið, en hann beitti sér heldur ekki fyrir skipulagningu. En ég bendi aðeins á, að hans blað virðist vera ánægt með þetta ástand. Ég er nú búinn að vera æðimikið á ferðum austanfjalls upp á síðkastið, og ég veit ekki um einn einasta mann, sem ekki er þakklátur fyrir aðgerðir í þessu máli. Íhaldsmenn eru leiðir yfir því, að forgangan var hjá framsóknarmönnum, og leiðir yfir sínum blöðum, sínum mönnum og sínum flokki fyrir að vera á móti málinu. Bændurnir eru svo hlálegir, að þeir gefa ekki túskilding fyrir það frelsi að fá 60 aura fyrir kílóið, móts við núverandi áþján skipulagsins, sem veitir þeim frá 93—95 aura fyrir kílóið. Litum svo til Eyjafjarðar, þar sem blöðin sögðu vera þetta dásamlega frelsi með kjötverðið. Ég hefi það frá kaupfélagsstjóranum þar, Vilhjálmi Þór, að dag nokkurn í fyrra sumar var kílóið af kjötinu kr. 1.30. Og svo berast hvaðanæva þennan sama dag kjötskrokkar, og hvað haldið þið að verðið hafi hrapað? Það komst niður í krónu. Var þetta ekki glæsilegt ástand fyrir bændurna?

Hvernig heldur hv. þm., að honum takist að sannfæra menn um það, að hann sé heill í þessu máli, þegar blað hans talar eins og það talar, sem flytur sæg af andstyggilegum ósannindum í ritstjórnargrein um það mál, sem við erum að reyna að þoka áfram og með árangri? Það stendur ekki á samhug og samstarfshug hjá mér og þeim, sem vinna með mér í þessu máli og gagn er að vinna með. Við viljum vinna með þeim, sem við höfum reynt í örðugleikunum og vitum að hafa hagsmuni af góðri úrlausn málsins. Því að ég get líka sagt hv. 10. landsk. það, að þeir skynsamari verkalýðsleiðtogar líta ekki eingöngu á það, að skipulagningin hafi í för með sér einhver þægindi fyrir verkamenn. Þeir hafa þá viðsýnu ástæðu, að ef bændur á Suðurlandi fá 60 aura eða 72 aura fyrir kjötkílóið, þá líður ekki á mjög löngu áður en stórir hópar af þessum sömu bændum flosna upp og koma til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar ofan á litla atvinnu, sem fyrir er, og auka á eymdina. Þetta má kannske kalla eigingirni, en framsýn er hún og viðeigandi. Skynsamir bændur óska ekki eftir, að verkamönnum líði illa. Til eru þeir bændur, sem það vilja, helzt þeir, sem hafa nú verið að slá sér á þennan nýja flokk, sem hefir eiginlega gert sér að takmarki að spilla á milli stéttanna. En sú aðstaða skynsamra bænda að óska líka eftir velliðan verkamanna, byggist á tvennu: sjálfsagðri mannúð auðvitað og svo meðvitundinni um það, að ef eymd og hungur er í kaupstöðunum, t. d. Reykjavík og Hafnarfirði, þá hafa þeir ekki markað og verzlun, og þeir sjálfir ofurseljast eymdinni á sama hátt. En því betur sem verkamönnum líður, því meiri markaður fyrir sveitirnar. Á þessum grundvelli er samstarf um núv. stj. byggt. Það er ekki byggt á neinum fimmaurahrossakaupum um vegavinnukaup, heldur á djúpum skilningi á þörf þjóðfélagsins í heild og lífsmöguleikum stóru stéttanna í landinu.

Ég hafði skorað á þennan hv. þm. að standa við dylgjur sínar um það, að eitthvað annað en skipulagsmálið hafi knúið Framsfl. til að óska eftir stjórnarskiptum í fyrra. Hann nefndi þá lögreglumálið. Það er rétt, að það var eitt af málunum, en það var líka margt annað af æskilegum hlutum. Heldur hann, að við framsóknarmenn höfum verið ánægðir yfir strandgæzlunni? Heldur hann, að við höfum verið glaðir yfir því, að sjá þann mann, sem unnið hefir hið mesta afrek í strandgæzlunni, ofsóttan og fölskum ásökunum hellt yfir hann eins og óbótamann með vísvitandi lygum af hans öfundarmönnum? Og þessi ofsóknarmál halda áfram í tvö ár, til þess að halda honum frá sjónum, varna honum að vinna sitt þjóðþarfa starf. Við töluðum ekki mikið um þessa hluti, en við munum þá.

Eða heldur hv. þm., að það sé ákaflega mikil ánægja í Dölum, þar sem reknir voru frá sjö skólanefndarformenn eftir að hann var fallinn við kosningarnar í vor? Eða t. d. þegar sjálfur hinn ágæti maður, sýslumaður Dalamanna, þótti of auðvirðilegur til að vera í skólanefnd? Hann þurfti að rýma fyrir flokksmanni hv. þm. Eða þegar svo langt er gengið, að taka varð bónda, sem var hans flokksbróðir í vor, til þess að koma að presti, sem er enn meiri flokksmaður, í formennsku í skólanefnd.

En hvað um þetta. Við vorum ekki að verðleggja ámóta atriði og þetta, sem þá voru fram komin, heldur var það afkoma fólksins. En hv.

þm. talaði um lögreglumálin. Hver var hans stefna í því máli? Hann veit, að stjórn hans borgaði út 400 þús. kr. í laun til þessara manna, sem stafaði af því, að bandamenn hans æstu upp fátæklingana móti sér fyrir tveimur árum með mjög auðvirðilegri framkomu. Menn, sem höfðu 16 þús. kr. í laun, eins og ritstjóri Vísis, vildu níðast á mestu smælingjunum í bæjarvinnunni. Út af þessu urðu óspektir, sem alkunnar eru orðnar. En var það tilvinnandi af bandamönnum þessa hv. þm. að hefja þennan leik til þess að verða á liðugu ári að kasta út 400 þús. kr.? Ég segi nei. Síðan farið var að líta á hag þeirra stóru stétta í landinu hefir ekki þurft þennan her, af því að fátæklingarnir hafa vitað það, að það er verið, þó af veikum mætti sé, að lyfta þeim til betri kringumstæðna. Þess vegna eru engin barefli upp tekin. Þá var það svo, að á fáum dögum létu 1300 menn innrita sig í ofbeldisfélag í bænum, sem tók allar venjur eftir þeim versta glæpaflokki, sem nokkurntíma hefir starfað í þjóðflokki skyldum okkur Íslendingum. Þessi hreyfing breiddist svo það út, að sumir sýslumenn landsins í þessum sama flokki vegsömuðu þetta og skrifuðu greinar um það, og það er vitað um a. m. k. 2 bandamenn hv. þm., sem studdu þessa óverulegu hreyfingu.

Ég geri ráð fyrir, að hann viti um fólkið, sem var að æfa í Kveldúlfsportinu, sumpart niðursetningar úr bænum og allskonar óþjóðalýður, sem var þar að æfa einhver ofbeldisverk, sem ekki var lýst fyrirfram, en stóðu í nánu sambandi við bandamenn hv. þm. Hér á landi hefir ekkert verið gert, sem minnti á ofbeldisflokkinn í Þýzkalandi, nema þetta eina. Og það var sama aðferðin í Kveldúlfspórtinu eins og hjá Hitler, þegar hann var að æfa sína pilta, og það voru vissir spekúlantar og braskarar, sem lögðu í kosningasjóðinn hjá Hitler, og alveg eins var þetta hér, hjá þessum mönnum, sem æfðu í Kveldúlfsportinu.

Við skulum hugsa okkur, að það hefði farið eins og hv. 10. landsk. bjóst við, að þessi flokkur, sem hafði innan sinna vébanda hreyfingu, sem innskrifaði 1300 menn á útmánuðunum 1933 og hafði liðsaukann í Kveldúlfsportinu, við skulum hugsa okkur, að hann hefði tekið völd og farið að eins og í Þýzkalandi, þegar ríkisherinn sameinaðist auðmannahernum. Hvað gerðist þá? Þá var þingið sett undir eftirlit. Þá var Einstein gerður númer 14 meðal útlaga landsins. Það þýðir ekkert fyrir þennan hv. þm. með þennan ólánsfélagsskap, sem hann lenti í, að gera lítið úr því, að lögreglumálið hafi nokkra þýðingu, því að ástæðan til, að þetta datt niður eins og kommúnisminn og æfði í Kveldúlfsportinu þessa niðursetninga og allt fólk, sem þar var nú farið að vera heima sem niðursetningar, það er heppilegt fyrir þá, og það er bókstaflega af því, að þeir vita, að meðan þetta bandalag stendur að stj., þá þýðir ekki að vera að æfa niðursetninga og annað fólk til að gera óspektir hér. Sýslumennirnir, sem höfðu skrifað í blöðin um þessa hreyfingu, hættu því og vildu láta það gleymast, að þeir höfðu verið með þessu. Ég vonast því til, að þessi mikli kennimaður, sem ég hugði þennan hv. þm. einu sinni vera, hann sjái nú og skilji, að þessi valdalegi inngangur í landinu hefir verið ákaflega óheppilegur frá siðferðislegu sjónarmiði hér á landi, ekki að hann sé potturinn og pannan í þessu öllu, heldur hefir hann verið það, sem Jón Þorláksson óskaði eftir, varalið fyrir þann flokk, sem er ekki í meiri hl. í landinu, og í skjóli þessa varaliðs var þetta gert, sem ég drap á. Það er rangminni hjá hv. þm., að það hafi verið þessi mikli maður, sem nú er farinn úr Framsfl., sem hafi gert þessa kröfu við stjórnarmyndunina 1933, að landbúnaðarmálin væru sett á oddinn, því að það var ógæfa þessa góða manns, að hann trúði þessum manni of vel og hafði of háar hugmyndir um hans einlægni og hæfileika. Þess vegna var það, að þótt þetta væri í boði, sem gaf Rangárvallasýslu 40 þús. kr. á ári og Árnessýslu 60 þús. fyrir sama kjötmagn, svo að teknar séu tvær sýslur og ein vörutegund, þó að þetta væri í boði, lét sá mæti maður ekki úr því verða að styðja málið áfram, af því að aðalmennirnir voru núv. hæstv. fjmrh. og útflutningsstjórn Sambandsins, að okkur öllum öðrum ólöstuðum, sem að þessu stóðum og vorum þar minni menn.

Hv. þm. tók svo til orða, að hann vildi ekki afsaka Jón Þorláksson, af því að hann hefði verið á móti sér meðan hann var í stj. Ég heimta ekki vörn fyrir þennan mikla borgarstjóra hér, en hinsvegar ferst honum ekki jafnkærleiksrikt við hann eins og þessum mikla manni úr íhaldsflokknum fórst við hans flokk. Þegar Jón í Stóradal kom á fundi austur í sýslur, þá breiddi sýslumaður þar kærleiksfaðminn á móti honum, þakkaði honum fyrir starf hans og vildi öll blíðmæli við hann eiga. Og þetta var rétt. Þessi sýslumaður, þó að ég dáist ekki að öðru leyti að hans yfirborði, þá tók hann sína afstöðu með hreinskilni og réttlæti. Og þó að ég vilji ekki ráðleggja hv. 10. landsk. að ganga þessa braut, þá á hann þó þess að minnast, að hann var í 2 ár í bandalagi við Jón Þorláksson, og hans valdalegi metnaður er bundinn við þann tíma, sem Jón unni honum að vera í stj.

Hv. þm. var að reyna að vera fyndinn, er hann sagði, að ég héldi, að 7. febrúar væri í okkar tímatali á eftir 20. marz. En hv. þdm. hafa tekið eftir því, að ég hefi ekkert um þetta sagt og ekkert minnzt á 7. febrúar. En það, sem hann á við með 7. febrúar, er, að hann gekk þá inn á mína till., sem hann lét drepa 28. nóv. í fyrra. Þá hefir hann skrifað Sambandinu og Alþfl. og beðið þau um að búa til frv. Ég er þakklátur hv. þm. fyrir, að hann sá, að hann hafði haft þarna rangt fyrir sér, eins og oft áður, og ég hafði reynzt forsjálli með mína till. heldur en hann, en það kemur ekki við þessu máli, því að það, sem till. Jóns gekk út frá og hann reyndi ekki að verja, var, að einhverjir menn í Stjórnarráðinu gerðu rannsóknina. Síðan átti að spyrja samvinnufélögin, og svo átti að fleygja þessu inn í þingið. En á þessum tíma, frá því að þingi sleit og til 7. febr., hafði hann snúizt frá Jóni í Stóradal og til mín, og 7. febr. var hann kominn á mína

skoðun í málinu. Ég var ekki nema stuðningsmaður annara, sem höfðu forustu þessa máls, og gerði ekki kröfu til að vera meira. Sá, sem fyrst og fremst hafði forgöngu þessa máls, var Jón Árnason. Hann og Eysteinn Jónsson áttu mestan þátt í því, að þetta var gert að aðalmálinu í samningunum við Alþfl., að byggja á því nýja stjórnarmyndun, en mín till., sem hv. 10. landsk. lét fella, var blátt áfram lítill liður í þessu máli. En áður en Jón Árnason kom með þetta og ég kom fram með mína brtt., var Jón Árnason búinn að afla sér allrar vitneskju um fyrirkomulag þessa skipulags í nágrannalöndunum, og ef hv. þm. hefði verið svo forsjáll að leita um þetta til Sambandsins, þá hefði hann ekki þurft að sima til útlanda eftir þessum upplýsingum. Og ef hann hefði viljað vera fljótur, þá hefði hann ekki þurft annað en að sima til Sveins Björnssonar, og þá hefði hann fljótlega getað fengið allar upplýsingar, ef hann hefði viljað. Þess vegna er það, að 7. febrúar gerist ekkert annað en það, að hann veit, að kaupfélagsstjórarnir eru búnir að taka upp málið og undirbúa það. Svo kemur nefndin og henni er afhent frv., og í henni voru aðalmennirnir þeir sömu, svo sem Jón Árnason og Egill Thorarensen, svo að ég nefni aðeins tvo, og svo einn af greindustu mönnum, sem starfað hafa í Alþfl., séra Ingimar Jónsson. Allt, sem þessi hv. þm. gerir, er það, að hann skrifar 7. febr. og lætur félögin í bænum, eins og Sambandið og Sláturfélagið, ekki svara sér fyrr en komið er undir vor, en virðist ekki hafa símað til þeirra. Í stuttu máli, hann gerir ekki nokkurn skapaðan hlut í þessu máli nema að senda þetta plagg frá sér, og hans þegjandi játning liggur í því, að því aðeins fór hann frá grundvelli Jóns í Stóradal og inn á grundvöll minn, að hann sá, að hans grundvöllur var hruninn og ekki til neins að halda áfram á honum. Ég álít það virðingarvert af þessum þremur andstæðingum framsóknarmanna, hvað þeim leiðist, að hér sé talað um aðdraganda málsins; í því liggur játning þeirra, hvernig þeir standa í því.

Ég vil minna hv. 2. þm. Rang. á það, þegar hann kom austur í Rangárvallasýslu og fór að tala við sína menn, hvernig hann ætti að taka í þetta mál, þá kom einn af beztu bændum héraðsins með dæmi um þessa afstöðu hv. þm. og nokkuð margra af félögum hans, sem hafa hallazt að sömu skoðun. Hann benti á, að hér í Rvík væri þessi harða ádeila á lögin, en þegar út í sveitirnar kæmi, þá þættust þeir vera vingjarnlegir í garð málsins. Og ef maður tæki flokkinn eins og einingu, þá mætti taka, án þess að vilja meiða flokkinn, dæmi af dýri, sem okkur, sem höfum verið við smalamennsku, er kært, nefnilega hundi. Þessi bóndi sagði, að þessi aðferð flokksins væri eins og hjá hundi, sem hann hefði eitt sinn mætt á bæ, hann hefði komið og flaðrað með rófunni, en urrað um leið og fitjað upp á trýnið. Varð honum þá að orði: „Hvoru á ég að trúa?“ — Þannig er öll frammistaða íhaldsins í þessu máli.

**Magnús Guðmundsson:** Hv. þm. S.-Þ. hefir nú fengið eitt af sínum köstum. Hefir hann nú haldið hér ræður, sem hafa staðið eitthvað 3 stundir samtals. Mér dettur ekki í hug að svara honum í stuttri aths. Getur verið, ef maður verður svo heppinn, að hann fái kast við 3. umr., að ég segi þá við hann fáein orð, en nú hefi ég ekki tækifæri til þess, þar sem ég fæ aðeins stutta aths. Ég tók líka eftir því, að af öllu því, sem hann sagði nú síðast í 1½ klst., var ekki eitt orð um málið sjálft.

Honum hefir orðið tíðrætt um blöð sjálfstæðismanna. Ég held, að óhætt sé að segja, að hann haldi hér aldrei ræðu, sem hann vill leggja mikið í, án þess að hann minnist á blöð sjálfstæðismanna. Það sýnir, að hann er við ekkert eins hræddur og þau. Það er því óþarfi fyrir okkur sjálfstæðismenn að taka málstað okkar blaða meðan maður, sem ekki er ónæmari á það, hvað er „agitatoriskt“ en hv. þm. S.-Þ., óttast blöð okkar mest.

Ég get tekið undir það, að ég undrast, hvernig kosningin fór í Strandasýslu, en annað mál er það, hvort hæstv. forsrh. tekur það sem kompliment til sín.

Afbökun hv. þm. á orðum Jóns Þorlákssonar borgarstjóra dettur mér ekki í hug að elta uppi, en það vil ég segja honum, að hann gerir mér of hátt undir höfði, þegar hann heldur, að andstæðingar mínir verði veikir á sál og líkama af að starfa með mér. Ef svo væri, þá mundi ég óttast um hans sálarlíf, þar sem hann hefir nú starfað með mér í fjvn. í 1½ mánuð. Líkamann er ég ekkert hræddur um, en sumir læknar segja sálina veika fyrir.

Hæstv. forsrh. vildi helzt, að ég hefði þagað í þessum umr., og skil ég það vel, en ég ætla mér ekki að fara eftir því, hvers hann óskar. Ég hefi sýnt fram á, að hann hefir fengið skýlausar fyrirskipanir um að framfylgja mjólkurlögunum, fyrst skriflega 29. des. 1933 og síðan oft munnlega. Það er upplýst, að hann hefir sjálfur farið til. atvmrh. og beðið hann að fresta framkvæmd þessara l., og hann hefir gert allt, sem hann gat, til að fresta lögunum og eyðileggja þau, m. a. með því að senda í ráðuneytið til athugunar skjöl úr máli, sem hann átti að dæma, út af brotum á þessum l. Þetta sýnir, hvernig hans hugur hefir verið, og þarf ekki frekar um það að ræða. Hann talaði um bréf frá því í febr. 1934, sem Stjórnarráðið sendi honum um fullnægingu hæstaréttardóms. Þar er ekki um neitt annað að ræða en fullnægingu hæstaréttardómsins. Hann segist ekki hafa fengið áður fyrirskipun um að fullnægja dóminum. Þetta er rétt. Það er ómögulegt að fullnægja dómi, sem hefir verið áfrýjað, fyrr en hæstaréttardómur er fallinn. En þetta er allt annað en að fresta framkvæmd mjólkurlaganna. Að dómi er ekki fullnægt vegna áfrýjunar, þýðir það, að idæmd refsing verður ekki afplánuð fyrr en hæstaréttardómur er kominn. En lögunum, sem dæmt er fyrir brot á, er sannarlega ekki þar með frestað. Þetta munu allir skilja, og blekkingavefur hæstv. forsrh. kemur honum því að engu haldi.

Ég get ekki verið að skattyrðast við hann um það, hversu skýlaus séu þessi mjólkurlög frá 1933. Það stendur í l., að óheimilt sé að selja

mjólkina ógerilsneydda. Síðan segir hann, að það sé svo mikill vafi, hvernig beri að skilja þessi orð, að hann þori ekki að taka á sig framkvæmd þeirra. Hver getur talið þessi ákvæði vafasöm? Skýrari fyrirmæli er yfirleitt ekki hægt að gefa, og það var ekki kjarkur, heldur vilji, sem vantaði hjá hæstv. forsrh. til að framkvæma mjólkurlögin. Það var kannske eitt rétt í því, sem hann sagði, og það var, að það hefði verið of mikil linkind að láta hann sitja kyrran í embætti.

Ég skal svo ekki hafa þessa aths. lengri, en mun koma betur að þessu við 3. umr., ef tilefni gefst til. Að síðustu vil ég benda á, að það er óviðeigandi, að hv. þm. S.-Þ. skyldi ekki fá áminningu fyrir það, er hann í síðustu ræðu sinni fór með svívirðingar um þjóð, sem við höfum mikil viðskipti við. Þetta á ekki að vera svo; það er hættulegt þessu landi, og ég álít, að hæstv. forseti — það er ekki sá, sem nú er í stólnum — hefði ekki átt að láta það óátalið.

**Jón Baldvinsson** (óyfirl.): Það er með hálfum huga, að ég ræðst í að taka til máls eftir þessar miklu deilur, sem fram hafa farið og kallaðar hafa verið umr. um mjólkurmálið. Ég vil þó aðeins, áður en málið fer til atkvgr., gera ofurlitla grein fyrir afstöðu okkar Alþýðuflokksmanna.

Hv. 2. þm. Rang. las hér upp nokkur orð eftir mig úr umr. um mjólkurmálið á aðalþinginu 1933, til þess að sýna, að ég hefði verið andstæðingur þess frv., sem þá lá fyrir. Það, sem hann las þar, hefir sjálfsagt verið rétt upp lesið. Ég var þá ásamt öðrum Alþfl.mönnum á móti því frv., sem þá lá fyrir, en á því var mjög mikill munur og þessu frv., sem nú er til umr., eins og menn geta augljóslega séð með því að bera l. frá 1933 saman við þetta frv. Í l. frá 1933 er gert ráð fyrir algerðu einveldi framleiðendanna yfir mjólkurverðinu. Í þeim l. átti að skipa 7 manna n., og þar af gátu neytendur í hæsta lagi búizt við að fá tvo. Ef við athugum frv., þá sést, að neytendur eiga að skipa tvo, framleiðendur tvo, og ráðh. einn. Við skulum segja, að sá ráðh., sem nú fer með landbúnaðarmál, skipi mann, sem tilheyrir bændastéttinni og fylgi framleiðendum að málum. En um leið og stj. skipar þennan formann, þá ber hún beinlínis ábyrgð á gerðum meiri hl. n., ef hann framkvæmir eitthvað með þeim manni, sem stj. skipar, en af hinna hálfu eiga neytendur og framleiðendur að hafa jafna aðstöðu, enda er það eðlilegt, og ég skil ekki í þeim mönnum, eins og hv. 10. landsk. og hv. 2. þm. Rang., sem reyna að koma sem ósanngjarnlegast fram í garð neytenda, reyna að gera þeirra áhrif að engu og reyna að koma málinu á þann rekspöl, að láta líta svo út, að allt gangi út yfir þá. Grundvöllurinn undir samkomulagi Alþfl. var það, að hafa fyrir augum bæði hagsmuni framleiðenda og neytenda, svo sem frekast er hægt, t. d. að minnka sölukostnað á mjólkinni og láta það ganga til beggja, eins og hv. þm. vita, af því að samkomulagið hefir verið birt opinberlega. Það er ekki von, að hægt sé á annan hátt að ná samkomulagi við neytendur en þeir hafi einhvern hlut um þetta að segja og einhvern hagnað þar af, ef þeir eiga að leggja á sig kvaðir, sem eru þó það, að undir þetta fyrirkomulag falla allir þeir menn, sem hafa komið upp búum í grennd Rvíkur og gert það að verkum, að miklu meiri mjólk er nú á boðstólum en áður. Þess vegna mótast afstaða mín gagnvart þessu frv. af þeim ástæðum, að tekin hefir verið til greina sú uppástunga, sem Alþfl. hafði komið með. Allur blær l. frá 1933 er í þá átt, að framleiðendur ráði lögum og lofum um allt skipulagið. Þess vegna var það meira að segja svo, að fundir í fjarlægum héruðum áttu að geta samið skipulag um sölu mjólkur í Rvík og Hafnarfirði, og verður ekki annað séð en að þeir hafi átt að geta ráðið öllum kröfum um heilbrigðisstjórn á sölu mjólkurinnar, öðru en því, sem tekið er fram í l. um gerilsneyðingu. En þess hefir oft verið krafizt, að heilbrigðisstj. hafi eitthvað að segja um sölu mjólkur, t. d. hvernig búðirnar skuli útbúnar o. s. frv.

Ég segi það enn, að ég er undrandi yfir þeirri till., sem er á þskj. 407 frá minni hl. landbn., þar sem þeir minna á, að þess sé vænzt, að framleiðslan njóti til fulls þess hagnaðar (PM: Lesa lengra!), er leiða kann af breyttri tilhögun mjólkursölunnar, a. m. k. að svo miklu leyti, sem þarf til þess, að framleiðslan geti borið sig.

Ég geri ráð fyrir, að þeir meini, að framleiðendur eigi að njóta hagnaðarins að fullu, en þetta er ekki rétt, einkanlega af því að hagsmunir bænda til langframa krefjast þess, að verð mjólkur lækki frá því, sem nú er. Hagsmunir bænda krefjast þess, að verðið á þessari vöru lækki til muna frá því, sem nú er, því að þá má búast við þeim möguleika, að meira verði keypt af mjólk. Hinsvegar má líta á það, að þeir menn, sem selja mjólk sína innan takmarka bæjarins og þykir hart að sér gengið, að verða að borga verðjöfnunarskatt, eru jafnframt með því verndaðir gegn því, að bændur lengra að dembi mjólk sinni á Rvíkurmarkaðinn og fari í mjólkurstríð, svo að mjólkin lækki óeðlilega í verði.

Við höfum fallizt á það, að bændur fái viðunanlegt verð fyrir mjólk sína, því að alþýðan í kaupstöðunum á mikið undir því komið, að bændum vegni vel, og auk þess er það stefna okkar og vilji að sýna öllum stéttum réttlæti.

Hv. frsm. meiri hl., þm. S.-Þ., sem talaði hér f. h. meiri hl. n., en þó mest fyrir eigin reikning, var að tala við hv 1. þm. Skagf. um það, að sjálfstæðismenn hefðu átt að taka í útrétta hönd jafnaðarmanna um bæjarbúskap meðan tími var til. Ég lýsti yfir því í umr. í fyrra, að ég teldi bæjarsölu á mjólk heppilegustu leiðina, en þá yrði bærinn jafnframt að reka bú sjálfur, til þess að geta jafnan ráðið yfir ákveðnu mjólkurmagni og ákveðið verðið. En vitanlega var engrar samvinnu að vænta um slíkt frá sjálfstæðismönnum, enda tekur tíma að koma slíku skipulagi á. En ég vil taka það fram, af því að hv. frsm. var að gefa í skyn, að við jafnaðarmenn ætlum okkur að fresta þessu stefnumáli í bili, að það er skoðun Alþfl. eftir sem áður, að bæir, sem hafa aðstöðu til

þess, eins og Reykjavík hefir, eigi svo fljótt sem unnt er að hverfa að bæjarbúskap og bæjarsölu á mjólk.

Ég vil geta þess út af þeirri brtt., sem komin er fram frá minni hl. landbn., að í fyrra, er mjólkurlögin lágu fyrir, lagði Jón í Stóradal ríka áherzlu á að gæta þess í lagasetningunni að þvinga málið ekki fram gegn vilja neytendanna. En hv. 10. landsk. er einmitt að gera sitt til að vekja óánægju neytendanna með lögin, með því að bera fram brtt. þess efnis, að engin von sé til þess, hversu mikið sem sparast kann á skipulaginu, að neytendur njóti þar nokkurs góðs af.

Ég mun fylgja frv. óbreyttu, því þótt ég hafi skrifað undir nál. með fyrirvara, þýðir það ekki, að ég muni koma með brtt., heldur það, að ég hafði ýmislegt að athuga við sumt í nál.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég á hér brtt., sem mundu breyta frv. til talsverðra muna, ef þær yrðu samþ. Ég mun því halda mér við málið sjálft og tala um einstakar greinir og brtt., eins og gera á við 2. umr., þótt hv. frsm. meiri hl. landbn. hafi látið sér sæma að eyða hér nokkrum klukkutímum í skraf um Kveldúlfsportið, fangabúðir nazista og annað, sem kemur þessu máli álika mikið við. Ég er satt að segja hálfhissa á forseta, að leyfa slíkar umr. En hv. frsm. meiri hl. hefir það sér til afsökunar, að hann hefir víst varla komið í stól sinn áður síðan þing hófst.

Ég held, að á þessu máli séu aðeins tvær skoðanir hér í d., önnur sú, er ég hefi, og hin sú, er allir aðrir dm. hafa. Ég heyrði það á ræðu hv. 4. landsk., að Alþfl. ætlar að svíkja umbjóðendur sína í þessum málum og stuðla að því, að landbúnaðurinn í kaupstöðunum verði lagður niður. Ég hafði þó búizt við, að jafnaðarmenn yrðu samherjar mínir í þessu máli. En þeim er það auðsjáanlega ekki síður kappsmál en öðrum hér að lýsa sem ákafast yfir fylgi sínu við frv.

Brtt. hv. 10. landsk. gengur í þá átt, að spilla frv. frá því, sem það nú er. Það á að gera það að ófrávíkjanlegu skilyrði, að neytendur megi aldrei njóta neins þess hagnaðar, er skipulagið kynni að hafa í för með sér, því að viðbótin er auðvitað bara til sýnis, „a. m. k. þangað til framleiðendur hafa fengið framleiðslukostnað sinn greiddan". Mér þætti gaman að vita, hvenær þessi hv. þm. teldi, að bændur hefðu fengið þann kostnað greiddan, og þótt svo væri, er samt engin skylda, að neytendur njóti neins hagnaðar í verðlækkun eftir það, samkv. orðalagi till. Í þessari till. eiga víst að felast ákúrur fyrir þá voðalegu hagsbót í þágu neytenda, að mjólkurpotturinn lækkaði um 2 aura í haust. Þetta er einn liðurinn í því kapphlaupi, að vera sem mest með málinu.

Hæstv. forsrh. gerði sér mjög tíðrætt um mjólkurstríð milli bænda austanfjalls og framleiðenda kringum og í Rvík, og skildist mér, að hann þættist hafa afstýrt því með verðjöfnunarskattinum, sem renna ætti til bænda austanfjalls til að þeir héldu sig frá Rvíkurmarkaðinum. Ég skal játa það, að ég get fallizt á þessa hlið málsins. Að vísu má segja, að þessi verðjöfnunarskattur sé ósanngjarn, en hann kemur þó einhverjum að notum. En hitt er alveg óafsakanlegt, að láta framleiðendur í Rvík borga stórfé, sem enginn hefir gagn af. Enginn á jarðríki hefir gagn af þeim 160 þús. kr., sem reykvíkskir framleiðendur eiga að gjalda fyrir það, að glundra nýmjólk sinni saman við aðra mjólk og spilla henni þannig, til þess að verða að láta gerilsneyða hana á eftir. Sá skattur getur aðeins orðið til þess eins að eyðileggja framleiðendurna.

Ég veit það að vísu, að hv. d. er staðráðin í því að skella þessum skatti á og að ég verð hér ofurliði borinn. En það getur verið, að ég reyni þá að tala um málið á öðrum vettvangi, og þeir, sem þar mæta, hafi þá aftur áhrif á þingið.

Hæstv. forsrh. sagði, að Rvík yrði vafalaust undir, ef til mjólkurstríðs kæmi við austanbændur, og af einskærum kærleika til reykvíkskra framleiðenda og til þess að hjálpa þeim er það þá tekið til bragðs, að láta þá, sem áður hafa selt mjólk sína með engum kostnaði, greiða nú í hreinsunarkostnað og dreifingar 180 þús. kr. á ári. Það mætti ef til vill segja, að 20 þús. kr. af þessu, verðjöfnunarskatturinn sjálfur, gæti komið að einhverju liði í þessu mjólkurstríði, en þær 160 þús. kr., sem teknar eru af framleiðendum fyrir gerilsneyðingu, hjálpa þó enn betur til að koma í veg fyrir mjólkurstríð. Því ef annar aðili er drepinn fyrirfram, þá verður auðvitað ekkert úr neinu stríði.

Hæstv. forsrh. sagði, að dreifingarkostnaður á mjólk framleiðenda hér í bænum væri 5 aurar á lítra. Þetta eru ósannindi, annaðhvort vísvitandi eða óvísvitandi. Langoftast er dreifingarkostnaðurinn enginn. Viðskiptamennirnir koma með sínar flöskur og fötur undir mjólkina og borga hana út í hönd. Eða skyldi eiga að bjarga þessum framleiðendum með því að láta þá borga 8—10 aura fyrir gerilsneyðingu á hverjum potti?

Hæstv. ráðh. sagði, að ef Reykvíkingar væru látnir einráðir um sölu mjólkur sinnar, yrði oft svo misjafnlega mikil mjólk á markaðinum, að það yrði að láta vinna úr nokkrum hluta bæjarmjólkurinnar. En þetta er alveg þveröfugt. Áður en bæjarlandið var ræktað var einmitt oft mjólkurskortur hér á haustin. En Reykvíkingar hafa lagað þetta, að vísu með ærnum kostnaði. Og þrátt fyrir hina auknu mjólkurframleiðslu í Rvík hefir enginn stungið upp á því að taka fyrir flutninga á mjólk til bæjarins.

Það er hin mesta fjarstæða, að ég sé mótfallinn þessu frv. Ég álít, að það eigi að gerilsneyða alla þá mjólk, sem glundrað er saman og flutt langar leiðir; en það á ekki að lögbjóða að glundra hreinustu nýmjólk saman við aðflutta mjólk alveg að óþörfu. Ég álít líka fyllilega réttmætt og nauðsynlegt að skipuleggja söluna á þeim 4 millj. lítra, sem fluttir eru til bæjarins árlega.

Hæstv. forsrh. hefir hafið mjólkurstríð með þessum lögum. Og ég get fullvissað hann um það, að þetta mál er ekki búið enn. Það er að byrja. Málið er knúð fram af kjósendahræðslu, en það mun koma á daginn, að Reykvíkingar, sem lagt hafa millj. kr. í ræktun hér í kring og

framleiða um 1 millj. mjólkurlítra á ári, láta ekki mótstöðulaust leggja allt í rústir fyrir sér.

Þó að ég verði undir í þessu máli hér í d., getur samt verið, að ég geti komið einhverju til leiðar utan þings, sem hafi áhrif á málið. **(Rödd úr stigaherberginu:** Er þetta talað úr Kveldúlfsportinu?). Úr hvaða dauðragröf kom þetta hljóð?

Þá vil ég minnast örfáum orðum á afstöðu jafnaðarmanna. Ég ætla nú að spá því, að svo fari, að þeir dansi með mér í þessu máli áður en lýkur. Ég bauð þeim að vera með mér í tilraunum um að laga frv., og skyldi ég þá taka brtt. mína aftur og afsala mér þannig þeim pólitíska hagnaði, er ég hefði af aðstöðu minni. En því boði var hafnað, svo að útlit er fyrir, að handjárnin séu þar komin a. m. k. á annan úlnliðinn. En við skulum nú samt sjá, hvort þeir finna ekki áður en lýkur upp einhverjar nýjar till. í málinu, eins og t. d. með barnamjólkina í fyrra. En þá munu Reykvíkingar minnast þess, að það hafa þeir gert af kjósendahræðslu.

Hv. frsm. var að tala um, að hann vildi spyrða menn saman í máli þessu. Ætli spyrðubandið geti nú ekki slitnað? Hv. 4. landsk. segist auðvitað vera ennþá með því, að bærinn setji upp kúabú. Hvað verður þá um samkomulagið við bændurna, sem ekki vilja leyfa reykvískum framleiðendum að verzla með mjólk sína?

Ég veit ekki, hvort ég á að fara út í fyrri ræðu hv. frsm., sem mátti heita skemmtileg vitleysa, þar sem sú seinni var hinsvegar nauðaleiðinleg vitleysa. Hann sagði m. a., að ég vildi láta selja ógerilsneydda mjólk úr löggiltum fjósum, og gerði sér yfirleitt mjög tíðrætt um fjósbása og talaði illa um þá. En fjósbásar geta verið ágætir, og það viðurkenndi hv. flm. líka þegar hann löggilti fjósbásana í Reykholti og lét þá renna inn í skólann. Þá sagði hann og, að ég vildi, að fátæk börn drykkju óhreina mjólk úr fjósbásunum, en fína fólkið gerilsneydda mjólk frá Korpúlfsstöðum. En ég kaupi nú einmitt mjólk úr einum þessum fjósbás, sendi þangað með aura á morgnana.

Þá spurði hann, hvort ég teldi Spánverja, Portúgala og Ítali hræ, af því að ég talaði um, að allir vildu lifa á þessu hræi, Reykjavík. Hvernig skyldu Spánverjar og þessar þjóðir taka því, ef þeir væru búnir að koma sér upp flota og við færum að reyna að setja þeim stólinn fyrir dyrnar.

Þá spurði hann, hvort ekki ætti að vera verkaskipting í þjóðfélaginu. Þegar hann fór að tala um þetta, sá hann hinar hræðilegustu ofsjónir. Hann sá Óskjuhlíð græna upp á brún, fagra og frjósama sem Eden. Það var alveg óskaplegt.

Fram til þessa hefir ræktun við bæi verið talin til framfara bæði af framsóknarmönnum og öðrum, og þingið verið örlátt á fé í ræktunarvegi. En ég vil bara spyrja hv. þm., hvað hann álítur, að liggi fyrir íbúum þessa bæjar og þjóðinni í heild, ef það gengi reglulega illa að selja fiskinn. Og það er alveg rétt, að hinar suðrænu þjóðir eru alltaf að setja nýjar og nýjar hömlur hjá sér á innflutning fiskjar. Sá voði vofir yfir okkar þjóð um hver áramót, að fiskbirgðir hlaðist upp í landinu og verði óseljanlegar. En væri það þá nokkur voði fyrir þennan bæ, ef allt landið í nágrenni Rvíkur væri vel ræktað? Ég held, að það væri ekki nema gott fyrir Reykvíkinga að geta þá farið að lifa á landbúnaði, þegar neyðin knýr þá til að draga úr útveginum. Mér virðist því, að þessi röksemdaleiðsla hv. þm. S.-Þ. sé algerlega öfug, eins og flest annað í ræðu hans. Mér skildist á hv. þm., að lausn þessa máls væri einkum fólgin í því að blanda mannviti í mjólkina, og að það hefði verið gert á Akureyri. Ég veit ekki, hvernig á þetta er litið fyrir norðan, en árangurinn mun vera talinn sá, að mjólkurverðið lækkaði þar niður í 25 aura lítr. við það, að mannviti var blandað í mjólkina. Samkv. þessu skilst mér, að tilgangurinn muni vera sá, að lækka mjólkurverðið hér sunnanlands niður í 25 aura ltr. Ætli bændurnir yrðu þá sérstaklega ánægðir yfir því, þegar það liggur við, að þeir ætli nú að ærast út af því, að mjólkin hefir nýskeð verið lækkuð um 1—2 aura — eða niður í 40 aura ltr.? En við skulum nú segja, að gengið verði út frá sömu hlutfallslækkun á verði mjólkurinnar og á Akureyri, og að þessi óguðlega eða vitlausa mjólk, sem berst hér á Reykjavíkurmarkaðinn, yrði seld á 28—29 aura ltr. — Allur kostnaður við hreinsun og sölu hinnar viðfrægu mjólkur við Eyjafjörð mun vera talinn 6—8 aur. pr. ltr. — samkv. því ættu bændur að fá 17—19 aur. fyrir ltr. — En bændur hér á Suðurlandi ættu eftir sama hlutfalli að fá 28—29 aur. þr. ltr., ef hreinsunar- og sölukostnaður væri talinn 11—12 aur. pr. ltr. — Annars virðist hugsjón hv. þm. vera sú, að neytendur mjólkurinnar eigi að borga 25 aur. pr. ltr., en að bændur og aðrir framleiðendur eigi að fá 29 aur. pr. ltr. Hér er því um að ræða samskonar dæmi og af konunni, sem vildi vera ákaflega fótsmá og þurfti að kaupa sér skó. Hún bað að selja sér skó, sem væru stórir að innan en litlir að utanmáli. Mér virðist, að hér hafi komið fram í þessu máli alveg samskonar kröfur um mjólkurverðið. Það er bent á útsöluverð mjólkurinnar á Akureyri sem hugsjón eða fyrirmynd, en jafnframt er þess krafizt, að mjólkurframleiðendur hér sunnanlands fái sem hæst verð fyrir mjólkina. — Annars er það máske réttara fyrir mig að tala fremur um þetta mál á öðrum vettvangi en hér á Alþingi, t. d. á borgarafundi hér í bænum, ef verða mætti, að það hefði þau áhrif þar, að losað yrði um handjárnin á einhverjum hv. þm. **(JJ:** Er þetta hótun?). Já, það er hótun.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., enda hefi ég fáu að svara og hér liggja aðeins fyrir tvær brtt. frá hv. minni hl. landbn., sem ég hefi áður minnzt á. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum til andsvara hv. 1. þm. Skagf., enda kom ekkert fram í þessari aths. hans, annað en það, sem ég hefi áður svarað, og nenni ég ekki að endurtaka það. Þó var það eitt nýtt atriði, sem ég vildi gera aths. við. Hv. þm. sagði, að ég hefði komið til þáv. hæstv. atvmrh. (ÞBr) fyrir jól í fyrravetur og beðið um, að fresta mætti fram-

kvæmd mjólkurlaganna fram að áramótum. Þetta er rétt hermt, en þrátt fyrir það er engin röksemd í því fólgin til stuðnings þeim framburði hv. þm., að ég hafi alveg viljað slá lögunum á frest. Ég óskaði aðeins eftir, að framkvæmd þeirra yrði frestað fram yfir jólin, vegna hátíðanna.

Þá kem ég að hv. 1. þm. Reykv., sem er aðalandstæðingur þessa máls hér í þd. Ég svaraði honum nokkrum orðum í fyrri ræðu minni, og skal ekki endurtaka það, enda geri ég ekki ráð fyrir, að við verðum sammála í þessum efnum. En það voru nokkur atriði í ræðu hv. þm., sem virðast stafa af algerðum misskilningi á málinu. Hv. þm. sagði, að þeir peningar, sem mjólkurframleiðendum væri ætlað að greiða fyrir hreinsun og gerilsneyðingu mjólkurinnar, ca. 180 þús. kr., færu ekki í vasa nokkurs manns, þeim væri bara kastað á glæ. Þetta er alveg ný kenning, að peningar, sem greiddir eru út, renni ekki í vasa nokkurs manns!! Þessir peningar fara auðvitað til þeirra manna, sem annast um hreinsun mjólkurinnar og vinna að því. Nú fer vitanlega miklu hærri upphæð í dreifingarkostnað mjólkurinnar hér í bænum, eða upp undir ½ millj. kr. Þennan dreifingarkostnað er að miklu leyti hægt að losna við. Eins og allir vita, þá er það sáralítið af mjólk, sem framleiðendur hér í bænum geta losnað við fyrirhafnarlaust. Það getur náttúrlega staðið svo á, að einstöku menn geti látið mjólkina í næstu hús, og vera má, að hv. þm. hafi þá aðstöðu, að hann geti fengið mjólk til síns heimilis rétt við húsvegginn. En megnið af mjólkinni er flutt að í bæinn, og daglega mætir maður tugum af vögnum, sem eru að dreifa mjólkinni viðsvegar um bæinn, og það kostar mjólkurframleiðendur geysimikla vinnu auk innheimtukostnaðarins. Svo að það er mjög mikil spurning um, hvort kostnaðurinn við þessa fyrirhöfn er ekki meiri nú heldur en hann þarf að vera, þegar hið nýja fyrirkomulag er komið á, eins og lögin ætlast til. Ég skal taka það fram, svo að ég tali alveg vífilengjulaust, að einstöku af hinum smærri mjólkurframleiðendum í bænum og nágrenninu, sem vinna sjálfir að dreifingu mjólkurinnar og þurfa nálega enga vinnu að kaupa til búsins, þeir geta orðið hart úti fyrir hinu nýja skipulagi. En sú mjólkurframleiðsla er rekin á röngum grundvelli. Búin eru smá og rekin á of litlum löndum, með erlendum kjarnfóðurkaupum. En þeir mjólkurframleiðendur, sem hafa sæmilega stór bú, 10—20 kýr, og þurfa að kaupa vinnu til búsins til að dreifa mjólkinni um bæinn og innheimta verðið, hafa siaukinn rekstrarkostnað með hverju ári og margfalda erfiðleika af innheimtunni. Af þessu stafar það, að margir af hinum hyggnari framleiðendum í nágrenni bæjarins eru ekki á móti þessu skipulagi á mjólkursölunni. Þeir sjá, að þetta hefir verið of erfitt fyrir þá, og vænta sér hagsbóta af þessu fyrirkomulagi. Af sömu ástæðu eru mjólkurframleiðendur í nágrenni Akureyrar, sem stóðu utan við félagsskapinn fyrst í stað, nú komnir inn undir þetta skipulag. Það er þeim blátt áfram hagsmunamál.

Þá minntist hv. þm. á, að það kostaði að jafnaði mikið fé að framleiða mjólk hér í grennd við bæinn. En stóra atriðið í því máli er, hvað það kostar mikið að flytja mjólkina á markaðinn og að geta haldið viðskiptamönnunum. Það er léttara að losna við mjólkina á einum stað, eða fylla í skörðin eins og eftirspurnin segir til í bænum, því að um leið og skipulag er komið á mjólkursöluna, verða engin föst viðskipti við einstaklinga.

Hv. þm. sagði, að till. sínar í þessu máli hefðu ekki mikið fylgi hér í þd., en hann skyldi sýna það svart á hvítu, að þær hefðu fullkomið fylgi hér í bænum og grenndinni. Á að skoða þetta sem hótun frá hv. þm., um að hann ætli að vinna á móti þessu skipulagi á mjólkursölunni? Það er vitanlegt, að einmitt með því að egna hlutaðeigendur á móti skipulaginu, þá er það helzta leiðin til þess að láta lögin ekki ná tilgangi sínum og framkvæmd og skipulagningu mjólkursölunnar takast verr en ella, a. m. k. til að byrja með. Og hver yrði svo aðalafleiðingin af því? Hún yrði vitanlega sú, að neytendur mjólkurinnar hér í bænum, og ekki sízt framleiðendunum í grennd við bæinn, er unnið hið mesta ógagn. — Þetta hefir komið ákaflega glöggt í ljós í nágrannalöndunum, Noregi, Svíþjóð og Englandi, þar sem samskonar skipulag á mjólkursölunni hefir verið framkvæmt um nokkurra ára bil. Þar, sem mjólkurframleiðendur hafa orðið fullkomlega samtaka um framkvæmd skipulagsins, þar hefir það orðið þeim öllum til mikilla hagsbóta. En á einstökum stöðum, þar sem deilur hafa risið um mjólkurmarkaðinn, í nágrenni við Osló og Stokkhólm, voru mjólkurframleiðendur, sem næst stóðu markaðnum, æstir upp til mótspyrnu gegn skipulaginu. Þar hefir útkoman orðið sú, að framleiðendur hafa yfirleitt orðið fyrir miklum hnekki, engu síður þeir, sem gerðu uppreisn á móti skipulaginu.

Það er alveg fullvíst, að ef ekki ris upp óeining á milli þeirra, sem eiga að búa undir skipulaginu, og ef ekki tekst að dreifa þeim eða æsa þá gegn því, þá er hægðarleikur að láta það verða þeim til mikilla hagsbóta; engu síður þeim, sem búa í nágrenni við bæinu.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að með þessum lögum — sérstaklega verðjöfnunargjaldinu — ætti að drepa mjólkurframleiðsluna í Rvík. En í þessu eru í raun og veru fullkomnar mótsagnir, því að þeir, sem eiga að njóta framleiðslunnar hér í Rvík, eiga ekki að borga verðjöfnunargjald af mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan lögsagnarumdæmisins, og gildir það fyrir eina kú fyrir hvern ræktaðan hektara. Það er fullkomlega vitað mál, að samkv. samningum, sem nú er verið að gera við framleiðendur hér í Rvík, fá þeir nettó talsvert hærra verð fyrir mjólkina en aðrir mjólkurframleiðendur. — En þá komum við að hinu, hvernig þessir framleiðendur hér í bænum og grenndinni standa að markaðinum, ef mjólkurstríð verður hafið og markaðurinn hér í bænum verður yfirfylltur af þeim, sem framleiða ódýrari mjólk og mundu selja hana við lægra verði. Hér ber allt að sama brunni. Það er fengin fullkomin reynsla fyrir því erlendis, í Noregi, Svíþjóð og

Englandi, eins og ég gat um áðan, að það er skipulagið á mjólkursölunni, sem bjargar öllum hlutaðeigendum, enda hefir það alstaðar reynzt vel. Þjóð eins og Englendingar, sem jafnan hafa orðið síðastir allra þjóða til þess að setja höft á verzlun og viðskipti manna á meðal, þeir hafa nú komið þessu skipulagi á mjólkursöluna hjá sér fyrir tveimur árum síðan. Hér á landi hefir verið beðið of lengi með þær framkvæmdir. Og ég skal segja hv. 1. þm. Reykv. það, að þrátt fyrir hótanir hans og staðhæfingu um það, að gerð verði uppreisn gegn þessum lögum hér í bænum, þá skal ég bera fram aðra staðhæfingu á móti, og hún er sú, að þetta skipulag skal verða framkvæmt, svo sem lögin mæla fyrir, og sigra að fullu. Hv. þm. skal ekki takast að æsa hér upp mótþróa gegn lögunum og eyðileggja árangurinn af þeim. Og svo skulum við talast við um þetta aftur, eftir hálft ár eða svo. Ég er alveg óhræddur við hótanir hv. þm. og bið rólegur átekta í þessu máli.

**Frsm. minni hl. (Þorsteinn Briem)** óyfirl.: Hv. 4. landsk. komst þannig að orði, að minni hl. n. væri að espa neytendur gegn mjólkurframleiðendum með þeirri till., sem hann ber fram, að framleiðendur njóti að fullu þess hagnaðar, er leiða kann af breyttri tilhögun mjólkursölunnar, a. m. k. að mjólkurframleiðslan fái borið sig, því að frekari kröfur eru ekki gerðar í till. minni hl. Ég vil nú spyrja hv. þm. og hv. 1. þm. Reykv., hvort það horfi til hagsbóta, ef bændur geta ekki lifað á þessari atvinnu sinni, og hvað eigi til bragðs að taka, ef þeir flosna upp og flykkjast hingað í bæinn, ofan á atvinnuleysingjahópinn, sem hér er fyrir. Minni hl. hefir ekki gert till. um, að breytt verði um skipun mjólkurverðlagsnefndarinnar. Eða heldur hv. þm., að fulltrúar neytenda í mjólkurverðlagsnefnd standi sig svo illa, að þeir sjái ekki um, að verðið lækki á mjólkinni, þegar séð þykir, að það er óhætt, þannig að framleiðslan geti samt borið sig?

Hv. þm. S.-Þ. má minnast þess út af ummælum sínum í minn garð, að hann komst ekki að við síðustu alþingiskosningar í Dölum. (**JJ**: Ég hefi alls ekki boðið mig fram þar). Hv. þm. var á ferðalagi þar um slóðir og mun ekki hafa fengið góðar undirtektir. Hv. þm. var með einhver lofsyrði í garð Tryggva Þórhallssonar, slík hræsni virðist ekki hæfa honum vel nú orðið. Hann var ennfremur eitthvað að tala um, að blað Bændafl. hefði verið lesið á fundum hér austanfjalls. Fundarályktanir þaðan bera vott um, að það hefir haft sín áhrif, þar sem till. blaðsins hafa verið samþ., — till., sem hv. þm. leyfir sér að kalla ósanngjarnar, þó þær fari að eins fram á, að bændur fái það verð fyrir framleiðslu sína, að þeir geti lifað af því. Hv. þm. var annað veifið eitthvað að hnýta í mig fyrir framkomu mína í afurðasölumálunum. Í öðru orðinu sagði hann að vísu, að ég hefði farið alveg rétt að um undirbúning á skipulagi á afurðasölu landbúnaðarins. Svo að það vóg hvað á móti öðru eins og + og ÷, þannig að niðurstaðan af því er = 0.

Þá spyr hv. þm., hvers vegna verðið á mjólkinni hafi lækkað niður úr 1 kr. lítr., sem það var einu sinni í. En það er m. a. af því, að framleiðslukostnaðurinn hefir lækkað frá því, sem þá var. Þá segir hann, að það sé hvergi talað um, hvað sé hið raunverulega framleiðsluverð. Veit hann ekki, að það eru alstaðar gerðar þær kröfur í hverri atvinnugrein, að hún geti borið sig. En það þýðir, að framleiðendurnir fái það verð fyrir afurðir sínar, að þeir geti lifað af því. Hver stétt þjóðfélagsins gerir þær kröfur til lífsins. Hvernig fer um þá atvinnugrein, sem ekki ber sig? Hún fellur fyrr eða síðar í rústir. Það sæmir sízt manni, sem ritað hefir um þær kenningar Karl Marx, að verð hlutanna miðist við þá vinnu, sem í þá hefir verið lögð, að tala á móti því, að bændurnir eigi að fá endurborgaða þá vinnu, sem þeir leggja í framleiðsluna.

Þá var hv. frsm. með yfirlýsingar um það, að minni hl. væri algerlega rökþrota. Þetta vill hann sanna með því, að það sé sama og vera rökþrota, að sanna málstað sinn með orðum hv. þm. S.-Þ. sjálfs sem fræðimanns, eins og hv. 2. þm. Rang. hefir svo rækilega gert með tilvitnun í ritgerð eftir þennan hv. þm. Hann vill ekkert gera með þær kenningar, sem hann hefir sjálfur haldið fram áður sem fræðimaður.

Hv. þm. segir í öðru orðinu, að ég hafi ekkert gert til úrlausnar afurðasölumálunum, en annað veifið segir hann, að málið hafi verið leyst eftir þeim leiðum, sem ég hafi byrjað á að leggja. Þessu er þarflaust að svara. Ennfremur sagði hann, að blað Bændafl. hefði áfellt stj. fyrir að skipuleggja afurðasöluna; en það er alveg rangt. Blaðið hefir einungis fundið að því, að bændum var ekki tryggður fullkominn réttur til þess að ákveða verðlag á sínum vörum. Blaðið hefir einnig sýnt fram á, að það mundi engin hætta af því stafa fyrir þjóðfélagið, þó að bændur hefðu slíkt ákvörðunarvald; þeir væru ekki svo ósanngjarnir í kröfum. — Hv. þm. S.-Þ. viðurkennir í öðru orðinu, að bændur muni flosna upp, ef þeir fái ekki hærra verð fyrir kjötið, en á hinn bóginn heldur hann því fram, að lækkun á mjólkurverðinu verði þeir að þola bótalaust, áður en dreifingarkostnaðurinn fæst lækkaður frá því, sem hann hefir verið.

Hv. þm. hleypur úr einu í annað, eins og hann er vanur, frá austri til vesturs. Í umr. um þetta mál er hann farinn að tala um skipun skólanefndar í Dalasýslu, og heldur því fram, að ég hafi sem kennslumálaráðh. skipað formann skólanefndar frá pólitísku sjónarmiði á síðastl. sumri. Nei, þessar getgátur hv. þm. eru alveg út í loftið; ég hagaði mér eftir till. fræðslumálastjóra. Annars hefi ég ekki orðið þess var, að mönnum þætti það neitt hnossgæti að vera í skólanefndum. Margir skólanefndarformenn óskuðu eftir því, að þeir yrðu ekki skipaðir aftur, og mun fáum þykja það öfundsvert starf.

Ummæli hv. þm. um samkomur í Kveldúlfsportinu eru margtuggnar hér á Alþingi og koma mér ekki við. En það var annað í þessu sambandi, sem ég vildi víkja að. Hv. þm. notaði þetta tækifæri til að svívirða erlenda þjóð, sem við Íslendingar höfum viðskiptasamninga við. Það er ekki venja á löggjafarþingi þjóðarinnar

að fara ófrægingarorðum um aðrar þjóðir, hvernig sem stjórnarhættir þeirra eru. Og undraðist ég það, að hæstv. forsrh. skyldi ekki gefa hv. þm. aðvörun um þetta í tæka tíð, áður en svo langt var gengið. Annars hefði slík aðvörun einnig átt að koma úr forsetastóli.

Þá vildi hv. þm. reyna að telja mönnum trú um, að fyrrv. 1 landsk. hefði haft einhverja sérstaka ást á mér. Ég hygg, að menn hafi ekki annað þurft en að hlusta á útvarpsumr. 1933 til þess að sannfærast um, hversu sú ást var heit.

Þá leyfði hv. þm. sér að halda því fram, að það væri rangminni hjá mér, að Tryggvi Þórhallsson hefði viljað setja landbúnaðarmálin á oddinn síðastl. haust. Hann ætlar að reyna að telja hv. þd. trú um, að Tryggvi Þórhallsson hafi ekki í því sambandi viljað setja landbúnaðarmálin ofar öllum málum, þrátt fyrir það, þó allur þingheimur viti, að hann hefir alltaf viljað setja þau öllum öðrum málum ofar.

Hvað hv. þm. er að rausa um sýslumannium í Vík í Mýrdal, kemur þessu máli náttúrlega lítið við. Það má vera, að sýslumaðurinn hafi verið svo klókur, að hann hafi séð, að það var bændaflokksmanni heldur til óvirðingar að vera bendlaður við þann hluta Sjálfstfl., sem sérstaklega hefir verið nefndur á Tímamáli Reykjavíkurihald. Sýslumaðurinn hefir því viljað nota sér það til þess að reyna að spilla fyrir 3. landsk. á fundi, sem haldinn var í Vík.

Hv. þm. vill enn haida því fram, að það, sem ég hefi gert í janúar- og febrúarmánuði hafi ekki verið gert fyrr en með vorinu, og það var að heyra á honum, sem afurðasölunefndin hefði ekkert nýtt gert í málinu. Ég hygg, að menn þurfi ekki annað en að bera saman það frv., sem afurðasölunefndin skilaði um þetta mál, og kjötsölumálið við þær uppástungur, sem áður höfðu fram komið, til þess að sannfærast um, að hún vann mikið og gott verk, og á sá ekki vanþakkir skilið, sem hefir skipað hana. Hv. þm. var að kenna mér um það, að ekki hefðu verið tilnefndir menn í n. fyrr en undir lok marzmánaðar. Ég hygg, að hann hafi gert það óvart, því ég var áður búinn að taka það fram, að Samband ísl. samvinnufélaga hafði ekki treyst sér til þess að nefna frá sinni hendi fulltrúa fyrr en einmitt í mánaðarlokin.

Hv. þm. var að tala um það, að okkur hinum leiddist að tala um heildarútlit málsins, eins og hann orðaði það. Nei, okkur hefir ekkert leiðzt að hlusta á missagnir hv. þm. og útúrdúra. Þeir hafa lýst hv. þm. svo ákaflega vel, og það verð ég að segja, að hann er töluvert interessant persóna, ekki sízt þegar maður kynnist honum frá fleiri en einni hlið. En það er annað, sem honum sjálfum leiðist, og það er að kryfja málin til mergjar, leggja vinnu í það að athuga efnið, svo að hann þekki málin til hlítar. Þess vegna þyrlar hann upp hverjum ósannindavefnum á fætur öðrum, og þess vegna leiðist honum að tala um málið sjálft, og svo hefir verið nú.

**Pétur Magnússon:** Ég skal fyrst víkja örfáum orðum að því, sem hv. 4. landsk. sagði, og þá einnig í því sambandi lítilsháttar að hv. 1. þm. Reykv.

Hv. 4. landsk. var að tala um, að sá mismunur væri á frv., sem nú lægi fyrir, og því, sem lá fyrir þinginu 1933, að þá hefði neytendum ekki verið ætlað að hafa nein áhrif á stjórn mjólkurmálanna, heldur hefði framleiðendum verið ætlað að hafa algert einræði um þau mál. Þetta er missögn, eins og hann sjálfur reyndar sýndi fram á á eftir. Eftir frv. frá 1933 áttu framleiðendur að tilnefna 2 menn í mjólkursölunefnd, hlutaðeigandi bæjarstj. 2 menn, sem þá vitanlega eru hugsaðir sem trúnaðarmenn neytenda, og 3 menn átti ríkisstj. að tilnefna, og má gera ráð fyrir, að þeir væru þannig valdir, að þeir hefðu jafnt hagsmuni neytenda sem framleiðenda fyrir augum. Það er því ekki hægt að segja, að með þessari skipun hafi verið hallað á annanhvorn aðilann, framleiðendur eða neytendur. Það hlýtur því að hafa verið önnur ástæða til þess, að hv. 4. landsk. var á móti frv. á þingi 1933 heldur en sú, að hann teldi hagsmuni neytendanna fyrir borð borna. Í sambandi við þetta kom hann inn á það, sem hv. 1. þm. Reykv. gerði reyndar líka, að till. okkar hv. 10. landsk. í þessu máli hefðu miðað að því að koma sem mestri ósanngirni fram í garð neytenda. Ég vil algerlega frábiðja mér slík ummæli. Fyrir mér hefir aldrei vakað neitt slíkt. Mér er alveg ljóst, að ef vel á að fara, verður að líta á hagsmuni neytenda eins og framleiðenda, og að það er fásinna að ætla sér að halda mjólkurverðinu svo háu, að neytendum sé um megn að neyta mjólkurinnar. Ég hefi aldrei lagt neinn dóm á það, hvort útsöluverð mjólkur hefði verið hæfilegt eða ekki, því mig vantar öll skilyrði til þess að geta dæmt um það, enda er það kannske reynslan ein, sem getur skorið úr um það. En það hlýtur öllum að vera ljóst, að það, sem hér er verið að gera, er að bæta afstöðu framleiðendanna, reyna að gera þeim mögulegt að reka atvinnu sína á þann veg, að hún geti borið sig og þeir haft lífsframfæri sitt af henni. Það er ekki nema eðlileg og sjálfsögð afleiðing af þessum höfuðtilgangi löggjafarinnar, að sá hagnaður, sem leiða kann af hinu breytta skipulagi, renni fyrst og fremst til framleiðendanna, a. m. k. þangað til framleiðslan er farin að bera sig. Þegar það verð, sem framleiðendur bera úr býtum, hefir hækkað það, að framleiðslan gerir meira en að bera sig, þá er ekki nema eðlilegt, að mjólkurverðið lækki. Vona ég, að hv. þm. sjái, að í þessum till. okkar felst engin ósanngirni í garð neytenda. Með till. erum við ekki að halda fram óeðlilega háu mjólkurverði, heldur bara að leggja áherzlu á, hver sé aðaltilgangur mjólkurlöggjafarinnar, og um það getur naumast verið ágreiningur.

Þá skal ég víkja fáeinum orðum að því, sem hv. frsm. meiri hl. kom að viðvíkjandi mér. Að vísu gaf ræða hans ekki tilefni til mikilla andsvara, því að hún var að litlu leyti um málefnið sjálft, heldur um ýms alóskyld atriði. Hann byrjaði ræðu sína á því að halda því fram, að ég hefði reynt að fleyga afurðasölulöggjöfina, og þá sérstaklega kjötsölufrv. Hverjir voru þá fleygarnir, sem ég reyndi að koma inn í þá löggjöf? Þeir voru víst það, að ég kom með brtt. um að leyfa milliliðalausa verzlun með reykt kjöt. Sú verzlun hefir hingað til að miklu leyti

farið fram án milliliða, þar sem aftur á móti verzlun með nýtt kjöt og að nokkru leyti saltkjöt hefir farið fram fyrir milligöngu verzlana eða sláturhúsa. Ég gat ekki séð neina skynsamlega ástæðu til þess, þó þessari skipun væri komið á kjötsöluna, að verða í vegi fyrir þessari verzlun, sem að undanförnu hefir þrifizt með góðum árangri fyrir báða aðila. Ég álít enga skynsamlega ástæðu í því að draga úr framleiðendum með að gera framleiðslu sína sem verðmætasta. Þessi fleygur hefir nú að áliti meiri hl. d. ekki verið hættulegri en það, að ég held, að hún hafi að síðustu mótatkv.laust gengið inn á það, að leyfð skyldi millilíðalaus verzlun með reykt kjöt. — Ég bar einnig fram aðra brtt., sem líka náði samþykki d., um það, að tekið skyldi skýrt fram í löggjöfinni, að kjötsölunefndinni væri heimilt að hefta flutninga milli kjötverðlagssvæða. — Þriðja brtt. min, sem ekki náði samþykki d., var um heimild til að undanþiggja greiðslu verðjöfnunargjalds þá framleiðendur, er við erfiðust skilyrði búa, og þó hún hefði hlotið samþykki, er mér ekki auðið að sjá, hvaða hætta hefði getað stafað af henni, eða að þetta væri sama sem upplausn kjötlöggjafarinnar, eins og hv. þm. komst að orði. Þessi till. var, eins og sessunautur minn (ÞBr) minnir mig nú á, að ýmsu leyti hliðstæð því ákvæði mjólkursölulöggjafarinnar, að undanþiggja vissa mjólkurframleiðendur greiðslu verðjöfnunargjalds.

Þá kom hv. þm. að öðru atriði, sem skiptir þetta mál ennþá minna, en ég á nú kannske sök á því, af því að ég dró það út af nál. á þskj. 361, að ástæða væri til að setja þm. undir eftirlit. Út af þessu kom hv. þm. með miklar bollaleggingar um, að þetta mundi merkja það, að ég væri orðinn nazisti og ætlaði að feta í fótspor þeirra og hefta málfrelsi og fundarfrelsi og þar fram eftir götunum. Það eru nú aðrir en ég og flokksbræður minir, sem hafa gert tilraunir til þess að hefta málfrelsi hér á þingi. Ég man ekki til, að þeir, sem nú beita sér fyrir þessu, hafi á undanförnum þingum hreyft þessu, sízt þegar þeir voru í minni hl. Þingtíðindin bera það með sér, hverjir hafa á þeim árum haldið lengstar ræðurnar, og ég hygg, að þessir „þófarar", sem mest er talað um nú, hafi ekki þæft meira en sumir þessara þm., sem mest tala um þófið núna. En það vil ég segja hv. þm. í alvöru, að ef það fer að tíðkast, að þm. misnota svona herfilega aðstöðu sína til þess að birta nál. og annað, sem skylt er að birta í A-deild þingtíðindanna, þá yrði óhjákvæmilegt að setja þm. undir eftirlit. Mundi vera auðvelt að knýja það fram, því ekki þyrfti annað en að við sjálfstæðismenn tækjum okkur til og skrifuðum þskj. í sama tón og nál. á þskj. 361. Ég þori að fullyrða, að ef við legðumst svo lágt, sem við nú vitanlega aldrei mundum gera, þá mundi þetta þing ekki líða svo, að ekki yrði komið á einhverju eftirliti með slíku framferði þm.

Þá kom hv. þm. næst að samvinnufélögunum og atkvgr. um afurðasölutill. á þingi 1933. Hann talaði mikið um það, að við 4 þm. hefðum sýnt hug okkar til samvinnufélaganna með atkvgr. okkar og að við með henni hefðum viljað gefa samvinnufélögunum spark. Ég las áðan upp úr þingtíðindunum þá grg., sem fylgdi till. um að fella niður þennan lið úr þál. Jóns Jónssonar, þar sem till.maður tekur skýrt fram, að það vaki ekki fyrir honum að koma í veg fyrir, að þessi félög verði spurð, heldur bara vilji hann ekki binda hendur stj. um það, til hverra hún leiti, svo hún hafi leyfi til að leita til fleiri eins og hún líka gerði. (JJ: Til hverra leitaði hún?). Ég veit ekki betur en Alþýðusamband Íslands og Kaupfélag Borgfirðinga hafi verið til kvatt. — Ef það væri málaflutningsmaður, sem bæri svona rök fram, mundi það ekki þykja vandaður málflutningur. En hv. þm. S.-Þ. lætur sér sæma að bera fram svona málflutning í viðurvist d. — Í sambandi við þetta ætlaði hv. þm. að gera sér mikinn mat úr samlíkingu minni við Helgafell og fyrirmæli Þórsnesgoðanna, að þangað mætti enginn óþveginn líta, og fór hann mörgum orðum um það, hvað ég mundi vera óhreinn. Ég geri nú ráð fyrir, að þetta hafi verið líkingamál hjá hv. þm. og hann hafi átt við, að ég væri óhreinn í huga, og þá sérstaklega gagnvart þessu máli. Nú vil ég segja hv. þm. það, að sá, sem er hreinn, þarf ekki nauðsynlega að þvo sér, og í þessu máli þykist ég vera hreinn. Ég hefi ekki verið með neinn yfirdrepskap og þarf ekkert af mér að þvo. En svo vil ég minna hv. þm. á annað; það er til nokkuð, sem heitir Pilatusarþvottur, sem eitt okkar ágæta sálmaskáld varar við: „Allan varastu hræsnisþvott". Það skyldi nú ekki vera, að allur þessi mikli þvottur, sem hv. þm. hefir verið með í þessu máli, hafi verið einmitt Pilatusarþvottur, og kannske hefir hann meira verið að hugsa um að afla sér atkv. en að bæta hagsmuni þeirra manna, sem hann þykist vera að vinna fyrir. Ef hann hefði verið að hugsa um að bæta hagsmuni bændanna, hefði hann ekki gert tilraunir til að æsa stærsta stjórnmálaflokkinn í landinu upp á móti þessu máli, heldur hefði hann reynt að koma á friðsamlegum samningum um það. En í stað þess gerir hann allt, sem í hans valdi stendur, til þess að æsa menn upp á móti löggjöfinni.

Þá fór hv. þm. að tala um aðstöðu mína 1933 til frv., sem þá lá fyrir þinginu, og vildi jafnvel draga í efa, að ég hefði greitt atkv. með því, ef til hefði komið. Ég var búinn að sýna við 2. umr., hvernig ég greiddi atkv., og ég býst ekki við, að hv. þm. geti sýnt fram á það, að ég hafi oft leikið þann leik að greiða atkv. öðruvísi við einа umr. en aðra; a. m. k. geri ég það ekki nema gild ástæða sé til. Og hv. þm. sagði, að það hefði verið andstaða Jóns Þorlákssonar og blaða Sjálfstfl. og sjálfstæðismanna hér í bænum, sem eyðilagði málið þá. Hvað segja nú Þingtíðindin um þetta? Frsm. n. í Nd., sem hafði þetta mál til meðferðar, segir svo:

„Eins og menn muna, komu fram hörð andmæli gegn frv. við 2. umr., og þeim mótmælum hefir haldið áfram héðan úr bænum og grenndinni, einkum frá þeim, sem framleiða og selja mjólk. Aðstandendum frv., sem eru mjólkurbúin hér sunnanlands, hefir ekki þótt álitlegt að knýja fram löggjöf sem þessa meðan skilningur á þörf slíkrar löggjafar er ekki meiri en mótmælin bera vott um".

Mótmælin komu líka frá neytendum úr öllum

flokkum, og það vil ég segja hv. þm., sem hann reyndar veit vel, að þessi andstaða gegn frv. frá 1933 frá mjólkurframleiðendum í Rvík fór vissulega ekki eftir flokkum. Þau komu jafnt frá framsóknarmönnum, sjálfstæðismönnum og jafnaðarmönnum. Mér er það minnisstætt, að einn — og enda fleiri — af mjög ákveðnum framsóknarmönnum átti tal við mig um það leyti, sem frv. lá fyrir þinginu, og hafði hann mjög stór orð um það, hvernig fara mundi, ef málið yrði knúð í gegn. Hv. þm. sagði, að afstaða mín þá hefði verið mótuð af því, að ég hefði ætlað að bjóða mig fram í sveitakjördæmi. Þegar þetta mál lá fyrir þinginu, hafði slíkt ekki komið til orða. Ég var þá landsk. þm., og voru þá engar líkur til, að ég færi að leita eftir kosningu í sveitakjördæmi, þó svo færi nú. Þetta sýnir bara, hverjum hvötum hv. þm. býst við í þessu máli, og það skyldi nú ekki vera, að hann drægi þessa ályktun af sjálfum sér. Honum hættir til að móta afstöðu sína til mála eftir því, hvort þau eru vænleg upp á kjörfylgi eða ekki.

Þá fór hv. þm. að tala um ráðagerðir 1926, þess efnis, að mjólk væri ekki flutt austan yfir fjall til Rvíkur. Ég skal ekki leggja neinn dóm á það, því ég er ekki svo kunnugur þessu. En ég vil bara spyrja hv. þm., hverjar ráðagerðir eru um þetta nú. Er ekki þessi skipulagning fyrst og fremst gerð í því augnamiði að koma í veg fyrir óþarfa mjólkurflutning austan yfir fjall til bæjarins? Ég get ekki séð, þó að slíkar ráðagerðir hafi verið uppi, að neitt glæpsamlegt hafi verið við þær.

Hv. þm. er að tala um það í nál. á þskj. 361, að Mjólkurbú Ölfusinga hafi verið stofnað mest fyrir atbeina Sigurðar búnaðarmálastjóra. Ég man ekki betur en að hv. þm. hafi oft hælt sér af því, að hann hafi átt aðalþáttinn í stofnun Mjólkurbús Ölfusinga. Hvernig stendur á þessu þakklæti til Sigurðar búnaðarmálastjóra núna? Er hv. þm. kannske farinn að sjá, að það hefði verið skynsamlegra að byrja með eitt mjólkurbú og sjá hversu færi um það? — Svo fór hv. þm. að tala um lóð við Flóabúið, sem Mjólkurfél. Rvíkur hefði fest kaup á. Ég hefi aldrei heyrt þetta fyrr en í nál. og hefi ekki aflað mér neinna upplýsinga um, á hvaða rökum þetta er byggt, fyrr en nú undir umr. hjá forstjóra Mjólkurfélags Rvíkur, sem segir, að þessi lóðakaup hafi til komið meðan lítið var um verzlanir fyrir austan fjall, og hafi þá ýmsir menn farið fram á það við Mjólkurfélagið, að það stofnaði kornforðabúr þarna. Var málið það langt komið, að félagið var búið að tryggja sér lóðina, en um sama leyti reis upp Kaupfélag Árnesinga, og var þá ekki meira hugsað um þessar framkvæmdir. En hvernig hv. þm. getur blandað þessu saman við mjólkurframleiðsluna, er mér alveg óskiljanlegt, því eftir því, sem forstjóri Mjólkurfélagsins sagði mér, kom þetta mjólkurbúunum ekkert við.

Hv. þm. sagði út af ummælum hv. 4. landsk., sem ég las upp úr þingtíðindunum, að þau væru eðlileg, af því að þeim væri beint að íhaldsmönnum, sem höfðu beitt sér fyrir málinu þá. Þetta er náttúrlega ákaflega þægileg skýring og alveg töluð út úr hjarta þessa hv. þm. Þetta er líkt og kom fram hjá hæstv. forsrh. við umr. um kjötsölulögin, þegar hann benti því til hv. 10. landsk., að ef hann hefði borið málið fram hér í d., þá myndi það hafa fallið. (**Forsrh.**: Ég sagði, að það myndi ekki hafa verið borið fram með tilstyrk Sjálfstfl.). Ráðh. sagði, að það væri auðsætt, hver afdrif málið myndi hafa fengið, það myndi hafa strandað. En fyrir okkur sjálfstæðismönnum stendur þetta þannig, að málið sé jafngott eða illt, hvort sem það er borið fram af Sjálfstfl., Framsfl. eða Alþfl. Og það er auðvitað ekki eftirbreytnisvert að móta afstöðu sína til mála af því, hverjir bera þau fram.

Hv. 10. landsk. mun hafa svarað því, sem hv. þm. benti til okkar út af brtt. þeim, er við flytjum. Hv. þm. S.-Þ. vildi halda því fram, að ef þær næðu fram að ganga, ylli það sprengingu á skipulaginu. Síðan hóf hann bollaleggingar um það, að selja mjólkurlítrann á eina krónu, og þar fram eftir götunum. Við flm. þessara brtt. höfum aldrei verið með nokkrar slíkar ráðagerðir. Ég minntist á það í fyrri ræðu minni, hvað fyrir okkur vekti, og það er sannarlega ekki óbilgirni í garð neytenda. En hins göngum við ekki duldir, að fyrst og fremst verður að sjá hagsmunum framleiðendanna borgið. Eigi þessi löggjöf að fá staðizt, verður fyrsta skilyrðið að vera, að atvinnureksturinn geti borið sig. Annars er allt þetta dauðadæmt fyrirfram. Hið seinasta, sem hv. þm. vék til mín, var það, að ég hefði fengið háa borgun fyrir fleira en eitt mál, sem ég hefði verið fenginn til að flytja. Þessi hv. þm. hefir áður dregið hér inn í umr. á Alþ. kaup málaflutningsmanna, og virðist ekki skilja, eða ekki vilja skilja það, að málflutningsþóknun getur ekki miðazt við þá vinnu einungis, sem lögð er í hvert mál. Í sambandi við málaflutninginn verður að vinna mörg verk, sem ekkert fæst fyrir, og ekki einungis það, að málaflm. verði að gefa vinnu sína, heldur þurfa þeir oft og tíðum að leggja fram töluverðar fjárhæðir, sem þeir sjá aldrei aftur. (**JJ**: Þetta er auma atvinnan, eftir þessu). Sú atvinna getur ekki staðizt, ef ekki á að taka nema venjulegt tímakaup fyrir þau mál, sem eru þannig vaxin, að þau þola háa greiðslu, þar sem mikil verðmæti eru í húfi. Að heimta tímakaup handa málaflutningsmanni væri alveg hið sama og heimtað væri af kaupmanni, að hann tæki sömu ómakslaun, hvort sem hann seldi eitt kg. eða heilan skipsfarm. Ef ég hefi fengið óvenjulega greiðslu fyrir eitthvert mál, þá sýnir það einungis, að mín aðstoð hefir verið álitin einhvers virði og mikið þótt velta á um úrslitin, að hún fengist. En það situr verr á þessum hv. þm. en öllum öðrum mönnum á Íslandi að vera að brigzla mér eða öðrum um að taka háar greiðslur fyrir unnin störf, því að það er víst, að enginn maður hérlendur hefir skammtað sér önnur eins laun og þessi maður gerði þegar hann var ráðh. Hann lét ríkið greiða það, sem honum datt í hug, hvort sem það var þarft eða óþarft, og í varðskipa- og bifreiðaferðir mun hann hafa eytt um 100 þús. kr. (**JJ**: Varðskipaferðir með þennan hv. þm.). Það er ekki stórfé, sem hv. þm. S.-Þ. hefir eytt í ferðir með 2. þm. Rang. (**JJ**: Nokkuð er það nú drjúgt!), og ef það hefðu

verið einu ferðirnar, sem varðskipin fóru utan síns verkahrings, þá hefði sá baggi ekki orðið þjóðinni tilfinnanlegur (JJ: Ég notaði varðskipin aldrei fyrir mig persónulega). Ég var neyddur til þess að fylgjast með hv. þm. á þeim ferðalögum með varðskipinu, sem hann minntist á. Ég þurfti að mæta á fundum og hafði ekki aðstöðu til þess að komast jafnsnemma hv. þm. á þá með því að nota önnur farartæki en hann. (JJ: Þá græddi ég ekki á þeim sérstaklega). Jú. Hann græddi sinn ferðakostnað, sem hann að öðrum kosti hefði orðið að greiða, og ég þá vitanlega minn ferðakostnað einnig, en án þess að óska eftir því. (JJ: Ætli það ekki!).

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13. shlj. atkv.
Brtt. 66,I.a felld með 9:3 atkv.
— 66,I.b felld með 10:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13:1 atkv.
Brtt. 407,1 felld með 10:5 atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 66,II.a felld með 10:3 atkv.
— 66,II.b felld með 9:2 atkv.
— 66,II.c felld með 9:4 atkv.
— 66,II.d tekin aftur.
— 66,III tekin aftur.
5. gr. samþ. með 11:1 atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 407,2 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JAJ, MG, PM, ÞBr, ÞÞ, GL.
**nei:** IngP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, EÁrna.
MJ greiddi ekki atkv.
11.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JBald, JJ, MG, MJ, PHerm, PM, SÁÓ, ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, HG, HermJ, IngP, JAJ, EÁrna.

---

Á 39. og 43. fundi í Ed., 16. og 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Ed., 21. nóv. var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 31, 445, 492, 537).

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson)** óyfirl.]: Landbn. hefir borið fram brtt. við frv. á þskj. 537, og eru þær frá mjólkursölun., og allar nema ein þeirra frá mjólkursölun. óskiptri. Þessar till. eru eingöngu bornar fram vegna reynslu þeirrar, sem n. er nú þegar búin að fá af framkvæmd l., og skýra þær sig í raun og veru sjálfar. — 1. brtt. er aðeins orðabreyt. 2. brtt. er fram komin vegna þess, að samkv. skýrslum, sem n. hafa borizt, er meðalársnyt kúa í Rvík 3300 lítrar. N. taldi því réttara að leggja þá tölu til grundvallar, sem nú er gert í brtt., eða 3000 lítrar. — Þá er 5. gr. l. gerð skýrari en hún er nú. Það þykir nokkur hætta á því, að menn, sem búa í kaupstöðum og kauptúnum, gætu átt kýr í byggðunum í kring að yfirvarpinu, ef slíkt er látið óumtalað. Rétt þykir, að n. hafi vald til þess að úrskurða, hvort hér sé um eiginlega eign að ræða eða ekki.

Ég vil þá snúa mér að b-lið brtt. við 5. gr., sem ekki er komin frá mjólkursölun., heldur hefir verið borin fram öðruvísi. Þar er gert ráð fyrir að gera breytingar á skipulagi þeirra n., sem fjalla um þessa hluti. Í bráðabirgðal. var byggt á því, að í Rvík yrðu tvær n. starfandi. Þar væri ein fimm manna n., sem hefði til meðferðar aðalframkvæmdirnar á skipulaginu. Hennar úrskurði mátti svo skjóta til aðaln., þegar undirn., eða undirdómstóllinn réttara sagt, gat ekki orðið sammála. En þegar til framkvæmdarinnar kom, þóttu ákvæðin um það, hvernig skipa skyldi þessa n., ekki nógu ljós. Hana átti að skipa af viðkomandi mjólkurbúum, en svo var líka minnzt á félög framleiðenda í því sambandi, og það atriði þótti óglöggt. Það er til einn slíkur félagsskapur í Rvík og nágrenni, en sýnil. var, að fleiri félög gátu komið til greina á því svæði. Af þessu gat risið hinn mesti glundroði, en komið er í veg fyrir það með brtt. Aðalgallinn á þessu skipulagi frá byrjun var sá, að það var of þunglamalegt fyrirkomulag að hafa þessar tvær n., þetta kom í ljós með því, hvað afgreiðslan varð óhæg þegar fjöldi ágreiningsmála lá fyrir undirn., og við langan frest eða drátt á afgreiðslu margra þeirra varð alls ekki unað. Því gerum við ráð fyrir í brtt., að stjórn þessara mála í Reykjavík og Hafnarfirði skuli vera í höndum mjólkursölun. sjálfrar í vetur, meðan skipulagið er að komast yfir byrjunarörðugleikana. Ennfremur er gert ráð fyrir því, að náist samkomulag milli mjólkurbúanna og félaga framleiðenda á þessu svæði, geti þessir aðilar yfirtekið sitt fyrra starf, ef samþykki landbúnaðarráðh. kemur til. Þetta fyrirkomulag hefir tvímælalausa yfirburði yfir það, sem nú gildir í þessum efnum. Málið má ekki hindrast á byrjunarstigi vegna eilífra málskota frá einni n. til annarar. — Um síðustu brtt., við 14. gr., er að vísu ekki fullt samkomulag í landbn., en það mun koma fram við meðferð málsins, í hverju sá ágreiningur liggur.

**Magnús Jónsson:** Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að málið verði tekið af dagskrá, svo að mönnum gefist tóm til þess að kynna sér brtt. á þskj. 537, sem var verið að útbýta rétt í þessu. Þótt ég hafi nú hlýtt á ræðu hv. frsm. meiri hl., er ég lítlu nær um aðalefni þeirra. Það er óþægilegt fyrir mig, sem á brtt. við frv., að þurfa að halda þeim fram án þess að hafa kynnt mér brtt. n. Ég fer því fram á, að málið verði tekið út af dagskrá og umr. frestað a. m. k. til næsta dags.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Umr. um þetta mál hefir hvað eftir annað verið frestað og það

orðið fyrir miklum töfum. Ég vil því mælast til þess, að verði umr. frestað nú, þá verði það ekki nema þar til seinni partinn í dag. Nú liður að *eldhúsumr., og málið þyrfti að vera komið úr d. áður.*

**Forseti (EÁrna):** Ég mun verða við þeim tilmælum að fresta umr. um málið til kl. 5 í dag.

Umr. frestað um stund.

**Forseti (EÁrna):** Útbýtt er í d. brtt. á þskj. 553, í tveimur liðum, fyrst frá landbn. óskiptri og í öðru lagi frá meiri hl. n., og eru brtt. n. á þskj. 537 jafnframt teknar aftur.

Þessar brtt. eru of seint fram komnar, og mun ég því leita leyfis til þeirra afbrigða frá þingsköpum, að þær verði teknar til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Ég hefi borið fram nokkrar brtt. við frv. á tveimur þskj., nr. 445 og 492. Brtt. á þskj. 445 er við 5. gr. frv. og er eins og þær brtt., sem felldar voru við 2. umr., og fara fram á það í stórum dráttum að bæta ofurlítið úr því misrétti og ósanngirni að fella þessar brtt., er snerta þau ákvæði, sem í frv. eru um barnamjólk. Þó að gerilsneyðingin þyki ágæt, þá viðurkenna menn samt, að henni fylgi þeir gallar, að gerilsneydd mjólk sé ekki heppileg fyrir börn, og þá auðvitað ekki heldur fyrir sjúklinga, hvernig sem á því stendur, að hún skuli ekki vera hollari en mjólk úr þessum margumtöluðu löggiltu fjósbásum.

Það er talað um, að einhverja mjólk verði að undanskilja gerilsneyðingu, og er þá eðlilegast, að það sé sú mjólk, sem minnst þörf er að gerilsneiða. Mjólk, sem hægt er að selja beint og ekki þarf að flytja langt, er eðlilegt að sitji fyrir í þessu efni, enda sé hún seld milliliðalaust þeim, sem á barnamjólk þurfa að halda. Í sambandi við þetta er að nokkru leyti brtt. 492,b, því að það ákvæði, sem þar er lagt til að breyta, gerir það að verkum, hvernig sem á því stendur, að það kostar þessar stofnanir, sem þar eru nefndar, stórfé, ef þær þurfa að kaupa mjólk sína í gegnum mjólkurmiðstöð, í staðinn fyrir að fá hana í stórkaupum beint.

B-liður þessarar brtt. er fram borinn annarsvegar vegna þess, að í frv. er bannað að selja mjólkina ógerilsneydda, en hinsvegar er hvergi í frv. gert ráð fyrir neinu fyrirtæki, sem hefir möguleika til gerilsneyðingar á mjólk, sem sé gert að skyldu að gerilsneyða fyrir aðra en sína félaga. Mér finnst þetta ósanngjarnt og benda á það, að með þessu eigi að þvinga alla til að verða í þeim félagsskap, sem er á verðjöfnunarsvæðinu. Að vísu stendur í 5. gr., að þau bú, sem stunda aðra starfsemi jafnframt, megi skylda til að gerilsneyða mjólk fyrir utanfélagsmenn. Ég vil fella burt þetta skilyrði um „óskylda starfsemi", svo að skylda megi öll mjólkurbú til að gerilsneyða mjólk fyrir utanfélagsmenn. Þetta getur ekki orðið þungbært fyrir þau, því að enginn ætlast til, að þau geri þetta ókeypis, heldur fyrir gjald, sem samþ. er af ráðh.

C-liður þessarar brtt. við 5. gr. er borinn fram eins og prófsteinn. Það hefir verið fullyrt aftur og aftur hér, og ég hefi fengið aðkast fyrir að efast um, að það sé rétt, að á Akureyri leiki þeir sér að því að hafa allan gerilsneyðingar- og dreifingarkostnað 5,8 aura á lítra. Ég hefi efazt um, að öll kurl kæmu til grafar í þeim reikningum. Hinsvegar er það alveg ljóst, að ef hægt er að framkvæma þetta á Akureyri, þá er eins hægt að gera það hér. Það er bezt, að þeir, sem hafa trú á þessu, sýni það í verkinu, með því að sýna traust á því, að eins sé hægt að gera þetta, þó að komið sé lítið eitt sunnar á jarðarhnöttinn. Þess vegna hefi ég borið fram þessa brtt., að mjólkurframleiðendur skuli fá útsöluverð fyrir mjólkina að frádregnum 6 aurum, og er þar með þó gert ráð fyrir meiri kostnaði en á Akureyri, því að þar á það ekki að vera nema 5,8 aur., sem þeir hafa margfullyrt, að kostnaðurinn sé. En ef þessir hv. þm., sem þetta fullyrða, vilja ekki samþ. þessa brtt. *mína, þá viðurkenna þeir* þar með, að eitthvað sé gruggugt við reikningana hjá Mjólkursamlagi Eyfirðinga. Ég hugsa ekki, að þeir reikningar séu falskir, en ég hugsa að reikningunum sé ekið til, svo að ekki komi á mjólkina allur gerilsneyðingar- og dreifingarkostnaður. Hv. þm. Eyf. geta krossað sig fyrir þessu, en þeir fá nú tækifæri til að sýna trú sína á því, að hægt sé að framkvæma þetta. En það er enginn vandi að aka reikningunum þannig til, að kostnaðurinn komi ekki allur á mjólkina. (**BSt:** Þetta er sérstök stofnun, svo að það er ekki hægt). Já, mikið rétt, það er alveg sérstök stofnun. En það er hægt fyrir félag, sem hefir frystihús, að frysta kjöt fyrir ekkert með því að allur frystihúskostnaðurinn sé lagður á þá síld, sem það frystir. Eins er hægt að gerilsneyða mjólk fyrir ekkert með því að leggja þann kostnað á smjörlíkisgerð. En með þessum prófsteini, sem till. mín er, ætla ég nú að sjá, *hvort þessir hv. þm. vilja trúa því, að hægt sé* að gera þetta svona ódýrt.

Þá vil ég minnast á eitt atriði í brtt. minni á þskj. 492. Ég hefi borið þá till. fram eftir beiðni manna, sem standa að brauðgerð hér í bæ. Þeir hafa sýnt mér fram á, að það er fásinna að taka mjólk og gerilsneyða hana, ef hún verður síðan hituð miklu meira en þarf til gerilsneyðingar. Það er fjarstæða að láta þessa menn fyrst borga fyrir gerilsneyðingu á mjólk, sem er síðan hituð í bakaraofnum miklu meira en gert er við gerilsneyðingu. Svo er líka hitt, að sumir brauðgerðarmenn eiga kýr, og þeir vilja auðvitað nota mjólkina úr þeim í sínum brauðgerðarhúsum. Það er því hart fyrir þá, ef mjólkin er tekin af þeim, gerilsneydd og seld í gegnum mjólkurmiðstöð, í staðinn fyrir að mega hafa hana til eigin nota. Ég veit ekki, hvort þessar nýju brtt. losa þá undan þessu, en ég efast um það. Ég hygg, að þar sé aðeins átt við *þá mjólk, sem menn þurfa nauðsynlega að nota* handa sér og sínu heimili. Um rjómann er öðru máli að gegna. Hann gerilsneyðist ekki hjá brauðgerðarhúsunum. Mestur hluti af rjóman-

um er þeyttur og hafður innan í kökur og annað góðgæti, en mér er sagt af brauðgerðarmönnunum, að það sé verulegur kostnaðarauki að þurfa að kaupa gerilsneyddan rjóma til þessara hluta. Gerilsneyddur rjómi þeytist miklu verr, auk þess sem hann er dýrari. Ég hefi samt ekki borið fram brtt. um þetta, því að rjómi gerilsneyðist ekki við þeytingu, en þetta er aukinn kostnaður, sem er hætt við, að valdi hækkun á þeim nauðsynjavörum, sem brauðgerðarhúsin framleiða, og meðal þeirra nauðsynjavara er ekki einu sinni brauð, heldur líka kökur, og a. m. k. álíta þessir menn kaffi og sykur nauðsynjavöru, og þá hugsa ég, að þeir viðurkenni líka, að einfalt kaffibrauð sé nauðsynjavara.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þessar till. Ég læt mér í léttu rúmi liggja, hvað um þær verður, því að þetta eru lítilfjörlegar breyt., sem í þessum till. felast. Ég hefi borið þær fram meira til þess að sjá, hvort hv. þm. fást til einhvers samkomulags í þessu máli. Annars hefi ég gefið upp alla von um að fá leiðréttingu þessa máls hér í d., en vona, að einhverjar leiðréttingar megi fá í Nd.

Um brtt. n., sem eru hér risnar upp frá dauðum aftur, vil ég segja það, að n. má þakka mér fyrir, að ég skyldi fá málinu frestað, svo að slíkur óskapnaður kæmi ekki í dagsins ljós, þegar átti að ganga til atkv. um það. En hér eru ákvæði, sem ég er ekki viss um, hvað þýða. Hv. frsm. meiri hl. fór svo á hundavaði yfir þessar till., að maður var engu nær um það, hvað í þeim felst. En það, sem ég vil sérstaklega fá skýringu á, er 3. brtt. I, 3. málsgr., sem hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kauptún skuli tekin undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölumiðstöðva þeirra með þessar afurðir".

Ég vildi mjög gjarnan fá skýringu á því, hvað bak við þessa till. liggur. Mér sýnist í fljótu bragði, að hún þýði það, að sölumiðstöð geti seilzt út fyrir sitt sölusvæði og dregið sveitir og kauptún inn undir þetta valdsvið sitt. Það er ekki víst, að við þetta sé átt með till., en ég vil fá frekari skýringu á henni, því að hér getur verið um stórbreyt. að ræða.

Þessar till. eru víst hér um bil alfullkomnar, en það skal þó lukka til, að ekki sé feil í 2. málsgr. Þar stendur „í hlutaðeigandi kaupstað eða kaupstöðum. Skyldi það nú ekki eiga að vera „kaupstað eða kauptúnum", (PM: Það er átt við það, ef fleiri en einn kaupstaður er innan verðjöfnunarsvæðisins). Þá er 2. brtt. I., við 2. gr. Áður voru lagðir til grundvallar 2500 lítrar á hverja kú, og skyldi greiða 50 kr. fyrir hverja þá kú, sem er innan kaupstaðarins, ef ekki er til grasnyt fyrir hana. Hér er þessu ákvæði breytt, en lagt til, að miðað verði við 3000 lítra ársnyt á hverja kú. Það verður til þess, að gjaldið verður a. m. k. 10 kr. hærra fyrir hverja kú en upphaflega, og ef verðjöfnunargjaldið hækkar, þá getur þetta hækkað stórkostlega. Þarf ekki mikið að hækka það, svo að það verði tvöfalt frá því, sem var í frv. upphaflega. Hér er því kröfum Rvíkinga svarað á sama hátt og Róbóam svaraði kröfum Gyðinga: „Faðir minn refsaði með svipum, en ég mun refsa yður með sporðdrekum". Nú er sagt: „Upphaflega var í frv. 50 kr. Ef þið eruð ekki ánægðir með það, þá getið þið borgað 100 kr." Hér er því bersýnilega stigið spor burt frá samkomulagi við framleiðendur innan lögsagnarumdæmis Rvíkur.

Mér finnst afarkynlega komizt að orði um barnamjólkina. Það er sagt, að nafnið barnamjólk megi ekki viðhafa um aðra mjólk en þessa, sem þar er tiltekið. Viðkunnanlegra væri að segja: „Vöruheitið barnamjólk". Það er hart, ef ekki má nefna barnamjólk á nafn án þess að sektir liggi við. Ef þetta orð kæmi fyrir í skáldsögu, þá yrði að rannsaka, hvort átt er þar við þá mjólk, sem hér um ræðir. Svipað þessu kom fyrir í öðru frv. nýlega, og þótti þá ómaksins vert að bera fram till. til að leiðrétta það.

**Forseti (EÁrna)**: Mér hefir borizt skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 553, svohljóðandi: [Sjá þskj. 56,III]. Þarf tvennskonar afbrigði til þess að hún megi komast að.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson**: Það eru örfá orð. Mér skildist á hv. 1. þm. Reykv., að hann væri að gefa í skyn, að reikningar Mjólkursamlags Eyfirðinga væru falsaðir. Hann notaði ekki þau orð, en ummæli hans þýddu ekkert annað en það, því að þetta, sem hann var að tala um, að aka til reikningum, þýðir ekkert annað en að hér sé um fölsun að ræða. Þetta kom einnig fram við 1. umr. þessa frv. og var þá rækilega rekið til baka af hv. samþm. mínum. Og nú kemur hv. þm. með þetta enn. Það þýðir ekkert um þetta að þrátta, en ég vil skora á hann, ef hann meinar þetta, að hér sé um reikningsfölsun að ræða, að hann endurtaki þessi orð sín utan þinghelginnar í votta viðurvist, og þá skal hann fá að standa við þau á þeim vettvangi, sem við á. Ég fullyrði, að þessi stofnun — sem er að vísu deild í K. E. A. — hefir sitt sérstaka reikningshald algerlega aðskilið frá öllum öðrum rekstri félagsins. Það borgar sinn hluta af skrifstofukostnaði og stjórn félagsins o. s. frv.

En hvað þessum prófsteini viðvíkur, sem á hér að leggja fyrir okkur, þá hefi ég aldrei fullyrt það, að það tækist endilega að gerilsneyða mjólk hér í Rvík fyrir sama verð og í Eyjafirðinum, því að þar getur ýmislegt komið til greina, t. d. hagsýnni stjórn en hér er hægt að koma við.

Sem sagt, erindi mitt nú var ekki annað en þetta, að ef hv. þm. vill halda þessum dylgjum áfram, þá skora ég á hann að gera það á þann hátt, að koma megi fram ábyrgð á hendur honum, því að það eru þungar sakir að bera það á atvinnufyrirtæki, að það falsi reikninga sína.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Hér hafa nú komið fram nokkrar brtt. við þetta frv., og er kallað, að þær séu frá landbn. Þetta vil ég leiðrétta, því

að ég stend ekki að þessum brtt. Þó að ég væri á fundi, þegar þetta kom til n. og sæi þessar till., þá hafði ég ekki ástæður til að vera viðstaddur, þegar meiri hl. n. tók afstöðu til þeirra og kallaði síðan, að þær væru frá landbn.

Ég skal geta þess, að ég mun ekki geta greitt atkv. með brtt. 523,I, við 2. gr., því að þar er hert á ákvæðum frv. að því er snertir þá, sem hafa kýr í kaupstöðum, þar sem er ætlazt til, að menn greiði verðjöfnunargjald, sem er miðað við 3000 lítra ársnyt á kú hverja, en í frv. eru það 2500 lítrar, auk þess sem sá maður, sem hefir eina kú og hefir ekki fullræktaðan 1 hektara lands, yrði að borga talsvert verðjöfnunargjald af þeirri mjólk, sem hann notar til heimilis síns, en það er ekki meiningin með l. Ég vil því fara fram á það, þó að þetta sé 3. umr., að þessi till. verði tekin aftur. Frv. þarf hvort sem er að fara til Nd., og mætti þar koma fram breyt. á þessu. Ég gæti trúað, að landbúnaðarmálaráðh. vilji tala þar við n., og geri ráð fyrir, að þar komist brtt. fram, einkum vegna þess, að 2. gr. frv., 2. málsgr., er ósanngjörn, þar sem ræðir um þá undanþágu, sem á að gilda fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara lands, gæti það orðið svo, ef l. yrði framfylgt með hörku, að borga yrði verðjöfnunargjald, ef ekki væri fullræktaður hektari fyrir kú hverja.

Þá er enn við 2. gr. það sem mér finnst, að ætti að hafa takmörkun fyrir í frv., þar sem ræðir um heimild til að hækka verðjöfnunargjald, ef sérstök þörf krefur, enda komi samþykki landbúnaðarráðh. til. Það fer betur á því að hafa eitthvert hámark, sem ekki mætti fara upp fyrir, en ekki að hafa það svona ótakmarkað.

Í 4. brtt., við 14. gr., er talað um, að sekta skuli þá, sem stjórna flutningatækjum, ef þeir vísvitandi flytja ógerilsneydda mjólk. Ég vil mælast til þess, að hæstv. forseti beri upp þessa brtt. sér. Ég get ekki samþ. þetta. Það er nægilegt fyrir þessa menn, að mjólkin sé gerð upptæk, því að það mundi koma niður á þeim, sem flyttu hana, því að þeir mundu áreiðanlega ekki fá flutningsgjald fyrir þá mjólk, sem gerð yrði upptæk, og sýnist það nóg sekt þeim til handa.

Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að það er klaufalegt orðalag um barnamjólkina. Ég geri ráð fyrir, að þetta muni taka stakkaskiptum í Nd., og mætti þá laga þetta eitthvað.

Ég mun styðja framgang þessara l., en ég vil þó ekki, að sé hert á ákvæðum frv. frá því, sem nú er, heldur sé reynt að hafa allt eins liðugt og unnt er, svo að menn sætti sig við l. í framkvæmd þeirra.

Það er skiljanlegt, að þeir, sem framleiða mikla mjólk á bæjarlandinu, þykist verða fyrir þungum búsifjum af þessum l., þó að það verði allir að játa, að svo gæti farið, ef ekki væri gert skipulag á mjólkinni, að þeir fengju að kenna á því, ef þeir, sem framleiða ódýrari mjólk, legðu út í mjólkurstríð við þá, því að til lengdar mundu þeir ekki geta haldið uppi verðinu á mjólkinni. En ef þetta verður viturlega framkvæmt, þá verður það til gagns.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég get orðið stuttorður um þessar till. — Það er þá fyrst og fremst till. frá hv. 1. þm. Reykv., sem eru á þskj. 492. Ég sé satt að segja ekki ástæðu til að mæla með þessari till., að hún verði samþ. Þar er farið fram á að undanþiggja sjúkrahús, elliheimili og barnahæli. Það er engin ástæða til að samþ. þetta, því að í 5. gr. er svo fyrir mælt, að ákvæði um mjólk handa börnum og sjúklingum skuli setja í sérstakri reglugerð. Það er því líklegt, að um þetta verði höfð svipuð aðferð og hefir verið erlendis, þar sem svipuð ákvæði hafa verið sett, að þau bú, sem framleiða barnamjólk, eru sett undir sérstakt eftirlit og sérstakar reglur um þau sett. Fólkið, sem starfar í þessum fjósum, þar sem framleidd er barnamjólk, er undir sérstöku eftirliti, sérstakt eftirlit haft um allan þrifnað, eftirlit haft með kúnum, sem eiga að framleiða þessa mjólk, og þær aldar á sérstöku fóðri, og ennfremur þess gætt, að þær séu ekki látnar verða mjög gamlar. Ég sé því enga ástæðu til að samþ. þessa brtt. eins og hún liggur fyrir. Þetta mundi sennilega vera gert þannig, eins og ég hygg, að sé gert t. d. í Englandi, að þau kúabú, sem eru þannig undir sérstöku heilbrigðiseftirliti, fá skírteini til að fá að selja þessa mjólk, eftir að þau hafa fullnægt öllum þeim kröfum, sem fullnægja þarf.

Um heimildina fyrir brauðgerðarhús að mega nota ógerilsneydda mjólk, vil ég segja það, að það er ekki rétt, sem haldið hefir verið fram, að þessi mjólk hækki verulega í verði við gerilsneyðingu. Það má ekki láta þau bakari, sem þurfa á þessari iðnaðarmjólk að halda, taka við henni, nema hún sé fyrst hreinsuð, og eftir áreiðanlegum upplýsingum, sem ég hefi fengið, er kostnaðarmunur við að gerilsneyða mjólk eða hreinsa nærri því enginn, og er þá engin ástæða til að taka upp þetta ákvæði um iðnaðarmjólk. Ég álít því, að þessi brtt. á þskj. 492 sé alls ekki til bóta, heldur þvert á móti.

Þá eru frá sama hv. þm. brtt. á þskj. 445 við 3. lið 5. gr. Í a-liðnum segir, að mjólk, sem framleidd er innan lögsagnarumdæmisins, skuli að öðru jöfnu ganga fyrir og seld milliliðalaust, eftir því sem fært er vegna hollustuhátta. Það leiðir af sjálfu sér, að sú mjólk, sem er framleidd næst kaupstað, verður látin ganga fyrir, og er þetta einmitt eitt aðalatriðið í þessu skipulagi, að sú mjólk, sem framleidd er næst sölustað, gangi fyrir þeirri, sem verður að flytja langt að með miklu meiri kostnaði, og nota þá mjólk, sem kemur úr fjarlægari sveitum, til vinnslu. En það er óþarfi að samþ. þetta, því að þetta er eitt undirstöðuatriði skipulagsins, að þetta fyrirkomulag verði haft. Svo fylgir hér líka sá böggull skammrifi, að jafnframt þessu á að selja þessa mjólk milliliðalaust. Þar gætir þess sama misskilnings, sem áður hefir komið fram í sambandi við slíkar till., og hefir verið rökstuddur með því, að það eigi að vera til hagsbóta fyrir þá, sem búa í nágrenni Rvíkur, að þeir fái að selja milliliðalaust. Þetta þýðir það í framkvæmdinni, að ef þeir, sem framleiða mjólk í nágrenni Rvíkur, fá að selja milliliðalaust fyrir utan sölumiðstöð, þá hafa þeir enga tryggingu fyrir að koma henni allri út. Tryggingin getur ekki legið í neinu öðru en því, að þeir selji í gegnum sölumiðstöðina og að sú

mjólk, sem er framleidd næst kaupstöðunum, gangi fyrir. Á þetta benti ég við 2. umr. málsins. Það ber nú mikið á því, að þeir, sem nú standa utan við sölusamtökin, geta ekki selt og verða því að láta mikið af mjólkinni fyrir lægra verð. Ég átti nú fyrir stuttu tal um þetta við einn hyggnasta mjólkurframleiðandann hér í nágrenni Rvíkur. Hann sagði mér og leyfði mér að hafa það eftir sér, að hann hefði að undanförnu selt mikið af sinni mjólk beint, á 40—42 aura, en nú hefði hann sagt öllum þessum mönnum upp og seldi mjólkina nú á 30 aura á 3—4 staði. Hann sagði, að þetta borgaði sig betur. Hér var um svo hygginn framleiðanda að ræða, að hann veit vel, hvað hann er að segja. Dreifingarkostnaður og innheimta og tap á innheimtu er svo mikið, að það borgar sig að selja á vissa staði fyrir vissa greiðslu, þó að verðið sé ekki hærra en 30 aurar.

Þessi svokallaða milliliðalausa verzlun er því til tjóns af tveimur ástæðum, í fyrsta lagi af því, að þeir, sem framleiða í nágrenni Rvíkur, hafa enga tryggingu fyrir, að þeirra mjólk gangi út, nema þeir selji gegnum sölumiðstöð, og í öðru lagi af því, að innheimta og dreifing er svo dýr, að þeim er betra að selja mjólkina fyrir 30 aura. Þetta væri í raun og veru sama fyrirkomulag eins og t. d., ef mönnum, sem framleiddu kjöt í nágrenni Rvíkur, væri heimilt að selja milliliðalaust og borga verðjöfnunargjald, en svo væri þeim, sem væru fyrir utan verðjöfnunarsvæðið, heimilt að hafa sölusamtök og selja kjöt inn í bæinn. Af þessari samkeppni leiddi vitanlega það sama eins og ef mjólk væri ekki seld í gegnum eina sölumiðstöð, enda hefir orðið að taka þetta fyrirkomulag upp alstaðar þar, sem þetta skipulag hefir verið haft. Má þar nefna England og Svíþjóð, og ég hygg Noreg, þar sem svona fyrirkomulag er haft.

Um b-liðinn er það að segja, að ég er honum algerlega mótfallinn. Þetta er gert vegna þess, að þar, sem mjólkurbú eru rekin í beinu sambandi við stór fyrirtæki, sé ekki hægt að þvinga mjólkurframleiðendur, sem þurfa samkv. mjólkurlögunum að fá mjólk sína hreinsaða, til að ganga inn í félagsskap, sem ef til vill hefir áhættusama starfsemi með höndum auk mjólkurbúsins. Þetta er því sanngirni í garð þeirra, sem fyrir utan búin standa.

Ég er einnig mótfallinn c-lið brtt. Það kemur ekki til mála að tiltaka einhverja ákveðna upphæð, sem megi falla á mjólkina sem kostnaður. Það verður að fara eftir því, sem reynist sannvirði. Ennfremur er þetta skaðlegt vegna þess, að ef þetta væri ákveðið, þá væru þeir, sem í sölusamtökunum eru, ekki nærri því eins áhugasamir að láta reksturinn ganga vel og vera ódýran eins og þeir, sem búa í nágrenni Rvíkur, geta spillt skipulaginu með því að standa á móti því, eyðilagt skipulagið þannig að nokkru leyti bæði fyrir sjálfum sér og öðrum og gert það dýrara.

Þá er brtt. frá meiri hl. landbn. Það hefir verið minnzt á það undir þessum umr. og fundið að því, að fram skuli hafa komið brtt. 553, 2, við 2. gr., þar sem talað er um, að kýrnyt skuli miðast við 3000 lítra. Þetta sýnir vel, hvað menn eru ósamdóma, þegar verið er að ræða um hagsmunamál Reykvíkinga. Þessi brtt. hefir sætt andmælum frá hv. 4. landsk. og hv. 1. þm. Reykv. En brtt. er fram borin fyrir tilmæli Guðmundar Ásbjörnssonar bæjarfulltrúa, vegna þess að meðal ársnyt kúa í nágrenni Rvíkur er 3300 lítrar, og það er þess vegna, að hann hefir óskað eftir þessari breyt., því að það þýðir ekkert að reikna ársnyt allt aðra en menn vita, að hún er. En fyrst svona eindregið er lagzt á móti brtt., hefi ég ekkert á móti því að draga hana til baka, — en svona er hún fram komin.

Þá ber meiri hl. n. fram þá till., að sekta skuli þá menn, sem vísvitandi flytja ógerilsneydda mjólk inn á sölusvæðið. Ég legg enga sérstaka áherzlu á þessa brtt., en þetta getur aldrei komið mjög hart niður. Við, sem höfum fengið svona mál til meðferðar, vitum, að það er erfitt að sanna það á bílstjóra, að hann flytji vísvitandi ógerilsneydda mjólk. Ákvæðið mundi því í framkvæmdinni ekki vera sérstaklega þýðingarmikið. Þetta er ekkert höfuðatriði, en ég get fallizt á, að þessi till. verði borin upp sér í lagi, eins og hv. 4. landsk. fór fram á.

Þá minntist hv. 4. landsk. á það, að rétt væri að setja hámark á það, hve verðjöfnunargjald mætti vera hátt. Það er 5% í 2. gr. frv. og gert ráð fyrir, að megi hækka það, ef sérstaklega stendur á og samþykki landbúnaðarráðh. kemur til. Það má athuga þetta í Nd., þegar þar að kemur, og ég get fallizt á, að ef til vill væri rétt að setja eitthvert hámark, því að ekki er ósennilegt, að þeir, sem gjaldið eiga að borga, verði tortryggnir, ef ekkert hámark er sett, og ekki heldur ótrúlegt, eins og á þessu máli hefir verið haldið að sumu leyti. Á ég þar við deilur bæði í blöðum og víðar.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, að ósanngjarnt sé að láta þá borga verðjöfnunargjald, sem hafa eina kú og ekki einn fullræktaðan hektara, vil ég taka það fram, að ég álít, að þetta hafi enga verulega þýðingu. Áður höfðu sumir menn eina kú, en nú kemur það varla fyrir, af því að það borgar sig ekki að hafa aðeins eina kú. En ef menn gera þetta að kappsmáli, þá má taka þetta til athugunar, því að þetta getur ekki haft nein áhrif á skipulagið sjálft.

Fyrir skrifl. brtt. hefir ekki verið mælt enn, og mun ég því ekki gera hana að umtalsefni að svo komnu. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að svo stöddu.

**Frsm. minni hl. (Þorsteinn Briem):** óyfirl.: Ég hefi borið fram skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 553, sem hv. d. hefir nú leyft, að tekin yrði til umr. — Þegar II. brtt. meiri hl. landbn. kom fyrir á fundi í landbn., þá var sú grein gerð fyrir henni, að eins og nú stæðu sakir væru erfiðleikar á að fá samkomulag meðal allra þeirra, sem eiga rétt á að skipa stj., sem á að annast þessi mál. Sérstaklega var á það bent, að þar sem félög framleiðenda ættu að taka þátt í skipun þessarar stj., þá gætu orðið erfiðleikar á því að koma á samkomulagi á þeim tíma, sem eftir er til nýárs. Má vera, að þessi

ástæða hafi nokkuð til síns máls, en ég ætla, að ekki séu sérstakir erfiðleikar á að ná til þeirra mjólkurbúa, sem á verðjöfnunarsvæðinu eru, og fá atkv. þeirra um þessi efni, áður en mjólkursölunefndin tæki málið algerlega í sínar hendur. Meðal þeirra einstöku atriða tel ég miklu máli skipta, að mjólkurbúin fái tækifæri til þess að gera sínar till. um ráðningu framkvæmdarstjórnar sölumiðstöðvar og fá nokkra tryggingu fyrir því, að þær till. meiri hl. mjólkurbústjórna á viðkomandi mjólkurverðlagssvæði verði teknar til greina. Vegna þeirra ástæðna hefi ég borið fram þessa brtt., og vænti ég, að það komi ekki n. á óvart, fyrst og fremst af því, að þessi liður till. II. er borinn fram af meiri hl. landbn., og auk þess mun hv. frsm. kannast við, að ég áskildi mér fyrirvara um brtt.

Ég lít svo á, að þetta sé ekki nema sanngirnismál, að till. sé orðuð á þá leið, að mjólkurbússtjórn viðkomandi verðjöfnunarsvæðis þurfi ekkert að óttast um það, að þeirra till. verði ekki teknar til greina. Vænti ég því, að á þessa brtt. verði litið með velvild.

**Magnús Guðmundsson:** Ég lít svo á, að öll ágreiningsatriði þessa máls snerti nú orðið aðeins sölusvæði Rvíkur, en taki ekki mjög til annara landshluta. Ég mun því ekki gera þau atriði að umtalsefni hér.

Ég vildi hinsvegar vekja athygli á villu í 3. brtt. á þskj. 553, þar sem stendur „samkv. 2. gr. 2. málsl.“ Hér mun eiga að standa „Málsgrein“, en ekki „málslið“. Ennfremur vildi ég spyrja að því, hvort líka sé um prentvillu að ræða í 1. og 2. málsgr. 3. brtt., þar sem stendur „í kaupstað eða kaupstöðum“. Mér hefir dottið í hug, að þarna ætti að standa „kauptúnum“, en ekki „kaupstöðum“, og vildi gjarnan fá skýringu á þessu.

Þá veit ég ekki, hvort það er með vilja gert að fella niður orðið „viðurkennd“ á undan „mjólkurbú“, en þess er krafizt í frv. annarsstaðar, að mjólkurbúin séu viðurkennd. Orð þetta mun því hafa fallið niður af vangá.

Loks á ég mjög erfitt með að skilja 3. málsgr. 3. brtt. á þskj. 553, og væri æskilegt að heyra á henni nánari skýringar. Annars er frv. þetta allt eitthvert hið mesta torf, sem ég hefi lesið. Orðalagið er allt svo óskýrt og óhöndulegt, að ekki veitti af að semja það allt upp að nýju, ekki til að gera á því efnisbreyt., heldur til þess að fá á það skýrt og gott mál, enda verður frv. án efa breytt í Nd.

Ég er hissa á því, að hv. 4. landsk. skuli leggjast svo mjög á móti 4. brtt., um það, að bílstjóri, sem flytur vísvitandi óleyfilega mjólk inn á sölusvæði, skuli sæta ábyrgð eða sektum. Mér finnst þetta vera svo sjálfsagt, að ekki þurfi um það að deila. Hinsvegar er orðalag brtt. fremur álappalegt þar sem talað er um „ábyrgð og sektir“. Sá maður, sem brotlegur gerist á þennan hátt, sætir auðvitað engri annari ábyrgð en sektum, en þeim finnst mér hann líka vera vel kominn að fyrir vísvitandi lagabrot.

Annars skal ég taka það fram, að ég er samþykkur grundvallarhugsun frv. En þar sem hér er um lítið annað en heimild að ræða, veltur allt á því, hvernig lögin verða framkvæmd. Takist sú framkvæmd vel, geta lögin orðið til mikilla bóta, en hinsvegar til spillis, ef þeim er beitt með hlutdrægni.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson)** [óyfirl.]: Það er rétt hjá hv. 1. þm. Skagf., að í 1. málsgr. 3. brtt. er villa, „málsl.“ fyrir „málsgr.“, og mun n. sjá um leiðréttingu á því.

Þá vil ég svara því nokkuð, sem sagt hefir verið um brtt. við 5. gr., þ. e. a. s. efnishlið hennar. Ef borin er saman byrjun gr. í frv. og í brtt. á þskj. 553, sést, að mjólkurnefnd, sem samið hefir þessa brtt., hefir ekki talið byrjunina nógu nákvæma í frv. Eftir frv. gæti lítið svo út, sem vald mjólkurskipulagsins næði út til byggðanna, og því er tiltekið í upphafi 3. brtt. á þskj. 553, að þetta valdi nái fyrst og fremst til kaupstaðanna. En í viðbæti við þetta er síðan seinna í brtt. talað um, að vissar sveitir, hlutar úr sveitum eða kauptún geti verið tekin undir sölu og dreifingarrétt mjólkurbúa og sölumiðstöðvar, ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til.

Þessi viðbætir er settur með tilliti til kauptúna eins og Akraness og Keflavíkur, svo að ég taki einhver dæmi, sem að vísu hafa enn sem komið er engin mjólkurbú og falla því ekki undir skipulagið, en gætu vel gert það síðar, þegar skilyrði væru fyrir hendi. En sérstaklega er þetta ákvæði þýðingarmikið til þess að hindra það, að upp rísi nýjar stöðvar kringum Rvík, sem keppi við hina viðurkenndu stöð þar á óleyfilegan hátt.

Till. meiri hl. landbn. um stjórn samsölunnar er samþ. af 5 mönnum af 7 í mjólkurnefnd. Af þeim tveimur, sem ekki greiddu atkv. með brtt., sat annar hjá, þar sem hann þóttist ekki geta greitt atkv. vegna umbjóðenda sinna, en einn, formaður Mjólkurfélagsins í Reykjavík, greiddi atkv. á móti. Annars var mjólkurnefnd sammála um allar brtt., nema máske þá, að verðjöfnunargjald í Rvík miðaðist við 3000 lítra á kú í stað 2500. Þau atriði, t. d. refsiákvæðið, sem hv. 4. landsk. hefir gert að umtalsefni hér, skipta í sjálfu sér litlu máli.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Út af andmælum mínum gegn niðurlagi 4. brtt. hafa nú tveir lögfræðingar tekið til máls, og það hvorki meira né minna en núv. og fyrrv. dómsmrh. Báðir eru þeir sammála um að greiða brtt. atkv., en segja þó báðir jafnframt, að hún sé meingölluð. Hæstv. forsrh. telur vafasamt, að hægt verði að sanna á nokkurn mann, að hann fremji slíkt brot „vísvitandi“, svo að ef þetta á að verða annað og meira en dauður lagabókstafur, hlýtur að verða að auka mjög eftirlit með þessum sökudólgum, fjölga embættismönnum, og ef til vill setja upp ríkislögreglu.

Hv. 1. þm. Skagf. sagðist ekki skilja, hvers vegna ég væri á móti henni. En í sömu andránni játaði hann, að brtt. væri alveg ómögulega orðuð. Ég verð því að álíta, að það verði a. m. k. að lagfæra brtt. þessa, og þó réttast

að fella hana, því að reynslan mun sýna, að af henni leiðir aðeins eltingaleik og kostnað, en ekkert gagn.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Hv. 1. þm. Eyf. stóð upp til að verja reikninga Mjólkursamlags Eyfirðinga og talaði af slíkum móði, að hann krafðist þess, að ég endurtæki það utan þinghelginnar, sem ég hefði sagt um reikninga þessa fyrirtækis. Ég held, að það yrði nú varla mikill vábrestur þótt ég endurtæki utan þ. það, sem ég hefi um þetta sagt. Mér finnst það engin goðgá út af fyrir sig, þótt fél. legði einni d. sinni til framkvæmdastjórn frá sér, eða styrkti hana beint eða óbeint á annan hátt. (BSt: En það gerir félagið ekki). Nei, mér er óhætt að endurtaka ummæli mín hvar sem er, þau voru ekki nærgönguli en svo. En ég vil skora á hv. 1. þm. Eyf. að endurtaka þau ummæli sín um mig utan þings, að ég hafi sagt, að kaupfélagið falsaði reikninga sína. Það var svo fjarri því, að ég segði nokkuð í þessa átt, eins og sjást mun hjá skrifurunum.

En svo að ég snúi mér nú að því máli, sem fyrir liggur, þá verð ég að segja, að mér finnst meðferð n. á málinu ákaflega einkennileg. T. d. það, að n. skuli ekki minnast á þær brtt., sem fyrir liggja, þótt þær breyti málinu stórkostlega, eins og brtt. mínar við 2. umr. Svó koma brtt. frá n. sjálfri, sem ómögulegt reynist að fella inn í frv., svo að þær verður að prenta upp aftur. Og loks þegar þær koma til umr., er ein brtt., sem áður var sögð vera flutt af n. allri, sögð vera flutt aðeins af meiri hl. hennar, og gegn einni brtt., sem öll n. er skrifuð fyrir, rís nú einn nm., hv. 4. landsk. Það litur langhelzt út fyrir eftir öllum frágangi og hugsanagraut þeim, sem svo mjög ber á í öllu þessu, að hv. frsm. meiri hl. hafi einn hripað þetta niður, enda eru fingraför hans víða auðsæ.

Þannig hefir hv. frsm. ekki tekizt að gefa nokkra skýringu á þeim lið 3. brtt. á þskj. 553, þar sem sagt er, að mjólkursölunefnd geti, ef ástæða þyki til, ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kauptún skuli tekin undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa og sölumiðstöðva þeirra með þessar afurðir. Þetta er alveg óskiljanlegt þeim, sem ekki hafa neina skýringu á þessu annarsstaðar að.

Í 1. gr. frv. er tekið fram, hvað verðjöfnunarsvæði er. Þetta er að vísu ekki alveg ljóst, en þó má skilja það. En svo kemur þetta: að draga megi vissar sveitir, hluta úr sveitum eða kauptún inn undir — ja, hvað? Hvernig á að skilja „þeirra"? Á það við mjólkurbúin eða við „vissar sveitir" o. s. frv.? Líklega væri helzt eitthvert vit í því að skilja þetta þannig, að ef sett eru upp ný mjólkurbú, megi líka ákveða ný verðjöfnunarsvæði kring um þau. Annars er brtt. óskiljanleg.

Hæstv. forsrh. ræddi brtt. mína, og var það auðvitað góðra gjalda vert, að hann minntist á hana, en ræða hans bar öll vott um, að hann liti fremur á flutningsmenn brtt. en brtt. sjálfar. Hann tók öllum brtt. landbn. með ljúfu brosi, og aðfinnslum hv. 4. landsk. við þær með hinni mestu blíðu. En minum brtt. mótmælti hann auðvitað harðlega.

Út af brtt. minni á þskj. 492 vitnaði hann í sérákvæði um barnamjólk í 5. gr. En í minni brtt. er ætlazt til, að salan á ógerilsneyddri mjólk geti orðið miklu víðtækari en þar er gert ráð fyrir. Þannig megi öll brauðgerðarhús kaupa slíka mjólk, þar sem hún gerilsneyðist auðvitað algerlega við bökunina. Eins fer brtt. mín fram á, að vissar stofnanir geti keypt mjólk milliliðalaust af heimilum, eins og gert hefir verið frá aldaöðli, og fá þannig mörg þús. kr. sparaðar.

Hæstv. ráðh. sagði, að margir framleiðendur hér í Rvík vildu heldur selja mjólk sína gegnum sölumiðstöð en milliliðalaust, vegna dreifingarkostnaðar. Þetta getur ef til vill átt við einstaka stórframleiðanda. En ég skil ekki, hvaða skaði er skeður, þótt heimild væri til að selja þessa mjólk án milliliða, ef það er rétt, að þessir framleiðendur leiti af fúsum vilja til samtakanna. En sannleikurinn er sá, að öllum þeim framleiðendum, sem litla framleiðslu hafa, verður dreifingar- og innheimtukostnaður mjög ódýr eða enginn. Búskapur þeirra getur alveg oltið á því, hvort þeir fá sjálfir að halda verzlunararðinum af mjólk sinni eða ekki. Það er alveg vafasamt, hvort það borgar sig að neyða þessa menn til að ganga inn í félögin, en það er vitanlega tilgangurinn, þar sem enginn er skyldugur til þess samkv. mjólkurlögunum að gerilsneyða mjólkina fyrir þá, og ef til vill fæst enginn til þess. Ef mjólkursölufyrirtækin annast einhver önnur áhættusöm viðskipti, þá treysti ég mér ekki til að neyða þessum viðskiptum upp á þau. En ef þessir menn geta ekki fengið gerilsneyðingu á mjólk sinni, þá verða þeir að neyðast til að leita til félagsins.

Ég skil það vel, að tilgangur hæstv. ráðh. er sá, að fjötra þetta allt; honum finnst, að lögin geri ekkert gagn, ef ekki er hægt að neyða alla mjólkurframleiðendur til þess að vera með, þó að einungis sé um að ræða fáeina smáframleiðendur, sem hafa örfáa lítra af mjólk á dag. Hæstv. ráðh. tók til samanburðar dæmi af kjötframleiðendum hér í bænum, og sagði, að þá væri eins eðlilegt að undanþiggja þá, sem framleiddu kjöt hér í lögsagnarumdæmi bæjarins. En þetta er mjög óheppilegt dæmi, þar sem enginn kjötframleiðandi er innan lögsagnarumdæmis Rvíkur. Þetta væri því aðeins sambærilegt, að enginn mjólkurframleiðandi væri á þessu svæði heldur.

Það hefir verið algerlega rangt eftir mér haft, að ég væri mótfallinn mjólkurlögunum; ég er því fylgjandi, að skipulögð verði sala á þeirri mjólk, sem flutt er til bæjarins, en fer aðeins fram á það, að mjólkurframleiðendur hér í bænum séu ekki neyddir til að hlíta þessum lögum, og skora á hv. þd. að heimila þeim undanþágu frá þeim. Dæmið, sem hæstv. ráðh. tók um kjötframleiðendurna, á hér ekki við. Ég hefði hreyft samskonar andmælum við kjötlögin, ef svo hefði staðið á, að búið hefði verið að leggja fram milljón kr. til fjárbúa hér í bænum, sem lögð hefðu verið niður vegna þeirrar lagasetningar.

Hæstv. ráðh. tók það réttilega fram, eins og við næstu umr. á undan, að gagnsemi þessara laga væri undir því komin, að allir stæðu saman um framkvæmd þeirra. Ég er honum sammála um það. Þess vegna skil ég ekki í því, að Alþingi afgreiði þessi lög þannig, að svona ósanngjörn ákvæði verði keyrð fram. Með því er stofnað til ófriðar við mjólkurframleiðendur í kaupstöðunum. Af því ég veit, að þessi lög standa eða falla með því, að fullt samkomulag verði um framkvæmd þeirra, þá skora ég á hv. þdm. að sýna öllum aðilum sanngirni í þessu máli. Ef þessi lög verða knúð fram af meiri hl. Alþingis, þá verður með því stofnað til ófriðar, sem upphefur lögin. — Það dugir ekki í svona máli að segja eins og hæstv. ráðh. komst að orði við 2. umr., að þessum lögum skuli verða framfylgt, hvað sem hver segi. Hitt var miklu viturlegra, sem hæstv. ráðh. sagði nú í ræðu sinni, að framkvæmd þessara laga yrði að byggjast á góðum samhug allra þeirra aðila, sem við þau eiga að búa. Það er hægt að tryggja þennan samhug með því að sýna bæjarbúum þá sanngirni, sem felst í brtt. minni. Ég veit ekki, hvort það verður hægt í þessari hv. þd., en vænti þess, að hæstv. ráðh. fylgist svo vel með gangi málsins í hv. Nd., að hann geti fengið lögunum breytt þar á þann veg, að allir megi vel við una. Þannig verður tryggður beztur árangur af þessari löggjöf.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég mun reyna að verða stuttorður, því að þessar umr. eru að miklu leyti endurtekning á því, sem sagt var hér við 2. umr. — Ég vil þá fyrst minnast á það ákvæði frv., sem hefir orðið hv. 4. landsk. að ásteytingarsteini. Ég minntist á það í minni fyrri ræðu, að erfitt mundi verða að sanna það á bifreiðarstjóra, að þeir flyttu vísvitandi óleyfilega mjólk til bæjarins. Þeir geta ávallt sýnt sterkar líkur fyrir því, að ekki sé um vísvitandi brot að ræða, vegna þess að þeir hafi átt að flytja mjólkina á þennan og þennan stað. — Ef að bifreiðarstjórarnir eru ekki teknir fyrr en afhending hefir farið fram á mjólkinni, þá getur það leitt til þess, að þeir sleppi. Þess vegna má ákvæði gr. standa; það má gjarnan hitta þá menn, sem brjóta lögin af ásettu ráði. Sú ástæða, sem hv. 4. landsk. færði fyrir því, að ákvæði frv. um refsingu til handa bílstjórunum væri ósanngjörn, var, hversu erfitt væri að sanna, að þeir hefðu brotið lögin vísvitandi. En þetta er ekki nægileg ástæða, þó að hv. þm. vilji vera sanngjarn, því að það er svo algengt um lög, að ekki er auðvelt að sanna brot gegn ákvæðum þeirra, en þrátt fyrir það er þeim framfylgt. Hv. þm. sagðist ekki leggja mikið upp úr þessu ákvæði í frv. og taldi, að refsiákvæðið í brtt. meiri hl. mundi vera nægilegt. Þó kvaðst hann geta gengið inn á, að rétt væri að refsa þeim, sem yrðu uppvísir að brotum á lögunum.

Ég skal játa, að það er rétt athugað hjá hv. 1. þm. Skagf., að orðalag 15. gr. frv., þar sem talað er um að láta bifreiðarstjóra sæta ábyrgð og sektum, er óviðkunnanlegt, því að venjulega er ekki um aðra ábyrgð að ræða en sektir fyrir slík brot. Þar ætti því einungis að standa: að sæta sektum fyrir brotið.

Ég skal ekki endurtaka það, sem farið hefir á milli hv. 1. þm. Reykv. og mín í þessu máli. Hv. þm. taldi, að menn hefðu lifað mest á ógerilsneyddri mjólk hingað til, án þess að nokkuð hefði komið að sök. En þetta er ekki rétt. Það hefir oft komið mjög mikið að sök, að ógerilsneydd mjólk hefir verið flutt í bæinn, og hefir það hvað eftir annað leitt til alvarlegra sjúkdóma bæði hér og erlendis. Ef smitandi veikindi koma upp á heimilum, þar sem framleitt er mikið af mjólk til sölu, og hún send ógerilsneydd á markaðinn, þá getur veikin farið mjög víða og gripið um sig, eins og kom fyrir 1921 eða 1922 hér í bænum. Þó að við höfum ekki verið minntir á þetta nú á síðari árum, þá er slíkt ástand mjög iskyggilegt. Vegna þessarar hættu hafa aðrar menningarþjóðir talið sjálfsagt að gerilsneyða mjólkina, eða stassanisera hana. Ég má fullyrða, að bæði N. Dungal og landlæknir eru sammála um það, að þó að stassaniseruð mjólk hafi ekki alveg sama gildi og nýmjólk, þá vinnist þó meira með því heldur en að mjólkin sé seld óhreinsuð, vegna þeirrar hættu, sem af því kann að stafa.

Hv. 1. þm. Reykv. taldi, að enginn skaði væri skeður, þó að framleiðendur hér í bænum hefðu beina sölu á mjólk til neytenda, ef hún borgaði sig ekki; en þetta er röng röksemdafærsla. Það hefir sýnt sig, að þeir mjólkurframleiðendur, sem ekki hafa trú á samtökum, vegna þess hvað þau hafa gengið illa undanfarin ár, hafa tekið sig út úr og farið að selja mjólkina beint til neytenda. Á undanförnum missirum hefir kúabúunum fjölgað mjög hér í lögsagnarumdæmi Rvíkur, og hafa mörg þeirra verið stofnuð á svo óheilbrigðum grundvelli, að þau hljóta að leggjast niður aftur. Ég skal benda á það sem dæmi, að á einum stað, þar sem eru ca. 7 dagsl. af ræktuðu landi, hefir verið komið upp fjósi fyrir 54 kýr. Heyið er flutt að, og fóðurbætir keyptur í stórum stíl. En það er ekki verið að skýra neytendum frá því, hvernig mjólkin er frá þessum búum. Á einu þessara kúabúa hefir mjólkin verið rannsökuð þrisvar til fjórum sinnum á ári. Fitumagn mjólkurinnar fór niður í 2,5%, en var mest 2,7%. Þrátt fyrir þetta er það álit mana hér í bænum, að þetta sé góð mjólk. — Á sama tíma var flutt hingað til bæjarins mjólk austan úr Þykkvabæ, og fitumagn hennar var allt árið 3,7%. Þetta bendir fyllilega til þess, að ekki sé hollt að ýta undir þessa verksmiðjuframleiðslu á mjólkinni, sem stofnuð hefir verið undir skilyrðum heimasölunnar, en hlýtur að leggjast niður aftur. Hitt er betra, að leggja strax grundvöllinn að því skipulagi, sem hlýtur að verða á framleiðslu mjólkurinnar í framtíðinni.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að hinir smærri mjólkurframleiðendur hér í bænum yrðu hart úti, og ég viðurkenndi það við 2. umr., að það væru einu mennirnir, sem yrðu fyrir nokkrum óþægindum af þessu skipulagi hér í bænum og nágrenninu. Þetta stafar af því, að mjólkurframleiðslan í Rvík hefir alltaf verið byggð á fyrirkomulagi, sem ekki á rétt á sér. Til þess-

ara búa hefir verið úthýtt löndum, sem ýmist hafa verið of stór eða of lítil. Það hefir sýnt sig á áberandi hátt við úthýtingu landa í Sogamýri, að land fyrir hvert einstakt bú hefir reynzt of lítið til sjálfstæðrar mjólkurframleiðslu. Síðan voru löndin seld og reynt að bæta við þau, en búreksturinn gat samt ekki borið sig sjálfstætt, nema fleira væri haft með.

Þeir, sem reka mjólkurframleiðslu í nágrenni Rvíkur, verða a. m. k. að hafa 10—12 kýr, til þess að búið geti borið sig, þó að mjólkin sé seld í gegnum miðstöð. Þá þurfa þeir líka, hvort sem er, að kaupa vinnukraft að til mjólkurflutninga o. fl. Þetta er sannleikurinn um mjólkurframleiðsluna í nágrenni Rvíkur. Og ég held, að þó að þetta skipulag á mjólkursölunni yrði ekki bannað í framkvæmd, þá mundu búin vaxa upp í þetta hér í nágrenni bæjarins, því að það hefir sýnt sig, að slíkt fyrirkomulag á rétt á sér.

Hv. 1. þm. Reykv. geðjaðist ekki að samlíkingu minni við kjötlögin, og færði það til, að hér í bænum væri ekki framleitt kjöt. Ég talaði ekki um kjötframleiðendur í lögsagnarumdæmi Rvíkur, heldur þá, sem búa á öllu verðjöfnunarsvæðinu, austur í Árnes- og Rangárvallasýslu og uppi í Borgarfirði. Ef ákvæði hefðu verið sett í kjötlögin svipuð þeim, sem hv. 1. þm. Reykv. vill koma inn í mjólkurlögin, gat komið að því, að þessir kjötframleiðendur hefðu orðið að borga 6 aura verðjöfnunargjald fyrir hvert kg., fyrir réttinn til þess að selja kjötið beint til Rvíkur, jafnframt því sem kjötframleiðendur í Dalasýslu máttu hafa samtök um sölu á sínu kjöti í bænum. — Nú vil ég spyrja hv. þm., hvort það hefði verið réttlátt að láta þá, sem selja kjöt af þessu verðjöfnunarsvæði beint til bæjarins, borga verðjöfnunargjaldið, án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir því, að þeir gætu komið vöru sinni hér út. En þessi trygging fékkst með því að kjötið var selt undir eftirliti kjötverðlagsnefndarinnar. Og eina tryggingin fyrir því, að þeir, sem búa í nágrenni Rvíkur, fái að sitja fyrir mjólkursölunni í bænum, er sú, að salan á mjólkinni gangi gegnum miðstöð. Eigi þeir aftur á móti að selja mjólkina beint til neytenda, þá verða þeir að keppa við framleiðendur, sem búa utan lögsagnarumdæmisins og eru í samtökunum. Þó þeir greiði verðjöfnunargjaldið, þá hafa þeir enga tryggingu fyrir því að geta komið allri sinni mjólk út. Þetta hefir verið mjög áberandi síðustu 3 missirin. Samkeppnin við þá framleiðendur, sem selja gerilsneydda mjólk í gegnum samtökin, hefir verið svo hörð, að mörg af búunum hafa orðið að flýja á náðir Mjólkurfél. Rvíkur um að taka af sér mjólkurafgangana og vinna úr þeim. Ef engin samtök eða skipulag væri á sölu mjólkurinnar hér í bænum, þá hefðu þeir ekki að neinu að hverfa með mjólkurafgangana. Það er því rangt, sem sagt hefir verið, að sölusamtökin séu aðallega gerð fyrir þá, sem búa utan lögsagnarumdæmis Rvíkur. Það er þvert á móti; þau eru hreint og beint fyrir þá framleiðendur, sem búa í nágrenni Rvíkur, til þess að þeir fái þó eitthvað tryggilegt fyrir sitt verðjöfnunargjald. Hitt væri rangt, að láta þá borga gjaldið án þess að þeir fengju jafnframt að sitja fyrir markaðinum.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að nauðsynlegt væri að gera lögin svo úr garði, að þeim væri tryggður samhugur allra hlutaðeigandi aðila. Ennfremur minnti hann á það, sem ég hafði sagt við 2. umr., að mjólkurlögin skyldu verða framkvæmd afdráttarlaust. Það er rétt, að ég taldi, að þegar búið væri að ganga þannig frá lögunum, að öllum aðilum væri sýnd fullkomin sanngirni, þá dytti mér ekki annað í hug en að þau yrðu framkvæmd til hins ýtrasta, hvað sem hver segði. Ég vil benda á, að mjólkurframleiðendum í Rvík hefir verið sleppt við að greiða verðjöfnunargjald af miklum hluta framleiðslu sinnar, og þó eiga þeir að fá að sitja fyrir markaðinum fyrir þetta litla verðjöfnunargjald. Þetta er betra en þekkist nokkursstaðar erlendis, þar sem svipuðu skipulagi hefir verið komið á mjólkursöluna. Þar verða búin í nágrenni bæjanna alltaf að greiða fullt verðjöfnunargjald. Hér er því gengið lengra í sanngirnisáttina gagnvart Reykvíkingum. Ef þeir menn, sem þetta skipulag er sérstaklega gert fyrir, rísa upp á móti lögunum eftir að búið er að sýna þeim svona mikla sanngirni, þá verður að fara um þetta eins og verkast vill. Það er vitanlega ekki hægt að ganga svo langt til samkomulags, að allir verði í fyllsta máta ánægðir.

Stjórn félags nautgripaeigenda í nágrenni Rvíkur hefir lýst því yfir, að félagsmenn mundu sætta sig við lögin í núv. mynd, og að hún teldi þau til hagsbóta fyrir framleiðendur í nágrenni Rvíkur. Enda hafa þeir verið sanngjarnastir í samningum um þetta mál fyrir hönd Reykvíkinga, og staðið við þá. Þeim hefir líka verið ívilnað þannig, að þeir, sem framleiða mjólk á ræktuðu landi, fá verulegan afslátt á verðjöfnunargjaldinu. (**MJ**: Vill ekki hæstv. ráðh. skýra hina óskiljanlegu till. hv. landbn.?). Jú, ég skal gera tilraun til þess; en náttúrlega stendur það næst, að hv. n. geri það sjálf. Þetta undantekningarákvæði á að ná til kauptúna eins og kaupstaða, ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, þannig að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kauptún skuli tekin undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölumiðstöðva þeirra með þessar afurðir. Ég skal taka dæmi: Ef Keflavík væri ekki tekin með á verðjöfnunarsvæði Reykvíkur, enda þótt Reykjanesskagi væri að öðru leyti talinn með, þá má taka þetta kauptún síðar inn undir verðjöfnunarsvæðið, með því skilyrði, að hlutaðeigandi mjólkurbú sjái um dreifingu mjólkurinnar á þeim stað.

Það er eðlilegt, að hv. 1. þm. Reykv. spyrji um þetta; ég viðurkenni, að það er ekki um venjulegt orðalag að ræða. En ef maður gagnályktar út frá þessu ákvæði, þá kemur út sá skilningur, sem hér hefir verið haldið fram. — Þetta er að vísu ónákvæmt orðalag, en skilningur minn á till. mun samt vera réttur.

**Magnús Guðmundsson:** Ég skal ekki ræða um þetta óskiljanlega ákvæði, en ég verð að segja það, að mér finnst það torvelt jafnvel eftir

skýringu hæstv. ráðh., og skýringarlaust er það óskiljanlegt.

En ég stóð aðallega upp til þess að beina fáeinum orðum til hv. 4. landsk., út af bifreiðarstjórunum, sem hann ber svo mjög fyrir brjósti, að hann vill ekki láta refsa þeim, þó þeir brjóti lögin vísvitandi. Hv. þm. talaði ekkert um kjarna málsins, heldur var hann að setja út á orðalagið. Það er nú víða í þessu frv., sem hægt er að setja út á orðalagið, og ef maður greiddi atkv. eftir því, þá mundi maður sennilega greiða atkv. móti öllu frv. En ég ætla að bera fram brtt. við þetta ákvæði, svo hv. 4. landsk. þurfi ekki að fælast orðalagið. Að vísu er mér ekki skylt að setja bót á þessi föt, en ég ætla þó að gera það, og legg ég til, að orðin „ábyrgð og“ falli niður úr 4. brtt. síðari málsgr.

**Forseti (EÁrna)**: Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 553. Sú fyrri er frá hv. 1. þm. N.-M. og hljóðar svo: [Sjá þskj. 561,I]. Síðari till. er frá hv. 1. þm. Skagf., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 561,II].

Þar sem brtt. þessar eru of seint fram bornar og auk þess skrifl., verður að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum, til þess að þær geti komið til umr. og atkvgr. á þessum fundi.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson**: Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín. — Ég skal að sjálfsögðu endurtaka utan þinghelginnar, hvenær sem hv. þm. óskar þess, það, sem ég sagði áðan. Ég bar það ekki upp á hv. þm., að hann hefði með beinum orðum sagt, að Mjólkursamlag Eyfirðinga falsaði reikningana, heldur að hann hefði gefið það í skyn, með því t. d. að tala um það, að reikningunum væri ekið til o. s. frv. Mín áskorun var sú, að hv. þm. segði skýrt það, sem hann meinti, og þar á eftir ætlaði ég svo að gera ráðstafanir til þess, að hann fengi tækifæri til þess að standa við þau orð.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég hefi nú fengið kennslu hjá tveimur kennurum í þessu ákvæði og auk þess nokkra einkakennslu í sæti mínu, og ég held, að ég hafi komizt að því, hvað vakað hefir fyrir með því. En það er jafnrétt fyrir því, að ákvæðið verður ekki skilið, nema með útskýringum þeirra, sem það hafa samið.

En ég vildi aðallega beina orðum mínum til hæstv. forsrh. út af því, sem hann sagði um hagsmunina af því að selja gegnum mjólkurmiðstöð. Ég vil þá spyrja: Er það tryggt, að framleiðendur úr nágrenni Rvíkur, sem senda sína mjólk til gerilsneyðingar og sölu, fái hana alla selda? Ég veit ekki til, að neitt ákvæði í l. tryggi þetta. Gæti ekki komið fyrir, að mjólkurmiðstöðin seldi ekki alla mjólkina, og yrði þá að láta vinna úr henni, og gæti þá ekki komið fyrir, að þeim halla yrði jafnað á mjólkina, þannig að í raun og veru sé framleiðendum ekki tryggt, að öll mjólkin sé seld þessu verði? Ég vildi aðeins spyrja um þetta. Ég viðurkenni fúslega það, sem gert er, að það var sanngirni að undanskilja nokkra framleiðendur í Reykjavík þessu verðjöfnunargjaldi, en mér finnst þessi ívilnun koma misjafnt niður, þannig að maður, sem hefir fengið sinn blett fyrir löngu síðan og er búinn að koma honum í rækt, getur sloppið við þetta gjald, en annar, sem hefir fengið sinn blett útmældan síðar og er aðeins byrjaður að rækta hann, verður að greiða þennan skatt. Þetta er ekki sanngjarnt, þó ég játi, þegar litið er á heildina, að þetta sé talsverð undanþáguheimild. Það var þessi ívilnun, sem lokkaði þessa menn í Nautgriparæktarfélaginu til þess að ganga inn á þessi ákvæði. Menn eru hræddir við þessa löggjöf, sem er að dynja yfir þá, og verða því glaðir hverjum sólskinsbletti, sem þeir geta fundið og ganga því í hræðslu sinni inn á þetta. En hvað viðvíkur því, að þeir standi við sín loforð, þá gera það allir góðir drengir, og ég er sannfærður um það, að ef fleiri ívilnanir verða gerðar í garð þeirra, sem framleiða mjólk í Rvík, með vissum skilyrðum, þá muni þeir standa við þau skilyrði. — Ég held, að það sé langaffarasælast fyrir málið að ná bara fullu samkomulagi um þetta fyrirkomulag, og ef það svo reynist eins ágætt eins og hæstv. forsrh. hefir trú á, stefnir í þá átt, að menn koma af fúsum og frjálsum vilja í samtökin. Ég ætla að vona, að þetta verði vandlega íhugað og alveg rólega, án þess að láta nokkuð annað komast að en það, sem er farsælast fyrir málið, áður en það er endanlega afgr. frá þinginu.

**Páll Hermannsson**: Ég þarf ekki að ræða neitt um skrifl. brtt., sem ég hefi borið fram, hún er aðeins leiðrétting, og ég veit, að allir skilja hana. En mér þykir rétt að minnast á það, sem hér hefir komið í ljós, að n. hefir ekki farizt eins höndulega eins og búast mátti við afgreiðsla þessa máls. Ég játa þetta, en hinsvegar eru nokkrar ástæður fyrir hendi til réttlætingar á þessu. Ég vil í fyrsta lagi benda á, að þetta nýmæli er erfitt í vöfum og auk þess viðkvæmt hagsmunamál. Í öðru lagi má benda á það, að vinna að þessu máli hefir verið unnin af fleirum aðilum en venja er um þingmál. Náttúrlega hefir ákveðin n. í d. haft málið til meðferðar, en það er líka ákveðin n. úti í bæ, sem hefir fjallað um það. Og í þriðja lagi hefir að undanförnu af ýmsum ástæðum gengið hálfilla að hafa skipulagða vinnu í landbn. Það hafa legið til þess eðlilegar ástæður, sumir þm. hafa verið veikir, aðrir haft sérstökum önnum að sinna, eins og t. d. hv. 4. landsk. núna þessa dagana. Af þessum ástæðum hefir n. ekki náð að taka málið svo föstum tökum sem hún hefði þurft. En ég vona, að þetta lagist og málið fái góða endalykt.

Ég ætlaði mér að útskýra fyrir d. þennan „óskiljanlega“ lið í brtt. n., þar sem 5. gr. frv. er orðuð um, en af því ég held, að menn séu nú farnir að skilja hana, ætla ég ekki að blanda mér inn í það.

Umr. eru nú orðnar svo langar, að ég vil ekki bæta verulega við þær. Aðeins vil ég geta þess,

að frá minu sjónarmiði er þetta frv. sérstaklega til þess að sporna við því, að mjólk, sem seld er hér í Rvík, falli óheyrilega í verði, og það jafnvel án þess að það verðfall komi neytendum mjólkurinnar hér verulega til tekna. Ég hefi ekki beinlínis skilið þetta frv. þannig, að það hefði nákvæmlega sama tilgang og frv. um kjötsöluna; það frv. skildist mér hafa þann tilgang að hefja verð vörunnar, sem þar um ræddi, sem var fallin niður fyrir það, sem mögulega gat átt sér stað til lengdar. Ég veit að vísu, að það mun vera nokkuð lágt verð á mjólkinni hjá sumum, sem selja mjólk sína hingað til Rvíkur. Ég hefi heyrt sagt, að það hafi jafnvel fallið niður í 13 aura í vasa framleiðandans. Þetta verð tel ég of lágt. En þó verð ég að álíta, að jafnvel þetta verð mjólkurinnar gefi þeim, sem hana framleiða, betri búskaparaðstöðu heldur en sauðfjárræktin. En aftur á móti heyri ég sagt, að í sumum mjólkurbúum hafi fengizt upp í 25 aur., og þegar það verð fæst árið um kring, þá er það langsamlega miklu glæsilegri útkoma en nokkurstaðar er hægt að fá af öðrum greinum landbúnaðarins. Mér skilst líka, að þetta frv. eigi að stuðla að því, að ekki verði haldið við þeim ósið og því ólagi, að mjólk, sem framleidd er í nágrenni Rvíkur, verði notuð til vinnslu, en svo flutt hingað til neyzlu mjólk t. d. austan úr Árnessýslu og norðan úr Borgarfirði, sem hefir viðgengizt hér að undanförnu.

Ég vil vona, og ég álít, að það verði að vera svo, að afleiðingarnar af þessu frv. verði þær, að mjólkurframleiðendur fái gott og sanngjarnt verð fyrir sína mjólk, en að hún geti samt lækkað í verði hjá neytendum hér í Rvík. Ég álít, að þegar svo er komið, að framleiðendur fá ekki nema 13—15 aur. í sinn vasa, en neytendur í Rvík verða að gefa 40—42 aur., þá sé sannarlega ástæða til að taka þetta mál til athugunar, því þessi mismunur er svo óeðlilegur, að ekki getur gengið.

**Jón Baldvinsson:** Mér skildist á hæstv. forsrh., að hann vildi taka til greina tilmæli mín um það, að ekki kæmi til atkv. að þessu sinni og þá ekki í þessari d. önnur brtt. á þskj. 553, sem er frá meiri hl. landbn. Mér finnst réttara að fresta þessari atkvgr. og sjá, hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um þetta í Nd. — Ég ætla ekki að fara inn á málið á breiðari grundvelli, af því að ég hefi lýst mig í aðalatriðunum samþ. því. Ég skal játa, að sú aths., sem ég hefi gert við 4. brtt., er ekki stórt atriði, en fyrir mér vakti að vera ekki að setja inn óþarfa ákvæði til þess að vekja deilur um málið. Hv. 1. þm. Skagf. hefir komið með till. til breyt. á þessu, þannig að fellt skuli niður, að þeir, sem brjóta l., skuli sæta ábyrgð. Hv. þm. talar einungis um bifreiðastjóra, eins og um þá eina sé að ræða. Það eru stjórnendur allra flutningatækja, sem um getur verið að ræða, skipstjóra á skipum, þá, sem flyttu mjólk í hjólbörum, þá, sem drægu handvagn, og þá, sem bæru mjólkina á bakinu, og er það þá sjálfsagt bakið á mönnunum, sem á að refsa. Þó ég slái upp á gaman við hv. 1. þm. Skagf. og hæstv. forsrh., sem hafa talað þannig um þessa gr., að þeir teldu hana illa orðaða og illa framkvæmanlega, þá finnst mér þeir ættu að hjálpa mér til þess að fella hana, en ekki greiða atkv. með henni.

**Magnús Guðmundsson:** Ég er hissa á þeirri andstöðu hv. 4. landsk. gegn því að refsa mönnum, sem vísvitandi brjóta l. Það getur verið, að ég hafi sérstaklega talað um bifreiðastjóra, en það er þá af því, að hann sjálfur nefndi þá sérstaklega. En auðvitað gildir þetta um alla, sem l. brjóta. Þar sem hv. þm. talar um að refsa bakinu á þeim mönnum, sem hafa borið óleyfilega mjólk, þá skal ég benda honum á, að í ákvæðinu stendur, að refsa skuli stjórnendum þeirra flutningstækja, sem hina óleyfilegu mjólk flytja, og geri ég ráð fyrir, að það sé maðurinn sjálfur, sem stjórnar bakinu, og því beri að refsa honum, en ekki bakinu. Með þessu er svarað útúrsnúningi hv. þm. á viðeigandi hátt.

ATKVGR.

Brtt. 537 teknar aftur.
— 553,I.1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 553,I.2 tekin aftur.
— 561,I.a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 561,I.b samþ. án atkvgr.
— 553,I.3, svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 445,a felld með 8:3 atkv.
— 445,b felld með 8:6 atkv.
— 445,c felld með 8:3 atkv.
— 492 felld með 8:5 atkv.
— 553,I.4, fyrri málsgr., samþ. með 12 shlj. atkv.
— 561,II samþ. með 11 shlj. atkv.
— 553,I.4, síðari málsgr., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.
— 561,III felld með 9:7 atkv.
— 553,II samþ. með 10:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PHerm, PM, SÁÓ, ÞBr, ÞÞ, BSt, HG, HermJ, IngP, JAJ, JBald, JJ, MG, EÁrna.

**nei:** MJ, GL.

Frv. afgr. til Nd.

---

Á 43. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 562).

Á 45. fundi í Nd., 24. nóv., var frv tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég sé ekki ástæðu til þess að fylgja þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum í þessari hv. d. Málið er komið frá Ed., eins og sjá má, og hefir þar verið tekið til allrækilegrar athugunar. Það hefir einnig farið hér fram einskonar 1. umr. um málið um leið og rætt var um kjötsöluna. Ég vil því ekki án þess að tilefni gefist fara að innleiða hér neinar umr. að sinni. Til þess verður sjálfsagt tækifæri þegar málið kemur frá n., og taka þá ýms ákvæði frv. til umr. Þó vil ég geta þess strax, að það eru nokkur atriði,

sem sérstaklega þarf að athuga, t. d. verðjöfnunargjaldið. — Um frv. í heild vil ég einungis segja það, að í Ed. hefir verið nokkurnveginn eining um afgreiðslu þess, að einungis 2—3 þm. greiddu atkv. gegn því, og ágreiningur ekki verið nema um tiltölulega fá atriði, sem ekki skipta verulega máli, að mínu áliti. — Þessi fáu orð get ég svo látið nægja við þessa umr., ef ekki gefst tilefni til frekari umr.

**Pétur Ottesen:** Ég vil einungis gera þá fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., hvort nú sé búið að ákveða verðjöfnunarsvæðin. Það er nfl. svo, að með núv. orðalagi frv. er það lagt á vald þeirrar n., sem um framkvæmd þessara l. á að sjá, að ákveða verðjöfnunarsvæðin. Og tiltölulega lítil trygging felst í frv. eins og það er nú fyrir þá menn, sem úr nokkurri fjarlægð hafa notið markaðs í Rvík, að þeir fái að njóta hans eftirleiðis. En mér finnst sjálfsagt að ganga þannig frá þessum l., að það sé fyllilega tryggt, að þessi þeirra réttur til markaðsins hér, sem þeir nú eru búnir að afla sér, verði eigi skertur. Ég átti nokkurt tal um þetta atriði við hv. landbn. Ed., sem málið hafði til meðferðar, en ég tel, að betur þurfi og tryggilegar frá þessu að ganga heldur en gert hefir verið í Ed. Og auðvitað eru möguleikar til þess hér undir meðferð málsins í d. En mér þykir skipta dálitlu máli, hvort nú þegar er búið að afmarka verðjöfnunarsvæðin.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég skil, við hvað hv. þm. á með þessari spurningu. Það er sjálfsagt viðvíkjandi því, hvað verðjöfnunarsvæðisskiptingin kann að snerta Bargarfjörð eða mjólkurbúið í Borgarnesi. Ég get upplýst það, að um þetta hefir ekki verið tekin sérstök ákvörðun í Ed., vegna þess, að búið var að ganga þannig frá því, að mjólkurbúið verður á því svæði, sem hv. þm. óskar eftir. Ég veit að vísu ekki, hvort enn er búið að ganga frá þessu með formlegri samþ. í n., en mér er um það kunnugt, að ef það er ekki enn búið að taka formlega ákvörðun um þetta, þá verður það gert nú næstu daga, áður en málið fer út úr þessari hv. d. Um þetta hefir verið mikið rætt undanfarna daga, að gefnu tilefni frá hv. þm. Mýr., og þess vegna hefir því verið hraðað í n. og þessi ákvörðun nú tekin, þótt e. t. v. sé það enn ekki formlega ákvarðað.

**Pétur Ottesen:** Mér skildist af upplýsingum hæstv. forsrh., að þetta mál hafi verið til meðferðar hjá n., en ekki muni nú vera búið að ganga formlega frá því, og veltur mikið á því, hvað á endanum verður ofan á, hvort ég og hv. þm. Mýr. sjáum ástæðu til þess að taka nánar fram um þetta í frv. sjálfu en gert er. En ég verð að segja það, að eftir þeim undirtektum, sem mér er sagt, að þetta mál hafi fengið hjá n., þrátt fyrir það, að hún nú endanlega taki e. t. v. þessa afstöðu til þess, þá geti verið álitamál, hvort ekki sé ástæða til að binda þetta nokkru fastar í l. en ennþá hefir verið gert, og munum við, ég og hv. þm. Mýr., taka það til athugunar undir meðferð málsins.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Já, það er viðvíkjandi þessu sama hjá hv. þm. Borgf. Ég vil taka það fram út af þessum umr. um þetta atriði frá hans hálfu, að það er rétt, að ágreiningur varð um það í mjólkurn., en mér er óhætt að staðhæfa þetta vegna viðtals míns við n. einmitt út af þessu, og vegna þess að hv. þm. Mýr. gerði sérstaka kröfu um það, að þessu yrði þannig fyrir komið, að mjólkurbúið vildi við una. Og málið er afgert í n. á þeim grundvelli, hvort sem það er nú formlega eða ekki. Þessi ummæli er mér óhætt að láta falla hér.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Áður en málið fer til n. í hv. d. vil ég um það segja nokkur orð, og benda á nokkur atriði, sem mér þykir sérstaklega ástæða til, að n. athugi. Þá er fyrst það atriði, sem snertir Rvík sérstaklega, að með l. eins og þessum er verið að ganga allverulega á rétt þeirra, sem til þessa hafa framleitt mjólk hér í lögsagnarumdæminu og haft af því sitt lífsframfæri og lagt mikið í kostnað við framleiðsluna. Það mun vera um ⅓ af allri mjólkurneyzlu bæjarmanna, sem fullnægt er á þennan hátt. Þar sem nú stendur til að gera slíka ráðstöfun sem þessa, finnst mér nauðsynlegt að taka tillit til þess arna og skapa þeim mönnum sérstöðu á einhvern hátt, sem hafa gert þetta að atvinnu sinni og lagt fram mikið fé í því skyni. Mér finnst óhjákvæmilegt að taka svo mikið tillit til þessara manna, að fyrirtæki þeirra sóu ekki lögð í rústir bótalaust. Ég sé ekki, að ríkisvaldið geti sölsað svo undir sig rétt einstaklinganna, án þess að fullar bætur komi fyrir, hvort svo sem þær bætur koma frá þeim framleiðendum, sem þarna er verið að létta undir með, eða úr ríkissjóði. Mér þætti trúlegt, að hv. landbn. gerði hv. d. það ljóst, hvað mikið hér er um að ræða, hversu mikil verðmæti hér á að eyðileggja, sem sé allt það kapital, sem lagt hefir verið í ræktun á bæjarlandinu og mjólkurframleiðslu af því. Þessar upplýsingar verða að koma fram, svo að hv. þdm. sé það ljóst, hvílíkar afleiðingar samþykkt l. hlýtur að hafa á þessa framleiðslu. — Það er ekkert smáræði, sem búið er að leggja í þessi ræktuðu lönd hér í nágrenni Rvíkur, byggingar, búfé o. fl. o. fl. Enda er nú svo komið, að þar er hægt að framleiða ⅓ hluta af allri þeirri mjólk, sem notuð er í Rvík. Mér þætti ekki ólíklegt, að tvær grímur færu að renna á suma hv. þm., er þeir heyrðu, hvað miklu tjónið nemur, sem yrði afleiðing þessara ráðstafana hér í kring um Rvíkurbæ. Og svipað ástand mun vera annarsstaðar, þar sem þessi l. ná til. — Þegar talað er um mjólkurmarkaðinn í Rvík, finnst mér öll sanngirni mæla með því, að þar sé átt við þann hluta neyzluvör*unnar í bænum, sem er umfram framleiðslu* bæjarmanna sjálfra. Það er ekki nema sjálfsagt, að þeir, sem framleiða góða mjólk hér í bænum eða við bæjardyrnar, hafi forgangsrétt að sölunni í bænum, en ekki nokkrir framleiðendur, sem búa langt í burtu og geta framleitt ódýrar en þeir, sem næst búa. — Í 5. gr. frv. er ákveði þess efnis, að mjólkurbúum skuli skylt að hafa ætíð næga neyzlumjólk á boðstólum.

Ég veit ekki, hver viðurlög eiga að verða, sé þessu ákvæði ekki framfylgt. Ég vil benda á það, að á veturna getur komið fyrir, að vikum saman sé ekki hægt að hafa samgöngur við Suðurlandsundirlendið frá Rvík. Og minnki nú mjólkurframleiðslan hér í nágrenni Rvíkur um allan helming eða leggist kannske alveg niður á næstu árum, getur vel farið svo, að engin leið verði til þess að framkvæma þetta atriði l. Og eftir því sem fjölgar fólki í bænum, er meiri hætta bundin við það, að reiða sig á aðflutning þessarar neyzluvöru yfir veg, sem getur lokazt langtímum saman að vetrarlagi.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** (óyfirl.): Út af ummælum hv. 5. þm. Reykv. vildi ég segja nokkur orð. Hann heldur því fram, að með l. þessum sé gengið á rétt framleiðenda hér í nágrenni Rvíkur. Þetta er sá misskilningur, sem hvað eftir annað hefir látið á sér bera í umr. um þetta mál, bæði á Alþ. og utan þess. Ég vil þá fyrst geta þess, að verðjöfnunargjaldið er ekki lagt nema að nokkru leyti á mjólkurframleiðendur innan lögsagnarumdæmis Rvíkur. Ekkert verðjöfnunargjald er lagt á þá framleiðslu, sem byggð er á grasnyt. En á þá framleiðslu, sem má kalla verksmiðjuframleiðslu, er lagt verðjöfnunargjald. Þetta er framleiðsla, sem að mestu leyti er byggð á notkun erlends fóðurbætis, skapar svo að segja enga atvinnu hér í bænum, en kostar okkur allmikið af dýrmætum gjaldeyri út úr landinu. Á þessa framleiðslu tel ég sjálfsagt að leggja verðjöfnunargjald, af því að hér eru nóg skilyrði til þess að framleiða mjólk á eðlilegan hátt, sem skapaði atvinnu hér í landinu sjálfu. Og þar við bætist, að með þessari verksmiðjuframleiðslu mjólkur fæst verri vara en með hinni aðferðinni. — Ég heyri, að það hnussar í hv. 5. þm. Reykv. En þetta var mælt síðastl. vetur, það var mælt fitumagn mjólkur, sem framleidd er í lögsagnarumdæmi Rvíkur, og mjólkur austan úr sveitum. Það kom í ljós, að fitumagn Rvíkurmjólkurinnar var 2,5%. Þessi mjólk er tiltölulega bragðgóð, og fólk heldur, að það sé að kaupa ágæta mjólk. Á sama tíma var gerð rannsókn á fitumagni mjólkur austan úr Þykkvabæ, og í henni var alltaf 3,7% fitumagn. Ég sé enga ástæðu til þess að vernda sérstaklega verri framleiðsluna, þegar líka er svo ástatt, að hún eykur atvinnuleysi í landinu. Framleiðendum í Rvík hefir verið sýnd sú tillitssemi, að þeir þurfa ekki að greiða verðjöfnunargjald af eðlilegri framleiðslu. Þetta er meira en gert hefir verið erlendis, þar sem mjólkursalan hefir verið skipulögð á líkan hátt og hér. — Það er rétt, að framleiðendur þeir, sem næst bænum búa, hafa bezta aðstöðu til þess að selja mjólkina óskemmda til neytendanna daglega. Erlendis er tekið tillit til þessa á þann hátt, að þeir, sem búa næst bænum, fá nokkru hærra verð fyrir mjólk sína en aðrir. En hér er ætlazt til þess, að í ofanálag við verðuppbót sleppi framleiðendur í Rvík við verðjöfnunargjaldið að talsverðu leyti. Það sjá allir af þessu, að fullri sanngirni hefir verið beitt gagnvart mjólkurframleiðendum í Rvík. Þeir hafa langbezta aðstöðuna til þess að koma vöru sinni á markað, og samt fá þeir undanþágu frá verðjöfnunargjaldi. Það er því gersamlega ástæðulaust að deila á frv. undir því yfirskyni, að með því sé verið að verja hagsmuni þessara framleiðenda. Fyrir hvað borga menn verðjöfnunargjaldið? Verðjöfnunargjaldið er greitt til þess, að þeir, sem inna það af hendi, fái að sitja að markaðinum með neyzlumjólkina, svo að þeir, sem fjær búa, keppi ekki við þá, sem búa næst, á þessu sviði. Nærsveitarmenn greiða verðjöfnunargjaldið til þess að fá að vera í friði með þennan markað, sem er bezti markaðurinn. Hinir verða aðallega að vinna úr sinni mjólk. Og l. gera ráð fyrir, að Rvíkingar fái þessi fríðindi fyrir það brot af verðjöfnunargjaldi, sem þeim er gert að greiða.

En það, sem mest hefir verið deilt á frv. fyrir við þessa umr., er það, að með ákvæðum þess sé beina salan afnumin, nú eigi að fara að skylda þá, sem búa hér í lögsagnarumdæminu, til þess að selja mjólk sína gegnum sölumiðstöð og láta gerilsneyða hana, nú megi menn ekki dreifa mjólk sinni út sjálfir og hafa atvinnu af því, o. s. frv. Í þessum ásökunum kemur fram annar aðalmisskilningurinn í sambandi við þetta mál. Menn greiða verðjöfnunargjaldið til þess að fá að sitja að markaðinum fyrir neyzlumjólkina. Þess vegna er það ranglátt að leyfa eftir sem áður beina sölu til bæjarins. Segjum svo, að nokkur hluti bænda seldi beint, en aðrir gegnum sölumiðstöð, þá hefðu þeir, sem greiða verðjöfnunargjaldið, enga tryggingu fyrir því, að þeirra mjólk yrði ekki undir í samkeppninni við mjólk sölumiðstöðvarinnar. Ég tók það dæmi í Ed. á dögunum, að þetta væri það sama og sagt væri við kjötframleiðendur einhverrar sýslu í verðjöfnunarsvæði Rvíkur: Þið greiðið verðjöfnunargjaldið og megið selja beint, aðrir verða að hafa sölusamtök. Þarna mundi slá í harða samkeppni milli þeirra, sem seldu beint, og hinna, sem seldu með sölusamtökum, og greiðendur verðjöfnunargjaldsins hefðu enga tryggingu fyrir því, að vara þeirra gengi út. Það sama yrði uppi á teningnum, ef Reykvíkingar ættu að fá að selja mjólk sína beint. Og þessi samkeppni er ekki ný. Síðan sölusamtök hófust milli mjólkurbúanna hér í kring, hefir þessi samkeppni milli beinu sölunnar og samtakanna átt sér stað. Einn af hyggnustu mjólkurframleiðendum í Rvík hefir sagt mér og leyft að hafa eftir sér, að hann telji beinu söluna mjög óhagstæða. Hann hefði áður selt á 40 au. lítr., en sér hefði veizt svo erfitt að koma mjólk sinni út í samkeppninni við samtökin, að hann hætti beinu sölunni, og fær nú aðeins 30 au. fyrir lítrann, en segir, að það borgi sig betur en beina salan. Þetta sannar það, sem ég hefi haldið fram, að þegar beina salan á í samkeppni við skipulagða sölu utan að, þá er engin trygging fyrir því, að þeir, sem nota gamla fyrirkomulagið, komi vöru sinni út. Þeir framleiðendur, sem selt hafa beint til Rvíkur undanfarið, hafa orðið svo útundan annað slagið, að þeir hafa verið komnir upp á náð Mjólkurfél. Rvíkur með að taka við afganginum af mjólk þeirra, þetta 70—250 lítr.

á dag, þeir koma henni ekki út. Og ætti að hafa sölumiðstöð og beina sölu samtímis, mundi allt lenda í sama öngþveitinu með mjólkursöluna hér í bæ, sem reynslan hefir sýnt undanfarin ár. Enda er það vitað, að þrír stærstu framleiðendurnir í nágrenni Rvíkur vilja hafa samtök um söluna, þeim er orðið það ljóst, að beina salan er ekki fær leið. Enda væru það bein svik við þá, sem greitt hafa verðjöfnunargjaldið. Einungis með sölumiðstöð er hægt að tryggja þeim það, sem þeim ber sem endurgjald, að fá að sitja að markaðinum fyrir neyzlumjólkina. Sölumiðstöðin er því beinlínis í þeirra þágu, sem verðjöfnunargjaldið greiða. — Hvernig færi fyrir mjólkurframleiðslunni í nágrenni Rvíkur, sem hv. 5. þm. Reykv. lýsir svo, að hún sé dýrari og erfiðari en önnur framleiðsla, og þarf því að selja dýrara, ef sölumiðstöð, sem seldi ódýrari mjólk, væri til þess að keppa við hana? Og væri nokkur sanngirni í því að láta þessa dýrari framleiðslu greiða verðjöfnunargjald, en hleypa samt ódýrari framleiðslunni að markaðinum? Nei, hér er um að ræða algerðan misskilning, ef það er þá ekki tilraun til þess að blekkja mjólkurframleiðendur í nágrenni Rvíkur um l., og æsa þá upp gegn þeim. En beztu menninir í þeim hópi hafa ekki látið blekkjast af þeirri agitation, sem þyrlað hefir verið upp um málið, heldur skilja, að fyrirkomulag l. er nauðsynlegt og æskilegt.

**Pétur Halldórsson** óyfirl.]: Hæstv. forsrh. virðist hafa öðru að sinna nú sem stendur en að hlusta á mig. Mér fannst hann eiginlega snúa öllu öfugt í ræðu sinni. Hann hélt því fram, að dregið væri úr ranglæti l. gagnvart framleiðendum í nágrenni Rvíkur með því að undanþiggja hverja kú, sem fædd væri á heyi af 1 hektara ræktuðu landi, verðjöfnunargjaldi. Ég viðurkenni, að þetta er þó nokkur bót. Og þetta er viðurkenning frá ráðh. hálfu á því, að ég hafi haft rétt fyrir mér í aðalatriðunum. Hann vill samt aðeins fara meðalveg,en ekki fullnægja öllu réttlæti. En hann viðurkennir með þessu, að það princip mitt er rétt, að það komi ekki til mála að fyrirskipa mjólkurframleiðendum í Rvík og nágrenni, sem nú framleiða ⅓ af allri neyzlumjólk í bænum, að afhenda sölumiðstöð mjólk sína með sömu skilyrðum og þeir, sem flytja mjólk að austan úr sveitum eða ofan úr Borgarfirði. — Hæstv. ráðh. hélt, að hann afsannaði eitthvað í ræðu minni með því að hafa það upp eftir mér, að framleiðsla mjólkur á bæjarlandinu væri dýrari en víðast hvar annarsstaðar. Og hann vildi segja, að ég hefði haldið því fram, að þar sem þessi framleiðsla væri dýrari, ætti hún að draga sig til baka. En þetta er þveröfugt við það, sem ég sagði.' Þessi framleiðsla kringum Rvík hefir skapazt vegna markaðsins í bænum. En afstaða þessarar framleiðslu gerbreytist, ef Alþ. ætlar að fara að meina henni aðgang að þessum markaði. Og ætli Alþ. sér að kippa fótunum undan þessari framleiðslu með samþykkt þessara l., þá verður það einnig að bæta það tjón, sem af þessu leiðir, ekki að hálfu eða að nokkru leyti, heldur að öllu leyti. Hæstv. ráðh. kallaði mikinn hluta framleiðslunnar í nágrenni Rvíkur verksmiðjuframleiðslu. Þetta er nú ekkert nema innantómt slagorð. Hann telur, að sú mjólk, sem framleidd er á erlendum fóðurbæti, sé verksmiðjuframleiðsla, sem kosti gjaldeyri og spilli atvinnu í landinu. Ég held þó, að það sé almenn skoðun, að gefa þurfi fóðurbæti, til þess að sæmilegur árangur fáist, eigi að selja afurðirnar á frjálsum markaði. Ekki aðeins til þess, að kapitalið — nefnilega kýrin — hagnýtist betur, heldur líka vegna þess, að það bætir mjólkina. Mér skilst, að ríkisbúin á Vífilstöðum og víðar noti fóðurbæti, og hefir það ekki verið talið þeim til lasts, heldur sem framför. Nú er þetta allt í einu orðið til tjóns þjóðfélaginu og sá vargur í véum, sem notar fóðurbætir til mjólkurframleiðslu. Þá er það einnig talið óhæfilegt að framleiða mjólk að einhverju leyti á aðkeyptu heyi. Ég hefi nú varla heyrt verri setningu. Í fyrra var hagstæð tíð og taða ágæt norðanlands, en votviðri og ill hey hér á Suðurlandi. Er það þá goðgá að kaupa hey á Norðurlandi og flytja til Suðurlands? Er það til tjóns fyrir þjóðarbúið, að heyið sé keypt í Norðurlandi, og bændur þar verr að því komnir en þeir bændur austantjalls, sem framleiða mjólk til að selja. Og er það þjóðarhagur að framleiða heldur mjólk og flytja hana daglega á sölustaðinn langan veg til sölustaðar, fremur en að flytja heyið að sér á bílum að sumrinu þaðan, sem bezt er að framleiða það? Er það, segi ég, meiri þjóðarhagur að flytja nýmjólkina daglega en að flytja heyið þegar aðstaða er bezt með samgöngur og flutninga? Nei, það er ekki þjóðarhagur. Þá vil ég segja það, að ef Reykvíkingar fá að vera í friði með sína mjólkurframleiðslu — sem er sjálfsagt —, þá eiga aðrir mjólkurframleiðendur hér sunnan lands fullan rétt á að koma sér saman um, hvernig þeir selja mjólkina, og yfirleitt að gera þær ráðstafanir, sem þeir telja heppilegastar til þess að hagnýta markaðinn sem bezt. En ríkið á ekki að ráðstafa þessu, nema í hæsta lagi að hjálpa til, ef talið er, að slík samlög borgi sig betur en að hver sé út af fyrir sig. En eigi að neyða einstaklingana undir slíkar þvingunarráðstafanir með löggjöf, verða fullar bætur að koma fyrir.

Hæstv. ráðh. sagði til sönnunar því, að þetta fyrirkomulag væri betra, að einhver mjólkurframleiðandi hér í Rvík hefði talið sér hag að því að selja mjólkina þannig í einu lagi heldur en að selja hana beint til neytenda. Þetta sannar í hæsta lagi, að það séu takmörk fyrir því, hvað mjólkurbú megi vera stór, en þarf þó ekki að sanna það, en getur aldrei sannað annað. En við skulum segja, að það sanni þetta. En það raskar engu í aðalatriðum, því þeir eru ekki margir, sem falla undir þá reglu, að ekki borgi sig fyrir þá að selja beint. Nú er því svarað til, að engin löggjöf banni mönnunum að ganga í Mjólkurfél. Rvíkur, og það gera sjálfsagt allir, sem sjá sér hagnað af þeim markaði. En þetta þýðir ekki að nefna; það sannar allt annað en það átti að sanna, og

kannske sannar það ekki neitt. Hæstv. ráðh. sagði, að réttlæti þessara laga byggðist á því, að Reykvíkingar og nærsveitarmenn væru að kaupa þá, sem fjær byggju, út af markaðinum, svo þeim gengi salan betur og verðið héldist uppi. Og það er rétt, ef svo mætti segja, að þessir menn hafa 1. veðrétt í markaðinum í Rvík. Í fyrsta lagi til eigin þarfa heimilanna, og svo er eðlilegt að selja nágrönnum, ef menn telja sér hagnað af því. En það er ekki með nokkru móti hægt að gera það sameiginlegt mál með þeim, sem framleiða mjólkina úti á landi og ekki hafa neinn markað fyrir hana eða þörf í heimilið. Það er allt annað að framleiða mjólk til vinnslu eða á daglegan markað. Það er því rangt að setja alla undir sömu lög. Skilyrðin eru ekki öll jöfn, t. d. í Reykjavík og Skaftafellssýslu. Mér finnst því princip laganna rangt,

Hæstv. forsrh. sagði, að Reykvíkingum væri ætlað að hafa mjólk úr 1 kú fyrir hvern ha. af ræktuðu landi undanþegna skatti. Einnig viðurkenndi hæstv. ráðh., að til mála gæti komið að borga hærra fyrir mjólkina í Rvík en aðra mjólk. Ég viðurkenni rétt annara til frjálsra viðskipta, eða að koma sér saman um þau, ef það er ekki til tjóns fyrir þá, sem fyrst og fremst eiga að búa að markaðinum.

Hæstv. fors.- og búnaðarmálarh. viðurkenndi rétt princip að borga hærra verð fyrir mjólkina í Rvík og taka nokkurt tillit til hærra verðlags við framleiðsluna. Þótti mér vænt um að heyra hæstv. ráðh. viðurkenna, að sanngjarnt væri að greiða framleiðendum í Rvík hærra verð en öðrum. En þá er að koma sér saman um, hvað það verð ætti að vera. Þar er ekki sízt talað mikið um að fá framleiðslukostnað. Þetta álít ég, að sé alröng setning, en skal þó ekki fara lengra út í það.

En yfirleitt mun vera litið svo á, að útsöluverð mjólkurinnar hér í Rvík hafi verið svo hátt, að framleiðendur hafi fengið greiddan framleiðslukostnað á sinni mjólk.

Þessi setning hæstv. forsrh., að sumir mjólkurframleiðendurnir eigi að fá verðlaun fyrir að halda sinni mjólk frá markaðinum, byggist á þeim misskilningi — þar til annað verður sannað —, að þeir hafi sama rétt til verðs eins og þeir, sem framleiða á bæjarlandinu, og að þetta sé gert til þess að tryggja Reykvíkingum að njóta markaðsins. En það þýðir ekki að bera það fram, að það sé gert vegna Reykvíkinga, því þeir munu alltaf hafa selt sína mjólk. Við skulum því bíða með lagasetningu vegna Rvíkur, þar til mjólkurframleiðendur þar biðja um hana, því þeir munu gera það, ef þeir álíta sér hagnað að því. Og þar þá engin skylda til að veita þeim nokkur sérréttindi, ef þeir óska eftir svona löggjöf. (PZ: Hvað var það mikið af mjólkinni í fyrra, sem ekki var selt?). Ég er búinn að minnast á, að þó einn og einn framleiðandi hafi ekki selt alla mjólkina um tíma, er það engin sönnun í þessu máli.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég hefi því miður ekki heyrt nema lítið af ræðu hv. 5. þm. Reykv., því ég þurfti að vera við atkvgr. í Ed. En ég vil þó gera aths. við nokkur þau atriði, sem ég heyrði. Það er þá fyrst við þá setningu í ræðu hv. þm., þar sem hann sagði, að Reykvíkingar hefðu einhvern einkarétt á sölu mjólkur í bæinn, hefðu 1. veðrétt í markaðinum. En þetta er hreinn misskilningur. Það er ómögulegt að útiloka, að mjólk utan af landi streymi til Rvíkur, ef sæmileg aðstaða er til flutninga, nema samþ. lög um aðflutningsbann. Ef menn hafa leyfi til að bjóða mjólkina hver í kapp við annan, er ómögulegt að halda uppi verðinu. Því verður að takmarka framboðið með verðjöfnuði. Þetta verður að viðurkennast. Og ég veit um bónda með stórt bú, er telur sér hag að því að selja mjólkina í 3 staði undir því skipulagi, sem nú er, heldur en í marga staði eins og áður var.

Önnur mótsetning kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., er hann talaði um mjólkurlögin. Hann sagði, að það yrði að taka tillit til þess, að Reykvíkingar yrðu að fá hátt verð, því framleiðslan væri þeim svo dýr. Umboðsmenn Rvíkur komast nefnilega alltaf í mótsögn í þessum málum, því neytendurnir, sem eru meiri hl. kjósendanna, vilja fá ódýra mjólk, en framleiðendurnir þurfa að selja dýrt, og hagsmunirnir stangast þannig. — Ég vil svo undirstrika sem mín síðustu orð, að því er haldið fram, að þeir, sem búa á landi Rvíkur, eigi ekki að greiða verðjöfnunargjald, og að ekki eigi að þvinga þá til að flytja sína mjólk í sölumiðstöð. En hvernig búast þessir menn við, að hægt sé að halda mjólk utan Rvíkur burt af markaðinum, ef Reykvíkingar vilja ekkert til þess vinna að fá að sitja fyrir honum? Þetta er ómögulegt nema með aðflutningsbanni. — Og það er ómögulegt nema þeir, sem að betri markaðinum búa, iáti nokkuð af mörkum til verðjöfnunar. Ég staðhæfi, að Reykvíkingum hefir verið sýnd fyllsta sanngirni í þessu máli, og að lengra hefir verið gengið þeim til ívilnunar en alstaðar annarsstaðar, þar sem hliðstæð löggjöf hefir verið sett. Er því óþarfi að hreyfa því hér í hv. d., að þar hafi ekki verið sýnd sanngirni, því það er algerlega rangt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JJós, JÓl, JónP, JS, JG, PZ, PO, SigfJ, TT, ÁÁ, BJ, BÁ, EystJ, FJ, GG, GSv, GÍ, GTh, JörB.

**nei:** PHalld.

SK, JakM, GP greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (HV, MT, ÓTh, PÞ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BB, EmJ, HannJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 562, n. 736, 737, 749, 768, 801).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 801. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Málið er orðið svo þaulrætt hér á þingi, að ekki þarf margt um það að segja. Tilgangur þess er að gera mjólkurframleiðendum mjólkina verðmætari en nú er, án þess að íþyngja neytendum í kaupstöðum. Eftir þá miklu mjólkurlækkun, sem komið hefir verið á smátt og smátt síðustu 10 árin, er svo komið, að slíkt ósamræmi er nú milli framleiðslukostnaðar og söluverðs, að margir framleiðendur ganga frá skiptunum með meiri eða minni skaða.

Til þess að ná þessu takmarki hefir aðallega verið bent á tvær leiðir. Önnur er sú, að skipuleggja mjólkursöluna og fækka mjólkurbúðunum í bænum, sem gleypa alltof mikinn hluta af útsöluverðinu. Úr þessu á að bæta með því að koma á samsölu á mjólkinni og jafnframt fækkun útsölustaðanna. — Annað ólag á mjólkurverzluninni hefir verið í því fólgið, að menn hér í nágrenninu hafa keppt svo hver við annan að koma mjólkinni út, þegar of mikið hefir verið framboðið, með því t. d. að bjóða alltaf hærra og hærra sölugjald og á þann hátt verðfellt hana smátt og smátt fyrir sér og öðrum án þess að útsöluverðið lækkaði. Og á sama tíma og yfirfullt hefir verið á markaðinum, svo að vinna hefir þurft úr mjólkurafgangunum hér í nágrenninu, hafa austanbúin oft með ærnum kostnaði, t. d. í ófærð að vetrinum, verið að berjast við að flytja mjólk til bæjarins, þó að þau hafi ekki fengið upp úr því nettó nema vinnsluverð, eða tæplega það. Með þessari löggjöf er hugsað að koma á verkaskiptingu milli þessara manna. Þeir, sem framleiða mjólk hér í nágrenninu, sitja fyrst og fremst að mjólkurmarkaði hér, og hinir verða að víkja af markaðinum, nema meiri mjólkur sé þörf. En þeir taka aftur að sér að vinna úr mjólkinni aðrar vörur eftir þörfum. En til þess að skapa nokkurn jöfnuð, verða þeir, sem sitja að markaðinum og njóta þannig hlunninda umfram hina, að leggja á sig nokkrar kvaðir, til þess að bæta hinum upp það, sem þeir missa. Það er verðjöfnunargjaldið. Þó er ákveðið í frv., að nokkur hluti þeirrar mjólkur, sem framleidd er hér í kaupstaðnum, skuli undanþegin verðjöfnunargjaldinu að nokkru leyti. Þessir menn fá þannig að vísu forréttindi fram yfir aðra, sem selja til bæjarins. Um þetta hefir mikið verið deilt, en ég álít, að þetta sé sanngjarnt. Mjólkurframleiðsla hér á bæjarlandinu er dýrari en í nærsveitunum og austanfjalls. Það mætti auðvitað halda því fram, að það væri rétt að stuðla að því að framleiða mjólkina þar, sem það væri ódýrast, án sérstaks tillits til staðhátta. En á meðan svo er háttað um samgöngur, að það geta verið langir kaflar á veturna, sem ómögulegt er að komast með mjólk á markaðinn reglulega og í tæka tíð, þá verður að vera til mjólk, sem alltaf má grípa til, á réttum tíma. Það er því sjálfsagt, á meðan þannig er ástatt, að tryggja þá mjólkurframleiðslu að mestu, sem nú er í bæjarlandinu, svo að hún geti verið sem varasjóður fyrir bæinn, þegar ekki er hægt að flytja mjólkina lengra að. Af þessu leiðir, að það verður að tryggja framleiðendunum hér hærra verð en þeim, sem fjær búa. Á sama hátt má segja, að framleiðslan sé dýrari í nágrenni Rvíkur en í hinum frjósömu sveitum austanfjalls, og ef nýmjólkurframleiðslan á að þrífast þar, þá verður mjólkin, sem þar er framleidd, að vera í hærra verði en sú mjólk, sem framleidd er austanfjalls. En nauðsynin fyrir því, að mjólkurframleiðslan geti þrifizt þar er sú hin sama og ég minntist á áður. Sú mjólk er nær hendi, og það er venjulega tryggt, að hægt er að ná í hana fljótlega, þó að samgöngur teppist austur yfir fjallið. Mjólkin, sem framleidd er á bæjarlandinu, er óruggust, er samgöngur teppast; þar næst mjólkin í nærsveitunum. Þess vegna verða neytendur að leggja á sig þá kvöð að borga hana því verði, að það svari kostnaði að framleiða hana, þó nokkuð sé hærra en á þeirri mjólk, sem framleidd er fjær, en stundum getur verið ókleift að ná í tæka tíð. Það verður að tryggja það, að í nágrenni Rvíkur og nærsveitunum geti þrifizt svo mikil nýmjólkurframleiðsla, að bærinn sé aldrei mjólkurlaus. Mjólkurverðlagsnefnd verður að gera sér grein fyrir þessu.

Ég skal svo fara út í brtt., sem n. hefir orðið sammála um. Það stendur að vísu á þskj. 737, að brtt. séu frá meiri hl. landbn., en um meginhluta þeirra stóð n. öll saman. Það voru tveir nm., sem vildu ganga lengra, og hafa þeir flutt brtt. á þskj. 749, en ég ætla ekki að fara út í þær fyrr en frsm. minni hl. hefir talað fyrir þeim.

Fyrsta brtt. er við 2. gr., að á eftir orðunum „ef sérstök þörf krefur" í síðari málsl. fyrri málsgr. komi: þó aldrei meira en allt að 8%. — Samkv. l. á verðjöfnunargjaldið að vera minnst 5%, en svo má hækka það, ef þörf krefur, en það er ekki tiltekið, hvað mikið má hækka það. En samkv. brtt. má það ekki fara upp úr 8%. Þetta er því svipað hámark og er í kjötsölulögunum. Ég hygg, að það komi aldrei til, að það þurfi að fara upp úr 8%. — B-liður brtt. er við 2. gr., að á eftir orðunum „fullræktaðan hektara af túni" í síðari málsgr. komi: og hlutfallslega fyrir brot úr hektara. — Ákvæðið um það, að mjólk úr jafnmörgum kúm og maðurinn á fullræktaða hektara skuli vera undanþegin verðjöfnunargjaldi, gildir, þó að ekki sé um heilan hektara að ræða. Ég býst við, að meiningin hafi verið þessi, en það er ekki tekið fram í frv., og þótti okkur því rétt að koma með brtt. um það. — Svo er c-liður brtt. um það, að aftan við sömu málsgr. bætist nýr málsliður: Undanþága þessi nær þó eigi til hærra verðjöfnunargjalds en 5%. — Með þessu er átt við það, að ef verðjöfnunargjaldið fer upp úr 5%, þá kemur sú hækkun á mjólk, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi. Andmæli hafa komið fram gegn þessu utanþings, og býst ég við, að um þetta verði rætt síðar í d., og mun ég ekki ræða um það að sinni.

Meginbreyt. er við 5. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir því, að allir, sem framleiða mjólk í Rvík, séu skildir til að selja hana gegnum mjólkursölumiðstöð. Öllum þessum mönnum er nú gefinn kostur á að velja um, hvort þeir vilja selja mjólk sína gegnum sölumiðstöð og

verða aðnjótandi þeirra hlunninda að vera undanþegnir því að greiða verðjöfnunargjald, eða að selja mjólkina ógerilsneydda beint og greiða verðjöfnunargjald. Margir af mjólkurframleiðendum í Rvík hafa komið til landbn. og óskað eftir því, að þetta ákvæði næði fram að ganga, og fullyrt, að framkvæmd l. myndi verða miklu vinsælli, ef þetta næði fram að ganga. N. féllst á að leggja þetta til. En ég er sannfærður um, að ef vel tekst til um samsöluna, þá munu flestir eða allir framleiðendur í Rvík koma inn í hana, en n. vill ekki þvinga þá til þess, en gefa þeim kost á að fara hina leiðina, ef þeir vilja það heldur. Ég geri ráð fyrir, að þetta verði mýkra í framkvæmd l., og n. leggur því eindregið til, að þessi heimild verði samþ. — B-liður 2. brtt. er aðeins formsbreyting, sem nauðsynleg er vegna efnisbreytingar, sem er orðin á c-lið gr., því að ákvæðið á við upphaf gr., en ekki alla gr. — C-liður er sjálfsögð afleiðing af a-lið 2. brtt., að undanþiggja þá mjólk, sem seld er beint, frá því að vera gerilsneydd. Í brtt. er ákvæði um það, að þeir, sem selja beint, verði að sætta sig við að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar, sem sett verða í reglugerð, er mjólkursölunefnd semur og landbúnaðarráðherra staðfestir. Þetta verða þeir að gera sökum þess, að þeim er leyft að selja mjólkina ógerilsneydda.

3. brtt., við 14. gr. frv., er engin veruleg efnisbreyt., því þar eru aðeins færð saman í eitt ákvæðin um sektir gegn brotum á l. Okkur fannst betra að hafa þetta í einni gr., og sömuleiðis að hafa ákvæði um, að mjólkursölunefnd geti svipt mjólkurframleiðanda rétti til beinnar sölu til neytenda, ef henni þykir hann misbeita þeirri heimild sinni, eða nota hana gagnstætt tilgangi laga þessara, í þessari sömu gr. Það hefir komið fram hjá ýmsum, að það gæti komið fyrir, þegar menn mega ráða því sjálfir, hvort þeir selja í gegnum sölumiðstöð eða beint, að tveir menn kæmu sér saman um það, að ef annar selur í gegnum sölumiðstöð, en hinn beint, þá tæki sá, sem selur beint, nokkuð af mjólk hins og selji hana beint. En n. hlyti að geta sannfært sig um það, ef þetta ætti sér stað, og er nauðsynlegt, að reynt sé að koma í veg fyrir það, og að n. hafi heimild til þess að girða fyrir það. — 4. brtt. er lítilsháttar breyt. við 15. gr. B-liður till. er um það, að 2. og 3. málsgr. 15. gr. falli burt, og eru þau ákvæði komin í 14. gr. samkv. brtt. okkar.

5. brtt. er við ákvæðið um stundarsakir, að síðari málsgr. falli burt. Það er búið að taka það fram í 16. gr., hvenær l. eigi að öðlast gildi, og er viðkunnanlegra að láta þetta ákvæði um stundarsakir fylgja þeirri gr. um það, hvenær það eigi að öðlast gildi, og er því þetta viðlagsákvæði óþarft.

Ég held, að ég sé búinn að minnast á öll aðalatriðin, en um hinar brtt. mun ég ekki tala fyrr en flm. hafa gert grein fyrir þeim.

**Jón Pálmason:** Ég geri ráð fyrir, að flestum, sem fylgdust með málefnum landbúnaðarins, hafi verið ljóst, að nauðsynlegt væri að setja l. um sölu mjólkur í Rvík og í Hafnarfirði. Það er kunnugt, að svo að segja hver einasti þm. er fylgjandi því, að sett séu lög um þetta efni. Það er eðlilegt, að menn greini á um það, með hverjum hætti þetta skuli vera. Ég skal þá fyrst víkja að áliti minu á því, hver sá grundvöllur eigi að vera, sem löggjöf um þetta efni á að byggjast á, og hver nauðsyn sé á því, að sett séu l. þar um.

Ég skal svo fara fáum orðum um það, sem hv. frsm. vék að, að brýn þörf er á því að koma á sem fyllstri verkaskiptingu milli nýmjólkurframleiðenda, þannig, að þeir, sem fjærst búa markaðinum, vinni úr mjólkinni, en hinir borgi verðjöfnunargjald, til þess að bæta þeim upp, svo að þeir keppi ekki um markaðinn við þá, sem nær búa. Annað, sem löggjöfin verður að byggjast á, er að koma verður í veg fyrir það, að sölukostnaðurinn sé eins mikill og þegar margir framleiðendur keppa um markaðinn. Þó að þessi grundvöllur sé tryggður með l., þá verður auðvitað að athuga, hve langt á að ganga í því að þvinga einstaklinga og samvinnufélög undir opinbert vald. Ég skal taka það fram, að ég tilheyri þeim flokki, sem vill leysa vandamálin með frjálsum samtökum einstaklinganna og láta ríkisvaldið ekki grípa inn í nema sérstök þörf sé fyrir hendi. Þessi skoðun kemur fram í brtt. okkar hv. þm. Ak., og skal ég nú snúa mér inn á það svið, þar sem ágreiningur er í hv. landbn. Fyrst skal ég víkja að því, að landbn. er sammála um að gera þá breyt. á frv., sem hér liggur fyrir, að mjólkurframleiðendur í bæjunum megi velja um, hvort þeir vilja selja beint og borga verðjöfnunargjald, eða hafa þá undanþágu, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég verð að halda fast við það, að það er óeðlilegt að knýja mjólkurframleiðendur inn í samsölu og valda þeim þannig óþarfa kostnaði. Hitt er eðlilegt og réttmætt, að þeir borgi verðjöfnunargjald til þess að losna við óheppilega samkeppni frá þeim, sem fjær búa, það hefir komið fyrir, að menn í Rvík hafa orðið að vinna úr mjólk sinni, en Árnesingar hafa þá verið að brölta með mjólk sína að austan yfir Hellisheiði hálfófæra. En þetta ætti ekki að koma fyrir, ef skipulagsins er gætt.

Stærsti ágreiningurinn milli okkar í landbn. er um hámark verðjöfnunargjaldsins. Meiri hl. vill hafa hámarkið 8%, en ég og hv. þm. Ak. viljum hafa það 6%. Það kann nú að vera, að mönnum finnist það ekki skipta miklu máli, hvort hámarkið er 6% eða 8%. En ég vil biðja menn að athuga, að hér er um töluverðan skatt að ræða á mjólkurframleiðendur í bæjunum og nágrenni þeirra. Ég ætla að fara ofurlítið út í það reikningslega. Eftir því takmarki, sem n. vill setja á ársnyt í Rvík, — en það eru 3000 lítrar á kú —, verður verðjöfnunargjaldið, ef hámarkið er 6%, 72 kr. á kú á ári, en 96 kr., ef verðjöfnunargjaldið er 8%. Ef við göngum út frá því, að takmarkið sé það, sem ég og hv. þm. Ak. stingum upp á, og ef allir framleiðendur í Rvík binda sig við þetta eina verðlagssvæði — en þessi l. hafa lítla þýðingu fyrir aðra en þá, sem framleiða mjólk í Rvík og

Hafnarfirði og því umhverfi, sem nær til þessara staða — og selja mjólkina beint, þá nemur verðjöfnunargjaldið, ef reiknað er með 6%, 47095 kr., því það mun láta nærri, að hér sé um 2 millj. lítra að ræða. Á svæði Mjólkurfélags Rvíkur, sem selur 2½ millj. lítra, nemur verðjöfnunargjaldið 60 þús. kr., og Thor Jensen, sem selur um 900 þús. lítra, verður þá að borga í verðjöfnunarsjóð 21600 kr. M. ö. o. verður þá verðjöfnunargjaldið, ef reiknað er með þessu hámarki, 129 þús. kr., en ef reiknað væri með 8%, 172 þús. kr. Það verður að gera sér grein fyrir því, til hvers á að nota þetta gjald og hve mikil þörf er fyrir að hafa það hátt. Verðjöfnunargjaldið verður fyrst og fremst notað til þess að bæta austanbúunum, Mjólkurbúi Ölfusinga og Mjólkurbúi Flóamanna, fyrir að flytja ekki mjólk á Rvíkur- og Hafnarfjarðarmarkaðinn. Hvað Mjólkurfélag Borgfirðinga snertir, þá er það dálitið óljóst, hver aðstaða þess verður, en ég hygg, að frekar litlar líkur séu til þess, að mikið verðjöfnunargjald verði greitt til þeirra. Orsökin er sú, að þeir sjóða niður mikið af mjólk, og það er ekki ætlazt til, að borgað sé verðjöfnunargjald á niðursuðumjólk. Og þegar svo er komið, að gert er ráð fyrir því, að Borgfirðingar og Mýramenn hafi yfir hraðskreiðu skipi að ráða, sem á að ganga milli Borgarness, Akraness og Rvíkur, þá verður auðveldara fyrir þá að selja rjóma hingað en Árnesinga, og það gæti komið til mála, að svo mikið verði flutt til Rvíkur til sölu af neyzlumjólk og rjóma, að hlutföllin yrðu svo jöfn, að ekkert gjald þyrfti að greiða til Borgfirðinga og Mýramanna. Þetta liggur ekki ljóst fyrir, og getur ekki heldur legið ljóst fyrir eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja. Hvað er mikil sú mjólk, sem austanbúin vinna úr og þyrfti að borga á verðjöfnunargjald? Eftir því, sem ég hefi komizt næst, tekur Ölfusbúið á móti 700 þús. lítrum, og Flóabúið rúmlega 1 millj. lítra pr. ár. Eitthvað af þessari mjólk er selt eystra, a. m. k. frá Ölfusbúinu. Ef við gerum ráð fyrir, að komi til greina að borga þurfi verðjöfnunargjald af 1,5 millj. lítra, þá svarar það til, ef reiknað er með 3 þús. lítra meðalkýrnyt, að það sé ársnyt 500 kúa. En ef gert væri ráð fyrir, að þetta sé of há kýrnyt og reiknað væri með 2500 lítrum, sem mun vera óhætt, þá svarar það til mjólkur úr 600 kúm. Ef gert er ráð fyrir 600 kúa nyt, sem þurfi að greiða verðjöfnunargjald á, af þessum þremur aðilum, Mjólkurfélagi Rvíkur, Mjólkurbúi Thor Jensens og mjólkurframleið. hér í Rvík, þá kæmu 215 kr. á hverja kú.

Ég skal ekki segja, hversu mikill munur verður á að selja mjólkina unna eða sem neyzlumjólk. Mér kemur ólíklega fyrir sjónir, að þörf sé á að setja hærra verðjöfnunargjald en er nú, en því hefir verið haldið fast fram af meiri hl., og það er vitanlega líka óeðlilegt, að engin takmörk séu sett. En ég skal ekki tala meira um þetta, en víkja að annari brtt. okkar hv. þm. Ak., sem er að efni til sama brtt. og meiri hl. flytur um, að tekið sé upp í 5. gr. frv., sem okkur finnst þá, að verði of löng og klúðursleg, og leggjum því til, að greinin skiptist í tvennt, eftir okkar till. í 4. og 5. gr. En það gæti verið um samkomulag að ræða, að skipta gr. síðar, og gætum við þá tekið þessa till. aftur, sem hér er um að ræða, og mætti fjalla um hana til 3. umr.

Þá skal ég koma að því, sem hér er sagt í 3. brtt., að í staðinn fyrir „félög" komi „félag". Það byggist á því, að þörf sé á að setja skýrara ákvæði um þetta; þegar notað er orðið „félög", geta þau orðið býsna mörg, en okkur finnst eðlilegra, að aðeins sé eitt félag í lögsagnarumdæmi hvers sölustaðar, sem um er að ræða. Þá vil ég víkja að till. okkar um stjórn þessara mála. Við leggjum til, að 4. gr., er fjallar um 5 manna nefnd, falli burt, en í 6. gr., þar sem talað er um 7 manna nefnd, séu henni ætluð þau verkefni, sem nú er ætlað tveimur nefndum. Ég verð að segja, að mér finnst það óeðlilegt og óþarft að hafa tvær n. í þessu máli, meira að segja, ef gott samkomulag hefði verið, þá hefði mátt láta sér nægja, eins og er í norsku lögunum, eina n., sem fjallar um allt skipulag á afurðasölunni innanlands, mjólk, kjöti og öðrum afurðum. Menn geta deilt um, hvort réttmætt sé að gera þessa röskun, en ég verð að segja það, að okkur hv. þm. Ak. fannst ekki, að við gætum gengið inn á, að það væri eðlilegt að hafa 12 manna yfirstjórn í þessum málum.

Þá er brtt. við 6. gr., um skipun n. Við leggjum til, að í stað tveggja manna, er ráðh. á að skipa án tilnefningar, komi einn maður tilnefndur af félagi mjólkurframleiðenda, þeirra, sem eru innan lögsagnarumdæmis þess bæjarfélags, er aðalsala fer fram, og sé hann fulltrúi þeirra. Okkur finnst það að öllu leyti eðlilega með farið. Ég hefði kosið viðtækari breyt. á skipun n., því ég fæ ekki séð, að það sé eðlilegt, að Alþýðusambandið eigi þar fulltrúa, og ekki heldur S. Í. S., sem hefir enga verzlun með þessar vörur. Hefði verið eðlilegra, að hlutaðeigandi bæjarstj. hefði átt tvo fulltrúa, en okkur kom saman um í n., að breyta þessu ekki, enda kom það í sama stað niður hvað snertir Rvík, því ef tveir væru valdir af bæjarstj. hér, mundi Alþfl. fá annan, sem yrði þá sennilega sami maðurinn. Nokkuð svipað er að segja um S. Í. S., með því að á öðru verðjöfnunarsvæði, sem er mjólkursamlag Eyfirðinga og er stjórnað af K. E. A., sem er sterkasti aðilinn innan S. Í. S., og mundi því fulltrúi S. Í. S. gæta hagsmuna þess, auk þess sem Mjólkursamlag Borgfirðinga á engan fulltrúa, er hann verður þá að skoðast fulltrúi fyrir, og ennfremur fyrir þá menn aðra úti um land, er falla undir þessi lög. Um þetta atriði skal ég ekki að sinni fara fleiri orðum, en snúa mér þá að öðrum brtt. á þskj. 749, er ég get hugsað mér, að valdi öllu meiri ágreiningi en þær, sem ég hefi nefnt.

Í fyrsta lagi er þá brtt. 3, d-liður, að það sé fastákveðið í l., að bændum, sem framleiða mjólk, sé frjálst að flytja mjólk og rjóma í hvaða mjólkurbú sem er og starfar á verðjöfnunarsvæðinu. Vil ég, að bændum sé þetta frjálst, þó að annað bú sé nær, ef þeir kynnu að ná hagkvæmari viðskiptum annarsstaðar. Það hefir verið bent á, að við þessu séu ekki reistar

rammar skorður í frv., en auðvitað mætti setja þær í reglugerð, svo ég tel rétt að setja þetta ákvæði inn, að þeir séu frjálsir. Ég legg áherzlu á þetta; þó þessi brtt. virðist í fljótu bili ekki vera stór, þá vil ég á allan hátt koma í veg fyrir, að hægt sé að neyða bændur til að verzla við mjólkurbú, sem e. t. v. er illa stjórnað, ef kostur er á öðru betra.

Þá vil ég víkja að atriði, sem er stórt í þessu sambandi, sem er sölumiðstöðin og yfirráðin yfir henni. Ég hefði kosið, að ekki hefði verið gengið lengra í upphafi en að gera aðstöðu mjólkurframleiðenda betri með því að setja verðjöfnunargjaldið, en að þeim samvinnufélögum, sem hér er um að ræða, hefði verið látið eftir, hvort selja skyldi beint eða með samtökum. En þetta er nú komið svo langt, að ákveðið er að setja hér upp sölumiðstöð, og ég býst ekki við, að snúið verði aftur með það. Þess vegna viljum við hv. þm. Ak. tryggja framleiðendum sjálfum yfirráðin yfir þessari miðstöð. Við leggjum því til, að úr 7. gr. verði felldur niður liðurinn um yfirráðin og um að bráðabirgðaákvæðið falli burt, er felur mjólkursölunefnd stjórnina til 1. maí og vald til að gera þær ráðstafanir, sem henni lízt, og geta orðið örðugleikar á að kippa til baka, ef mjólkurframleiðendur skyldu síðar fá yfirráðin. Menn sjá, að þessar brtt. skipta miklu máli, hvorir eigi að ráða, mjólkursölunefndin eða framkvæmdarstjórar búanna. En ég skal ekki ræða það nánar fyrr en andmælum verður hreyft.

Ég sé, að ég hefi hlaupið hér yfir þá brtt., sem við flytjum um borgun til n. Við leggjum til, að ríkissjóður greiði form. n., en öðrum nm. verði greitt úr verðjöfnunarsjóði. Þá leggjum við til, að 2. málsgr. falli burt úr 15. gr., ákvæðið um, að sá, er brotlegur gerist við lögin, missi gjaldið fyrir mjólk sína. Frá fjárhagslegu sjónarmiði skiptir þetta ekki miklu máli. Okkur finnst óeðlilegt, þó að menn brjóti lögin, að mjólkin verði gerð upptæk, eins og þetta væri eitur, og henni hellt niður. (**Forsrh.**: Það er ekki talað um að hella henni niður). Mér finnst ekkert óeðlilegt, að menn fengju að flytja hana heim og ráða sjálfir, til hvers þeir notuðu hana, eftir að hafa borgað sektir fyrir brot sitt. Ég skal svo ekki að sinni dvelja lengur við þessar brtt., en vonast eftir að hafa tækifæri til að svara síðar þeim aðfinnslum, sem kunna að koma fram gegn þeim.

**Pétur Ottesen** óyfirl.]: Ég á hér eina brtt. við þetta frv. Sú brtt. er við 6. gr. frv., þar sem ákveðið er, hvaða aðilar leggi til menn í þá 7 manna n., sem á að hafa yfirstjórn mjólkurmálanna í samráði við landbráðh. Það er svo gert ráð fyrir í gr., að stjórn Mjólkurbandalagsins leggi til tvo menn, og mun svo vera ákveðið, að annar sé frá mjólkurbúunum austan Hellisheiðar, en hinn frá mjólkurbúunum vestan heiðar. En það er, auk þeirra manna, sem falið hafa mjólk sína í hendur Mjólkurbandalags Suðurlands, allstór aðili í þessu máli, sem er Mjólkurfélag Borgfirðinga, er á hér hagsmuna að gæta. Er það ekki svo lítið svæði, sem það nær yfir af því verðjöfnunarsvæði, sem mjólkursölunefnd er nýbúin að ákveða og auglýsa, eða allir þeir aðilar, sem búa milli Skarðsheiðar Haffjarðarár, eða Mýra- og Hnappadalssýsla og stór hluti Borgarfjarðarsýslu. Þessi aðili hefir eins og allir hljóta að sjá mikilla hagsmuna að gæta. Mjólkurframleiðslan á þessu svæði vex hröðum skrefum, og með þeirri aðstöðu, sem hefir skapazt við starfsemi mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar í Borgarnesi, sem hefir tæki til að taka móti meiri mjólk en nú er gert, hafa vaxið skilyrði til þess að mjólkurframleiðslan á þessu svæði aukist mikið frá því, sem nú er. Þess vegna virðist mér eðlileg og sanngjörn krafa, að Mjólkursamlag Borgfirðinga fái að velja einn manninn. Ég hefi valið þá leið, til þess ekki sé hægt að segja, að gengið sé á rétt annara stofnana, er hér eiga hlut að máli, að taka annan manninn, sem nú er ákveðið í frv. að ráðherra skipi án tilnefningar, og að Mjólkursamlag Borgfirðinga fái að tilnefna hann, en að ráðh. skipi þá aðeins form. n. án tilnefningar. Mér þætti vænt um, ef hv. deild vildi viðurkenna sanngirni þessarar till. með því að greiða henni atkv.

Á þskj. 749 er brtt. frá hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Ak. við sömu gr. frv., sem fer fram á það, eins og hv. þm. A.-Húnv. hefir lýst, að kveða svo á, að annar af þeim mönnum, sem ráðh. skipar, sé tilnefndur af félagi mjólkurframleiðenda innan þess bæjarfélags, sem aðalsala fer fram í. Ég vil leyfa mér að benda á, að ég ætla, að svo sé t. d. hvað Rvík snertir, að bæjarstj. hafi leyfi til að tilnefna einn mann í n. Virðist mér, að með því sé hvað Rvík snertir nokkurnveginn séð fyrir hagsmunum þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, á því svæði, sem lögsagnarumdæmi Rvíkur nær yfir. Því það er vitanlegt, að þegar bæjarstj. skipar þennan mann, er honum falið hvorttveggja í senn, að gæta hagsmuna neytenda og framleiðenda, og geri ég ekki ráð fyrir, að hægt sé að ætlast til, að hann geri upp á milli þessara aðila. Mér virðist því frá þessu sjónarmiði, að hvað Rvík snertir sé með þessu séð fyrir íhlutun mjólkurframleiðenda. Ég vil ennfremur benda á, að e. t. v. gæti valdið misskilningi og ágreiningi það orðalag, sem er á till. þeirra hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Ak., þar sem talað er um „félag mjólkurframleiðenda innan bæjarfélags, þar sem aðalsala fer fram“. Nú er vitað, að aðalsala á 1. verðjöfnunrsvæði fer fram hér í Rvík. En það eru til fleiri verðjöfnunarsvæði, þ. á. m. eitt, sem tilheyrir Akureyri, og er aðalsala þá þar. En hér er ekki um að ræða nema einn mann, og virðist því geta valdið misskilningi, hvort félagið ræður, eða hvort verið sé að skapa báðum aðilum aðstöðu til að eiga menn í n., er sitji þá til skiptis —, en orðalagið í till. gerir ekki ráð fyrir nema einu félagi. Það er því, að mér virðist, þar sem líka búið er að sjá fyrir Rvík í frv., eins og ég hefi áður drepið á, ekki ástæða til að samþ. þessa brtt., og þarf hún því ekki að vera í vegi fyrir brtt. minni, að hún verði samþ. Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum um þetta, en

mér þykir gott og vænt um, að samkomulag hefir orðið í n. um eitt atriði, sem mjög var deilt um í Ed. og hefir vitanlega verið deiluefni frá upphafi, og það er viðvíkjandi mjólkursölu framleiðenda á bæjarlandi Rvíkur. Það er gott vegna þess, að þá er hægt að samþ. þessi lög í betri og öruggari vissu um, að gagn verði að löggjöfinni, eftir því sem tekst að ná samkomulagi um fleiri atriði, sem ágreiningur hefir verið um. Það eykur mikið öryggi um nytsemi og gagn löggjafarinnar, eftir því sem hægt er að sníða af fleiri agnúa og rýma burtu fleiri ágreiningsatriðum, sem bólað hefir á.

Ég hefi áður talað um í sambandi við annað mál, að e. t. v. væri ástæða til að breyta 1. gr. mjólkurlaganna að því er snertir ákvörðun verðjöfnunarsvæða. Þessi orð voru sprottin af því, að átök nokkur voru um það í mjólkursölunefndinni, hver skyldi verða aðstaða Mjólkursamlags Borgfirðinga innan verðjöfnunarsvæðanna. En nú er þessi ástæða fallin burt. Þessi ágreiningur jafnast með því, að mjólkursölunefndin hefir ákveðið, að Mjólkursölusamlag Borgfirðinga verði á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur, og þess vegna er burt fallin ástæðan til þess að setja ákvæði um þetta í lögin, því að maður verður að ganga út frá því sem sjálfsögðu, að ekki verði farið að breyta þessu aftur Borgfirðingum í óhag, enda eru nóg tækifæri fyrir hendi til þess að gera þær ráðstafanir, sem fyrirbyggja, að slíkt geti komið til mála.

**Páll Zóphóníasson:** Mál það, sem hér er rætt um, hefir tvær hliðar. Önnur er heilsufræðileg, hin er fjárhagsleg. Til beggja verður að taka tillit, áður en málið er afgreitt frá Alþingi sem lög.

Mjólk er allra næringarvökva móttækilegust fyrir sóttkveikjur. Það er einmitt orsökin til þess, hversu títt það er, að með mjólk berast ýmsir sjúkdómar manna á milli. Þess vegna er það fyrsta skilyrðið í þessu efni, að gætt sé allra þeirra heilbrigðisráðstafana, sem gera það að verkum, að mjólkin verði holl vara fyrir neytendur. Til þess að þetta geti orðið, er vitanlega nauðsynlegt, að fyllsta hreinlætis sé gætt við meðferð mjólkurinnar og að tryggt sé, að bæði kýrnar og eins fólkið, sem við mjólkurvinnsluna starfar, sé fullkomlega heilbrigt. Þetta er yfirleitt alstaðar heimtað, enda þótt mikið vanti á, að allir fari eftir þeim fyrirmælum. Sérstaklega er nauðsynlegt að gæta ýtrasta hreinlætis og beita öllum mögulegum varúðarráðstöfunum við vinnslu og alla meðferð barnamjólkur. Þess vegna eru menn yfirleitt komnir inn á þá braut, að banna algerlega aðra mjólk til sölu hér í Reykjavík en stassaniseraða mjólk.

Það hefir orðið að samkomulagi, að þeir sem kúabú reka í lögsagnarumdæmi Rvíkur — en þeir eru 129 og eiga samtals 800—900 kýr — mættu velja, hvort þeir vildu heldur selja mjólkina í mjólkurmiðstöð og láta stassanisera hana eða að selja hana beint. Ég er viss um, að það borgar sig að velja fyrri leiðina fyrir alla þá, sem eiga nokkuð margar kýr. 30 eiga 1 kú, 10—20 eiga 2 kýr, en allir hinir eiga fleiri. Allir, sem eiga nokkuð margar kýr, koma vitanlega í samsöluna, því að þeir sjá sér hag í því. Þess vegna er það trú mín, að af markaðinum muni brátt hverfa öll mjólk, sem ekki er stassaniseruð. Um þetta hafa verið samþ. lög af þinginu, sem ganga inn á þetta.

Ég er sannfærður um, að fyrr eða síðar verður alveg tekið fyrir að selja óstassaniseraða mjólk frá þeim, sem eru ekki núna í samsölunni. Kröfuna um að mega selja mjólk beint til neytenda, og þá óstassaniseraða, er bara að skoða sem leifar af gamla tímanum.

En sem sagt, til samkomulags geng ég inn á, að menn fái að velja á milli, hvort heldur þeir gera, í þeirri trú, að þeir, sem nú eru utan við samsöluna, en eiga nokkuð margar kýr og selja til margra neytenda í bænum, komi í samsöluna og stassaniseri sína mjólk, en frá þeirra mjólk er meiri hætta búin í þessu efni en hinum, sem færri kýr eiga, því þeir selja fleirum, og sýkingarhættan því meiri.

Fjárhagshlið þessa máls snýr bæði að neytendum, sem vilja fá mjólkina sem ódýrasta, og að framleiðendum, sem vilja fá sem mest fyrir sína mjólk. Það er vitanlega öllum lýðum ljóst, að milliliðakostnaður og dreifingarkostnaður mjólkurinnar í bænum er allt of mikill. Eina leiðin til þess að lækka þennan kostnað er sú, að gera þær ráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það hefir tvisvar og jafnvel oftar verið á mig ráðizt fyrir að hafa, sem form. mjólkursölunefndar, tekið þá ákvörðun að lækka mjólkurverðið frá 1. nóv. síðastl. Þetta var m. a. gert í útvarpsumr. hér í þessum sal, og það hefir líka verið gert í umr. um önnur mál þessu óskyld. Þess vegna tel ég mér skylt að gera grein fyrir viðhorfi þessa máls. Vitanlega hafa ýmsir af þeim hv. þdm., sem um þetta mál hafa rætt, ekkert vitað, hvað þeir voru að segja, og þar á meðal hv. 10. landsk., sem fyllstan tók munninn. Mun ég nú rekja einstaka liði þessa máls í sundur eftir skýrslum frá árinu 1933, en það er síðasta árið, sem skýrslur liggja fyrir um frá þeim, sem mjólk selja.

Mjólkurbandalag Suðurlands seldi í bæinn 278952 l. af nýmjólk að meðaltali á mánuði hverjum 1933. Með þessari mánaðarsölu reikna ég. Ég játa, að það er ekki víst, að það sé rétt. En yfirleitt er það almannarómur, að mjólkursalan fari sífellt vaxandi, og sé hann réttur, reikna ég með of lágum tölum. Umboðssölugjaldið á nýmjólk lækkaði um 2 aura á lítra, (úr 6 aur. niður í 4 aur.) 1. okt. Sumstaðar var lækkunin 4 aur., úr 8 í 4, en ég sleppi því. Umboðssölugjaldið á mjólk í lausri vigt lækkaði niður í 5 aur., en hækkaði aftur upp í 6 aur. Lækkunin var því 3 og 2 aur., því áður var það 8 aur. á lítra. Umboðssölugjaldið á rjóma lækkaði um 8 aur. á lítra. Þetta ár seldust 7522 lítrar af rjóma, og 40200 kg. af skyri, að meðaltali á mánuði, og á skyrinu lækkaði umboðssölugjaldið um 12 aur. — Ég vil taka það fram, að þegar ég segi, að mjólkin hafi lækkað um 2 aur. pr. lítra í umboðssölu, þá reikna ég með varlegum tölum.

Umboðssölugjaldið lækkaði um ..... 9697.68 á mán. í okt.
— — — ..... 9697.68 á mán. í nóv.
Verðjöfnun kom í desember 9697.68 ÷ 5579.04 verðjöfn ..... 4118.64 á mán. í des.

Alls lækkun 23514.00 til áramóta

Mjólkurlækkunin nam: 1 eyr. á ⅓ heimfl. mjólk
— — 2 — - ⅔ mjólk selda í búðunum

eða 1⅔ á lítra í tvo mán.: 9311.00 og fellur það í skaut neytenda, en hitt, 14203.00, í skaut mjólkurframleiðenda.

Nú geri ég ráð fyrir, að mjólkurbandalagsmenn segi: Þessi verðlækkun getur ekki komið bændunum að haldi af tveimur ástæðum. Sú fyrri er, að þeir geta ekki lækkað umboðssölugjaldið í sínum búðum eins mikið og gert er í búðum, sem aðrir menn eiga. Þetta segja þeir. En er nú rétt að gera þær kröfur til annara, sem þeir geta ekki framkvæmt sjálfir? Mér finnst það ekki. Þar að auki er þetta ekki rétt. Því er haldið fram af Mjólkurbandalaginu, að það hafi ekki getað fækkað búðum sínum, af því að ef þeir lögðu niður búð, þá væri sett í hana mjólk frá öðrum, og þeir misstu því söluna í kring. En nú er þessi ástæða fallin burt. Nú má ekki selja nema pasteuriseraða mjólk, og því er þeim opnaður möguleiki til að fækka búðunum, og leggja allar þær niður, sem ekki næst í sami útsölusparnaður og þeir nú krefjast af þeim, sem taka mjólk í umboðssölu. Því var og er réttmætt að reikna með þeim sparnaði í dreifingarkostnaði, sem þeir nú hafa náð í lækkuðu umboðsgjaldi við sölu mjólkurinnar. Ég er viss um það, að þessum tölum verður ekki hnekkt. Það verður kannske reynt að búa til aðrar út í loftið, en þessar eru staðreynd, og hefði ég gaman af því, ef reynt yrði að hrekja þær.

Í þessu sambandi vil ég bæta því við, að sá sparnaður, sem hlýtur að verða við framkomu þessara laga, er ekki enn kominn í ljós nema að litlu leyti. Það er vitanlega ekki hægt að sjá fyrir, hversu mikill hann verður í framtíðinni, en samt sem áður er enginn vafi á því, að hann verður miklu meiri heldur en ennþá hefir komið ljós.

Eins og ég tók áðan fram, þá hefi ég til samkomulags gengið inn á að leyfa mjólkurframleiðendum í bænum frjálsa sölu mjólkur, ógerilsneyddrar og utan við mjólkurmiðstöðina, enda þótt ég telji nauðsynlegt að útrýma sem fyrst allri mjólk, sem ekki er gerilsneydd, af markaðinum.

3. lið brtt. á þskj. 749, sem fjallar um það, að bændum sé frjálst að flytja mjólk og rjóma til hvers mjólkurbús, sem þeir óska á sama verðjöfnunarsvæði, tel ég öldungis óþarft að hafa í l., þar sem vitanlegt er, að nú eru engar hömlur á því, hvert bændur flytja mjólk sína. T. d. flytja bæði Fljótshlíðar- og Skeiðamenn sína mjólk út í Ölfus. Annars mun atkvgr. mín í þessu máli sýna afstöðu mína til hinna einstöku brtt.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það eru ekki nema sumir þeirra hv. þm. við, er ég hefði þurft að svara, og mun ég því sleppa sumu, er rétt hefði verið að andmæla. — Það er búið að ræða þetta mál mikið áður, svo ég skal ekki lengja umr. mikið, en ég vil þó um leið og ég mæli fyrir brtt. minni vikja að því, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði í sambandi við verðjöfnunargjaldið. Það er misskilningur, að 8%, eins og það er nú, sé of hátt. Ég vil í því sambandi benda á verðjöfnunargjaldið á kjöti, sem er 10 au. á kg. Það stendur svipað á viðvíkjandi kjötinu, en það er svo um kjötið, að þar er greitt verðjöfnunargjald, eigi aðeins þeim, er gætu selt á Rvíkurmarkaðinum, heldur öllum landsmönnum, er framleiða kjöt. Það er því meiri ástæða til þess að hafa það hátt, þar sem verið er að bæta upp þeim aðilum, sem geta líkað komið á Rvíkurmarkaðinn með sína mjólk. Ég vil benda hv. þm. á, að hér er ástæða til þess að fara hærra, því að það eru líkur til, að þótt farið sé upp í hámark verðjöfnunargjaldsins, þá njóti þeir, sem gjaldið greiða, mests hagnaðar. Það undrar mig því stórlega, að hann skuli vilja hafa verðjöfnunargjaldið hæst 6%.

Ég get fallizt á það, að 5. gr. verði nokkuð löng og afkáraleg, ef þær breyt. verða gerðar á henni, er hér liggja fyrir, en það má bæta úr því með því að skipta gr. sundur við 3. umr.

Þá sagði hv. þm., að óviðkunnanlegt væri að hafa 12 manna stjórn yfir þessum málum, og réttara væri að hafa aðeins eina n. Þetta er á misskilningi byggt. Það er hugsað þannig, að n. þær, sem ákveða verðlagið, eru tilnefndar af kaupstöðum þess verðjöfnunarsvæðis, er í hlut á. Það er óviðkunnanlegt að hafa aðeins eina n., er ákveði verðið úti um allt land, því að hún getur verið ókunnug staðháttum úti um landið. Því hefir sú leið verið farin að hafa eina mjólkursölunefnd fyrir allt landið, en verðlagsnefndir fyrir hvern stað.

Út af brtt. hv. þm. Borgf. verð ég að segja það, að verði hún samþ., þá hefir það í för með sér svo mikla röskun á skipun n., að allar líkur eru til, að það verði til þess að hleypa málinu í strand. Í öðru lagi má benda á það, að sá réttur, er hann nefndi til handa mjólkurbúinu í Borgarnesi til þess að skipa sérstakan mann í n., er ekki fyrir hendi, vegna þess að búin austanfjalls skipa einn mann bæði, og sömuleiðis búin hér vestanfjalls. Til þess að tryggja samkomulag, þegar ákvæðin voru sett um það, hverjir ættu að skipa í n., var því sú leið farin að láta S. Í. S. skipa einn mann í n. Það mætti æra óstöðugan, ef hvert nýtt bú heimtaði mann í n. Ég held líka, að einmitt sá fulltrúi, sem er skipaður af S. Í. S., muni gæta réttar mjólkurbúsins í Borgarnesi, enda er hann m. a. til þess skipaður í n. Eins og ég hefi bent á, yrði þetta því misrétti samanborið við búin austanfjalls og vestan, sem öll skipa aðeins tvo menn í n. Það verður aðeins til þess að tefja málið og sigla því í strand.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Ak. vil ég segja það, að þessar till. fara í sömu átt og till. hv. meiri hl. landbn., en að því leyti sem þær eru ekki eins, eru þær stórum verri. M. a. er sú röskun, er með þeim verður á skipun n., óviðunandi. Verðjöfnunargjaldið er einnig of lágt, og ég er hissa á því, að þessi till. skuli koma frá bónda, sem nýtur hagnaðar af kjötverðjöfnunargjaldinu, sem er stórum hærra en þetta. Með svo lágu verðjöfnunargjaldi sem till. gerir ráð fyrir eru líkur til þess, að l. næðu ekki tilgangi sínum.

Ég hefi nú minnzt á brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 768, sem ég álít, að eigi að fella, og jafnframt á till. á þskj. 749, sem ég líka álít, að eigi að fella.

Viðvíkjandi brtt. hv. meiri hl. landbn. vil ég geta þess, að þær hafa að nokkru leyti verið samdar í samráði við mig. Sú leið hefir verið valin, að leyfa beina sölu í Rvík gegn því, að þeir, sem það gera, hlíti þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við meðferð mjólkurinnar, sem krafizt verður í reglugerð, og að þeir greiði af þeirri mjólk, er þeir selja beint til neytenda, fullt verðjöfnunargjald. (**PHalld**: Það er ekki lítil huggun fyrir Reykvíkinga). Það er gripið hér fram í fyrir mér og sagt, að þetta sé ekki lítil huggun fyrir Reykvíkinga, og það er virkilega svo. Eins og fyrst var gengið frá frv. var ákveðið, að þeir Reykvíkingar, sem framleiða mjólk innan lögsagnarumdæmis Rvíkur, ættu ekki að greiða neitt gjald af þeirri mjólk, sem framleidd væri á grasnyt, en jafnframt voru þeir skyldaðir til þess að selja allt gegnum mjólkurmiðstöð. Nú hefir þessu verið breytt, svo að bein sala er leyfð, ef greitt er fullt verðjöfnunargjald, en þó skulu 2000 lítrar hjá hverjum framleiðenda vera gjaldfrjálsir. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þeir, sem selja gegnum sölumiðstöð, eigi að greiða verðjöfnunargjald, þótt mjólkin sé framleidd á grasnyt. Þegar talað var um þetta mál við þá menn og stjórnir þeirra samtaka, er mjólkurframleiðendur hafa í Rvík og nágrenni, var þeim sagt, að ef þeir gengju í miðstöðina, yrðu þeir gjaldfrjálsir til fulls og ekkert gjald tekið af þeirri mjólk, sem framleidd væri á grasnyt. Með þessu er því tekinn sá réttur af þeim, er þeim hafði verið lofað, eða þeir a. m. k. höfðu ástæðu til að halda, að sér hefði verið lofað. Ég vil því leggja til, að c-liður verði felldur niður, því að það gerir þeim, sem vilja, auðvelt að ganga inn í sölusamböndin, og það á að gera mönnum það auðvelt. Jafnframt geri ég það að till. minni, að undanþágan um, að 2000 lítrar skuli vera gjaldfrjálsir, sé felld niður. Þetta er gamall draugur, sem hvað eftir annað hefir gengið aftur. Það er vitanlegt, að ef þessi undanþága er gefin, þá kemur þar inn ákvæði, sem hægt er að misnota, og eyðileggja með mjólkurlögin að miklu leyti. Má t. d. benda á, að standi það í l., að 2000 lítrar mjólkur skuli vera gjaldfrjálsir hjá hverjum framleiðanda, þá er bara víst, að kúaeigninni verður skipt á milli nógu margra, svo nokkuð mikill hluti mjólkurinnar sé gjaldfrjáls. Mér finnst líka nægileg undanþága fyrir þá, sem standa vilja utan samsölunnar, að þeir megi selja sína mjólk beint og greiða aðeins verðjöfnunargjald af 3000 lítrum, þar sem það er líka vitanlegt, að meðalkýrnyt hér er um 3300 lítrar. Með þessu móti fá þeir nokkuð mikinn hluta af neyzlumjólk sinni a. m. k. undanþeginn skattinum. Þeir fá líka tækifæri til þess að velja á milli þessa, að selja beint með þeim skilyrðum, sem fram hafa verið tekin, eða gegnum mjólkurmiðstöðina. Hvort happadrýgra verður fyrir þá, er ég ekki í miklum vafa um; ég þykist nfl. alveg sjá það í hendi minni, að þeim muni fjölga fljótlega, sem ganga í samsöluna, eftir að hafa reynt hitt fyrirkomulagið.

Að síðustu mælist ég svo til þess, að brtt. landbn. verði samþ. ásamt brtt. þeirri, sem liggur fyrir frá mér.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði. Hann hélt því fram, að þeir, sem hefðu andmælt mjólkursölulögunum, hefði ekki vitað, hvað þeir voru að segja. Hann heldur kannske, hv. þm., að sá mikli fjöldi bænda, sem mjólkurframleiðslu stunda, hafi ekki vitað, hvað þeir sögðu þegar þeir sögðu, að mjólkurverðið, sem þeir fengju, mætti ekki lækka. Ég fyrir mitt leyti er ekki í vafa um, að þeim hafi verið þetta mál ljósara en honum.

Því hefir verið haldið fram, að sölugjaldið væri lækkað um 4 aura á lítra. Þessu var t. d. haldið fram austur í Árnessýslu og víðar, og að þessum 4 aurum ætti að skipta á milli neytenda og framleiðenda. En nú hefir þessi lækkun ekki farið fram nema að nokkru leyti. Út af þessu vil ég minna hann á bréf frá Mjólkurfél. Rvíkur, dags. 23. okt. síðastl. Þar er sagt, að af 82 mjólkurbúðum félagsins hafi 2 selt fyrir 5 aura gjald á lítra. Þar af 2122,5 lítrar í flöskum, og í lausu máli 2318,5 lítrar, sem sparast ekki neitt af. Af þessum 2 búðum sparast því vegna þessara framkvæmda kr. 21,22, en hv. þm. áætlar sparnaðinn kr. 154.45. Þá eru 35 búðir, sem selja fyrir 6 aura sölugjald. Af þeim sparast því 2011.58 kr. En samkv. útreikningi hv. 2. þm. N.-M. eiga hér að sparast 4326,65 kr., eða meira en tvöfalt við það, sem raunveruleikinn sýnir. Svo er 1 búð, sem selur fyrir 7 aura sölugjald. Þar sparast því 39,30, en hv. þm. telur það muni vera 52.80. Þá eru 24 búðir, sem selja fyrir hæsta sölugjald, eða 8 aura pr. lítra. Þar sparast því kr. 2262.22. Á þessum eina lið hefir því orðið sá raunverulegi sparnaður.

Í þessum mjólkurlögum er því ekki nein ráðstöfun, sem hægt er að sjá, að geti lækkað kostnaðinn. Setjum nú svo, að hægt væri að spara á öllum búðunum eins og hv. þm. vildi halda fram, þá sparaðist þó ekki nema 2,4 aur. á lítra. En sé hinsvegar reiknað með þeim sölukostnaði, sem Mjólkurfélagið gefur upp, þá sparaðist þó ekki nema 1,4 aur. á lítra. Þrátt fyrir þetta sér mjólkurverðlagsnefndin sér fært að lækka verð mjólkurinnar um 2 aura. pr. lítra. Það er því bersýnilegt, að lækkun þessi er alveg gerð út í bláinn, og það er alveg án tillits til þeirra, sem selja mjólkina á markaðinn. Lækkun sú, sem orðið hefir á sölugjaldi mjólkurinnar hér

í Rvík, og mjólkurverðlagsnefndin telur sig byggja lækkunina á, var alls ekki til orðin vegna mjólkurl. Að henni hafði verið unnið af Mjólkurfél. Rvíkur, það var Mjólkurbandalag Suðurlands, sem ákvað, að hámarkssölugjaldið skyldi ekki vera hærra en 5 aur. á lítra.

Ég verð að segja, að mér þótti mjög undarlegt, að hæstv. ráðh. skyldi ekki geta fallizt á brtt. hv. þm. Borgf., því að ég fæ ekki annað séð en að fyllsta réttlæti sé í því, að Mjólkursamlag Borgfirðinga hafi sama rétt til íhlutunar um stjórn þessara mjólkursölumála eins og hin mjólkurbúin. Að mjólkurbúin hér syðra verði fyrir órétti, ef brtt. þessi verður samþ., nær því engri átt. Frá mínu sjónarmiði er þessi breyt. sjálfsögð og stefnir í rétta átt. Um þá brtt. að sameina þessar tvær nefndir, verðlagsnefndina og aðalnefndina, er það að segja, að ég tel hana eiga rétt á sér, því að vel getur komið til mála að sameina þessar n., enda þótt það virðist ekki nauðsyn vegna tilkostnaðarins. Það skiptir í raun og veru ekki svo miklu máli, heldur hitt, hvað kemur að mestu gagni fyrir málið í heild. Það var fyrst svo til ætlazt, að mjólkurnefndin sjálf væri skipuð af mjólkurframleiðendum. Aftur á móti átti verðlagsnefndin að vera skipuð hvorum tveggja, neytendum og framleiðendum, Með þetta fyrir augum mun n. hafa verið skipuð. En nú hefir þetta breytzt í meðferðinni, því með skipun í aðalnefndina er valdið tekið af framleiðendum meira en æskilegt væri.

Hæstv. forsrh. vildi halda því fram, að það væri meiri ástæða til þess að hafa hátt verðjöfnunargjald á mjólk en kjöti. Þetta er bara ekki rétt, því að það er svo mikill hluti af kjötinu, sem ekki er hægt að selja á innlendum markaði, sem þó var auðvelt að selja hér í Rvík meðan salan var frjáls. Mér er vel kunnugt um þetta, því að félag það, sem ég starfaði fyrir, sendi kjöt hingað, þegar langt var komið fram á vetur, og það seldist hér þrátt fyrir það, þó að annað kjöt væri á markaðinum. Þessu hefði það getað haldið, ef því hefði ekki verið bægt af markaðinum hér með þessu nýja fyrirkomulagi. Það gegnir því allt öðru máli með kjötið en mjólkina, sérstaklega síðan frystihúsin risu upp. Það má geyma það langt fram eftir árinu og senda það á markaðinn smátt og smátt, eftir því sem selst. En nú er þetta útilokað vegna þessarar nýju skipunar á kjötsölunni. Það er því ekki hægt að taka þá rökfærslu hæstv. ráðh. alvarlega, að verðjöfnunargjaldið eigi að vera eins hátt á mjólk og kjöti, því að mjólkurframleiðsluna er ekki hægt að geyma til þess að senda smátt og smátt á markaðinn.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég þarf ekki að vera langorður, sérstaklega þar sem hæstv. forsrh. er búinn að taka fram margt af því, sem ég þurfti að segja um brtt. hv. þm. A.-Húnv. Um brtt. þessa er það að segja, að enda þótt þær að nokkru leyti séu líkar að efni til brtt. meiri hl. n., þá sé ég ekki ástæðu til að breyta svo mjög um form þeirra sem till. hv. þm. fara fram á.

Ég skal viðurkenna, að með brtt. meiri hl. landbn. við 5. gr. verður sú grein hálfóviðkunnanleg lagagrein, en eins og hæstv. forsrh. tók fram, þá mætti við 3. umr. skipta greininni og koma henni í betra form. Það, sem hv. þm. sagði um hámarksgjaldið, held ég að sé á litlum rökum byggt. Þá vildi hv. þm. halda því fram, að þeir, sem framleiða mjólk hér í grennd við Rvík, myndu allir selja utan samsölunnar. Þetta held ég, að sé nokkuð hæpin fullyrðing hjá hv. þm. Ég fyrir mitt leyti er alls ekki viss um, að meiri hl. þeirra selji utan samsölunnar, og þess er ég fullviss, að þegar stundir líða, verða þeir alltaf fleiri og fleiri, sem fara með mjólk sína inn í hana.

Í öðru lagi vildi hv. þm. halda því fram, að það væri ekki þörf á hækkun verðjöfnunargjaldsins, þó að Mjólkursamlag Borgfirðinga í Borgarnesi komi inn. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm., því að þessu er þann veg háttað, að stórir mjólkurframleiðendur þar efra hafa bein viðskipti við Rvík eins og nú er, en eftir að lögin verða sett munu þeir verða að koma inn í Borgarnesmjólkurbúið, sem þar af leiðandi mun framleiða meira en það gerir nú. Er því meiri þörf á verðjöfnunargjaldi fyrir það.

Samkv. ákvæðum frv. er ekki leyft að hækka verðjöfnunargjaldið upp úr 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, og þó ekki nema með leyfi landbráðh. Ég vil að sjálfsögðu á engan hátt stuðla að því, að gjald þetta verði haft hærra en brýn nauðsyn krefur, en það gegnir alveg sama máli um það og verðjöfnunargjaldið á kjötinu. Sé það ekki nægilega hátt til þess að nokkurn veginn samræmi og réttlæti náist með því á milli þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, þá getur það ekki staðizt lengi.

Þá er brtt. hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Ak., 3, a., um félög framleiðenda, að í staðinn fyrir „og félag framleiðenda“ komi: og félag mjólkurframleiðenda innan lögsagnarumdæmis sölustaðar. Ég hefi fyrir mitt leyti ekkert að athuga við þessa brtt. og býst við, að ég geti fylgt henni, þó að ég hafi ekki borið mig saman við aðra nm. um það. — Þá er það c-liður: Viðaukatill. um að bændum sé frjálst að flytja mjólk sína og rjóma til hvers þess mjólkurbús, sem þeir óska á sama verðjöfnunarsvæði. — Nú man ég ekki til, að nokkurt ákvæði sé í frv., sem bannar þetta, og held, að það sé ekkert tekið fram um það. Og þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu, ef einstaklingarnir koma sér saman um það og samningar nást um það á milli búanna, hvernig sölu og flutningum mjólkur til þeirra skuli háttað. En mér finnst eðlilegast, að hvert mjólkurbú njóti þeirra viðskipta, sem eru á því svæði, er það nær yfir, og býst ég við, að það verði svo í framkvæmdinni, þó að þessi brtt. yrði samþ. En til þess að sýna, að þetta ákvæði er á engan hátt nauðsynlegt, skal ég t. d. benda á, að nokkuð af viðskiptasvæði Ölfusbúsins er austur í Rangárvallasýslu. Mjólkurframleiðendur í Rangárvallasýslu flytja mjólk sína framhjá Flóabúinu og alla leið í Ölfusbúið. Það er ekkert í lögunum, sem bannar þetta, og þess vegna álít ég

algerlega óþarft, að þessi brtt. nái fram að ganga, og legg ég því á móti henni.

Um brtt. sömu hv. þm. viðvíkjandi skipun mjólkursölunefndar er það að segja, að ég get hugsað mér margskonar fyrirkomulag á því öðruvísi en það er ákveðið í frv., en ég vil ekki leggja til um breyt. á því eða umturnun frv. svo síðla á þingi. Það getur kostað hrakning á frv. milli þd. og jafnvel aldurtila þess, þar sem svo fáir dagar eru eftir af þinginu. Ég legg því á móti þessari brtt. af þeirri ástæðu, og tel þarflaust að fjölyrða um það frekar.

Um brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 768 er það að segja, að ég felli mig á margan hátt vel við hana, og mundi fylgja henni, ef málinu í heild sinni væri ekki hætta búin af því að hrekjast á milli þd. En hinsvegar sé ég ekki ástæðu til að leggja svo mikla áherzlu á þetta atriði, að ég vilji leggja málið í hættu þess vegna. Sá maður í mjólkursölun., sem þessi till. mundi ganga út yfir, ef samþ. væri í n., hefir þegar reynzt málum Mjólkursamlags Borgf. þannig, að ég efast mjög um, að sérstakur fulltrúi frá mjólkursamlaginu hefði gert það betur í þeim málum, sem þessi héruð varða. Og þegar tekið er tillit til þess, bæði hvernig þessi maður hefir reynzt það sem af er í n. og einnig að málinu verði stofnað í hættu með hrakningi milli þd., þá er ég a. m. k. ekki viðbúinn því nú að heita því að greiða atkv. með þessari brtt.

Að lokum vil ég minnast á brtt. frá hæstv. landbráðh. á þskj. 801, sem er við till. meiri hl. landb. á þskj. 737. — Ég er ekki eins hræddur við það og hann, að gefa það eftir að, 2000 lítrar séu gjaldfrjálsir hjá hverjum framleiðanda innan lögsagnarumdæmis kaupstaða; ég er ekkert hræddur við, að það eyðileggi framkvæmd laganna. Ég held, að það sé vel hægt að kontrollera þetta og glöggva sig á því, hver er raunverulegur mjólkurframleiðandi og hver kann að vera talinn það að nafninu til. En ég skal geta þess f. h. meiri hl. n., að þar sem hann leggur ekki mikið kapp á þetta atriði, þá getur hann fyrir sitt leyti fallizt á þessa brtt. — Ég hefi svo ekki fleiri orð um þetta að sinni.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég heyrði, að hæstv. forsrh. lagði mjög fast á móti brtt. minni á þskj. 768, og eftir því sem orð féllu hjá hv. þm. Mýr., mátti skilja, að hæstv. ráðh. hefði verið með heitingar um að málið mundi tefjast, og jafnvel hlekkjast alvarlega á, ef brtt. mín yrði samþ. Ég get satt að segja ekki skilið þessa barnalegu ástæðu hæstv. ráðh., eða hvers vegna hann leggur sig svo í framkróka um að hefta framgang þessarar till. Ég heyrði ekki nema lítið af ræðu hæstv. ráðh. — En hann kvað hafa sagt, að ef brtt. mín yrði samþ., þá mundi það valda röskun á mjólkursölunefndinni. Það veldur náttúrlega þeirri röskun, að ef Mjólkursamlag Borgfirðinga fær rétt til að skipa mann í n. og ef það vildi fela umboð sitt öðrum manni, þá kæmi þar maður í manns stað. En að það valdi að öðru leyti nokkurri sérstakri röskun á n., er út af fyrir sig engin röksemd á móti brtt. — Hitt, sem hæstv. ráðh. sagði, að fyrir austan Hellisheiði væru tvö mjólkurbú, sem hefðu aðeins einn fulltrúa í n., en ef mjólkurframleiðendur vestanfjalls fengju 2 fulltrúa í n., þá væri hlutfallinu raskað — það sannar ekkert. Því þó að ekki sé litið á stærra svæði en hér vestan Hellisheiðar, þá er þar um tvö mjólkursamlög að ræða, eða mjólkurbú Mjólkurfél. Rvíkur, og annað stórt mjólkurbú í Mosfellssveit. Mér finnst þess vegna ekki hægt að færa þetta fram sem ástæðu móti minni brtt., að hún valdi röskun á réttu hlutfalli milli fulltrúa frá mjólkurbúunum. En hitt má aftur á móti benda á með fullum rökum, að hæstv. ráðh. hefir sjálfur með skipun manna í n. raskað þessu hlutfalli. Annar maðurinn, sem hann skipaði í n., er mjólkurframleiðandi austanfjalls, en hinn er kunnur bæjarmaður hér í Rvík. Og ég skal í þessu sambandi játa, að það er alveg rétt, sem hv. þm. Mýr. sagði, að þessi maður hefir komið miklu betur fram en ýmsir aðrir í n. í deilunni um afstöðu Mjólkursamlags Borgfirðinga til þessa máls yfirleitt og hagsmuni þeirra. — En ef hinsvegar brtt. mín verður samþ., þá er komið jafnvægi á í n. um fulltrúa frá mjólkurframleiðendum austanfjalls og vestan. Till. mín stefnir því beinlínis að því að lagfæra lögin, heldur en að hún raski þeim til hins lakara. Það má búast við því sem gefnu, að maður, sem Mjólkursamlag Borgf. mundi skipa í mjólkursölun., yrði annaðhvort mjólkurframleiðandi úr því héraði eða maður, sem hefði sérstakra hagsmuna að gæta í þeim félagsskap á því svæði. — Ég held því, að hæstv. ráðh. hafi alls ekki með þessum mótbárum sínum kippt fótunum undan þeim rökum, sem brtt. mín byggist á. Ég held, að með þessari breyt. verði betur séð fyrir því, að jafnvægi haldist í mjólkursölunefndinni, en með þeirri skipun, sem nú er.

Hv. þm. Mýr. gerði ráð fyrir því, að ef brtt. mín yrði samþ., þá yrði rýmt úr n. þeim manni, sem bezt hefir reynzt Mjólkursamlagi Borgf. — Ég veit náttúrlega ekki, út yfir hvern það mundi ganga. En það er auðvitað vissara fyrir Mjólkursamlag Borgfirðinga að ráða sjálft yfir þessum manni og hafa vald á honum heldur en að eiga það alveg undir ráðh., hver hann verður. Því að hæstv. ráðh. getur alltaf breytt um menn í n., og það er miklu meira öryggi í því, að sá fulltrúi, sem Borgf. skipa sjálfir, standi vel í istaðinu fyrir þá. Ég segi þetta ekki af sérstakri tortryggni til núv. landbrh., heldur álít ég, að þetta verði yfirleitt betra fyrir Borgf., hver sem situr í ráðherrasæti. — Ég þarf svo ekki að fara um þetta fleiri orðum, en vænti að brtt. mín fái góðan byr og að hæstv. ráðh. sjái við nánari athugun, að ekki er ástæða til að vera á móti henni. Hún verður á engan hátt til tjóns fyrir málið, heldur miklu fremur til gagns. Þeir menn, sem eru á svæði Mjólkursamlags Borgf., mundu laðast betur að þessum félagsskap, yrðu ánægðari og mundu álíta sínum málum betur borgið en ella. Og það er áreiðanlegt, að aðstaða félagsins er miklu betur tryggð, ef það ætti sjálft að skipa fulltrúa í n. heldur en með núv. fyrirkomulagi

Ég vil ennfremur benda á, að það er ákaflega rík venja við skipun í nefndir, að hinum ýmsu aðiljum er falið að leggja til menn í þær, og venjulega hefir hlutaðeigandi ráðh. nokkra íhlutun þar um, en það er hreinasta undantekning, að ráðh. sé falið að skipa nema einn mann í n., sem er jafnan form. n. — Þessi brtt. mín er því í samræmi við þá nálega ófrávíkjanlegu reglu hér á Alþingi, að ráðh. skipi aðeins form. n. Ég vil því biðja hv. þdm., er þeir greiða atkv. um þessa brtt., að hafa það í huga, ef þeim þykir það nokkurs vert, að samræmi haldist í gerðum Alþingis í þessu efni.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Hv. þm. Borgf. mælti fast með brtt. sinni og reyndi að hnekkja því með rökum, sem ég hafði sagt, að brtt. hans mundi valda röskun á mjólkursölunefndinni. Hv. þm. sagði, að ég hefði borið það fram sem rök gegn brtt. hans, að ekki mætti raska nefndarskipuninni. *Ég taldi þetta* ekki beinlínis rök á móti till., heldur taldi ég það bæði eðlilegra og viðkunnanlegra, að sú n. héldi áfram að starfa að þessu máli, sem búin væri að undirbúa það á allan hátt. En þetta eru ekki aðalrökin gegn till., heldur hitt, að brtt. sjálf er beinlínis ranglát. Hún er flutt undir því yfirskini, að það þurfi að sýna *Mjólkursamlagi Borgfirðinga það réttlæti* að leyfa því að skipa 1 mann í n. Ég benti á það í minni fyrri ræðu, að tvö stór mjólkurbú austanfjalls skipuðu ekki nema 1 mann í n. Þess vegna hefði engin regla verið sett um það né fordæmi gefið fyrir því, að hvert mjólkurbú eigi að hafa einn mann í n., heldur þvert á móti. Í öðru lagi má benda á það, að ef mjólk*urbúum verður fjölgað á verðlagssvæðinu, þá* ætti hvert bú að mega bæta við einum manni í mjólkursölunefndina, ef þessi regla yrði upp tekin. M. ö. o., í hvert skipti sem nýtt mjólkurbú yrði reist, mætti búast við till. eða kröfu um það, að fjölgað yrði um 1 mann í n. Ég vil benda á það, að mér er sagt, að verið sé að stofna mjólkurbú á Snæfellsnesi, í sambandi *við mjólkurbúið í Mýrasýslu*. Það *má* því búast við till. um einn mann þaðan í mjólkursölunefndina. Það er ennfremur verið að stofna bú á Akranesi, sem einnig getur komið þar inn. (**PO**: Það stendur utan við þessi lög). Já, það stendur utan við lögin. En það er ekki hægt fyrir hv. þm. Borgf. að mótmæla því, að það getur komið inn síðar. Í Hafnarfirði er verið að hugsa um að stofna mjólkurbú. Þeir geta líka heimtað að fá fulltrúa í n. Þess vegna er sú regla óhæf, að hvert nýstofnað bú geti fengið einn fulltrúa, þegar aðeins 1 fulltrúi er ákveðinn fyrir bæði búin austanfjalls, og sömuleiðis 1 fulltrúi fyrir búin hér vestanfjalls. Það er ekki réttlátt að veita nýjum búum viðbótarfulltrúa, samanborið við þá aðila mjólkurbúa, sem nú eru fyrir. Og í öðru lagi er það lítt framkvæmanlegt, af því að þegar eitt mjólkurbú hefir fengið sinn sérfulltrúa í n., þá koma fleiri og fleiri á eftir og krefjast hins sama. Af þessum ástæðum var sú leið valin, að S. Í. S tilnefndi einn fulltrúa í n. fyrir önnur mjólkurbú en þau, sem nú eru starfrækt hér austanfjalls og vestan. Þannig á sá fulltrúi að rækja sitt hlutverk í n., og það á að skoða hann sem fulltrúa þeirra mjólkurbúa, sem ekki hafa tilnefnt mann í n. Ég hygg líka, að ef mjólkursamlag Borgf. hefði valið mann fyrir sig í n., þá hefði það máske tilnefnt þennan mann (Árna Eylands), því það hefði orðið að taka mann hér búsettan.

Í þriðja lagi má á það benda, að hið allra versta við þetta fyrirkomulag — að hvert mjólkurbú hafi fulltrúa í mjólkursölunefnd — er það, að þá má búast við þeim vinnubrögðum í n., að reiptog verði á *milli hinna ýmsu* hagsmunaflokka á hverju verðlagssvæði, er kann að hafa þær óheppilegu afleiðingar, að ýmiskonar viðkvæm ágreiningsmál verði afgr. með einföldum meiri hl. í n. án tillits til þess, hvað er bezt fyrir heildina. Þess vegna hefir hér verið valin leið, sem tíðkast erlendis í þessum efnum og hefir gefizt þar vel, að hafa sem mest *af hlutlausum aðilum í nefndinni, samhliða* fulltrúum hlutaðeigandi aðila, sem eru kunnugir öllum staðháttum, og eiga þeir að gæta þar jafnvægis um ákvörðun mjólkurverðs o. fl. En það má ekki byggja slíkar ákvarðanir á kröfum hvers mjólkurbús, eða á neinni tilviljun um það, hversu mörg mjólkurbú kunni að eiga fulltrúa í mjólkursölunefndinni. Þessi galli *hefir komið greinilegast fram í* Mjólkurbandalagi Suðurlands. Þar hefir verið sífellt reiptog á milli hinna einstöku félagsdeilda í bandalaginu um ákvörðun mjólkurverðs o. fl., enda er það ekki óeðlilegt. Það er þess vegna mikilsvert réttlætismál, hvernig úr þessu er leyst, og mun það vera heppilega til lykta leitt í l. og í fullu samræmi við það, sem bezt hefir *reynzt erlendis*, eins og ég hafi áður bent á. — Þessi brtt. hv. þm. Borgf. er ekkert réttlætismál; því er á móti. Og hún mundi, ef samþ. yrði, skapa fordæmi, sem yrði mjög slæmt og afleiðingaríkt fyrir þetta mál.

**Jón Pálmason**: Það hefir svo margt verið tekið fram í þessum umr., að það verður ekki hjá því komizt fyrir mig að fara allýtarlega út í þetta mál og svara jafnframt einstökum atriðum, sem fram hafa komið hjá ýmsum hv. þdm. Ég skal þá fyrst snúa mér að því atriði, sem hæstv. forsrh. talaði um: skipun mjólkursölunefndarinnar. — Hæstv. ráðh. mælti mjög á móti brtt. okkar hv. þm. Ak. um tilnefningu manna í n., og um að n. skuli aðeins vera ein. Hv. frsm. meiri hl. landbn. og hv. þm. V.-Húnv. mæltu einnig á móti þessari brtt. okkar. En ég verð nú að leyfa mér að halda öðru fram í þessu efni. Þá er fyrst að geta þess, að eftir því sem ábyrgðinni er dreift á fleiri hendur, eftir því verður starfið verr rækt. Hver aðili vill ýta af sér, og enginn þeirra gengur hreint til verks. Ég held því, að það sé framför, en ekki afturför, að hafa aðeins eina n. í þessu máli, en ekki tvær. Enda virðist ekki þörf á að skipa 12 menn til starfa í þessum nefndum. Það er náttúrlega rétt athugað hjá hv. þm. Borgf., að það getur valdið misskilningi í 4. brtt. okkar hv. þm. Ak., hvernig hún er orðuð. Samkv. till. á að breyta til þannig, að hver aðili skipi aðeins

1 mann í n., í stað þess sem landbrh. á nú samkv. frv. að skipa 2 menn. Samkv. b.-lið till. er ætlazt til þess, að fulltrúi félags mjólkurframleiðenda innan bæjarfélags víki sæti, eins og fulltrúi bæjarstj., þegar n. hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða, en þá taka sæti í n. fulltrúar tilsvarandi aðila í hlutaðeigandi kauptúni eða kaupstað. Það er þetta, sem á að felast í till., en ég er fús til að breyta orðalagi hennar við 3. umr., til þess að taka af öll tvímæli um það.

Á brtt. hv. þm. Borgf., um að mjólkursaml. Borgf. skipi einn fulltrúa í n., get ég ekki fallizt og vísa í því efni til þess, sem hæstv. forsrh. hefir sagt um hana. En út í það ætla ég ekki að fara, það er ekkert stórmál.

Ég legg mikla áherzlu á að n. verði aðeins ein, það ætti að nægja, því að störfin eru ekki svo mikil. Hér er verið að setja fleiri menn til launaðra starfa en nokkur þörf er á, og getur þetta orðið mjög þýðingarmikið atriði, sérstaklega þegar lengra líður fram.

Þá skal ég víkja að öðru deiluatriði í brtt. okkar hv. þm. Ak.: Að bændum skuli frjálst að flytja mjólk sína og rjóma til hvers þess mjólkurbús, sem þeir óska, á sama verðjöfnunarsvæði. — Hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. N.-M. hafa báðir sagt, að þetta væri ekki bannað í l., og það mun satt vera. En það er ekki þar með sannað, að þetta ákvæði þurfi ekki að vera í l. En ég legg einmitt áherzlu á, að þetta ákvæði verði sett inn í lögin. Í fyrsta lagi vegna þess, að það kynni að verða sett ákvæði í reglugerð um að skylda mjólkurframleiðendur til að flytja mjólk sína í eitthvert ákveðið bú. Og í öðru lagi vil ég benda á þá ástæðu fyrir þessari brtt., að það kom fyrir ekki alls fyrir löngu, að bændur austan úr Hreppum, sem ekkert eru viðriðnir Mjólkurbú Flóamanna, komu með rjóma hingað til Rvíkur og hefðu getað selt hann fyrir gott verð í Mjólkurfél. Rvíkur, en þeim var bannað að leggja hann þar inn og sagt, að þeir ættu að leggja hann inn í Mjólkurbú Flóamanna. Að svona lagað geti komið fyrir, vil ég fyrirbyggja meðfram með þessari brtt., sem hér er fram sett. Í öðru lagi vil ég taka það fram, að í 7. gr. l. er ákvæði um það, að svipta megi einstök bú verðuppbót og jafnvel styrk, ef þeirra rekstrarkostnaður sé talinn of hár; sem sé er mjólkursölunefndinni gefið á þessu sviði ákaflega mikið vald, sem hún getur notað til þess að færa verzlunina með þessa vöru meira undir einstök bú heldur en eðlilegt er. Ég vil láta bændur, sem þessa vöru framleiða, hafa fullt frelsi til þess að verzla við það samvinnufélag, sem þeim líst bezt á, og þess vegna legg ég áherzlu á, að þessi brtt. verði samþ.

Þá skal ég minnast á 5. gr. Það kom fram hjá hv. frsm. og jafnvel hjá hæstv. forsrh., að þeir mundu geta gengið inn á að skipta þessari gr. niður við 3. umr. Þessu var neitað í n., og þótti mér það undarlegt, því hver maður getur séð, að þegar búið er að prenta þessa gr. upp, þá verður hún þvílíkur hrærigrautur, að ekki er viðunandi að hafa hana í einu lagi. Annars legg ég ekki mikið upp úr þessu atriði, af því að það er frekar formsatriði heldur en efnislegt, og býst við, að við nm. ættum að geta komið okkur saman um, hvernig þetta verður borið upp. En það er annað atriði í þessu sambandi, sem þarna er flækt inn í og við hv. þm. Ak. erum alveg mótfallnir, og það er þessi liður, sem hæstv. forsrh. leggur til, að felldur sé niður, sem sé, að undanþágan fyrir mjólkurframleiðendur í kaupstöðum gildi ekki nema fyrir 5%, þó verðjöfnunargjaldið sé fært upp í 8%. Það, að láta menn, sem annars eiga að fá undanþágu, borga nokkurn hlut í verðjöfnunargjald, er frá okkar sjónarmiði ófært, og erum við þar í samræmi við skoðun hæstv. forsrh. á því atriði.

Þá skal ég koma að því, sem hv. 2. þm. N.-M. vék talsvert að, sem sé hinni heilbrigðislegu hlið þessa máls. Hann gat þess, að hann hefði gert það nauðugur að ganga til samkomulags við okkur um það, að framleiðendur í kaupstöðum mættu velja um, hvort þeir seldu sína mjólk beint eða færu með hana til gerilsneyðingar. Nú er það tilskilið í þessari brtt., að það skuli settar reglur um það eftir till. hlutaðeigandi bæjarstj. og að fengnu áliti yfirstjórnar heilbrigðismálanna, hvernig hagað skuli framleiðslu þessarar mjólkur, og það finnst mér menn ættu að geta sætt sig við. Það er allt öðru máli að gegna, þegar mjólk frá mörgum heimilum er skellt saman í mjólkurbúin; það er ekki nema eðlilegt, að rík krafa sé um að gerilsneyða slíka mjólk. Þessi heilbrigðislega hlið er því frá mínu sjónarmiði ekki stórt atriði. — Annars er í þessu sambandi nokkur ástæða til þess að víkja að því, hvernig til hagar um framleiðslu og sölu samkv. l. á svokallaðri barna- og sjúklingamjólk. Það eru ekki um það atriði nein föst ákvæði, og er gert ráð fyrir að setja þau nánar með reglugerð. Nú er það víst, að á því svæði, sem þessi l. koma mest til að verka á, Reykjavík og nágrenni hennar, þá er líklega hvergi neitt til líka jafnfullkomlega gætt allra krafna að því er snertir heilbrigðihlið þessarar framleiðslu eins og á búi Thor Jensens. Ég sé því ekki, að nokkur ástæða sé til þess að gera þaðan mjög strangar kröfur, því mér hefir virzt, að þar sé svo vel um búið og tryggt, að Reykvíkingar gætu vænzt þess að fá þar hina beztu mjólk til þessara hluta.

Þá ætla ég að snúa mér að höfuðdeiluefninu, sem hér er um að ræða, verðjöfnunargjaldið, og afstöðu hinna einstöku búa og framleiðenda í Reykjavík og öðrum kaupstöðum til sölumiðstöðva, sem gert er ráð fyrir að setja upp. Hæstv. forsrh. undraðist það, að ég, sem væri bóndi, skyldi leyfa mér að leggja til, að verðjöfnunargjaldið væri ekki hærra en 6%, og vitnaði þar til kjötlaganna. Það lætur vel í eyrum sumra manna og hefir oft heyrzt hér á þingi, að þetta og þetta væri gert fyrir bændurna, og ég skal taka það fram, að ég er manna fúsastur til að gera allt, sem í mínu valdi stendur bændunum til hagsmuna. En þó ég sé að forminu til þm. A.-Húnv., þá skoða ég mig fyrst og fremst sem fulltrúa allrar þjóðarinnar, og þess vegna er ég ófáanlegur til þess að gera í

nokkru máli annað en það, sem ég tel sanngjarnast og réttast. Og ég verð að segja það, að ýmislegt af því, sem gerzt hefir á undanförnum árum og átt að vera í umboði bændanna, er það lakasta, sem gert hefir verið í okkar pólitík, ekki fyrir það, að bændur hafa viljað láta svo vera, heldur af því, að framkvæmdin hefir orðið slík í hinum ýmsu málum í okkar þjóðfélagi, að það hefir verið reynt að draga hlut þessara manna á annara kostnað. En það er einmitt það, sem á að vera grundvallarhugsunin í öllu fjármála- og pólitiska lífi, að byggja það upp á þeim grundvelli að vera einum til hagnaðar án þess að skaða annan, og í þessu máli lít ég svo á, að öllum sé til hagnaðar, að sýnd sé sú sanngirni, sem við á. En það, að hitta hinn rétta meðalveg, er vandinn, sem hér er um að ræða, og skal ég taka það fram, að ég ætla mér ekki þá dul að halda því fram, að það eitt sé rétt, sem ég segi, en ég held því einungis fram, sem ég eftir nánari athugun tel heilbrigðast. Hvað það snertir, að sambærilegt sé verðjöfnunargjald fyrir kjöt og mjólk, þá er það frá mínu sjónarmiði alveg ósambærilegt, og það af þeim sökum, að það er mikill meiri hluti af kjöti, sem þarf að borga verðuppbót á, en mikill minni hluti, sem selst fyrir hið hæsta verð. En þetta er öfugt í því tilfelli, sem hér er um að ræða, því það er mikill meiri hluti af mjólk, sem er borgaður verðjöfnunarskattur af og kemur yfir á minni hluta þeirrar mjólkur, sem um er að ræða, að þessi l. nái til. Í öðru lagi er það svo, eins og hv. þm. V.-Húnv. benti á, að verzlunarhættirnir með kjöt og mjólk eru ósambærilegir, og af þeim sökum meiri ástæða til þess, að verðjöfnunargjaldið þurfi að vera hærra á kjöti heldur en á mjólk. — Ég hefi sýnt fram á það með útreikningi, að eftir þeim líkum, sem fyrir liggja, muni eins og sakir standa á þessu sviði útkoman verða sú, að með 6% verðjöfnunargjaldi verði verðuppbótin til þeirra bænda, sem líkur eru til, að selji mjólk sína í Mjólkurbú Ölfusinga og Flóamanna, hvorki meiri eða minni en 215 kr. á hverja kýrnyt. Það er ekki hægt að segja, að það sé sérlega lágt, og ætti öllum að vera ljóst, að hagur þeirra manna, sem þarna eiga hlut að máli, er mikið tryggður með þessari löggjöf, sem hér er verið að setja, enda á svo líka að vera. Hv. frsm. meiri hl. vildi vefengja þennan útreikning minn, og skal ég játa, eins og ég gerði áðan, að ekki er hægt að færa fullar sönnur á, að hann sé réttur, allra sízt á komandi ári, en hann er miðaður við það ástand, sem nú er á sviði Mjólkurfélags Reykjavíkur og mjólkurbúi Thor Jensens. — Þá var það annað atriði, sem hv. þm. Mýr. vildi vefengja og ekki er hægt að sanna á hvoruga hlið. Hann taldi líkur til þess, að meiri hluti framleiðenda í Rvík færi inn í samsöluna og yrði því undanþeginn verðjöfnunargjaldi. Ég skal ekkert um þetta fullyrða, en mér virðist líkurnar vera þær, að útkoman verði ekki sú fyrst um sinn. Og það, sem ég hefi þar til grundvallar að færa fyrir minni skoðun, er það í fyrsta lagi, að verðmismunurinn, sem yrði hjá framleiðendum hér í Rvík, er geysilega mikill, ef þeir færu að gerilsneyða sína mjólk og selja hana í samsöluna. Gerilsneyðingin mun kosta 4 aur. pr. lítra, og þá gilti það fyrir framleiðendur hér í Rvík um 80 þús. kr. Verðjöfnunargjald, sem þessir sömu menn þyrftu að greiða með 6% hámarki, mundi vera eins og ég tók fram áðan 47900 kr. Mismunurinn á þessum tölum er strax áberandi, og þar við bætist svo, að þessir menn yrðu að borga allan sölukostnað, ef þeir færu inn í samsöluna, og eru líkur til, að þar kæmu á þá aðrar 80 þús. kr., því ég tel eins og sakir standa enga vissu fyrir því, að sölukostnaðurinn yrði undir 4 aur. pr. lítra.

Þá skal ég koma að því, sem ég vék frá áðan, hvort ég væri að vinna gegn bændunum með því að vilja gera þessi l. frjálslegri fyrir þá aðila, sem hér um ræðir, sem sé framleiðendur í Rvík og einnig þann stóra aðila, bóndann á Korpúlfsstöðum, Thor Jensen. Það er nú vitanlegt, að framleiðslukostnaður mjólkur á öllu þessu svæði er mjög dýr, og til þess liggja alkunnar orsakir. Reyndar hefir það verið almennt álitið úti um land allt, að engin grein hins íslenzka landbúnaðar væri arðvænlegri fyrir hlutaðeigandi menn heldur en framleiðsla mjólkur til sölu í Rvík. En reynslan hefir sýnt, að jafnvel þessi grein landbúnaðarins er í hættu stödd og ber sig illa eins og sakir standa. Ég hefi það fyrir satt, að á svæði Mjólkurfélags Rvíkur muni framleiðslukostnaðurinn ekki vera undir 20—24 aur. og innan bæjarfélags Rvíkur frá 21—28 aur. Ofan á þetta bætist svo að því er framleiðendur Rvíkur snertir, að þeir eiga að greiða annaðhvort tæp 48 þús. í verðjöfnunarskatt — ef um hámark er að ræða — eða eftir till. meiri hl.n. 64. þús. kr. En ef ofan á þetta á að bæta því, sem hæstv. forsrh. leggur til, að fella niður þessa 2 þús. potta undanþágu, þá verkar það strax til viðbótar 6200 kr. Ef l. yrðu samþ. eins og þau eru, sem væntanlega verður ekki, þá væru þarna lögð svo há gjöld á þessa menn, að það eru ekki líkur til annars en að þeir yrðu gjaldþrota, og hvað tekur þá við? Bæjarfélagið hér yrði þá að taka þessi ræktunarlönd, sem hér er um að ræða, og mundi þá verða vikið inn á það svið, sem sósialistar óska, að stofnaður yrði bæjarrekstur á mjólkurframleiðslu. Jafnframt er það líka auðsætt, að ef hinu stóra búi á Korpúlfsstöðum er gert svo erfitt fyrir, eins og líkur benda til, að það geti ekki þrifizt, að endirinn verður sá, að Rvíkurbær kaupir þessa jörð og þau mannvirki, sem þar eru, og rekur þar mjólkurbú. M. ö. o., ef þrengt er svo að kosti þessara manna umfram það, sem nauðsyn ber til, þá lít ég svo á, að endirinn geti ekki orðið nema á einn veg, þann veg, að þessir menn gefist upp, eins og allt bendir til að flestir atvinnurekendur séu nú að gera í okkar þjóðfélagi, en þetta stóra og fjölmenna bæjarfélag stofnar til bæjarrekstrar á mjólkurframleiðslu í geysistórum stíl. Og sá bæjarrekstur hefði það tvennt fyrir augum, annað að láta sína einstaklinga, sem fyrst og fremst eru neytendur, fá þessa vöru með sem beztum kjörum, og svo hitt, að fullnægja þeirri þörf, sem hér er fyrir hendi með þessa vöru. En ef út á þessa braut yrði farið, þá er auð-

sætt, að ekkert meira tjón getur komið fyrir bændur, sem nú selja mjólk hingað, og þess vegna held ég því skilyrðislaust fram, að það, að fara hóflega í sakirnar við þessa menn, sem hér eiga hlut að máli, sé fyrst og fremst gert til hagsmuna fyrir þá bændur, sem hér eiga að njóta markaðsmöguleikanna fyrir þessa vöru. Ég held því, að það sé varhugavert og þar að auki óþarft að setja verðjöfnunargjaldshámarkið upp í 8%, því í þessu tilfelli er ekki annað hægt að sjá en að 5—6% muni nægja, og að sjálfsögðu tel ég rétt, að takmörk séu fyrir því í l., hvað verðjöfnunargjaldið megi vera hæst.

Ég skal svo ekki fara mjög mikið nánar inn á þetta mál. Ég er búinn að taka fram þau aðalatriði, sem virðist nauðsynlegt að taka fram. En ég skal þó leyfa mér að bæta því við, að mér virðist það, að setja um það föst ákvæði í l., að stjórnskipuð n. eigi að ráða yfir sem mestri sölu á þeirri vöru, sem hér er um að ræða, sé í raun og veru fullkomið vantraust á þá stefnu, sem mikill hluti þessa þings fylgir og þar á meðal ég, að það sé heppilegasta leiðin til þess að ráða fram úr vandamálum þjóðarinnar að hafa sem frjálsastan félagsskap þeirra manna, sem um þau mál fjalla. Þess vegna leggjum við hv. þm. Ak. til í okkar brtt., að dregin séu út úr frv. þau ákvæði, sem miða að því að láta mjólkursölunefndina, ef svo vill verkast, taka ráðin af stjórn þessara samvinnufélaga, sem þessa hluti eiga að hafa og hafa með að gera.

Ég skal svo ekki að þessu sinni hafa um þetta fleiri orð, því ég vænti þess, að hv. þm. hafi séð, hvað það er, sem fyrir mér vakir með till., sem hér liggja fyrir, og þó hæstv. ráðh. hefði þau orð um þær, að þær ætti að fella allar, þá þykir mér einkennilegt, ef allir hv. þm. geta á það fallizt. Hinu er náttúrlega ekki að leyna, að það getur svo farið með þessar till. eins og hverjar aðrar, sem komið hafa frá okkur sjálfstæðismönnum á þessu þingi, að hægt sé að neyta aflsmunar til þess að fella þær. Að vísu veit ég ekki, hvort allir sjálfstæðismenn fylgja þessum brtt., — ég hefi ekki borið það undir þá. En ég vil segja það, að svona mál er óheppilegt að gera á nokkurn hátt pólitískt, því hér eigum við allir að vinna að því að leysa þau vandamál, sem um er að ræða, á þann hátt, að allir, sem við eiga að búa, geti haft hag af, án alls tillits til þess, hverjar pólitískar skoðanir þeir hafa.

**Guðbrandur Ísberg** [óyfirl.]: Ég hefi ekki kvatt mér hljóðs til þess að ræða frv. almennt eins og það liggur fyrir, né heldur þær brtt., sem bornar eru fram af minni hl. landbn. Fyrir till. meiri hl., sem við minni hl. mennirnir getum fylgt að allverulegu leyti, hefir þegar verið gerð grein af form. n., hv. þm. Mýr., og fyrir brtt. frá minni hl., mér og hv. þm. A.-Húnv., hefir verið gerð grein af honum, og læt ég nægja að vísa til þess, þar sem ég er samþ. hans málaflutningi í öllum aðalatriðum. En það er sérstaklega eitt atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni, og það er brtt. frá hæstv. forsrh. Mér virðist ekki hafa verið farið inn á það atriði eins og vert er, því að ef brtt. er samþ., þá virðist mér brotin grundvallarregla, sem byggt er á í þessu frv., sú sem sé, að menn fái verðuppbót á þá mjólk eina, sem þeir framleiða til sölu og greiða verðjöfnunargjald af og selja, en ekki þeirri mjólk, sem þeir nota sjálfir. Í búunum fyrir austan fjall er augljóst, að bændur fá aðeins verðuppbót fyrir þá mjólk, sem þar er unnin. Það er sanngjarnt að hverfa að því að kaupa þá þannig til þess að flytja ekki mjólk til Rvíkur, og út frá sama sjónarmiði er það sanngjarnt, að bændur í kringum Rvík greiði verðjöfnunargjald til þess að geta setið einir að Rvíkurmarkaðinum. En í hvorugu þessu tilfelli ná þessi ákvæði til mjólkur, sem menn framleiða til eigin nota. Nú er gert ráð fyrir því í brtt. frá landbn. — og ég vissi ekki betur en að um það væri fullkomið samkomulag í n. —, að um leið og mönnum er gefinn kostur á að selja mjólk beint til neytenda, þ. e. ekki í gegnum búðir, þá væri sjálfsagt, að dreginn væri frá nokkur hluti framleiðslunnar, sem ætlaður væri til heimilisnota og undanþeginn verðjöfnunarsj.gjaldi. Það var ákveðið, að það skyldi vera 2 þús. lítrar, og átti form. landbn. uppástunguna. Ég tel það mjög hæfilegt, en hefði til samkomulags getað farið niður í 1800 lítra. En að fella þetta alveg niður er þvert brot á anda laganna. Hvers eiga Reykvíkingar að gjalda, að mega ekki framleiða handa sjálfum sér eins og allir menn aðrir á landinu? Eða þá Akureyringar, sem mér stendur næst að minnast á í þessu sambandi. Það er gert ráð fyrir því, að þeir sem selja mjólk í bæinn, greiði verðjöfnunargjald af 3 þús. lítrum á hverja kú, að frádregnum 2 þús. lítrum til heimilisnotkunar. Hvað snertir þetta hámark, 3 þús. lítra, þá finnst mér það fullhátt. Kýr í Rvík gefa nokkuð hærri meðalnyt að sögn, þótt ég efist um það, en þær gera það a. m. k. ekki almennt á Akureyri. Hér kemur margt til greina, bæði hve mikil stund og um hve langan aldur hefir verið lögð á það að bæta kúakynið, og svo meðferð öll. Hér í Rvík er notað meira kraftfóður, og með því er hægt að fá allmiklu hærri nyt en ella. Ennfremur kemur hér til greina hagabeitin og hversu aflað er heyfengs á sumrum o. fl. o. fl. Á Akureyri er ekki reiknað með meira en 2500 lítra meðalnyt. Þeir, sem því hefðu einungis eina kú, yrðu að greiða verðjöfnunarsjóðsgjald af allri sinni mjólk, þótt hún væri öll notuð í heimahúsum. Ég mótmæli þessu. Ég mótmæli því, að í þessu sé nokkurt minnsta réttlæti, að mönnum sé svo gott sem bannað að framleiða mjók til eigin nota. Og ef þetta verður knúð í gegn, þá skal ég lofa því, að ég skal á hverju einasta þingi meðan slík ákvæði eru í gildi bera fram brtt. um að þau verði felld niður. Og ég vil bæta því við, að þótt ég telji þessi l. ganga í rétta átt og vera til bóta, þá mun ég mjög hugsa mig um áður en ég greiði atkv. með þeim út úr d., ef ég ekki hreint og beint greiði atkv. á móti þeim, verði brtt. hæstv. forsrh. samþ.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Hv. þm. Ak. lagði mikla áherzlu á orð sín þegar

hann minntist á þetta gífurlega ranglæti, sem í till. minni fælist. Og hann sagði jafnframt, að hann ætti erfitt með að greiða þessu máli atkv. út úr d., ef till. yrði samþ., og mundi á hverju einasta þingi bera fram brtt. til þess að fá þessu ranglæti hrundið. Það eru engar smáræðis fullyrðingar, sem hv. þm. hefir í sambandi við þetta „ranglæti". En það má segja, að málflutningur sé orðinn nokkuð erfiður í sambandi við þetta mál vegna fulltrúa einstakra kaupstaða, þegar svona er til máls tekið. Ég vil benda á það í sambandi við þessa 3 þús. lítra, að það var flutt fram í mjólkurnefndinni af þeim manni, sem fyrst og fremst er umboðsmaður Reykvíkinga, Guðmundi Ásbjörnssyni, að miða við þá tölu fyrir þá, sem selja í gegnum mjólkurmiðstöð. Það er upplýst, að meðalnyt í Rvík er 3300 lítrar, og þess vegna fékk þessi umboðsmaður Rvíkur, Guðm. Ásbjörnsson, því til leiðar komið í n., að setja skyldi inn í l. að miða við 3 þús. lítra. Að vera á móti þessari till. er sama sem að leyfa mönnum að vera fyrir utan samtökin. Það liggja fyrir margar áskoranir um það frá ýmsum mönnum, og svo aftur áskoranir um að leyfa ekki óbeina sölu. Svo kemur hv. þm. Ak. og telur þetta ranglæti, — þetta sama og sá maður, sem sérstaklega á að gæta hagsmuna Rvíkur, heimtar að fá sett inn í lögin. Þannig er málflutningurinn um þetta atriði, og hann stafar af því, að þeir menn sumir hverjir, sem flytja þetta mál, eru ekki inni í því yfirleitt, sem þeir eru að fara með. Ársnytin er samkv. fengnum skýrslum 3300 lítrar að meðaltali, svo að þessir menn hafa til eigin neyzlu og meira en það. En á annað er að líta, sem þessi hv. þm. minntist alls ekki á, að jafnframt og þetta ákvæði er tekið úr l., þá er líka fellt burt það ákvæði í þeim till., sem fyrir liggja, að leggja nokkurt verðjöfnunargjald á þá, sem ganga inn í sölumiðstöðina, sem á að vera 3% eftir till. minni hl. landbn. Með þessu er öllum opnuð leið til þess að ganga inn í sölumiðstöðina og greiða aldrei af meiru en þeir selja í gegnum sölumiðstöðina, án þess að greiða nokkurt verðjöfnunargjald. Svo að jafnhliða því, að þetta ákvæði er tekið burt, þá opnast leiðin til þess að ganga inn í sölumiðstöðina og greiða ekkert verðjöfnunargjald nema af því, sem þeir sannanlega selja á markaðinn. — Ef hinsvegar yrði farið að leyfa, eins og hv. þm. Ak. vildi, 2 þús. lítra undanskilda verðjöfnunarsjóðsgjaldi til eigin nota hvers framleiðanda, þá mundi sennilega fjölga nokkuð mikið framleiðendunum næstu dagana eftir að mjólkurl. gengju í gildi. (**PHalld:** Því mótmælti form.). Því þýðir ekkert að mótmæla, því að hvað myndi það standast fyrir dómstólunum? Ef einhverjir menn kaupa kýr og eiga í fóðrum, hver getur þá neitað því, að þeir séu framleiðendur? Þess vegna er augljóst, að með því að hafa 2 þús. lítra undanskilda fyrir hvern framleiðanda er verið að opna leið til misnotkunar á mjólkurl. Það er verið að eyðileggja þau. Og það er það, sem ég vil fyrirbyggja, án þess að nokkrum manni sé sýnt ranglæti. — Ég get ekkert um það sagt, hvað muni vera ársnyt á Akureyri, en finnst þó í mesta máta vafasamur vitnisburður hv. þm. Ak. um það, að í kaupstað, þar sem farið er vel með kýr, skuli nytin ekki komast til jafns við það, sem hún er hér. Ég efast um, að Akureyringar séu þakklátir þm. fyrir þennan vitnisburð. Ég held, að það sé heppilegra fyrir þennan hv. þm., þegar hann fer að bera fram „réttlætismál", að fá þá ekki á móti sér þann manninn, sem sérstaklega á að gæta hagsmunanna í þessu efni, Guðm. Ásbjörnsson.

Af því að ég er byrjaður að svara þessum ræðum, sem hér hafa farið fram síðan ég tók síðast til máls, vil ég fara örfáum orðum um það, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði um málið. Hann minntist á það, og lagði á það nokkuð mikla áherzlu, að það væri ranglæti að haga skipun n. þannig, að „samtakamáttur samvinnufélaganna", eins og hann orðaði það, væri lamaður eða tekinn af þeim með valdi. Ég skal upplýsa það í þessu sambandi, að svo var til ætlazt, að félög, sem hér eiga hlut að máli, kæmu sér saman um, hvernig fyrirkomulagi samsölunnar yrði hagið eftir áramótin. En það sýndi sig, eins og það hafði sýnt sig um mjólkursamtökin áður, að það varð erfitt um samkomulag, og ef það hefði svo ekki komizt á hjá félögunum, þá hefði framkvæmd l. strandað um áramótin, en það kæri ég mig ekki um að eiga á hættu eftir allt það, sem ég er búinn á mig að leggja fyrir þetta mál. Ég valdi því þá leið, að mjólkursölunefndin skyldi fara með þessi mál þangað til í maí í vor, en þegar félögin koma sér saman, þá taka þau við samsölunni og ráða henni. Það er ekki skertur þeirra réttur, ef þau koma sér saman og sýna, að þau hafa möguleika til þess að stjórna málinu. Það er ekki verið með þessu að ráðast á samvinnufélögin, heldur er verið að gera það, sem nauðsynlegt er, til þess að gera l. framkvæmanleg.

Þá minntist hv. þm. á, að verðjöfnunarsjóðsgjaldið væri of hátt. Ég vil ekki fara að endurtaka það, sem ég áður sagði um það atriði, en einungis láta þess getið, að hann kom að því og talaði alllengi um, að með þessu háa verðjöfnunargjaldi væri verið að koma hagsmunum gegn hagsmunum, og jafnvel stétt gegn stétt. Hér er ekki um annað að ræða en verðjöfnunargjald milli framleiðendanna, sjálfra bændanna. Það er eitt, sem þessi hv. þm. tekur aldrei með í alla sína útreikninga og gerir ómögulegt út í þá að fara eða fá vit úr þeim, og það er það, að búin fyrir austan fjall hafa mikinn hluta sinnar mjólkur, og nú meiri hlutann, í vinnslu. Vinna úr þeim vörur, sem seljast langt fyrir neðan það verð, sem fæst fyrir neyzlumjólk hér á markaðinum. En þessi félög og einstaklingar austanfjalls geta samt sent sína mjólk á Rvíkurmarkaðinn, ef þeim er ekki haldið til baka með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu. Og þess vegna þarf verðjöfnunargjaldið að vera nokkuð hátt, að þessir menn setja sína mjólk í verðminni vörur en mjólkin sjálf er seld til neyzlu. Annars er rétt að benda á það í þessu máli, að t. d. þegar þessi hv. þm. reiknar út, hvað bændur austanfjalls fái í uppbót á hverja kú, þá reiknar hann út frá því, sem bændur austanfjalls selja mjólk sína til neyzlu hér í bæn-

um, án þess að taka minnsta tillit til þess, hvað unnið er úr mjólkinni í búunum austanfjalls. En að þræta um það aftur og fram, hvað gjaldið eigi að vera hátt, hefir út af fyrir sig ekki neina þýðingu. Menn komast ekki með því að neinni niðurstöðu. En á það má benda, að þeir menn, sem nú selja mjólk á Rvíkurmarkað, fá eftir því, sem ég bezt veit, 20—24 aura fyrir lítrann hjá Mjólkurfélagi Rvíkur. Ef mjólkin er seld á 40 aura og verðjöfnunargjaldið er 3 aurar, og þótt kostnaður við gerilsneyðingu og dreifingu sé 8—9 aur., þá fengju þessir menn í lögsagnarumdæminu og nágrenninu a. m. k. 28 aura pr. lítra. Þrátt fyrir það, að verðjöfnunarsjóðsgjaldið sé 3 aurar, getur svo farið, að hagnaður þeirra, sem búa utan lögsagnarumdæmisins, verði meiri tiltölulega en þeir fá, sem búa fyrir austan fjall og er haldið til baka af markaðinum.

Þá er enn eitt, sem hv. þm. lagði mikla áherzlu á og byggt var á algerðum misskilningi, og um þetta talaði hv. þm. alllangan tíma, og það eru þessi ákvæði í d-lið 3. brtt. á þskj. 749, um það, að „enda sé bændum frjálst að flytja mjólk sína og rjóma til hvers þess mjólkurbús, sem þeir óska á sama verðjöfnunarsvæði". Um þetta fórust hv. þm. svo orð, að e. t. v. mætti ákveða um það í reglugerð, að banna þennan flutning nema til einstakra búa. Ég get ómögulega séð, að það sé nokkur grundvöllur til slíks í l., enda alls ekki til þess ætlazt, og ég er viss um, að hv. þm. veit, að ekki er hægt að setja reglugerð án þess að hún sé í samræmi við ákvæði l. Þetta er því allt út í bláinn hjá þm. Jafnframt minntist hann á það þessu til sönnunar, að mönnum austan úr sveitum hefði verið bannað að flytja rjóma í Mjólkurfél. Rvíkur. Þetta er bara tóm vitleysa og ekkert annað. Þetta er hvergi bannað í l. og heimilt samkv. l. Ég spurði lögreglustjórann, sem var staddur hér frammi, um, hvort þetta hefði komið til mála og hvernig myndi á þessu standa. Hann kvað þetta allt ósatt og tilhæfulaust, sem ég vissi raunar. Hitt er annað mál, að mjólkurbúin hafa haft samninga sín á milli um það, að hvert búið sé ekki að seilast eftir mjólk frá öðrum, en það kemur l. ekkert við, og því eru þessar brtt. hans út í bláinn.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Þetta er nú allmikið hagsmunamál fyrir mína kjósendur, og gæti því verið nokkurt tilefni til þess fyrir mig, sem þeirra umboðsmann hér á þingi, að fara nokkrum orðum um málið almennt og taka til athugunar þær brtt., sem fyrir liggja. Ég geri þó ekki ráð fyrir að gera það að þessu sinni, sumpart vegna þess, að mín afstaða til málsins er kunn frá fyrri þingum, a. m. k. hvað snertir þá grundvallarstefnu, sem í frv. felst, og sumpart af hinu, að hér hafa verið gefnar ýtarlegar skýringar bæði á heildardráttum löggjafarinnar og eins á einstökum brtt., og vitna ég þá sérstaklega í ræðu hv. frsm. minni hl., hv. þm. A.-Húnv. Ég skal einungis í tilefni af því, sem hæstv. forsrh. sagði er hann var að ljúka sinni ræðu, gefa þá viðurkenningu, að mér gekk hálfilla að skilja, hvað hann átti við í fyrri hluta sinnar ræðu. (**Forsrh.**: Ég get skilið það). En það er víst af því, að ég er svo ókunnugur málinu og ófróður, eins og hann mun nú komast að orði, því að hann segir það yfirleitt alltaf, og það veit enginn neitt nema hann í því máli, sem hann talar um, og ég á auðvitað ekki von á því betra, þótt ég sé nú raunar búinn að flytja þetta mál hér á þingi áður en hann komst á þing, þótt það væri í betra búningi hjá mér en honum, það skal ég játa. Ég viðurkenni, að mér gekk afarilla að skilja, hvað ráðh. meinti með sumu í ræðu sinni, en það fékk ég þó út úr því, að honum fannst það hæpið lof, sem hv. þm. Ak. bar á sína kjósendur, að segja, að kýrnytin væri lægri á Akureyri en í Rvík. Það er eins og þessir kjósendur væru þarfanautin á Akureyri, hvernig sem ráðh. hefir nú hugsað sér það. (**Forsrh.**: Ætli það fari ekki dálítið eftir meðferðinni? Hvernig er það á Korpúlfsstöðum?). En ekki vil ég viðurkenna, að ef kýrnytin er lægri í Gullbringu- og Kjósarsýslu en í Rvík, þá sé það af því, að tómir níðingar fáist við gripahirðingu í sýslunni. Þetta er e. t. v. skoðun forsrh. En hér liggur fyrir, að kýrnytin er hærri í Rvík en í nágrenninu, og ef hann vill gera það að sínum orðum sem landbrh., að það sé af níðingslegri meðferð á gripum annarsstaðar, þá hefði ég gaman af að sjá framan í íslenzka bændur. En náttúrlega etur hann þetta allt ofan í sig aftur. — Ég verð að biðja hæstv. forseta að láta forsrh. fara út úr d. eða skipa honum að þegja meðan ég er að tala. — Annars verð ég að segja það út af þeirri till., sem deilt er um, hvort rétt sé að undanskilja verðjöfnunargjaldi 2 þús. lítra hjá framleiðendum í Rvík, að ég hefi ekki sérstaklega skoðað það mál niður í kjölinn, enda er till. nýframkomin. En úr því að hv. þm. Mýr. er faðir till., sem mér skilst að upplýst sé hér í d., þá geri ég ráð fyrir því, að hann sé þar í samræmi við vilja minna kjósenda, þar sem hans og þeirra hagsmunir fara mjög saman, þar sem hann er búsettur í kjördæminu og mjólkurframleiðandi. Ég geri því ráð fyrir, að hann hafi borið sig saman við menn um þetta atriði og þeir telji það sanngjarnt. En mér þætti vænt um, ef hann vildi áður en umr. lýkur fræða mig og aðra frekar um þetta. Hinu andmæli ég hjá hæstv. landbrh., að þessi till. hljóti að leiða til svika, eins og hann orðaði það. Mér finnst, að ráðh. eigi að nægja að vera hér með illmælgi í garð bændanna um það, að minni kýrnyt hjá þeim en í Rvík stafi af illri meðferð kúnna, þótt hann setji ekki líka á þá svikastimpilinn, því að það er óhjákvæmileg staðreynd, að þetta er ekki hægt að svíkja nema með aðstoð bændanna, og þau ummæli hans, hæstv. ráðh., að þetta myndi verða svikið í ríkum mæli, er ekki hægt á nokkurn annan hátt að skilja en þann, að hann sé að stimpla alla bændastéttina sem svikara. Það er hart, að ég skuli þurfa að standa hér upp á þinginu og bera hönd fyrir höfuð bændanna og beina frá þeim árásum frá sjálfum landbrh. Það er hart. Hæstv. ráðh. gat þess í sinni ræðu, að það hefði komið fram nú sem endranær, að ekki mætti vænta neins samkomu-

lags frá mjólkurframleiðendum um sín málefni. Hæstv. ráðh. getur með engum rökum borið þessar ásakanir fram. Mjólkurbandalagið hefir, og það áður en hæstv. ráðh. kom til skjalanna, borið gæfu til þess að halda saman og stýra sínum málum. Hitt er ljóst, að þeir menn innan Mjólkurbandalagsins, sem minnsta hafa tilhneigingu til ofríkis, hafa ekki óskað eftir því, að þessi maður yrði landbúnaðarráðherra. Þeim hefði verið það sæmra sjálfra sín vegna og þeirra vegna, sem hafa falið þeim að gæta hagsmuna sinna, að kunna sér betur hóf í þessari tilhneigingu sinni en þeir hafa kunnað. En ég er líka viss um það, að eitt af því, sem hefir orðið þeim að fótakefli í eðlilegri viðleitni þeirra til þess að gæta hófs, er það, að þeir hafa vitað, að þeir þurftu ekki að gæta stillingar í þessum efnum til þess að ná eyra hæstv. landbrh. Mjólkurbandalagið hefir starfað með góðum árangri á undanförnum árum og sæmilegri samheldni. Mér sýnast nú horfur á því, að sú samheldni fari út um þúfur, og er það lakara fyrir það, að þeir hafa valdið því, sem ekki þoldu þá freistingu að horfa á þennan mann í sæti landbrh.

Ég vil ekki á þessu stigi málsins dæma um það, hver ógæfa af þessu leiðir, vegna þess að ég hefi vonir um það, að vitibornir menn muni skilja það áður en lýkur og kannske áður en langt um líður, að öllu málefninu er bezt borgið með því, að umboðsmenn framleiðenda taki fullt tillit hver til annars. Ég gerði mér í öndverðu miklar vonir um það, að þetta samkomulag tækist, þannig að engin þörf yrði fyrir afskipti valdboðsins á þessu sviði. Þess vegna óskaði ég ekki eftir öðrum afskiptum hins opinbera í þessu máli en að stofnaður yrði verðjöfnunargjaldssjóður, og ég hefi svo gert það eftir óskum og í umboði kjósenda minna að óska þess, að samsala sé sett á stofn, enda þótt ég beri ekki til hennar sama traust og margir af umbjóðendum minum. En í þessu máli tel ég mér skylt að fylgja fram þeirra óskum, a. m. k. ef ég hefi ekki bjargfasta sannfæringu um það, að þeir kunni ekki fótum sínum forráð, en svo vitibornir sem þeir eru og reyndir á þessu sviði, þá ætla ég mér ekki að þekkja þessi mál betur en þeir, og hefi hlitt þeirra ráðum í því. En ég er alveg sannfærður um það, að þau ákvæði þessa frv., sem gefa einhverjum aðilanna sérstaka afstöðu til þess að beita hina aðra aðila ofríki, þau verða málinu til falls, fyrr eða síðar, ef hlutaðeigandi aðilar standast ekki þessa freistingu og snúa til rétts vegar áður en í óefni er komið. En um þetta vil ég ekki fullyrða að svo stöddu, enda þótt mér sýnist, að ýmislegt, sem fram hefir komið í þessu máli, bendi til þess, að miður muni til takast en ég hefi gert mér vonir um. En það, að ég er ekki eins svartsýnn eins og kannske efni standa til, er af því, að ég geri mér, eins og ég hefi áður sagt, vonir um það, að ef og þegar reyndin leiðir það betur í ljós en orðið er, hver hætta stafar af þessu, þá bæti þeir aðilar, sem hér um ræðir, ráð sitt og sjái, að það er viturlegast í þessu máli að beita engri kúgun og engu ofriki.

Af þeim brtt., sem fluttar eru við frv., vil ég snúa mér sérstaklega að einni, og það er 1. brtt. á þskj. 737, sem heimilar landbrh. að leggja á verðjöfnunarsjóðsgjald allt að 8%. Það er að vísu svo, eins og frv. er núna, að þá eru landbrh. ekki settar neinar skorður um það, hversu hátt verðjöfnunarsjóðsgjaldið megi vera, og ég fyrir mitt leyti vil heldur engar skorður hafa heldur en að þær séu 8%. Ég vil nefnilega heldur, að ef á að beita bændur hérna sunnanfjalls því misrétti að krefjast 8% verðjöfnunarsjóðsgjalds af þeim, þá sé það gert á ábyrgð landbrh. eins, en ekki að Alþ. sé gert meðábyrgt í því, og sem umboðsmaður bænda í Gullbringu- og Kjósarsýslu er ég sannfærður um, að það er heppilegasta lausnin fyrir þá. Ég mun a. m. k. aldrei ljá mitt atkv. þessu ákvæði til stuðnings. Ég vil hafa hreina aðstöðu til þess, fyrir þeirra hönd, að ráðast á landbrh. fyrir meðferð þess valds, sem honum er tilskilið í þessari gr. Ég óska náttúrlega helzt eftir, að því sé haldið, sem í öndverðu var ákveðið í þessu máli, sem sé að verðjöfnunarsjóðsgjaldið fari ekki yfir 5%. Ég er sannfærður um, að það er nóg til þess að bæta á eðlilegan hátt bændum austanfjalls þann halla, sem þeir kunna að verða fyrir vegna þess að afsala sér sölu á nýrri mjólk hér í Rvík. En þetta ákvæði, ef samþ. er af þinginu, opnar landbrh. leið til þess að rýja bændur sunnanfjalls, öðrum til framdráttar, í ríkara mæli en ég hygg, að nauðsyn geti nokkurn tíma krafizt. Ég vil ekki selja honum í hendur sjálfsvald til þess að dæma um, hvað langt á að ganga í þessu efni, a. m. k. ekki þannig, að hann geti gert mig meðábyrgan fyrir því hámarki, sem hann kann að beita á hverjum tíma. Ég er þó reiðubúinn til þess að gefa honum vald til þess að leggja verðjöfnunargjald á allt upp að 5%, en það, sem þar fer fram yfir, vil ég að hann geri á eigin ábyrgð.

Ég vil yfirleitt segja það um brtt. á þskj. 749, þó kannske ekki undantekningarlaust, að ég tel þær til bóta, en ef ég ætti að fara að gera grein fyrir afstöðu minni til hverrar einstakrar af þeim, þá yrði það allt of langt mál, enda hefir hv. frsm. minni hl. þegar gert það mjög ýtarlega.

Ég vil taka það fram, að ég hafði ekki tækifæri til þess að hlýða á þá ræðu, sem hæstv. landbrh. flutti hér fyrst eftir matarhléið í kvöld, og get ég þess vegna á engan hátt svarað henni. Mér þykir ástæða til þess að taka þetta fram, vegna þess að sú stutta ræða, sem hann áðan flutti, hefir gefið mér tilefni til talsverðra leiðréttinga, og ég geri þess vegna fastlega ráð fyrir, að ef ég hefði líka heyrt fyrri ræðu hans, þá mundi ég hafa þótzt knúður til þess að leiðrétta ýmsar firrur, sem hann mun hafa haldið fram í þeirri ræðu. En mér þykir það miður, að þeir, sem síðar lesa umr. um þetta mál, geri mig meðábyrgan á orðum hans, á þann hátt, að ég hefði ekki andmælt þeim, og þess vegna tek ég þetta fram.

Út af brtt. á þskj. 768, frá hv. þm. Borgf. um það, að í stað þess að atvmrh. skipi tvo menn í mjólkursölun. skv. 6. gr. frv., þá skuli

atvmrh. skipa einn mann í hana og Mjólkursamlag Borgfirðinga annan, vil ég segja það, að mér finnst þessi till. sanngjörn og get í því efni vísað til rökstuðnings hv. þm. Borgf. fyrir þessari till.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég mundi ekki ræða þetta mál almennt, af því að mín afstaða til þess er kunn í öllum aðaldráttum. Ég mun heldur ekki rekja aðstöðu mína að því er snertir einstakar brtt., sem fyrir liggja. En ég vil þó segja það, að eins og þetta frv. verður, eða miklar horfur eru á að það verði, þegar það verður afgr. héðan úr d., þá er ég ekki sannfærður um, að það leiði til þeirrar farsældar, sem við Mjólkurbandalagsmenn höfum gert okkur vonir um.Samt sem áður tel ég rétt að afgr. málið í trausti þess, að þeir, sem með framkvæmd þess fara, geti, þegar þeir fá meiri reynslu í störfum sínum, vaknað til öruggs skilnings á því, hver skylda hvílir á þeim um sanngjarna beitingu þeirra lagafyrirmæla, sem hér á að lögfesta. Verði þeir ekki við þeirri skyldu sinni á eðlilegan hátt, þá getur vel svo farið, að ég verði einn þeirra, sem tel nauðsynlegt að gera veigamiklar breyt. á þessari löggjöf eða hrinda henni með öllu. Það er þess vegna á þeirra valdi og fer eftir því, hvernig þeir framkvæma þá skyldu sína, sem þeir taka sér á herðar, hvort við, sem höfum gert okkur vonir um, að slík lagafyrirmæli megi verða bændum, sem við eiga að una, til framdráttar, hvort þær vonir okkar rætast, eða hvort okkur eigi að verða vonbrigði að allri þeirri starfsemi, sem leitt hefir til þessara lagafyrirmæla, sem hér liggja fyrir. Frumdrættir þessa máls hafa verið hugsaðir og undirbúnir í Mjólkurbandalaginu út frá viðurkenningu hinnar ríku þarfar, sem bændur hafa fyrir að fá annað og hærra verð fyrir sínar afurðir en þeir til þessa hafa fengið. Það liggja miklar vonir til grundvallar fyrir þessu frv. og það eru miklar vonir margra þurfandi manna tengdar við lagasetninguna og framkvæmd hennar. Það er þess vegna mikil og þung ábyrgð, sem þeir bera, sem eiga að hafa á hendi framkvæmdir þessara lagafyrirmæla, vegna þess að allt gildi l. veltur á sanngjörnum framkvæmdum þeirra. Ég skal ekki að svo komnu máli draga það í efa, að þessi framkvæmdan. sé sér þess meðvitandi, að mikið velti á hennar aðgerðum í þessu efni. Hitt dreg ég enn sem komið er í efa, að henni hafi tekizt að losa sig undan þeirri tilhneigingu að draga fremur fram hagsmuni eins aðilans heldur en annars, þeirra sem hlut eiga að máli. En þó að svo sé, þá álít ég samt, að það enn sem komið er gefi mér ekki fullt tilefni til þess að telja mig vonsviptan um ágæti þeirrar gagnsemi, sem til var stofnað með lagasetningunni, og þá m. a. vegna þess, að þessir menn hafa ennþá ekki starfað nema stuttan tíma, og það er nú oft svo, að menn þjálfast betur þegar örðugleikarnir knýja á, því að þá rennur betur upp fyrir mönnum, að eitt af því allra nauðsynlegasta til þess að sigra örðugleikana er einmitt það, að vera réttlátir. Það eru svo flestir menn gerðir, að ef þeim er sýnt réttlæti, þá sætta þeir sig við margvíslega örðugleika, en ef menn finna ekki til réttlætis, þá eru jafnvel hinir minnstu agnúar nægilegir til þess að valda mótþróa, en sérhver mótþrói þeirra, sem við lögin eiga að búa, er hættulegur.

Það er mín skoðun, að í þessari lagasetningu sé gengið lengra heldur en nauðsyn þýður í því að takmarka frjálsræði manna, og út af fyrir sig er þetta náttúrlega mikill ókostur, en nokkur er það bót í máli, að það má líðka þetta í framkvæmdinni, ef góður vilji er til þess. Sá agnúi er því einn þeirra, sem úr má draga með réttlátri og velviljaðri framkvæmd l. Einnig á því sviði vil ég geyma mér minn dóm um ágæti þessarar lagasetningar. Ég vil svo að endingu segja það, og ég endurtek það, að þó að ég telji agnúa á l., og þó að ég sjái fram á, að þeir agnúar geti orðið til óþrifa, ef framkvæmd l. verður ekki á þann hátt, að hin mesta réttsýni verði sýnd, þá tel ég samt, að þinginu beri að samþ. þessi l. og bíða átekta með sinn dóm, þar til reynslan sker úr um það, hvort þeir menn gera skyldu sína, sem með framkvæmdarvaldið eiga að fara.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég skal reyna að svara þessari ræðu hv. þm. G.-K. með fáum orðum. Hv. þm. var nokkuð taugaóstyrkur og óstilltur í byrjun ræðu sinnar, en svo endaði hann með ákaflega hrifandi ræðu, svo að þetta fór þess vegna allt sæmilega. En upphafið var ekki að öðru leyti í samræmi við endirinn, því að hann bar mér það á brýn, og þeim öðrum, sem eiga að sjá um framkv. l., að þeir mættu vita það, að þeir fengju eyra fyrir ýmsum ósanngjörnum kröfum hjá þeim ráðh., sem með l. ætti að fara, og þess vegna væri ekki við góðu að búast við framkvæmd þeirra. En svo endaði hann ræðu sína með því að segja, að allt mundi þetta fara vel úr hendi og mennirnir mundu reynast starfi sínu vaxnir, m. ö. o., hann endaði ræðu sína með því að mótmæla mestöllu, sem hann hélt fram í upphafi hennar.

Ég skal þá drepa á þau sárfáu atriði, sem hv. þm. G.-K. minntist á í sinni ræðu. Í fyrsta lagi, þegar ég í sambandi við þá 2 þús. lítra, sem ég tel, að ekki eigi að undanþiggja verðjöfnunargjaldi, hvorki hér í Rvík né í öðrum kaupstöðum, hafði þau ummæli upp eftir hv. þm. Ak., að kýrnyt væri lægri þar en hér í Rvík, þá dró hv. þm. G.-K. þá broslegu ályktun út frá því, að ég væri að fara með svívirðingar um íslenzka bændur. Annars hélt ég satt að segja, að þessi hv. þm. vissi það, að kýrnyt er yfirleitt talsvert hærri í kaupstöðum en í sveitum, vegna þess að í kaupstöðum er gefinn fóðurbætir með heyjunum, svo að þær mjólki betur, en bændur uppi til sveita gefa kúm sínum yfirleitt eingöngu hey. Hinsvegar var það rétt ályktun út frá þeim ummælum, sem hv. þm. Ak. hafði hér, að mjólkurframleiðendur á Akureyri færu annaðhvort verr með sínar kýr en mjólkurframleiðendur hér í Rvík, eða þá að þeir væru meiri búskussar en bændur hér. En því hefir ekki verið mótmælt og það er aðalatriðið í þessu sambandi, að kýrnyt hér sé meiri en 3 þús. lítrar á ári, og því hefir heldur ekki verið mót-

mælt, að þetta ákvæði er sett inn í frv. samkv. beiðni þess manns, sem á sérstaklega að sjá um þessa hlið málsins. Og þar með eru fengnar fullar sannanir fyrir því, að það er ekkert ranglæti í því að nema burt þessa 2 þús. lítra, einkanlega þegar á það hefir verið bent, sem ég hefi bent á í minni síðustu ræðu, að menn geti alltaf gengið í Mjólkursamlagið og fengið mjólk sína án þess að borga verðjöfnunargjald.

Þá minntist hv. þm. G.-K. á það, að það hefði verið óþarfi fyrir mig að láta þau orð falla, að ekki hefði verið sem bezt samkomulag í Mjólkursambandinu, sem svo er kallað. Hann sagði, að Mjólkursambandið hefði starfað með góðum árangri og sæmilegri samheldni. En ég vil bara benda á þær staðreyndir, að það eru allir hv. þm. sammála um það, að nauðsynlegt sé að setja þessi l., og hv. þm. G.-K. hefir einnig haldið því fram í sinni ræðu. Þrátt fyrir þau samtök, sem hér hafa verið á þessu sviði, eru hér í Rvík 105 mjólkurbúðir, en um það eru allir sammála, að slíkt sé algerlega óviðunandi. Þetta er nú hinn prýðilegi árangur Mjólkurbandalags Suðurlands. Þar að auki veit maður það vel, að þar hefir komizt inn eðlileg samkeppni á milli bænda austanfjalls og vestanfjalls, um að koma mjólkinni á Rvíkurmarkaðinn, þeir hafa keppt um það og yfirboðið hver annan til þess að ná í mjólkurbúðirnar, til þess að geta selt mjólk sína hér í Rvík, og það með þeim árangri, að hér munu vera um 80 löggiltar mjólkurbúðir, en eru taldar vera 105 af mjólkursölun., með öllum þeim geipilega kostnaði, sem þetta veldur.

Þá minntist þessi hv. þm. á það, að með þessum l. eins og frá þeim mundi verða gengið, þá liti út fyrir, að það ætti að níðast á einum, öðrum til hagsbóta, og átti hann þá sérstaklega við það, að það yrði gengið á rétt þeirra, sem búa vestanfjalls, eða m. ö. o. í Reykjavík og Mosfellssveit, og til hagsmuna fyrir þá, sem austanfjalls búa. Þessu vil ég fyrst og fremst svara því, að hvað Rvík snertir, þá er gengið lengra í tilhliðrunarsemi við mjólkurframleiðendur í henni í þessu frv. heldur en í því frv., sem þessi hv. þm. flutti hér sjálfur. Samkv. þessu frv. er þeim heimilað að selja mjólk sína, þá, sem framleidd er á grasi, í gegnum mjólkurmiðstöð án þess að greiða af henni nokkurt verðjöfnunargjald. Það er þess vegna boðið upp á tvær leiðir í þessu frv., sem ekki var boðið upp á í frv. þessa hv. þm. Hver einasti maður, sem framleiðir mjólk hér í lögsagnarumdæmi Rvíkur og á grasi, getur þess vegna notað sér sölusamtökin án þess að greiða verðjöfnunargjald, og jafnframt getur hann verið fyrir utan sölusamtökin, eins og frv. nú er úr garði gert. Það er ómögulegt að segja, að það sé gengið á rétt Reykvíkinga í þessu máli, heldur er búið að ganga svo langt í tilhliðrunarsemi við Rvík og til samkomulags við þá, að það hefir hvergi annarsstaðar, þar sem þannig lög hafa verið sett um þetta efni, verið gengið jafnlangt fyrir framleiðendur, sem búa í nágrenni bæja, eins og hefir verið gert í þessum lögum. Og það er alveg áreiðanlegt, að hvernig sem þessi l. yrðu og hvernig sem frá þeim væri gengið, þá verður aldrei fullkomin ánægja með þau, þannig, að einstakir menn þykist ekki eiga að fá meira en þeir í raun og veru eiga að fá. Þannig hefir það gengið erlendis, þar sem l. svipuð þessum hafa verið sett. Þar koma sífellt kröfur frá þeim, sem búa í nágrenni bæjanna, um að fá meiri undanþágur, vegna þess að þeir geti setið að markaðinum. En reynslan sýnir, að þeir geta það ekki, vegna þess að mjólkin streymir til bæjanna úr fjarlægari héruðum. Nei, Reykvíkingar verða sannarlega ekki útundan í þessari lagasetningu. — Þá talaði hv. þm. um afstöðu Mosfellinga til l., og er það auðskilið, þar sem þar er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir hann sjálfan. Ég get ekki séð, að Mosfellingar þurfi að kveinka sér undan því að greiða 3 au. á lítra í verðjöfnunarsjóð. Þeir selja mjólkina á 40 aur., kostnaður við dreifingu og gerilsneyðingu fer aldrei fram úr 9 aur. á lítrann, og fá þeir þá 28 aur. af hverjum lítra, sem þeir selja, en hafa að þessu ekki fengið nema 20—24 au. Einmitt fyrir þá, sem í nágrenninu búa, verður hagnaðurinn mestur, og vafalaust meiri en bændanna austanfjalls, sem þurfa að vinna ódýrari vöru úr sinni mjólk. — Ég skal líka geta þess, að þegar gjaldið var sett án hámarks, kom öll stjórn Mjólkurfél. Rvíkur til mín, einir fjórtán menn, og fóru fram á, að sett yrði hámark á verðjöfnunargjaldið, þetta hámark, sem hv. þm. nú vill vera laus við. En þessir menn frá Mjólkurfél. Rvíkur lögðu áherzlu á það, að hámark yrði sett, og fóru fram á, að það yrði 7%. Ég sagði þeim þá, að ég gæti ekki lofað því, að hámarkið yrði sett 7%, en ég skyldi sjá til, hvort 8% gæti ekki gengið. Milli till. minnar og þeirra er því aðeins 1% munur. Ég vil líka benda á það, að n. hafði öll komið sér saman um 7% hámark, en það var miðað við núv. ástand, en bersýnilegt er, að nauðsyn ber til að hafa verðjöfnunargjaldið hærra, þegar búið í Borgarnesi kemur inn á verðjöfnunarsvæðið og framleiðslan á því verður meiri en nauðsynlegt er. Af þessu vænti ég, að það sé augljóst, að þetta hámark er sett í samræmi við kröfur þeirra, sem lengst ganga, nefnilega þeirra, sem búa í nágrenni Rvíkur. Aðfinnslur hv. þm. G.-K. voru því langt frá á nógu sterkum rökum byggðar. Í sambandi við setningu þessarar löggjafar verður að hafa vakandi auga á því, að þeir framleiðendur, sem með henni er haldið úti af markaðinum, verði ekki svo illa settir, að þeir neiti að sætta sig við fyrirkomulagið. Og þá er aðalatriðið að hafa svo sanngjarnt verðjöfnunargjald, að hægt sé að halda fullri sanngirni í verðlaginu bæði austanfjalls og vestan. Og ég fullyrði, að til þess að ná slíku marki, má ekki ákveða hámark verðjöfnunargjaldsins lægra en 8%. Og það er aðeins einni prósentu hærra en uppástunga framleiðenda hér í nágrenninu. Þetta kann að koma harðar niður á þeim einstöku mönnum, sem hefðu getað selt mjólk sína á annan hátt en í gegnum sölusamlagið. En til þess má ekki taka tillit. Lögin verða að ganga jafnt yfir alla, hvort sem það eru stór bú eða smábændur.

Og þau eru sett með fyllstu sanngirni til allra aðila fyrir augum.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Mér þótti fróðlegt að heyra yfirlýsingu þá, sem lá í síðustu orðum hæstv. landbrh., að l. þessi væru sett með fyllstu sanngirni til allra aðila. En þó þætti mér fróðlegra að fá vitneskju um það, hvort hæstv. ráðh. á við frv. eins og það kom nú inn í d., eins og það verður, ef brtt. meiri hl. landbn. verður samþ., eða í þriðja lagi ef frv. verður að l. með brtt. minni hl. landbn. Þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. er nefnilega út í bláinn, meðan ekki er sagt, hvern af þessum þrem búningum l. er átt við, því að hvert af þessu má heita sérstök lög. — Mér virtist fleira í ræðu hæstv. ráðh. vera svipað þessu. Hann þykist þurfa að tala á eftir hverjum þdm., sem lætur álit sitt í ljós. Okkur sjálfstæðismönnum hefir verið borið það á brýn, að við beittum málþófi á þessu þingi, en ég vil nú benda hæstv. ráðh. á það, að umr. gætu orðið ólíkt styttri nú, ef hann gæti geymt sér að tala og svara svo nokkrum þm. í einu. Þessi hæstv. ráðh. byrjar gjarnan ræður sínar á því að lofa að vera ekki langorður, en svo vill oft teygjast lengur úr þeim en hæstv. ráðh. tekur eftir. — Annars ætlaði ég mér aðallega að snúa mér að þeirri hlið þessa máls, sem að Rvík veit. Hæstv. ráðh. talaði um það í ræðu sinni, að það yrði að halda verðlaginu í jafnvægi milli svæðanna innan verðjöfnunarsvæðis Suðvesturlandsins. Innan þessa verðjöfnunarsvæðis má telja þrjú aðgreind svæði, hvert með sínum sérstöku þörfum og hagsmunum. Það fyrsta er framleiðslusvæði bæjarlandsins í Rvík, annað svæðið eru nágrannasveitir Rvíkur hér vestanfjalls, og það þriðja austanfjalls, og með því svæði mætti sennilega telja Borgarfjörð, því að framleiðendur þar munu hafa líkan flutningskostnað á Rvíkurmarkaðinn og þeir, sem á þessu svæði búa. Hæstv. ráðh. sagði, að tilgangur l. væri sá, að ná jafnvægi á verðinu milli þessara svæða. En mig langar til þess að fá nánari skýringu á þessu. Ef átt er við það, að allir fái jafnt verð fyrir vöruna, þá er ekkert vit í þessu. Auðvitað þarf að taka tillit til þess, hvað framleiðendur á hverju þessu svæði leggja í kostnað. Tilgangurinn verður að vera sá, að skapa hverju af þessum svæðum eðlilegt verðlag með tilliti til framleiðslukostnaðarins. En bæði með frv. eins og það kom frá Ed., og eins þó að brtt. hv. meiri hl. yrði samþ., er ekki tekið tillit til þessa. Fyrst þegar frv. var borið hér fram, lét hæstv. ráðh. í veðri vaka, að þetta væri gert fyrir þá, sem byggju á bæjarlandinu í Rvík, og ætti að vernda þá fyrir samkeppni utan að. Og ég hefði getað fallizt á þessar ráðstafanir, ef þessir menn hefðu óskað eftir lögunum. En það er öðru nær; þeir hafa mótmælt þeim eindregið, að ég held allir nema einn einasti framleiðandi. Enda var eftir till. ríkisstj. í þessu máli ekkert gert til að vernda rétt þessara manna, en í þess stað búið svo að þeim, að fyrirsjáanlegt var, að með framkvæmd þeirra ráðstafana hefði mjólkurframleiðsla á bæjarsvæðinu liðið undir lok. Og þó að sú umbót, sem felst í brtt. meiri hl. n., nái samþykki, þá er fyrirsjáanlegt, að ekki verður hægt til frambúðar að framleiða mjólk á bæjarlandinu, ef l. ganga í gegn. Þótt brtt. meiri hl. bæti nokkuð um, þá er það samt ekki nóg.

Og það er ekki svo lítill ábyrgðarhluti fyrir Alþ. að ætla að gera einskis virði alla þá fyrirhöfn og allt það fjármagn, sem búið er að leggja í ræktun á bæjarlandinu og búrekstur þar. En að því er stefnt með því að leggja á þá háan skatt og greiða hann til keppinautanna. Mér skildist, að ef brtt. á þskj. 737 verða ekki samþ., og framleiðendum hér í Rvík þar með sýnt sjálfsagt réttlæti, að þeim séu settir tveir kostir. Annar er sá, að þeir verða að afhenda alla mjólk sína, aðra en þá, sem fer til heimilisþarfa, til gerilsneyðingar og samsölu með þeirri mjólk, sem að er flutt í bæinn. Ef þeir gera þetta, fá þeir undanþágu á verðjöfnunargjaldi fyrir mjólk úr þeim kúm, sem fóðraðar eru með heyi af bæjarlandinu, þó svo, að þeir verða að borga 3% af andvirðinu, og sleppa þeir þá við 5% af álaginu, ef miðað er við 8%. En vilji þeir selja beint til neytendanna, verða þeir að borga allt verðjöfnunargjaldið, 8% af andvirði mjólkurinnar. Þar sem frv. lætur frjálst val milli þessara möguleika, hljóta forgöngumenn þess að skoða þá sem nokkurnveginn jafngóða. Athugum fyrri kostinn. Eftir því sem hv. þm. A.-Húnv. taldist til, kostar gerilsneyðingin 4 aur. á lítra og salan 4 aur. Sá hluti mjólkur, sem er verðjöfnunargjaldsskyldur, er helmingur af allri þeirri mjólk, sem framleidd er á bæjarlandinu, og þó meiri, líklega nær tveim þriðju hlutum en helmingi. Þessi aukakostnaður, gerilsneyðing, samsalan og verðjöfnunargjaldið, mundi því nema um 220000 kr. á þessa framleiðslu, eða m. ö. o. 10 aur. á hvern lítra. Meginið af þessum útgjöldum mætti spara með því að selja beint. Ég er sannfærður um það, að ef eitthvert annað stjórnarvald legði svipaðan skatt á framleiðslu þessara 150 manna, sem framleiða mjólk úr 1000 kúm, yrðu allir sammála um það, að mennirnir fengju ekki undir því risið. Þetta er um 220 kr. skattur á hverja kú. Augljóst er, hvert þetta stefnir. Það stefnir til gereyðileggingar á þessum atvinnurekstri. Meiningin er sú, að hjálpa mjólkurframleiðendum austanfjalls. En er sú hjálp trygg til langframa? Ég get vel trúað því, að þegar búið er að leggja mjólkurframleiðsluna kringum Rvík í rústir, verði arðvænlegra að framleiða mjólk austanfjalls. En þá er sú hætta til, að svo margir safnist að þessum arðvænlega atvinnuvegi, að Rvíkurmarkaðurinn verði of þröngur fyrir framleiðsluna þaðan. Ég held því, að þetta skipulag hafi dauða sinu í sér fólginn. Það er þýðingarlaust að ætla sér að hjálpa einu framleiðslusvæðinu á kostnað hins. — Nú er það svo í frjálsu framboði, að verðlagið samsvarar nokkurnveginn framleiðslukostnaðinum. Þeir framleiðendur, sem mestu þurfa að kosta til flutninga á mjólkinni hingað, búa flestir á svo góðu landi, að þeir geta framleitt mjólkina með minna tilkostnaði. En í kringum Rvík er framleiðslan miklu dýrari, en flutningskostnaðurinn sama sem enginn. Þetta

gerir það að verkum, að hægt er að framleiða með svipuðum hagnaði mjólk hér á bæjarlandinu og austur í Rangárvallasýslu. Reglan er sú, að þetta helzt nokkurnveginn í hendur. Framleiðendur austur í Rangárvallasýslu standa í raun og veru svipað að vígi eins og framleiðendur hér í nágrenni Rvíkur. Þeir þurfa að vísu að glíma við fjarlægðina, en hinsvegar búa þeir á ódýrara landi en framleiðendur hér, svo að á þessu verður nokkurt jafnvægi, enda eru framleiðendur mjólkur á báðum þessum svæðum sammála um það, að erfitt sé að láta þennan atvinnurekstur bera sig. Ég hygg, að það mundi aðeins raska því jafnvægi, sem nú er, að skattleggja suma framleiðendur til þess að styrkja aðra. Ég hygg, að því fari mjög fjarri, að þetta frv. verði til hagsbóta fyrir þá, sem því er ætlað að hjálpa. Ég lít svo á, að bezt mundi gefast að láta framleiðendur sjálfa koma sér saman um markaðinn og lofa þeim að vera lausum við afskipti löggjafarvaldsins í þessu efni. Ég spái því, að þessi lög verði ekki langlíf, þó að frv. nái samþykki. Ég er viss um, að stórir gallar á l. eiga eftir að koma í ljós, og að svo vandfarið verður með þau, að þetta verður eilíft vandræðamál. Ég skal játa, að ég tel, að brtt. meiri hl. landbn. gangi í rétta átt, að því leyti, sem þær viðurkenna ranga meðferð málsins í hv. Ed. En hv. meiri hl. n. hefði bara átt að viðurkenna það ranglæti, sem í því er fólgið að taka þarna réttindi af einum og færa öðrum, og hann hefði átt að leggja til, að þessir aðilar fengju að selja beint til neytenda. — Mig langar til að drepa hér á eitt atriði og upplýsa annað. Ég vil upplýsa, að eftir því sem ég hefi heyrt hefir fulltrúi Rvíkur í mjólkursölunefndinni talið um 3000 lítra ársframleiðslu mjólkur úr kú og gert kröfu til, að eigi væri greitt verðjöfnunargjald af 3000 lítrum úr kú, ef framleiðendur í bæjarlandinu fengju þessa undanþágu. — Þá vildi ég spyrjast fyrir um það, sem um hefir verið getið á prenti, að ríkisstj. hafi gefið einhverjum samtökum bænda hér einkaleyfi til innflutnings á mjólkurafurðum a. m. k. til Rvíkur. Ég vil spyrja, hvort þetta sé rétt, og ef svo er, við hvaða lög það styðst. Einnig vildi ég spyrja, hve miklu þessi innflutningur nemur og hve mikinn hagnað má áætla af þessum sérréttindum. Mér þykir líklegt, að hér geti verið um allmikinn hagnað að ræða. Það þarf t. d. að flytja inn mikið af smjöri, því að innlenda framleiðslan fullnægir ekki eftirspurninni. Ég vildi spyrja, eftir hvaða lögum þetta er gert og hver reynslan hefir orðið um hagnað af þessum innflutningi. Mér þótti rétt, að þetta kæmi fram hér, því að það stendur í sambandi við þá löggjöf, sem hér er verið að ræða.

**Jón Pálmason:** Hæstv. forseti má ekki taka það illa upp, þó að ég geti ekki lofað að verða mjög stuttorður. Það er ekki óeðlilegt, að mörg verði ágreiningsatriðin í jafn stóru máli og þessu og mörg sjónarmiðin. Það sýnir sig líka, að við hv. þm. Ak., sem flytjum brtt. á þskj. 768, stöndum mitt á milli tveggja skauta, ef svo mætti segja, eftir sjónarmiði hv. 5. þm. Reykv. að dæma. Ég mun þó sleppa honum, en víkja að hæstv. forsrh., sem gerir till. um að fella niður þessa 2000 lítra undanþágu í kaupstöðum. Mér finnst þetta mjög ósanngjarnt af honum, þar sem öll landbn. er sammála um þetta atriði. Hann segir, að meðalársnyt úr kú hér í Rvík sé 3300 lítrar. Mér þykir nú nokkuð hátt farið, að miða verðjöfnunargjaldið við það eingöngu. En segjum, að þetta sé rétt. Vil ég nú biðja hæstv. ráðh., sem væntanlega vill sýna einum sömu sanngirni og öðrum, að athuga, hver útkoman yrði. Hér í Rvík eru 33 menn, sem eiga eina kú hver. Þeir fá þá til heimila sinna 300 lítra hver af skattfrjálsri mjólk. Nú er 6 menn, sem eiga 10 kýr hver. Í hlut hvers þeirra koma þá 3000 lítrar af skattfrjálsri mjólk. Einn maður á 38 kýr. Hann fær 11400 lítra skattfrjálsa. Þetta sýnist nú reka sig dálítið á. Eftir till. landbn. eru undanþegnir 2000 lítrar, og með því er öllum gert jafnhátt undir höfði. Mér þætti mjög undarlegt, ef hv. deild féllist á að samþ. þessa till. hæstv. ráðh. Hann heldur því fram, að auðvelt sé að fara á svig við lögin í þessu atriði, en ég held, að það yrði mjög auðvelt að hindra slíkt, þó að undantekningar kynnu að eiga sér stað. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að þýðingarlaust væri að tala um samkomulag milli þessara mjólkurbúa; það hefði sýnt sig, að um lítið samkomulag hefði verið að ræða, og því hefði verið gripið til þess ráðs að setja þau undir mjólkursölunefnd. Ég vil grípa í sama streng og hv. 2. þm. N.-M. gerði hér í kvöld. Aðstaða þeirra félaga, sem hér eiga hlut að máli, gerbreytist, svo að þótt ekki hafi verið um samkomulag að ræða áður, þá er undarlegt, ef þau geta ekki komið sér saman á þessum grundvelli. Það getur verið vafasamt, hve rétt er að ganga langt inn á þá braut að beita þvingunarráðstöfunum. Ég held, að bezt fari á því, að þessi samvinnufélög hafi sem frjálsastar hendur. Hér er um þeirra eigin hagsmuni að ræða, og er undarlegt, ef þau geta ekki komið sér saman.

Viðvíkjandi útreikningum mínum um verðjöfnunargjaldið fer því fjarri, að ég hafi aðeins miðað við neyzlumjólk austanbúanna á Rvíkurmarkaðinum. Þau senda aðeins um 800 þús. lítra, en ég miðaði við 1700 þús. lítra hjá báðum. Ég tel, að hlutaðeigendur gætu vel við unað, þó að verðjöfnunargjaldið væri ekki nema 6%, og viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði, að mjólkurnefndin í Rvík hefði óskað, að það væri 7%, skal ég segja það, að ég get sannað, að hann fór þar með rangt mál, því að hún lagði til, að það yrði 6%, eins og við hv. þm. Ak. leggjum til í brtt. okkar, en hvorki 7% né 8%. Auðvitað má um það deila, hvað hæfilegt sé í þessu efni, en mér virðist 72 kr. gjald á kú það hár skattur, að varhugavert sé að samþ. hærra hámark.

Þá er eitt atriði, sem talsverður ágreiningur er um milli mín og hæstv. ráðh., en það er sú till. okkar, að bændum skuli frjálst að flytja mjólk sína til hvaða bús sem þeir óska á sama verðjöfnunarsvæði. Hann sagði, að þetta væri sagt út í bláinn og af þekkingarleysi. Hann hefði mátt hafa um þetta vægari orð, því að þó að ég hafi ekki lögfræðiþekkingu á við hann,

sýnist mér ljóst, að hér megi gera mönnum allþröngt fyrir dyrum. Hann sagði, að ekki væri grundvöllur fyrir þessu í lögunum, en í 5. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kauptún skuli tekin undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölumiðstöðva þeirra með þessar afurðir". — Á þessu ákvæði er hægt að byggja það, að taka hvaða sveit sem er undir sölu- og dreifingarrétt ákveðins mjólkurbús. Mér finnst rangt að amast t. d. við því, að menn austan úr sveitum geti selt rjóma til Mjólkurfél. Rvíkur. Það geta verið þeir staðhættir, að þeir hafi litla möguleika til þess að skipta við næsta bú, og er þá rétt að tryggja það, að þeir geti selt hvaða búi, sem þeir óska. Þessari till. hefir verið mótmælt af því að hún væri óþörf. En þó að þetta ákvæði kynni að vera óþarft, sýnist útlátalaust að lofa því að standa í frv., ef það er ekki skaðlegt. Hæstv. ráðh. sló því fram, að ég hefði verið að tala um stéttabaráttu, en því fór fjarri. Ég talaði um hugsanlega árekstra milli einstakra svæða, ef ekki væri gætt fulls samræmis. Um verðjöfnunargjaldið getum við ekki orðið sammála, og verða atkvæðin að skera þar úr. Ég vil láta stilla því svo í hóf, að tryggt sé, að þessir menn geti stundað atvinnu sína áfram. Hæstv. ráðh. gekk út frá því, að ef þeir gæfust upp, mundi reksturinn leggjast niður. En svo mundi ekki verða, heldur mundi bæjarfélagið verða að kaupa eignirnar og halda rekstrinum áfram, og það er ekkert smáræði, sem hér er um að ræða, því að samkv. upplýsingum frá Búnaðarfél. Ísl. standa hér 600—700 þús. kr. í fjósum, haughúsum og hlöðum og um 1200 þús. í ræktuðu landi, sem mun vera um 600 hekt. Þar við bætast svo íbúðarhús og girðingar. Allt þetta yrði bæjarfélagið að kaupa, ef þessir menn færu á höfuðið, en það mundu þeir gera, ef frv. yrði samþ. eins og það kom inn í þessa hv. deild. Það ætti að vera hverjum manni augljóst, að til þess að l. komi að tilætluðum notum og komizt verði hjá árekstrum, sem vandræði mundu hljótast af, verður öllu að vera í hóf stillt, og að því stefna till. okkar hv. þm. Ak. Með þeim er dregið úr þeim takmörkunum á frelsi manna og félaga, sem ráðgerðar eru í frv. eins og það liggur nú fyrir. Landbn. er líka öll sammála um að greiða talsvert úr þeim annmörkum, sem á frv. eru. Ég skal ekki segja, hvaða afstöðu ég kann að taka, ef allar brtt. okkar verða felldar. Ég skal geta þess, að norsku lögin um sölu mjólkur og rjóma, sem ég hefi hér í þýðingu, eru aðeins heimildarlög, og neyzluskatturinn er ætlaður til þess að bæta upp þeim, sem mestu verða að kosta til flutnings vegna fjarlægðar. Af svæðum þeim, sem selja mjólk til Oslo, koma um 300 millj. lítra af mjólk, og þessi samtök ganga svo vel í höndum samvinnufélagsskaparins, að sölukostnaðurinn er ekki nema 1/11 úr eyri á hvern lítra mjólkur. Ég býst við, að ef eins vel gengi hér, gætu allir verið ánægðir. En hvað sem líður öllum ágreiningi og pólitískum flokkum, hygg ég, að það stefndi helzt til bóta á þessu sviði, að samvinnufélagsskapurinn fengi tök á að koma þessu máli í gott horf án allrar þvingunar.

**Guðbrandur Ísberg** [óyfirl.]: Af þeim brtt. sem liggja fyrir við frv., er ein langþýðingarmest, sú, að leyfð sé bein sala mjólkur til neytenda hér í Rvík. Ég hefi heyrt, að stærri framleiðendur hér séu ekki móti miðstöð, enda er reynslan frá Akureyri, að flestir stærri framleiðendurnir selja gegnum samlagið. Það eru því einkum smærri framleiðendurnir, sem ég ber hér fyrir brjóstinu, þeir menn, sem eiga 1—2 kýr og hafa þær til stuðnings sér við lífsframfærslu sína og sinna. Þessir menn kjósa allflestir beina sölu, þó að þeir þurfi að borga í verðjöfnunarsjóð, þ. e. a. s. ef frá er dregin sú neyzlumjólk, sem þeir nota til heimilanna. Maður, sem hefir eina kú og notar sjálfur 2000 lítra af 3000, og verður að greiða verðjöfnunarskatt af allri mjólkinni, hann borgar ekki 5% í verðjöfnunarsjóð, heldur 15%, þar sem hann selur aðeins 1000 lítra, en borgar af 3000, ef hann er látinn greiða af sinni eigin neyzlumjólk. Þetta ranglæti hefi ég minnzt á áður, en mig furðar, að hæstv. forsrh. skuli gerast málsvari fyrir slíkt óréttlæti. Hæstv. forsrh. segir, að því sé ekki mótmælt, að kýrnyt hér í Rvík sé 3000 lítrar. Ég hefi mótmælt þessu og mótmæli því, að þetta sé rétt, þar til komið er með skýrslur, sem sanna annað. En ég hygg, að hvergi hér í Rvík sé notuð sú eina örugga leið um mælingu mjólkur, sem er að vega mjólkina með réttri vog. Reynslan hefir sýnt, að ef notuð er rétt vog, þá getur munað allt að 10% frá því, sem mjólkin mælist. Mælirinn er ólöggiltur, og oft er hann ekki fullur. En um þetta atriði o. fl., er snertir nythæð kúnna, væri hægt að flytja heilan fyrirlestur, og skal ég ekki koma lengra inn á það.

Það mun vera reynsla þeirra, sem kaupa kýr, að þeir fá lakari kýr en þeir, sem ala þær upp sjálfir af góðum stofni. Ég hygg að Korpúlfsstaðabúið sanni þetta fullkomlega. Þar mun ekki hafa fengizt sú meðalkýrnyt — og ekki nálægt því —, sem hæstv. forsrh. heldur fram að sé hér, og hefir þó verið reynt að vanda um val á þeim kúm, sem þangað hafa verið keyptar.

Það er nú orðið svo framorðið, að ég held, að það sé ekki gustuk að halda mönnum hér lengur, og skal ég því ekki fara út í þau atriði, sem orðin eru þrautrædd af öðrum. En ég vil vænta þess, að hv. meðnm. mínir í landbn. gangi ekki framhjá því að leyfa 2000 lítra frádrátt fyrir heimilisneyzlu.

**Ólafur Thors:** Ég vil fyrst leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hve lengi hann hugsar sér að halda fundi áfram. Það hafa nú undanfarið verið fundir kvöld eftir kvöld til kl. 1 og 2 á nóttunni, og það stappar nærri, að þetta séu hlægileg vinnubrögð, þegar þm. eiga fyrst að sitja á nefndarfundum frá kl. 9 eða 10 að morgni til hádegis, og síðan á deildafundum til kl. 1 og 2 á nóttunni frá kl. 1 e. h., því eins og allir vita, er ekki svo, að hér sé um neitt málþóf að ræða, heldur stór

ágreiningsmál milli flokkanna, sem eðlilegt er, að séu rædd nokkuð. Vil ég því gjarnan vita, hvað fundur á að standa lengi.

**Forseti (JörB)**: Það er alveg rétt, að fundir gerast nú langir og þm. eru farnir að þreytast. Það mun vera tilætlun margra, að þingi verði lokið fyrir jól, en það getur ekki gengið nema greitt sé fyrir málum, sem afgr. þarf. Þó ég viðurkenni fyllilega, að það sé rétt, að fundarsetur séu langar, þá vildi ég gjarnan ljúka þessu máli í nótt, og vona því, að þm. stilli ræðum sínum í hóf.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég vil náttúrlega ekki færast undan því að tala í málinu, enda þótt að nóttu sé og hálfóviðkunnanlegt að horfa á deildina einna líkasta tannlausum góm í kerlingu, og leiðinlegt að flytja skynsamlegar ræður um þörf málefni yfir tómum stólum. Vitanlega eru oft færri viðstaddir en nú, því stundum skipa forseti og ræðumaður meiri hl. fundarmanna, en náttúrlega er það engu lagi líkt að tala um málin yfir ekki fleiri þm. (**BB**: Það er ⅔ deildarmanna viðstaddir). Það sér á, að hv. þm. er orðinn syfjaður, því ég er viss um, að **hann** sér ekki tvöfalt af öðrum ástæðum. Ég læt þá þessa aths. nægja og skal ekki skorast undan að halda áfram umr., úr því það er vilji hæstv. forseta.

Hæstv. forsrh. var að gera tilraun til þess af veikum mætti að snúa út úr fyrir mér. Honum tókst það — eins og vænta mátti — eftir því sem efni og geta leyfðu, en heldur ekkert þar fram yfir. Ég get vel skilið, að hann iðrist orða sinna, er hann sagði, að kýrnyt væri lægri utan Rvíkur en innan hennar og að það stafaði af meðferð kúnna. Hann notaði þau orð, að meðferðin mundi valda því. Mér þykir vænt um, að hæstv. ráðh. skuli hafa lært af minni ræðu, að þetta stafar af allt öðrum ástæðum, m. a. af fóðurbætisgjöf, sem er miklu meiri í Rvík en úti í sveitum. — Þá er mjög óviðkunnanlegt og ómaklegt að nota þau ummæli, er hæstv. ráðh. gerði í garð Mjólkurbandalagsins Ég hefi hér áður leitt rök að því, að Mjólkurbandalagið hefir starfað í ágætri eða góðri samvinnu innbyrðis, með góðum eða sæmilegum árangri undanfarin ár. En hæstv. ráðh. lét sér ekki segjast, heldur hélt áfram deilunni á Mjólkurbandalagið, fullyrti, að megnasta óeining hefði verið í samstarfinu og leiddi rök að því, að mjólkurbúðum hefði fjölgað óeðlilega o. fl. Ég hygg, að réttara hefði verið, að hann hagaði orðum sínum á þann veg, að þrátt fyrir gott samstarf hefði komið sá galli í ljós, að mjólkurbúðir væru fleiri hér í bænum en þörf er á, og til að hindra þetta hafa meðlimir Mjólkurbandalagsins leitað aðstoðar löggjafans, til að koma á fækkun búðanna með eðlilegum hætti. Sú ósk eða krafa framleiðendanna lýsti sér í frv. því, sem ég flutti á aðalþinginu 1933. Frv. var flutt með sameiginlegum vilja þeirra, sem að Mjólkurbandalaginu standa, eða samkv. till. framleiðendanna sjálfra, og hefði að þeirra dómi verið nóg til að tryggja það, sem tryggja þurfti af hálfu löggjafarinnar.

Hæstv. forsrh. hélt því fram, að í frv. því, sem hér liggur fyrir, væri gengið lengra en í frv., sem ég flutti 1933, í því að tryggja hagsmuni eða rétt reykvíkra framleiðenda. Þetta er náttúrlega skakkt, og er leiðinlegt, að ráðh. skuli vera svo ókunnugur þessu frv., sem hann hefir fjallað svo mikið um, eins og þessi ummæli bera vitni, ef hæstv. ráðh. er ekki að fara hér vísvitandi með ósannindi.

Ef tekinn er 8% skattur af framleiðslunni hér, þó ekki sé nema af 2000 lítrum, þá er hér um verulega meiri upphæð að ræða en samkv. mínu frv., þar sem gert var ráð fyrir 50 kr. af kú. Ég hygg, að þetta sé rétt með farið, og óhætt fyrir hvern sem er að líta í þingtíðindin frá því 1933, að þar sést ekki annað. En ef það reynist nú svo, að ég fari með rétt mál, þá er það heldur leiðinlegur vitnisburður fyrir hæstv. ráðh., að þekkja ekki betur til málsins en þetta, þar sem þetta er annað aðalmál hans og segja má, að hann hafi ekki nema tvö mál, lögin um sölu mjólkur og kjöts, á þessu þingi. Ég verð líka að draga í efa, að ráðh. viti þetta ekki, því allar líkur benda til, að hann viti, að þetta er svona. Verð ég því að ásaka hann fyrir að raska staðreyndum, og er leiðinlegt fyrir hann að geta ekki talað í þessu máli án þess að gera það.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að þetta væri hagsmunamál mitt og snerti mig persónulega og að ég talaði um þetta mál af vanstillingu og æsingu. Þetta er nú bara orðatiltæki, sem hæstv. ráðh. hefir vanið sig á, og er fálm út í loftið, til að svara með orðagjálfri, þegar rökin skortir, þó að það sé mjög óviðeigandi af hæstv. ráðh.

Mér þætti gaman að vita, hvað hæstv. ráðh. á við, þegar hann er að tala um, að þetta sé stórt hagsmunamál fyrir mig. Það er rétt, að þetta er hagsmunamál minna kjósenda, sem mér er skylt að vera á verði um sem þeirra umboðsmaður hér. En ef hæstv. ráðh. er að brýna mig með, að faðir minn á kýr, þá þætti mér gaman að horfa framan í hæstv. ráðh. Því ég er fremur ámælisverður fyrir að hafa ekki reynt að vernda hans hugsmuni, sem eru sérstæðir, því hann hefir meiri hugsmuna að gæta í sambandi við þetta frv. en nokkur annar einstakur maður. Ég verð að segja, að ef hópur manna hefði hér átt hlut að máli, hefðu þm. hreyft þeirra hagsmunakröfum hér; enginn þm. hefði dirfzt að ganga framhjá því. Hann hafir lagt hér fram mikið fé, kannske ½ millj. meira en þörf var á, vegna þess að þetta var honum hugsjón, að tryggja mjólk með viðunandi heilnæmi handa börnum og sjúklingum. Ég hefi ekki borið hönd fyrir höfuð þessa manns, vegna þess að hann er faðir minn. Mér þykir því hart að vera brigzlað um það úr ráðherrastóli, að ég eigi hér persónulegra hagsmuna að gæta, þar sem þetta er svo fjarri, að ég hefi vegna þess að ég er sonur þessa manns látið mannúðar- og réttlætiskröfur liggja í þagnargildi, og ætti frekar að hallmæla mér fyrir það sinnuleysi, sem ég hefi sýnt. En ég treysti því, ef hæstv. ráðh. er réttlátur, að hann hafi í hyggju sjálfur að taka fullt tillit til þessa manns, — og það hefði hann átt að vera búinn að taka sig fram um, ef hann hefði rænu á að gæta hugsmuna allra aðila.

E. t. v. tekur hann tillit til þessara aðstæðna við framkvæmd laganna, og ég krefst þess, að hann geri það a. m. k. er hans hagsmunir falla saman við kröfur um heilbrigðilega meðferð mjólkur. Ég er ekki með þessu að gera hæstv. ráðh. neinar getsakir í þessum sökum, en ég vil ekki liggja undir því að hlusta á brigzlyrði úr ráðherrastóli fyrir engar sakir. Ég hefi hagað öllum mínum gerðum, bæði leynt og ljóst, til að tryggja hagsmuni manna í minu kjördæmi, en ekki persónulega sérstaka hagsmuni þessa eina manns, af þeim ástæðum, er ég hefi greint. Ég er sannfærður um, að það er hægt — án þess að rýra hugsmuni annara — betur en gert er í lögunum, en ég viðurkenni, að það er hægt í framkvæmd þeirra, en ég vil bíða átekta, enda er það hans, en ekki mitt, að bera fram umkvartanir, ef honum finnst ástæða til. Þetta eru þau einu ummæli, sem ég hefi látið falla við þessar umr., er snerta hagsmuni föður míns, til þess knúður af hæstv. ráðh., og tel ég því, að ekki hafi ég gengið of langt eða lengra en velsæmi heimilar, heldur skemmra en réttlætistilfinning býður mér.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni, að heimildin fyrir innheimtu verðjöfnunargjalds mætti ekki vera minni en 8%. Er það ekki rétt? **(Forsrh.:** Jú). Ég verð að segja, að ég bíð með óþreyju eftir svari. Ég hefi heyrt frá aðilum, að ráðh. hafi sagt, að hann ætlaði sér ekki að nota þessa heimild, en ég bjóst við, að ekki þyrfti að grípa til þess að nota 8%. En sé svo, að ráðh. ætli að nota heimildina, tel ég miður farið, ef Alþ. leggur blessun sína yfir þau lög, að ráðh. innheimti þennan skatt. Ég viðurkenni, að það er réttlátt, að þeir menn greiði einhvern skatt, sem fá að nota einhvern bezta markaðinn á landinu.

Það er margt, sem ég þyrfti að ræða í sambandi við þessi lög, og ég veit, að hæstv. forseti viðurkennir þetta fúsastur manna, að ekki sé gagn í að ræða málin svo síðla nætur, þegar margir þm. eru fjarverandi. Hæstv. forseti mun ennfremur viðurkenna, að rólegar og skynsamlegar umr. um málið gætu helzt leitt til þess, að þær breyt. fengjust á löggjöfinni, sem bornar eru fram á réttan hátt, og að friðsamleg lausn fengist á ágreiningsatriðunum, miklu fremur en að halda þrásetum uppi við umr. Er bæði óréttlátt, óskynsamlegt og skaðlegt að haga þannig afgreiðslu mála. Ég skal viðurkenna, að nauðsynlegt getur verið að halda langa fundi. 14—16 klst. í sólarhring hvað eftir annað er þreytandi fyrir þm., og ef stjórnarflokkunum er illa við slíkar setur, ætti hæstv. ríkisstj. að gæta hófs um flutning mála, svo að umr. og öðrum þingstörfum gæti verið lokið með eðlilegum hætti.

Ég viðurkenni ekki, að beitt hafi verið málþófi, og fullyrði, að í stærri málum hefir málþófi aldrei verið beitt. Þeir, sem setið hafa á Alþ. áður, vita, að um deilumál og öll stórmál hafa flokkarnir þurft að leita upplýsinga og þótt nauðsynlegt að þær kæmu fram, og oft áður voru miklu lengri umr. um smærri mál en nú eru um stórmálin. Hæstv. forseti veit vel og viðurkennir, að það er engin meining í því að ræða jafnmikið alvörumál og það, sem hér liggur fyrir, um hánótt yfir auðum bekkjum. Ég er ekkert áfjáður í að raska svefnró hv. þdm. Ég á hér við hv. þm. N.-Þ., sem er nú að rumska og rífa upp augun. Ég skil það vel, að hann hafi ekki ánægju af því að hlusta á mig halda ræður. Þótt ég sé persónulega beittur þeim órétti að fá ekki að ræða um þetta þýðingarmikla mál, vil ég samt mælast til þess, að hæstv. forseti beiti aðra hv. þm. ekki þessum sama órétti. Þetta mál er þannig vaxið, að það hlýtur að vera hægt að ræða það með rólegu móti og bera fram umbótatill. við það, því að það er ekki flokksmál. Skilyrðið fyrir því, að þetta sé hægt, er, að menn heyri mál þeirra hv. þdm., sem eitthvað hafa um málið að segja, en hrjóti ekki heima í rúmum sínum.

**Forseti (JörB):** Beiðni um, að málum, sem rétt eiga á sér, sé hraðað í gegn annarsvegar og kvörtun yfir löngum fundahöldum hinsvegar geta ekki samrýmzt. Ég fyrir mitt leyti viðurkenni, að fundartími gerist nú lengri en svo, að hægt sé með sanngirni að búast við, að hv. þm. geti fullkomlega notið sín við þingstörf. En sé gengið út frá því, að óhjákvæmilegt sé að ljúka þingstörfum fyrir jól, verður ekki hjá því komizt að haga fundahöldum eins og nú er gert.

Hvað þetta mál sérstaklega snertir, þá má gera ráð fyrir, að það breytist við meðferð í Nd., og svo á það eftir að ganga til Ed. aftur, og ef um einhver atriði er að ræða, sem samkomulag gæti fengizt um, mætti taka málið og brtt. til meðferðar við 3. umr., því að þetta er 2. umr. málsins.

**Ólafur Thors:** Ef menn gætu mætt við 2. umr. málsins, þá er sennilegt, að 3. umr. þess þyrfti ekki að vera löng. Þetta er eitt af þeim málum, sem svo að segja allt þingið er sammála um, að ná skuli fram að ganga. Þess vegna er nauðsynlegt, að menn geti komið sér saman um, hvaða vinnubrögð eru heppilegust málinu til framdráttar. Ég hygg, að skynsamlegasta leiðin í þessu efni sé, að menn beri sem mest óskir sínar og skoðanir fram við 2. umr. málsins, svo að einungis lítil umr. þurfi að fara fram um málið við 3. umr., og aðeins að forminu til.

**Forseti (JörB):** Ég vona, að það standi ekki í veginum, þótt 2. umr. verði lokið.

Ég get tekið undir það með hv. þm. G.K., að það sé hyggilegt fyrir afgreiðslu málsins, að þeim, sem fyrir þessu máli standa sérstaklega, gefist kostur á að bera ráð sín saman milli 2. og 3. umr. Ég vil vona, að menn geti nú orðið ásáttir um þessa lausn málsins.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég vil fyrst taka það fram, að minnzt hefir verið á það hér á hv. Alþ., að mál þetta hefði nokkrar hliðar, sem menn þyrftu að athuga gaumgæfilega. Ég vil þá benda á það, að mál þetta hefir fengið undirbúning góðra manna í milliþn. Þeir voru sammála um næstum öll málsatriði þessara laga, sem einhverju máli skipta. Það hefir í engu atriði verið vikið frá áliti n. í þeim höf-

uðatriðum, sem miða í sanngirnisátt viðvíkjandi verðjöfnunargjaldi fyrir Rvík. Eina breyt., sem gerð var á l., er heimild til þess að hækka verðjöfnunarsjóðsgjaldið upp í 8%, en hv. landbn. var sammála um það, ásamt Magnúsi Þorlákssyni á Blikastöðum, sem var fulltrúi Mjólkurfél. Rvíkur í þessu máli, að hækka gjaldið upp í 7% úr 5%. Hér er ekki búið að undanskilja þá mjólkurframleiðendur í Rvík frá verðjöfnunargjaldinu, sem lögum samkv. hafa heimild til þess að losna við greiðslu þess. Þessi 1% samsvarar þessu ekki einu sinni. Af þessu, sem nú var nefnt, geta menn séð, að það á ekki við rök að styðjast, að þetta mál hafi ekki hlotið nægan undirbúning undir þingið. Málið hefir svo legið langan tíma til meðferðar hjá hv. landbn. Hv. þm. hafa því haft góða aðstöðu til þess að bera sig saman við hv. landbn., sem hefir haft málið til meðferðar vikum saman. Ennfremur eru búnar að fara fram umr. um þetta í hv. Ed., og líka ein umr. í hv. Nd., og loks hefir verið minnzt á þetta mál í sambandi við önnur mál.

Ég vil sérstaklega leggja áherzlu á þetta tvennt: að hv. mþn. hefir undirbúið frv., sem er í höfuðatriðunum óbreytt, og í öðru lagi hefir málið legið lengi hjá hv. landbn. Nd., en þar eiga þeir menn sæti, sem yfirleitt eru manna dómbærastir á þessu sviði. — Í þessu sambandi vil ég benda á það, að þannig hefir þingstörfum verið hagað, að hafa vinnutímann nokkuð langan stundum, sökum þess, hve mikið hefir borizt af málum til þingsins, til þess að unnt væri að ljúka þingstörfum fyrir jól.

Þá vil ég víkja að einstökum atriðum, sem fram hafa komið í sambandi við þetta mál. Vil ég þá fyrst snúa mér að einu atriði, sem sérstaklega kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. Hann spurði mig, hvort frv. mundi nú vera sanngjarnt eins og gengið er frá því eftir till. hv. landbn., eða eins og gengið var frá því í hv. Ed., en þar stóð ég fyrir afgreiðslu málsins. Um þetta er það að segja, að sú breyt., sem gerð var á frv. samkv. till. hv. landbn., stafaði af því, að þegar málið hafði verið afgr. í hv. Ed., kom fram beiðni frá stjórn þeirra mjólkurframleiðenda, sem búa í lögsagnarumdæmi Rvíkur, um það, að málið yrði þannig afgr., að þeir losnuðu við verðjöfnunargjaldið. En seinna kom fram sá ákveðni vilji framleiðendanna, sem búa í og við Rvík, að velja heldur hina leiðina, að fá að selja beint og greiða í staðinn verðjöfnunargjald. Hv. landbn. féllst á þetta með mínu samþykki. Af þessum ástæðum stafaði það, að frv. var breytt í þessa átt. (**PHalld**: Það er víst ný ósk!). Það er engin ástæða til þess að ætla, að þeir, sem sömdu f. h. framleiðenda, hafi ekki hegðað sér samkv. almennum óskum mjólkurframleiðenda í lögsagnarumdæmi Rvíkur. Það má vitanlega lengi deila um, hvort Rvík hafi verið sýnd nægileg sanngirni í þessu máli.

Ég ræddi lengi um það atriði þessa máls við hv. 1. þm. Reykv., þegar málið var til 1. umr. Hann sagði þá m. a., að það ætti að leggja 220 kr. skatt á hverja kú. Þessi útreikningur hv. þm. á ekki við nein rök að styðjast. Menn eru alls ekki neyddir til þess að ganga í mjólkursölumiðstöðina. En menn geta selt beint, og þá er skatturinn ekki nema 90 kr. Þessu mega menn ekki gleyma, en ég mun ekki endurtaka hér það sem ég sagði við hv. 1. þm. Reykv. við 1. umr.

Það er rangt, sem hv. þm. hélt fram, að þeir framleiðendur, sem greiða verðjöfnunargjaldið, borgi það fyrir ekki neitt. Þeir greiða það fyrir það að fá að sitja að mjólkurneyzlumarkaðinum í Rvík, sem nú er þannig háttað, að sumir framleiðendur selja mjólk til fárra kaupenda fyrir 30 aura pr. lítra. Þeir vilja heldur þennan kost en að keppa á markaðinum og selja til margra neytenda. Með þessu móti fæst örugg vissa fyrir því, að mjólk, sem framleidd er í lögsagnarumdæmi Rvíkur seljist.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. A.-Húnv. Hann sagði, að sér fyndist ósanngjarnt að nema þessa 2000 lítra burt. Hann benti á það, að þeir framleiðendur, sem neyta sinnar mjólkur að mestu leyti sjálfir og hafa eina eða tvær kýr, geti alltaf haft eitthvað afgangs af mjólkinni og sent hana í sölumiðstöð, án þess að greiða verðjöfnunargjald. Þá minntist hv. þm. á það, að í hv. landbn. hefðu komið fram till. frá mjólkurframleiðendum í lögsagnarumdæmi Rvíkur og í Mosfellssveit, að verðjöfnunargjaldið yrði 6%. Með þessu taldi hann sig sanna, að þeir hefðu farið fram á 6% við mig, en það er fjarstæða. Nú vil ég benda hv. þm. á það, að þótt þessir menn hafi farið fram á þetta við hv. landbn., þá sannar það ekki, að þeir hafi farið fram á 7% við mig. Ég hefi bent á það, að einn af fulltrúum Mjólkurfél. Rvíkur, Magnús Þorláksson á Blikastöðum, gekk inn á 7% í mþn. þeirri, sem þetta mál ransakaði. Þetta sýnir, að þeir framleiðendur, sem búa í lögsagnarumdæmi Rvíkur og Mosfellssveit, eða fulltrúar þeirra, hafa gengið inn á 7% verðjöfnunargjald áður en búið var að rýra verðjöfnunargjaldið í lögsagnarumdæmi Rvíkur.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. G.-K. Hann sagði, að ég hefði farið vísvitandi rangt með það, sem ég tók fram, sem sé, að sá skattur, sem hann hefði boðið Rvík upp á í sínu frv., hefði ekki verið aðgengilegri en sá skattur, sem gert er ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir, og hann benti einnig á það, sem rétt er, að ákveðið væri, að þeir, sem seldu mjólkina beint, utan við sölumiðstöðina, ættu að greiða 5% í verðjöfnunarskatt af 2500 lítrum mjólkur. En er nokkurt öryggi fyrir því í þessu frv. hans, að þessir framleiðendur geti selt mjólk sína á markaðinum í Rvík? Nei. En í frv. því, sem hér liggur til umr., er þessum mönnum boðið upp á að selja mjólkina í sölumiðstöð og greiða svo verðjöfnunargjald, en um leið sitja þeir fyrir með sölu neyzlumjólkur. Kostir þeir, sem þetta frv. hefir upp á að bjóða, verða því að teljast miklu aðgengilegri heldur en þeir, sem frv. hv. þm. G.-K. hafði fram að færa.

Ennfremur fór hv. þm. nokkrum orðum um það, að ég hefði borið sér á brýn vanstillingu. Ég skal láta þá hv. þdm., sem hér eru viðstaddir, um það að dæma um, hvort hv. þm. hafi tal-

að af hita, þegar hann hóf ræðu sína. — Einnig er það rangt hjá hv. þm., að ég hafi ásakað hann um hlutdrægni í sambandi við hagsmuni þá, sem hann á að gæta í sambandi við þetta mál. Ég gat aðeins um það, sem hv. þm. hefir sjálfur staðfest, að hann hefði sérstakra hagsmuna að gæta í þessu máli, hagsmuna, sem erfitt væri að taka tillit til, og átti ég þá við stórbú föður hans. Hv. þm. sagði sjálfur, að hann hefði sérstakra hagsmuna að gæta í þessu máli. Hitt er rangt hjá hv. þm., að ég hafi vænt hann um hlutdrægni í þessu efni. Það er tilbúningur einn hjá hv. þm.

Þá spurði hv. þm. mig að því, hvort ég mundi sjá ástæðu til þess að beita verðjöfnunarsjóðsgjaldinu til fulls, eða 8%. Ég vil taka það fram, að nefnd sú, sem fjallaði um málið, ákvað 7% gjald áður en búið var að samþ. undanþáguheimildina fyrir Rvík. Annars get ég ekki um þetta sagt að svo stöddu, vegna þess að þetta fer eftir rannsókn mjólkursölunefndarinnar á þörfinni á verðjöfnunargjaldi, til þess að jafna verðlagið, eftir því sem sanngjarnt er.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, vil ég taka það fram, að mér hefir aldrei til hugar komið, að verðlag mjólkur á verðjöfnunarsvæðinu yrði sett það sama og stefnt er að með till. gagnvart Rvík, því að það eru einmitt framleiðendurnir í Rvík, sem gengið hafa inn í sölusambandið, sem fá algerða endurgreiðslu þeirrar mjólkur, sem seld er fyrir þá. Það er ekkert af þessum framleiðendum tekið, og eina örugga tryggingin fyrir því, að þeir geti selt mjólk sína hér á neyzlumarkaðinum, er einmitt fólgin í því, að þeir gangi inn í sölumiðstöðina. Ég get ekki skilið, að hægt sé að fara fram á frekari kröfur handa Reykvíkingum í þessu efni, nema ætlazt væri til, að gefið yrði með mjólkinni. Öðruvísi er ekki hægt að ganga lengra í þessu efni.

Hv. þm. G.-K. minntist á, að hann sæi ekki ástæðu til þess að væna mig um það, að ég framkvæmdi þessi lög með svo og svo mikilli sanngirni. Þessu mun ég ekki svara að öðru leyti en því, að þetta er í góðu samræmi við það, sem hv. þm. sagði fyrst í fyrri ræðu sinni, að þeir, sem störfuðu í mjólkursölun., leyfðu sér líklega að fara fram á ýmislegt, vegna þess að *þeir hefðu aðstoð og stuðning ráðh.*, sem ekki væri vandur að meðulum við framkvæmd þessara laga. Ég mun ekki láta þessi ummæli hafa nein áhrif á mig. Ég er vanur að leggja lítið upp úr lofi og lasti manna. **(PHalld:** Vill hæstv. ráðh. svara fyrirspurn minni?). Viðvíkjandi þessari fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv. um það, hvort einstökum búum hafi verið veitt leyfi til innflutnings á smjöri, vil ég upplýsa það, að þetta leyfi var veitt í fyrra, en ekki nú. Það var leyft að flytja inn 100 kvartil, sem skipt var niður á milli Mjólkurfél. Rvíkur og búanna austanfjalls. Af þessu fékkst enginn gróði, svo teljandi sé, enda var hér um of lítið smjörmagn að ræða til þess. Þetta leyfi var veitt í fyrra sökum smjörskorts.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég mun eigi tala langt mál að þessu sinni. Ég get þó ekki stillt mig um að leiðrétta þann misskilning, sem mér virtist gæta í ræðu hæstv. forsrh. Hann hélt því fram, að mjólkursölumálið hefði legið margar vikur hjá landbn. Ég vil upplýsa það í þessu sambandi, að málið var ekki búið að liggja í tvær vikur hjá n., þegar það var afgr.

Hvað ræðu hv. þm. A.-Húnv. snertir, eru ekki mörg atriði í henni, sem ég þarf að svara. Við erum sammála um meginmál brtt. Það, sem á milli bar, var, að hv. þm. vildi haga þessu atriði dálítið öðruvísi en við og skipta strax þeirri grein, sem hér um ræðir. Ég lýsti yfir því í n., að ef brtt. yrði samþ., þá myndi ég leggja til, að gr. yrði skipt niður á eftir í fleiri gr. við 3. umr.

Útreikningur hv. þm. á verðjöfnunargjaldinu er beint út í loftið. Það mun sýna sig, að ef það er rétt, sem hann heldur fram í þessu efni, þá verður hámarkið ekki notað. En menn mega ekki gleyma því, að það er ómögulegt að byggja framtíðarþörf verðjöfnunargjalds á því, sem nú er gert, vegna þess að framleiðslan mun aukast á verðjöfnunarsvæðinu á þeim hluta þess, þar sem mjólkurframleiðendur njóta gjaldsins, og má þá ekki raskast hlutfallið milli mjólkurverðsins og verðs þeirra afurða, sem bæta á upp, því að þá er öllum réttlætisgrundvelli kippt burt í þessu efni.

Hv. þm. G.-K. beindi til mín fyrirspurn um það, hvort ég hefði, þegar lagt var til, að þessir 2000 lítrar væru dregnir frá fyrir framleiðendur í Rvík, borið mig saman við aðra framleiðendur, sem hefðu svipaðra hagsmuna að gæta og ég sjálfur. Ég bar mig ekki saman við neinn annan en hv. meðnm. mína, sem voru mér sammála um, að rétt væri að bera þetta fram til samræmis við aðra framleiðendur utan kaupstaðanna, sem ekki greiða verðjöfnunargjald af sinni neyzlumjólk. En þegar hræðsla kemur fram um það hjá þeim, sem lögin eiga að framkvæma, um að það verði örðugt, ef þetta ákvæði verður að lögum, þá vil ég beygja mig fyrir því, þar sem líka, eins og hæstv. landbrh. hefir bent á, að þeir, sem eiga eina eða tvær kýr, gætu losnað við verðjöfnunargjaldið með því að ganga í samsöluna og láta þangað þá mjólk, sem þeir nota ekki sjálfir.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði mikið um, að það *verðhlutfall, sem nú er milli mjólkurframleiðenda*, mætti ekki raskast. En mér er spurn: Hvaða gagn er í því fyrir jafnvel þá, sem bezt hafa verðið, að hlutfallið haldist óbreytt, ef verðið heldur áfram að lækka smátt og smátt, svo að enginn stendur uppi? Ég er viss um, að ef ekkert verður gert í þessu máli, þá fer þannig áður en langt um líður, að allir verða komnir niður í skítinn. En vitanlega eru það ekki heldur hagsmunir neytenda, að menn geti ekki framleitt vöruna.

Hann var enn með þá firru, að þessi l. væru sérstaklega stíluð gegn Reykvíkingum og tilgangurinn væri sá, að koma þeim af markaðinum. Þetta er ekki rétt, því að það er alveg víst, að ef ekkert er aðgert, þá færu þeir að hætta þessari framleiðslu eins og aðrir, vegna þess tryllta framboðs og þar af leiðandi verðfalls, sem yrði á þessum markaði. Og eins og ég hefi

áður tekið fram, þá er það tilgangurinn að tryggja þessa menn í nágrenni Rvíkur, svo að þeir geti haldið áfram að stunda sína framleiðslu, sem er alveg nauðsynlegt meðan samgöngum er þannig háttað, að það getur lokazt að meiru eða minna leyti fyrir flutninga á þeirri mjólk, sem flutt er inn á bæjarlandið. Þess vegna er nauðsynlegt að geta haldið hér uppi þeirri mjólkurframleiðslu, svo að bærinn verði þó ekki alveg mjólkurlaus, ef lokast fyrir samgöngurnar.

Það var eins og bergmál af hv. þm. A.-Hún., sem hv. 5. þm. Reykv. var að reikna út, hvað verðjöfnunargjaldið yrði tilfinnanlegt á framleiðendur innan Rvíkur. Þegar þeir voru búnir að kasta þessu nokkrum sinnum á milli sín, þá varð niðurstaðan sú hjá hv. 5. þm. Reykv., að gjaldið mundi verða 10 aurar á lítrann. Nú hefir því verið haldið fram og enginn reynt að mótmæla því, að allar líkur væru til þess, að þegar búið væri að koma skipulaginu á, mundi vera hægt að greiða a. m. k. 30 aura fyrir lítrann út úr samsölunni til þeirra, sem greiða verðjöfnunargjaldið, og þá verði allur frádráttur frá útsöluverði til þess verðs, sem framleiðendurnir fengju, 10 aur., og þá sér hann, að ekki er sanngjarnt að kalla þetta allt skatt á framleiðsluna, því að mikið af þessum kostnaði er vegna sölukostnaðar, að það verður að dragast frá þessum 10 aurum. **(PHalld:** Það er mest aukinn kostnaður). Það er fjarstæða, því að það verður alltaf nokkur kostnaður af að selja mjólkina út um bæinn í frjálsri sölu, og það er þó enginn þannig, að hann vilji halda því fram, að sú fyrirhöfn komi ekki til frádráttar, og það eru líka nokkur útgjöld, sem felast í þeirri áhættu, sem felst í því að innheimta andvirðið, og það hefi ég heyrt ýmsa segja, að það sé oft mjög erfitt að fá það greitt hjá einstökum kaupendum.

Annað má líka minnast á, að það fylgja því líka nokkur útgjöld að sjá svo um að hafa alltaf sem jafnasta framleiðslu af mjólk árið um kring vegna viðskiptamanna, en það er ekki eins nauðsynlegt fyrir þá, sem fara inn í samsöluna.

Þá er ennþá ein hlið á þessu, sem hann má ekki gleyma, og það er það, að á þennan hátt er þessum aðilum tryggður forgangsréttur að sölunni í Rvík, sem alls ekki er nú. Það hefir oft verið svo, að ýmsir framleiðendur hér í Rvík eiga örðugt með að koma út mjólk sinni tíma og tíma og verða að selja sumt fyrir miklu lægra verð. Í þessu felst líka ekki svo lítill frádráttur. Ef því hv. þm. athugar allar þessar hliðar, þá sér hann, að þessir 40 aurar koma ekki í vasa þessara manna fyrir hvern mjólkurlítra, sem seldur er beint á markaðinn hér.

Það væri ýmislegt fleira, sem ástæða væri til að minnast á. En af því að nú er áliðið nætur, mun ég fresta því í þetta skipti, sérstaklega af því, að það er búið að leggja fyrir framan mig blað, sem skrifað er á: „Ekki málþóf í deildinni". Ég vil ekki taka það til mín, að ég hafi verið með málþóf, en vil þó láta máli mínu lokið.

**Thor Thors:** Það er nú orðið áliðið nætur, og satt að segja er ekki ánægjulegt að tala yfir tómum stólum, en þar sem hér er um stórt vandamál að ræða, þá vil ég segja nokkur orð í sambandi við það, sem ég vil taka fram og fá frekari skýringu á.

Eitt aðalatriðið í þessu frv. er verðjöfnunarsjóðsgjaldið, sem á að greiða af allri neyzlumjólk, sem seld er í Rvík. Það er sagt, að þetta gjald sé greitt af þeim, sem þessa markaðar hafa notið og eiga að njóta, til þess að kaupa sér frið til að fá að sitja að þessum markaði, eins og hv. frsm. orðaði það. Hv. frsm. sagði ennfremur að þeim, sem búa í nágrenni Rvíkur og hafa hina landfræðilegu aðstöðu til þess að njóta þessa markaðar, sé tryggð forganga að markaðinum. Það er vitanlega talsvert miklu til þess kostandi fyrir þá aðila, sem búa í nánd við Rvík, að fá að njóta þessa markaðs í friði. Þeir hafa nærri því allir ráðizt í miklar framkvæmdir með ærnum tilkostnaði, í öruggri trú þess, að hin landfræðilega aðstaða þeirra tryggi þeim þennan markað, en á því hefir orðið verulegur brestur hin síðari ár. Þess vegna verð ég að viðurkenna, að það er ástæða til fyrir þessa aðila að greiða nokkurt verðjöfnunargjald til friðarsamninga í þessu máli, til að tryggja þeim þennan markað. Mér virðist það líka hafa komið greinilega fram hjá hæstv. forsrh., að þetta sé tilætlunin.

En ég vil nú spyrja: Hvar er þetta tryggt með þessari löggjöf? Hvar er það tryggt, að mjólkurframleiðendur innan lögsagnarumdæmis Rvíkur og í Gullbr.- og Kjósarsýslu fái að njóta þessa markaðs? Þrátt fyrir bezta vilja fæ ég ekki séð, að þetta sé neinstaðar tekið fram í frv. Ég fæ ekki betur séð en að það standi opið fyrir búin austan fjalls, sem ekki hafa landfræðilega aðstöðu til að sinna þessum markaði að jafnaði, eins opið og áður að flytja inn á Reykjavíkurmarkaðinn eins mikla mjólk og forráðamenn þeirra óska. Það kann að vera, að það sé tilætlunin að láta það ekki verða svo í framkvæmdinni, heldur láta þá landfræðilegu aðstöðu ráða, en ég tel rétt, að það kæmi ljóslega fram í frv. sjálfu, því að það yrði vissulega til þess að tryggja meiri frið um löggjöfina sjálfa og sætta þá aðila, sem telja sig eiga um sárast að binda út af framkvæmd þessa máls. Þeir, sem búa fjær Rvík, fá það skilmerkilega tekið fram í l., sem að þeim snýr, sem sé verðjöfnunargjaldið, sem þeir eiga að fá. Hinir, sem þessa markaðs eiga að njóta og greiða til þess sérstakan skatt, fá sitt ekki nægilega skýrt tekið fram í l.

Hv. þm. Mýr. vildi draga það í efa, að það væri rétt, sem þeir hv. 5. þm. Rvík og hv. þm. A.-Húnv. hafa haldið fram, að skattur sá, sem þessi löggjöf hefir í för með sér, gæti orðið 10 aurar á lítra fyrir framleiðendur í nágrenni Rvíkur, þ. e. a. s., að þeir fengju 10 aurum minna fyrir hvern lítra, þegar l. væru komin í framkvæmd, en þeir fá nú. Mér er þetta mál kunnugt af umsögn manna, sem hafa haft mjög mikil viðskipti á þessu sviði, og einn þessara manna, sem hér hefir átt hlut að máli, hefir tjáð mér, að þetta munaði sig þessu, þegar at-

hugaður er hans venjulegi dreifingarkostnaður. Hv. þm. Mýr. hristir höfuðið. Hann má hrista það svo lengi, að það hrynji af honum, sem ég raunar óska ekki. En ég trúi þessum manni betur en hv. þm., og hann verður að virða mér það til vorkunnar.

Annars er það einkennilegt, að þau fyrstu hlunnindi, sem bændur hafa notið af þessari löggjöf, er lækkun á mjólkurverðinu. Þetta mál er borið fram af hæstv. landbn. af umhyggju fyrir bændum. En fyrsta reynslan, sem þeir fá af þessari löggjöf, er mjólkurlækkun. Og það liggur svo mikið á að lækka verðið, að stj. lætur það viðgangast að brjóta ákvæði frv. til að koma lækkuninni fram. Það er nefnilega ákveðið í 2. málsgr. 4. gr., að útsöluverð mjólkur skuli á hverjum tíma reiknað, eftir því, sem við verður komið, samkvæmt vísitölu og nánari ákvæði skuli setja um þetta í reglugerð. En þegar mjólkurverðið var lækkað, var engin reglugerð komin út, svo að ákvæði l. voru að þessu leyti brotin. Vísitala var heldur engin til að fara eftir, svo að vitað sé.

Ég skýt þessu fram til þess að sýna, að það er fullkomlega ástæða fyrir einstaka bændur til að efast um, að þetta mál verði þeim til þeirra hagsbóta, sem stundum er látið í veðri vaka. Og ég get búizt við því, að framkvæmd þessa máls verði erfið hjá stjórnarflokkunum, þar sem það er vitað, að þeir hafa mjög ólíkra hagsmuna að gæta í þessu máli. Sósialistar þurfa vitanlega að hugsa um neytendurna í Rvík, og Framsfl. mun samkv. fyrri yfirlýsingum sínum vilja hugsa um hagsmuni bændanna. Það er því mjög líklegt, að framkvæmd þessa máls í höndum þessara tveggja aðilja verði næsta erfið.

Það hefir líka komið greinilega fram í blöðum sósialista, að það sé þeirra krafa, að mjólkurverðið verði lækkað mjög mikið frá því, sem nú er, og einn hv. þm., sem að vísu er nú ekki viðstaddur, hv. 9. landsk., hefir meira að segja skrifað grein um málið í annað aðalblað stj. og sagt þar, að sjálfsagt væri að lækka mjólkurverðið þegar í stað um 4 aura — greinin er skrifuð í septemberbyrjun — og niður í 35 aura um áramót. Þessi lækkun er ekki ennþá komin fram, enda þótt hv. þm., sem því miður er nú fjarverandi, léti svo ummælt, að stj. ætti formælendur fáa, þegar til þings kæmi, ef þessi lækkun yrði ekki framkvæmd. Ég bendi á þetta til þess að sýna, hversu líklegt það er, að erfið verði framkvæmd þessa máls fyrir þessa aðila.

Annars er það svo með jafnviðkvæmt mál og þetta, að mjög mikið er komið undir því, hvernig fer um framkvæmdina, og það er vissulega erfitt verk, sem þeir takast á hendur, sem þessu máli ætla að veita forstöðu í framtíðinni. Það veltur allt á því um það, hversu langlíft málið verður, hvernig þeim tekst að halda á því.

Ég hefði nú talið rétt, út frá því sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að nýju ákvæði væri bætt inn í 7. gr. frv., og vil ég leyfa mér að skjóta því til landbn., hvort hún vilji ekki athuga þetta til 3. umr. — 7. gr. fjallar um störf mjólkursölun. Ég tel heppilegt, að á eftir síðustu málsgr. þeirrar gr. komi nýr liður, þar sem það yrði gert eitt af störfum mjólkursölun. að gæta þess, að eigi verði meiri mjólk flutt inn á sama markað en nægir þörf hans, þannig, eins og ég tók fram, að þess yrði gætt, að þeir, sem borga gjaldið, hafi nokkra tryggingu fyrir því, að þeir fái að njóta þess markaðs, sem þeir samkv. yfirlýsingu hæstv. forsrh. eru að kaupa sér frið til að fá að njóta einir.

Þá er eitt atriði, sem ég vildi mega fá upplýsingar um. Það er nefnilega ákveði 7. gr., að mjólkursölun. skuli hafa eftirlit með vöruvöndun mjólkur og gefa fyrirskipanir þar að lútandi. Í sambandi við þetta vildi ég spyrja, hvort það væri tilgangur þeirra, sem mestu ráða um þetta mál, að sérhvert mjólkurbú héldi sínu sérmerki, þannig, að það fengist eðlilegur og nauðsynlegur metnaður milli búanna um það, að hafa sem mesta vöruvöndun. Þessa er mjög víða gætt, t. d. við útflutning á saltfiski. Þar hefir hver framleiðandi sitt sérmerki á öllum þeim fiski, sem út er fluttur í gegnum sölusambandið, og það merki er látið halda sér til þess að tryggja vöruvöndun, svo að það geti einnig orðið bert, ef verkun á fiskinum er ekki nógu vönduð, hvar það hefir átt sér stað. Ég tel heppilegt, að slíkt yrði einnig í þessu máli, ef það á að verða tilgangurinn að vinna að vöruvöndun.

Ég held, að það séu þá ekki fleiri atriði, sem ég þarf að taka fram að sinni, en hv. þm. G.-K. bað mig, til þess að spara tímann, að skjóta því til hæstv. forsrh., að hann hefði í upphafi ræðu sinnar sagt, að þeir, sem kynnu að hafa tilhneigingu til þess að beita rangsleitni við framkvæmd mjólkurl., hefðu ekki fundið nauðsynlegt aðhald hjá forsrh. Annað eða meira sagði hann ekki. En í síðari hluta ræðu sinnar sagði hann, að hann vildi ekki að fyrra bragði beinlínis væna forsrh. um það, að hann beitti beinlínis rangsleitni um framkvæmd þessa máls að því er snertir einn aðila þess. Annað og meira sagði hann ekki. Mér þykir þetta nokkuð mikil viðkvæmni hjá hæstv. forsrh., ef hann telur slíkt oflof, og ég vona, að reynslan skeri úr, að hér sé ekki um það að ræða.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Það skal ekki vera langt að þessu sinni. — Ég vil, að landbrh. upplýsi meira það, sem ég spurði áðan um innflutning til landsins á landbúnaðarvörum, sérstaklega á smjöri. En ef hann er ekki viðbúinn að svara því nákvæmar en hann gerði, þá vil ég óska, að hann rannsaki það í sínum plöggum í ráðuneytinu, hvort svo er, að einhver mjólkurbú hafi einkaheimild til innflutnings á smjöri, og ef svo er, hvað mikið flutt er inn, og hvort líkur séu til, að það muni haldast, og þá hvað mikið þurfi að flytja inn af smjöri á hverju ári. Þetta skiptir miklu máli í sambandi við þetta mál. Ég vona, að hann svari þessu síðar, ef hann er ekki við því búinn nú.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég gleymdi að minnast á það út af þeim orðum,

sem hv. þm. A.-Húnv. lét falla, að það er ekki rétt hjá honum, að það sé til neinn grundvöllur fyrir reglugerð, sem færi í þá átt, að framleiðendur megi ekki flytja í hvaða bú, sem þeir vilja. Þetta ákvæði, sem hann benti á, er í 15. gr. og um allt annað, sem ég vona, að hann sjái við nánari athugun. Það er eingöngu um það, að taka megi inn á verðjöfnunarsvæðið kauptún, sem ekki hafa verið þar áður. Eins var það, sem hann minntist á þennan rjóma að austan, að það var ekki rétt, sem hann sagði. — Jafnframt get ég upplýst það, að það eru samningar milli búanna austanfjalls og Mjólkurfél. Rvíkur, að taka ekki við framleiðslu frá viðskiptamönnum hvors annars. Hv. þm. verður því að viðurkenna, að hann hafi hér ekki farið með rétt mál, eins og hann hlýtur að sjá við nánari athugun.

Þá vil ég aðeins víkja orðum til hv. þm. Snæf. Hann sagði, að mjólkurl. hefðu verið brotin með því að lækka mjólkurverðið. Þessu vil ég ekki láta ómótmælt. Hann sannaði það líka sjálfur með þeirri gr., sem hann las upp, að þetta var ekki rétt. Gr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir vísitölum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð".

Nú er ekki búið að ákveða vísitöluna, og þess vegna varð því ekki við komið að reikna verðið út eftir henni. Annars liggur fyrir hæstaréttardómur um það, að framkvæmdin hafi verið lögleg, og því er fjarstæða, að halda því fram, að l. hafi verið brotin.

Viðvíkjandi vöruvönduninni er það að segja, að n. hefir ekki ákveðið enn, hvaða fyrirkomulag verður tekið upp í því efni.

Fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv. vil ég svara á þá leið, að ég fékk upplýsingar frá þeim aðilum, sem mest hafa haft með þetta að gera, en að öðru leyti er ég ekki reiðubúinn að gefa frekari upplýsingar nú. — Fleira þarf ég svo ekki að taka fram að þessu sinni.

**Jón Pálmason:** Það eru ekki nema örfá atriði, sem ég hefi ástæðu til að víkja að, og þá fyrst það, sem hæstv. forsrh. vék að í sinni næstsíðustu ræðu, að þeir, sem framleiddu mjólk í Rvík og ættu 1—2 kýr, notuðu alla sína mjólk sjálfir og þyrftu því ekkert verðjöfnunargjald að borga. En ég fæ ekki annað séð en að þeir verði að borga af því, sem er umfram 2000 lítra, svo að þetta er ekki rétt hjá hæstv. forsrh.

Þá vil ég mótmæla því, sem hv. frsm. hafði eftir mér, að það verðjöfnunargjald, sem þessir menn greiddu, gæti orðið 10 aurar. Það hefi ég aldrei sagt. Eins og ég skýrði frá snemma undir þessum umr., þá er um annað hvort að ræða fyrir þessa menn að greiða 4 aura gerilsneyðingargjald og 4 aura sölugjald og ganga í samsöluna, eða vera utan hennar og greiða fullt verðjöfnunargjald, 6—8%. Þetta er nokkuð annað en hv. þm. Mýr. þóttist hafa eftir mér, að ég hefði sagt, að hér væri um að ræða 10 aura skatt. Þó að ekki sé lengra gengið en þetta, þá er hér nokkur mismunur frá því, sem landbn. leggur til.

Svo ég drepi á aðstöðu stærsta bóndans, sem hér á hlut að máli, þá er auðsætt, að hann verður samkv. fyrirmælum þessa frv. að borga geysiháa upphæð, sem hann er laus við nú. Við því væri vitanlega ekkert að segja, ef bein nauðsyn væri til þess, en mér skilst, að framleiðsla hans sé á það háu stigi, að þar verði ekki um bætt. Ég efast því um, að það sé rétt að knýja hann inn í þessa sölumiðstöð.

Hæstv. forsrh. vildi halda því fram, að það væri rangt hjá mér, að hægt væri að byggja reglugerð á ákvæðum 5. gr. Það má vera, að svo sé frá hans sjónarmiði, en hann fær þá bara allt annað út úr l. en ég fæ út úr þeim.

Að síðustu vil ég endurtaka það, sem hv. þm. Mýr. vék að, að það er rangt hjá hæstv. ráðh., að mál þetta hafi verið fleiri vikur hjá landbn., því að hún hafði það aðeins nokkuð á þriðju viku til meðferðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:4 atkv.
Brtt. 749 teknar aftur.
— 737,1.a samþ. með 21:5 atkv.
— 737,1.b samþ. með 25:1 atkv.
— 801,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 737,1.c kom ekki til atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

**Ólafur Thors:** Hæstv. forseti veit það og viðurkennir, og ég veit, að hv. þm. gera það líka, að hér var nú látin fram fara atkvgr. um þetta mál, af því að það var talið, að það skipti engu máli, þó að fjarstaddir væru tveir sjálfstæðismenn. Annars hefir forseti að undanförnu ekki látið atkvgr. fara fram, ef menn eru fjarstaddir, og sýnt með því sjálfsagða sanngirni. Sjálfstfl. gat fallizt á, að atkvgr. færi fram nú, þó að allir þm. flokksins væru ekki við, af því að þessar brtt. voru teknar aftur til 3. umr. Þetta var talað um, áður en atkvgr. byrjaði. Þó að heimilt sé að taka upp till., þá er það brot á því samkomulagi, sem gert var áður en atkvgr. byrjaði, og það er ekki sæmandi fyrir hv. 2. þm. Reykv. að ganga á þetta lag, þó að hann hafi þingræðislegan rétt til þess.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil halda mér við þann rétt, sem þm. hafa í þessu efni. Hv. þm. G.-K. þarf ekkert að segja mér, hvernig ég eigi að haga mér á þingi. Hann ætti heldur að reyna að haga sér sómasamlega sjálfur.

**Forseti (JörB):** Ég vil ítreka þá ósk mína til hv. þm., að gera það fyrir mín orð að taka till. ekki upp.

**Ólafur Thors:** Er forseta heimilt að fresta atkvgr. í miðri atkvgr.? Ef það er, þá vona ég, að

hæstv. forseti geri það nú til að standa við þá samninga, sem gerðir voru milli mín og hans.

**Forseti (JörB):** Ég vona, að menn fjölyrði ekki frekar um þetta. Það verður séð um jöfnuð í þessu, fyrst haldið er fast við þessa ósk.

Brtt. 801,2 samþ. með 17:9 atkv.
— 737,2.a, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
— 737,2.b samþ. án atkvgr.
— 737,2.c samþ. með 19 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 768,a—b felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** PHalld, PO, SK, TT, GP, GTh, HannJ, JakM, JÓl, JS, ÓTh.
nei: PP, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ,[1]) BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍ, HV, JG, PZ.[2])
ÁÁ, JónP MT, JörB greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (GSv, JJós) fjarstaddir.
6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—13. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 737,3 (ný 14. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 737,4.a—b samþ. án atkvgr.
15. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 737,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
Ákvæði um stundarsakir, svo breytt, samþ. með 23:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:2 atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 18. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 828, 870, 871, 881).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 870, 871 og 881. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. hefir borið fram við þessa umr. till. um viðtækar formsbreytingar á frv. Eru þær einkum fólgnar í því, að 5. gr., sem áður þótti nokkuð óljós og ekki vel orðuð, hefir nú verið orðuð um og skipt í 3. gr., *og verður það vitanlega til þess*, að öll greinatala frv. breytist. Auk þess er lagt til, að 9. gr. falli niður, en í henni var ákveðið um blöndun á smjöri í smjörlíki. Þótti ekki þörf slíks ákvæðis í þessum lögum, þar sem sérstök lög um tilbúning smjörlíkis eru sett. Annars er aðalefnisbreyt. í brtt. sú, að mjólkursölunefnd geti veitt söluleyfi.

1) **BÁ:** Þó að ég í sjálfu sér álíti, að mikið réttlæti felist í þessari till., mun ég ekki greiða henni atkv., þar sem því var yfirlýst í gær af hæstv. forsrh., að hann legði svo mikið kapp á, að þessi till. yrði ekki samþ., að hann myndi gangast fyrir því, að hún yrði felld burt í Ed , ef hún yrði samþ. hér. Það mundi þá orsaka það, að málið yrði að hrekjast á milli deilda, og gæti það staðið fyrir framgangi þess á þinginu, þar sem nú er svo langt liðið á það. Þar sem líka þessi till. mundi víkja úr nefndinni manni, sem mjög vel hefir reynzt viðkomandi félagi, eins og ég áður hefi tekið fram, legg ég þeim mun minni áherzlu á hana. Ég segi því nei.

2) **PZ:** Með sama rökstuðningi og hv. þm. Mýr. segi ég nei.

Þess skal getið, að skrifstofustjóri Alþingis hefir verið *í ráðum með n. um umbætur á* framsetningu og orðalagi frv., en hann er, sem kunnugt er, manna smekkvísastur og glöggskyggnastur á íslenzkt mál.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég hefi borið hér fram brtt. á þskj. 870.

1. brtt. er við 2. gr. Nú er ákveðið, að undanþága frá verðjöfnunargjaldi sé miðuð við eina kú fyrir hvern ræktaðan hektara. Ég tel réttara að miða við 3000 lítra mjólkur, enda er það í meira samræmi við 5. gr.

Þá eru brtt. við 6. gr. Eru hinar fyrstu þeirra um tilnefningu í mjólkursölunefnd, og eru á þá leið, að í stað þess, að samkv. frv. á landbúnaðarráðherra að tilnefna tvo menn, en bæjarstjórn Rvíkur einn, þá tilnefni bæjarstj. tvo, en ráðh. einn, og sé sá form. n.

Þá er og brtt. við síðustu málsgr. 6. gr. á þá leið, að verðjöfnunarsjóður skuli einn greiða kostnað af störfum n., í stað þess, að eftir frv. á verðjöfnunarsjóður að greiða ⅔ *og ríkissjóður* ⅓. Auk þess er felldur niður síðasti málsliður: „Annar óhjákvæmilegur kostnaður“ o. s. frv., og aðeins gert ráð fyrir, að nefndarmönnum sé greitt kaup fyrir fundardaga. Um það geta þó verið skiptar skoðanir. Hitt tel ég alveg sjálfsagt, að kostnaður við slík nefndarstörf sé greiddur af verzluninni sjálfri, enda hefir ríkissjóður nóg á sinni könnu, þótt þessu sé létt af honum.

**Jón Pálmason:** Eins og hv. þdm. muna, tókum við hv. þm. Ak. brtt. okkar við þetta frv. aftur við 2. umr., af því að þm. vantaði í d. við atkvgr. N. hefir í ýmsum atriðum gengið inn á brtt. okkar síðan, t. d. um skiptingu 5. gr. Brtt. okkar voru allmjög ræddar þá, og sé ég því ekki ástæðu til að fara langt út í þær nú.

1. brtt. okkar á þskj. 871 er á þá leið, að hámark verðjöfnunargjalds sé fært niður í 6% úr 8%.

Þá vil ég minnast á þá brtt., að á sama hátt og fulltrúi bæjarstj. Rvíkur á að víkja fyrir fulltrúa hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, þegar nefndin hefir til meðferðar málefni annara verðjöfnunarsvæða, svo víki og þeir *fulltrúar mjólkurframleiðenda*, sem sæti eiga í n., fyrir fulltrúum mjólkurframleiðenda á því verðjöfnunarsvæði, sem um er að ræða. Nú hefir hv. 2. þm. Reykv. komið fram með till. þess efnis, að bæjarstj. Rvíkur kjósi tvo fulltrúa í n., sem þýðir það, að minni hl. bæjarstj. fær fulltrúa í n. í stað þess fulltrúa, sem landbrh. átti að skipa. Við hv. þm. Ak. leggjum aftur á móti til, að fulltrúi komi í nefndina tilnefndur af mjólkurframleiðendum þar sem aðalsala mjólkur fer fram. Við teljum ekkert um það að segja, ef fulltrúi kemur í n. af hálfu mjólkurframleiðenda, frá hvaða flokki hann er og hverrar skoðunar hann er á pólitiska sviðinu, því að það tel ég að komi málinu ekkert við, heldur tel ég, að ekki sé ósanngjarnt, að sá hópur framleiðenda eigi sæti í n.

Það var allmikið deiluatriði hér við 2. umr. þessa máls, að það skyldi gerð undanþága fyrir

mjólkurframleiðendur innan kaupstaða frá því að borga verðjöfnunargjald af þeirri mjólk, sem þeir nota til heimilisþarfa. Þá var samþ. till. þess efnis frá hæstv. forsrh., að þetta skyldi fellt niður. Í öðru lagi var samþ. við 2. umr., að bein sala skyldi eiga sér stað frá framleiðendum innan sölustaðar, því að það var ætlun n., að með þessum hætti væri a. m. k. þeim, sem eiga 1 eða 2 kýr, gefinn kostur á því að hafa rýmri hendur um sölu mjólkurinnar heldur en frv. upphaflega gerði ráð fyrir. En með því að fella niður undanþáguna með þessa 2 þús. lítra, er heimildin um frjálsa sölu gerð ónýt fyrir þá framleiðendur, sem minnsta mjólkina hafa, og þeir þar með neyddir til að ganga inn í mjólkursölusamlagið vegna þeirrar mjólkur, sem þeir hafa afgangs sínum heimilisþörfum. Þess vegna flytjum við á þskj. 871 brtt. þess efnis, að sett sé inn í frv., að 1800 lítrar skuli undanþegnir verðjöfnunargjaldi, af því að það beri að skoða sem mjólk til heimilisnota. Um þetta er náttúrlega ágreiningur, og það verður vitanlega að skeika að sköpuðu, hvernig atkv. falla um það.

Að öðru leyti eru þær till., sem hér liggja fyrir, þær sömu og ræddar voru við 2. umr. málsins hér í hv. d., og sé ég því ekki að sinni ástæðu til að fara nánar út í þær við þessa umr. En grundvöllurinn fyrir öllum þessum till. er að tryggja, að mjólkurframleiðendur sjálfir hafi sem mest vald yfir þessum málum — að ekki sé dregið undan mjólkursölun. og undir hið opinbera meira vald heldur en við teljum brýna þörf á.

Áður en einhver andmæli koma á ný gegn því, sem ég nú hefi drepið á, sé ég ekki ástæðu til að fara um þessar till. fleiri orðum.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég skal taka það fram, að þar sem meiri hl. n. hefir ekki komið sér saman um að bera sameiginlega fram fleiri brtt. heldur en eru á þskj. 881, get ég vitanlega ekki fyrir hennar hönd mælt með brtt., sem komið hafa fram frá hv. 2. þm. Reykv., hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Ak. Brtt. hv. þm. A.-Húnv. eru að nokkru leyti afturgöngur frá síðustu umr., sem þá voru felldar.

Það er þá fyrst, að í stað þess að hámark verðjöfnunargjaldsins var ákveðið 8%, þá flytur hann till. um, að verðjöfnunargjaldið verði fært niður í 6%. Ég gerði nokkra grein fyrir því við 2. umr. málsins, að það mætti ekki spilla þessu máli. Ef verðjöfnunargjaldið væri sniðið svo við neglur sér, að það nægði hvergi nærri til þess að koma á réttlæti milli þeirra, sem njóta neyzlumjólkurmarkaðsins, og hinna, sem fyrir utan hann standa, mundi það skapa óánægju og það yrði til þess að raska grundvellinum undir málinu. Hinsvegar verður maður að treysta því, að þetta gjald verði ekki hækkað meira en nauðsynlegt er til þess að halda þessu jafnvægi.

Þá er a-liður 3. brtt. mjög svipaður þeim, sem felldur var niður við 2. umr. málsins, vegna þess, að menn hræddust það við nánari athugun, að það ákvæði mundi verða til þess, að mjög yrði farið í kringum það við framkvæmd laganna.

Þá eru hinar aðrar brtt. hv. þm. aðallega um breyt. á fyrirkomulagi og yfirstjórn þessara mjólkurmála, og eru að vísu að formi til nokkuð öðruvísi en þær brtt., sem hann bar fram við 2. umr. Ég andmælti þeim þá fyrir hönd meiri hl. n., og geri það eins enn. Ég get ekki fallizt á þessar breyt. á fyrirkomulagi mjólkursölun., sem hér er farið fram á, en hitt get ég fallizt á, að ýms fleiri atriði gætu komið til greina við skipun n., en ef ætti að breyta henni á annað borð, mundi ég leggja til, að það yrði gert öðruvísi en hér er farið fram á, og ég álít, að ekki sé heppilegt að gera það nú, sem hefir í för með sér verulega röskun á fyrirkomulagi málsins. Ekki sízt fyrir það, hvað áliðið er orðið þings, og jafnvafasamt er, hversu vel gengur að koma málum fram, þá verð ég fyrir mitt leyti að leggjast á móti þessum brtt., og ég greiddi atkv. við 2. umr. málsins gegn annari breyt. á stjórnarfyrirkomulagi þessara mála, sem þó var miklu réttlátari en þær, sem hér liggja fyrir. Ég mun því ekki ljá atkv. mitt brtt., sem ég álít að standi ennþá fjær því rétta heldur en þær, sem ég greiddi atkv. á móti þá.

Ýmsar aðrar brtt. frá hv. þm. eru, eins og ég sagði, nokkurskonar afturgöngur frá þeim brtt., sem hann bar fram við 2. umr. og þá voru teknar aftur. Þær voru þaulræddar, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara mjög langt út í þær í viðbót við það, sem þá var gert.

Þá eru hér brtt. á þskj. 870, frá hv. 2. þm. Reykv. Ég get sagt það fyrir munn meiri hl. n., að hann leggur á móti þeim. (HV: Ekki öllum). Það er þá fyrsta brtt.: Í stað „eina kú“ komi: 3000 lítrar, sem nm. hafa óbundnar hendur um. Það má vera, að sumir hv. nm. greiði þeirri brtt. atkv. En hin brtt. er um breyt. á tilhögun á stjórn þessara mála, og legg ég mjög mikið á móti henni, því að eins og ég sagði áðan hefi ég áður gengið á móti brtt. um fyrirkomulag á stjórn mjólkurmálanna, sem ég áleit vera miklu meira í réttlætisáttina heldur en þessi brtt., og tel ég sízt ástæðu til að breyta til í þá átt, sem hv. þm. leggur til. Enda veit ég ekki betur en að það sé nokkurnveginn samkomulag um í höfuðatriðum, hvernig þessi n. skuli vera skipuð, og tel ég því óheppilegt að koma með brtt. á þessu stigi málsins, sem stórkostlega raskar því. Það verður líka að gæta þess, að þetta mál, sem er mjög vandasamt, bæði að því er snertir undirbúning og framkvæmd, og þar að auki nýtt og óreynt, verður sennilega á næsta þingi tekið til meðferðar og gerðar á því þær breyt., sem í framkvæmdinni sýna sig að vera nauðsynlegar. Ég tel því, að menn megi vel við það una að bíða með þær breyt., sem þeim þætti ástæða til að koma með um hin stærri atriði, þangað til það hefir sýnt sig, hvernig lögin verka, því að það er óhjákvæmilegt, að lögunum verði breytt á næsta þingi, því að hvað mikið sem til þeirra væri vandað, er ómögulegt að sjá svo vel, hvernig þau eiga að vera, að ekki komi í ljós við framkvæmd þeirra, að eitthvað vanti.

Þá er það c-liður brtt. frá hv. 2. þm. Reykv., sem ég verð einnig að leggjast á móti. Það má að vísu um það deila, hvort kostnaður vegna skipulags og framkvæmdar þessara mála skuli að öllu leyti leggjast á þá vörutegund, sem hér um ræðir, eða að einhverju leyti lagt á ríkissjóð-

inn. Svipuð ákvæði og eru í þessu frv. er búið að lögfesta í kjötlögunum, og sé ég ekki ástæðu til þess að taka þessi lög út úr. Verði það ofan á, að Alþingi breyti því í þá átt, að kostnaðurinn við framkvæmd þessarar löggjafar lendi á viðkomandi vörutegund, þá er hreinlegra að taka *bæði málin saman og breyta þeim báðum í* sömu átt, heldur en að fara að taka annað út úr, en skilja hitt eftir. Annars verð ég að segja það, að ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta mál neitt verulega meira heldur en búið er; það hefir eins og kunnugt er verið gert mjög ýtarlega á þessu þingi. En það er veruleg nauðsyn að hraða þessu máli sem mest, og ekki ástæða til að vera að karpa um einstakar hliðar þess og aukaatriði.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Mér þykir rétt að nota tækifærið til þess að gera grein fyrir mínu atkv. um þetta mál, og reyndar líka um kjötsölulögin, sem þegar hafa verið afgr. frá þinginu, en ég hefi ekki hingað til eytt tíma þingsins í ræðuhöld um þessi mál. Hinsvegar er ég einn dm. og raunar þm. yfirleitt, sem greitt hefi atkv. gegn kjötsölulögunum og þessu frv., en að öðru leyti skipt mér lítið af því, hvernig þau voru úr garði gerð í einstökum atriðum. Ég hefi greitt atkv. á móti þessum frv. af því, að ég tel, að þau séu borin fram með skammsýni og alveg í þveröfuga átt við það, sem gera ætti. Tilgangur þessarar lagasetningar er sá, ýmist að halda uppi óeðlilega háu verði á innlendum afurðum eða hindra eðlilega verðlækkun. Þetta gerir það að verkum, að framleiðslukostnaði í landinu er haldið uppi og framleiðslan gerð dýrari og þjóðinni þar með gert erfiðara fyrir um að keppa í framleiðslu þeirra afurða, sem fluttar eru úr landi og seldar á erlendum markaði. Það er rétt, að þessi stefna hefir verið tekin upp í ýmsum löndum, og þar á meðal í Bandaríkjum Norður-Ameríku. En að því er ég bezt veit, þykja þessar tilraunir þar hafa mis*tekizt gersamlega, og nú sé á þann veg komið*, að menn séu að hverfa frá þessari villukenningu, sem haldið hefir verið mjög á lofti í heiminum nú á síðustu árum.

Það er ekki svo um verðlag á innlendum afurðum, að það skeri sig úr, hvað það sé lægra heldur en á öðrum vörutegundum, heldur þvert á móti, því að á ýmsan hátt er því haldið uppi, með innflutningshömlum o. fl., og hafa því framleiðendur þeirrar vöru, sem seld er á innlendum markaði, sízt ástæðu til að kvarta, þar sem verð á landbúnaðarafurðum hefir verið hlutfallslega miklu hærra heldur en á sjávarafurðum, sem seldar eru út úr landinu, svo að það er ekki um það að ræða, að þessi atvinnuvegur sé verr settur heldur en sá höfuðatvinnuvegur, sem allur þjóðarbúskapurinn hvílir á, sjávarútvegurinn. En það liggur í augum uppi, að ef dýrtíðinni er haldið við eða hún aukin í landinu sjálfu, þá verður varan, sem þarf að flytja út og selja á erlendum markaði, óeðlilega dýr og framleiðslukostnaðurinn óeðlilega mikill. Það leiðir aftur af sér, að atvinnurekstur*inn* dregst aftur úr, þangað til hann verður ósamkeppnisfær við atvinnurekstur annara þjóða.

En með hverju á þá að borga landbúnaðarframleiðsluna, þegar atvinnuvegurinn, sem þjóðarbúskapurinn hvílir á, er lagður í rústir? Eina ráðið til þess að bjarga við atvinnuveginum er að minnka sem mest dýrtíðina í landinu og koma verðlaginu á nauðsynjum almennings sem mest niður. Og ég er ekki í nokkrum vafa um, að það mun sýna sig, að fyrsta afleiðingin af þessari tilraun til þess ýmist að hækka verðlagið á innlendum afurðum innanlands eða halda verðlaginu á þeim óeðlilega háu, leiðir til þess, að minna verður neytt af þessari vöru. Ég tel *ekki nokkurn vafa á því, að ef nú, í stað* þess að halda uppi eða jafnvel að hækka verðið á mjólkinni, væri tekið það ráð að lækka það, mundi neyzlan vaxa svo mikið, að framleiðendur mundu komast eins vel af með því móti eins og með því að halda verðlaginu óeðlilega háu, því að með því að lækka verðið mundi neyzlan aukast, en með því að hækka það hlýtur neyzlan óhjákvæmilega að minnka, og þar af leiðandi aftur, að það vörumagn, sem ekki verður selt sem neyzlumjólk, fer stöðugt vaxandi ár frá ári. Ég veit, að því hefir verið haldið fram í sambandi við þetta mál og kjötsölumálið líka, að ef ekkert hefði verið að gert, hefði mátt gera ráð fyrir óeðlilega mikilli verðlækkun á þessum vörum, af því að framleiðsla þeirra vaxi meira heldur en svari til þess, sem almenningur þarf til neyzlu. En þar til er því að svara, að framleiðendum sjálfum hefði verið fullkomlega trúandi til þess með frjálsum samtökum sín á milli að koma í veg fyrir, að sú verðlækkun hefði verið óeðlilega mikil. En það hefir engin tilraun verið gerð til þess að ná þessum tilgangi með frjálsum samtökum, af því að framleiðendur hafa vitað, að þeir höfðu aðstöðu til þess að þvinga í gegnum þingið þvingunarlög, sem svo væri hægt að nota til þess að skapa óeðlilega hátt verðlag, hærra en eðlilegt er og líkur eru til, að unnt hefði *verið með frjálsum samtökum*. Þó að frjáls samtök hefðu nægt til þess að halda uppi eðlilegu verðlagi, hefir ekki verið til þeirra gripið, en það er nú ljóslega komið á daginn, að framleiðendur hefðu getað treyst á þetta, því að meðferð þessa máls hér á þinginu sýnir, að *bæði einstakir þm. og eins flokkar keppast um* það, hver getur sýnt meiri skammsýni og meira ofbeldi í þessum efnum til þess að þóknast framleiðendum. Afstaða mín til þessa máls byggist m. ö. o. á því, að ég tel, að slík löggjöf miði eingöngu að því að skapa óeðlilega hátt verðlag í landinu, sem ekki er hægt að halda uppi til langframa, og gerir því ekki nema illt eitt, þó að rétt í svip kunni að virðast verða einhver annar árangur af þessari löggjöf. Ég verð jafnframt að láta í ljós, hvað ég er hissa á því, að sömu stjórnmálamenn — sem eru báðir stjórnarflokkarnir í heild —, er hafa að undanförnu verið að mikla sig af því, að þeir umfram allt vildu vinna bug á dýrtíðinni í landinu, hafa nú sýnt í verkinu, hver hugur hefir fylgt máli í þessu efni. Sérstaklega vil ég láta koma fram, hvað ég er hissa á afstöðu annars stjórnarfl., sem er Alþfl., er mér virðist, að fyrst og fremst ætti að gæta hagsmuna neyt-

endanna í sambandi við þessa framleiðslu og jafnframt sjálfir að hegða sér eftir heilbrigðri skynsemi. En þeir brjóta á móti þessu hvorutveggja: ganga á móti hagsmunum neytendanna og brjóta í bág við öll boðorð heilbrigðrar skynsemi jafnframt. Ég hefi því ekki séð neina ástæðu til þess að taka upp baráttu með þeim mönnum, sem þannig haga sér, og ég þykist ekki sjá fram á, að barátta á móti þessum öfgum beri neinn árangur. Þess vegna hefi ég lítið hafzt að í þessu máli hér á þingi.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það er aðeins til þess að gera grein fyrir skoðun minni á þeim brtt., er hér liggja fyrir, að ég tek til máls, en ég mun ekki svara þeim almennu ummælum, sem fram hafa komið, að þessu sinni.

Ég vildi þá fyrst mega benda á, að till. þær, sem hér liggja fyrir frá hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Ak., hafa legið hér fyrir áður, og um þær get ég verið stuttorður fyrir þá sök, að ég hefi áður eytt nokkrum tíma í að sýna fram á, að ég álíti, að þær eigi ekki rétt á sér.

Ég hefi áður talað um verðjöfnunargjaldið, hvað það ætti að vera hátt, og ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þær umr. Sama gildir um það, að ég álít, að eigi geti komið til mála að undanþiggja frá verðjöfnunargjaldi 1800 lítra hjá hverjum mjólkurframleiðanda. Það hefir sýnt sig nú, að þegar búið var að fá þessa undanþágu í gegn hér í hv. d., að mjög mikil óánægja kom fram hjá mjólkurframleiðendum í nágrenni Rvíkur. Það var haldinn stór fundur uppi í Mosfellssveit til þess að andmæla því, að slík undanþága skyldi nokkrum veitt, og nú síðustu daga hefir varla verið hægt að snúa sér við fyrir Reykvíkingum, sem ekki hafa viljað þessa undanþágu. En það eru aftur á móti ýmsir hér í Rvík, sem vilja hafa þessa undanþágu, en það ber miklu meira á óánægjunni yfir, að undanþága skuli veitt, og þess vegna finnst mér ekki koma til mála að ganga ennþá lengra. Sömuleiðis vildi ég benda á það, sem ýmsir hafa áður vakið athygli á, að verði þessi till. samþ., er tiltölulega auðvelt að komast í kringum lögin.

Hér kemur ennfremur fram till. frá þessum sömu hv. þm., sem er í samræmi við þá till., sem fyrir liggur frá öðrum hv. þm., hv. 2. þm. Reykv., á þskj. 870, viðvíkjandi því, að ríkissjóður eigi að greiða kostnaðinn við mjólkursölunefndina. Ég vil vekja athygli á því, að þessar till., sem í fljótu bragði sýnast réttlátar, eru alveg fjarri því að vera það á nokkurn hátt. Eins og nú er fyrir mælt í l., þá er svo ákveðið, með leyfi hæstv. forseta, í sambandi við síðustu málsgr. 6. gr.:

„Þóknun til mjólkursölunefndar skal að $^3/_7$ hlutum greidd úr verðjöfnunarsjóði og að $^4/_7$ hlutum úr ríkissjóði, og sé þóknunin ekki hærri en kr. 10.00 til hvers fundarmanns fyrir hvern fundardag. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðilum og í sömu hlutföllum."

Það er enginn vafi, að hér er átt við það, — og ég get þá um leið svarað fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. —, að hér er átt við þann kostnað, sem leiðir af störfum n., og þess vegna er kveðið svona að orði í niðurlagi 6. gr. (HV: Er skrifstofukostnaður þar með?). Ég skal taka það fram, að skrifstofukostnaður er mjög lítill. Húsnæðið er aðeins ein stofa, sem n. hefir komið saman í að öllum störfum sínum í Rvík að þessu, en megnið af þessum störfum flyzt vitanlega yfir á mjólkursölun., sem nú tekur við. Þessi n. kemur aðeins saman til þess að stjórna þessum málum, og því er það, að kostnaðurinn er ekki annar en leiga á þessu húsnæði, sem hún hefir yfir að ráða.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að þetta ákvæði var þannig sett inn í l., af því að það voru framleiðendur, sem gerðu kröfu til þess alveg réttilega, að ef í þessari n. væru menn bæði af hálfu bæjarstj. Rvíkur og ennfremur frá Alþýðusambandi Íslands, og svo einn skipaður af ráðh., sem er engu síður fulltrúi neytenda en framleiðenda, þá væri það réttlátt, að framleiðendur greiddu ekki þann kostnað, sem leiddi af því, að neytendur fengju fulltrúa í n. til þess að fylgjast þar með. Það er ekki rétt, að framleiðendur séu látnir greiða þann kostnað, sem leiðir af því, að fulltrúar neytenda fái að fylgjast þar með. Þess vegna var svo ákveðið, a. m. k. á meðan þetta er á reynslustigi og meðan neytendur gera kröfu til að hafa umboðsmenn í n., að framleiðendur greiddu ekki kostnaðinn, sem af því leiddi, því að það væri alveg rangt að láta þá gera það. Þess vegna var þessum kostnaði þannig skipt. En sýni það sig, að þetta reynist mjög svo illa, þá má taka það til athugunar á næsta þingi.

Þá er hér í öðru lagi brtt. frá sama hv. þm., hv. 2. þm. Reykv., sem fer í þá átt, að í staðinn fyrir „eina kú" komi „3000 lítra", sem þá miðar að því að binda undanþáguna fyrir Rvík eingöngu við ársnyt, og að það kæmi þá þannig út, að t. d. sá maður, sem hefir 10 kýr, fái undanþágu frá verðjöfnunargjaldi, ekki fyrir 10 kýr, heldur fyrir 10×3000 lítra, eða 30000 lítra. Þetta finnst mér heldur til hins lakara, því að ef einhver fer vel með sínar kýr, svo að hann fær ársnyt t. d. 3500 lítra, sem vel getur komið fyrir og hefir oft komið fyrir — ef hann fer vel með kýrnar og hefir mikla grasnyt —, þá leiðir það til þess, að hann þarf að borga verðjöfnunargjald af talsvert miklu af sinni framleiðslu, og það gjald kemur á hann sem refsiskattur fyrir það, að hann fer vel með sínar kýr. Þetta eggjar því framleiðendurna í nágrenni Rvíkur á það, að láta ársnytina ekki komast fram úr 3000 lítrum, því að þá fá þeir á sig refsiskatt fyrir að hafa farið vel með kýrnar. Þess vegna finnst mér, að hver framleiðandi í nágrenni Rvíkur eigi að fá undanþáguna eftir kúatölu, en ekki að fara einmitt að skattleggja þá, sem bezt stunda sína framleiðslu, því að ef það væri gert, þá færi það svo, að t. d. maður, sem hefði 10 kýr og ársnyt væri 3000 lítrar, slyppi við að borga neitt, og svo væri annar, sem færi sérstaklega vel með kýrnar, svo að ársnyt væri t. d. 3300 lítrar, hann yrði að borga verðjöfnunarskatt.

Þá er hér brtt. um að breyta skipun n. Þessari brtt. er ég algerlega mótfallinn. N. hefir ver-

ið skipuð til 1. maí næstk., svo að þessu verður ekki breytt, a. m. k. ekki þangað til. Í öðru lagi er það, að það er réttast að láta þá menn framkvæma þessi mál, sem eru búnir að undirbúa þau störf, sem nú liggja fyrir, og eru því þessum málum kunnugastir. Ég er því þessari brtt. algerlega mótfallinn, og ég vildi helzt óska þess, að aðeins brtt. landbn. yrðu samþ., en hinar allar teknar aftur. Það finnst mér réttast, úr því sem komið er, en koma þá heldur á einhverjum smábreyt., þegar þessi l. verða endurskoðuð. En þær brtt., sem landbn. hefir flutt, get ég vel fallizt á, m. a. af því, að þar eru engar efnisbreyt., nema að í staðinn fyrir það, að nú er í frv. leyfi fyrir menn í nágrenni Rvíkur að selja beint, þá leggur n. til, að mjólkursölun. geti leyft mönnum að selja beint.

Ef farið er að samþ. brtt. við þetta frv., m. a. þær brtt., sem eru á þskj. 870 og 881, þá má vel búast við því, að þá verði frv. aftur breytt í Ed., og þá verður það ef til vill að koma til kasta Sþ. að skera úr þessu máli. En það var aldrei ætlun mín að ganga frá þessu máli þannig, að ég geti unað við hverskonar breyt., sem koma af tilviljun á síðustu stundu. Ég hefi alltaf reynt að halda málinu í því formi, sem ég hefi haldið, að væri heppilegast að leysa það í, ef það á að koma að gagni. Ef nú á að samþ. breyt. á síðustu stundu, þá getur það vel orðið til þess, að það tefji afgreiðslu málsins, og eru þar að auki breyt., sem vel mega bíða þangað til síðar, því að vitanlega verða þessi l. endurskoðuð eftir 1—2 ár.

Ég vil svo endurtaka þau tilmæli, að samþ. verði till. frá landbn., en vil helzt mælast til, að hinar verði teknar aftur.

**Pétur Halldórsson:** Ég skal ekki tala mikið um efni þessa máls. — Ég átti von á, að hæstv. forsrh. svaraði fyrirspurn minni, sem ég beindi til hans við fyrri umr. þessa máls og hann hefir lofað mér upplýsingum um, en það var um innflutning á landbúnaðarvörum. Ég vil spyrja hann, hvort hann hafi ekki aflað sér þeirra upplýsinga nú, og ef svo væri, þá vildi ég óska, að þær kæmu fram.

**Jón Pálmason:** Ég kemst ekki hjá að segja örfá orð til andsvara hæstv. forsrh., en skal þó ekki tefja tímann með langri ræðu.

Hæstv. ráðh. fór fram á það, að við hv. þm. Ak. tækjum aftur okkar till., af því að hann lagði á móti þeim og komst svo að orði, að það væri til mikils spillis að samþ. till., sem kæmu fram á síðustu stundu. Ég get því miður ekki orðið við þeim tilmælum, að taka till. aftur, en mér koma þessi ummæli á óvart, því að við gerðum það til samkomulags við hæstv. forseta að draga þær til baka við 2. umr., af því að d. var ekki fullskipuð, þegar gengið var til atkv. Það er því fjarri því, að þessar till. hafi komið fram á síðustu stundu, því að þær voru prautræddar við 2. umr. þessa máls í þessari d.

Annars skal ég ekki ganga langt í að ræða efnishlið þessa máls, þar sem svo mikið hefir verið um það rætt, að málið mun liggja ljóst fyrir öllum hv. þm. Aðalágreiningurinn virðist vera um það, hversu langt eigi að knýja þau samvinnufél., sem á þessu sviði starfa, inn undir það opinbera vald, sem hér kemur fram í mynd hinnar svonefndu mjólkursölunefndar. Okkur þykir þar óþarflega langt gengið, og þess vegna eru þessar till. fyrst og fremst bornar fram.

Í öðru lagi er það vitað, að ágreiningur er um það, hve verðjöfnunargjaldið sé hátt. Því var haldið fram við 2. umr., að þetta gjald væri of hátt, þar sem það var 69 eða 72 kr. á hverja kýrnyt, og ég verð að álíta að það sé óeðlilegt að byrja þetta mál með að ákveða af Alþingi, að menn skuli greiða svona tilfinnanlegan skatt. Út í það skal ég svo ekki fara lengra; það mál liggur svo ljóst fyrir, að ég geri ráð fyrir, að allir hafi nú tekið afstöðu til þess.

Viðvíkjandi því, að við berum fram brtt. um að undanþiggja 1800 lítra til heimilisnotkunar, þá telur hann, að hún mundi valda því, að meira yrði farið í kringum l. Ég hygg, að seint verði hægt að girða fyrir, að hægt verði að fara kringum l., en í þessu tilfelli mundi það komast fljótlega upp.

Snertandi það, sem við leggjum til, að ríkissjóður borgi formanni, en verðjöfnunarsjóður greiði kostnaðinn að öðru leyti, þá leggjum við ekki sérstaka áherzlu á það, en ég tel óviðfelldið að segja, að ríkissjóður eigi að greiða ⅔ og verðjöfnunarsjóður hitt. Það væri nær að skipta þessu t. d. til helminga. Annars er þetta atriði, sem ég út af fyrir sig legg ekki mikið upp úr, en það eru önnur atriði, sem meiru máli skipta. Það er gefið, að meiri hl. getur ákveðið að drepa þessar till. allar eins og þær eru, en ég held, að það sé miklu hyggilegra að koma þessum l. þannig fyrir, að þau séu byggð á frjálslegum grundvelli, svo að þeir, sem koma til með að eiga við þau að búa, geti verið nokkurnveginn ánægðir með þau.

Snertandi þá till., sem hv. 2. þm. Reykv. ber fram, að miða við 3000 lítra í staðinn fyrir eina kú, þá sé ég ekki, að hún sé til neinna bóta frá því, sem er.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu. Málið liggur svo ljóst fyrir, að langar umr. munu ekki hafa mikla þýðingu.

**Guðbrandur Ísberg** [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá orð. Vil ég þá fyrst víkja að brtt. landbn. á þskj. 881. Það er rétt, að ég tel þær ekki fara eins langt og ég hefði óskað, en tel þær þó til bóta, að einni undantekinni. Það er misskilningur, að ég vilji fallast á a-lið 2. brtt. við 5. gr., að breyta orðunum „heimilt skal þeim“ í „heimilt skal þó mjólkursölunefnd að leyfa þeim“. Þetta hefi ég ekki getað fallizt á.Ég hygg, að í því efni sé mér nægilegt að vísa til orða minna við 2. umr.

Viðvíkjandi brtt. okkar hv. þm. A.-Húnv. á þskj. 871, vil ég segja það, að ég legg megináherzluna á, að tekin sé upp aftur heimild til undanþágu fyrir framleiðendur, sem selja mjólk beint, að draga megi frá 1800 lítra fyrir neyzlumjólk heimilisins. Ég álít þetta svo sjálfsagt, að þó að það verði kannske drepið nú, þá mun ég láta það verða mitt fyrsta verk á næsta þingi að taka þær brtt. upp aftur. Ég skil ekki, hvern-

ig þeim mönnum er farið, sem vilja leyfa mönnum að selja beint, en setja svo ákvæði, sem geri þeim skylt að greiða verðjöfnunargjald af sinni eigi neyzlumjólk, sem allir aðrir sleppa við að greiða. Það er líkast því, eins og sagt er, að ræningjar hafi haft það, að sleppa mönnum úr varðhaldi, láta þá hlaupa nokkurn spöl og skjóta þá svo niður. Það, að segja mönnum, að þeir megi selja beint, en setja svo ákvæði, sem fyrirbyggja það, það er svo fráleitt, að mig furðar á því, að nokkur skynsamur maður skuli geta leyft sér að ganga inn á það. Það hefir verið margtekið fram, að þeir geti farið í samsöluna, en nú er sagt, að þeir megi selja beint, og svo á að taka það af þeim. Mig undraði ekki, þó að þeir, sem vilja samþ. þetta nú, sæju sig fljótt til neydda að leiðrétta þetta.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég get ekki fallizt á það, sem hæstv. forsrh. sagði viðvíkjandi brtt. mínum, t. d. um þessa 3000 lítra undanþágu.

Sú till. er borin fram eftir ósk framleiðenda hér í bænum. Ég álít alveg ljóst, að það sé réttari mælikvarði en að miða við kú, þar sem t. d. kvíga væri metin jöfn góðri mjólkurkú. Mér finnst því sjálfsagt að miða við kýrnyt, eins og t. d. gert er í 5. gr.

Viðvíkjandi síðasta liðnum, um þóknun til mjólkursölunefndar, þá get ég að vísu ekki fallizt á þá ástæðu, sem hæstv. forsrh. kom með fyrir því, að ætti að deila honum eins og um getur í frv., því að þótt það sé, að í n. séu menn, sem ekki eru kosnir af framleiðendum, eins og t. d. af bæjarstj. Rvíkur og Alþýðusambandi Íslands, þá geri ég ráð fyrir, að þeir vinni alveg sama verk í n. eins og hinir, og þess vegna komi starf þeirra að sama gagni fyrir mjólkursöluna. Svo er það nauðsynlegt fyrir bændur að hafa vinsamlega samvinnu við þá, sem eiga að neyta mjólkurinnar, því að það mun jafnan haganlegast fyrir báða aðila. Aftur á móti er ástæðan, sem hæstv. forsrh. kom með, að í öðrum svipuðum l., sem hér hefðu verið sett, hefði svo verið ákveðið, að þetta skyldi greiða úr ríkissjóði, og tími væri til að taka það til athugunar fyrir næsta þing, sú ástæða er þess valdandi, að ég mun taka þessar till. aftur, í trausti þess, að það verði tekið til athugunar sameiginlega bæði með þessa mjólkursölunefnd og kjötverðlagsnefnd, og eins með fiskimálanefnd og síldarútvegsnefnd á sínum tíma, að kostnaðurinn við þær verði látinn falla á vörurnar sjálfar, en ekki á ríkissjóð. Í því trausti tek ég till. aftur. En ef ég á sæti á næsta þingi, mun ég muna eftir að koma með tilsvarandi brtt.

Viðvíkjandi b-liðnum gat hæstv. forsrh. ekki sannfært mig. Ég tel það réttara og í meira samræmi við tilhögun kjötverðlagsn., að n. sé skipuð á þennan hátt. Þetta getur kannske ekki talizt stórt atriði á neinn hátt, en það má gera ráð fyrir því, að sá, sem kosinn er af bæjarstj. Rvíkur sé ekki frekar talsmaður neytenda en framleiðenda.

**Thor Thors:** Ég hreyfði því við 2. umr. þessa máls, að vænta mætti, að það væri tilgangur þessarar löggjafar að tryggja, að þeir, sem hefðu hina landfræðilegu aðstöðu til að njóta markaðsins hér Rvík, fengju það í framtíðinni. Mér hefir nefnilega skilizt, að ákvæðið um verðjöfnunargjaldið sé fram komið til þess að tryggja þetta atriði og til þess að fyrirbyggja það mjólkurstríð, sem annars hefði vel getað komið upp. Ég skaut því til landbn., hvort hún vildi ekki taka til athugunar til 3. umr., hvort ekki væri rétt að taka slíkt ákvæði inn í l., sem tryggði það, að þeir, sem standa næst markaðinum, fengju að ganga fyrir með sölu á þeim markaði, og að þess yrði jafnframt gætt, að ekki yrði meiri mjólk flutt til sölu inn í sama kaupstað en venjuleg þörf þess markaðs segir til. Ég sé, að n. hefir ekki tekið þessar till. upp. Þó má vera, að hún vilji fallast á, að það sé einn aðaltilgangur þessarar löggjafar að tryggja þetta. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. frsm. landbn., hvort þetta sé réttur skilningur, og eins vil ég óska, að hæstv. forsrh. lýsi því yfir, hver er hans skoðun á þessu atriði.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég vil geta þess til leiðbeiningar hv. þm., að ég hefi rekið mig á prentvillu á þskj. 881, 2. lið 2. málsgr. Þar stendur: „Nú er svo háttað sem segir í upphafi 5. gr., og er þá öðrum hlutaðeigandi mjólkurbúum“ o. s. frv., en á að standa „öðrum en hlutaðeigandi mjólkurbúum“ o. s. frv. Þetta vildi ég biðja hv. þm. að athuga og leiðrétta.

Út af fyrirspurn hv. þm. Snæf. skal ég geta þess, að n. tók einmitt þetta atriði, sem hann minntist á, til meðferðar og athugaði, hvort ástæða væri til að setja inn í frv. ákvæði um þetta atriði, sem hann minntist á, sem sé að þeir, sem næstir eru markaðinum, fái að sitja fyrir um mjólkursölu, en hún áleit, að þess mundi ekki þurfa með, því að eins og hefir verið getið um áður, þá er það tilgangurinn með þessu verðjöfnunargjaldi, að haga flutningum til markaðsins þannig, að þeir, sem fjær eru, taki aðallega að sér vinnsluna og fái styrk úr verðjöfnunarsjóði, en þeir, sem nær búa, sitja að mjólkurmarkaðinum, og þeir með verðjöfnunargjaldinu kaupi hina út af markaðinum, ef svo mætti orða það. Ef farið væri að flytja mjólk inn á markaðinn langan veg, en væri hægt að fá hana miklu nær, þá væri það svo mikil grundvallarröskun á lögunum og tilgangi þeirra, að ég býst ekki við, að það komi til mála.

**Thor Thors:** Hv. þm. Mýr. hefir lýst greinilega yfir því, að landbn. líti svo á, að landfræðileg afstaða skuli ráða því, hverjir sitja skuli fyrir Rvíkurmarkaðinum. Vegna þessarar yfirlýsingar hans f. h. n. og ummæla hæstv. forsrh., sem gengur í sömu átt, mun ég ekki bera fram brtt. um þetta efni. Verði einhver misbrestur á þessu í framkvæmd, ætti að mega leiðrétta það á næsta þingi.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Þetta, sem hv. þm. Snæf. drap á, er stórt atriði, og ég vil í tilefni af orðum hv. þm. Snæf. spyrja hv. þm. Mýr. að því, hvort þetta atriði fái ekki í raun og veru alveg nýjan svip við það, að verðjöfn-

unargjaldið eða hámark þess verður fastákveðið með lögum. Tilgangur laganna er sá, að jafna svo á milli þeirra, sem búa nær og fjær Rvík, með verðjöfnunargjaldinu, að báðir megi vel við una, bændur austan fjalls fái hærra verð fyrir mjólk sína, en framleiðendur í og kringum Rvík fái að sitja einir að markaðinum þar. Þetta má ef til vill takast, en þó því aðeins að verðjöfnunargjaldið sé ekki ákveðið fyrirfram. Það er tilgangur laganna, að verðjöfnunargjaldið skapi þann jöfnuð, sem nauðsynlegur er til þess, að þeir, sem fjær eru, sendi ekki mjólk sína á Rvíkurmarkaðinn, því að þeim er hvergi í l. bannað að senda mjólk sína hingað til sölu. Ef verðjöfnunargjaldið, eins og það er ákveðið í l., hrekkur ekki til að skapa þennan jöfnuð, — hvernig fer þá? Hver á að fella úrskurð, ef framleiðendur þeir, sem fjær búa Rvík, vilja eftir sem áður senda mjólk sína á Rvíkurmarkaðinn? Mér virðist spurningin óleyst, sérstaklega ef hámark verðjöfnunargjalds er lögákveðið.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Hv. 5. þm. Reykv. spurði, hvort ég gæti svarað fyrirspurn sinni frá 2. umr. um það, hve mikið hefði verið leyft að flytja af erlendu smjöri til landsins. Ég ætla, að þetta ár hafi verið flutt inn um 100 kvartil, en satt að segja hefi ég gleymt að afla mér fullra upplýsinga um þetta atriði, af því að ég taldi það svo smávægilegt.

Ég get látið hjá líða að mestu að tala um þær brtt., sem fram eru komnar. Ég vil leggja áherzlu á það, að brtt. þeirra hv. þm. Ak. og hv. þm. A.-Hún. verði allar felldar. Um brtt. hv. 2. þm. Reykv. er það að segja, að ég tel ekki miklu máli skipta, hvort undanþágan er miðuð við 3000 lítra eða eina kú, en af því hlýtur þó að leiða, að þeir, sem hafa hærri ársnyt, verða að borga aukaskatt, en þeir, sem eiga kýr með lægri ársnyt geta haft 10—11 kýr undanþegnar verðjöfnunarsjóðsgjaldi, þótt þeir hafi ekki nema 8 ha. land. Ég tel því betra að halda ákvæðinu eins og það var í frv.

Þá er brtt. hans við kostnaðarhliðina á störfum n., sem hann að vísu tjáði sig ekki ófúsan til að taka aftur. Röksemdir hans voru þær, að allir ynnu jafnt í n., hvort sem þeir væru framleiðendur eða ekki. En það er á það að líta, að n. vinnur ekki meira í sjálfu sér, þótt hún sé skipuð 7 mönnum en þótt hún væri skipuð 5 eða 3. Það getur á engan hátt talizt rétt að framleiðslan borgi neytendum fyrir það, að „kontrollera“ framleiðendur.

Um nefndarskipunina er það að segja, að ég tel alveg rangt að breyta frá því, sem nú er ákveðið í frv. Breyt. þær, sem felast í brtt. hv. 2. þm. Reykv., gætu ekki heldur komizt til framkvæmda fyrr en 1. maí, er ný nefnd verður skipuð. Ég vænti þess fastlega, að þessar brtt. verði felldar, þar sem Alþýðusambandið á nú fulltrúa í n. og annar er kosinn af bæjarstj. Rvíkur, og mun mega skoða hann í senn fulltrúa neytenda og Sjálfstfl. Ég fæ ekki séð, að öryggi neytenda væri neitt betur tryggt, þótt Alþfl. fengi einn fulltrúa til viðbótar í n., þar sem báðir flokkar hafa þar nú þegar fulltrúa, til að gæta hagsmuna neytenda. Það mætti þá segja, að eins þyrfti að bæta einum manni frá Sjálfstfl. í n., svo að neytendur hefðu þar meiri hl.! Ef þessar brtt. verða ekki felldar hér, munu þær verða teknar til athugunar í Ed.

**Forseti (JörB)**: Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. við brtt. á þskj. 870, svo hljóðandi: [Sjá þskj. 891].

Þar sem brtt. er of seint fram borin og auk þess skrifl., verður að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)**: Út af fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að samband er á milli þess, sem hv. þm. Snæf. sagði um hina landfræðilegu afstöðu, og verðjöfnunargjaldsins. Eftir því sem verðjöfnunargjaldið er lægra, eftir því verður munurinn meiri á verði mjólkurinnar hjá þeim, sem búa nærri og fjarri Rvík. Því má ekki hafa hámark verðjöfnunargjalds svo lágt, að þessi munur verði óeðlilega mikill og valdi óánægju. Því er fjarri sanni að færa hámarkið niður í 6%, eins og hv. þm. Ak. og hv. þm. A.-Hún. leggja til. Komi það í ljós, að verðjöfnunargjald það, sem ákveðið er í frv. reynist ekki nógu hátt, verður að hækka hámarksgjaldið.

Hitt kemur auðvitað ekki til mála, að mjólk úr fjarlægum héruðum verði hleypt inn á Rvíkurmarkaðinn að þarflausu, þó að slíkt sé ekki beint bannað í lögunum, enda væri þá allt verðjöfnunargjald til einskis. Þeir, sem úrskurða um slíkt, eru vitanlega forráðamenn mjólkurbúanna og mjólkursölunefnd. Annars er ætlunin að leysa þessi mál öll með frjálsu samkomulagi, en verði ágreiningur, úrskurðar n. En það vil ég undirstrika, að ekki kemur til greina að jafna muninn milli þeirra, sem nær og fjær búa Rvík, á annan hátt en með verðjöfnunargjaldi, eftir því sem það hrekkur til.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Að fengnum þessum upplýsingum hv. þm. Mýr. vildi ég gjarnan fá að heyra, hvort líkur eru til þess, að mjólkursölunefnd geti jafnað á milli þessara aðilja með því verðjöfnunargjaldi, sem nú er ákveðið í frv. Mér skildist á hv. þm. Mýr., að menn myndu ekki verða ánægðir fyrr en allir hefðu fengið nokkurnveginn jafnt verð. (**BÁ**: Það sagði ég aldrei). Ekki með berum orðum, en hann sagði, að hækka yrði verðjöfnunargjaldið þangað til þeir, sem fjær búa Rvík, yrðu ánægðir, og ég held líka, að ekki verði komizt hjá því. Ég býst ekki við því, að þeir, sem fjær búa, verði fyllilega ánægðir fyrr en þeir fá h. u. b. sama verð fyrir sína mjólk og hinir, en til þess verður auðvitað að hækka verðjöfnunargjaldið. Mér virðist líka, að þetta sé sú hugmynd, sem er á bak við lögin, þótt þetta sé ekki tekið fram berum orðum. Annars býst ég við, að þessi löggjöf verði tekin til endurskoðunar þegar á næsta þingi, því að ég er ekki eins bjartsýnn og forsrh., að búast við því, að þessi lög geti staðið óbreytt í 2—3 ár.

Ég hefði þurft að beina nokkrum orðum til hæstv. forsrh. og þykir miður að sjá hann ekki hér í d. Ég veit hann hefir um margt að hugsa þessa síðustu daga þingsins, en ég get ekki fallizt á, að það, sem ég gerði fyrirspurn til hans um, hafi verið lítið atriði, sem ekki komi þessu máli við. Ég spurði hæstv. forsrh. að því við 2. umr. þessa máls 1) með hvaða heimild einum aðila hefði verið gefinn einkaréttur á því að flytja inn erlendar mjólkurafurðir, 2) hver hafi fengið þennan einkarétt, 3) hve mikið hafi verið flutt inn, og 4) hvort þessi heimild gildi enn og eigi að haldast framvegis.

Hæstv. forsrh. kveðst nú hafa gleymt því að afla sér upplýsinga um innflutning, en telur, að hann muni hafa verið um 100 kvartil þetta ár. *Þetta nemur þó alltaf 10 þús. pundum. Nú mun* mega fá smjör erlendis fyrir ½ þess verðs, sem það er selt fyrir hér. Gróði á þessum innflutningi hefir því orðið 15—20 þús. kr. Ég tel víst, að markaður sé fyrir talsvert af erlendu smjöri hér og megi því græða allmikið fé á því að hafa einkaheimild til slíks innflutnings. Ef mjólkurbúin austanfjalls fá leyfi til þess að flytja inn smjör og selja það Reykvíkingum fyrir þrefalt verð, þá vaknar sú spurning, hvort ekki væri réttmætt, að einhver friðindi kæmu á móti til framleiðenda í Reykjavík. Þetta er því stórt mál, sem ég tel, að hæstv. ráðh. hafi vanrækt að gefa um sjálfsagðar upplýsingar.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég vildi aðeins svara hv. 5. þm. Reykv. því, að það er langt frá, að hér sé verið að slá fastri *nokkurri reglu. Þetta var gert í fyrra eingöngu* vegna þess, að þá var grasleysissumar, svo að það varð sérstök vöntun á smjöri, svo víðtæk, að mér er sagt af formanni mjólkurbúanna austanfjalls, að ekki sé líklegt, að komi fyrir annað eins næstu ár eða jafnvel áratugi. Það var aðeins fyrir þessa sérstöku tilfinnanlegu vöntun smjörs, að þetta var gert, en hefir alls ekki verið gert í ár, og eru ekki líkur til, að verði gert framvegis. Þetta var ekki heldur sérstaklega gert fyrir búin austanfjalls, heldur var því skipt jafnt niður milli aðila, mjólkurbúanna, Mjólkurfél. Rvíkur o. fl. Það var gert vegna allra. Það er ekki heldur ástæða til, þó að þessi sérstaka undanþága væri veitt vegna hins sérstaka ástands, að gera þetta að umræðuefni í sambandi við þetta frv. (**PHalld:** Hér eru líka strax upplýsingar). Hér hafa líka strax komið *fram upplýsingar, segir* hv. fyrirspyrjandi, og vænti ég þess þá, að þetta verði ekki gert frekar að umræðuefni.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég hefi nú ekki tafið umr. um þetta mál. En út af fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv. og svörum hæstv. forsrh. vildi ég beina örfáum orðum að þessu umræðuefni, og þá sérstaklega að hæstv. ráðh. Hann segir, að lítil þörf sé að ræða þetta, því ekki séu líkur til, að þetta komi fyrir aftur. Hver getur sagt *um þörfina, hvenær hún verður fyrir hendi eða* hver hún er? Ég held, að það geti enginn. Þetta er því sagt algerlega út í bláinn. Mér er sagt, að þessu innflutningsleyfi hafi fylgt það skilyrði, að verðið á smjörinu mætti ekki vera lægra en 4 kr. kg. Það þarf enginn að segja mér, hvaða mælikvarði það er á þörfina fyrir smjör, hversu margir geta keypt það fyrir 4 kr. kg. Hér í bænum er fjöldi barna og fjöldi bágstaddra heimila, sem líða skort hollrar fæðu. Hér bindast Framsfl. og Alþfl. samtökum um að gera neyzluvöruna dýrari en þurfti. (**PZ:** Þetta var fyrir ári síðan). T. d. í þessu tilfelli var það sett að skilyrði, að vöruna yrði að selja þreföldu verði. Varan var því seld með okurverði, og er það vítavert af stjórnarvöldunum að hafa sett það sem skilyrði. Þessi innflutningur var leyfður vegna skorts á vörunni, svo að ekki gat komið til greina nein samkeppni við innlenda framleiðslu. Ástæðan var því ekki sú fyrir að setja þetta háa verð. Hér var bara verið að skapa einstökum mönnum eða félögum tækifæri til að okra á vörunni, og varna með því fátæku fólki að nota heilnæma fæðutegund. Ég veit ekki, hvað langt á að ganga til þess að það sé ekki þolað. Er þarflaust að nota sér þörf fólksins á þennan hátt til að okra á fæðutegund og til þess að fátæk alþýða geti ekki notað sér hana fyrir dýrleika sakir.

Ég vil f. h. þeirra, sem hafa falið mér umboð til að sitja á þessari samkundu, mótmæla því *sem vítaverðri óhæfu*, að oftar verði *gengið inn* á þessa braut, sem er gersamlega óforsvaranleg frá öllum sjónarmiðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 19. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 871,1 felld með 16:11 atkv.
— 870,1 felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SK, StJSt, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, HV, JakM, PZ, PÞ, PHalld.
nei: PO, SigfJ, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EystJ, FJ, GG, HannJ, JÓl, JónP, MT, ÓTh, JörB.
SE, EmJ, GTh, JS, JG greiddu ekki atkv.
Einn þm. (JJós) fjarstaddur.

Brtt. 881,1 samþ. án atkvgr.
— 871,2 felld með 17:10 atkv.
— 881,2.a—b samþ. með 18:6 atkv.
— 871,3.a felld með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, JónP, JS, PHalld, SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, JakM.
nei: JG, MT, ÓTh[1]), PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV[2]), JörB.
Einn þm. (JJós) fjarstaddur.

1) **ÓTh:** Svipuð till. og þessi lá fyrir við 2. umr., þá flutt af landbn., með þeim skilaboðum til d., að mér skildist, að um þetta hefði náðst samkomulag milli þeirra aðila, sem við það eiga að búa. Nú er komið í ljós, að ekkert samkomulag er fengið, hvorki um þetta atriði né önnur, sem snerta hagsmunastreitu Rvíkur og annara kjördæma í þessu máli. Ég hefði óskað eftir að geta verið með þessari undanþágu, en ég vil ekki setja lögin í þann voða, sem mér sýnist þeim búinn, ef þetta er samþ., og sé mér því ekki fært annað en að segja nei.

2) **HV:** Þar sem Reykvíkingar geta sloppið undan skatti af þessu með því að vera með í samsölunni, segi ég nei.

Brtt. 871,3.b samþ. með 18:11 atkv.
— 881,2.c samþ. með 27 shlj. atkv.
— 881,2.d samþ. með 26 shlj. atkv.
— 871,3.c felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍ, GTh, HannJ, JakM, JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv.
nei: HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB,[1]) EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.
Einn þm. (JJós) fjarstaddur.
Brtt. 891 samþ. með 17:1 atkv.
— 870,2.a—b, svo breytt, felld með 18:4 atkv.
— 871,4.a—b felld með 17:12 atkv.
— 881,3.a—c samþ. án atkvgr.
— 871,4.c tekin aftur.
— 870,2.c tekin aftur.
— 871,5.a—b tekin aftur.
— 881,4.a—b samþ. án atkvgr.
— 871,5.c felld með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHalld, SK, TT, GÞ, GÍ, GTh, JakM, JónP, ÓTh.
nei: ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV, JÓl, JS, JG, MT, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, JörB.
GSv greiddi ekki atkv.
Einn þm. (JJós) fjarstaddur.
Brtt. 881,5 samþ. án atkvgr.
— 881,6 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 881,7 samþ. án atkv.
— 881,8 samþ. án atkvgr.
— 881,9 samþ. án atkvgr.
— 871,6 felld með 18:10 atkv.
— 881,10 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 871,7 felld með 19:7 atkv.
— 881,11 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25:3 atkv. og endursent Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 900).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Magnús Guðmundsson:** Ég vil geta þess, að ég hefi ekki getað fylgzt með því, hvað samþ. hefir verið af brtt. við þetta frv. í hv. Nd. og þykir mér undarlegt, ef hæstv. landbrh. skýrir ekki frá því hér í d., þar sem vitanlegt er, að við hér í d. höfum ekki haft nokkurt tækifæri til að fylgjast með því, sem gerist í Nd., því að fundur hefir staðið hér yfir í allan dag. Annaðhvort verður því að gefa skýringu eða fresta málinu.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Brtt. þær, sem samþ. voru við þetta frv. í hv. Nd., fara í þá átt í fyrsta lagi, að þeim mjólkurframleiðendum, sem búa innan lögsagnarumdæmis Rvíkur, má nú heimila að selja mjólk beint til neytenda, með því skilyrði, að þeir borgi af henni verðjöfnunargjald. Jafnframt var stungið upp á því, þó að varla þurfi að skýra frá því, af því það var ekki samþ., að ganga enn lengra og leyfa hverjum þessum mjólkurframleiðanda að hafa 2000 lítra af mjólk án verðjöfnunargjalds, þó að þeir seldu mjólkina beint til neytenda; síðan var svo þessi uppástunga færð í 1800 lítra, en hún var felld. Eins og frá frv. var gengið við 2. umr. í Nd., var þeim, sem framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, heimilað að velja um það tvennt: að selja mjólk sína beint til neytenda og greiða fullt verðjöfnunargjald af henni, eða að afhenda sölumjólk sína til samsölunnar og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 2. gr. Þó getur mjólkursölunefnd svipt mjólkurframleiðanda rétti til beinnar sölu til neytenda, ef henni þykir hann hafa misnotað þá heimild. Við 3. umr. var þessu aftur breytt, vegna þess að fram höfðu komið svo margar óánægjuraddir, bæði úr Mosfellssveit og frá mjólkurframleiðendum í Rvík. Var þá látið undan þessum háværu kröfum, sem töldu þetta söluleyfi til skemmda, er mjólkurframleiðendum í kaupstöðum var veitt, og var það því við 3. umr. sett inn í 5. gr. frv. sem heimild til mjólkursölunefndar, m. ö. o., mjólkursölunefnd er nú heimilað að leyfa þeim beina sölu á mjólkinni til neytenda, gegn greiðslu á verðjöfnunargjaldi. Aðra undanþágu geta þeir ekki fengið, ef jafnframt á að gæta þeirra heilbrigðisráðstafana, sem gert er ráð fyrir í þeim ákvæðum, er sett voru inn í frv. við 3. umr., og ef það er misnotað, getur mjólkursölunefndin tekið leyfið aftur.

Aðrar breyt., sem máli skipta, hafa ekki verið gerðar á frv. í hv. Nd. Smávægilegar breyt. voru að vísu gerðar, svo sem þær, að í stað þess, að áður var gert ráð fyrir, að félag mjólkurframleiðenda ætti að skipa einn mann í stjórn mjólkursölunnar, þegar hún tekur til starfa, skuli félag mjólkurframleiðenda innan þess kaupstaðar, sem salan fer fram í, hafa þennan rétt. Þar sem áður var miðað við félag mjólkurframleiðenda almennt, er nú miðað við þann félagsskap innan þess kaupstaðar, sem mjólkin er seld í. Þetta er að vissu leyti lagfæring á frv., því að frv. óbreyttu er ekki gott að segja, hvað mörg félög kynnu að hafa orðið stofnuð á verðjöfnunarsvæðinu til þess að fá að skipa í n. Að þessu leyti er um lagfæringu að ræða, og ekki um að villast, að átt er við eitt, og einungis eitt félag framleiðenda innan hvers kaupstaðar, þar sem mjólkin er seld. Þetta er aftur á móti dálítill réttindaauki fyrir kaupstaðina, sem taka við mjólkinni, en það er atriði, sem ekki skiptir miklu máli. Og þótt ég risi á móti því í hv. Nd., að þessu væri breytt, þá óska ég, úr því sem komið er, að þetta verði samþ.

Ég hefi þá lokið að gera grein fyrir þeim aðalbreyt., sem á frv. hafa verið gerðar. Meginefni frv. er óbreytt, og ég vil leyfa mér að óska, að það verði nú samþ. í þessu horfi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 908).

1) **BB:** Það er ekkert ákvæði í l., sem meinar mönnum þetta, og því segi ég nei.

## 34. Þingsköp Alþingis (frv. BÁ).

Á 2. fundi í Sþ., 4. okt., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis** (þmfrv., A. 36).

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta mál er bæði einfalt og auðskilið, og má segja, að það hafi verið gleymska á síðasta þingi, þegar ýmsar breyt. voru gerðar á l. um þingsköp, sem nauðsynlegar voru vegna þeirrar starfsbreyt. á Alþingi að flytja afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga í sameinað þing, að þessi breyt. var þá ekki einnig gerð.

Eins og kunnugt er, hafa jafnan verið lengstir og erfiðastir fundir um afgreiðslu fjárlaga, og má búast við, að það verði ekki síður svo, þegar öllum þingmönnum slær saman í einni málstofu. Samkv. þingsköpunum er ekki nema einn varaforseti í sameinuðu þingi, og fari svo, að annarhvor, forseti eða varaforseti, veikist, þá kemur það á einn mann að stjórna ef til vill mjög löngum fundum, en það virðist vera óþarfi, þar sem um nóga menn er að velja til þessa starfa. Ég hefði ekki óskað eftir því, að frv. þetta færi til n., þar sem það er svo auðskilið, en af því vel getur verið, að hv. d. sjái ástæðu til þess að gera fleiri breyt. á l. um þingsköp, óska ég, að frv. verði vísað til allshn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 8. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 56).

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Í þessu litla frv. um breyt. á þingsköpum er einungis farið fram á að bæta við 2. varaforseta í Sþ. Nauðsyn þess stafar af því, að nú eru fjárlög og fjáraukalög afgr. í Sþ. Allshn. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Ólafur Thors:** Ég vil aðeins í sambandi við þessa breyt. á þingsköpum leyfa mér að benda á það, að víða í nágrannalöndunum tíðkast það, að forsetunum sé skipt milli flokka, þannig, að t. d. hafi stjórnarflokkarnir aðalforseta, en stjórnarandstæðingar 1. eða 2. varaforseta. Ég vildi vekja athygli hv. allshn. á þessu og vita, hvort henni finnst ekki ástæða til að gera hér breyt. í þessa átt. Kæmi þá til álita, hvort ekki ætti að hafa þetta fyrirkomulag einnig í báðum deildum.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég get engu svarað f. h. allshn. um þetta efni. Vísa ég heldur til form. n. um það, hvort hann vill taka málið aftur til athugunar í sambandi við uppástungu hv. þm. G.-K. Annars getur hv. þm. borið fram brtt. og n. athugað hana fyrir 3. umr.

**Héðinn Valdimarsson:** Mér finnst aths. hv. þm. G.-K. ekkert snerta þá breyt. á þingsköpunum, sem hér er um að ræða. Hinsvegar munum við að sjálfsögðu athuga þetta atriði, ef það kemur fram í n., og á hv. þm. þar aðgang að bróður sínum til að koma því á framfæri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 9. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 11. fundi í Ed., 15. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 36).

Á 12. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 118).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Um þetta frv. er fátt að segja. N. er sammála um að láta það ganga óbreytt fram. Það er eindregin ósk forseta Sþ., að máli þessu verði hraðað. Hinsvegar býst n. við fleiri brtt. við þingsköp, en hún taldi ekki rétt að láta þessa bíða eftir því. N. leggur því til, að málið gangi fram eins og það liggur fyrir á þskj. 36.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 177).

## 35. Forðagæzla.

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 10. nóv. 1913, um forðagæzlu** (þmfrv., A. 61).

Á 9. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Þetta frv. um breyt. á forðagæzlulögunum er flutt af landbn. eftir ósk hæstv. forsrh. Það eru þrjú atriði, sem farið er fram á að breyta. Hið fyrsta er það, að forðagæzlumönnum er gert að skyldu að senda til Búnaðarfél. Íslands skýrslu um fóðurbirgðir hverjum úr sínum hreppi, að aflokinni haustskoðun. Til þess að krefjast slíkra skýrslna vantar nú alla lagaheimild, en það hefir komið í ljós, að oft getur verið þörf á því að fá á einn stað skýrslur um allar fóðurbirgðir í landinu, og er þá eðlilegast, að forðagæzlumennirnir gefi þær skýrslur.

Þá er í öðru lagi, að ráðh. er heimilað að krefja forðagæzlumenn, hvenær sem er og hann finnur ástæðu til, um það, hverjar séu horfur á fóðuröflun og fóðurbirgðum í umdæmi þeirra. Á þessu hefir oft verið þörf, eins og t. d. á árunum 1914 og 1920, en til þess hefir brostið alla heimild. Það er alls ekki gert ráð fyrir, að krefjast þurfi þessara skýrslna árlega, heldur aðeins þegar ástæða þykir til vegna vetrarharðinda eða lélegs heyafla á sumrum.

Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir, að forðagæzlumenn sendi skýrslur sínar, eða afrit af þeim, árlega til Hagstofu Íslands. Nú eru skýrslur þessar lagðar fyrir sýslunefndir og lesnar upp á hreppaskilum heima í sveitunum. Að öðru leyti kemur þessi fróðleikur ekki að gagni. Eins og nú er, þá eru búnaðarskýrslur okkar allmjög á eftir tímanum; þannig var t. d. útbýtt í dag skýrslunum fyrir árið 1931. Það er og vitanlegt, að framtalsskýrslunum ber alls ekki saman í mörgum tilfellum, og liggja til þess ýmsar ástæður. Fyrir nokkrum árum sannaði ég þetta í tveim sýslum, og var fé á fóðrum eftir forðagæzluskýrslunum um 10% fleira en eftir framtali. Þá vantar og allar skýrslur um vanhöld á búpeningi landsmanna, sem oft eru æði mikil. En með því að bera saman forðagæzluskýrslurnar haust og vor mætti komast nokkuð nærri um þau.

Það eru þessi þrjú atriði, sem frv. þetta hefir inni að halda, og vænti ég, að allir hv. þdm. sjái, að hér sé stefnt til hins betra, og flýti afgreiðslu málsins gegnum þingið, svo að það geti legið sem fyrst fyrir, hvernig ástandið er hér nú um ásetning landsmanna. Heyskapur hefir gengið illa. Athuganir sýndu, að mikið vantaði af fóðurbæti, og þá sérstaklega síldarmjöli, til uppbótar heyjunum. Það var því sérstök þörf á að tryggja, að nægilegt síldarmjöl væri til í landinu, og það var gert með því að banna útflutning á þessari vöru. Nú hafa tekizt viðunandi samningar um verð á þessu síldarmjöli. Það verður lítið eitt dýrara en í sumar. Eins og stendur eru til allmiklar birgðir, sem ekki hafa verið pantaðar, og liggur því næst fyrir að fá ábyggilegar upplýsingar um það, hvar þörfin er mest. Frv. opnar leið til þess að fá þær upplýsingar, og þess vegna vænti ég, að hv. þd. láti það fá sem hraðasta afgreiðslu.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég vil spyrja hv. landbn. að því, hvort hún ætlast til, að þetta frv. komi í staðinn fyrir þá þáltill., sem við hv. þm. A.-Húnv. fluttum hér í d. í byrjun þings. Ég gat ekki skilið það fullkomlega af ræðu hv. frsm. eða af frv., en af ýmsu orðalagi frv. virðist þó sem svo sé. Þar er talað um, að ráðh. geti heimtað skýrslur af forðagæzlumönnunum, þegar hann álítur, að þörf sé á að gera ráðstafanir vegna fóðurskorts, og mun þetta ákvæði eiga að gilda fyrir þær aðgerðir, sem þáltill. fjallar um.

Ég varð þess strax var, er við fluttum þessa till., að hún var óvelkomin af stjórnarflokkunum. Ég get þó varla trúað því, að sú andstaða stafi af óvináttu til bænda. Slík andúð hefði sízt átt að koma frá þessum mönnum, sem hafa hlotið sína pólitísku upphefð sem ávexti af smjaðri sínu fyrir bændum nú um langa tíð. En ef ganga má út frá því, að frv. eigi að koma í stað þáltill. okkar, þá má segja, að það sé dálítið einkennileg aðferð, að bera nú loks fram þetta frv. þegar sláturtíð er langt komið. Þetta frv. á nú eftir að ganga í gegnum báðar deildir áður en það verður að lögum, og svo á eftir það að gera ráðstafanir til þess að tryggja ásetning í sveitum landsins. Það lítur út fyrir, að þeir menn, sem að frv. standa, hafi ekki hugsað út í það, að heppilegast væri að gera þær ráðstafanir áður en sláturtíð er lokið. Er engu líkara en að þeir hugsi sér, að það fé, sem vantar fóður samkv. þeirri rannsókn, verði haft í jóla- eða nýársslátrun, eða hver veit hvað. Þetta frv. minnir á þær ráðstafanir Síldareinkasölunnar, þegar hún sællar minningar flutti inn tunnur, þegar komið var fram á vetur, sem nota átti undir síld sumarið áður. Þannig er allt, sem gera á í þessu efni, mikið á eftir tímanum. En ef hv. landbn. er ráðin í því að seinka þessu máli svo, þá getum við hv. þm. A.-Húnv. ekki við það ráðið, fyrst hún ætlar að svæfa till. okkar. En ég get ekki látið hjá líða að víta hana fyrir slíka fjarstæðu, að hún skuli af persónulegum ástæðum leyfa sér að ónýta mál, sem til hennar hefir verið skotið, og vinna með því hlutaðeigendum kannske stórtjón, því að það má telja víst, að þær aðgerðir, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, komi ekki að gagni í þetta sinn. Fyrst þarf að samþ. frv. í báðum deildum, og síðan á að fara að safna skýrslum. Þær aðgerðir, sem koma eiga að gagni nú, þarf að framkvæma fljótt, en ekki með þeim seinagangi, sem n. vill hafa á málinu.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Ég vil benda hv. þm. á það, að ákvæði þessa frv. eiga að ná til framtíðarinnar jafnframt því, sem þau eiga við það ástand, sem nú er. Það er búið fyrir löngu síðan að gera öruggar bráðabirgðaráðstafanir í málinu, en eftir þessu frv. á síðan að afla fullnaðarskýrslna um ástandið, svo að hægt sé að ráðstafa því fóðri, sem er fyrirliggjandi, til þeirra bænda, sem enn hafa ekki nægilegt fóður.

Kaupfélagsstjórar og hreppsnefndir hafa gefið skýrslur um ástandið. Í Skagafirði var t. d. haldinn fundur með oddvitunum o. fl. til þess að ræða málið, þar sem safnað var síldarmjölspöntunum úr héraðinu. Og Vilhjálmur Þór lét fara með pöntunarlista um alla Eyjafjarðarsýslu. Svona mætti lengi telja. Það er rétt, að úr nokkrum hreppum eru ókomnar skýrslur, þar sem þó mun vera þörf fyrir síldarmjöl, bæði í Húnavatnssýslu, á Vestfjörðum og víðar; þess vegna er nauðsynlegt að fá fullnaðarrannsókn sem fyrst, svo hægt sé að ráðstafa því síldarmjöli, sem þörf kann að vera fyrir fram yfir það, sem þegar hefir verið pantað. Það er ekki fyrr en um miðjan þennan mánuð, sem skoðun fordagæzlumanna á að vera lokið, og þeir, sem þekkja til í sveitum, vita, að sú skoðun dregst víðast hvar nokkuð fram yfir þann tíma. Þess vegna ætti að vera hægt, ef vilji er með, að vera búið að afgr. þetta frv. frá Alþingi fyrir þann tíma, sem skoðunum er lokið.

**Jón Pálmason:** Eins og hv. frsm. landbn. tók fram, er landbn. sammála um þetta frv. Að svo miklu leyti, sem frv. getur náð til framtíðarinnar, verður að telja það þarft og gott, að Búnaðarfélag Íslands og ríkisstj. hafi á hverjum tíma þær upplýsingar í þessu máli, sem hægt er að byggja á.

Það er rétt, eins og hv. 6. þm. Reykv. tók fram, að till. okkar um rannsókn á fóðurþörf til viðbótar var óvelkomin af fylgiliði stj. hér í hv. d. Það var að skilja svo, sem allt væri í bezta lagi og búið væri að gera þær ráðstafanir í þessu máli, sem þyrfti, en þetta er hinn mesti misskilningur. Þó hv. síðasta ræðumanni hafi verið falið að safna pöntunum á síldarmjöli, sem bændur mega vitanlega vera þakklátir fyrir að var gert, það sem það nær, þá er ég ekki í neinum vafa um, að með þeirri söfnun hefir ekki fengizt fullnægjandi vissa um ástandið í þessum efnum. Ég veit, að kaupfélagsstjórinn í minu héraði gaf það út í haust, að ekkert síldarmjöl væri þá lengur fáanlegt, og þýddi ekkert að panta það, og ég get hugsað mér, að svo hafi máske verið víðar. Það er því brýn nauðsyn á því að rannsaka þetta mál, ef hið opinbera ætlar að láta sig það skipta, og gera ráðstafanir, sem að gagni mega verða.

Viðvíkjandi þessu frv. gagnvart till. okkar hv. 6. þm. Reykv. skal ég taka það fram, að ég býst við, að frv. hefði getað gert sama gagn og till., ef því hefði verið hraðað. En nú hafa bæði þessi mál legið lengi fyrir hv. landbn., og svo er ekki séð, hve fljótt frv. gengur gegnum þingið. En það er vitanlegt, ef ríkt verður eftir því gengið, að fordagæzlumenn sendi skýrslur sínar, að þá fyrst er hægt að fá ljóst yfirlit um ástandið. Ég get efazt um, að allir skilji það, og því vil ég taka það fram, að hér er hættulegt mál á ferðinni. Íslenzkir bændur eru illa staddir, ef harðindi ber að höndum, þrátt fyrir fordagæzlu, fóðurbirgðafélög og annað, sem gert hefir verið til þess að tryggja ásetninginn. Það er augljóst, að ekki eitt einasta hérað á landinu hefir haft sæmilegan heyásetning öll hin góðu ár, sem að undanförnu hafa verið í landi. Eftir öll þessi góðu sumur og þessa góðu vetur hafa á hverju vori fleiri eða færri meðal bænda gefið upp sinn fóðurforða. Ég verð að segja það, að þegar ég hugleiði þetta ástand, þá fyllist ég hryllingi við tilhugsunina um það, hvernig fer, ef koma regluleg harðindi. Og þetta kemur ekki til af góðu. Liggja tvær ástæður einkum til. Fyrst sú, að fjárhagsástæður bænda eru svo aumar, að ýmsir þeirra telja sig neydda til að tefla á tæpasta strá og björtustu von með ásetninginn. Hin er sú, að fólk til heyöflunar er oft ekki fáanlegt. Þó fyrirhyggjusömustu menn í hverju byggðarlagi tryggi jafnan pening sinn í þessum skilningi, þá sýnir reynslan, að svo er eigi almennt. Það er því vissa fyrir, að ráðstafanir fordagæzlulaganna koma hér ekki að tilætluðum notum. Þó svo sé fyrir mælt, að haustskoðun eigi að fara fram fyrir 15. október, þá fer fjarri, að svo sé.

Ég tel, að frv. það, sem fyrir liggur, stefni í rétta átt, og þess vegna eigi að hraða afgreiðslu þess. Einkum og sérstaklega þarf þó að hraða öflun upplýsinga um ástandið, ef Alþingi ætlast til, að eitthvað verði gert til að varna vandræðum á þessum vetri. — Ég hefi svo ekki fleira að segja um málið, en skal taka það fram, að ef afgreiðslu frv. verður hraðað svo sem framast er hægt, og það vil ég vona, að hæstv. forseti og hv. þd. geri, þá tel ég, að frv. geti komið í stað þeirrar þáltill., sem við hv. 6. þm. Reykv. fluttum í þessu máli.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég er ekki viss um, að ég hafi skilið það allt rétt, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði, því ég hefi ekki enn vanizt svo framburði hans. En mér skildist þó á ræðu hans, að þáltill. okkar væri nú kviksett og að þetta frv. ætti að koma í hennar stað. Nú hefir vonandi ekki gleymzt að taka í frv. aðalatriði till., en þau voru: Fyrst að sjá um, að ásetningsskýrslunum af óþurrkasvæðunum verði safnað saman svo fljótt sem verða má. Í öðru lagi var það lagt til, að upplýsinga yrði aflað um það, hvort hey muni vera aflögu í öðrum sveitum landsins, og hver mundi verða flutningskostnaður á þeim til óþurrkasvæðanna, ef til kæmi. Og í þriðja lagi, að upplýsinga sé aflað um það, hve dýrt hey mundi verða, flutt frá Noregi eða Skotlandi. Þetta er það, sem þarf að gera. Hv. 2. þm. N.-M. skýrði frá því, sem hefir verið gert. Öll frásögn hans hné að því sama, að sáralítið hefir verið gert í málinu. Það hefir að vísu verið tryggt nokkuð af fóðurbæti, haldinn fundur í Skagafirði og Vilhjálmur Þór farið um Eyjafjörð, en aðeins úr tveimur hreppum í Húnavatnssýslu hafa komið pantanir. Þetta allt virðist sanna það, að málið er ekki svo rannsakað sem þyrfti.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, getur leitt til umbóta á þessu sviði í framtíðinni, en viðvíkjandi yfirvofandi vandræðum kemur það ekki að neinu gagni. Það er kunnugt, að fordagæzlumenn taka starf sitt ekki alvarlega að jafnaði, og í raun og veru fer haustskoðun þeirra of seint fram, ekki fyrr en 15.—20. október. Þá er komið í ótíma með að slátra og kannske búið að slátra því fé, sem hægt hefði verið að láta

lifa. Það er tvennt, sem forðagæzlumenn eiga að hafa eftirlit með; annað að sjá um, að ekki sé sett vitleysislega á heyin, og hitt að forða frá því, að bændur eyði bústofni sínum að óþörfu. Þáltill. okkar hv. þm. A.-Húnv. vinnur gegn því, að bændur þurfi að eyða bústofni sínum fram yfir það, sem þeir geta sér að meinalausu. Þrátt fyrir það þurfum við víst hvorki að vænta henni óbeins eða beins stuðnings frá stjórnarflokkunum. Meiri hl. í þinginu mun áreiðanlega drepa þessa till. sem aðrar, er frá okkur sjálfstæðismönnum koma. Hinsvegar get ég ekki skilið, hvernig þeir geta gert það að flokksmáli, að drepa þessa till. Og ég verð að láta í ljós alveg sérstaklega vanþóknun á því, að meiri hl. í einni n. leyfi sér að myrða mál eins og á að gera með þessa till. Það er réttur hvers þm., að hann fái að sjá vilja d. um sínar till. Þess vegna mótmæli ég því sem algerlega óforsvaranlegu athæfi hjá landbn., ef hún ætlar að stinga þáltill. undir stól.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég bjóst við því í fyrstu, að umrædd þáltill. væri flutt af umhyggju fyrir bændum þeim, sem búa á óþurrkasvæðunum. En ég verð að segja það, eftir að hafa heyrt ræðu hv. 6. þm. Reykv., að þá get ég efazt stórlega um, að svo sé. Eftir ræðu hans að dæma sýnist till. miklu fremur vera fram borin fyrir hræðslu um fóðurskort stjórnarandstæðinga á þingi fremur en fóðurskort bænda. Það kom í ljós strax þegar till. kom fram, að þær rannsóknir og ráðstafanir, sem till. fjallaði um, var sumpart búið að framkvæma og sumpart verið að framkvæma. Það var búið að tryggja nægan fóðurbæti í landinu, eftir því sem næst varð komizt, og frekari rannsóknir voru í fullum gangi. Var þessu lýst yfir þegar till. var rædd, og hefði þá verið nægilegt að vísa till. til stj., eins og gert var með till. sama efnis í Ed. Nú var það ekki gert, heldur var till. vísað til landbn. Þegar till. var tekin til umr. í n., komu fram hinar sömu upplýsingar, að málið væri þegar vel á veg komið. Þess vegna var fallizt á það í landbn. að bera fram þetta frv. í stað till. Það var sem sé búið að tryggja nægilegt fóðurmjöl í landinu, og meira en það, eftir því sem þeir menn álitu, sem kunnugastir voru, með því að stj. kyrrsetti með bráðabirgðalögum síldarmjöl, sem búið var að selja til útlanda. Það hefir verið kyrrsett meira síldarmjöl heldur en búið er að panta, og nú er beðið eftir skýrslum forðagæzlumanna, eftir að þeir hafa farið sína fyrstu eftirlitsferð, til þess að sjá, hvar þörf er fyrir þann fóðurbæti, sem fram yfir er. Ég get því ekki betur séð en að búið sé að gera og verið sé að gera allt, sem hægt er á þessu stigi málsins. Ég get því ekki skilið þann ógnar blástur í hv. 6. þm. Reykv., þegar honum er bent á, að það sé þegar gert allt, sem hv. þm. ætlast til, að gert verði. Hv. þm. telur, að sumstaðar vanti meira en fóðurbæti, það vanti hey. Fóðurskorturinn er almennt í því fólginn, að heyin eru slæm, en það verður á engan hátt betur bætt úr því en með fóðurbæti. Ég neita því ekki, að í einstöku sveitum kunni að vanta hey, en forðagæzlumenn munu betur hafa vit á því en hv. 6. þm. Reykv., og munu þeir gera stj. aðvart um það, og þá er ég viss um, að stj. verður jafnfljótvirk á að bæta úr heyþörfinni eins og hún var að tryggja fóðurbætinn.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Ég get tekið fram til viðbótar því, sem hv. þm. Mýr. sagði, að það lítur út fyrir, að í einn eða tvo hreppa á landinu vanti hey. Það er til hey handa þessum hreppum, og það hefir verið leitað tilboða um það. En ég vil sérstaklega benda hv. 6. þm. Reykv. á að lesa 6. gr. forðagæzlulaganna, út af því, sem hann talaði um jólaslátrun. Þar er tekið fram, að fyrsta verk forðagæzlumanna skuli vera, ef þeir sjá fram á fóðurskort, að benda á færar leiðir til þess að útvega fóður til viðbótar, áður en þeir leggja til, að búfé bænda verði slátrað. Þetta virðist hv. 6. þm. Reykv. ekki hafa athugað, og yfirleitt virðist hann ekki hafa lesið forðagæzlulögin. Þó ættu menn helzt að vita deili á því, sem þeir töluðu um.

**Sigurður Kristjánsson:** Hv. þm. Mýr., sem er víst form. landbn., hefir víst fundizt, að hann þyrfti að hreinsa eitthvað fyrir sínum dyrum, en mér sýnist nákvæmlega jafnóhreint þar og það áður var. Hann var að tala um, að till. okkar hv. þm. A.-Húnv. væri ekki flutt af umhyggju fyrir bændum. Það er nú bezt fyrir hann að segja sem minnst um það, sem hann veit ekkert um, en hitt er vitanlegt, að ástandið er óvenjulegt, og svo, að annað eins hefir ekki þekkzt í marga áratugi. Og það má því ekki koma fyrir, að hið opinbera vanræki skyldur sínar til þess að hjálpa þeim, sem nauðulega eru staddir.

Það getur vel verið, að hv. þm. Mýr. hafi þá skoðun, að hann sjálfur sitji inni með svo mikla búspeki og reynslu á því sviði, að aðrir eigi helzt ekki að segja neitt. En ég verð bara að segja það, að fyrir okkur hv. meðflm. minn, sem báðir erum aldir upp í sveit, er það alveg nýtt, ef við eigum að fara að læra af hv. þm. Mýr. í þeim efnum.

Það merkilega við þessar umr. er það, að ekkert hefir komið fram, sem sýnir, að á till. hafi ekki verið þörf. Þvert á móti hefir sá maður, sem staðið hefir fyrir máli andstæðinga till., upplýst það, að allt, sem gert hefir verið, sé í molum og að upplýsingar vanti víðsvegar að af landinu. Hann hefir einnig upplýst það, að einmitt síðan till. kom fram hafi verið farið að gera ýmsar ráðstafanir, eftirgrennslanir um heyverð og möguleika á að fá hey frá útlöndum. **(BÁ:** Það var byrjað á því áður). En það hefir hv. þm. ekki vitað, því ekki gat hann komið með þær upplýsingar, þegar till. var fyrst til umr. Það er gott og blessað, ef þessi till. gæti leitt til þess, að eitthvað væri gert, og þótt hún væri ekki samþ., verð ég samt að telja það til bóta, ef stj. hefir rumskað eitthvað við. En það stendur óhaggað, að óviðeigandi sé að taka mál eins og þetta og kvikseta það í n., mál, sem allir hljóta að viðurkenna, að þurfi skjótra aðgerða við. Það var eðlilegt, að hv. þm. Mýr. þyrfti að ýta frá sér, þar sem hann ber ábyrgð á meðferð þessa máls sem form. landbn. En

honum tókst ekki að sýna fram á, að till. hefði verið óþörf, og honum tókst ekki heldur að sýna fram á, að þær ráðstafanir, sem þar er farið fram á, væru áður gerðar.

Ég skal svo ekki misnota tímann, en vil aðeins endurtaka það, að ég er ánægður, ef þessar till. hafa getað leitt til einhverrar úrlausnar á þessum málum.

**Bjarni Ásgeirsson:** Mér þykir gott, að hv. 6. landsk. ætlar ekki að misbrúka tímann meira en hann þegar hefir gert. Hv. þm. var að tala um það, að hér væri um óvenjulegar ástæður að ræða. Ég geri nú ráð fyrir, að flestum hafi verið kunnugt um það. En það hafa líka óvenjulegar ráðstafanir verið gerðar með því að kyrrsetja í landinu meira af fóðurbirgðum en nokkurntíma hefir verið gert áður, og það eftir kröfum þeirra manna, sem finna, hvar skórinn kreppir að, og stj. hefir verið vakandi með þessum mönnum og er það ennþá og var það, þegar þáltill. kom fram.

Það er langt frá því, að landbn. hafi níðzt á þessu máli og beitt meirihl.valdi til þess að svæfa það. Í n. var ekkert gert annað en það, sem öllum nm. kom saman um. Ég held því, að eina gagnið, sem hv. þdm. geta gert þessu máli, sé að láta það ganga sem fyrst gegnum þingið og tefja það ekki með óþarfa mælgi og málæði.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég skal ekki blanda mér inn í þessar umr. að öðru leyti en því, sem við kemur að flytja inn hey frá útlöndum. Eins og kunnugt er, þá er bannað í l. að flytja inn hey frá útlöndum, vegna þess, að hætta þykir fyrir búfjárframleiðsluna, að hingað berist gin- og klaufnaveiki. Nú hefir verið talað um það, að e. t. v. þyrfti að gripa til þess að flytja inn hey frá Skotlandi eða Noregi. Í þessum löndum hefir geisað gin- og klaufnaveiki, sérstaklega í Skotlandi, og í Englandi er þessi veiki landlæg og gýs alltaf upp við og við. Í Noregi hefir veikin komið upp í eitt skipti a. m. k., sem olli því, að brenna þurfti heila bújörð til þess að fyrirbyggja útbreiðslu, en samt sem áður gæti veikin legið í landi. Ég vildi því láta það koma fram sem mína skoðun, að undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, komi ekki til nokkurra mála að upphefja þau gildandi lagaákvæði, sem banna innflutning á heyi, enda hugsa ég, að hægt muni vera að fá heyforða frá þeim landshlutum, sem betur hefir gengið með heyskapinn í sumar.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi láta koma fram í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram um að flytja inn hey frá útlöndum, að ég tel það alls ekki geta komið til nokkurra mála.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég ætla ekki að blanda mér neitt sérstaklega inn í þær umr., sem hér hafa farið fram. En út af því, sem fram kom hjá hv. þm. Borgf., að stj. hefði í hyggju að flytja inn hey frá útlöndum, þá skal ég taka það fram, að um það hefir engin ákvörðun verið tekin. Hinsvegar hefir stj. talið rétt að leita fyrir sér um kaup á heyi í því landi, sem hættan er minnst, Noregi, ef til þess skyldi koma, að vandræðin yrðu svo mikil, að þingið féllist á að flytja inn hey. En ég er sammála hv. þm. Borgf., að það kemur ekki til mála að flytja inn hey fyrr en rannsóknir hafa farið fram og sýnt er, að gripa verður til þess sem hins ýtrasta þrautaráðs. Þessi aths. hv. þm. er því ástæðulaus, því stj. hefir ekki tekið þá afstöðu, heldur þvert á móti.

**Jón Sigurðsson:** Ég get verið þessu frv., sem hér liggur fyrir, fylgjandi, sérstaklega tel ég það rétt og eðlilegt, að ráðh. á hverjum tíma hafi heimild til þess að heimta skýrslur um fóðurbirgðir. En ég er ekki eins trúaður á þessar skýrslur eins og mér skildist hv. 2. þm. N.-M. vera, þar sem hann vildi að nokkru leyti leggja þær til grundvallar fyrir því, hver væri hin raunverulega búfjáreign manna. Mér er kunnugt um það, að þessar skýrslur eru mjög óábyggilegar, og séu skýrslur hreppstjóra ekki fullkomlega ábyggilegar, þá vil ég fullyrða, að skýrslur forðagæzlumanna séu ennþá óábyggilegri hvað þetta snertir.

Ég ætla ekki að blanda mér neitt verulega inn í þær umr., sem orðið hafa, en vil aðeins geta þess, að ég sé enga ástæðu til þess að setja samþykkt þessa frv. í beint samband við það að óska eftir skýrslum frá forðagæzlumönnum. Mér skildist á hv. 2. þm. N.-M., að ekki væri hægt að fá þessar skýrslur fyrr en þessi l. væru samþ. Ég er sannfærður um það, að forðagæzlumennirnir mundu fúslega gefa upp fóðurþörfina, jafnt hvort þessi l. eru samþ. eða ekki, þegar eins stendur á og nú. Og það, sem stj. átti vitanlega að gera strax í haust, var ekki að snúa sér til eins af ráðunautum Búnaðarfél., heldur skrifa strax sýslumönnum og biðja þá að snúa sér til forðagæzlumannanna. Með því móti hefðu skýrslurnar getað legið nú fyrir, því ég efast ekki um, að hver einasti forðagæzlumaður hefði talið skyldu sína að gefa slíkar skýrslur. Ég sé því ekki, að ástæða hafi verið fyrir stj. að bíða eftir því, að þessi l. yrðu samþ., með þeim seinagangi á afgreiðslu mála, sem oft vill verða hér á þingi.

Ég ætla ekki, eins og ég sagði áðan, að blanda mér inn í það karp, sem um þetta mál hefir orðið hér í d., en samt get ég ekki orða bundizt yfir þeim gorgeir, sem fram kom í ræðu hv. þm. Mýr., þar sem hann segir, að allt sé þegar gert, sem gera þurfti, búið að safna fullnaðarskýrslum af óþurrkasvæðunum, en svo kom það rétt á eftir, að beðið væri eftir þessum skýrslum. Hvernig á að koma þessu saman, skil ég ekki, enda mun það vera svo, að það er beðið eftir þessum skýrslum, sem náttúrlega eru þær einu, sem nokkuð er byggjandi á. En skýrslur, sem byggðar eru á umsögn eins eða tveggja manna í heilli sýslu, eins og skýrslur þær, sem 2. þm. N.-M. hefir verið að safna, eru vitanlega ekki annað en kák og fálm út í loftið, og eru því engar fullnaðarskýrslur. Þetta veit hv. þm. vel og hefði því ekki þurft að fjargviðrast um þetta eins og hann gerði.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég vildi aðeins leiðrétta það hjá hv. 7. landsk., að ég hefði sagt, að búið

væri að safna fullnaðarskýrslum í þessu máli. Ég sagði, að búið væri að gera allt, sem hægt væri að gera á þessu stigi málsins, búið að safna þeim skýrslum, sem hægt væri að fá, en eftir væri að fá skýrslur frá forðagæzlumönnunum. En það var ekki hægt að bíða með málið þangað til þær væru til, og því er búið að gera allt, sem hægt er að gera til bráðabirgða.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Eins og ég tók fram áðan, var það ekki ætlun mín að blanda mér inn í þessar umr., en ég vildi aðeins taka það fram út af þeim orðum, sem féllu hjá hv. 7. landsk. og öðrum hv. þm., að þeir blanda saman tveim atriðum. Þegar leitað var til Búnaðarfél. Ísl. um að safna skýrslum um fóðurbætisþörfina, þá gerði það að till. sinni, að samþ. yrðu l. á þá leið, sem nú liggja fyrir þessari hv. d. Búnaðarfél. taldi sig ekki hafa heimild til þess að heimta þessar skýrslur, nema forðagæzlulögunum væri breytt. Það, sem því lá fyrir að gera í sumar, þegar stj. hafði enga aðstöðu til þess að heimta skýrslur, var að fá sem fyrst bráðabirgðaskýrslur, heildaryfirlit yfir fóðurbætisþörfina og ástandið eins og það var þá. En það má auðvitað deila um, hvort frekar hefði átt að gera það gegnum sýslumenn en kaupfélögin. Ég er þeirrar skoðunar, að betra hafi verið að gera það gegnum kaupfélögin, eins og gert var. Samkv. þessum bráðabirgðaskýrslum gerði stj. þær ráðstafanir, sem hún hefir þegar gert, að tryggja nægilega mikinn fóðurbæti í landinu. Ef beðið hefði verið eftir nákvæmum skýrslum frá forðagæzlumönnunum um þetta atriði, þá var það of seint, fóðurbætirinn hefði verið fluttur út. Það, sem nú er verið að gera, er að tryggja 300 tonn af fóðurbæti fram yfir það, sem bráðabirgðaskýrslurnar álíta nauðsynlegt. Þá er verið að safna nákvæmum skýrslum um það, hvað þarf á hvern blett áður en þessum fóðurbæti er úthýtt. Hér er því tvennu ruglað saman, bráðabirgðaskýrslum og fullnaðarskýrslum. Samkv. bráðabirgðaskýrslunum, sem þurfti að fá fljótt, gerði stj. þær ráðstafanir, sem hægt var að gera, og síðar verður fóðurbætinum úthlutað samkv. fullnaðarskýrslunum. Ég held því, að þær aðfinnslur, sem fram hafa komið út af því, að stj. hafi ekki gert það, sem þurfti að gera, séu á litlum rökum reistar, eins og kemur fram í öllum þessum umr. og rökræðum um málið.

**Jón Pálmason:** Form. landbn., hv. þm. Mýr., lét þau ummæli falla hér í d., sem ekki var hægt að skilja á annan veg en þann, að hann teldi þáltill., sem ég og hv. 6. þm. Reykv. fluttum, hafa verið óþarfa, og jafnvel að landbn. þessarar d. hafi gengið inn á það. En það er þvert á móti, því allar umr. um þetta mál og eins þetta frv. er sönnun þess, að þær ráðstafanir, sem búið var að gera, gáfu engar fullnægjandi upplýsingar um það, hvernig ástandið í þessu efni er í raun og veru. Hinsvegar verð ég að taka það fram, að ég sá ekki ástæðu til þess að heimta þessa till. okkar undir atkv., hvorki í n. eða hér í d., af því að bæði nm. og hæstv. forsrh. tjáðu sig fúsa til þess að afla þeirra upplýsinga, sem við till.menn fórum fram á, og það er heppilegast gert á þann hátt, að forðagæzlumönnum sé gert að skyldu að gefa upplýsingar og till. í þessum efnum. Þess vegna er það, sem hér um ræðir, áframhald af því, sem við till.menn ætluðumst til.

Ég minntist á það í n., að það væri ekki óviðeigandi, að ríkisskipin flyttu þennan fóðurbæti, sem er mikil vara, annaðhvort með lækkaðri fragt eða ókeypis milli hafna, og að það væri sá styrkur, sem ríkið léti beint til þessara manna, sem orðið hefðu fyrir þessum óhöppum.

Hvað því viðvíkur, sem hv. þm. Borgf. minntist á útlenda heyið, þá var það sett í okkar till. sem aukaatriði, að athuga, hvort komið gæti til mála að flytja inn hey. En vonandi kemur ekki til þess, því væntanlega er fáanlegt það mikið hey í landinu, sem þarf til þess að hjálpa þeim mönnum, sem verst hafa orðið úti.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég vildi aðeins mótmæla því, að ekki hafi verið full þörf fyrir þessar till. okkar hv. 6. þm. Reykv.

**Jón Sigurðsson:** Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, vildi ég segja örfá orð. Hann talaði um það, að stjórn Búnaðarfél. hefði ekki talið sig hafa heimild til þess að heimta þessar skýrslur. Það var vitanlega rétt hjá Búnaðarfél. En það er jafnvíst, að hvort sem stj. eða Búnaðarfél. hefði beitt sér fyrir að afla slíkra skýrslna, þá hefði enginn forðagæzlumaður skotið sér undan að láta slíkar upplýsingar í té. Ástandið í landinu er þannig, að enginn almennilegur maður hefði hikað við að gefa nauðsynlegar skýrslur eins og á stóð.

Að öðru leyti gerði hæstv. ráðh. ekki annað en að staðfesta það, sem ég sagði, að þær skýrslur, sem safnað hefði verið, væru ekki annað en bráðabirgðaskýrslur, sem ekki gæfu nema lauslegt yfirlit, en væru engar fullnaðarskýrslur. (**BÁ:** Þetta vita allir). Hversvegna er þm. þá að halda því fram, að búið sé að gera allt, sem hægt er að gera? (**BÁ:** Allt, sem hægt er að gera á þessu stigi málsins). Nei, það gætu legið fyrir þinginu mikið fyllri og ábyggilegri skýrslur en nú eru fyrir hendi, ef stj. hefði farið rétta leið í þessu máli.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Það er aðeins leiðrétting, sem ég vildi gera. — Ég er viss um það, að hv. þm. er kunnugt um, að seinni partinn í sumar var ekki hægt að fá fullnaðarskýrslur, af því að ekki var alveg fyrirsjáanlegt, hvernig afkoman myndi verða. Haustið reyndist illa, en menn voru að gera sér vonir um fram á síðustu stundu, að heyið mundi þorna. Annars eru menn sammála um það, að ekki eigi að flytja inn hey nema í ýtrustu nauðsyn, og menn eru sammála um það, að stj. hafi séð um, að nægur fóðurbætir sé til í landinu, og meira en það. Hvað er þá hægt að gera frekar? Aðeins það er eftir, að dreifa þessum fóðurbæti um landið, eftir því sem nánari skýrslur sýna, þegar þær koma fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

---

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 11. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.
Á 14. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 196).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.*

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. var flutt í hv. Nd. af hv. landbn. þar, eftir tilmælum hæstv. landbrh., og hlaut þar samþykki með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. — Þessi viðauki við l. um forðagæzlu felst aðallega í þremur atriðum. Hið fyrsta er það, að hlutaðeigandi ráðh. er heimilt að krefjast skýrslna af forðagæzlumönnum um ásetning eða ástæður í þessu efni, þegar honum þykir þörf á. Ástæður fyrir þessu ákvæði eru augljósar, og getur slíkt verið þarflegt bæði vetur og sumar. Við höfum um það glöggt dæmi frá síðasta sumri, þar sem á hálfu landinu var svo ástatt, að leita þurfti aðstoðar ríkisins vegna fyrirsjáanlegra fóðurvandræða á komandi vetri. Hið sama getur komið fyrir á vetrum, ef harðindi eru. Í öðru lagi er forðagæzlumönnum gert að skyldu að senda Búnaðarfél. Íslands skýrslu um ástandið þegar að lokinni fyrri skoðunarferð sinni að haustinu, sem á að vera fyrir miðjan okt. Þetta hlýtur að *sjálfsögðu einnig* að vera *gagnlegt*. Þá verður til á einum stað vitneskja í þessum efnum, og er eðlilegt, að hún sé hjá Búnaðarfél., enda er það víst, að þingið, eða a. m. k. þessi hv. d., hefir áður litið svo á, að félagið ætti að fá þessar upplýsingar. Í því tilfelli, að ráðh. krefjist upplýsinga, er um sérstök vandræði að ræða, annaðhvort vegna þess, að heyafli er lélegur eða harðindi óvenjuleg. Hitt verður almenna reglan, að Búnaðarfél. eitt fái þessar skýrslur.

Í þriðja lagi er það skylda forðagæzlumanna að senda hagstofunni allar sínar skýrslur í afriti. Það mun vera *gert til þess* að afla almenns fróðleiks um búnaðarástæður, t. d. með því að hafa skýrslur forðagæzlumanna til samanburðar við framtalsskýrslur hreppstjóra. Jafnvel þó þetta allt orsaki forðgæzlumönnum nokkra fyrirhöfn, verður þetta að teljast nauðsynleg breyting.

Mér finnst mál þetta svo auðskilið, að ekki þurfi um það fleiri orð. Ég vil geta þess, að ekki voru allir nm. landbn. á fundi, er rætt var um þetta mál og það afgr. þar. T. d. var hv. 2. þm. Rang. þar ekki, enda hefir hann ekki undirskrifað nál., sem ég býst þó við, að hann hefði gert, hefði hann mætt. Ég óska svo, að frv. verði samþ. og vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 228).

---

## 36. Löggilding verzlunarstaða.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar á Fögrueyri við Fáskrúðsfjörð** (þmfrv., A. 48).

Á 8. fundi í Ed., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Ingvar Pálmason):** Í raun og veru er allt það tekið fram í hinni stuttu grg., er fylgir þessu frv., sem þörf er á að segja við þessa umr. Þó skal ég bæta því við, að á þessum stað var *um eitt skeið hvalveiðistöð*, eftir aldamótin og nokkru síðar, og eftir að hvalveiðistöðin var lögð niður, var rekin þar verzlun. Tek ég þetta fram til að sýna, að þarna er sæmilega gott með afgreiðslu skipa. — Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um þetta mál. Það hefir jafnan verið regla að láta mál sem þetta ganga fram án hindrana. Ég óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 48, n. 121).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Fyrir hönd allshn. þarf ég eigi annað að segja en að vísa í nál. N. barst ósk um að taka í frv. löggildingu á Höfnum við Finnafjörð, og eftir að hafa kynnt sér málið taldi hún rétt að verða við þeim tilmælum. Ég sé, að í Nd. er fram komið frv. sama efnis, og væri því æskilegt, að málið fengi hér sem greiðasta afgreiðslu, svo að hægt væri að koma þessu í eitt frv. N. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem í nál. greinir.

ATKVGR.
Brtt. 121,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 121,2 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 121,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um löggilding verzlunarstaða.**

---

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 169).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A.169).
Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 169, n. 208).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 254).

## 37. Prestssetur í Grundarþingaprestakalli.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um prestssetur í Grundarþingaprestakalli í Eyjafirði** (þmfrv., A. 43).

Á 8. fundi í Ed., 11. okt., var frv tekið til 1. umr.

**Bernharð Stefánsson:** Eins og sést á frv., er efni þess það, að heimila ríkisstj. að kaupa jörðina Syðra-Laugaland í Öngulsstaðahreppi fyrir 32 þús. kr. og færa þangað prestssetur í Grundarþingaprestakalli, en heimila jafnframt sölu á Saurbæ, sem nú er prestssetursjörð.

Frv. er borið fram eftir ósk prestsins í Grundarþingum, séra Benjamíns Kristjánssonar. Hann telur Laugaland hentugri prestssetursjörð en Saurbæ á ýmsan hátt, og er nánari grein gerð fyrir því í grg frv., þar sem vitnað er í bréf séra B. Kr. um þetta efni og birt bréf biskups til stjórnarráðsins út af erindi prestsins.

Ég vil taka undir það, að Laugaland sé betur í sveit sett en núv. prestssetursjörð. Laugaland er nær byggðarmiðju og þéttbýli meira í kring. Auk þess er jörðin Syðra-Laugaland að öllu samanlögðu hentugra prestssetur, sérstaklega með tilliti til þess, að þær ástæður eru fyrir hendi, að núv. prestur þarna í prestakallinu hvorki óskar eða hefir hentugleika til að reka stórt bú. Þess vegna hefir hann tekið það fangaráð að byggja alla jörðina Saurbæ. Ef þessi jarðakaup komast í framkvæmd, þá hugsa ég, að hann leigi afnot af meiri hl. Syðra-Laugalands. Með því að leigja Saurbæ hefir presturinn sjálfur ekki getað haft íbúð þar, af því húsakynni eru ekki það mikil, að þau nægi tveim fjölskyldum. Aftur eru húsakynni á Syðra-Laugalandi svo mikil, að þar getur hann hæglega búið, þó hann leigi meiri hl. jarðarinnar.

Auk þeirra ástæðna, sem mæla með því að flytja prestssetrið og ég þegar hefi nefnt, verð ég að telja ýmislegt annað, sem mælir með því, að ríkið kaupi Syðra-Laugaland. Þar er sem sé allmikill jarðhiti. Er það almennt viðurkennt, hve mikils virði sá kostur er. Það eru til gömul lög um stofnun kvennaskóla í grennd við Akureyri, ég held frá 1917. Þau lög hafa ekki komið til framkvæmda enn, en nú er vöknuð mikil hreyfing um þetta mál þar nyrðra, og hefi ég ekki orðið annars var en að allir telji, að heppilegasti skólastaðurinn sé Syðra-Laugaland. Auk þessa má geta þess, að í Öngulsstaðahreppi, þar sem jörð þessi er, hefir mikið verið talað um að reisa barnaskóla, og hefi ég heyrt talað um Syðra-Laugaland sem skólasetur. En þessir skólar, hvort heldur eru einn eða tveir, geta ákaflega vel samrýmzt því, að þarna verði prestssetur. Þannig virðist allt mæla með því, að hið opinbera þurfa að eiga jörðina.

Við flm. höfum samið frv. þannig, að af samþykkt þess á ekki að leiða nein teljandi útgjöld fyrir ríkissjóð. Það stendur þannig á, að ábúandinn í Saurbæ vill gjarnan kaupa jörðina, og eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið, er

hann ekki frá því að gefa fyrir hana fasteignamatið, sem er rúmlega 29 þús. kr. Það eru því aðeins tæplega 3 þús. kr., sem ríkið mundi þurfa að gefa milli jarðanna, og sú upphæð er ekki meiri en gefandi er fyrir þau margvíslegi þægindi, sem Laugaland hefir fram yfir Saurbæ. Auk þess vita allir kunnugir, að Syðra-Laugaland er miklu líklegra til búskapar heldur en Saurbær. Þegar allar þessar ástæður eru metnar, verður að líta svo á, að það sé hagur fyrir ríkið að selja Saurbæ fyrir rúmlega 29 þús., en kaupa Syðra-Laugaland fyrir 32 þús. kr.

Nokkur fleiri gögn en þau, sem fylgja grg., eru til um þetta mál, en því miður hefi ég þau ekki við hendina nú, en ég mun geta útvegað þau þeirri n., sem væntanlega fær málið til umsagnar. — Ég óska svo, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn., að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 132, 133).

**Frsm. (Ingvar Pálmason)** óyfirl.: Allshn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. En við tveir nm., hv. 4. þm. Reykv. og ég, höfum leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 133, þess efnis, að heimildin um sölu Saurbæjar falli niður. Tel ég rétt að gera grein fyrir þessari brtt. með nokkrum orðum.

Ég hefi jafnan litið svo á, að lög um sölu kirkjujarða og þjóðjarða hefðu aldrei átt að ganga í gildi. Þetta var einmitt eitt þeirra mála, sem fyrst vakti athygli mína á opinberum málum. Er hv. deild kunn þessi afstaða mín vegna afskipta minna af þessum málum í þinginu, er þau hafa verið hér til umr. Ég tel rétt að geta þess um leið, að reynsla sú, sem fengizt hefir af þessari sölu, hefir sannfært mig enn þá betur um, að þessi skoðun mín sé rétt. Ég efast eigi um, að tilgangurinn með jarðasölulögunum hafi verið góður, en reynslan hefir sýnt, að sá tilgangur hefir eigi náðst með lögunum. Það hefir komið fram frá byrjun, að sjálfseignarbændum hefir eigi fjölgað við þessa breyt., en einkum hefir þetta komið fram á síðari árum, þegar þeir féllu frá, sem fyrst keyptu. Það er raunar ekki þörf á að nefna dæmi um þetta, því að reynslan hefir sannað, að strax eftir fyrsta lið hafa jarðirnar yfirleitt gengið úr sjálfsábúð. Ég skal þó leyfa mér að nefna eitt dæmi, sem sýnir, að þessi lög hafa beinlínis stuðt að því, ásamt öðrum örðugleikum, að bændur flosnuðu upp. Fyrir 44 árum þekkti ég til á kirkjujörð einni á Austurlandi, þar sem tveir bændur, báðir vel efnaðir, bjuggu með mikilli rausn. Tóku tengdasynir þeirra síðan við búinu og jörðinni og höfðu áhuga á því að kaupa jörðina, eins og gerist og gengur um unga menn. Þeim tókst að fá jörðina keypta. Síðan þurfti að hýsa hana, og var byggt reisulegt íbúðarhús. Þetta varð bændunum ofurefli og þeir urðu að gefa jörðina upp í hendur lánsstofnunar. Jörð þessi mun hafa verið keypt fyrir um 8000 kr. og síðan hýst fyrir ekki minna en 20000 kr. Þessi jörð var boðin fyrir 10000 kr. á síðari árum, og var það a. m. k. stoð til þess, að útlendingar keyptu hana. Það má gera ráð fyrir því, að þótt hún hafi ekki verið seld útlendingum, þá sé hún samt ekki í sjálfsábúð. Hún er nú á því stigi, að það má gera ráð fyrir, að hún verði ekki eftirsótt. Mér er það ljóst, að það mál réði minna kaupunum en margt annað, en samt var það ein af ástæðunum fyrir því, hvernig fór.

Þess eru mörg dæmi, að jarðir hafa verið keyptar af ábúendum og seldar öðrum samdægurs. Með þessu móti hafa jarðirnar komizt í brask. Ég hygg, að ef vel væri athugað, væru fleiri þjóð- og kirkjujarðir komnar núna úr sjálfsábúð. Það er vitanlegt, að þegar liðinn er fyrsti ættliður, eru erfiðleikar um sjálfsábúð. Það getur verið eðlilegt og laust við allt brask. Það getur komið fyrir, að jarðeigandi eigi 6—7 erfingja, og þá er eðlilegt, að aftur fari fram kaup á jörðinni. Álít ég, að með þessu fyrirkomulagi sé hver kynslóðin eftir aðra að kaupa sömu jörðina. Sú ástæða er ströng og gerði það að verkum, að ég tala um, að kirkju- og þjóðjarðasölulögin séu ekki spor í rétta átt. Ég álít því, að það, sem átti að tryggja með þjóðjarðasölulögunum, megi alveg eins tryggja með heppilegri löggjöf um erfðafestu. Það fyrirkomulag, að hver kynslóðin á fætur annari sé að berjast við að borga verð sömu jarðarinnar, er slæmur búskaparrekstur. Ég hygg, að ekki sé hægt að mótmæla þessu með óhrekjanlegum rökum, enda þótt allt geti gengið vel, þegar um sjálfsábúð er að ræða. Ef hver sjálfsábúðarbóndi ætti aðeins einn erfingja og alltaf væri tryggt, að sá erfingi vildi búa á jörðinni sjálfur, þá væri allt gott og blessað. En nú er þetta ekki svo, og það verður að taka á hlutunum eins og þeir eru. Mér finnst ástæða til þess að rökstyðja till. okkar hv. 4. þm. Reykv. með þessum orðum. Ég skil hinsvegar, að rétt er, að stj. fái, um leið og hún fær heimild til þess að kaupa Laugaland, heimild til þess að selja Saurbæ, til þess að hægt sé að fara í einskonar „makaskipti“. Ég álít þetta ekki alveg bráðnauðsynlegt fyrir ríkissjóð, því að afborganir af kaupverði Laugalands eru ekki svo miklar, að um mikil útgjöld geti verið að ræða fyrir ríkissjóð á ári hverju. Það má gera ráð fyrir því, að með því að ríkissjóður kaupi þessa jörð aukist tekjur kirkjujarðasjóðs um það, sem nemur eftirgjaldi af Laugalandi. En ég skal játa, að svo er ástatt, að nokkur ljóður er um það, hvort hægt sé að nota eftirgjald það, sem fæst í framtíðinni fyrir Saurbæ, til afborgunar af kaupverði Laugalands. Ég hygg, að eftirgjaldið fyrir Saurbæ muni renna í prestlaunasjóð. Ég hygg, að afborganir af kaupverði Laugalands verði kirkjujarðasjóður að greiða. Þetta er að vísu nokkur ástæða fyrir því, að borin hefir verið fram heimild til þess að selja Saurbæ. Ef brtt. okkar hv. 4. þm. Reykv. verður samþ., tel ég, að úr þessu mætti bæta með brtt. þeirri, sem borin er fram við frv., við 3. umr., um það, að heimila ríkisstj. að láta afgjaldið

af Saurbæ ganga upp í greiðslu á afborgunum af jarðarverði Laugalands. Ég hefi ekki borið það undir fróða menn, hvort þetta gæti gengið, en mér datt í hug, að gera mætti ráð fyrir því, að hv. deild athugi þetta. Ég vil leggja því lið, að sú breyt. verði gerð. — Það er ekki ástæða til þess að fjölyrða frekar um þetta að sinni.

Ég tel rétt að taka það fram, að þótt við hv. 4. þm. Reykv. flyttum þessa brtt., gerum við hana ekki að skilyrði fyrir því, að frv. gangi fram. Ég tel mjög mikils virði, að ríkið eignist Laugaland, þótt sá böggull fylgi skammrifi, að önnur jörð fylgi með, sem óþarfi er að selja, og mun ég ekki láta það verða til þess, að ég setji fót fyrir frv. Læt ég það svo ganga undir úrskurð hv. d., hvort hún fellir brtt. okkar hv. 4. þm. Reykv.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. tók fram, var hv. allshn. sammála um að mæla með því, að frv. næði fram að ganga. En nú hefir komið brtt. á þskj. 132 frá 2 hv. meðnm. minum, sem gerir það að verkum, ef hún verður samþ., að málið er komið inn á nýjan grundvöll.

Ég hefi ekki í hyggju að hefja almennar umr. um það, hvort heppilegra sé, að ríkið eða einstaklingar eigi jarðeignir landsins. Reynslu þá, sem þjóðjarða- og kirkjujarðasölulögin hafa látið í té, taldi hv. frsm. benda til þess, að um afturför sé að ræða. Ég get ekki látið þetta vera ómótmælt. Ég veit ekki, hvernig ástatt er í Múlasýslum í þessu efni. Fjárhagsástandið hefir verið verra þar síðustu ár heldur en víða annarsstaðar, svo að það er ekki óhugsandi, að bændur hafi orðið að sleppa eignarréttinum á jörðunum. Hinsvegar er það svo þar, sem ég þekki bezt til, að jarðir, sem seldar voru 1908, þegar kirkjujarðasölulögin komu, og næstu ár á eftir, eru enn í sjálfsábúð. Þær jarðir, sem voru lágkúruleg kot þá, eru nú blómleg býli. Mér er það í fersku minni, að það var svo þá yfirleitt, að hægt var að rekja úr þær jarðir, sem voru í eign þess opinbera. Þær voru verr setnar, miklu verr hýstar og miklu verr með þær farið en þær, sem voru í sjálfsábúð.

Það er sannfæring mín, að keppa beri að því, að sem flestar jarðir komist í sjálfsábúð, en ekki að vinna á móti anda kirkjujarðalaganna og reyna að koma nýjum jörðum undir yfirráð ríkisins. Fyrir þessu er hægt að færa margvísleg rök, og hefði það verið gert, ef ég teldi ekki farið of langt út frá efninu, hefðu verið teknar upp almennar umr. um þetta mál. Þetta mál gefur í sjálfu sér ekkert tilefni til þess. Það er fullkomlega óeðlilegt að láta samþ. þessi frv., sem marka að nokkru leyti tímamót í því, hvort ríkið eða einstaklingar skuli eiga þjóðjarðirnar. Hér er ekki farið fram á annað en að núv. ástand haldist óbreytt, þ. e. a. s., að ríkið láti af hendi eina jörð og fái aðra jörð, álíka verðmikla, í staðinn.

Ef till. hv. meðnm. minna nær fram að ganga, er málið komið inn á nýjan grundvöll. Það er ætlazt til, að ríkið fái heimild til þess að taka Syðra-Laugaland fyrir prestssetur og selja Saurbæ í þess stað. Verðmismunurinn er ekki nema 3000 kr. Hér er því um lítil útgjöld fyrir ríkissjóð að ræða. Fyrst á annað borð er heppilegast, að prestssetrið sé á þessum stað, álít ég ekki nema sjálfsagt að verða við þeim tilmælum. Eigi ríkið aftur á móti að halda Saurbæ áfram í sinni eign, er hér orðið um talsverð útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð. Ég get ekki séð nokkra ástæðu til þess að baka ríkissjóði þau útgjöld.

Hv. frsm. telur heppilegra, að ríkið eigi jarðirnar heldur en einstaklingar. En honum er það væntanlega ljóst, að ríkið er ekki, þrátt fyrir það þótt þetta frv. verði samþ., neitt verr statt í þessu efni en áður. Það fær land, sem er eins verðmikið og það, sem því er ætlað að láta af hendi. Svo það er bara „status quo".

Vegna þess fyrst og fremst, að ég tel heppilegra, að Saurbær geti komizt í eign þess ábúanda, sem ætlaði að hafa þar búrekstur sinn, heldur en að ríkið eignist jörðina, og eins líka af því, að ég vil ekki, að ríkinu séu bökuð óþörf útgjöld með þessari breyt., þá lýsi ég því yfir, að verði brtt. hv. meðnm. minna samþ., mun ég ekki geta fylgt frv. eftir það. Þá er málið komið inn á allt annan grundvöll. Ég þykist vita, að ekki þurfi mitt fylgi til þess, að frv. gangi fram, en það skiptir ekki miklu máli. En ég vil láta þetta koma skýrt fram, svo að mér verði ekki brigzlað um að hafa skipt um skoðun í málinu frá því að ég skrifaði undir nál.

**Bernharð Stefánsson:** Ég þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli, þar sem hún leggur til, að frv. verði samþ. — Ég hefi ekki margt að segja um brtt. meiri hl. n. Ég get að sumu leyti vísað til þess, sem hv. 2. þm. Rang. sagði um málið. Það, sem fyrir flm. þessa frv. vakti með því að leggja til, að heimilað yrði að selja Saurbæ jafnframt því sem heimilað yrði að kaupa Laugaland, var það, að við vildum ekki með þessu frv. baka ríkissjóði veruleg útgjöld eins og nú stendur á. Aðalatriðið fyrir okkur er vitanlega það, að Laugaland verði keypt fyrir prestssetur. Þess vegna viljum við þiggja það með þökkum, ef Alþingi vill gefa heimild til þess, að Laugaland verði keypt án þess að Saurbær verði seldur. En ég vil ekki, að þetta komi þannig niður á héraðinu, að talið sé, að það hafi fengið fé úr ríkissjóði með þessu móti, og það verði svo aftur látið koma niður á öðrum framkvæmdum í héraðinu, sem þurfa að fá styrk úr ríkissjóði. Það er ómögulegt að sjá, út af fyrir sig, að ríkissjóður hafi hag af því að eiga Saurbæ. Það má búast við því, að hægt sé að selja jörðina fyrir um 29000 kr. Eftirgjaldið, sem greitt er nú eftir Saurbæ, er samtals um 720 kr. — þ. e. a. s. 400 kr. eru landskuld og 320 kr. eru húsaleiga. Ég býst varla við, að fært þyki að hækka afgjaldið mikið, og sjá þá allir, að það eru ekki háir vextir af þeirri upphæð, sem sennilega má fá fyrir jörðina.

Hv. frsm. n. flutti hér langa ræðu um galla þjóðjarðasölunnar, og lét hann í ljós þá skoðun, að þjóðjarða- og kirkjujarðasölulögin hefðu orðið til ills eins og ekki náð tilgangi sínum. Ég er honum að sumu leyti samdóma og að sumu

leyti ekki. Ég tel, að þess hafi ekki verið nægilega gætt, þegar þjóðjarðasölulögin voru sett, að gera um leið ráðstafanir til þess, að jarðir lentu ekki í braski. Aftur á móti er ekki hægt að neita því, að margar jarðir hafa tekið miklum umbótum við það að komast í sjálfsábúð. Ég hygg því, að bezta lausnin á þessu máli hefði verið sú, að ábúendur hefðu getað fengið jarðir keyptar, en að ríkið hefði keypt þær jarðir, sem seldar voru öðrum en ábúanda. M. ö. o., ég álít rétt að setja skorður við því, að einstakir menn eignist jarðir til þess að leigja þær eða braska með þær, en sjálfsábúð tel ég hinsvegar góða. Þó ég nefni þetta, þá er samt óþarfi að tala um þjóðjarðasöluna almennt út af þessu frv., sem við hv. 2. þm. Eyf. berum fram, því að það kemur þessu máli lítið við, eins og hv. 2. þm. Rang. tók réttilega fram, Hér er ekki stungið upp á því, að það opinbera minnki neitt jarðeignir sínar. Okkur hefði ekki komið til hugar að flytja frv. um að selja Saurbæ út af fyrir sig. Hér er um það eitt að ræða að flytja prestssetrið, kaupa eina jörð til prestssetursins og selja í staðinn prestssetursjörðina. Það eru einungis einskonar makaskipti.

Ég mun ekki greiða atkv. með brtt. meiri hl. n., en þó hún verði samþ., þá er ekkert við því að segja. Mér er samt jafnannt um, að frv. nái fram að ganga, því eins og ég hefi áður tekið fram, er aðalatriðið fyrir okkur, að prestssetrið verði flutt að Laugalandi.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Það getur verið rétt að halda því fram, sem báðir hv. dm. hafa talað um síðan ég settist niður, sem sé, að rangt sé að taka upp almennar umr. um sölu þjóð- og kirkjujarða. Ég get ekki séð, að um annað sé frekar að ræða hér. Málið er tvíþætt. Það er rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, það er einnig um kaup að ræða. Þess vegna er málið líka tvíþætt, og það verður líka að tala um báða þætti. Hér er um það að ræða, að ríkið kaupi og selji jörð. Það má vera, að hv. þdm. hafi ég þótt færa fullsterk rök fyrir mínu máli, og að þeir óski þess, að þau rök hefðu ekki fram komið. Þetta verður samt svo að vera, fyrst málstaðurinn á svo góð rök.

Ég get sleppt því að tala um gildi þjóðjarðasölu og um það, hvort þau hafi náð tilgangi sínum. Ég sagði aðeins, að reynslan hefði sýnt, að þau hefðu ekki náð tilgangi sínum. Hv. 2. þm. Rang. og hv. 1. þm. Eyf. sögðu, að ég hefði talið, að þjóðjarðasalan væri til ills eins. Það er ekki allskostar rétt. Hitt viðurkennir hv. 1. þm. Eyf. vafalaust, að þjóðjarðasölulögin hafa ekki náð tilgangi sínum. En þjóðjarðasalan hefir aldrei náð tilgangi sínum af því, að ekki hefir verið hægt að tryggja, að jarðirnar héldust áfram í sjálfsábúð. Hv. 1. þm. Eyf. vildi tryggja það með því, að ríkið keypti þær jarðir, er ganga úr sjálfsábúð. En eina ráðið, sem dugir, er skynsamleg ábúðarlög og ríkiseign á jörðunum. Og ég veit, að ekki líður á löngu þangað til allir komast á þessa skoðun.

Ég skal játa það, að kirkju- og þjóðjarðir voru yfirleitt verr setnar áður fyrr en jarðir í sjálfsábúð. En síðan hlúð var með lögum að leiguábúð á þessum jörðum, eru þær, margar hverjar, fullt eins vel setnar og sjálfseignarjarðir, og þetta hefir sínar eðlilegu orsakir. Margir bændur verja öllum þeim peningum, sem þeir hafa aflað með áralöngu striti, til þess að festa kaup á jörð, sem þeir geta þó alls ekki greitt til fulls og eru að basla við að eignast alla æfi. Bústofninn og búreksturinn sitja á hakanum, og svo gengur þetta lið fram af lið.

Það er rétt, að með því að selja Saurbæ sleppur kirkjujarðasjóður við útgjöld í bili, þar sem 29000 kr. verða innborgaðar strax. En þetta er ekki aðalatriðið. Þessi upphæð gerir ekkert til eða frá um afkomu sjóðsins, og ef það er rétt, sem báðir andmælendur mínir hafa haldið fram, að hagsýni sé í því að kaupa Laugaland, þá aukast tekjur kirkjujarðasjóðs við þau kaup. Ég hygg því, að að fyrstu afborgun lokinni verði ekki mikil fjárútlát fyrir kirkjujarðasjóð að kaupa Laugaland, þótt Saurbær verði ekki seldur.

Ég vil ennfremur minna á það, að á undanförnum þingum hefir meiri hl. þings litið svo á oftar en eitt skipti, að rétt væri að stinga fæti við því, að þjóðjarðir væru seldar. En hér er farið fram á bein fyrirmæli um að selja kirkjujörð. Ég er á móti þeim anda, sem þarna kemur fram gagnstætt við stefnu undanfarinna þinga. Ástæður eru ekki aðrar fyrir þessu en að kirkjujarðasjóður þurfi á þessum 29000 kr. að halda, en þær ástæður get ég ekki talið svo mikils virði, sízt þar sem telja má víst, að tekjur kirkjujarðasjóðs aukist við Laugalandskaupin, að Alþingi eigi þess vegna að hvika frá réttri stefnu í þessu máli.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hefi gerzt meðflm. að þessari brtt., en hv. 2. þm. S.-M. hefir nú talað svo rækilega fyrir henni, að ég hefi þar litlu við að bæta.

Þótt ég hafi ekki átt því láni að fagna að kynnast hinu fagra Eyjafjarðarhéraði af eigin reynd og sjón, virðist mér samt, eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi getað aflað mér, að margt mæli með því, að ríkið kaupi Laugaland. Jörðin er vel í sveit sett og því heppileg fyrir prestssetur, og auk þess eru þar náttúrugæði, sem geta orðið dýrmæt með tímanum, þar sem eru hinar heitu laugar. Líklegt er, að hér sé fundinn heppilegur staður fyrir skólasetur í Eyjafirði. Allt mælir þetta með því, að ríkið eignist þessa jörð. Kaupverðið, 32 þús. kr., sem á að greiðast á mörgum árum, er ekki heldur svo hátt, að það sé nein frágangssök.

En eini ágreiningurinn í þessu máli er sá, hvort selja eigi Saurbæ í staðinn, til þess að fá á þann hátt fé til að borga Laugaland. Mér er sagt, að þetta gamla, sögufræga prestssetur sé að ýmsu leyti kostajörð, landrúm og vel fallin til jarðræktar. Ég get ekki séð neinn hag í því fyrir ríkið að selja þær jarðir, sem hafa góð ræktunarskilyrði.

Það er stefna mín og míns flokks, að ríkið eigi að eignast jarðir, en ekki selja þær. Hér er því um stefnumál að ræða, eins og heyra mátti á ræðu hv. 2. þm. Rang., er hann sagði, að hann sæi sér ekki fært að greiða atkv. með frv., ef

brtt. okkar yrði samþ., enda er það í samræmi við stefnu hans flokks, að selja allar þjóðjarðir. Hér kemur því fram skýr stefnumunur, sem ég vil, að hv. þdm. geri sér ljósan.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég vil, vegna þess inn á hvaða braut umr. eru komnar, láta það í ljós, að ég álít ekki, að atkvgr. um þetta mál þurfi að gefa neitt til kynna um afstöðu manna til þjóðjarðasölunnar yfirleitt eða jarðakaupa ríkisins. Ég álít verðið á þeirri jörð, sem hér er um að ræða, allt of hátt til þess að hægt sé að ganga inn á jarðakaup af ríkisins hálfu almennt á þessum grundvelli. En hér er ætlazt til, að seld verði kirkjujörð í staðinn, fyrir 29000 kr., sem er að vísu líka of hátt. Ef ríkið fer almennt inn á slíka braut í jarðakaupum, yrði það að kaupa jarðirnar hærra verði en líkur væru til, að þær gætu rentað sig fyrir, og hvaða skoðun sem ég hefi á jarðakaupum ríkisins, get ég ekki verið því samþykkur að fara inn á þá braut.

**Bernharð Stefánsson:** Hv. frsm. n. hefir nú um stund þrumað yfir mér um galla þjóðjarðasölunnar. En ég hélt því aldrei fram, að þjóðjarðasölulögin væru gallalaus, heldur sagði ég einmitt hið gagnstæða, að þau væru gölluð, en fór hinsvegar lítið inn á það efni, af því að mér fannst það ekki koma þessu máli við.

Hv. frsm. sagði, að okkur hv. 2. þm. Rang. hefði þótt of mikið af rökum hjá sér. Ég heyrði engin rök í ræðu hans, sem koma því máli við, er hér liggur fyrir, og hefi því ekki yfir slíku að kvarta. Hann sagði að vísu ýmislegt um þjóðjarðasöluna frá almennu sjónarmiði, sem vafalaust var rétt að mörgu leyti, en hann færði engin rök gegn því að selja Saurbæ, ef Laugaland verður keypt.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að hér væri um stefnumál að ræða. Hann fylgdi því sem jafnaðarmaður, að Laugaland væri keypt, en var hinsvegar mótfallinn því að selja Saurbæ. En hér er alls ekki neitt stefnumál á ferðinni. Hér er um það eitt að ræða, að heppilegt er talið að flytja prestssetrið að Laugalandi, og í frv. bendum við á leið fyrir hið opinbera til að gera það án þess að binda sér hagga með því. Þetta er því aðeins stefnumál frá hans hálfu, en ekki okkar.

Hv. 4. þm. Reykv. var að tala um Saurbæ sem einhverja kostajörð með mikla ræktunarmöguleika. Ég er nú kunnugur á þessum slóðum og skal því upplýsa það, að þó ræktunarmöguleikar séu þar að vísu allmiklir, eru þeir þó ekki meiri en víða annarsstaðar, og Saurbær er engin hlunnindajörð.

Hinsvegar vil ég enn taka það fram, að okkur er það ekkert kappsmál, að þessi brtt. verði felld, heldur er það aðalatriði fyrir okkur, að sá liður frv. nái samþykki, að Laugaland verði keypt. Það var ætlun okkar flm. að fá þessu framgengt án þess að baka ríkissjóði þess vegna 32000 kr. útgjöld, en ef þingið vill greiða það fé, þiggjum við það auðvitað með þökkum, ef við fáum því fullnægt, sem við leggjum aðaláherzluna á.

Hæstv. forsrh. var að tala um, að sér þætti verðið of hátt. Það má rétt vera frá því sjónarmiði, að búrekstur á jörðinni beri ekki svo hátt verð með núverandi afurðaverði. En eins og ég tók fram við 1. umr., er þarna jarðhiti o. fl. hlunnindi og mikil húsakynni, sem koma að fullum notum með því að gera jörðina að prestssetri. Þegar þess er gætt, má telja líklegt, að þessi kaup margborgi sig fyrir ríkið. Þetta ættu því að geta orðið góð kaup fyrir ríkið, þótt erfitt væri fyrir bónda að láta jörðina vaxta sig með venjulegum búrekstri.

**Magnús Guðmundsson:** Mér finnst þetta hagstæð makaskipti fyrir ríkissjóð. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um það, að í þessu máli þarf ekki að taka afstöðu til þess „princips", hvort jarðir eiga að vera ríkiseign eða ekki. En vegna þeirra ummæla ráðh., að verðið á Laugalandi væri of hátt fyrir ríkið, vil ég benda á það, að kaupverðið mun ekki vera tiltölulega hærra en fasteignamatsverð. Eftir þessu myndi hæstv. ráðh. ekki vilja kaupa jarðir handa ríkinu nema í hæsta lagi fyrir fasteignamat, þó að hann færi að framkvæma slík kaup, og vona ég, að bið verði á því, að bændur landsins verði svo aðþrengdir, að þeir fari að selja jarðir sínar um eða undir fasteignamatsverði, sem venjulega er langt fyrir neðan venjulegt söluverð.

Ég vildi gjarnan spyrja, hvort mismunurinn á jarðarverðunum eigi að greiðast úr ríkissjóði eða kirkjujarðasjóði, ef af þessum makaskiptum verður. **(BSt:** Að sjálfsögðu úr kirkjujarðasjóði).

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um, að ég ætlaðist til, að ríkið keypti jörðina undir fasteignamati. Ég veit nú ekki um matið á þessari jörð, en annar hv. flm. segir, að vafasamt sé, að hið tiltekna kaupverð sé undir fasteignamati. En það, sem máli skiptir hér, er það, að jörðin er yfirbyggð, og því vill ábúandi losna við hana. En slík kaup mega ekki marka jarðakaupastefnu ríkisins í framtíðinni.

**Jón Baldvinsson:** Ég varð undrandi, þegar ég heyrði hv. 1. þm. Eyf. halda því fram, að hv. 2. þm. S.-M. hefði engin rök borið fram í ræðu sinni. Ég veit að vísu, að sá hv. þm. getur svarað fyrir sig, en ég vil þó ekki láta hjá líða að benda á, að það eru einmitt hin almennu rök um þjóðjarðasölu, sem eiga hér við, þegar verið er að tala um að selja ríkisjörð, þótt í makaskiptum sé. Þeir, sem álíta þjóðjarðasöluna til ógagns, geta því ekki fylgt frv. óbreyttu.

Ég skal þó ekki fara út í hin almennu rök að þessu sinni. Ég er samþykkur því, að 1. málsl. 1. gr. nái samþ. og standi óbreyttur, en brtt. verði samþ. Þá er því náð, sem hv. þm. Eyf., flutningsmenn málsins, óska eftir og telja aðalatriðið, að eignast hentugri jörð fyrir prestssetur. Ég álít feng fyrir ríkið að eignast þessa jörð, en þó því aðeins, að ekki verði seld önnur jörð í staðinn.

Ég skal ekki blanda mér í deilur um verðið og finnst hv. flm. hafa stillt því í hóf, en ég

hefði þó betur kunnað við, að í frv. hefði staðið „allt að 32 þús. kr.“, svo að möguleiki væri til að semja um verðið og fá það ef til vill eitthvað lægra, heldur en að slá því alveg föstu í frv., einkum ef það er rétt, að jörðin sé yfirbyggð af þeim, sem nú á hana, og hann vilji gjarnan losna við hana.

**Magnús Guðmundsson:** Hæstv. forsrh. bar brigður á, að rétt hefði verið skýrt frá um fasteignamatsverðið á Syðra-Laugalandi. Það stendur í aths. við frv., að jörðin sé metin á 36 þús. kr., og ég trúði því, að það væri rétt, og ég hefi líka gætt að því í jarðamatsbókinni, og kemur það heim. (**Forsrh.:** Má ég gefa þær upplýsingar, að það er búið að taka undan jörðinni síðan, svo það er ekkert hægt að segja um það). Um það liggja ekki fyrir neinar upplýsingar, og ekki heldur, að jörðin sé yfirbyggð, heldur þvert á móti, að Saurbær sé yfirbyggður, og úr því að hæstv. ráðh. getur samvizkunnar vegna selt bónda þá jörð fyrir svona hátt verð, þá get ég ekki skilið, að það sé synd að kaupa jarðir yfirleitt fyrir svipað verð.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er óþarfi að eyða um þetta mörgum orðum. Ég vil aðeins upplýsa það, að það er ekki hægt að fara eftir því, sem stendur um fasteignamatið í þskj., því að það er búið að taka nokkuð undan jörðinni síðan matið fór fram. (**MG:** Hvað er það?). Það getur hv. þm. athugað, en ég veit ekki, hvað það er mikið. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. blandaði inn í umr. um verð á þessum jörðum, þá kemur það málinu í raun og veru ekkert við, þegar það er athugað, sem allir menn eru sammála um, að verðlagið á þessum jörðum er sæmilegt, miðað við hlutfall þeirra hverrar til annarar og samanborið við frjálst framboð. Saurbær er seldur fyrir frjálst framboð, og sá, sem á Syðra-Laugaland, býður jörðina fyrir þetta verð; hann segir sjálfur, að jörðin sé sér ofviða og vill því losna við hana. Þarna er um skipti á jörðum að ræða, og ég tel vafalaust, eins og hv. 1. þm. Eyf. hefir haldið fram, að verðlagið á þessum jörðum sé tiltölulega gott, miðað við það, sem boðið er í Saurbæ í frjálsu framboði.

**Magnús Guðmundsson:** Af því að það eru ekki neinar upplýsingar um það í þeim skjölum, sem hér liggja fyrir, hvað það er, sem tekið hefir verið undan jörðinni, þá vil ég fá að vita, hvað það er. Annars skal ég ekki karpa um þetta við hæstv. forsrh. Hann sagðist geta gengið inn á þessi jarðakaup, af því að hér væri hátt selt og hátt keypt, en þessi háa sala kemur niður á bóndanum, sem ætlar að búa á þessari jörð. (**Forsrh.:** Það er þetta frjálsa framboð, sem sumir halda fram, að eigi að vera á jörðunum). Já, og hæstv. ráðh. gengur inn á það í þessu tilfelli.

**Bernharð Stefánsson:** Ég er þessu ekki eins kunnugur og hv. meðflm. minn, en ég get gefið þær upplýsingar, að það hefir verið byggð sundlaug á landi Syðra-Laugalands og seldar undan jörðinni um 4 dagsláttur af landi, með tilliti til sundlaugarinnar og fyrirhugaðs skóla. Ég hygg, að þetta skipti litlu máli hvað not á jörðinni snertir. (MG: Ætli það sé ekki frekar til hækkunar en hitt?). Það getur vel verið, að það verði frekar til hækkunar. Annars verð ég að segja, út frá því, sem hv. 4. landsk. og fleiri hafa minnzt á þjóðjarðasölu almennt í sambandi við þetta mál, að mér finnst, að afstaða til hvers frv. eigi að miðast við það, hvaða ástand er nú og hvaða ástand skapast við, að ákveðin lög eru sett. Það ástand, sem í þessu efni er nú, er það, að ríkið á Saurbæ í Eyjafirði, og það ástand, sem hugsað er til að skapa með þessu frv., er, að í staðinn fyrir Saurbæ eignist ríkið Syðra-Laugaland, sem er verðmeiri jörð. Þar af leiðandi get ég ekki séð, að þeir, sem eru á móti þjóðjarða- og kirkjujarðasölu, geti neitt kvartað út af þessu frv., því að það er langur vegur frá því, að ríkið mundi með þessu frv., þó að lögum yrði, skerða eignir sínar; það frekar eykur fasteignir sínar heldur en hitt. Af þessu dreg ég þá ályktun, að þetta mál komi þjóðjarða- og kirkjujarðasölu, almennt séð, alls ekki við. Því að ef við þm. Eyf. flyttum ekki frv. — hvað þá? Þá ætti ríkið áfram Saurbæ, en ætti ekki Laugaland. Ég sé því ekki, að við með þessu frv. sköðum þá stefnu, sem þessir hv. þm. halda fram; ef nokkuð er, þá þvert á móti.

ATKVGR.
Brtt. 133 felld með 10:4 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 43).
Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 206 og 207).

**Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Meiri hl. allshn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að aftan af 1. gr. falli heimildin til að selja jörðina Saurbæ í Eyjafirði. Meiri hl. n. telur óþarft að orða það í þessum l., þar sem til er heimild í l. nr. 50 frá 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða. Annars litur meiri hl. n.

svo á, að ekki sé æskilegt, að ríkið láti af höndum þessa jörð, né jarðir sínar yfirleitt, til einstaklinga og leggur því til, að frv. verði samþ. með áðurgreindri breytingu.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson):** Minni hl. n. getur ekki fallizt á þessa brtt. hv. meiri hl., því að hann sér enga skynsamlega ástæðu til að heimila ekki stj. að selja Saurbæ í Eyjafirði fyrir það verð, sem hægt er að fá fyrir jörðina, þar sem samkomulag mun vera um, að Syðra-Laugaland í Öngulsstaðahreppi verði keypt og prestssetur sett þar. Sé ég enga ástæðu til, að ríkið sé að halda í þessa jörð, sem það getur selt á 29 þús. kr., þar sem árlegt afgjald af henni er ekki nema 720 kr., en það nemur 2½% af þeirri upphæð. Ríkið getur ekki haft nema fjárhagslegt tjón af eign þessarar jarðar. Teljum við því rétt að veita ábúandanum færi á að eignast jörðina, úr því að hann telur sér það fært. Væntum við þess, að till. meiri hl. n. verði felld.

**Páll Zóphóníasson:** Ég vil hér bera fram þá fyrirspurn, hversu mikið það rýrir gildi jarðarinnar Syðra-Laugalands, að selt var undan henni nokkurt land til að reisa þar kvennaskóla.

**Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Það liggja ekki fyrir n. upplýsingar um það, sem hv. 2. þm. N.-M. spurði um. En ég get svarað hv. 8. landsk., frsm. minni hl., því, að ég fæ ekki skilið, hvernig sá ábúandi er gerður, sem vill kaupa jörðina fyrir þetta verð, en á kost á að leigja hana fyrir það verð, sem hv. þm. nefndi. En þó að þetta kunni að vera svo nú, að ábúandinn verði að sæta verri kjörum, ef hann vill kaupa jörðina, þá er engin vissa fyrir því, að svo verði í framtíðinni. Þó að nú kunni að borga sig betur fyrir ríkið að selja jörðina, getur það orðið tap, þegar fram líða stundir. Hefir reynslan orðið sú um sölu kirkjujarða, að *hún hefir orðið til litils hagnaðar fyrir ríkið*, en því meiri fyrir kaupendurna. Ætti því ríkið að hætta því að selja sínar jarðir. Hér er a. m. k. engin ástæða til sölunnar. Er það líka lagaleg „tautologi" að hafa þetta viðlag við 1. gr. frv., þar sem til eru fyrirmæli í l. frá 1907, sem heimila sölu kirkjujarða. Væntanlegur kaupandi er ábúandi á jörðinni og fellur því undir þessi fyrirmæli.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson):** Ég get bent á það, að í Ed. kom fram brtt. við frv., sem fór í þá átt að fella seinni málsgr. aftan af 1. gr. Þessi brtt. var felld með miklum atkvæðamun. Jafnaðarmenn hafa það, eins og kunnugt er, á stefnuskrá sinni, að ríkið eignist sem flestar jarðir, og sumir í Framsfl., sem hreinskilnir eru og viðurkenna, að þeir standi nærri þeim, eru þessu fylgjandi. En þó greiddi meiri hl. framsóknarmanna í Ed. atkv. á móti þessari till.

Hv. 1. landsk. var hissa á því, að ábúandinn skyldi vilja kaupa jörðina, þar sem hann ætti kost á að leigja hana fyrir það afgjald, sem ég gat um. Ég get skilið, að hann sé hissa á því. En ég get hinsvegar vel skilið, að maður, sem búið hefir þarna í tvö ár, hafi áhuga á að eignast þessa jörð. Maðurinn er duglegur og sæmilega stæður. Jörðin er að vissu leyti erfið, en annars mikil og góð jörð, og í hans höndum *verður væntanlega vel frá öllu gengið*.

Ég vil ekki fara inn á það principmál, sem hér liggur fyrir milli jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna. En ég vil benda á það, að jarðir eru yfirleitt betur setnar af eigendum en leiguliðum.

Þá má benda á fskj. með frv. frá Jóni Helgasyni biskupi, sem telur heppilegt, að jörðin verði seld, enda getur ríkið ekki haft neinna hagsmuna að gæta með því að halda í eignarréttinn á þessari jörð.

**Páll Zóphóníasson:** Ég vænti þess, að hv. n. athugi fyrir næstu umr., hversu mikið hefir verið selt úr landi þessarar jarðar síðan hún var metin. Sömuleiðis það, að hve miklu leyti vatnsréttur sá, sem *jörðinni fylgdi, fylgir henni á*fram, og að hve miklu leyti hann hefir verið lagður undir sundlaug þá, sem þar er komin.

Hv. 8. landsk. leyfir sér að fara með staðleysu stafi, er hann segir, að ábúandinn vilji fyrir hvern mun kaupa jörðina. Hann segist helzt vilja vera kyrr. Get ég sýnt hv. þm. fram á þetta. En ef á að selja jörðina í hendur öðrum, þá vill hann kaupa hana, enda þótt það sé honum mörgum sinnum verra. En helzt vill hann vera kyrr og búa við sanngjarnt afgjald. Sóknarprestur ábúanda var hér á ferð nýlega, og staðfestir hann þetta. Ég get fengið fleiri heimildarmenn, ef þörf gerist. Hvers vegna skyldi maður vilja kaupa jörðina, sem hann getur leigt fyrir afgjald, er ekki nemur meiru en 2½% árlega af jarðarverðinu, eftir því sem hv. 8. landsk. segir? En e. t. v. er líka eitthvað bogið við þær upplýsingar hans, eins og fleiri.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson):** Hv. 2. *þm. N.-M. virðist ekki þurfa mikið tilefni* til að komast í æsing. Ætti hann þó ýmsra hluta vegna að halda skapsmunum sínum í því jafnvægi, sem hægt er. Þarf ég engar upplýsingar að sækja til hans, og ætti hann að sanna sitt mál, er hann fer að brigzla mér um, að ég fari með rangt mál.

Sveinbjörn Sigtryggsson í Saurbæ hefir talað við mig um þessi jarðarkaup. Bað hann mig um aðstoð við kaupin. Hv. þm. sagði, að honum væri ekkert áhugamál að eignast jörðina. Upplýsir hann þó, að prestur sá, sem hann sagði, að hér hefði verið á ferð, hefði sagt, að honum væri sama, hvort hann keypti jörðina eða leigði hana. Hér liggja því fyrir þrjár misjafnar sögusagnir: Ég segi, að hann vilji kaupa jörðina, *presturinn segir, að honum sé sama*, hvort hann kaupir eða leigir, og hv. þm. segir, að hann vilji helzt leigja. Nú er það augljóst, að mér og prestinum ber ekki saman, en hv. þm. vé fengir ekki sögu prestsins. Ef presturinn ábyrgist, að honum sé sama, hvort hann kaupir jörðina eða leigir hana, hví gat ábúandinn þá ekki sagt við mig, að hann væri fús til að kaupa

hana? Ég mótmæli því ekki, að ábúandinn kunni að hafa sagt við hv. þm. bréflega það, sem hann hefir eftir honum, og ég rýk heldur ekki upp með skammir á hann eða brigzla honum um, að hann fari með ósatt mál. Og hann hefir ekki leyfi til að koma með þær slettur, að aðrir segi ósatt, fyrr en hann fer sjálfur með sinn málstað á þingi þannig, að ekki verði vefengt. Ef hv. þm. vill vefengja það, sem ég sagði, að ársleigan væri 2½% af kaupverðinu, getur hann sjálfur reiknað dæmið, en þarf ekki að vera með glósur um, að ég fari þar rangt með. Fyrir skömmu kom hér fyrir lítið mál, þar sem hv. þm. spurði annan þm., hvaðan honum kæmi heimild til að segja það, sem hann hélt fram. Þegar til kom, var svo allt rekið ofan í hv. þm. Vil ég því í bróðerni benda honum á, að honum er bezt að haga sér kurteislega hér í d. og hætta að svívirða aðra þm.

**Páll Zóphóníasson:** Ég get ábyrgzt, að ábúandinn vill vera kyrr á jörðinni, helzt alla sína ævi og með erfðafestu, eftir því sem sóknarprestur hans segir. Hitt er annað mál, að ef hann getur ekki fengið það, kysi hann að fá aðstoð góðs lögfræðings til að búa um kaupin. Þegar maður veit nákvæmlega, hvernig málin liggja, hlýtur manni að sárna að heyra farið með rangt mál, eins og mér sárnar æfinlega, þegar ég heyri farið með rangt mál.

ATKVGR.
Brtt. 206 felld með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, JG, PZ, PÞ, SE, StJSt, BJ, EmJ, EystJ, FJ, GG.
nei: JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh, SigfJ, SK, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh,[1] HannJ, JörB.
Fjórir þm. (PHalld, PO, BÁ, BB) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv., og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 255).

## 38. Löggilding Hvalskers við Patreksfjörð.

Á 11. fundi í Nd., 16. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar á Hvalskeri við Patreksfjörð** (þmfrv., A 91).

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Bergur Jónsson):** Ég þykist ekki þurfa að hafa mörg orð fyrir þessu frv. — Þessi staður, sem hér er um að ræða, er sunnanvert við Patreksfjörð; er þar góð höfn, og eitt verzlunarfélag hefir aðsetur sitt á staðnum. En héraðsbúum er nauðsynlegt að fá þarna löggilta höfn, til þess að auðveldara verði að fá skip til þess að koma þar við. Að öðru leyti vísa ég til grg. frv.
Ég býst ekki við, að nauðsynlegt sé að vísa þessu máli til n., og mun því ekki gera till. um það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 20. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 91).
Á 22. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 277).

---

1) **GTh:** Í l. nr. 50 frá 16. nóv. 1907 er að vísu heimild til að selja þessa jörð sem aðrar kirkjujarðir, en þar sem niðurlag 1. gr. frv. verður að skoðast sem tilmæli til ríkisstj. um að selja þessa jörð, greiði ég atkv. á móti brtt. meiri hl. n. og segi nei.

## 39. Hafnargerð á Skagaströnd.

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 frá 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd** (þmfrv., A. 51).

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jón Pálmason):** Þetta mál er lítið og einfalt, og þar sem það hefir ekki í för með sér nein útgjöld frá ríkisins hálfu eða á annan hátt, þá vænti ég þess, að það gangi greiðlega fram.

Svo er háttað, að í l. um hafnargerð á Skagaströnd, nr. 21 frá 14. júní 1929, er svo tilskilið, að til þess að ábyrgðir sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu séu gildar, þurfi þær að samþ. með ⅔ atkv. á tveimur aðalfundum í röð. Hliðstæð ákvæði eru ekki í neinum öðrum l. um hafnargerð. Miða þau beinlínis til að hamla sýslun. frá að ganga frá sýsluábyrgð viðkomandi hafnargerð þessari eins fljótt og vera þarf. Nú hefir sýslun. þegar gengið í ábyrgð fyrir 75 þús. kr. láni til þessa verks, og náði þetta ákvæði ekki til þeirrar ábyrgðar. En með því að kunnugt er, að það þarf að halda áfram þessu verki, og sýslan þarf á láni að halda framvegis, mundi það þá valda ákaflega miklum óþægindum, ef þyrfti að fara eftir þessu ákvæði; það kostar sýslunefndina tvö ár að koma fram gildri ábyrgð. Þess vegna fer ég fram á, að þingið breyti þessu ákvæði og gild verði ábyrgð þessarar sýslunefndar, ef samþ. er á löglegum fundi með meiri hl. atkv. Ég skal þó taka fram, að ég hefi ekkert út á það að setja, ef hv. þm. þætti tryggilegra að setja einhverjar takmarkanir, t. d. um einhvern vissan meiri hluta atkv. Aðalatriðið er hitt, að málið þurfi ekki að tefjast í tvö ár.

Ég skal svo ekki um þetta litla mál hafa fleiri orð, en óska, að því verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 11. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 51, n. 77).

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Þetta litla frv. er eingöngu borið fram til þess að fella burt það ákvæði úr lögunum um hafnargerð á Skagaströnd, að ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu á láni til þessa mannvirkis skuli samþ. á tveim aðalfundum í röð með ⅔ atkv. Sjútvn. er á sama máli og hv. flm. um, að hér sé um óþarft ákvæði að ræða, sem aðeins geti orðið til tafar þessu máli, þar sem aðalfundur sýslun. er haldinn aðeins einu sinni á ári. Leggur n. því til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 14. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 51).

Á 17. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 51, n. 225).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** N. hefir athugað frv. og leitað upplýsinga um ástæðuna til breytingarinnar og leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 278).

---

## 40. Verzlunarlóð Ísafjarðar.

Á 9. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um verzlunarlóð Ísafjarðar** (þmfrv., A. 76).

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Nd., 16. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Finnur Jónsson):** Ég flyt þetta frv. fyrir einróma áskorun frá bæjarstj. Ísafjarðarkaupstaðar, og miðar það að því að minnka verzlunarlóð bæjarins, sem nú er um 5 km. að stærð og þykir óþarflega stór, um sem svarar 1½ km. af landi. Óska ég, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 76, n. 185).

**Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Allshn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Það er flutt af hv. þm. Ísaf., eftir ósk bæjarstj. á Ísafirði. Það verður að teljast sanngjarnt, að bæjarlóðin sé ekki stærri en bæjarstj. óskar og telur rétt. Ég vil svo leyfa mér f. h. n. að óska þess, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 76).
Á 26. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 76, n. 284).

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta litla frv. Það er að vísu nýmæli, að hér er farið fram á, að verzlunarlóð kaupstaðar sé minnkuð. Ástæðan er sú, að mikið af þeirri landviðáttu, sem fylgir núv. kaupstaðarlóð, er talin nytjalaus. N. sér ekki ástæðu til að meina þeim þetta og leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 354).

---

## 41. Hlutaruppbót sjómanna á síldveiðum.

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um að verja útflutningsgjaldi af síld til hlutaruppbótar sjómönnum** (þmfrv., A. 80).

Á 11. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Sjútvn. flytur þetta frv. eftir tilmælum ríkisstj., en einstakir nm. hafa óbundnar hendur með að bera fram brtt. við frv.

Eins og frv. ber með sér, miðar það að því að bæta nokkuð upp hlut þeirra manna, sem stunduðu síldveiðar á síðastl. sumri, sem í mörgum tilfellum var mjög lágur. Nú hefir það verið svo, að útflutningsgjald af síld hefir verið miklu hærra en af öðrum sjávarafurðum. Það liggur nú fyrir þinginu frv. um að breyta þessu þannig, að það verði eins og af fiski og öðrum útfluttum sjávarafurðum. Að þessu sinni er till. um, að mismuninum á því útflutningsgjaldi, sem greitt er af síld, og venjulegu útflutningsgjaldi verði varið til uppbótar á hlut sjómanna, sem stunduðu síldveiðar síðastl. sumar, af því að síldarverðið lækkaði í sumar niður í 5 kr. á tunnu. Nú mætti líta svo á, að eitthvað af þessari endurgreiðslu ætti að ganga til útgerðarmanna, en í raun og veru er hér um tollendurgreiðslu að ræða, þó það sé kölluð hlutaruppbót. En svo ef litið er á það, að það var mikið samtakaleysi útgerðarmanna að kenna, að síldarverðið var ekki hærra en það var, þá er sanngjarnt, að uppbótin gangi öll til sjómanna.

Í öðru lagi eru skráningarkjör sjómanna, a. m. k. hér í Reykjavík, þannig, að ef tollurinn fæst endurgreiddur, verða útgerðarmenn að greiða 7 kr. fyrir tunnuna, svo það kemur nokkuð í sama stað niður, hvor leiðin yrði valin. Sú uppbót, sem hér er um að ræða, nemur sennilega um 120 þús. kr., eða eitthvað þar um bil, og yrði það um 100 kr. á hlut, eftir því hve mikið menn hafa aflað. Í öðru lagi mætti líta svo á, að sanngjarnt væri, að þeir, sem minnst fiskuðu, fengju hæsta uppbót, en hér er í rauninni um endurgreiðslur eftir hlutaskiptum að ræða, og það yrði litið svo á, ef það yrði jafnað þannig, að þeir fengju mest, sem minnst hefðu aflað, þá væri verið að taka af þeim, sem hefðu aflað sæmilega og leggja til þeirra, sem lítið hefðu aflað. Það er þess vegna í fullu samræmi við hlutaskiptin að veita uppbótina eins og gert er ráð fyrir í frv., enda er frv. samið í samráði við fulltrúa frá sjómannafélaginu.

Læt ég svo útrætt um þetta mál að sinni og óska, að því verði vísað til 2. umr. og að það fái sem greiðastan gang í gegnum þessa hv. deild.

**Sigurður Kristjánsson:** Eins og hv. frsm. tók fram, þá flytur sjútvn. þetta mál fyrir hæstv. ríkisstj. Það er í samræmi við skoðun allra nm.,

að það sé ekki réttmætt að taka einstakar tegundir út úr af fiskafurðum og leggja á þær útflutningsgjald eftir magni, heldur að það eina réttmæta sé, að tollurinn sé miðaður við verðmæti.

Nú er á leiðinni hér í þinginu frv., sem fer í þá átt að gera síldartollinn að verðtolli. En ekki er hægt að taka tillit til þessa frv., þó að lögum yrði, fyrir útflutning yfirstandandi árs. Það er þess vegna, ef eitthvað á að gera í þá átt að breyta þessum tolli í verðtoll, að þá þarf að gera það með sérstökum lögum, og þetta frv. mun eiga að bjarga þessu máli við. En það er bert af frv. sjálfu, að hér er ekki um endurgreiðslu að ræða. Í fyrsta lagi er fyrirsögn frv. þannig, að þessu skuli varið til hlutaruppbótar handa sjómönnum, og ég leit líka svo á, að með þessu ætlaði hæstv. ríkisstj. að bæta upp þann hörmulega lága hlut, sem fjöldi sjómanna á síldveiðiskipum bar frá borði síðastl. sumar. Ég tel það vel farið, að hæstv. stj. sér sér fært að fórna þessu fé, og það situr ekki á mér að standa á móti því, að þessum tolli verði breytt, sem hefir rýrt svo hlut bæði sjómanna og útgerðarmanna. En af því að þetta er ekki í eðli sínu endurgreiðsla á tolli, heldur uppbót til sjómanna, þá get ég ekki né samflokksmaður minn í n., hv. þm. Vestm., fallizt á, að þessari uppbót sé skipt niður eftir þeim reglum, sem gert er ráð fyrir í frv. Ef um endurgreiðslu á tolli er að ræða, gengur hann til eigenda síldarinnar, en öll tvímæli ætla ég að tekin séu af um það, að hér sé um styrk að ræða, af því að það á að skipta þessu niður á þá af eigendum síldarinnar, sem unnið hafa á skipunum.

Nú segir í 4. gr., að skipta skuli þessari uppbót í hlutfalli við þá veiði, sem skipin lögðu á land til söltunar, þannig að sjómenn fái uppbót miðað við tunnutölu veiðinnar, þar sem þeir voru ráðnir upp á hlut. Afleiðingin verður sú, að þeir, sem mest hafa borið úr býtum yfir síldveiðitímann, fá stærsta uppbót, en þeir, sem gengið hafa frá borði með mjög lítilfjörlegan hlut, fá litla sem enga uppbót. Þetta vona ég, að hv. þm. sjái, að er rangt hugsað, þar sem þetta á að gera hina rýru hluti viðunanlegri. Að áliti okkar hv. þm. Vestm. ætti uppbótin að vera í öfugu hlutfalli við þann arð, sem sjómennirnir hafa haft af sumrinu. Eftir því, sem ég hefi heyrt, hafa hásetar á síldveiðiskipunum komizt hæst í 700 til 800 kr. hlut. Hafa þó sennilega mjög fáir komizt yfir 600 kr. Svo hafa aftur sumir ekki haft nema 100 kr. hlut. Það er bersýnilegt, að þessir menn, sem margir eru fjölskyldumenn, hafa farið þannig út úr vertíðinni í sumar, að full ástæða er til að bæta þeim það upp. Hitt verður aftur að teljast sómasamlegur arður hjá þeim, sem hafa fengið 600 til 800 kr. hlut eftir tvo mánuði, eða a. m. k. minni ástæða til að veita þeim uppbót.

Ég vildi taka þetta fram f. h. okkar hv. þm. Vestm., að þó við höfum gerzt meðflm. frv., þá áskiljum við okkur rétt til þess að bera fram brtt. við 2. umr. málsins, a. m. k. við 4. gr.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Eins og frv. er nú útbúið, ber það raunar með sér, að hér er um endurgreiðslu að ræða, þó hv. 6. þm. Reykv. vilji ekki fallast á það. Það er tekið fram, að verja skuli mismuninum á núv. útflutningsgjaldi af síld og venjulegu útflutningsgjaldi eins og það er af öðrum fiski til hlutaruppbótar. Upphæðin er þannig tiltekin vegna þess, að hér er í raun og veru um endurgreiðslu að ræða. Það er einnig tekið skýrt fram um þetta í grg. frv., svo það er óþarfi fyrir hv. 6. þm. Reykv. að vera að neita því. Hlutaskiptin hafa frá öndverðu verið skilin svo, að sá, sem ætti hlut í afla, ætti að fá fullt verðmæti hans, og því mundi það verða beinlínis skoðað sem rán og algerlega óréttmætt, ef Alþingi færi að breyta til í þessu tilfelli. Ég segi þetta út af væntanlegum brtt., sem fram kunna að koma um þetta efni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 80, 130).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 130. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég var búinn að ræða þessar brtt. hér áður, og þarf þar litlu við að bæta.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, er þetta frv. flutt fyrir stj., og eins og ég tók þá fram, leggur stj. þar til, að mismuninum á útflutningsgjaldi af síld, veiddri síðastl. sumar, og venjulegu útflutningsgjaldi, eins og það er á öðrum fiski, verði varið til hlutaruppbótar sjómönnum, sem stunduðu síldveiðar í sumar á innlendum skipum til verkunar og útflutnings. Nú er það svo, að hlutur manna á þessum veiðum hefir á síðasta sumri verið mjög mismunandi, og ég geri ráð fyrir, að fyrst hæstv. ríkisstj. sér sér fært að greiða úr ríkissjóði sem svarar um 120 þús. kr. í þessu skyni, þá sé það fyrir það, að hún álíti, að hlutur sjómanna hafi verið svo rýr síðastl. sumar, að það sé fullkomlega réttmætt að fórna til bóta á því lögboðnum tekjum ríkissjóðs. En svo undarlega vill til, að hæstv. stj. sjálf hefir í frv. lagt til, að styrk þessum sé úthlutað þannig, að hann falli mest til þeirra, sem mestan hlut hafa haft, en minnst til þeirra, sem minnstan hlut hafa fengið við síldveiðarnar. Þessi rök held ég sé óhætt að segja, að stangist algerlega.

Ég get vel hugsað, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki hugsað nóg út í þetta mál, og að þess vegna geti þetta stafað af fljótfærni. Sjútvn. gat nú ekki orðið sammála um þetta. Raunar er þetta ekki kappsmál af hendi meiri hl. í n. En okkur hv. þm. Vestm., sem erum minni hl. n. um þetta atriði, hefir virzt, að tilganginum með því að bæta upp óviðunandi hlut sjómanna verði því aðeins náð, að uppbótin gangi mest til þeirra manna, sem lægstan hafa hlutinn haft. Þess vegna er brtt. okkar fram komin.

Enginn hefir andmælt því, að þessi hlutaruppbót sé nauðsynleg. Vænti ég þess vegna, ef hv. þdm. á annað borð ganga inn á það, að uppbótina beri að greiða, að þeir þá einnig verði

svo sanngjarnir að samþ., að henni verði úthlutað eftir till. okkar hv. þm. Vestm., þannig, að hún geti orðið til þess, að hlutir sjómanna geti orðið viðunanlegir yfirleitt.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Það er rétt, að þetta frv. er flutt vegna þess, að það er álitið, að hlutur sjómanna hafi síðastl. sumar verið of lítill. En jafnframt er það flutt af því, að það hefir verið álitið, að útflutningsgjaldið af síldinni hafi verið óréttlátt. Alþfl. hefir hvað eftir annað reynt að fá þessu kippt í lag. En það hefir ekki gengið þrátt fyrir það, þótt flokkur hv. 6. þm. Reykv. hafi haft meirihl.aðstöðu hér á þingi og talið sig sérstaklega vilja sjá um hagsmuni sjávarútvegsmanna. Nú liggur hér fyrir í þessari hv. d. frv. til l. um að útflutningsgjaldið af síldinni verði eins og á öðrum sjávarafurðum, m. ö. o., að því verði breytt í verðgjald. Ég lít nú svo á, og þeir, sem sömdu frv. þetta, sem voru ráðamenn sjómannafél. hér í Rvík, að þetta beri að skoða sem endurgreiðslu og að sjómönnum beri að fá hana í hlutfalli við þá tunnutölu, sem þeir hafa veitt til söltunar á þessu ári. Það var litið svo á af forráðamönnum sjómannafél., að það væri beinlínis rangt að leggja annað til grundvallar fyrir úthlutun hlutaruppbótarinnar heldur en venjuleg hlutaskipti, sem eiga sér stað á meðal sjómanna. Ég mótmæli því þessari brtt. á þskj. 130 og óska, að frv. verði vísað óbreyttu til 3. umr.

**Jóhann Jósefsson:** Það er víst, að fulltrúar Sjálfstfl. hér á þingi, sem sæti áttu í sjútvn., hafa engu síður — og þó miklu fremur — en fulltrúar Alþfl. unnið að því að fá nokkurt réttlæti í útflutningsgjaldið, að því er snertir síldarafurðir. Mér finnst þess vegna — þó að ég vilji nú ekki vekja deilur um þetta —, að hv. þm. Ísaf. hefði getað sparað sér það að reka hníflana í Sjálfstfl. út af þessu máli sérstaklega.

Út af brtt. vil ég segja það, að mér virðist það liggja alveg ljóst fyrir, hvernig úthluta skuli hlutaruppbót þeirri, sem hér ræðir um, þ. e. a. s. ef í því efni á að fara eftir því, sem sanngjarnt er, ef þetta á að verða sannkölluð hlutaruppbót. Þá á að haga úthlutun uppbótarinnar svo sanngjarnlega, að þeim sé bætt mest upp, sem minnstan hafa haft hlut og því hafa orðið verst úti á vertíðinni í sumar, eins og við hv. 6. þm. Reykv. leggjum til í brtt. okkar. Ég hygg, að enginn hv. þdm. treystist til að mæla á móti því, að þessir menn hafi mesta þörfina á hlutaruppbótinni fyrir sig og sín heimili. En það, hvað forráðamenn sjómannafél. í Rvík og Hafnarfirði vilja um þetta atriði, hefir engin áhrif á það, hvað sanngjarnt er og rétt í þessu máli. Og þessir fulltrúar, þótt þeir ráði miklu í sínum félagsskap, geta þó tæplega skoðazt bærir til að segja þm. fyrir um gerðir sínar. Þrátt fyrir vilja sjómannafél. hlýtur þó hver þm. að gera það, sem honum finnst réttast í málinu, og það hefi ég bent á. Við, sem í verstöðvunum búum, vitum, hvor hefir meiri þörf á uppbót, sá, sem kemur heim úr vertíð með sæmilegan hlut, eða hinn, sem kemur heim tómhentur.

**Sigurður Kristjánsson:** Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að Alþfl. hefði sífellt verið að bera fram till. um lækkun útflutningsgjalds af síld, vil ég taka það fram, að ég hefi alls ekki orðið var við það. Hitt er mér kunnugt, að það eru einmitt sósialistar, sem barizt hafa mest fyrir því, að útflutningsgjöld af sjávarafurðum væru óvægileg, og hefir það verið vegna fjandskapar gegn einkarekstri. Þennan áhuga fyrir lækkun útflutningsgjalds af síld hefi ég, því miður, ekki orðið var við hjá þessum hv. þm. fyrr en hann fór sjálfur að gera út til síldveiða.

Það er bersýnilegt, að þeir menn hafa mesta þörf á þessari uppbót, sem minnst hafa haft upp úr sumarvertíðinni, og þeir eiga því helzt að fá uppbótina. Þetta gjald, sem auðvitað er tollur, á því í framtíðinni að falla til þeirra manna allra, sem síld eiga, þ. e. útgerðarmanna, þó að það sé ekki meiningin með þessu frv. Ég veit aðeins eina ástæðu, sem getur gert þessa framkomu hv. þm. Ísaf. skiljanlega, þótt hún réttlæti hana auðvitað ekki. Og ástæðan er sú, að hásetar þeirrar útgerðar, sem þessi hv. þm. veitir sjálfur forstöðu, hafa fengið háan hlut á síldveiðunum í sumar og myndu því græða á þessu á kostnað annara sjómanna í landinu, sem minna hafa borið úr býtum í sumar. En slík pólitísk eigingirni er með öllu ósæmileg í þessu máli. Þetta er ópólitískt mál í eðli sínu, og framkvæmd þess á að fara eftir þörfum og réttlætiskröfum fátækra sjómanna, en ekki eftir pólitískum hagsmunum hv. þm. Ísaf.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég get látið hinar persónulegu aðdróttanir hv. 6. þm. Reykv. til mín liggja milli hluta. En út af þeim fullyrðingum hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv., að Sjálfstfl. hafi jafnan verið fylgjandi því, að útflutningsgjald á síld yrði fært niður í verðtoll, vil ég benda á þá staðreynd, að Sjálfstfl. hefir undanfarin þing verið nægilega mannmargur til að koma þessu fram, en þó ekki hreyft til þess legg eða lið. Það er fyrst þegar jafnaðarmenn eru komnir í stjórnaraðstöðu, að þessari sjálfsögðu breyt. er komið í framkvæmd. Þeir sjálfstæðismenn, sem setið hafa á undanförnum þingum, vita vel, að þetta er rétt.

Það má ef til vill líta á frv. með tvennu móti, sem styrk eða sem endurgreiðslu, og þá er það algert brot á öllum venjum um hlutaráðningu, að þeir fái mest, sem minnst afla. Og eftir þeim skoðunum, sem sjálfstæðismenn sjálfir hafa haldið fram hingað til, ætti það að verða til þess, að aflamennirnir legðu árar í bát, að þeir væru látnir bera minna úr býtum en þeim ber. Það er engin sönnun fyrir því, að hér sé ekki um endurgreiðslu að ræða, að ekkert af tollinum á að renna til útgerðarmanna. Því að samkv. samningum milli sjómanna og útgerðarmanna síðastl. vor hefðu útgerðarmenn orðið að greiða sjómönnum hlut úr 7 kr. afla, hefði tollurinn verið endurgreiddur útgerðarmönnunum sjálfum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál. Hv. þm. haga atkv. sínu um það eftir því, hvort þeir álíta, að hér sé um styrk eða endurgreiðslu að ræða, og hvort þeir álíta,

að Alþingi eigi að ganga inn á þá braut að jafna hlut milli sjómanna þvert ofan í allar hlutaskiptareglur.

**Ólafur Thors:** Ég vil taka það fram, að Sjálfstfl. hefir staðið um það næstum óskiptur í mörg ár að lækka síldartollinn niður í venjulegt útflutningsgjald. En þeir gátu ekki fengið jafnaðarmenn í lið með sér til að fá því framgengt, vegna sambands þeirra við Framsfl., því að þá var ekki enn svo komið, að sósialistar réðu alveg yfir þeim flokki eins og nú.

Það er alveg tvímælalaust, að hér er um styrk að ræða, en ekki endurgreiðslu. Það er fullvíst, að ef útkoman hjá sjómönnum hefði ekki orðið eins bágborin eftir síldarvertíðina og raun varð á, þá hefði frv. þetta ekki komið fram, eða a. m. k. ekki náð lögfestu, svo þröngur sem fjárhagur ríkissjóðs nú er. En nú hefir útkoma sjómanna eftir sumarútgerðina reynzt svo slæm, að rétt og óhjákvæmilegt hefir þótt að bæta þeim hið lélega hlutskipti þeirra upp að einhverju leyti. Og um leið og í sambandi við þá uppbót hefir svo þótt sjálfsagt að nota tækifærið til að fella niður hinn óvinsæla og rangláta síldartoll. Hinsvegar er það alveg rétt, að það hefir jafnan verið skoðun Sjálfstfl. og er það enn, að menn eigi að bera arð úr býtum í hlutfalli við afla sinn. Með því er ætlað að hvetja til framtaks. Og sömu skoðun myndi flokkurinn hafa í þessu máli, ef hér væri um ákvarðanir að ræða, sem gilda ættu eftir á. En þessar ráðstafanir eiga að verka aftur í liðinn tíma, og það gerir allan muninn.

Ef hv. þm. Ísaf. vísar frá sér þeirri tilgátu hv. 6. þm. Reykv., að afstaða hans í þessu máli byggist á því, að bátar hans hafi aflað vel í sumar, þá bið ég hann að koma með aðra ástæðu. En eins og hér stendur á, þegar verið er að veita sjómönnum einskonar hjálp vegna atvinnubrests, er auðvitað ekkert vit né sanngirni í öðru en að hjálpin komi niður þar, sem hennar er helzt þörf. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hv. deild taki þá stefnu að veita hásetum hv. þm. Ísaf. stórfelld fríðindi á kostnað annara fátækra sjómanna.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Það er algerlega rangt, sem hér hefir verið haldið fram af hv. þm. G.-K., að þetta frv. hefði ekki komið fram, hefði afkoma sjómanna orðið betri í sumar en hún reyndist. Hv. þm. G.-K. er vel kunnugt, að afnám síldartollsins var eitt af samningsatriðum Alþfl. og Framsfl., og þeir samningar voru gerðir áður en útséð var um útborgun hjá sjómönnum eftir síldveiðitímann. **(ÓTh:** Ég var ekki við þær samningagerðir). Nei, en ég veit, að þessi hv. þm. er svo áhugasamur um stjórnmál, að hann hefir lesið þá samninga, svo að hann þarf ekki í þessu efni að skjóta sér undir neitt ættgengt minnisleysi.

**Ólafur Thors:** Ég get nú sagt þessum hv. þm., að ég fylgist með því, sem gerist í stjórnmálunum fullt eins vel og hann, að vísu með töluvert minni fyrirhöfn, þótt ég þykist ekki skyldugur til að lesa allt, sem hann og hans nótar klóra á pappírinn.

En vill þessi hv. þm., sem veður uppi með skæting hér í d., svara því, hvaða réttlæti er í því að greiða þeim sjómönnum, sem hæstan hlut hafa haft, ef til vill tíu sinnum hærri fjárhæð en þeim, sem minnst hafa aflað og eiga nú að mæta vetrinum bjargarlausir? Þorir hann að standa hér upp einu sinni enn og segja, að þetta sé sanngirni?

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég svara því einu, að þetta er endurgreiðsla, og samkv. öllum reglum um hlutaskipti á hún að skiptast milli sjómanna eftir afla þeirra.

**Jóhann Jósefsson:** Síldartollurinn hefir hingað til verið borinn uppi af þrem aðilum: útgerðarmönnum, síldarsaltendum og sjómönnum. Ef hér er um endurgreiðslu að ræða, hefði hún átt að renna til allra þessara aðilja, en svo er ekki. Útgerðarmenn og síldarsaltendur hafa fallizt á, að tollurinn gengi óskiptur til sjómanna, einmitt vegna hinnar bágu útkomu í sumar, enda eru sjómenn svo illa haldnir eftir sumarið, að margir þeirra hafa þegar leitað á náðir hins opinbera. Það er því alveg sjálfsagt, að þeir fái mest, sem harðast hafa orðið úti, hvort sem litið er á þetta frá réttlætissjónarmiði eða hagsmunasjónarmiði þjóðfélagsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 130,1 samþ. með 16:12 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 130,2 felld með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PHalld, PO, SK, TT, BB, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh.

**nei:** SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, ÞörB.

4.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 15. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 144, 145).

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 145 við frv. það, sem hér liggur fyrir. Við 2. umr. þessa máls hér í d. spunnust nokkrar umr. um það, hvernig ætti að skilja greiðslu þá, sem frv. gerir ráð fyrir úr ríkissjóði til handa sjómönnum. Hv. þm. Ísaf. hélt því fram, að greiðsla þessi væri hlutaruppbót og mætti því skoðast sem endurgreiðsla úr ríkissjóði til sjómanna, og bæri því þeim sjómönnum mest, sem heppnastir hefðu verið og aflað bezt. Ég fyrir mitt leyti get ekki fallizt á, að þessi skoðun sé rétt. Greiðsla þessi er gerð um alla skyldu fram og því samningsatriði við löggjafann, að sjómenn fái þetta

fé. Væri hér um endurgreiðslu að ræða, þá ætti féð vitanlega að greiðast til þeirra, sem áður hafa greitt það, og því ekki aðeins til sjómanna, heldur og til síldarsaltenda og útflytjandans. Þar sem því hér er um að ræða endurgreiðslu, er engin skylda að greiða þeim mest af fé þessu, sem bezt hafa aflað.

Þá eru aðrir, sem halda því fram, að hér sé um að ræða styrk til sjómanna, og því eigi þeir að fá mest, sem aflað hafa minnst, svo allir beri sem jafnastan hlut frá borði að vertíðarlokum. Ég get heldur ekki fallizt á, að þetta sé rétt, því að þá þyrftu að liggja fyrir upplýsingar um ástæður og efnahag hlutaðeigandi manna, því að ekki getur ríkisvaldið farið að ganga inn á þá leið, að styrkja þá, sem ekki þurfa styrks með. Það getur því ekki talizt rétt að kalla þetta styrk. Mér virðist því, að hér sé um það eitt að ræða, að menn hafi orðið ásáttir um, að útflutningsgjald af síld væri ósanngjarnt, en að það hafi orðið að innheimta það sökum ákvæða laganna, og því sé rétt, að það gangi til sjómanna. Ég hefi því komið með brtt., sem tryggir það, að féð skiptist sem réttlátast á milli sjómannanna. Brtt. mín hljóðar svo: „Uppbótin er aðeins til skipverja, sem tekið hafa hlut úr síldarafla, veiddum til söltunar eða sérverkunar, og skal hún skiptast jafnt milli þeirra án tillits til hlutaruppbótar hvers skipverja, þó þannig, að tillit skal tekið til þess, hvern tíma skipverjinn vann við veiðina.“ Þetta finnst mér réttlátt og sanngjarnt, að því fé, sem greitt er úr ríkissjóði umfram skyldu, skuli skipt jafnt á milli, því að vart mun hægt að finna góð rök fyrir því, að það sé sanngjarnt, að sá, sem aflað hefir 1000 kr., skuli fá 10 sinnum meira en hinn, sem aðeins hefir aflað 100 kr. Með því að skipta fé þessu eins og ég legg til fá allir jafnt, eins og þeir hafa rétt til, og því ekki hægt að segja, að einum hafi verið ívilnað frekar en öðrum.

Þá á ég á sama þskj. brtt., er snertir skipun n. þeirrar, sem úthluta á fé þessu. Frv. gerir ráð fyrir, að n. þessi sé skipuð einum manni frá Sjómannafélagi Hafnarfjarðar, einum frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, og þann þriðja skipi ríkisstjórnin. Ég legg aftur á móti til, að í stað þess að Sjómannafélag Hafnarfjarðar tilnefni einn manninn, þá skal hann útnefndur af útgerðarmannafélagi Akureyrar. Ég get vel hugsað mér, að ýms önnur stéttarfélög hafi eins mikla ástæðu til þess að fá mann í n. eins og þessi, en ég tel bara enga ástæðu að hafa hana skipaða fleiri en þremur mönnum. Að láta tvö sjómannafélög hér sunnanlands útnefna menn í n. þessa, er vitanlega ekkert réttara heldur en t. d. að láta sjómannafélög Akureyrar eða Siglufjarðar útnefna þá. En ég tel sanngjarnt, að útgerðarmenn fái einhvern íhlutunarrétt í þessu máli, og fyrir því legg ég til, að útgerðarmannafélag Akureyrar útnefni einn manninn. Útgerðarmennirnir hafa hér nokkurra hagsmuna að gæta og munu því vilja fylgjast með því, hvernig fénu er úthlutað.

**Jón Pálmason:** Ég hefi ekkert blandað mér í þetta mál, en vil þó ekki láta það fara út úr d. án þess að segja skoðun mína á því, einkum vegna þess, að svo virðist sem ég hafi nokkra sérstöðu í afstöðu til þess. Það má með sanni segja, að ýms undarleg mál hafi komið fram á þessu þingi, en þetta mun þó einna undarlegast. Það hefir ekki verið farið dult með það, að fjárhagur ríkissjóðs væri ekki góður, og hefir hæstv. fjmrh. hvað eftir annað látið það í ljós undir umr. hér í þinginu, og er enda kunnugt af öllum þeim gögnum, sem fyrir þinginu liggja. Þeim mun undarlegra er það, að stj. skuli leggja það til, að farið sé nú að taka 120 þús. kr. af tolltekjum ríkissjóðs og skipta því á milli sjómanna, að því er virðist án allra nauðsynja. Ég skal fúslega játa, að ég hefi verið þeirrar skoðunar og er enn, að há útflutningsgjöld á framleiðslu landsmanna séu ósanngjörn, og get því vel fylgt till. til breyt. á þeim, en hitt finnst mér undarlegt, að fara að láta slíkar breyt. verka aftur fyrir sig, eins og hér á að gera.

Að hér geti verið um endurgreiðslu að ræða, verður að teljast mjög vafasamt, þar sem þeir eiga ekki að fá peningana, sem hafa greitt þá áður, sem í þessu tilfelli eru útgerðarmenn og að nokkru leyti sjómenn. Ef gengið yrði inn á þá braut, eins og hér er stefnt að, að láta breyt. á tolla- og skattalöggjöfinni verka aftur fyrir sig, myndi óhjákvæmilega verða erfitt að hafa hemil á þessum hlutum, og tel ég því, að löggjafarvaldið verði að forðast slíkt, því margt mjög fáránlegt mundi af því leiða. En verði nú að því horfið að greiða fé þetta úr ríkissjóði, þá hefði ég talið réttara að verja því til einhverra hagsbóta fyrir síldveiðimennina í komandi tíð heldur en að skipta því á milli þeirra nú. Það hefði verið miklum mun eðlilegra, þar sem líka engar upplýsingar liggja fyrir um það, að þeir sjómenn, sem síldveiði stunduðu síðastl. sumar, hafi á nokkurn hátt haft lakari atvinnu en aðrir sjómenn og verkamenn þessa lands. — Að síðustu skal ég taka það fram, að ég tel brtt. hv. 8. landsk. sanngjarnar, ef ganga á inn á þessa braut, en eðlilegast teldi ég, að frv. yrði fellt, og mun hiklaust greiða atkv. gegn því.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Hv. þm. A.-Húnv. kom hér sem vænta mátti eins og álfur út úr hól. Hann talaði aðeins af því að hann þarf að tala í öllum málum, jafnt þeim, sem hann ber ekkert skyn á, sem hinum, er hann kann eitthvað að þekkja til. Mun ég því ekki svara honum neinu.

Út af ræðu hv. 8. landsk. mun ég víkja nokkuð að sögu þessa máls. Það var þegar í vor, að ýms félög í Alþýðusambandi Íslands skoruðu á það að reyna að fá því til vegar komið, að sjómönnum, sem síldveiði stunduðu, yrði tryggt 7 kr. lágmarksverð fyrir hverja tunnu síldar. En sakir þess, að ýmsir síldarspákaupmenn höfðu þegar selt síld sína fyrir 5 kr. tunnu, treystust útgerðarmenn ekki að verða við þessari kröfu. Stóð því þannig um tíma, að ekki leit út fyrir annað en að flotinn stöðvaðist. Þá var það, að Alþýðufl.menn tóku það ráð, að spyrjast fyrir um það hjá flokkunum, hvort

þeir vildu styðja að því, er til þings kæmi, að útflutningsgjaldið af síldinni yrði endurgreitt til sjómanna. Alþfl. var reiðubúinn að gera þetta, Framsfl. gaf loðin svör, en Sjálfstfl. vildi ekki gefa neinar yfirlýsingar fyrir sína ókosnu þm. Hér kom fram, eins og svo oft áður, tvískiptingur í Sjálfstfl. um það, að afnema þetta rangláta útflutningsgjald á síld, þessi sami tvískinningur, sem hefir orðið þess valdandi, að þetta rangláta útflutningsgjald er enn í l. Sjómenn, sem fóru á síldveiðar í vor, voru lögskráðir með því skilyrði, að fengist síldartollurinn endurgreiddur, þá greiddu útgerðarmenn hlut úr 7 kr., jafnvel þó ekki fengist nema 5 kr. fyrir tunnuna. Þetta þýðir, að útgerðarmenn gengu inn á, að sjómenn fengju allan síldartollinn, ef hann fengist endurgreiddur, og að honum yrði skipt milli sjómanna eftir því, hvað þeir öfluðu. Þess vegna er það einróma krafa sjómanna, að Alþingi afgr. þessi l. eins og frv. stj. liggur fyrir, og sú krafa styðst við þá lögskráningu, sem fór fram hér í Reykjavík.

Nú er það rangt hjá ýmsum, sem hafa haldið því fram, að þau skip, sem höfðu flesta tunnutölu af saltsíld, hafi endilega gefið hæstan hlut til sjómanna, því þó skip hafi saltað mikið, gátu þau hafa aflað lítið til bræðslu, svo hluturinn fer ekki nema að litlu leyti eftir því, hvað skipin hafa lagt mikla síld til söltunar. Ég get nefnt dæmi þess, ef óskað er.

Hv. 8. landsk. sagði, að þetta væri ekki styrkur til sjómanna og ekki endurgreiðsla, heldur fé, sem ætti að ganga til þessarar stéttar, en þrátt fyrir það treysti hann sér ekki til þess að neita því, að hér er í raun og veru um endurgreiðslu að ræða. Viðvíkjandi því, hvernig endurgreiðslunni skuli skipt, þá sé ég ekki ástæðu til að fallast á, að útgerðarmenn hafi hönd í bagga með því, en ástæðan fyrir því, að tiltekin eru sjómannafélög Rvíkur og Hafnarfjarðar, er sú, að á öllum skipum, hvaðan sem þau eru af landinu, eru meira og minna sunnlenzkir sjómenn, og það veit ég, að sjómannafélög annarsstaðar á landinu treysta vel þessum félögum til þess að sjá um réttláta úthlutun á þessari endurgreiðslu.

Það er kannske ástæða fyrir mig, áður en málið fer út úr d., að hrinda af mér persónulegum ámælum, sem tvítekin hafa verið hér af hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K., en þau eru á þá leið, að ég hafi viljað láta skipa þessu svona, af því að sjómenn á þeim skipum, sem ég veiti forstöðu, hafi saltað mikið af síld. Ég lét þetta fyrst sem vind um eyrun þjóta, en þegar farið er að endurtaka þetta í blöðum Sjálfstfl. og bæta því við, að ég vildi hafa þetta svona til þess, að útgerðarfélag það, sem ég stjórna, gæti barna kræ̈kt í nokkra tugi þúsunda, þá hlýt ég að bera þetta af mér. Þeir vita það vel, hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K., að það er alveg tilhæfulaust, að nokkur útgerð á landinu, og þá ekki frekar samvinnufélag Ísfirðinga, geti fengið nokkurn eyri af þessari endurgreiðslu. Hinsvegar veit ég ekki, hvort það er sagt móti betri vitund eða af því að hv. þm. vita ekki betur, að skip samvinnufélagsins hafi saltað meira af síld en önnur skip, en rangt er það. Meðalsöltun á skip var í sumar 2400—2500 tunnur, en skip samvinnufélagsins söltuðu að jafnaði 2000 tunnur hvert. Ég verð að taka þetta fram til þess að hrinda af mér þessum ámælum, sem komið hafa fram hér í d. hvað eftir annað frá þessum 2 hv. þm. Og ég mætti kannske í þessu sambandi gefa hv. þm. G.-K. það ráð, að vera ekki alltaf að gera sér að skyldu að ítreka þær aðdróttanir, sem hv. 6. þm. Reykv. hefir um hönd í garð andstæðinga sinna. Hv. 6. þm. Reykv. varð einu sinni meðritstjóri Morgunblaðsins — en aðeins nokkra daga; hann þótti svo skömmóttur og ósvífinn, að Morgunblaðsmenn treystu sér ekki til að hafa hann í þeirri stöðu. Þess vegna finnst mér, að form. Sjálfstfl. ætti í þessu efni að taka sér Morgunblaðseigendur til fyrirmyndar og vera ekki stöðugt að endurtaka þær aðdróttanir, sem hv. 6. þm. Reykv. kann að hafa í frammi við andstæðinga sína, því líklega í öllum tilfellum eru þær tómur uppspuni. Það mætti ætla, að svo stór flokkur sem Sjálfstfl. er, hafi kosið sér þennan þm. sem formann sinn í öðru skyni en því, að hann ætti að grípa á lofti og margfalda allar persónulegar aðdróttanir og svívirðingar, sem flokksmenn hans hér á þingi kunna að beina til sinna andstæðinga.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að sinni. En ég vil ítreka það, að það er krafa sjómanna, að þessi úthlutun fari fram eins og gert er ráð fyrir í frv., og þessi krafa þeirra byggist á þeirri lögskráningu, sem hér hefir farið fram á skipum sunnanlands.

**Sigurður Kristjánsson:** Það var með réttu fundið að því við síðustu umr., að sífellt væru að koma fram frv. um fjárhagslega hluti, án þess að nokkur grg. fylgdi fyrir því, hvað þau mundu gefa miklar tekjur eða valda miklum útgjöldum. Þetta er satt að því er stjfrv. áhrærir. Er það óforsvaranlegt, að reyna ekki að gera þm. nokkurn veginn grein fyrir því, hvað þurfi að sækja marga tugi þúsunda kr. í vasa gjaldþegnanna. En að því er þetta mál snertir, sem upphaflega er komið frá stj., verð ég þó að bera hönd fyrir höfuð henni, og mér þá líka um leið, af því að sjútvn. hefir flutt frv. fyrir stj. Það var ekki svo þægilegt að gera sér grein fyrir kostnaði af þessum lögum, þar sem engar skýrslur lágu fyrir, er sýndu nákvæmlega, hvað þetta yrðu mikil útgjöld. Ég get vel skilið það, að menn eins og hv. þm. A.-Húnv. séu mjög óánægðir með að kasta svona úr ríkissjóði yfir 100 þús. kr. En það er svo, eins og tekið hefir verið fram hér í umr., að þessi skattur hefir alltaf þótt ósanngjarn, og hefir líka verið það. Útflutningsskattur af sjávarafurðum er ósanngjarn, þegar rekstrarhalli er á útgerðinni, en þessi skattur er sérstaklega ósanngjarn vegna þess, að hann er ekki verðskattur, heldur miðaður við magn.

Ég vil þá víkja dálítið að því leiða máli, sem hv. þm. Ísaf. vék að mér. Hv. þm. er sýnilega móti betri vitund fullur ásakana á aðra, því sjálfur er hann stórsekur í þessum efnum. Ég hefi oft borið fram þá till. og skrifað í blöð

kröfur um að færa þennan skatt niður í verðskatt. En ég hefi aldrei heyrt rödd um það frá sósialistum fyrr en þeir fóru sjálfir að gera út. Hv. þm. Ísaf. fer fyrst að vera réttlátur, þegar hann hefir hagsmuni af því, og hygg ég, að svo muni vera um hann í flestum málum. Það er alger óþarfi fyrir hann að vera að gera sig breiðan hér; hann hefir ekki þá fortíð, að hann geti sannfært hv. þm. um það, að það sé réttlætistilfinning hans, sem ræður orðum hans og gerðum. Það þarf ekki að vera með neinar ágizkanir um slíka hluti, því það er vitanlegt, að sósialistar, rauða samfylkingin, hefir alltaf ofsótt útgerð landsmanna af fjandskap við þann atvinnurekstur, og eitt m. a., sem notað hefir verið til þess að koma honum á kné, er skattaálagning þessi, og ég held, að þessi hv. þm. hafi ekki viljað standa öðrum aftar í því. En hitt kann að vera, að honum hafi verið veitt minni athygli, af því að hann hefir nú ekki þótt neinn bergrisi á sviði þjóðmálanna.

Ég hefi leitað mér upplýsinga um það, hvað þetta mundi vera mikið fé, sem ríkissjóður yrði að greiða út. Eftir þeim skýrslum, sem ég hefi fengið, þá var búið að verka til útflutnings 22. sept. 216760 tunnur. Nú hefir síldin verið seld misjöfnu verði; hefir tunnan komizt upp í 45 kr. og allt niður í 20 kr., og eftir því, sem mér hefir verið sagt, mun ekki vera fjarri lagi, að til jafnaðar hafi tunnan verið seld á 30 kr. Verðskattur í samræmi við það, sem er á öðrum útfluttum sjávarafurðum, 1½%, mundi svara til 45 aur. á hverja tunnu, en útflutningsgjaldið er 1 kr. Mismunurinn er því 55 aur. á hverja tunnu, og mundi nema í allt 120 þús. kr. Ég hefi ekki getað fengið glöggar skýrslur og alls ekki getað fengið skýrslur um það, hver hlutur háseta hafi verið, en mér hefir verið sagt af kunnugum mönnum, að þeir alhæstu hafi komizt upp í 800 kr., en þess munu þó fá dæmi, og þeir lægstu munu jafnvel hafa komizt niður í 100 kr. Um mannfjöldann á skipum þessum er mér ekki alveg kunnugt, en gufuskip auk togara munu hafa verið um 30 og mótorskip um 60 að tölu. Á þessum skipum hafa verið upp á hlut 1200 manns. Sumt af þessum skipum, línuveiðararnir, hafa fiskað mikið til í bræðslu, svo gera má ráð fyrir, að eitthvað af þeim dragist frá, en til jafnaðar mun koma á annað hundrað kr. á mann.

Ég skal lýsa því yfir, að eftir að till. mín og hv. þm. Vestm. er fallin með 1 atkv. mun, þótt hún hefði meirihl.fylgi í d., þá mun ég vera með till. hv. 8. landsk., því hún er talsvert í þá átt að vera rétt. Hún fer fram á það, að uppbótin skiptist jafnt milli allra án tillits til hlutaruppbótar hvers eins, en þó þannig, að tekið sé tillit til þess, hvern tíma skipverjinn vann við veiðina.

En það ætla ég að segja hv. þm. Ísaf., að þrátt fyrir að það sé hagsmunamál hans, að þeir, sem hæstan hlutinn hafa fengið, fái hæsta uppbótina, þrátt fyrir þá aðstöðu hans, sem gerir hann óhæfan til þess að taka þátt í meðferð þessa máls, þá er óhætt að fullyrða, að út um land yrði þingið blátt áfram hlægilegt, ef það færi að útdeila styrk til sjómanna eftir þeim hlutföllum, sem farið er fram á í frv. Það er greinilegt, að þessar greiðslur úr ríkissjóði geta ekki byggzt á öðru en þörf mannanna, sem við fénu eiga að taka, og þessi þörf hlýtur að vera þeim mun meiri, sem þeir hafa borið minna úr býtum fyrir vinnu sína. Mér fyndist það skoplegt, þar sem í frv. stendur, að þetta eigi að vera til uppbótar vegna hörmulegrar afkomu sjómanna eða rýrs hlutar, sem þeir hafa borið frá borði, ef uppbótin ætti að vera því minni, sem sjómenn hafa farið verr út úr því. — Ég vona því, að hv. þm. geti gengið inn á miðlunartill. hv. 8. landsk., því það forðar okkur frá því að verða til athlægis um land allt.

**Jón Pálmason:** Ég get ekki látið hjá líða að segja örfá orð út af ræðu hv. þm. Ísaf. Hv. þm. sagði, að ég hefði komið eins og álfur út úr hól og ekki skilið, hvað hér var um að ræða. En hv. þm. gáði ekki að því að koma með neina fræðslu um það, sem ég ekki áður vissi. Þar af leiðandi eru þessi ummæli hans gersamlega tilefnislaus og furðulega ósvífin. Þessi hv. þm. ætti líka allra manna sízt að bregða um vanþekkingu eða mælgi, því af hvorutveggja er hann ríkari en flestir eða allir aðrir, sem sæti eiga í þessari deild. Að öðru leyti hefi ég ekkert honum að svara, því hann fór ekki út í það að sýna, að ég hefði á nokkurn hátt sýnt vanþekkingu mína á þessum hlutum, enda er þetta svo einfalt mál, að það liggur ljóst fyrir. Ég hefi að vísu enga sérþekkingu á síldveiðum, en ég hefi hlustað á umr. um þetta mál og fengið þær upplýsingar, sem hv. flm. hafa haft fram að færa, og eftir þeim upplýsingum virðist mér ekki nauðsyn fyrir hendi að kasta þessu fé úr ríkissjóði. Ég játa, að það er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að þessi tollur á útfluttri síld er ósanngjarn, en þar með sé ég ekki nauðsyn á því að láta lög um lækkun hans verka aftur fyrir sig, eins og hér er farið fram á.

Annars virðist það nokkurn veginn ljóst, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hvernig á þessu stendur. Hv. þm. Ísaf. vék að því, sem áður hefir verið upplýst og alkunnugt er, að um þetta hafi farið fram samningaumleitanir fyrir síðustu kosningar, sem hafi leitt til þess, að Alþfl. hafi gefið ákveðin loforð, Framsfl. um þessa greiðslu loðin svör, en Sjálfstfl. hafi eðlilega neitað að gefa nokkur ákveðin loforð fyrir sína ókosnu þm. Eftir þessu er það augljóst, hvað það er, sem hér er á ferðinni. Það er ekkert annað en það, að hér er allhá kosningaskuld, sem á að greiða úr ríkissjóði fyrir Alþfl., og skal ég taka það fram, að ég mun ekki ljá atkv. mitt til þess, að sú skuld verði greidd, hvað liðlegir sem aðrir þm. verða í að ljá sig til þess.

**Bjarni Bjarnason:** Fyrir mér hefir þetta mál aðeins vakað sem sanngirnismál. Þess vegna greiddi ég atkv. með þeim brtt., sem fram komu við 2. umr. málsins. En sé það svo, að skylda sé að úthluta uppbótinni í sama hlutfalli sem afli manna hefir verið, finnst mér það vafasöm sanngirni.

Ég skal játa, að það er algild regla, sem marg-

ir viðurkenna, að þeim mun meira, sem aflað er, þeim mun meira eigi að fást í aðra hönd. Ég held, að þetta sé einkunnarorð sjálfstæðismanna, þó þeir hafi tekið upp aðra skoðun í þessu máli. En ég felli mig vel við málafærslu þeirra í þessu sambandi og mun fylgja till. hv. 8. landsk.

Það, sem hér skiptir mestu máli í afgreiðslu þessa máls, er það, hverju hefir verið lofað og hvað skylda er að gera samkv. því. Mér hefir borizt það til eyrna, að sjómenn séu lögskráðir upp á það að fá endurgreiðslu í sama hlutfalli eins og afli þeirra yrði. Ef þessu hefir verið lofað, þá horfir málið öðruvísi við. Við höfum hér í d. útgerðarmenn og lögfræðinga, og væri því ekki úr vegi að fá skýringu hjá þeim, hvort sjómenn geti höfðað mál út af þessu. Ef þeir geta það, þá er ekki til neins að afgr. málið eins og ég óska eftir, á grundvelli sanngirni. Mér finnst, að við verðum að fá þetta ráðið, því ef útgerðarmenn hafa lofað sjómönnum þessu, þá er ekki rétt að svíkja þá, en þá verð ég að hverfa frá því að líta á þetta mál frá því sjónarmiði, sem ég hefi gert, að þeir fengju meira hlutfallslega, sem minnst höfðu kaupið. Meðan ekki eru komnar gleggri skýringar á því, að það sé skylda, lagalega og loforðslega, að greiða uppbótina í hlutfalli við aflann, mun ég halda mér við sama hugsunargang og við fyrri umr. og greiða atkv. með brtt. hv. 8. landsk.

**Ólafur Thors:** Ég ætla aðeins að segja örfá orð út af þeim ummælum, sem hv. þm. Ísaf. beindi til mín. Hann vildi gefa mér heilræði um það, hvernig ég ætti að hegða mér sem formaður Sjálfstfl. og taka mér ekki hv. sessunaut minn, 6. þm. Reykv., til fyrirmyndar. Ég ætla ekki að fara að skrifta neitt hér í d., hvernig ég lít á mína formennsku í Sjálfstfl. og hvað vakti fyrir mínum flokksbræðrum, þegar þeir kusu mig. Ég veit, að flokksbræður mínir ætlast til þess, að ég athugi vandlega allt, sem frá þeim kemur, og velji það til fordæmis, sem bezt er hjá hverjum einum. Og hvað það snertir, hvernig eigi að hirta lítilmótlegan og ekki mjög ráðvandan þm., þá fæ ég ekki betra fordæmi en að hlusta á hv. 6. þm. Reykv., þegar hann talar til hv. þm. Ísaf. Ég mun því taka hann mér til fyrirmyndar, þegar mér sýnist, eins og ég mun taka aðra flokksbræður mína mér til fyrirmyndar án þess að leita leyfis hjá hv. þm. Ísaf.

Að öðru leyti þarf ég engu að svara hv. þm. Ísaf., því hann deildi samtímis út af því sama á hv. sessunaut minn, og því hefir hann þegar svarað. Ef ég færi að svara líka, yrði ég að endurtaka það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í sinni ræðu, en það yrði ekki til annars en að lengja umr.

Hv. 2. þm. Árn. skýrði frá sinni afstöðu til málsins, sem byggðist á fullkominni sanngirni og réttum skilningi á þessu máli. Hann gat um það, að sér þætti nokkur ljóður á þessu ráði, ef satt væri, að loforð hefðu verið gefin sjómönnum um ákveðna úthlutun á þessari uppbót. En mér skilst, að ekki hafi verið hægt að gefa slík loforð fyrirfram. Í fyrsta lagi gat enginn vitað það, þegar menn voru skráðir í skiprúm í byrjun vertíðar, hvort nokkru yrði úthlutað, og enn síður eftir hvaða reglum. Að útgerðarmenn fyrir sitt leyti óskuðu eftir ákveðinni skiptingu, getur ekki bundið löggjafann til þess að framkvæma slíka skiptingu, og það er víst, að Alþingi verður blátt áfram hlægilegt í meðvitund alþjóðar, ef það þrátt fyrir mjög takmarkaðan fjárhag ríkissjóðs, leggur nú í fyrsta skipti út á þá braut að endurgreiða toll, vegna þess að afkoma sjómanna er sérstaklega rýr, og gerir það þá eftir þeim reglum, að sá, sem mest bar úr býtum, skuli fá mest, en sá, sem minnst þénaði, fái minnst. Sóma síns vegna getur Alþ. ekki gert þetta.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Ég tek til máls, ekki vegna þess, að ég sé útgerðarmaður eða lögfræðingur eða neitt slíkt, heldur vegna þess, að þessi mál voru flutt fyrir fráfarandi ríkisstj. um skeið. Það voru fluttar óskir fyrir stj. um það, að síldartollurinn væri ekki innheimtur í sumar, til þess að útgerðarmenn gætu greitt og sjómenn gætu fengið hærra kaup fyrir sinn afla en ella. Þessum óskum sjómanna og útgerðarmanna gat fyrrv. stj. ekki svarað. Tollinn var skylt að innheimta, og ef um tryggingu var að ræða fyrir endurgreiðslu, þá var ekki hægt að fá hana hjá öðrum en þingflokkum, og þess vegna vísaði fyrrv. stj. algerlega til þingflokkanna öllum samtölum um þetta efni. Nú urðu stjórnarskipti og áframhaldandi umtöl um þessar endurgreiðslur, eða niðurfellingu tollsins, og eftir því, sem mér hefir verið skýrt frá, þá hafa loforð um endurgreiðslu tollsins, eða máske niðurfellingu hans framvegis, haft afgerandi áhrif á samninga um kaup á síld. Öll þessi samtöl á því stigi málsins voru vitanlega á grundvelli þeirra ráðningarsamninga, er gilda við þennan atvinnuveg. Ég get ekki litið öðruvísi á en svo, að þessi endurgreiðsla sé ekki styrkur, heldur sé hún partur af kaupi, partur af því kaupi, sem sjómenn hafa gert ráð fyrir að fá, þegar þeir fóru af stað. Af þessu er mitt atkv. bundið um þær till., sem nú hafa komið fram. Atkv. mitt er bundið í þessu máli, því að það er áreiðanlega um part af kaupi að ræða, eftir þeim reglum, sem útgerðarmenn og sjómenn hafa haft í samningum sínum.

Á því stigi málsins var út af fyrir sig ekki vitað, hvort sjómenn mundu hafa rýrar tekjur eða ekki, svo að þá var þetta mál alls ekki rætt frá því almenna sjónarmiði, hvort þetta ætti að vera styrkur til sjómanna, sem færu illa út úr sumarstarfi sínu. Nú hefir sú hugsun komið hér fram, að rétt sé að styrkja sjómenn, ef þeir fara illa út úr sumarvinnu sinni. Ég get vel hugsað mér að fylgja þeirri reglu í framtíðinni, að láta síldartollinn haldast og útdeila honum á eftir til þess að jafna kjör sjómanna. Slíkri till. treysti ég mér vel til að fylgja, ef hún kæmi fram, fyrir framtíðina. Það er lítið gagn í því að vera með styrk í ár og leggja alla áherzlu á, að honum sé réttilega skipt milli manna, eftir því hve mikla þörf þeir hafa fyrir uppbót á atvinnu sína, en kasta svo frá sér öll-

um möguleikum til þess að gera þetta í framtíðinni. Þeir, sem fylgja þessu í alvöru, eiga að leggja höfuðáherzluna á, hvernig hægt sé að koma þessu fyrir í framtíðinni. Ég vildi því frekar fylgja slíkri till. um framtíðina, þar sem ég er ekki sannfærður um, að niðurfærsla á síldartollinum komi á allan hátt til góða sjómönnum og útgerðarmönnum, meðan full samkeppni er um sölu síldar út úr landinu. Meðan ég var í stj. var gerð ein tilraun til þess að hjálpa síldarútgerðinni með niðurfærslu á tolli. Hún var sú, að heimilað var að endurgreiða sykurtoll og kryddtoll. Nú hefi ég það fyrir satt frá sumum stærstu útgerðarmönnunum, að þessi tollniðurfærsla hafi ekki komið útgerðinni að neinu gagni, heldur hafi hún lent í vösum erlendra milliliða, sem síldina keyptu. Þegar út fyrir pollinn kom og átti að selja, sögðu kaupendurnir: Nú hefir framleiðslukostnaður hjá ykkur minnkað vegna tollendurgreiðslu, og þess vegna getið þið selt ódýrar. — Þegar svo sá fyrsti hafði orðið að lækka verðið á síldinni í tilefni af þessu, urðu allir að gera það. Hvort afnám tolla kemur að gagni atvinnuvegunum, er töluvert háð því, hvernig salan fer fram á erlendum markaði.

Ég hefi svo ekki fleiri orð um þetta, en mun greiða atkv. út frá því sjónarmiði, að hér sé um kaupendurgreiðslu að ræða, en ekki styrk, sem sé verið að taka ákvörðun um, hverjir skuli hljóta.

**Sigurður Einarsson:** Ég get sagt um þetta mál, eins og hv. þm. A.-Húnv., að ég hefi ekki verið að lengja umr. um það. Ég hefi ekki látið þetta mál til mín taka, en vil þó segja nokkur orð út af brtt. á þskj. 145. Ég hefi hugsað mér að haga svo máli mínu, að ekki verði áreitni í neins manns garð, svo að það þurfi ekki að lengja umr. til muna.

Um það hefir verið deilt undanfarið í þessu máli, hvort endurgreiðsla á útflutningsgjaldi af síld eigi að teljast endurgreiðsla á kaupi sjómanna eða styrkur til þeirra. Lögvitringar Sjálfstfl. hafa verið með talsverðar vangaveltur yfir þessu atriði, og niðurstaðan hefir orðið, eftir því sem mér hefir skilizt, nákvæmlega eins og niðurstaða Sjálfstfl. hér í d. hefir orðið í hvaða máli sem er, sem sé sú, að nokkur ótiltekinn hluti flokksins virðist taka upp þessa skoðun, og annar ótiltekinn hluti hans hina, þannig, að flokkurinn er alltaf réttu megin við þann, sem þarf að tala, með því að hann citerar í þann hluta flokksins, sem er á sama máli og hann.

Frv. fjallar, eins og kunnugt er, um það, hvernig ráðstafa skuli vissu fémæti, sem beinlínis er tiltekið — útflutningsgjaldi af síld —, sem samkv. frv. á að verja til hlutaruppbótar sjómönnum. Þessi nýstárlega meðferð útflutningsgjaldsins á rætur sínar að rekja til þess, að þeir flokkar, sem standa að núv. landsstj., komu sér saman um þetta fyrir tilstilli Alþfl., þegar stj. var mynduð í sumar. Þetta geta sjálfstæðismenn séð í málefnasamningi þeim, sem þeim hefir þóknazt að kalla „rauða sáttmála", en er samt ekki eins rauður og þeir álíta og gaman væri að geta sýnt þeim framan í.

Mér finnst, að í sambandi við brtt. á þskj. 145, sem hv. 8. landsk. ber fram, megi ekki gleyma, hvernig þessi verðmæti eru til fengin, sem hér um ræðir sem endurgreiðslu eða uppbót til sjómanna. Það, sem um er að ræða, er útflutningsgjald af síld, og frá mínu sjónarmiði hefði það verið vel verjandi að fella niður þennan toll og greiða hann til þeirra, sem eru réttir eigendur þessarar vöru. Útflutningsgjaldið er ekki annað en hluti af verðmæti vörunnar, hluti, sem hingað til hefir verið tekinn af eigendum til opinberra þarfa.

Hv. þm. Ísaf. hefir upplýst það, að tildrög þessa máls séu á þann veg, að réttlátt sé að ætla ekki útgerðarmönnum hluta af þessari endurgreiðslu, að það hafi orðið að samkomulagi, að þeir sættu sig við þá lausn málsins, að þeir kæmu ekki til greina við þessa úthlutun.

Nú má hv. 8. landsk. ekki hugsa, að sú tilhugsun, að gera hlut sjómanna sem allra jafnastan, sé mér eða mínum flokksbræðrum, eftir því sem ég þekki til, svo þungbær og andstæð, að við af þeirri ástæðu teljum okkur hljóta að vera andvíga brtt. á þskj. 145. Það væri ákaflega gaman, að hið opinbera gæti tekið í taumana og bætt úr mismuninum, þegar einhverjir menn fara sérlega illa út úr því hvað vinnu snertir, eða hlutur þeirra verður mjög misjafn. Það væri gaman að geta gert eitthvað líkt því, sem virðist vaka fyrir hv. 8. landsk. með till. hans, en ég býst ekki við, að hann geri sér það í hugarlund í alvöru, að ríkissjóður geti gengið langt á þeirri braut, að jafna hlut sjómanna á þá leið, sem fyrir honum vakir. Einkanlega ef taka ætti tillit til allra sjómanna, sem stunda hverskonar fiskveiðar sem er.

Og hvers vegna, verður manni þá á að spyrja, á að láta þennan mikla kærleika hv. 8. landsk. ná til sjómannastéttarinnar einnar? Því eru ekki gerðar ráðstafanir til þess að jafna tekjur manna yfirleitt? Hv. 8. landsk. getur nú borið því við, að hér liggi ekki annað fyrir til umr. nú en hvernig úthluta skuli útflutningsgjaldi af síld, sem sjómönnum standi næst að hljóta. En það er samt sem áður svo, að það liggur nærri að spyrja, því þetta sé látið ná aðeins til fámennrar stéttar, örlítils hóps af mönnum. Ég held, að ef hv. 8. landsk. eða flokksbræður hans vilja fara inn á þessar brautir, sem þarna eru ráðgerðar, verði sá sami flokkur að gera sér það að góðu að fara lengra. Þessi flokkur, Sjálfstfl., mun reka sig á það, um það leyti sem hann fer að gerast hofprestur í musteri sjómanna, ekki sízt jafnaðarhugsjónasinnar, að hún krefst meira en að grípa eitt einstakt tiltekið mál og ætla að fá það fram með slíkri till. eins og hér hefir komið fram nú. T. d. vil ég spyrja hv. 8. landsk. að því, hvort hann vilji gera sér það að góðu eða beita sér fyrir því, að hér verði gerð á Alþ. löggjöf, sem geri ráðstafanir til þess, að aflafé manna yfirleitt skuli þeir fyrst um sinn ekki telja eign sína, heldur aðeins sem lánsfé, og þegar komið er í ljós, hver útkoma verður hjá mönnum yfirleitt, þá skuli þeir, sem mest hafa aflað, leggja ákveðinn hluta tekna sinna í tekjujöfnunarsjóð allra landsmanna, og svo verði

útbýtt úr honum í öfugu hlutfalli við aflaféð, eins og virðist koma fram við síðustu umr. hér í deildinni.

Ég skal játa það, þó að ég hafi ekki heyrt hv. 8. landsk. eða neinn mann úr hans flokki drepa á þá mögulcika, að það mundi gleðja mig stórlega, ef frá þeim kæmi einhver ráðstöfun í þessa átt, en það væri alveg rökrétt afleiðing af því, sem þeir halda fram hér. Ég er alveg sannfærður um það, að þegar þessi meginregla, sem hv. 8. landsk. vill gera gildandi við úthlutun þessa fjár, yrði tekin á viðtækari grundvelli, kæmi nýtt hljóð í strokkinn. Þá kæmu aths. um, að verið væri að skerða eignarréttinn, og aths. um, að hér væri um að ræða brot á stjskr. o. s. frv. Sú ráðstöfun, sem ég hefi lýst hér, er í eðli sínu alveg hliðstæð því, sem hv. 8. landsk. vill með brtt. sinni, að taka það, sem í raun og veru er eign eins manns, og gefa öðrum.

Ég get fallizt á það, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að hér væri í raun og veru um kaupgreiðslu að ræða til þeirra, sem hlut eiga að máli og þeim ber, ef frv. verður að l. og fé kemur til útborgunar. Allur undirbúningur málsins bendir til, að svo sé, að þetta sé kaup til sjómanna í hlutfalli við eign þeirra í afla. Það er ekkert fordæmi til fyrir því, að skila verðmæti aftur til baka eftir þeirri reglu, sem hv. 8. landsk. vill vera láta. Hinsvegar liggur ekki við, að það sé góð meginregla, að það skuli vera „hvers happ, er hlýtur", í aflabrögðum. Hún getur verið furðu miskunnarlaus og það má margt að henni finna, en það er ekki í annað hús að venda, því að hún hefir gilt og verður ekki með réttu sett úr gildi á þessu eina sviði þjóðlífsins, svo að ekki verði jafnframt gerðar ráðstafanir til þess að gera hið sama á öðrum sviðum þess, og þá horfumst við í augu við tekjujöfnunarhugmyndina, sem ég lýsti hér áðan. Ég get svo sagt það, til þess að gleðja hv. 8. landsk., ef hann skyldi ala þá von í brjósti, að tekjujöfnun verði lögleidd í landinu, að ég mun fyrst fylgja honum í því máli, þegar hún verður látin ná til allra.

Ég get svo lokið máli mínu með því að endurtaka það, að hér er um endurgreiðslu á kaupi að ræða, og er þeirri meginreglu fylgt, að menn fái hlut af þessari endurgreiðslu í réttu hlutfalli við aflafé sitt.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Ísf. lét í ljós, að hér væri verið að stefna að fyrirkomulagi, sem í fljótu bragði virðist þess vert, að það sé athugað nánar. Hann sagðist vera mjög fús til þess að taka þetta fyrirkomulag upp, en endaði með því að ganga frá því aftur. Það var dálítil veila í loforði þessa hv. þm.

Sannleikurinn er sá, að það er dálitið sérstakt með síldarútgerðina, því að hún er áhættusamasti atvinnurekstur, sem rekinn er hér á landi, ekki aðeins fyrir atvinnurekendur, heldur líka fyrir alla, sem við útgerðina vinna. Eins og fyrirkomulagið er nú, er það ekki neinn atvinnurekstur, þar sem afkoma þeirra, sem atvinnureksturinn stunda, verður eins ójöfn og við þennan. Það er þess vegna sérstök ástæða til þess að tryggja afkomu þessa atvinnurekstrar og þeirra, sem hann stunda. Það er áreiðanlega hugmynd, sem vert er að athuga nánar, að fella ekki niður síldartollinn, heldur að nota hann, eins og hv. þm. Ísaf. drap á, sem styrk til þeirra, sem fara sérstaklega illa út úr atvinnu við síldarútgerð.

Því er nú þannig háttað með hv. 9. landsk., að maður áttar sig bezt á honum með því að snúa öllu öfugt, sem honum við kemur. Það er ástæða til þess að koma upp kaupjöfnunarsjóði fyrir þennan atvinnuveg, en það er reyndar rangt að kalla það kaupjöfnunarsjóð, því að það ætti að heita tryggingarsjóður.

Ég vildi óska, að hv. þm. V.-Ísf. hefði ekki verið svona fljótur að falla frá uppástungu þeirri, er hann bar fram um þetta efni, því að hún var vissulega þess verð að athuga hana til hlítar. Hún var á þá leið, að í staðinn fyrir, að útflutningsgjald af síld yrði látið renna í ríkissjóð, þá skyldi það renna í tryggingarsjóð síldarútvegsins, sem síðan væri notaður til þess að jafna afkomu þeirra, sem atvinnuveginn stunda. Ég vona, að hv. þm. V.-Ísf. standi við loforð sitt, og taki þetta til nánari athugunar, en afleiðingin verði svo sú fyrir hann fyrst, að samþykkja þetta frv. og sjá hvernig það gefst, og í öðru lagi að fella frv. um afnám síldartollsins. Það verður svo að setja í lögin um þetta ákvæði um, að tekjurnar af þeim tolli skuli framvegis nota á fyrrgreindan hátt. Hitt er fullkominn misskilningur hjá hv. þm. V.-Ísf., að Alþ. sé á nokkurn hátt bundið fyrirfram um það, hvernig það vilji verja þessari fjárfúlgu, sem nú er rætt um að endurgreiða úr ríkissjóði. Það hefir engar skuldbindingar tekið á sig um að úthluta endurgreiðslunni, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er talað um samninga, sem sjómenn og útgerðarmenn hafi gert með sér í vor um það, að ef tollurinn fengist endurgreiddur, þá skyldi nota hann til þess að hækka kaup sjómanna. Þetta væri auðvitað bindandi fyrir útgerðarmenn, ef þeir fengju síldartollinn endurgreiddan, en það er Alþ., sem ræður því, hvort hann verður endurgreiddur. Ef ákveðin væri endurgreiðsla á þann hátt að jafna kaupið, eins og lagt er til í brtt. sjútvn. Sjálfstfl., þá hefir Alþ. fullt vald til að samþ. það, og það getur engin eftirköst haft þess efnis, að sjómenn fái kröfur á útgerðarmenn út af samningum þeirra á milli.

Menn geta ekki komið sér undan því, hvorki hv. þm. V.-Ísf. eða aðrir, að ganga með opin augu til þess að greiða atkv. eftir því sem sanngjarnast er. Menn geta deilt um, hvað sé sanngjarnt, en hvort sem þeir komast að þeirri niðurstöðu, að fara eftir till. hv. þm. Ísaf. eða þá till. hv. 8. landsk., þá hafa þeir óbundnar hendur um það. Hv. þm. V.-Ísf. gerði grein fyrir því, að hann hefði engu lofað um þetta á meðan hann var í stjórnarsessi, og er þess vegna ekki bundinn af öðru en því, sem hann telur sanngjarnast. Þeir einu, sem hugsanlegt er, að séu bundnir í þessu máli, eru þá hæstv. ráðh. og sósíalistar, sem hafa lofað endurgreiðslu á ákveðinn hátt.

Ég hefi svo ekki meira um þetta mál að segja, en vil endurtaka það, að ég vænti þess, að hv.

þdm. athugi þetta mál vel, áður en þeir greiða endanlega atkv. um það, og þá einkanlega með tilliti til þess, hve sérstaklega er ástatt um þennan atvinnuveg, sem hér ræðir um. Það er hvorki rétt né sanngjarnt og engin ástæða til að segja sem svo, að ef farið sé að gera slíkar tilraunir sem þessar með þennan atvinnuveg, þá sé sjálfsagt að láta það ná til allra atvinnuvega landsins, því að vitanlega er helzt þörf fyrir ráðstafanir sem þessar við þann atvinnurekstur, þar sem afkoman er misjöfnust og mest happdrætti er um að ræða.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að það hefði verið skráð á skip hér í Rvík á þann veg, að sjómönnum hafi verið lofað, að ef þessi tollur yrði ekki heimtur í ríkissjóð, þá skyldu þeir njóta hans. Ég verð að segja það, að ég hefi ekki vitað þetta fyrr. Það er víst, að hvað sem líður þeim loforðum, sem þarna er um að ræða, hefir Alþ. óbundnar hendur um að ákveða, með hvaða skilyrðum þessi tollur skuli endurgreiddur. Eins og hv. þm. jafnaðarmanna hafa tekið fram, þóttust þeir fyrir kosningarnar í vor vilja berjast fyrir afnámi þessa tolls. Vitanlega var þetta ekki annað en herbragð, og til þess að geta skreytt sig betur með þessum fjöðrum spurðu þeir aðra flokka um afstöðu þeirra til þessa máls. Framsfl. gaf loðin svör, en Sjálfstfl. kvaðst ekki mundi binda þm. sína í þessu máli. Af þessu er ljóst, að jafnaðarmenn höfðu enga réttmæta aðstöðu til þess að lofa slíkri endurgreiðslu fyrir kosningarnar í vor, sem bindandi væri fyrir meiri hl. Alþingis, jafnvel þó að Sjálfstfl. einn hefði verið á móti. Gera má líka ráð fyrir, að ef þetta hefði verið skoðað sem loforð, þá hefði verið skráð á skipin með sama hætti fyrir norðan og sunnan. Það var vitanlega ekkert réttlæti í því að bjóða mönnum fyrir norðan önnur kjör en hér syðra. En hvað sem þessum loforðum líður, er það auðvitað Alþingis að ákveða, hvort tollurinn skuli endurgreiddur og með hvaða skilyrðum. Spurningu hv. 2. þm. Árn. um það, hvort sjómenn gætu höfðað mál og krafizt greiðslu vegna skráningarinnar má því hiklaust svara á þá leið, að það geta þeir ekki, því að það er Alþ., sem að sjálfsögðu setur ákvæði um það, hvernig þessu skuli hagað. Hv. þm. Ísaf. hefir með því að lýsa afstöðu flokksins fyrir kosningarnar í vor slegið því föstu, að hann hafi ekki getað gefið sjómönnunum loforð um endurgreiðslu þessa tolls, og þar með hefir hann, kannske óafvitandi, afsannað það, sem hv. þm. V.-Ísf. sagði í þessa átt. Hv. þm. Ísaf. sagði, að það væri ekki rétt, að jafnan færi saman mestur afli og hæstur hlutur. Að vísu geta verið hér nokkrar undantekningar, eftir því hvernig gengur með sölu, en aðalreglan hlýtur þó jafnan að verða sú.

Hv. 9. landsk. — ég man vel númer hans, því að hann er á eftir mér þar eins og í fleiru — hélt hér langa ræðu, og eftir að hann hafði rætt málið í 15—20 mínútur komst hann að þeirri niðurstöðu, að deilan um endurgreiðslu eða styrk væri aðeins deila um orð. Sannaði hann ótvírætt með þessari löngu ræðu sinni, að hann hefir ekki hugmynd um, hvað það er, sem hér skiptir máli. En eins og hv. 2. þm. Árn. tók fram, er það einmitt höfuðatriði málsins, hvort hér er um að ræða endurgreiðslu eða styrk. Ef hér er um styrk að ræða, á ekki að miða við þá hluti, sem sjómennirnir hafa borið frá borði, heldur við fjárhagsafkomu þeirra. Hv. 9. landsk. sannaði, að hann er hér gersamlega úti á þekju, og er því ekki ástæða til að svara honum frekar.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Hv. 3. þm. Reykv. bar mér á brýn, að ég hefði lofað öllu fögru og komið með sæmilegar till. í málinu, en tekið síðan allt aftur. Ég sagði, að það mundi vera bundið af ýmsum að fylgja endurgreiðslu síldartollsins í ár, þó að aðrar reglur kynnu að gilda um framtíðina. Ég gat þess, að síðasta ríkisstj. hefði sem stj. engin loforð gefið, en að ég sem þm. eftir kosningarnar gæti eigi að síður hafa gefið loforð um, hvernig ég greiddi atkv. í málinu. Í meðferð málsins hefir alltaf verið gengið út frá því, að hér væri um kaup sjómannanna að ræða, en ekki styrk til þeirra, og mér finnst það atriði, að útgerðarmenn hafa enga kröfu gert um endurgreiðslu á tolli til sín, vera full sönnun þess, að hér sé aðeins um kaup sjómannanna að ræða. Ef hitt væri aðalatriðið, að síldartollurinn ætti að vera lægri, þá ætti að endurgreiða hann þeim, sem greitt hafa. En um það hefir engin ósk komið fram hér, og styður það þá skoðun, að á þetta hafi verið litið sem kaup sjómannanna. Ég er því í fullu samræmi við sjálfan mig í þessum till. Mér er það ánægja, ef einhverjir vilja fylgja till. mínum um skipulag á þessu máli í framtíðinni, en hvort ég ber þær till. fram í þinginu, fer eftir því, hve öflugan stuðning ég fæ til þess hjá hv. þm. Hitt er rétt, að ekki er hægt að segja, að Alþingi allt sé bundið af þeim samtölum, er fram fóru um þetta mál í sumar.

**Jóhann Jósefsson:** Hv. þm. Ísaf. talaði um, að Sjálfstfl. hefði sýnt tviskinnung í baráttu sinni fyrir réttlætinu í síldartollsmálinu. Þessu vil ég eindregið mótmæla, og skal ég í því sambandi benda á, að sú verulegasta lækkun, sem fengizt hefir á síldartollinum án þess að vera bundin pólitiskum undirmálum eins og hér, fékkst fyrir forgöngu Sjálfstfl. Á Alþingi 1931 bárum við hv. þm. Ak. fram frv. um lækkun á síldartollinum um helming. Þá áttu sæti í n. þeirri, sem fjallaði um málið, 3 þm. úr Framsfl. og 2 úr Sjálfstfl. Einn þessara nm. var hv. þm. V.-Ísf., sem þá var í þann veginn að verða fjmrh. flokksins. Þessir þrír Framsfl.menn, sem voru meiri hl. n., leituðu álits síns flokks um það, hvort hægt væri að ganga eins langt um lækkun tollsins og við hv. þm. Ak. lögðum til. Að því loknu kom form. n., fyrrv. 1. þm. S.-M., með þau skilaboð á nefndarfund frá stjórnarflokknum, að hann mundi samþ. lækkun á tollinum úr kr. 1.50 niður í 1 kr., að því tilskildu, að Akureyrarkaupstaður og Siglufjörður færðu niður hafnargjöld og önnur slík gjöld, og var þetta síðan lögfest. Við fengum að vísu dá-

lítil skútyrði frá einum jafnaðarmanni, sem þótti við hafa sætt okkur við of litla niðurfærslu, en við urðum að þola það, því að Framsfl. fékkst ekki til að lækka þetta meira. Með þessari frásögn vildi ég sýna, að Sjálfstfl. hefir af ástæðum, sem með öllu voru lausar við pólitískt mall, fengið þennan toll lækkaðan. En það var ekki fyrr en komið var út í stórpólitísk viðskipti milli jafnaðarmanna og Framsfl., að Framsfl. öðlaðist þá sannfæringu, að rétt væri að lækka síldartollinn. En samningar þessara flokka, eða „rauða stjórnarskráin", sem oft hefir verið vitnað í, var eigi grundvölluð á réttlætisatriðum, heldur þurftu jafnaðarmenn að fá framgengt þeirri kröfu sinni í vor að nota síldartollinn til þess að knýja fram kauphækkun. Nú er því haldið fram, að þingið sé bundið af þeim samningum, sem broddar flokkanna hafa gert á bak við tjöldin. En ég vil minna hv. þm. á, að stjskr. segir, að enginn þm. sé bundinn af öðru en sannfæringu sinni. Hv. þm. V.-Ísf. o. fl. halda því fram, að hér geti verið um bindandi loforð að ræða. Það er kannske rétt um hv. þm. V.-Ísf., sem ófyrirsynju bindur atkv. sitt fyrir þing, að honum sé vandi á höndum. En um slíkt getur ekki verið að ræða fyrir Alþ. í heild. Því hefir verið haldið fram, að lögskráningin á skipin beri þess vott, hver tilætlunin hafi verið í þessu efni, en þó að svo kunni að hafa verið sumstaðar, er hv. þm. vel kunnugt, að þannig hefir það eigi verið alstaðar. Nú er það fyrirhugað að ganga framhjá útgerðarmönnum og afhenda sjómönnum féð, þó eigi á þann hátt að bæta úr þörf þeirra, sem verst hafa orðið úti, heldur er ætlazt til, að þeir, sem mest hafa úr býtum borið, fái stærstan skerf. Við hv. 6. þm. Reykv. sáum, að á því gat leikið vafi, hvort rétt væri að leggja til, að eigendur skipanna fengju ekkert af þessu fé, því að það er víst, að margir þeirra standa svo höllum fæti, að vafasamt er, hvort þeir geta haldið bátum sínum, og þó að þörfin sé mikil hjá sjómönnum, mun hún eigi minni hjá hinum. Þó varð það úr að gera eigi kröfu í þessa átt, heldur samþ., að þetta félli til sjómanna. Við sáum, að hér var eigi um endurgreiðslu að ræða, heldur styrk til eins aðilans. En til þess að hafa hreinan skjöld gagnvart sjómönnum þótti okkur rétt að leggja til, að þeir sjómenn fengju mestan styrk, sem mesta þörf hefðu fyrir hann. Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að engin krafa í þessu efni hefði komið frá útgerðarmönnum, og væri það full sönnun þess, að þeir hefðu ekki búizt við að fá neina endurgreiðslu. En við, sem mælum með framgangi málsins, gerum það af því, að við lítum svo á, að hér sé ekki um endurgreiðslu að ræða, heldur styrk til sjómanna. Ef um endurgreiðslu væri að ræða, ætti féð að ganga til útgerðarmanna og þeir síðan að skipta því samkv. lögskráningunni. En hér er valin önnur leið. Ég þykist nú hafa afsannað, að Sjálfstfl. hafi sýnt kæruleysi í þessu máli. Hv. þm. Ísaf. hefir sannað, að forustumenn Sjálfstfl. eru þess ófúsir að binda þm. flokksins á klafa áður en á þing kemur, þó að samherjar hans geri það. Hv. þm. vita, að stjskr. ætlast til, að þm. hafi óbundnar hendur, og Sjálfstæðisflokkurinn mun ekki brjóta þau lög.

Um brtt. hv. 8. landsk. skal ég segja það, að að svo komnu máli hallast ég fremur að því að hafa þá skiptingu, sem hann leggur til, heldur en að gera þetta svo rangt sem unnt er, eins og frv. gerir ráð fyrir.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Það hefir ekkert nýtt komið fram við þessar umr., sem breytir nokkru því, sem ég hefi áður sagt um þessi mál. Ég sagði áður, að hér væri að ræða um endurgreiðslu eða ekki endurgreiðslu. Eftir því greiða menn atkv. Það er ljóst af þeirri rauðu stjórnarskrá, sem farið er að tala um jafnhliða stjskr. ríkisins, að um endurgreiðslu er að ræða, sem ganga á til hlutaruppbótar sjómönnum. Ég veit, að hv. þm. Vestm. og aðrir hv. sjálfstæðismenn hér í þessari hv. deild eru ekki bundnir við hina rauðu stjskr. og hafa stundum jafnvel ekki verið bundnir við þá reglulegu stjskr. ríkisins. Aftur á móti eru útgerðarmenn bundnir við till. frv. um úthlutun með lögskráningu, sem farið hefir fram í Rvík og Hafnarfirði og auk þess á mörgum skipum um land allt, sem skrá samkv. taxta Sjómannafélags Reykjavíkur. Í lögskráningunni gefa útgerðarmenn sjómannasamningnum fullt lagagildi og lofa að greiða þeim hlut með 7 kr. á tunnu, ef tollurinn verður endurgreiddur. Og ennfremur, ef menn fá fé ekki endurgreitt samkv. lögskráningunni, geta þeir snúið sér til dómstólanna og fengið sér dæmt það, sem á vantar.

Það er skýlaust tekið fram í lögskráningunni, að sjómenn skuli ráðnir upp á 5 kr. lágmarksgjald á síld, en fáist tollurinn endurgreiddur, eru útgerðarmenn skyldir til þess að borga 7 kr. (**JJós:** Í l. er ekki gert ráð fyrir að skila þessu til útgerðarmanna).

Hv. þm. A.-Húnv. lýsti yfir því í síðustu ræðu sinni, að hann væri endurgreiðslunni mótfallinn. Ég býst við, að það, sem hann sagði, sé hugur sjálfstæðismanna í þessum efnum.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara í mannjöfnuð við hv. 6. þm. Reykv. Ég tel ótilhlýðilegt, að við séum að metast um, hvor okkar sé meiri eða minni maður, hér á Alþingi. Við höfum verið í sama bænum um 11—12 ára skeið og lagt manngildi okkar og kosti þeirrar stefnu, sem við höfum fylgt, undir dóm kjósenda í kaupstaðnum. Það hefir farið svo, hvernig sem á því stendur, að ég hefi verið hlutskarpari en hv. 6. þm. Reykv. (**SK:** Ég hefi alltaf haft beztu mennina á mínu bandi). Það er fyrst, þegar hv. 6. þm. Reykv. kemur alveg ókunnur til höfuðstaðarins, að hann kemst í trúnaðarstöðu og til metorða. Um orðbragð hans yfirleitt skal ég ekki fjölyrða.

Þessi sami hv. þm. sagði hér í hv. deild, að persónulegir hagsmunir mínir gerðu það að verkum, að ég vildi, að endurgreiðslan hækkaði til þeirra, sem hæstan hlut hefðu haft. Ég lýsi yfir því hér með, að þetta eru tilhæfulaus ósannindi, en þetta er aðeins smásýnishorn af venjulegum málflutningi hv. þm.

Ég sé að sinni ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessi mál. Það hefir ekkert

komið fram, sem breytt getur þeirri staðreynd, að Alþýðu- og Framsfl. hafa samið um þetta með góðu samþykki bæði útgerðarmanna og sjómanna. Þeir aðilar báðir ætlast til þess, að endurgreiðsla fari fram eins og frv. gerir ráð fyrir.

**Sigurður Einarsson:** Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, er ég reiðubúinn til þess að veita því fylgi mitt, að gerðar verði gagngerðar ráðstafanir til þess að jafna hlut manna og til þess að sporna við því, að það, sem menn bera úr býtum, sé í öfugu hlutfalli við það, sem þeir hafa aflað sér, eins og hv. 8. landsk. miðar að með brtt. sinni. Það er mín skoðun, að hv. 8. landsk. sé ekki þess megnugur að gera neina breytingu á þessu sviði. Þessi brtt. hv. þm. er ofurlítil privat-bylting á móti þeirri grundvallarreglu, sem gilt hefir um eignarréttinn í landi hér, sem hv. þm. virðist gera að gamni sínu.

Um það, sem hv. þm. sagði í ræðu sinni að öðru leyti, get ég verið fáorður. Hann sagði, að ég hefði villzt á rökum í þessu máli, þar sem ég segði, að engu máli skipti, hvort hér væri um endurgreiðslu eða styrk að ræða. Fyrir mér vakti aðeins að gera það, sem réttast er í þessu efni. Þótt hv. 8. landsk. eigi ekki gott með að ímynda sér, að sú lausn málsins vekti fyrir mér, þá get ég ekki við því gert. Orð mín voru þessi: Endurgreiðsla eða styrkur skiptir nokkru máli hér, en ekki öllu. Hv. 6. þm. Reykv. talaði nokkurt mál um það, að sjómenn, sem hann virtist bera mjög fyrir brjósti, yrðu ekki hafðir fyrir spé hér á þingi. Hv. þm. virðist vera spéhræddari en almennt gerist. Það er ekkert skoplegt við þetta mál, ef frv. verður samþ. En það yrði skoplegt, ef þingið færi að praktisera jafnaðarstefnu frá hv. 6. þm. Reykv. Þá yrði spé um land allt, og menn mundu segja: „Heyr undur og firn mikil".

Hv. þm. A.-Húnv. vék einnig að mér í þessu máli. Ræða hans var svo úti á þekju, að það var því líkast, að hann hefði fallið ofan úr einhverjum æðri sæluheimkynnum niður í þingsalinn. Ég vildi aðeins óska, að hann hefði verið kyrr í þessum sæluheimi, í stað þess að vera hér niðri, þar sem gusturinn af þessu máli er svo mikill.

Að lokum vil ég minnast á það, að ég held ekki, að mér hefði dottið í hug, enda þótt í kekki hefði kastazt milli mín og hv. 8. landsk., að núa honum því um nasir, að hann stæði mér neðra á landskjörslistanum. Mannjöfnuður af þeim orsökum er ekki hyggilegur. Hv. 8. landsk. finnst þessi eina trappa, sem á milli okkar er í landskjörsstiganum, gefa nóg tilefni til þess að vekja athygli þingsins á henni.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að gera stutta aths. — Hv. 9. landsk. kvað ekki vera að vænta neinnar till. frá mér til jöfnunar á kjörum manna í þjóðfélaginu. Nú vill svo til, að hv. 9. landsk. verður að játa, að brtt. mín á þskj. 145 er til jöfnunar á kjörum sjómanna eftir síldarvertíðina í sumar. Ég hefi ekki borið þá till. fram að gamni mínu, heldur í fullri alvöru, og mun ég fylgja því fram eins og ég álít réttast. Ef hv. þm. vildi fara eftir því, sem réttast er í þessu máli, þá greiddi hann atkv. með þessari till. minni. En það vill hann ekki gera, einungis vegna þess, að till. kemur frá mér, en ekki flokksbræðrum hans.

Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki haft rétt eftir sér ummæli sín. Ég tók þau rétt upp, en það var hann, sem leiðrétti þau sjálfur. Ég skrifaði þau orðrétt niður hjá mér: Endurgreiðsla eða styrkur; þar er aðeins deilt um orð. Það skiptir engu máli. — Þannig voru orð hans. Aftur á móti er það ég, sem get sagt, að hv. þm. hafi ekki farið rétt með orð mín. Ég má segja, að hv. 9. landsk. hafi haft það eftir mér, að ég hafi sagt, að hann væri neðar en ég í mannfélaginu. Ég sagði, að hann væri á eftir mér hvað þetta landskjörsnúmer snertir. Það taldi ég eina muninn, sem ég vona, að verði meiri næst. En það er ekki, eins og gefur að skilja, neinn mannjöfnuður á því, hvor sé neðar í mannfélaginu.

ATKVGR.

Brtt. 145,1 felld með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, BÁ.

**nei:** FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BB, EmJ, EystJ, JörB.

Brtt. 145,2 felld með 17:16 atkv.

Frv. samþ. með 20:4 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 144).

Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Þetta frv. hefir gengið gegnum hv. Nd., og sé ég ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum eins og málið liggur fyrir við 1. umr., nema sérstakt tilefni gefist. Ég legg til, að því verði að lokinni umr. vísað til hv. sjútvn., því fyrir þeirri n. var það í hv. Nd.

**Pétur Magnússon** óyfirl.]: Ég hafði búizt við því, að hæstv. atvmrh. mundi reifa þetta mál hér í hv. d. Ég veit, að málið hefir vakið talsverðar umr. í hv. Nd., en ég hefi ekki getað fylgt svo vel þeim umr., að ég hafi eftir þeim getað tekið ákveðna afstöðu til málsins. Það er víst, að hér er óvenjulegt mál á ferðinni, og því virðist full ástæða til þess, að hæstv. stj. gæfi þinginu skýrslu um það, hvernig máli þessu er farið. Hve mikið það er af síldartollinum, sem á að greiða eftir þessu frv., veit ég ekki; um það stendur ekkert í grg. frv., eða hvort þessi tollur er þegar innheimtur. Ennfremur er ekkert upplýst um það, hvort kjör þeirra manna, sem eiga að fá þennan styrk, eru lakari en almennt gerist meðal verkamanna hér á landi.

Ég verð að telja það talsvert hættulega braut, sem lagt er út á, ef ríkissjóður ætlar að fara að endurgreiða af sínum tekjustofnum til ýmsra stétta þjóðfélagsins. Það mætti alveg eins hugsa

sér, að tekju- og eignarskatturinn væri látinn ganga til verkamanna í Rvík, eða kaffi- og sykurtollinum skipt milli bænda. Það getur verið, að einhverjar sérstakar orsakir liggi til grundvallar fyrir þessu frv., en þá væri æskilegt að fá að heyra þær.

Mér hefir heyrzt á hæstv. fjmrh., að hagur ríkissjóðs væri þannig, að ekki væri fært að ausa fé hans út að ástæðulitlu, og ég vil því vænta þess, áður en mál þetta fer lengra, að hæstv. atvmrh. gefi skýrslu um málið.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég hefi í raun og veru enga skýrslu að gefa í þessu máli, en get þó skýrt frá því, hver áhrif þetta frv. er talið munu hafa fyrir ríkissjóð. Einnig má geta þess, að kjör þeirra verkamanna, sem síldveiði hafa stundað á þessu ári, eru mjög slæm.

Eftir því, sem upplýst var í hv. Nd., má gera ráð fyrir, að endurgreiðsla úr ríkissjóði samkv. þessu frv. muni nema um 120 til 130 þús. kr. Það er gert ráð fyrir að endurgreiða þann hluta síldartollsins, sem hann er hærri en útflutningsgjald af öðrum útfluttum sjávarafurðum.

Um kjör þeirra manna, sem síldveiðina stunduðu í sumar, hefi ég engar sérstakar upplýsingar að gefa nema það, sem almennt er vitað, að afli var í heildinni mjög með rýrara móti í sumar og hlutir manna því minni en venjulega, bæði fyrir litinn afla og eins hitt, að aflinn skiptist milli fleiri skipa nú en áður.

Hv. þm. talaði um það, að lagt væri út á varhugaverða braut með þessu frv. Eins og kunnugt er, hefir Alþfl. barizt fyrir lækkun síldartollsins nú í mörg ár. Upphaflega var þessi tollur kr. 1.50 á tunnu, en var lækkaður árið 1933 niður í 1.00 kr. Ég ætla, að enginn tollur hér í lögum hafi nálgazt það að vera svo hár sem þessi tollur. Hann var upphaflega miðaður við útlenda veiðimenn, en þeir dagar eru nú löngu liðnir, að ástæða sé til að miða við veiði útlendinga þennan gífurlega skatt. Í sumar var verð á hverri síldartunnu aðeins 5 kr., og verður þá útflutningsgjaldið eitt 20% af brúttóverðinu, og þó er ekki allskostar rétt að miða við það eitt.

Ég verð því að halda því fram, að fullkomin ástæða sé til þess að koma fram með þetta frv. nú, og einmitt með tilliti til þess, hve síldveiðin var erfið síðastl. sumar, þá sé stj. heimilað að endurgreiða það, sem hér er farið fram á, þ. e. a. s. mismuninn á síldartollinum og öðrum venjulegum framleiðslutollum. Hv. þm. mun kunnugt, að fyrir Alþ. liggur nú frv. um, að útflutningsgjald af síld verði lækkað til samræmis við annað útflutningsgjald í framtíðinni.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Mér finnst þessar upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gefur, vera ófullnægjandi. Hann upplýsir að vísu nokkurnveginn, hversu mikil fjárhæð muni fara til endurgreiðslunnar, en hann upplýsir ekkert sérstakt um, hvernig kjör þessara manna hafi verið, sem ætlazt er til, að fái þessa óvenjulegu greiðslu úr ríkissjóði. Hann upplýsir ekki heldur, hvort komið hafi fram ósk frá þessari stétt manna um framlag úr ríkissjóði, en það er þó afgerandi atriði í málinu, hvort hér er um knýjandi nauðsyn að ræða til að styrkja þessa menn fremur en aðra verkamenn í landinu, sem auðvitað búa margir við erfið kjör vegna atvinnuleysisins. Síldartollurinn er hár að vísu, og hærri en aðrir framleiðslutollar hér á landi. En þótt sú leið hefði verið farin, að endurgreiða nokkurn hluta þessa tolls, þá stendur þetta í litlu sambandi við það. Ef svo væri, þá hefði sú greiðsla átt að renna til þeirra manna, sem tollinn hafa greitt. — Það er naumast rétt að kalla þetta endurgreiðslu, því að það er beint framlag úr ríkissjóði. Ég get því ekki séð, að það sé í raun og veru verjandi að gera slíkar ráðstafanir sem þessa, nema fullar upplýsingar liggi fyrir um, að þessi stétt manna sé þannig sett, að yfir henni vofi stórkostlegir erfiðleikar, ef hún fær ekki framlagið. Það er ekki heldur farin sú leið í þessu frv. að greiða þeim mest, sem minnst hafa borið úr býtum. Að því er mér skilst eiga þeir að fá hæst framlagið, sem mest hafa borið úr býtum við síldveiðarnar á síðasta veiðitímabili. Ég held því, að hér hljóti að liggja eitthvað annað á bak við en upp er gefið. Ég get ekki séð nokkra skynsamlega ástæðu til þess, ef þessir menn eru ekki verr settir en aðrir, að fara að ausa út til þeirra 120 þús. kr. án þess að ósk hafi komið frá þeim um það. Ef haldið væri svona áfram að taka einstaka tekjustofna og skipta þeim upp milli ýmsra stétta, þá er komið út á mjög hála braut fyrir afkomu ríkissjóðs. Þessi upphæð er að vísu ekki há, en einhvern veginn verður að afla þeirra tekna samt, og manni virðist, að það sé búið að sverfa nokkuð fast að tekjustofnunum flestöllum. Ég vil því beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, að hún rannsaki til hlítar, hverjar ástæður eru fyrir því, að lagt er til, að farið sé inn á þessa braut nú.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég bjóst hálfgert við því, að það gætu orðið nokkrar umr. um þetta mál, en þó verð ég að játa, að ég bjóst ekki við þeim fyrirspurnum, sem komu frá hv. 2. þm. Rang., eftir þær umr., sem orðið hafa um málið í Nd. Eftir því sem ég bezt veit, hefir það ekki verið deiluatriði milli flokka, að þessi hluti tollsins yrði endurgreiðsla. Um hitt hefir verið deilt, hvernig ætti að úthluta þessari fjárhæð meðal fiskimannanna. En ég skal, að gefnu tilefni, upplýsa nokkuð frekar en hæstv. atvmrh. gerði tildrög þessa máls. Undanfarin ár, síðan einkasalan var lögð niður, hefir verðlagið á síld til þeirra, sem hafa veitt hana, verið afarlágt (**JAJ:** Hærra þó en áður var.), og hafa útgerðarmenn og fiskimenn orðið að súpa seyðið af þessu. Verðlagið var komið niður í 5 kr. á tunnuna, og þurfti því feikna mikinn afla til þess að veiðin bæri sig. Þá komu fram háværar raddir bæði frá útgerðarmönnum og sjómönnum um nauðsyn á annari stefnu í sölu síldarinnar og láta ekki kaupmenn vera einráða um sölu hennar. En meðan slíkt skipulag væri ekki komið á, yrði að þvinga kaupendur til að gefa hærra verð fyrir síldina. Í þessu augnamiði átti síðastl.

vetur að mynda samtök meðal útgerðarmanna og þeirra, sem á skipunum vinna. En þegar til kom, urðu þeir sterkari, sem kaupendur voru að síldinni, og sáu útgerðarmenn sér þann kost vænstan að láta sitja við hið sama, þótt þeim væri ljóst, að slíkt ástand væri ekki til frambúðar. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að meðfram af þessum ástæðum var síldarsölusamlagið stofnað á síðastl. sumri, til að tryggja hærra verð til útgerðarmannanna; en hækkunin komst ekki nema að litlu leyti til þeirra, sem veiddu síldina, og arðurinn lenti yfirleitt hjá milliliðunum, nema hjá þeim, sem gátu saltað sjálfir af skipum sínum, en það er tiltölulega mikill minni hl. — Í vor, áður en síldveiðar hófust og sýnt þótti, að samtökin mundu bresta um hækkað verð á hrásíldinni, voru háværar raddir uppi um það að fara yfirleitt alls ekkert á síld. Menn sáu, að af þessu var lélegar tekjur að fá. Það þurfti svo geysimikinn afla til þess. Ráðningarmátinn er þannig, að skipverjar hafa frá 35 til 37% af andvirði síldarinnar, sem jafnast niður á skipverja. (PM: Í hve marga staði er skipt?). Á mótorbátum er skipt í 15 staði, en á stærri línuveiðurum í 17 til 18. Um það var rætt milli fulltrúa sjómanna hér í Rvík og útgerðarmanna, að gera þá kröfu til stjórnmálaflokkanna, að þeir ynnu að því að lækka síldartollinn og að þessa árs síldartollur kæmi til endurgreiðslu. Það var þannig reiknað út, að ef allur tollurinn hefði verið gefinn eftir — 1 króna af hverri tunnu —, þá myndu 70—75%, eftir stærð skipa, hafa runnið til skipsmanna, en 25—30% til útgerðarmanna. En málið tók þeirri breyt. síðar, að ekki var lagt til að gefa eftir nema tollinn, að frádregnu 1½% af verði útfluttrar síldar, og gengi þá greiðslan til fiskimannanna einna. Þegar þetta var rætt, voru fulltrúar útgerðarmanna okkar yfirleitt sammála um, að nauðsynlegt væri að bæta upp hlut fiskimannanna, og í lögskráningu á þessi skip var sett það ákvæði, að ef tollurinn fengist endurgreiddur, þá skyldi fylla upp mismuninn á 5 kr. verðinu, sem var talið fyrirsjáanlegt, að yrði hið almenna samningsverð, og 7 kr. verðinu, sem hafði verið sameiginleg krafa um frá sjómönnum og útgerðarmönnum. Upp á þetta lögskráðu allflestir norðanlands og sunnan, en eitthvað mun það hafa verið orðað öðruvísi á vestfirzkum skipum. Sjómannastéttin er búin að ákveða, hvernig skipt skuli, með lögskráningunni og útgerðarmennirnir búnir að ganga inn á hana með því að samþ. lögskráninguna. Þetta eru í stuttu máli tildrögin til þess, að málið liggur nú hér fyrir í formi þessa frv. Ég tek þetta fram til þess að mönnum komi ekki á óvart, hvernig skiptunum er háttað. (PM: Það er ekki ástæðulaust, að menn fái að vita um þetta). Til upplýsingar um það atriði, hvort þörf sé á að bæta þessum mönnum upp, hefi ég ekki tölur nema frá örfáum skipum, en það kemur auðvitað betur í ljós síðar, og verður að sjálfsögðu gefin út opinber skýrsla um það. Ég vil nefna hér tvö skip, með leyfi hæstv. forseta: Á öðru er hluturinn brúttó 545,71 kr., frá því á að draga fæðiskostnað, sem er um 60—70 kr. á mánuði. Þá geta menn séð, hverjar eru hinar raunverulegu tekjur manna, sem þarna hafa unnið um tveggja mánaða skeið. Á hinu skipinu er brúttó hlutur 214.96 kr. Því gekk illa veiðin. — Ég gæti ennfremur tekið einhverjar fleiri tölur. Ég hefi hér skýrslu um alla Akranesbátana, en hefi ekki reiknað út, hver þeirra hlutur verður. Þá er línubáturinn Jarlinn með nettóhlut kr. 285.63. (PM: Hver verður svo uppbótin?). Hún verður hlutfallslega eftir því, hve mikið þeir hafa lagt á land. (PM: Sama og engin m. ö. o.). Þessi skip munu hafa lagt á land til söltunar yfir 2000 tunnur, en uppbótin verður í hlutfalli við aflann, vegna þeirrar lögskráningar, sem gerð var. N. mun að sjálfsögðu afla sér þeirra upplýsinga, sem unnt er að fá um hlut manna, þó ég hinsvegar telji tormerki á að fá ábyggilegar upplýsingar, en okkur innan stéttarfél. hefir gengið erfiðlega að ná þeim gögnum saman enn sem komið er, sérstaklega utan Rvíkur. En grundvöllurinn fyrir málinu er sá, sem ég hefi skýrt frá. Hv. þm. minntist á, að ekki væri hægt að gera slíkar ráðstafanir sem þessar í framtíðinni. Það er rétt, og ég held, að sjómennirnir geri sér það fyllilega ljóst, að ekki er hægt að krefjast slíkrar greiðslu framvegis úr ríkissjóði. En það er einróma krafa sjómannanna, að svo verði fyrir komið sölu síldarinnar á meðan þeir eru ráðnir upp á hlut af afla, að hið raunverulega verð hennar renni í þeirra hlut og að það skipulag myndist, sem tryggi þetta, en útiloki hinn óhæfilega milliliðakostnað. (PM: Vilja þeir ekki fá einkasölu!). Við komum að því síðar. (JBald: Það er einkasala núna. Útgerðarmennirnir græddu á henni 600 þús. kr.). Læt ég svo mínu máli lokið að sinni.

**Magnús Jónsson** (óyfirl.): Ég skal ekki fara langt út í þá sögu, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér, en það er kunnugt af blaðadeilum, hvernig þetta mál er til komið. Það var stofnað til einskonar verkalýðssamtaka um það að ráða sig á skipin með því skilyrði, að síldarverðið yrði miðað við 7 kr. á tunnu. Og þegar þessi samtök höfðu verið treyst allmikið, kom upp sá beiski sannleikur, að menn myndu yfirleitt ekki gera út, ef ganga þyrfti að þessu verði. Þá var það eitthvert uppfinningasamt höfuð, sem fann það upp, að jafna þessa deilu þannig, að fella niður síldartollinn og endurgreiða hann á þessu ári. Það mun nú hafa verið efst í hugum manna, þótt þetta væri sett inn í samningana, að þetta væri einskonar „snuð", sem væri stungið upp í menn, án þess að menn gerðu sér vonir um að það myndi hafast fram. En svo hagaði lukkan því svo, að Alþfl. komst í þá aðstöðu að hafa í hendi sér, hvort mynduð yrði stj., og þá mun þetta atriði hafa verið sett í samninginn milli þessara flokka og Framsóknarflokkurinn neyddur til að ganga inn á þá fordæmalausu braut að fara að endurgreiða toll, sem er löglega í ríkissjóðinn greiddur. Nú vil ég segja það fyrir mitt leyti, að ég hefi ávallt verið fylgjandi því, að tollurinn væri lækkaður. Það hefir ekki náð nokkurri átt, eins og hæstv. atvmrh. tók fram, hve hár þessi tollur hefir verið, enda — eins og hann gat um — miðaður við atvinnurekstur út-

lendinga, að greiða 1 kr. toll af tunnunni. En fyrr má nú vera, að eitt skattgjald sé lækkað með l. en að gripið sé fram fyrir sig og tollurinn endurgreiddur. Það er farið fram á að fella niður 25% gengisviðauka á kaffi og sykri, en ég veit ekki til, að fé eigi að endurgreiðast. Ég held ekki, að fordæmi sé fyrir því, að svo mikið liggi á að lækka eitthvert skattgjald, sem ekki hefir fengizt lækkað á undanförnum þingum, að það þurfi að endurgreiðast fyrir heilt ár. Svo bætist það ofan á, sem hv. 2. þm. Rang. gat um, að alveg er eins dæmi, hvernig á að endurgreiða þetta. Hér er ekki um neina endurgreiðslu að ræða, heldur er tollurinn innheimtur og jafnhá upphæð veitt til einnar stéttar manna, sem engar sannanir liggja fyrir um, að hafi borið skarðari hlut en ýmsir aðrir. T. d. er eitt, sem ég vil benda á viðvíkjandi tölum hv. 4. þm. Reykv., að þótt sumarkaupið hafi verið rýrt, þá er ekki upplýst um, hvernig afkoma þessara sömu manna hefir verið aðra tíma ársins. Því að það er auðvitað, að ef gripið er til þeirra ráðstafana að greiða fé úr ríkissjóði til launauppbótar einhverjum ákveðnum atvinnustéttum, þá verður að vera til þess brýn ástæða, ef ekki á að skapast hættulegt fordæmi. — Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, en vildi einungis láta þessi orð fylgja. Þessar tölur eru fáar, sem hér liggja fyrir til upplýsinga, og það þurfa að liggja fyrir drjúgum greinilegri upplýsingar áður en hægt er að ákveða að leggja út á þessa braut, og úthlutunaraðferðin er ákaflega varhugaverð.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég ætla, að það hafi verið hv. 2. þm. Rang., sem spurði, hvort nokkrar kröfur hefðu komið fram frá sjómönnum um þessa endurgreiðslu. Það hafa komið fram kröfur frá meginþorra þeirra sjómanna, sem síldveiðar stunduðu á síðastl. sumri. — Í sambandi við það, sem ég áðan sagði um misræmið milli verðsins og hins háa skattgjalds af þessari vöru, má benda á það, að með því verði, sem verið hefir í sumar á síld, mun láta nærri, að komi til skipta á hverja skipshöfn kr. 1.67 úr hverju máli. Nú eru flestir sjómenn ráðnir upp á þriðja part, og sé verðið 5 kr. á tunnu, kemur 1.67 kr. til allrar skipshafnarinnar. Á sama tíma krefur ríkið um 1 kr. skattgjald á tunnu. **(MJ:** Hringavitleysa). Mér heyrðist hv. 1. þm. Reykv. telja það mjög misráðið, og raunar hv. 2. þm. Rang. líka, að þessi tollendurgreiðsla skuli renna til sjómannanna, en ekki þeirra, sem tollinn greiddu, eins og þeir orðuðu það. Ég er á öðru máli. Ég sé ekki, til hverra tollurinn ætti að renna annara en sjómannanna, því að það liggur í augum uppi, að þegar söluverðið er ákveðið á síldinni, þá miða kaupendur við þann 1 kr. toll, sem lögbundinn er. Ef tollurinn hefði verið afnuminn áður en samningar hefðu verið gerðir, þá hefði vitanlega verið miðað við hinn lækkaða toll, og verðið gat þá orðið hærra. Er því eðlilegt, að tollendurgreiðslan komi til sjómannanna einna, enda veit ég, að þeir, sem keypt hafa hrásíld, hafa haft góðan hagnað af og engin ástæða til að greiða þeim. Þeir, sem hafa keypt síldina á 5 kr. tn. og léttsaltað hana, hafa haft mjög mikinn hagnað eftir atvikum, og ég hygg, að flestir samningar um hafsíld hafi verið þannig, að flestir kaupendur hafi sloppið skaðlausir. Það er því í alla staði eðlilegt, að tollgreiðslan gangi til sjómanna. Og ég hefi ekki fundið, að hægt væri að miða við annað en aflamagn hvers manns, vegna þess að fyrir þann afla hafa þeir fengið þeim mun minna en ella, sem nemur mismuninum á venjulegu útflutningsgjaldi og 1 kr. tollinum.

Um kjör sjómanna og afkomu þeirra á síðastliðnu sumri verð ég að endurtaka það, sem ég áður sagði, að ég get þar ekki gefið upplýsingar um einstaklinga. Það voru um 1000 manns, sem stunduðu síldveiðar í sumar, og auðvitað get ég ekki gefið upplýsingar um efnahag þeirra og afkomu, en það er fullvíst, að yfirleitt hefir hún verið mjög bágborin, að sjálfsögðu misjöfn, en í heild lakari en undanfarin sumur.

**Magnús Guðmundsson:** Ég vil fyrst og fremst óska frekari upplýsinga en nú liggja fyrir um sumarkaup þessara manna og árskaup þeirra, áður en tekin er fullnaðarafstaða til þessa máls. Í þessu sambandi má benda á það, að það eru ekki einungis þeir, sem hafa stundað síldveiðar í sumar, sem hafa haft lítið upp úr sér, heldur einnig t. d. norðlenzku bændurnir. Það hefir verið svo, að þeir hafa orðið að taka fólk til vinnu fyrir sig, og allt þeirra starf, sjálfra bændanna og kaupafólks þeirra, hefir orðið sama sem ónýtt. Hvað ætlar ríkisstj. að gera fyrir þessa bændur? Ég geng sem sé ekki út frá því, að hún hugsi sér að mismuna landsmönnum svo, að veita þeim uppbót, sem hafa fengið dálítið kaup, en láta þá sitja á hakanum, sem orðið hafa að gefa með sér. Ég hefi orðið var við það reyndar eins og aðrir, að verið að er gera ráðstafanir til þess að útvega fóðurbæti, en hann mun eiga að greiðast fullu verði og því ekki í því um neina fjárhagslega byrði að ræða fyrir ríkissjóð. Mér finnst það vera undarlegt og miður viðeigandi, ef á að fara að gera upp á milli stétta þjóðfélagsins á þennan hátt, sem hér virðist vera í uppsiglingu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 25. og 27. fundi í Ed., 30. okt. og 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 144, n. 226 og 297).

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** N. hefir ekki orðið allskostar sammála um þetta mál. Í öllum aðalatriðum er n. þó sammála, eins og sjá má á nál. Ágreiningurinn er aðallega um það, hvernig eigi að úthluta þessari uppbót. Meiri hl. vill ekki gera neinar breyt. á því, sem frv. fer fram á, og álítur, að þar sé farið eftir þeirri reglu, sem fyrirfram var bundin, eins og lýst var yfir við 1. umr. málsins.

— Ég ætla ekki að fara að endurtaka neitt af því, sem ég sagði þá. Ég gerði þá grein fyrir því, að lögskráningin bindi þetta, og að allt annað myndu sjómenn telja vonbrigði í sinn garð.

Minni hl. hefir þó gert nokkrar brtt., sem sjá má á þskj. 297, en ég verð að lýsa því yfir f. h. okkar í meiri hl., að við getum ekki orðið þeim samþykkir. Í sjálfu sér eru þessar brtt. ekki svo veigamiklar, en hver sú breyt., sem gerð verður á frv., mun að sjálfsögðu þýða það að tefja fyrir framgangi þess. En nú er svo ástatt, að nauðsynlegt er að hraða þessu máli sem mest, því að undirbúning þarf að hefja þegar í stað til þess að safna gögnum og skýrslum, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er því varla vert fyrir jafnveigalitlar brtt. eins og hér er um að ræða að tefja málið. Við í meiri hl. viljum því leggja á móti þessum till., meðfram af þessari ástæðu og hinsvegar af því, að við sjáum ekki, að það rétti neitt hluta eins eða neins, sem nokkru skiptir, þó þetta sé samþ. Mér skilst, að minni hl. óttist aðallega, að einhverjir kunni að komast upp fyrir 7 kr. verðið. Um það liggja engin gögn fyrir ennþá, en ég hygg þó, að það sé ekki svo mjög mikil hætta á því. Það hefir verið vitnað í það hærra verð, sem einstök skip fengu í lok síldarvertíðarinnar, en eftir því, sem ég veit best, þá kom það fiskimönnum yfirleitt að litlu haldi, því verðhækkunin kom svo seint, að allur fjöldi skipa var um það bil að hætta veiðum. En það liggja engin gögn fyrir um það, hvað miklu þetta nemur, og það er erfitt að fá það nákvæmt. En ég býst ekki við, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hafa legið, að það geti orðið meira en 7 kr. verð, sem hásetar fá, þegar uppbótin er lögð ofan á það verð, sem þeir seldu fyrir. Ég þori náttúrlega ekkert að fullyrða um það, en eftir því, sem skilríkir menn hafa skýrt mér frá, þá mun það sennilega ekki fara fram yfir það. Og það má þykja gott, ef þessi munur á verðtollinum og þungatollinum gerir það að fylla 7 kr. verðið. En um þetta liggja ekki fyrir neinar fullnægjandi skýrslur, svo við teljum þess vegna varhugavert að víkja út frá þeirri grundvallarreglu, sem í frv. felst og ég leyfi mér að segja, að sjómenn séu ánægðir með.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Ég lít svo á eins og fleiri, að þetta frv., sem hér er um að ræða, sé fram komið til þess að bæta afkomu sjómanna á síðastl. sumri. Það væri ástæða til þess að athuga, hvort þessi eftirgjöf á tolli hefði ekki átt að skiptast meðal fleiri sjómanna heldur en þeirra, sem stunduðu síldveiðar. En það mun nú varla verða samþ. hér, eftir því sem þetta mál hefir legið fyrir hv. Nd., svo það þýðir ekkert að ræða um það. En þá er það hin hliðin, hvort rétt sé af ríkisvaldinu, þegar það veitir fé til þess að hjálpa eða styrkja með einhverja þá, sem hafa haft lélega atvinnu eða afkomu á einn eða annan hátt, að ganga inn á þá braut að styrkja þá mest, sem hafa þó fengið skárstu afkomuna, en þá minnst, sem hafa orðið verst úti. Um þetta hefir verið deilt í Nd., og eftir því sem atkvgr. fór þar, er sýnilegt, að það þýðir ekki að ætla sér að halda uppi málstað þeirra, sem lakast urðu úti á síðastl. sumri. En þá finnst mér rétt að taka það næstskársta, að minu áliti, og gera dálitinn jöfnuð milli þeirra, sem minnst fiskuðu og minnstar höfðu tekjurnar, og þeirra, sem mest fiskuðu og hæstar höfðu tekjurnar. Hv. frsm. meiri hl. vill halda því fram, að gerðir hafi verið samningar um þetta mál í byrjun síldveiðitímans, þannig að sjómenn hefðu bundið sjálfa sig einhverjum samningum um það, að svona skyldi jafna niður gjaldinu, að þeir, sem mest bæru úr býtum, skyldu fá hæsta uppbótina, ef þessi tollur væri lækkaður eins og hér er gert ráð fyrir í frv. og allir eru sammála um, að gert verði. Ég hefi átt tal við sjómenn að vestan, og þeir hafa sagt, að samþ. hafi verið í sjómannafélaginu eitthvað á þá leið, að stuðla að því, að síldarverðið gæti orðið 7 kr. til skipverja og útgerðarmanna, en ekki hafi verið sett nein skilyrði með ráðningarkjörum sjómanna.

Nú er það vitað, að það eru þó nokkuð mörg skip, og þá helzt þau, sem mest höfðu aflað, sem seldu talsvert af sinni veiði fyrir 10—12 kr. tunnuna, og jafnvel eru dæmi til þess, að sjómenn og útgerðarmenn fengu 14 kr. fyrir tunnuna af einhverjum hluta síldarinnar seinast á vertíðinni. Mér er líka kunnugt um, að skip hafi selt meira en þriðjung af aflanum fyrir 10 kr. tunnuna. Ég gæti nefnt þess dæmi, þó ég vilji ekki draga það inn í umr. hér á þingi. Til þess hefi ég varla heimild. En ég gæti nefnt hv. frsm. þess dæmi, að síldveiðiskip hafi fengið yfir 8 kr. jafnaðarverð fyrir tunnuna. Mér þykir það því hastarlegt, að þeir, sem fengið hafa þetta verð, skuli fá fulla uppbót á alla sína síld, en þeir, sem hafa selt fyrir 5—5.50 kr. tunnuna, skuli bera minna úr býtum, og ef þeir hafa fiskað minna, þá miklu minni uppbót. Ég held, að meiri hl. geti ekki hrópað á það, að með minni brtt. séu brotnir neinir samningar, því það er tekið fram í brtt., að það skuli ekki veita þeim sjómönnum uppbót, sem fengu yfir 7 kr. jafnaðarverð fyrir hverja tunnu, en öllum þeim, sem þar væru fyrir neðan. Annars er það, eins og ég gat um áðan, hálfleiðinlegt að afgr. hjálp til sjómanna með slíkri skiptingu. Ég þekki a. m. k. 1—2 dæmi þess, að vélar skipsins biluðu á miðri vertíðinni, og sjómennirnir voru á annan mánuð atvinnulausir meðan þeir biðu eftir vélaviðgerðum. Fyrir bragðið fengu þeir ekki nema helming þess afla, sem þeir annars hefðu fengið, og það á líka að sjá það við þá, að þeir fengu lítinn afla, með því að þeir fá minni uppbót af því fé, sem ríkissjóður veitir. Ég verð að segja það, að mér finnst hv. Alþingi vera það illa sæmandi að vera sammála um það í höfuðatriðunum að veita slíka uppbót og mismuna mönnum svo herfilega sem gert er með þessari úthlutunartill., sem hér liggur fyrir. Vænti ég, að mín miðlunartillaga, sem ekki kemur í bága við áður gerða samninga eða samkomulag, nái samþ. deildarinnar.

**Magnús Guðmundsson:** Ég býst ekki við, að það þýði mikið að ræða þetta mál hér, því að það er kunnugt, að samningur var gerður um

það fyrir stjórnarskiptin, að þetta fé skyldi greiða sjómönnum, og það án tillits til þess, hvernig færi um síldveiðarnar. Þetta er því í raun og veru herkostnaður, sem ríkissjóður verður að borga vegna samnings, sem inniheldur lítið annað en pólitíska spillingu.

Ég verð að segja það, að mér finnst undarlega skipt milli landsmanna, þegar stj. ætlar sér að gefa sjómönnum, sem ef til vill hafa haft allgott kaup, mikið fé, en setja hjá þá atvinnurekendur í landinu, t. d. bændur, sem vitað er um, að fjöldi þeirra hefir orðið að vinna alveg kauplaust í sumar, og þar að auki hafa orðið að gjalda kaup fyrir vinnu, sem hefir orðið að mestu leyti til ónýtis. Þegar maður ber þetta saman við það, sem á að gera með þessu frv., og þegar þar að auki er upplýst, að jafnvel þeir, sem hafa fengið kr. 7.00 til 8.00 fyrir tunnu nýrrar síldar, eiga líka að fá uppbót, og að ofan á þetta allt eiga þeir að fá mesta uppbót, sem mest hafa borið úr býtum, sýnist það öfug jafnaðarmennska, að fara þannig að sem hér á að gera.

Ég bar fram fyrirspurn um það við 1. umr. málsins, hvað stj. hefði hugsað sér að gera fyrir þá bændur, sem hafa orðið fyrir svo miklum búsifjum vegna tíðarfarsins í sumar, að það er alls ekki sambærilegt við kjör þeirra manna, sem hér um ræðir. Það er ekki upplýst, að þessir sjómenn hafi orðið fyrir neinum búsifjum, því að þótt sumir þeirra kunni að hafa haft nokkuð lítið kaup yfir síldveiðitímann, þá getur vel verið, að þeir hafi haft gott kaup annan tíma ársins. Um það hafa engar rannsóknir verið gerðar. (**Atvmrh.**: Þær hafa verið gerðar). Hvar er þá að finna niðurstöður þeirra? En svo segir samt í frv., að þannig skuli skipt, að þeir skuli fá mest, sem mest kaup hafa haft. Þó að látið sé í veðri vaka, að hér sé um verðuppbót að ræða til þeirra, sem verst eru staddir, þá hlýtur aðferð eins og þessi að dæma sig sjálf. En eins og ég hefi áður tekið fram, þá þýðir ekkert að ræða um þetta hér, þar sem hér er um gerðan samning að ræða, þó að ranglátur sé og ósæmilegur í alla staði.

Ég vildi samt leyfa mér að spyrja hæstv. stj. um það, hvað hún ætli sér að gera í þessum síldarmálum næsta ár, ef svo skyldi fara, að síldveiðin yrði líka endaslepp þá. Ætlar hæstv. stj. að halda áfram á þeirri braut, að láta greiða uppbót til þeirra, sem síldveiðar stunda? Og eiga þetta þá að vera sérstök hlunnindi fyrir síldveiðimenn, en ekki fyrir þá, sem vinna við aðrar atvinnugreinar? Og eiga þeir einir að njóta góðs af þessu, sem vinna hjá öðrum, en ekki atvinnurekendur?

Það var nokkuð hastarlegt gagnvart bændum landsins, að stj. skyldi leika sér að því að hækka kaupið í sumar. Þar við bættist svo, að bændur á stórum svæðum landsins fengu ekki annað en lítil og hrakin hey, sökum ótíðar um sláttinn, og urðu vitanlega þrátt fyrir það að borga sínu kaupafólki. En þegar þeir svo þar að auki fengu sama og ekkert fyrir sína eigin vinnu, þá sér hver sanngjarn maður, hvort hér er jafnt skipt milli þegna þjóðfélagsins.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál að þessu sinni, en vildi að endingu spyrja um það, hvort það sé svo fast bundið að greiða verði þennan styrk í hlutfalli við afla manna, að þar verði engu um þokað í samgirnisátt.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég skil ekki í því, hvernig þetta frv. getur orðið hér sú hneykslunarhella, sem ætla má af ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hann talar um pólitíska spillingu í sambandi við það, og blæs sig upp af „indignation" yfir þessu háttalagi. Mér virðist, að hv. þm. ætti frekar að koma svona tali að, þegar einhver þau mál kunna að vera til umr., sem frekar gefa tilefni til slíks en þetta mál.

Við 1. umr. þessa máls hér í þessari hv. d. gerði ég grein fyrir því, að á undanförnum þingum, ár eftir ár, hefðu verið gerðar tilraunir til þess af Alþfl. að lækka þetta útflutningsgjald af síld. Sumir úr flokki hv. 1. þm. Skagf., eins og t. d. hv. 1. þm. Reykv., hafa tjáð sig þessu meðmælta og talið, að gjaldið væri allt of hátt. Þessi skattur, sem ætlazt er til að greiddur sé af útfluttri síld, nemur fullkomlega ⅔ af verði því, sem allir skipverjar fá í sinn hlut. Flestir sjómenn eru ráðnir upp á þriðja part, og sé verðið kr. 5.00 á tunnuna, þá verða það kr. 1.67, sem skiptast á milli skipverja, en útflutningsgjaldið er kr. 1.00 af tunnu. Við þetta má svo bæta innflutningstolli af umbúðum, salti o. fl., sem dregur líka frá söluverði síldar.

Það, sem hv. 1. þm. Reykv. að öðru leyti finnur frv. til foráttu, er það, að hlutur þeirra eigi að verða mestur, sem mestar hafa haft tekjurnar. Hann er hér fullur af umhyggju fyrir þeim, sem minnstar tekjur hafa haft, og vill rétta þeirra hlut með því að láta mest ganga til þeirra, að hann segir, og í svipaða átt gengur brtt. á þskj. 297. Um þetta vil ég bara segja það, að ef þessir hv. þm. ætla að fara að jafna tekjur manna, eins og nú virðist vaka fyrir þeim, þá er vitaskuld ekki snefill af heilbrigðri skynsemi í því að taka aðeins 2 mánuði ársins út úr. Ef nokkur skynsemi væri í þessu, þá yrðu þeir að heimta skýrslur yfir atvinnutekjur sjómanna í ár og taka svo jafnframt tillit til þeirra. (**MG**: Það sagði ég líka). Ekki er það að sjá af till., því að þar er eingöngu miðað við síldveiðitímann. En hinsvegar hafa ef til vill margir sjómenn fiskað ágætlega á vetrar- og vorvertíð, sem höfðu lítið um síldveiðitímann, og svo aftur á móti hafa aðrir aflað lítið á vetrar- og vorvertíð, en vel yfir síldveiðitímann, svo að það getur farið svo, að samanlagðar tekjur þeirra fyrrnefndu verði meiri en hinna síðarnefndu. Þó að það hafi vakað fyrir flm. till. að jafna þannig tekjur manna, þá er það gert af hreinasta handahófi, miðað við till., þar sem hér eru aðeins teknir út úr 2 mán. ársins, síldveiðitíminn, og auk þess verð ég að segja það, að mér virðist ekki í þessu tilfelli ástæða til slíks. Þegar menn ráða sig upp á hlut, þá verða þeir að taka þeirri ábyrgð, sem því fylgir.

Það, sem gert er með þessu frv., ef að l. verður, er, að það, sem kaupendur síldarinnar hafa greitt meira fyrir hana til seljenda, þ. e. a. s. sjómanna, heldur en þeir hefðu gert, ef

lækkunin á tollinum hefði verið ákveðin áður en síldin var seld, gengur nú til endurgreiðslu til sjómanna.

Hv. 1. þm. Skagf. spyr, hvað stj. ætli að gera fyrir sjómennina, ef þeir á næsta sumri hafi rýrar tekjur. Þessu er stj. búin að svara. Það hefir verið lagt fram frv., sem útlit er fyrir að verði samþ., um það, að sú leið, sem komið er inn á með þessu frv., verði farin framvegis. Eftirleiðis á þess vegna ekki að greiða hærra útflutningsgjald af síld en öðrum sjávarafurðum. Þ. e. a. s., að sú hjálp, sem veitt er í ár með lækkun síldartollsins, verður tryggð með 1. framvegis. Um það, hvernig fara eigi að að hjálpa bændum, þegar svo freklega sé farið í að hjálpa sjómönnum, eins og hv. 1. þm. Skagf. álítur að gert hafi verið, er það að segja, að þessi hv. þm. veit það eins vel og ég, að það hefir býsna mikill tími af þessu þingi farið í að reyna að hjálpa bændum. Má nefna t. d. kjötsölul., sem hafa leitt til verðhækkunar á kjöti, og því verður ekki neitað, að einmitt þau hafa óhjákvæmilega orðið til þess að gera kjötið dýrara fyrir neytendur en það ella hefði orðið.

**Magnús Guðmundsson:** Ég skil það á ræðu hv. atvmrh., að sú eina hjálp, sem bændur eiga að fá, sé þessi hækkun á kjötinu. Ég er nú í miklum efa um, að það sé nægilegt, sérstaklega þegar farið er eins að og gert hefir verið viðvíkjandi mjólkinni, er hin fyrsta lækkun, sem þar er gerð, kemur niður á framleiðendunum, en gróðinn fer til neytendanna. Það var þó að vísu gott að fá þessa yfirlýsingu fram frá stj., að þetta ætti að verða sú eina hjálp, sem bændurnir ættu að fá. Þá er að vísu að ganga.

Hæstv. atvmrh. sagði, að það hefði verið hugsað fyrir hjálp til síldveiðimanna líka í framtíðinni, þar sem þessi tollur ætti að verða lægri framvegis. En mér skilst, að þetta geti farið þannig, að þessi niðurfærsla á útflutningsgjaldinu fari ekki öll til sjómannanna sjálfra. Það gæti hugsazt, að útgerðarmenn gerðu þannig samninga við sjómenn, að það yrði ekki svo, og ég veit ekki, hvaðan hæstv. atvmrh. kemur vitneskja um, að svo fari ekki. Ég get vel ímyndað mér, að ef síldveiðarnar ganga ekki því betur næsta ár, þá muni koma svipuð krafa frá útgerðarmönnum, og ég sé ekki betur en að það væri alveg sama sanngirniskrafan og sú, sem hér ræðir um. Það er talað um, að síldartollurinn hafi verið ósanngjarn. Það getur vel verið, en það er Alþ., sem hefir samþ. hann, og ég sé ekki meiri ástæðu til þess að láta breytta tollalöggjöf verka aftur fyrir sig í þessu tilfelli heldur en öðrum. Ég hefi aldrei vitað það fyrr, að ráðstafað hafi verið fyrirfram því fé, sem kynni að nást í með væntanlegri lagabreytingu. Og það er þetta, sem ég kallaði pólitiska spillingu, og ég geri það enn. Annars var ég ekki að gera hér að umtalsefni tollalækkun á síld, en það var hæstv. atvmrh., sem fann þar sitt einasta vígi til þess að hlaupa í. Það er auðséð, að stj. telur sig hafa nóga peninga, þegar hún hefir getað gert samninga um það, að flytja frv. á næsta þingi um að endurgreiða væntanlegan tollmismun milli þeirra l., sem gilt hafa, þegar samningurinn var gerður, og svo aftur þeirra l., sem hún ætlaði sér að láta samþ. Það er einnig auðsætt, að ef á að fara inn á þá leið að lofa því fyrirfram, sem inn kann að nást með breyttri tollalöggjöf, þá er hægt að komast langt í pólitiskri spillingu, eins og ég orðaði það.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég ætla ekki að blanda mér sérstaklega inn í þessar umr. um síldartollinn. En ég vildi aðeins minnast á það, í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Skagf. var að tala um pólitiska spillingu, að ég sé ekki, hvaða spilling er fólgin í því, þó að útflutningsgjald af síld sé fært til samræmis við útflutningsgjald af öðrum sjávarafurðum. Þó svo að þessi ráðstöfun sé gerð með samningi fyrirfram, eins og þessi hv. þm. var að tala um, þá snertir sú ráðstöfun ekki á nokkurn hátt neinn þannig, að hún verði til tjóns, nema þá ríkissjóð, sem gerir þessa samngjörnu ívilnun á tollinum. Það snertir t. d. ekki hið allra minnsta þá, sem gera út á síld. Það á sér þess vegna ekki neina stað að vera að tala um spillingu í sambandi við þetta. Það var annars einkennilegt að heyra af hans vörum talað um pólitiska spillingu, og mun ég fús til að ræða við hann um slíkt, þegar tilefni gefst.

Þá var það annað atriði, sem ég vildi minnast á. Það var viðvíkjandi því, að yfirlýsing hefði komið um það frá atvmrh., að það eina, sem gera ætti fyrir bændur, væri að koma í framkvæmd kjöt- og mjólkursölul. Þessi mál eru ekki á dagskrá hér í dag, og ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að ræða um þau við hv. 1. þm. Skagf. Þessi hv. þm. hefir það fyrir vana að slá hér í d. fram þeim staðhæfingum, að því hafi verið slegið föstu af stj., að ekkert ætti að gera fyrir bændur. En sem sagt, um þetta skal ég fúslega ræða við hann, þegar þessi mál eru á dagskrá, en sé ekki ástæðu til þess að ræða það í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir nú.

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Hv. frsm. minni hl. og meiri hl. n. eru í aðalatriðunum sammála um nauðsyn þess, sem málið fjallar um. Ágreiningurinn er um fyrirkomulagsatriði, um það, hvernig eigi að úthluta þessu fé, sem hér um ræðir. Um þetta atriði hefir verið rætt mikið bæði að þessu sinni og við 1. umr. málsins, og skal ég því vera fáorður um það.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að það gætu orðið fleiri, sem kæmu til greina við úthlutun uppbótar heldur en sjómennirnir einir, sem síldina veiddu. En ég hygg, að meðal almennings sé enginn ágreiningur um það, að þeir einir eigi að koma til greina, sem fengust við að veiða síld til söltunar. **(JAJ:** Það snertir ekkert þetta frv.). Nei, það snertir ekki þetta frv., en mér skildist á hv. þm., að hann áliti, að þessi endurgreiðsla gæti náð til einhverra þeirra manna, sem ekki hefðu stundað slíkan veiðiskap sem hér ræðir um. **(JAJ:** Misskilningur).

Um hitt atriðið, sem hann minntist á, hvernig lögskráð var á Ísafirði, er það að segja, að ég skal viðurkenna, að það sé rétt hjá honum, að menn hafi ekki verið lögskráðir á skip með

sömu ákvæðum á Vesturlandi og voru á Suðurlandi og víðast á Norðurlandi. Þar mun þetta ákvæði ekki hafa verið tekið inn. En ég sé samt ekki ástæðu til þess að láta ekki það sama yfir alla ganga hvað þetta snertir. Þau ein ákvæði, sem voru í samningum um þetta efni hér á Suðurlandi, voru þau, að ef tollurinn fengist endurgreiddur, þá skyldi hann fylla upp það 7.00 kr. verð, sem áttu að verða samtök um að knýja síldarkaupmenn til þess að greiða. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að útgerðarmenn voru hjartanlega sammála sjómönnum um það, að tollurinn, sem í raun og veru væri mjög ranglátur á þessum atvinnuvegi, ætti að koma þeim til góða, sem veiddu síldina. Þetta fyrirkomulag verður vitanlega ekki nema í þetta skipti, vegna þess, að þegar tollurinn er kominn niður í það að vera verðtollur, eins og nú er ákveðið, að hann verði, þá kemur sú hækkun, sem tollmismuninum nemur, síðar meir öllum til góða. Ég skal geta þess, að það mun hafa komið til orða að afnema tollinn með öllu, m. ö. o. fella niður innheimtu hans með öllu — það munu hafa verið einstöku saltendur, sem stungu upp á þessu, — en ef svo væri, þá kæmi hann eins og hvert annað happ til þeirra, sem flytja síld út. Útgerðarmenn litu svo á, að þá mundi tollniðurfærslan koma niður á röngum stað, því að hún mundi þá eingöngu lenda í höndum þeirra manna, sem hafa verið kallaðir „leppar", eða m. ö. o. til þeirra *umboðsmanna erlendra spekúlanta*, sem kaupa síld hér og flytja út. Og það þótti sem með þessu væri verið að gefa þeim fé, sem þeir á engan hátt áttu skilið að fá, og þess vegna var þessi leið valin, sem hér er verið að ræða um.

Um það atriði, hvort einhver skip hafi selt fyrir hærra verð en kr. 7.00 á tunnuna, og jafnvel upp í kr. 10.00, skal ég ekki deila við hv. þm. Ég hefi ekki átt kost á að fá í hendurnar gögn, sem hrekja það, sem hann segir um þetta, en þó þykir mér þetta mjög ótrúlegt, þar sem vitað er, að skip urðu yfirleitt að fara á síldveiðar bundin þeim samningum, að kr. 5.00 *fengjust fyrir tunnuna*. Að nokkurt skip hafi til jafnaðar fengið kr. 8.00 fyrir tunnuna, þykir mér mjög ótrúlegt, án þess að ég sé að rengja sögusögn hv. þm. um þetta. Það var yfirleitt svo í byrjun síldarvertíðar í sumar, að það þorði enginn að ráða sig á skipin, nema að tryggja sér með samningi kr. 5.00 fyrir tunnuna. Þetta var sá samningur, sem yfirleitt var fáanlegur við síldarkaupmenn hér á landi í sumar. Undanskildir þessu eru þeir fáu, sem eru hvorttveggja í senn, síldarsaltendur og útgerðarmenn, og sem í raun og veru þurfa ekki að selja neinum nema sjálfum sér.

Ég vil svo ekki deila frekar um þetta mál við hv. þm. N.-Ísf., en ég endurtek það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að ég álít, að sú breyt., sem hann vill gera, sé til óhagræðis við málið og aðeins til að tefja fyrir því.

Þá vil ég segja nokkur orð við hv. 1. þm. Skagf. Sá er munurinn á þessum hv. þm. og hv. þm. N.-Ísf., að hjá honum virðist anda frekar köldu til þessa máls og gæta nokkurrar eftirtölu um þetta framlag af hálfu ríkissjóðs til þeirrar stéttar, sem þess á að njóta. Ég hygg, að það sé alveg óþarft í þessu sambandi að vera að tala um, að bændastéttin sé fyrir borð borin og hér sé verið að hygla annari stétt landsins, sem ef til vill eigi það ekki skilið. Og ég vil aðeins geta þess, að þau ár, sem ég hefi fylgzt með stjórnmálum hér á landi og tekið þátt í þeim sjálfur, þá hefi ég ekki orðið var við, að íslenzku sjómannastéttinni hafi verið hyglað fé úr ríkissjóði, þó að að hafi þrengt hjá henni. Það er ekki hægt að segja annað en að hún hafi á mörgum árum átt við þröngan kost að búa, þegar lágt verð hefir verið fyrir afurðirnar og þröngt um aflafeng. Ég ætla ekki að neita því, að íslenzka bændastéttin hafi átt við þröngan kost að búa, en ég veit það, að þessi hv. þm. játar það með mér, að það er ólíkt, hvað þingið hefir á undanförnum árum lagt sig meira í líma *við að létta undir með íslenzku bændastéttinni* heldur en sjómannastéttinni. Ég er ekki að telja það eftir, þó að ég geri samanburð á þessu. Hún hefir fengið nýja löggjöf og bæði beina og óbeina tryggingu, sem er mikils virði.

Íslenzka sjómannastéttin er undirstaða undir fjárhagslegu lífi þjóðarinnar og framtíð hennar sem sjálfstæðs ríkis. Það er öllum vitanlegt, að ríkið hefir aðaltekjur sínar af þeim sjávartöngum, sem vinnandi hendur sjómannanna færa að landi. Þá sagði hv. þm., að ég hefði ekki búið mig undir að finna í íslenzkri stjórnmálasögu hliðstætt dæmi því, sem hér er um að ræða. En ég hygg, að ef vel væri leitað, mætti finna ýms dæmi þess, að gerðar hafi verið ekki óskyldar ráðstafanir og það bundið fastmælum milli flokka áður en endanlegt samþykki Alþingis í heild kæmi til, t. d. um hagsmunamál bændanna. Ef hér er eitthvað ósæmilegt á ferðum, er víst óhætt að segja, að slík vansæmd hefir fallið á fleiri en núv. stj. og stuðningsflokka hennar. Það var almenn skoðun útgerðarmanna, að þetta væri sjálfsögð leið. Ef til vill hafa einhverjir þeirra ætlazt til að fá eitthvað í sinn hlut, en þess var álitin minni þörf. Hlutur sjómannanna getur orðið svo lítill, að þeir fái *með engu móti dregið fram lífið*, þó að útgerðarmennirnir geti klofið rekstrarkostnaðinn. Ég ætla ekki að svara fyrir stj., hvað hún ætlast fyrir um þetta mál næsta ár. En ég skal taka fram, hvað það er, sem sjómennirnir ætlast til. Þeir ætlast til, að það skipulag verði á haft um sölu sjávarafurðanna, að þeir fái að launum vinnu sinnar hlutfallslega réttan skerf af því, sem fyrir framleiðsluna fæst á erlendum markaði. Þeir ætlast ekki til þess, að hér fái að þrífast milliliðir og leppar, sem hirða kúfinn af arðinum. Það er nú sannast að segja, að útlitið er ekki svo glæsilegt, að sjómennirnir séu öfundsverðir. Skipunum fækkar, en sjómennirnir eru eins margir eða fleiri. Það er eigi að furða, þó að þeir líti með ugg til framtíðarinnar. Það er verkefni Alþingis að sjá um, að þessi stétt geti haldizt við störf sín. Því aðeins getur afkoma landsins orðið góð.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég vil áður en umr. lýkur gera grein fyrir afstöðu minni til þessa *máls með örfáum orðum*. — Flestir eða allir munu sammála um erfiðleika ríkissjóðs við að

annast óumflýjanlegar greiðslur, og það er kunnugt, að hagur hans er óglæsilegur. Nú hafa verið borin fram stór skattaukafrumvörp til að ráða bót á þessu, og virðist þar gripið til örþrifaráða. En á sama tíma er farið fram á töluvert á annað hundr. þús. kr. útgjöld á einu bretti og utan fjárlaga, að því er virðist án brýnnar nauðsynjar. Ég tel, að þetta séu bein útgjöld úr ríkissjóði, þó að sleppt sé í 1. gr. frv. á eftir orðunum „verja ber“ þeim orðum, sem þar ættu auðvitað á eftir að koma, sem sé orðunum „úr ríkissjóði“. Hér er um að ræða innheimtu á tolli, sem ekki hefir þótt ástæða til að endurgreiða fyrr en nú. Ég verð líka að segja, að ákvæði frv. um skipting greiðslunnar eru að mínu áliti mjög ranglát. Hlutarhæstu sjómennirnir fá mesta uppbót, en þörf þeirra er venjulega minni en hinna, sem lítið hafa borið úr býtum. Ég er á móti frv. í heild, en tel það þó fara nær sanni, ef till. hv. þm. N.-Ísf. verða samþ., og nægja þær þó engan veginn.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Það, sem greinir á milli meiri hl. og mín í minni hl., er, hvernig þessu fé, sem um ræðir í frv., verði heppilegast úthlutað. Ég held, að ekki geti verið ágreiningur um það, að þegar ríkissjóður leggur fram eða gefur eftir fé af tekjum sínum til hjálpar, þá sé rétt, að meiri hjálp falli í hlut þeirra, sem verr eru staddir, heldur en hinna, sem síður þurfa á hjálp að halda. En um þetta er deilt hér. Þó að ég hefði löngun til að rétta betur hlut þeirra, sem verst hafa orðið úti, hefi ég eigi séð mér fært að ganga lengra en brtt. mín fer fram á, en það er miðlunartill. í þá átt, að uppbótin miðist að hálfu við aflamagn og að hálfu við veiðitíma, og að þeir skipverjar, sem hafa fengið yfir 7 kr. jafnaðarverð fyrir hverja tunnu eða meira, fái ekki uppbót. Hæstv. atvmrh. minntist á, að fá yrði vitneskju um tekjur sjómannanna utan síldveiðitímans. En því er nú svo varið um norðlenzka sjómenn a. m. k., að aðaltekjur þeirra eru af síldveiðinni, og útkoman hjá þeim í ár hefir verið svo léleg, að nær því mun einsdæmi. Það er sýnilegt, þar sem þeir geta ekki notað vetrarvertíð, að aðaltekjur þeirra eru af síldarvertíðinni. En með því að miða uppbótina að hálfu leyti við aflamagnið og að hálfu leyti við veiðitímann er þó reynt að gera þeim nokkra úrlausn. Réttlæti og samræmi í þessari úthlutun verður vitanlega að standa á reikning þeirra, sem hér fara með völd. En ég vildi láta það koma sérstaklega fram, hve hlutur norðlenzkra sjómanna er fyrir borð borinn, þar sem þeir hafa aðaltekjur sínar af síldveiðunum. En treystist þingmenn Norðlendinga að ganga þá braut, sem frv. gerir ráð fyrir, er auðvitað ekki mikið um það að segja. En ég vænti, að þeir geri sér ljóst, að samkv. till. meiri hl. n. er ekki bætt úr lélegri afkomu norðlenzkra sjómanna á viðunandi hátt.

**Magnús Guðmundsson:** Hæstv. forsrh. var að tala um pólitíska spillingu. Ég get sagt honum, að ég er tilbúinn að tala við hann um hana hvenær sem hann vill. Annars var ég að svara hæstv. atvmrh., en ekki honum. En hæstv. forsrh. hefir víst fundizt kollega sinn óþarflega skjótur til svars og viljað gefa honum ofanígjöf fyrir framhleypnina.

Viðvíkjandi úthlutun síldartollsins sagði ég, að það væri órannsakað mál, hve mikið sjómennirnir hefðu haft upp úr þeim tíma ársins, sem þeir voru eigi við síldveiðar. En það er kóróna réttlætisins í þessu frv., að láta þá hafa mesta uppbót, sem mest hafa haft upp úr síldarvertíðinni, jafnvel þó að þeir hafi líka haft mest upp úr öðrum tíma ársins. Það liggur í augum uppi, að í þessu er engin sanngirni. Ef veita á uppbót, þá á hún að fara til þeirra, sem verst hafa orðið úti. Það ætti að vera auðvelt að fá skýrslu um hag og afkomu þessara manna um áramót, þegar þeir telja fram til skatts. Að þessi greiðsla snerti ekki útgerðarmenn, er rétt að því leyti, að hún er ekki beinlínis tekin úr þeirra vasa. En það var samið um þetta áður en nokkur vissi, hvernig gengi með síldveiðina. Þetta var gert til að ná samkomulagi tveggja flokka um að mynda stjórn. Ég kallaði þetta pólitíska spillingu. Hv. frsm. meiri hl. fannst ég hlutdrægur í þessu máli. En mér finnst sanngjarnt, þegar úthlutað er 130 þús. kr. úr ríkissjóði, að það sé gert eftir þeim reglum, sem venja er til þegar á að hjálpa þeim, sem hart hafa orðið úti, að þeir fái mest, sem minnst hafa borið úr býtum. Ég held því fram, að það sé ekki sanngjarnt að miða aðeins við síldveiðitímann, heldur eigi að miða við afkomu manna eftir allt árið, og úthluta uppbótinni eftir því. En afkomuna er auðvelt að fá að vita um áramót. Það hefir verið sagt, að útgerðarmönnunum kæmi þetta ekki við. En ef síldveiðin hefði gengið illa, ætli sumir útgerðarmenn hefðu þá ekki haft lítið upp úr vertíðinni? Það verður að hugsa um þessa menn líka. Þeir eru borgarar þjóðfélagsins ekki síður en hinir, og þeir mundu ekki lengi haldast við, ef útgerðin borgaði sig ekki ár eftir ár. Mér er nú raunar á móti skapi að þvæla mikið um þetta. Það mun þegar vera ákveðið, hvernig þessi skipting fari fram. En það er þó sá minnsti réttur, sem andstæðingar stj. geta tekið sér, að skýra frá sinni afstöðu og hvað þeir hefðu gert í þessu máli og öðrum.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. færði fram þau einu rök, sem hægt er að færa fyrir þeirri skiptingu þessarar uppbótar, sem frv. fer fram á, þau, að ef síldartollurinn væri ekki svona hár, þá kæmi það sjómönnunum að gagni í svipuðu hlutfalli eins og ákvæði frv. mæla fyrir. En hæstv. atvmrh. tók ekki tillit til þess, að þessi aðferð er alveg einsdæmi. Hér er ekki um það að ræða að lækka toll, heldur er farið fram á að láta ákvæðin verka fram fyrir sig. Þetta er því beint framlag úr ríkissjóði, sem færð eru rök fyrir, að sjómenn þurfi að fá vegna lélegrar afkomu á vertíðinni. Málið horfir þá þannig við, að þetta er bara hallæris- eða vandræðahjálp til stuðnings ákveðnum hóp manna. En þá koma til greina allt aðrar reglur um skipting þessa fjár. Þá er vitanlega sjálfsagt að skipta þannig, að þeir fái mest, sem mesta þörf hafa fyrir stuðning. Ákvæði frv. um skipt-

inguna eru því alveg þvert á móti því, sem ætti að vera. Það er sennilega ekki til neins að ræða þetta eða bera fram brtt., en það er eins og hv. sessunautur minn (MG) sagði, að sá minnsti réttur, sem við getum tekið okkur, er að benda á ranglætið í þessu. Ég minntist á það við 1. umr., hve ósanngjarnt væri að miða aðeins við síldveiðitímann, en ekki ársafkomuna. En það liggur í augum uppi, að úthlutunin kæmi réttlátlegar niður, ef miðað væri við ársafkomuna. Það hefir komið til orða, hvort hér væri um pólitíska spillingu að ræða. En það mun mála sannast, að skoðanir flokkanna séu mismunandi um það eins og annað, hvað pólitískt velsæmi sé. Ég þarf ekki að svara hæstv. forsrh. Hann stóð hér upp til að segja, að hann ætlaði ekki að ræða málið, og endurtók þetta þrisvar eða fjórum sinnum. Það hefði nú verið bæði billegra og hentugra að segja þetta á þann hátt að sitja kyrr. Ef litið er á, hvernig þetta mál er til komið, þá var það þannig, að stjórnarflokkarnir höfðu gert með sér fast samkomulag um afgreiðslu þess áður en þing kom saman. Frá sjónarmiði okkar andstæðinganna er það pólitísk spilling, þegar flokkar ráðstafa þannig málum fyrirfram og hafa að engu tillögur, sem fram koma á þinginu. Það er að gera þingstörfin að skripaleik, og mér finnst það stappa nærri pólitískri spillingu, þegar flokkar semja þannig, að þeir ganga á víxl frá fyrri skoðunum til þess að halda völdum.

Skal ég svo ekki tefja fyrir umr., en ég mun fylgja till. minni hl. í þessu máli, ekki af því, að ég viðurkenni ekki ástæðu hæstv. ráðh., viðvíkjandi því, hvernig þetta eigi að skiptast á eðlilegum tímum, heldur af því, að ég lít á þetta sem nokkurskonar kreppulánahjálp eða styrk frá ríkissjóði til þeirra, sem hafa farið illa út úr síldveiðinni í sumar. Þessari kreppuhjálp finnst mér eiga að úthluta eins og hverjum öðrum styrk, þannig, að þeir fái mest, sem þurfa mest.

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég vil segja nokkur orð út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. Mér finnst ekki ástæða til þess að endurtaka neitt af því, sem ég svaraði hinum hv. ræðumönnunum. Hv. þm. drap á það, að engin skýrsla lægi fyrir hjá Alþ. eða hv. n. Þetta er vitanlega alveg rétt. En ég hefi getið þess hér í þessari hv. d., að það hafi verið ýmsum örðugleikum bundið og útheimt mikla fyrirhöfn að geta náð í þessar skýrslur, svo að haldi komi. Menn eru ekki lögskyldir til þess að láta slíkar skýrslur í té, og enda þótt þeir geri það, er alls ekki víst, að þær skýrslur séu áreiðanlegar.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um það, að við jafnaðarmenn hefðum eiginlega hafið kröfuna um þessa hækkun verðsins, þá vil ég leiðrétta þennan misskilning. Það merkilega er í þessu máli, að verðhækkunarkrafan er runnin frá útgerðarmönnum. Það voru þeir, sem komu til sjómanna og spurðu þá, hvort þeir vildu vera með í því að gera samkomulag um verðhækkun. Þeir eiga við þetta sama skipulag að búa og geta því ekki fengið það verð fyrir síldina, sem þeir álíta, að hægt sé að greiða fyrir hana af þeim, sem kaupa hana til útflutnings. Þess vegna voru það þeir, sem báðu sjómennina að vera með sér í því að hækka verðið. En eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, þá skorti, þegar til átti að taka, samtök milli útgerðarmanna, sem gætu staðið eins og veggur gegn síldarkaupendum. Á þessu strandaði málið. Þeir segjast frekar vilja gera skipin út fyrir 5 kr. verð, því að annars megi búast við, að síldarkaupendur neiti að kaupa síldina. Að sjálfsögðu brustu samtök sjómanna, og þá fyrst og fremst norðanlands, en þaðan var krafan fyrst komin, þegar útgerðarmenn sögðu, að þeir skyldu gera út skipin að þessu sinni fyrir þetta lága verð, ef sjómenn vildu fallast á að ráðast á þau fyrir óbreytt verð. Óánægjan er ekki minni meðal útgerðarmanna heldur en meðal sjómanna, því þeir þykjast sannfærðir um, að hægt sé að greiða meira fyrir síldina en gert hefir verið 2 síðustu ár. Þetta vildi ég leiðrétta með því að sýna fram á, hvaðan þessi samtök voru upphaflega komin.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þá spillingu, sem hv. þm. talaði um í þessu efni. En ég hygg, að okkar þjóð — jafnt sem aðrar þjóðir — hafi fullt leyfi til þess að grípa til slíkra ráða um það að létta undir með hverri þeirri stétt, sem hjálpar þarf með, jafnvel þótt það sé gert með þeirri aðferð, sem hér á sér stað. — Ég skal ekki frekar fara út í þessa úthlutun. En það mætti miklu meira um hana segja, ef fara ætti eftir þeirri reglu, sem sjálfstæðismenn fylgja, að sá, sem meira hefir aflað, láti af mörkum til þess, sem minna hefir borið úr býtum. Það yrðu þó nokkuð margir í þjóðfélaginu, sem yrðu skyldir til að miðla af háum tekjum og miklum eignum til þeirra, sem lítið eða ekkert hafa til framfærslu sér og sínum. Þetta er regla, sem þeir vilja ekki fylgja, þegar það snertir þeirra eigin buddur. En í þessu tilfelli er sú regla ekki frambærileg og mundi vekja óánægju gagnvart fiskimannastéttinni samkv. ráðningarsamningi þeirra. **(JAJ:** Hverjir útgerðarmenn græddu á síðasta ári?). Það sést ekki á lífnaðarháttum þessara manna, að rekstur þeirra beri sig ekki sæmilega. Ég hygg, að hægt væri að benda á útgerðarfélög, sem græða á útgerðarrekstri þrátt fyrir þá örðugleika, sem mjög er hampað, enda verður ekki annað séð en að menn sækist mjög eftir því að hafa þennan rekstur með höndum.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Það er óþarfi að leiðrétta umsögn hv. þm. um upptök 7 kr. verðsins. Mér er kunnugt um það, og það þarf enga sérstaka skerpu til þess að sjá það út, að útgerðarmenn vilja frekar hátt verð en lágt fyrir sínar vörur. Þetta liggur vitanlega í augum uppi. Það eru vitanlega sameiginlegir hagsmunir beggja aðilja, útgerðarmanna og sjómanna, að verðið sé hátt, sérstaklega þegar margir menn eru ráðnir upp á hlut. Hvers vegna er nú aðeins annar aðilinn tekinn út úr, þegar þessar vonir hafa brugðizt? **(SÁÓ:** Af því að hann er veikari). Hann er veikari, segir hv. þm. Hinn getur líka verið veikur. Það hafa margir gert út og borið skarðan hlut frá borði, vegna þess hve verð afurðanna hefir verið lágt. Þess vegna væri

hugsanlegt, ef tekið væri tillit til fullkominnar sanngirni í þessu efni, að athuga, hvort ekki væri ástæða til þess að ætla, að smáútgerðarmenn hefðu þörf fyrir eitthvað af þeim peningum, sem ríkisjóður á að láta af hendi í þessum tilgangi.

Það var óþarfi að upplýsa það, að krafan um hærra verð var sameiginleg fyrir báða aðila. (SÁÓ: Hv. þm. sagði, að þetta hefði verið blásið upp). Já, ég sagði, að það hefði frekar verið blásið að því hjá sjómönnum en útgerðarmönnum, af því að að sjómönnum er betri aðgangur.

Hv. þm. benti á það í fyrri ræðu sinni, að til þess að bæta úr þessu þyrfti að skipuleggja þetta. Það hefir verið gert, og misjafnlega spáð fyrir árangrinum. Allir spádómarnir hafa rætzt. (SÁÓ: 13 kr. jafnaðargjald á tunnu var borgað). Það er ómögulegt að miða við krónur, því að það er hægt að greiða hátt verð með fyrirsjáanlegum skaða. Ríkið gæti keypt afurðir af mönnum, svo að þeir bæru mikið úr býtum í svipinn, en það hlyti að koma þeim í koll fyrr eða síðar. Síldareinkasalan borgaði svo og svo mikið. Hver var útkoman? Hún var einhver sú lakasta, sem fengizt hefir á þessu sviði. Ég veit ekki, hvort sjómenn óska eftir því að fá síldareinkasöluna aftur með þeirri útkomu, sem á rekstri hennar var.

Hv. þm. var ósammála hæstv. ráðh. um það, hvað gera ætti í framtíðinni í þessu efni. Hæstv. ráðh. sagði, að það ætti að bæta upp með því að fella niður tollinn, því að það kæmi fram í betri afkomu þeirra, sem tollinn greiddu. Þetta var alveg rétt. En hv. 4. þm. Reykv. segir, að ekki sé hægt að gera þetta í framtíðinni, en þá koma sjómenn og biðja um styrk í öðru formi.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um, að það væru útgerðarmennirnir, sem græddu. Það væri æskilegt, að þetta væri rétt, því að afkoman er vitanlega bágborin, ef enginn græðir neitt. En hvað segir hv. þm. sjálfur um þetta? Hann segir, að skipunum fækki stöðugt. Ætli það stafi af því, að menn hafi misst lystina á því að græða? Hvers vegna eru ekki keyptir nýjir togarar? Hvers vegna kaupum við ekki ný skip? Af því að menn græða ekki á því. Þeir vilja því ekki halda áfram að gera út. Hver einasti atvinnuvegur, sem græðir, fer vaxandi. Það er örugg mælikvarði á þetta. Sönnun þess, að útgerðin er ekki rekin með gróða, er fækkun skipanna. Þetta er niðurstaðan af rannsóknum n. þeirrar, sem fengið hefir þetta mál til athugunar. Skýrslur hennar sýna, að svo stórfelld töp hafa orðið á útgerðinni í seinni tíð, að auður sá, sem safnaðist 1928—1929, er genginn til þurrðar. Skuldir safnast í bankana. Það getur verið rétt, að ekki sjái enn þá á þeim, sem lifa á útgerðinni. Það stafar af því, að þeir taka lán. En þjóðfélagið verður aldrei byggt á þeim grundvelli. Margir menn lifa umfram efni. Það eru fleiri en útgerðarmenn. Það sannar ekkert, að þeir græði á fyrirtækjum sínum. Það er einmitt frekar sönnun fyrir því, að útgerðin sé rekin með töpum. Þeir halda áfram að gera út, sem eiga tækin, því að það er ekki gott að losna við þau, og þau eru dýr, jafnvel þótt þau standi alveg kyrr.

Það er trú hjá hóp manna, að útgerðin sé rekin með hagnaði. Það er undarlegt, hve illa gengur að fá þessa menn til þess að leggja út í slík fyrirtæki! Jafnvel þótt þeir fái góð lán, gera þeir það ekki. Þar, sem útgerðin er rekin af því opinbera, eins og t. d. í Hafnarfirði, sjá menn, að gróðinn er ekki mikill. Sú útgerð er að vísu mörgum til góðs, en arðurinn af henni er ekki mikill. Vafalaust myndi hver maður óska þess, að það væri satt, sem hv. þm. sagði, að mörg útgerðarfélög væru rekin með gróða.

Hv. þm. minntist á það, hvort nokkur pólitísk spilling fylgdi því, að flokkar gengju frá skoðun sinni á víxl, til þess að kaupa sér hagsmuni. Ég álít það vera spillingu. Það er almennt kallað hrossakaup. Þau hafa aldrei þótt nein fyrirmynd. Það er pólitísk spilling, þegar stjórnarflokkur kemur sér að völdum, með því að gera hrossakaup. En að löggjafarþing eigi ekki að vera annað en formsatriði, eins og hv. þm. sagði, er alveg rangt.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Ég vildi biðja hv. 4. þm. Reykv. að leiðrétta það, sem hann skaut fram í, að jafnaðarverð á síld, á meðan síldareinkasalan starfaði, hafi verið 13 kr. á hverja tunnu. Ég vil ekki, að þetta standi í Alþt., og það eftir form. þeirrar stéttar, sem á mikilla hagsmuna að gæta í þessu efni, án þess að það sé leiðrétt. Annars er þetta miklu meira en missögn. Síldareinkasalan borgaði fyrsta árið um 12 kr., síðan 7 kr., þá 3 kr., endaði með því, að síðasta árið borgaði hún 1—2 kr., en sumum ekkert, og þó hún fengi síldina gefins, var stórtap á verzluninni. Það hefir aldrei verið eins bágborin afkoma útgerðarmanna og sjómanna eins og þegar síldareinkasalan var við lýði, fyrir utan bein og óbein töp ríkissjóðs á henni.

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, skal ég taka það fram, að ég mun síðar færa honum skýrslu yfir meðalverð síldarinnar á umræddu tímabili. Ég hefi ekki gögnin hér meðferðis, en ef mig hefir misminnt, þá er sjálfsagt að leiðrétta það.

Í sambandi við það, að hv. 1. þm. Reykv. álítur, að útgerðin sé alltaf að tapa, vil ég leggja fyrir hann eina spurningu. Hvers vegna er eins og komið sé við hjartað í útgerðarmönnum, ef talað er um, að bæjar- eða jafnvel samvinnufélög eigi að taka við rekstri útgerðarinnar? Það lítur svo út, þrátt fyrir þetta mikla „tap", sem vinnst upp á öðrum tíma, að þessir menn vilji ekki missa af þessu. Þetta er ekki til þess að styðja eða sanna það, að reksturinn sé svo ýr, að ekki sé unnt að lifa af honum. Við vitum það allir, að það er almenn skoðun í landinu, að það opinbera eigi að grípa inn í, þegar einstaklingarnir gefast upp við atvinnurekstur. En þetta má ekki eiga sér stað undir neinum kringumstæðum, að dómi hv. þm. og flokks hans.

**Magnús Jónsson:** Ég vil svara spurningu hv. 4. þm. Reykv. Ég fyrir mitt leyti hefi ekki heyrt þessi hljóð frá útgerðarmönnum, þegar talað er

um, að bæir vilji kaupa fyrirtæki þeirra og gera út, og held, að þetta sé mesta fjarstæða. Aftur á móti eru til pólitiskir flokkar, sem ekki hafa trú á opinberum rekstri. Ég þykist vita, að útgerðarmenn tækju ekkert illa í það, ef ríkið eða bæirnir vildu bjóðast til þess að taka við þessum tækjum og gera þau út. Aftur á móti eru í þessari stétt menn, sem eru það bjartsýnir, að þeir vona, að þetta hljóti að lagast. Margir, sem lifa á þessum atvinnuvegi, setja allt sitt í hann og afla sér þekkingar í þessu efni; þeir kvíða því atvinnuleysi, ef þeir hætta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Ed., 5. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 297 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** ÞÞ, GL, JAJ, MG, MJ, PM, ÞBr.
**nei:** BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ.
Einn þm. (EÁrna) fjarstaddur.
4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Ed., 9. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 384).

---

## 42. Kosningar í sveitamálum og kaupstaða (frv. FJ).

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breytingar á l. nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða** (þmfrv., A. 44).

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Finnur Jónsson):** Sá galli er á l. um kosningu bæjarstjóra í kaupstöðum, að svo getur hæglega farið, að bæjarstjóri verði kosinn með minni hl. bæjarstj. að baki sér. Með því bæjarstjórinn fer, eins og kunnugt er, með framkvæmdarvald í umboði bæjarstj., liggur í augum uppi, að það getur valdið hinu mesta öngþveiti, ef bæjarstj. er í minni hl. Bæjarstjóri, sem styðst við minni hl. bæjarstj., er í raun og veru eins settur og ráðh., sem hefir minni hl. Alþingis að baki sér og stjórnar landinu í umboði minni hl. þjóðarinnar. Nú hefir þetta komið fyrir á einum stað hér á landi, Ísafirði, þar var bæjarstjórinn kosinn af minni hl. bæjarstjórnar með hlutkesti. Það er óhætt að segja, að bæði þeir, sem töpuðu, og hinir, sem unnu hlutkestið, óska eindregið eftir því, að kostur verði gefinn á því, að á Ísafirði verði kosinn bæjarstjóri, sem fái meiri hl. bæjarstj. að baki sér. Þessu frv. er ætlað að bæta úr þessum galla á lögunum með því að láta fara fram bæjarstjórnarkosningu á ný.

Það er nú talað svo mikið um lýðræði hér í þessari hv. d., að ég býst við því, að þetta frv. fái fylgi allra flokka í þinginu. — Að svo mæltu óska ég þess, að frv. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég býst varla við, að sú ósk hv. flm. rætist, að allir flokkar þingsins verði sammála um þetta frv. Ekki af þeirri ástæðu, að þetta eigi að verða deilumál á milli flokka. Eins og kunnugt er, var bæjarstjórinn á Ísafirði knúinn af bæjarstj. til að segja af sér; það liggur því fyrir það vandaspursmál, sem bæjarstjórnin þarf að leysa, að kjósa sér annan bæjarstjóra. Í frv. þessu er engin lausn á því vandamáli. Þar eru aðeins ákvæði, sem heimila atvmrh. að láta fara fram bæjarstjórnarkosningu á ný. En líkur eru hverfandi litlar fyrir því, ef kosið er strax aftur, að það skapist nýr meiri hl. í bæjarstórninni.

Það er alþekkt hér í bæjum, að bæjarstjóri hefir engan hreinan meiri hl. að baki sér. T. d. hefir það verið svo á Akureyri í langa tíð, að flokkarnir hafa orðið að koma sér saman um bæjarstjóra. Var þetta mál leyst þar á síðastl. vetri á þennan hátt, án nokkurra vandræða.

Ég undrast það, að hv. þm. skuli vegna þessa árekstrar á Ísafirði flytja þessa breyt. fyrir allt landið, þar sem hvergi er um nein vandræði að tala í þessum efnum nema á Ísafirði.

Annars vildi ég skjóta því til hv. þm., hvort hann vill ekki bara fá alveg sérstaka löggjöf fyrir Ísafjörð. Það er ýmislegt, sem bendir til þess, að þess muni vera þörf, og vil ég skjóta þessu fram þeirri n. til athugunar, sem væntanlega fjallar um málið.

**Sigurður Kristjánsson** [óyfirl.]: Ég verð að játa það, að mér kemur þetta frv. undarlega fyrir sjónir, því ég fæ ekki séð, að það geti stuðlað að því, að hreinn meiri hl. fáist fyrir bæjarstjóra. Frv. sýnist vera allt ein hugsunarvilla. Ef ekki hefir verið hægt við nýafstaðnar bæjarstjórnarkosningar að fá hreinan meiri hl., hvernig á það þá að vera hægt með því að láta aðrar kosningar fara fram strax eftir fáa daga? Það er að vísu sagt í frv., að kjósa eigi fyrir þann tíma, sem eftir sé af hinu reglulega kjörtímabili, en það hlýtur að verða sama sem allt tímabilið. Það kemur strax í ljós eftir reglu-

legar bæjarstjórnarkosningar, hvort bæjarstjóri verður kosinn af hreinum meiri hl. eða ekki. Ef kosið verður upp aftur, hlýtur það að verða þegar í stað. Hefir hv. flm. gert sér það ljóst, að það eru sömu kjósendurnir, sem eiga að kjósa strax aftur? Það er ekki hægt að hugsa sér, að þeir breyti nokkuð sinni kosningu, og hvað er þá unnið? Hér er um tvennt að ræða; annaðhvort hefir hv. flm. ekki hugsað málið, eða þá að hann hugsar sér að beita einhverjum sérstökum ráðum til þess að breyta skoðunum manna. Ég skal láta ósagt, hvort heldur er, en það eru þá a. m. k. einhver óvenjuleg ráð, og leiði ég hest minn frá því að ákveða nokkuð um það. Hv. þm. segir, að þetta horfi til vandræða á Ísafirði; en ég sé ekki, hvernig hv. þm. hugsar sér það, að bæjarstjóri verði kosinn á annan hátt en með hlutkesti, þegar jöfn eru atkv. Máske hv. þm. ætlist til, að afnumið verði allt hlutkesti úr kosningum, t. d. þegar þingmannaefni fá jöfn atkv. Ætlast hann til, að þá verði málinu aftur skotið til kjósendanna? Nei, hlutkestið er bezta ráðið, sem menn hafa fundið, til að skera úr kosningu þegar atkv. falla jöfn. Það er gamalt ráð og þaulhugsað, og ég get ekki annað séð en það eigi eins við um bæjarstjórakosningu og aðrar kosningar. Nú vill hv. þm. fá aftur bæjarstjórnarkosningu á Ísafirði, en ég skil ekki, hvers vegna hann vill endilega svipta öllum öðrum inn í þennan vitlausa dans. Það er hægt að hugsa sér, að Ísafjörður fengi þau sérréttindi, sem frv. felur í sér, en þrátt fyrir það eru ekki minnstu líkur til, að önnur hlutföll fengjust út úr nýrri kosningu í bæjarstjórn en þau, sem nú eru, svo að flokkaskiptingin yrði óbreytt, 4:4:1. Ef þá færi svo, að Alþfl. fengi bæjarstjórann með hlutkesti, þá má öldungis eiga það víst. að strax kæmi fram vantraust á bæjarstjóra frá andstæðingum hans. Hvað á þá að gera? Á að kjósa enn á ný? Þá gæti farið svo, að ekki gengi á öðru en hlutkesti og bæjarstjórnarkosningum alltaf á víxl. Hv. flm. hefir ekki fundið aðra leið en hlutkesti til þess að skera úr kosningu. Annars er það sérstök meinloka í frv. að láta atvmrh. úrskurða um það, hvort kosning skuli fara fram aftur eða ekki. Eftir frv. á hann að geta látið fara fram kosningu hvað eftir annað í sama kaupstaðnum, kannske 10—12 sinnum í röð, ef honum svo sýnist, en bæjarstjórn og bæjarstjóri hafa engan rétt til þess að ráða nokkru um málið. Það sýnist þó ekki mega minna vera en að meiri hl. bæjarstj. hefði einhvern kröfurétt.

Ég held nú, af því að dæma, sem ég hefi sagt um frv., að varla sé hægt að búast við, að ég greiði því atkv. fremur en aðrir vitibornir menn.

**Flm. (Finnur Jónsson):** Þó þetta frv. sé stutt, þá er það samt ofvaxið skilningi hv. 6. þm. Reykv. Hann talar um, að atvmrh. geti látið kjósa 10—20 sinnum í röð, en í frv. stendur, að ráðh. geti ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Vill ekki hv. þm. lesa frv. aftur? Ég held, að hann hefði gott af því að reyna að átta sig á málinu.

Það er sjálfsagt og eðlilegt, að úrskurður í þessu efni heyri undir atvmrh. Til hans kasta kemur að ráða fram úr þeim vandræðum, sem af því hljótast, ef bæjarstj. verður svo skipuð, að meiri hl. fæst ekki fyrir kosningu bæjarstjóra. Báðir hv. þm., sem töluðu gegn frv., vildu halda því fram, að engar líkur væru til þess, að málskot á ný til kjósenda færi öðruvísi en nýafstaðnar kosningar. Ég veit ekki betur en að það sé ákaflega algengt að skjóta málum aftur til kjósenda með breyttum árangri, og vil ég í því sambandi minna hv. þm. á það, sem hér er hendi næst, að oft er leitað atkv. hér í hv. d. tvisvar til þrisvar sinnum við sömu atkvgr.

Þá var hv. 6. þm. Reykv. að tala um það, hvort ætti að hætta við hlutkesti, ef jöfn væru atkv. tveggja þingmannaefna, en hér er ekki um hliðstætt dæmi að ræða. Ég vil benda á það, að ef þingmenn koma sér ekki saman um að mynda stjórn, þá fer fram þingrof og kosningar á ný. Hið sama á að gilda um skipun bæjarmálanna eftir þessu frv. Það er farið fram á að lögleiða einskonar þingrofsvald í bæjarmálum, ef það kemur fyrir, að meiri hl. bæjarstj. fæst ekki um kosningu bæjarstjóra. Mér er það ljóst, að frv. felur í sér talsverða breyt., en sú breyt. er í lýðræðis- og þingræðisátt, og tilgangurinn er sá, að tryggja það, að stjórn bæjarmálanna sé í höndum meiri hl. bæjarstj.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um það, að líkur um árangur af málskoti til bæjarbúa væru sáralitlar, en það eru sömu líkur og þegar máli er skotið aftur til þjóðarinnar með þingrofi og kosningum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. og treysti því, að hv. d. afgr. frv. til 2. umr. og n., hvað sem þessir hv. tveir þm. segja. Þeir eru á móti frv. aðallega fyrir það, að þeir hafa ekki lesið frv.

**Sigurður Kristjánsson** [óyfirl.]: Ég held, að hv. flm. hljóti að játa, að sú ógæfa, sem hann hugsar sér að bjarga bæjarfélögunum frá með þessu frv., kemur strax aftur. Það kemur þegar í ljós, ef kosning hefir misheppnazt. Þýðir því ekki að tala um einhvern hluta kjörtímabils, sem eftir sé, því það verður allt eftir. Hér er því að ræða um heilt kjörtímabil. Því eru engar líkur til þess, að hreinn meiri hl. fengist þegar kosið er strax aftur, og stendur óhrakið allt, sem ég hefi um það sagt. Flokkaskipting í bæjum er nú orðin þannig, að hæpið er, að nokkur flokkur fái hreinan meiri hl. Þó sósialistar á Ísafirði þykist hafa orðið hart úti, þá er engin von fyrir því, að þetta frv. verði þeim til hjálpar. Ég játa, að það er ekki fullkomið lýðræði, þegar ójöfn tala kjósenda fær jafna tölu fulltrúa, en það er ekki hægt að girða fyrir alla smámuni, ekki hægt að komast nær því rétta. Þó að aðalflokkarnir á Ísafirði séu dálítið mismunandi stórir, þá verða þeir að hafa sína fjóra fulltrúa hvor. Mér er a. m. k. ekki ljóst, hvernig á að koma í veg fyrir, að þeir hafi það.

Ég held, að hv. þm. Ísaf. hafi einu sinni ekki verið eins hræddur við jafnar tölur og hann er nú, þegar hann og hans flokkur beitti sér fyrir

því að afnema oddamann í bæjarstj. Ísafjarðar. — Ég legg ekkert kapp á það, hvenær þetta frv. deyr, og ég á bágt með að vera grimmur við slíka vanburða aumingja, en ef á að reyna að bjarga lífinu eitthvað lengur í þessu óburðuga fóstri, þá vil ég benda hv. n. á það, að réttara muni að láta bæjarstj. fremur en atvmrh. ákveða, hvort kosning á að fara fram eða ekki.

**Flm. (Finnur Jónsson):** Það hefir nú samnazt, að hv. 6. þm. Reykv. hefir ekki lesið frv. Hann talaði um það, að jafnaðarmenn þættust hafa orðið hart úti, með því að fá ekki bæjarstjórann úr sínum flokki. Ég get nú upplýst hv. þm. um það, að ef ekki koma lög um þetta efni núna frá þinginu, þá er í ráði, að aftur fari fram hlutkesti um bæjarstjóra, og verður þá sá flokkur, sem fær bæjarstjórann, enn harðar úti en hinn. Ástandið eins og það er er alveg óþolandi og óviðunandi. Það munar ekki svo miklu um atkvæðatölur flokkanna á Ísafirði, að talsverðar líkur eru til, að við nýjar kosningar geti fulltrúatölur þeirra breytzt.

Ég er á móti því, að bæjarstj. eða meiri hl. hennar skuli ákveða, hvort kosning eigi að fara fram eða ekki. Kommúnistinn í bæjarstj. Ísafjarðar mundi aldrei greiða atkv. með kosningu, því hann hefir lýst því yfir, að hann væri ekki kosinn í bæjarstjórn til þess að vinna að hagsmunum bæjarfélagsins.

Nú er það svo víða í bæjum, að þrír eða fjórir flokkar eiga fulltrúa í bæjarstjórn. Ef samvinna tekst milli flokkanna um að kjósa bæjarstjóra, þá hefir hann meiri hl. atkv. á bak við sig, og er þá allt í lagi. Annars býst ég við, að þessi lög geti átt við alla kaupstaði á landinu, ef til kemur, að á þeim þarf að halda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 99 og 125).

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Allshn. hefir klofnað í þessu máli. Ég legg til ásamt hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk., að frv. verði samþ. óbreytt, en hv. 8. landsk. og hv. þm. Snæf. leggja til, að frv. verði fellt.

Ég álít nú, að heppilegast hefði verið, að stj. hefði farið eftir þeirri þál., sem samþ. var á síðasta þingi, að gera almenna endurskoðun á l. Hefði það vitanlega verið heppilegast að fá allar breyt. í einu. En þessa breyt. má telja viðaukabreyt. við l., sem gerð voru í því skyni að bæta úr ófullkomnum lagaákvæðum í þeim tilfellum, sem hér um ræðir, sem sé að koma í veg fyrir það, að bæjarstjóri verði kosinn án þess að bak við hann standi meiri hl. bæjarstj., og hafi svo meiri hl. á móti sér og verði svo kannske að framkvæma margt, sem hann er algerlega mótfallinn. Það er kannske ekki víst, að úr þessu verði fullkomlega bætt með þessu frv., en þó verður það helzt gert með því að efna til nýrra kosninga, eins og frv. gerir ráð fyrir, og reyna þannig að skapa þann meiri hl., sem getur svo kosið starfhæfan bæjarstjóra. Þetta er aðeins heimild fyrir atvmrh. að ákveða, að svo skuli gert, svo að það er lítil ástæða til að halda, að það verði gert nema nauðsyn beri til, enda er svo ákveðið í frv., að þetta skuli því aðeins gert, að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hl. bæjarstjórnar.

Þar að auki vil ég benda á það, eins og líka stendur í grg. frv., að það er vitanlega í fullkomnu ósamræmi við þingræði og lýðræði, ef bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hl. bæjarstj., og það getur aldrei blessazt til lengdar, ef hann verður að ganga nauðugur að framkvæmd þeirra mála, sem framkvæma á. — Við leggjum því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, hefir allshn. klofnað um þetta mál. Við hv. þm. Snæf. álítum, að þetta frv. geti alls ekki náð þeim tilgangi, sem því er ætlað, og leggjum því til, að það verði fellt.

2. gr. frv. gengur út á það, að atvmrh. sé heimilt að fyrirskipa nýjar bæjarstjórnarkosningar, ef ekki hefir náðst meiri hl. allra bæjarfulltrúa fyrir kosningu bæjarstjóra, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hluta bæjarstj. Ég vil nú strax benda á það, að eins og þessi gr. er orðuð, er það alls ekki nauðsynlegt, að bæjarstjóri nái ekki kosningu með meiri hl. bæjarfulltrúa, og sá bæjarstjóri, sem ekki hefir haft á bak við sig atkv. meiri hl. bæjarfulltrúa, þarf ekki að vera í andstöðu við meiri hl. bæjarstj. Það er tekið fram í 2. gr., að það sé alveg sjálfsagt, að svo hljóti að vera, en það er misskilningur þess, sem samdi þessa gr.

Lög nr. 59 frá 1929 setja reglur um bæjarstjórnarkosningar í kaupstöðum og kauptúnum, og skipa þær svo fyrir, að hlutfallskosningu skuli viðhafa bæði um kosningu aðalmanna og varamanna. Af þessu leiðir það, að til þess að einn flokkur fái meiri hl. innan bæjarstj., þarf hann í flestum tilfellum að hafa meiri hl. kjósenda á bak við sig. Kosningalögin eru mjög rúm og heimila flokkum að koma með lista, eins og líka reyndin hefir orðið á í ýmsum kaupstöðum, og þarf þess vegna ekki mikið atkvæðamagn til þess að koma að einum manni í bæjarstj. Af þessu leiðir það, að það verður alltaf sjaldgæfara og sjaldgæfara, að einn flokkur hafi svo mikið fylgi á bak við sig, að hann fái hreinan meiri hl. fulltrúa, og því síður sem kosningalögin eru rýmri og flokkarnir fleiri.

Í l. frá 1929 er ákvæði um það, að bæjarfulltrúar skuli kjósa bæjarstjóra, og sá maður sé kosinn, sem flest atkv. fær, þó að hann fái ekki helming allra atkv. eða meira, og er af því augljóst, hve lítil líkindi eru oft og einatt fyrir því, að nokkur einn fái meiri hl. allra atkv., þar sem flokkar eru margir.

Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, vil ég benda á, að við höfum þó dæmi úr tveimur kaupstöðum, þar sem bæjarstjóri hefir verið kosinn án þess að hann hefði meiri hl. Það er á Ísafirði og Akureyri. Löggjafinn gerir vitanlega ráð fyrir, að ef enginn flokkur innan bæj-

arstj. hefir meiri hl. atkv., þá verði flokkarnir að koma sér saman um kosningu bæjarstjóra, eða þá að hver flokkur gefi sínum manni atkv. sinna flokksmanna, og sá hlýtur þá kosningu, sem flest atkv. hefir fengið. Ef þetta væri ekki í flestum tilfellum aðalreglan, þá væri oftast mjög erfitt að leysa það mál og fá bæjarstjóra kosinn af meiri hl. bæjarfulltrúa.

Það, sem er þó sérstaklega áberandi í þessu frv. og væri út af fyrir sig nóg til þess, að ég gæti ekki fylgt því, er það, að bæjarstjórnirnar eiga ekki að hafa ákvörðunarvald um það, hvort efna skuli til nýrra kosninga, heldur er það atvmrh. Honum er gefin heimild til að fyrirskipa nýjar kosningar, hvort sem bæjarstj. vill eða ekki. Nú er ekki talað um það, hvernig þessi meirihlutaandstaða gegn bæjarstjóra þurfi að vera til að nýjar kosningar séu heimilar. Flokkur, sem styður bæjarstjóra, getur klofnað í einu máli og bæjarstjóri þannig orðið í minni hl. Er þá atvmrh. opin leið að fyrirskipa nýjar kosningar, því að frv. tilgreinir ekki, hvort hér þurfi að vera um flokkslega eða málefnalega andstöðu að ræða. Og það getur vel skeð, ef sá maður er atvmrh., sem vill gera sínum flokki greiða, að hann taki gefið tilefni að boða til nýrra kosninga, af því að hann héldi, að hann gæti unnið flokki sínum pólitiskt gagn með því.

Hv. flm. hefir ekki borið þetta frv. fram til að vernda einhverja aðalreglu, sem eigi að gilda um bæjarstjórnarkosningar í kaupstöðum. Það er flutt aðeins til að reyna, hvort sósialistar á Ísafirði geta ekki með nýjum kosningum fengið meiri hl. í bæjarstj. þar. Ég hefði því kunnað miklu betur við það, að þessi hv. þm. hefði kannazt við sannleikann í þessu máli og miðað þetta frv. við Ísafjörð einan, því að það kemur ekki til mála að framfylgja þessu nema aðeins á Ísafirði. T. d. á Akureyri og Siglufirði dytti mönnum ekki í hug, að neinn einn flokkur geti fengið meiri hl. í bæjarstj. Þar eru flokkarnir svo margir og svipaðir, að slíkt kæmi ekki til mála. Á Siglufirði eru 4 flokkar, sem kjósa 9 fulltrúa, 3 flokkar eiga 2 fulltrúa hver, en einn flokkurinn á 3. Á Akureyri eru 4 flokkar, í Reykjavík 4 flokkar, á Ísafirði 3 flokkar.

Ef við athugum nú atkvæðatölur frá Ísafirði að undanförnu, þá verður skiljanlegra, hvers vegna hv. þm. ber þetta frv. fram. Við bæjarstjórnarkosningarnar í byrjun ársins 1934 voru gild atkv. 1176. Þar af fékk Sjálfstfl. 498, kommúnistar 117 og Alþfl. 561. Bæjarstj. varð því þannig skipuð, að þar áttu sæti 4 sjálfstæðismenn, 4 Alþýðuflokksmenn og einn kommúnisti. Svo komu kosningar til Alþingis í vor. Þá fékk hv. þm. Ísaf. 701 atkv. sem jafnaðarmaður, Sjálfstfl. 534 atkv. og kommúnistar 69 atkv. Það er rétt, að samkv. þessum tölum mundi Alþfl. fá 5 fulltrúa og komast þannig í meiri hl. í bæjarstj., og þess vegna er nú þetta frv. fram komið.

Ég get vel ímyndað mér, að mjög erfitt sé að stjórna bæ eins og Ísafirði, þegar bæjarstj. er skipuð eins og hún er nú. En það réttlætir ekki það, að setja það sem aðalreglu, að atvmrh. geti stofnað til nýrra kosninga hvar sem er, ef bæjarstjóri hefir ekki alltaf meiri hl. bæjarstj. með sér. Ef hv. þm. hefði komið fram með frv. um, að þetta skyldi aðeins gilda um Ísafjörð, þá hefði þetta þó verið nokkuð öðru máli að gegna, en eins og frv. er, álít ég ómögulegt að samþ. það. Það hefði þó verið annað mál, ef bæjarstjórnirnar fengju að ráða því sjálfar, hvort ætti að fyrirskipa nýjar kosningar.

Ég skil ekki, hvernig hv. þm. getur farið að setja þetta ákvæði í frv., en ég veit þó, hvers vegna hann gerir það. Það er af því, að hann veit, að fulltrúi kommúnista mundi greiða atkv. á móti nýjum kosningum nú. En nú segir hv. þm., að fulltrúar sjálfstæðismanna mundu vilja nýjar kosningar. En ef það er rétt, hvers vegna vill hann þá ekki setja það í frv., að meiri hl. skuli ráða þessu? Það er bara af því, að hann þorir ekki að treysta því, að meiri hl. samþ. þetta. Í grg. stendur, að lýðræðið eigi að gilda, en samt vill hv. þm. ekki láta meiri hl. ráða hér. Hann vill nota sér það, að sósialisti er í stj., en þorir ekki að bera málið undir bæjarstj.

Við höfum enga vissu fyrir því, nema eins geti farið á Akureyri. Atvmrh. getur séð sér hag í því að láta nýjar kosningar fara fram, þó að meiri hl. bæjarstj. vilji það ekki. Ef bæjarstjóri á Akureyri hefir ekki meiri hl. flokksfylgi að baki sér, þá getur atvmrh. látið fara fram kosningar hvenær sem honum sýnist, og ráðh. þarf ekki að láta sér nægja með einar kosningar, heldur getur hann fyrirskipað fleiri. Og svo skyldu kosningarnar fara svo, að enginn einn flokkur fengi meiri hl. Ég sé ekki, hvar slíkt endar. Ég sé ekki, hvaða vit væri í því að veita gerræðisfullum ráðh. í ofbeldisflokki vald til þess að ákveða bæjarstjórnarkosningar hvað eftir annað, kannske mánaðarlega. Kosningar skapa í sjálfu sér engan meiri hl. Það er alveg sama, hve oft boðskapur um kosningar kemur frá ráðh.; hlutfallið milli flokkanna breytist ekki fyrir það. Það kemur af því, hve flokkarnir eða listarnir eru margir, og meðan hlutfallskosning er leyfð, má búast við því, að enginn einn listi geti fengið meiri hl. atkv.

Ef hér hefðu verið ákvæði um það, að hafa bundna kosningu milli tveggja lista, þá var það annað mál. (FJ: Var það lýðræði?). Það er aðferð, sem gildir á hinu háa Alþingi. Ég vil benda hv. þm. á það, að forseti sameinaðs þings er kosinn bundinni kosningu, þegar búið er að gera tvær tilraunir með óbundinni kosningu og enginn hefir fengið hreinan meiri hl. Það er bezt fyrir hv. þm. að vera ekki með neinn skæting. (FJ: Er það skætingur, ef minnzt er á lýðræði?). Tilgangurinn með þessu frv. er ekki lýðræði; það orð á aðeins að skreyta frv. eins og það kemur fram í grg. þess. Það er hrein og bein hugsunarvilla að halda, að ný kosning skapi meiri hl., og þó kannske væri hægt í einstaka tilfellum að leysa málið með nýrri kosningu, þá nær ekki nokkurri átt að setja þetta sem aðalreglu. Það er miklu nær, að það væri undantekningarregla fyrir þá kaupstaði, sem sérstaklega óska eftir kosningu aftur.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um frv. Ég hefi ekki bundið mig við einstakar gr. frv., herra forseti, heldur rætt um frv. í heild. Mér fannst ég verða að ræða það almennt, af því

ég var á móti málinu. Ég vil enda með því, að ég álít þetta mál fram komið vegna Ísafjarðar, og að sá, sem ber það fram, geri það af því, að hann álítur, að hann með því geti náð meiri hl. í bæjarstjórn. En ég álít, að Alþingi geti ekki gert það að meginreglu, hvenær sem bæjarstjóri á einhverjum stað lendir í andstöðu við meiri hl. bæjarstj. án tillits til flokksfylgis eða vilja meiri hl. bæjarstj. Ef lýðræði ætti að gilda, þá eru það bæjarstjórnirnar, sem eiga að ráða. Þetta frv. ber vott um þröngsýni hv. flm., sem sér ekki út fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Nd., 20. okt., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Finnur Jónsson:** Hv. 8. landsk. lagðist á móti þessu frv. í gær, að því er mér skildist af tveimur ástæðum. Hin fyrri var sú, að hér væri um málskot að ræða, er kæmi ekki að fullu haldi. Ég tel rétt, ef slík vandræði koma fyrir, að ekki er hægt að fá meiri hl. í bæjarstjórnum, þá sé málinu skotið til kjósendanna.

Þá er önnur ástæðan, sem hv. 8. landsk. vildi gera mikið úr, sem er sú, að með þessu væri atvmrh. gefið svo mikið vald, því það þyrfti ekki að koma krafa frá meiri hl. kjósendanna um nýjar kosningar. Hvaða vald er það, sem ráðh. er gefið með þessu frv.? Ekki er honum gefið valdið til að skipa bæjarstjóra eða bæjarstjórn, honum er aðeins gefið vald til þess að skjóta málinu aftur til kjósendanna, — og í hverju ætti svo sem að vera meira lýðræði?

Hv. 8. landsk. vildi ennfremur halda því fram, að frv. þetta væri eingöngu fram borið vegna Ísafjarðar. Það er að vísu rétt, að þar hafa komið fyrst í ljós þessir agnúar, sem eru á l., en vitanlega getur þetta komið fyrir alstaðar, og ég sé enga ástæðu til að miða frv. eingöngu við Ísafjörð. Mér finnst rétt, að allir eigi að njóta þess réttar, sem í því felst. Það eru fyrst og fremst kjósendurnir, sem sjá hag bæjarfélaganna borgið, og eiga að sjá honum borgið.

Hv. þm. var að tala um, að þetta mundi geta leitt til margra kosninga. Það er ekki gert ráð fyrir því í frv. Ég fæ ekki heldur séð, hvaða hætta gæti stafað af því, þó að fram færu 1—2 kosningar á kjörtímabilinu í viðbót, þegar þess er gætt, að víða fóru kosningar fram á hverju ári áður en nýju kosningalögin gengu í gildi. — Ég nenni svo ekki að eltast frekar við það, sem hv. 8. landsk. bar fram í þessu efni; mér fannst málfærsla hans mjög veik og rökin borin fram meira til þess að reyna að koma í veg fyrir, að Ísfirðingar fengju þessa kosningar, en af sannfæringu.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Ég hefi ekki enn sannfærzt um nauðsyn þess að láta þetta mál ganga áfram. En ég get tekið undir með hv. flm., eins og ég hefi áður gert, um það, að eftir kosningalögunum frá 1929 getur leitt til vandræða að fá kosinn þann bæjarstjóra, sem alltaf hefir meiri hl. bak við sig. Enginn ágreiningur er um það, að með svo fullkomnu lýðræði sem er í kosningalögunum frá 1929 eru minni líkur til, að einn flokkur fái hreinan meiri hl. í bæjarstjórn. Nú sem stendur er það aðeins í Rvík, Hafnarfirði og e. t. v. í einum kaupstað í viðbót, sem einn flokkur hefir hreinan meiri hl. Hitt mun algengara, að flokkarnir fá 1, 2—4 fulltrúa hver, eins og er t. d. á Ísafirði, en fá ekki meiri hl.

Aðalreglan mundi verða sú, að þetta endurtæki sig, þó kosið yrði 3—4 sinnum á kjörtímabilinu, og ég fæ því ekki séð, að þetta sé nein lausn í því máli, sem hér um ræðir, að afla bæjarstjóra meiri hl. fylgis; það getur því aðeins orðið, að bæjarstjóri hafi meiri hl. fylgi bak við sig í kjósendahópnum.

Það hefir ekki komið nein rödd um þetta frá Akureyri t. d. Þar hafa flokkarnir sameinað sig um bæjarstjóra. Og því er það ekki hægt á Ísafirði? Alþfl. getur þar stofnað samfylkingu með kommúnistunum. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að jafnskyldir flokkar geti starfað saman. Hví skyldu sósialistar t. d. ekki geta tekið samfylkingarboði frá kommúnistum, sem alltaf stendur til boða?

Mér hefði fundizt eðlilegt, að hv. flm. kæmi til dyranna eins og hann er klæddur, að hann viðurkenndi, að ástandið á Ísafirði er óþolandi og nauðsynlegt að ráða bót á því, jafnframt sem það væri nú álit hans, að nýjar kosningar myndu leysa málið. Ef hv. flm. hefði þannig bundið frv. við Ísafjörð eingöngu, vegna hins sérstaka ástands, sem þar ríkir, en ekki farið fram á að lögfesta þetta sem almenna reglu, er gildi fyrir alla kaupstaði landsins, hefði mér fundizt eðlilegra, að löggjafarvaldið tæki vel í mál hans, en ég tel ekki rétt af löggjafarvaldinu að fara inn á þessa braut. Mér hefði því sýnzt, að hv. flm. bæri fram brtt. við frv. í þessa átt, svo að frekar væri viðlit að samþ. það.

Hv. flm. hefir ekki heldur í ræðu sinni í dag hrakið rök mín í gær, þar sem ég sýndi fram á, að atvmrh. gæti misbeitt því valdi, sem hann fær með frv., og boðað til nýrra kosninga, ef bæjarstjórinn er aðeins borinn ofurliði í einu einstöku máli. Meira þarf ekki, eins og frv. er orðað. Nú er það jafnvitanlegt okkur öllum, að það er sjaldgæft, að menn séu svo flokkslega bundnir í innansveitarmálum, að þá greini ekki á um ýmis mál, sem fyrir koma, enda mun það ósjaldan bera við, að bæjarstjóri sé borinn ofurliði af eigin flokksmönnum í einstökum málum. Ef heimildin fyrir atvmrh. til að rjúfa bæjarstj. er því ekki bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi bæjarstj. óski þess, getur ráðh. gert það jafnvel án þess að meiri hl. bæjarstj. hafi gefið bæjarstjóra vantraust. Ég myndi hinsvegar fyrir mitt leyti telja það geta komið til mála að samþ. frv., ef heimildin væri bundin því skilyrði, að meiri hl. bæjarstj. óskaði eftir nýjum kosningum.

Ég vil því mega vænta þess, að hv. d. felli þetta frv. Sú hugsun, sem felst í 2. gr. frv., og sú regla, sem þar er verið að lögfesta, er röng og getur leitt út í glundroða og vitleysu, ef atvmrh. beitir því valdi, sem honum væri gefið.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Ég hefi ekki ástæðu til að bæta mörgum orðum við það, sem ég áður sagði, er ég gerði grein fyrir þeim ástæðum, er því eru valdandi, að meiri hl. allshn. leggur með þessu frv. Ég vil aðeins gera stutta aths. við ræðu hv. frsm. minni hl. — Hv. frsm. virðist ekki hafa réttan skilning á 2. gr. frv., því að hún setur það að skilyrði fyrir því, að ráðh. megi beita heimildinni, að ekki hafi náðst meiri hl. bæjarfulltrúa fyrir kosningu bæjarstjóra, þannig að hann sé flokkslega og málefnalega í minni hl. í bæjarstj. og verði jafnvel af þeim ástæðum að framkvæma ráðstafanir, sem honum eru þvert um geð og á móti hans skoðun. Og það er einmitt úr þessu, sem við viljum bæta. Það er að vísu ekki víst, að nýjar kosningar breyti hlutföllum flokkanna, en svo má þó vel fara, að einhver flokkanna fái hreinan meiri hl., þótt hitt geti vitaskuld líka orðið, að sama ástand endurtaki sig, og þá verður við það að sitja. — Þetta var það, sem vakti fyrir meiri hl. allshn. með því að mæla með samþykkt frv. Er það síður en svo, að atvmrh. sé gefið nokkurt einræði í þessum efnum, því að hann er bundinn við það, að ekki hafi fengizt meiri hl. fyrir kosningu bæjarstjórans og að hann sé í andstöðu við meiri hl. bæjarstj. Það er því ekki hættulegt vald, sem frv. veitir atvmrh., þar sem það er bundið þessari takmörkun.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, vil ég benda á það, að þótt bæjarstjóri fáist kosinn með meiri hl. atkv. bæjarstj., er það ekki sönnun fyrir því, að hann þurfi alltaf að vera í meiri hl. í bæjarstj. Samkv. frv. er atvmrh. heimilt, þegar bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hl. bæjarstj., að fyrirskipa nýjar kosningar, án þess að nokkuð sé nánar tiltekið um það í frv., hverskonar andstöðu átt er við, hvort átt sé við það, að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hl. bæjarstj. í öllum málum yfirleitt, eða ef til vill aðeins í einu einstöku máli. Ef atvmrh. sýnist svo, getur hann þannig rofið bæjarstj., þótt bæjarstjóri sé aðeins í andstöðu við hana í einstöku máli, og gæti slíkt leitt til þess, að kosningar væru látnar fara fram mánaðarlega. (**BJ**: Það er auðvitað átt við flokkslega andstöðu). Því lagar þá hv. frsm. meiri hl. ekki orðalag frvgr., svo að þetta komi fram í gr.? Hv. þm. má vita það, að það er ekki nóg, að hann hafi þennan skilning á gr., þó góður júristi sé. Ef ágreiningur er um skilning gr. hér á Alþ., munu og dómstólarnir verða í vafa, og atvmrh. getur skotið sér undir hvorn skilninginn sem er. Það ætti og að vera hægurinn á fyrir þá hv. þm., sem vilja láta skilja gr. öðruvísi en hún hljóðar, að laga gr., og manni finnst, að það hefði legið nær en að vera að koma með lögskýringar á henni.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Því er haldið fram, að þetta frv. sé borið fram vegna hins sérstaka ástands, sem er á Ísafirði í þessum málum. Sé ég þó ekki, að það skipti neinu máli, því að vitanlega getur sama ástand endurtekið sig í öðrum kaupstöðum landsins. Hér ber því aðeins að líta á það, hvort rétt sé að gefa atvmrh. jafnmikið íhlutunarvald í málefnum kaupstaðanna og farið er fram á með frv. Á það er og að líta, að ef rétt þykir að gefa atvmrh. slíkt vald í málefnum kaupstaðana, er ekki nema eðlilegt, að það nái einnig til sveitanna og honum verði einnig heimilað að rjúfa hreppsnefndirnar, ef þannig stendur á, að oddviti verður í minni hl. með sína afstöðu í einhverju máli. Getur því hér orðið um mjög víðtækt íhlutunarvald að ræða.

Ég er hinsvegar hissa á því, að hv. flm. skuli ekki hafa dottið í hug að breyta löggjöfinni í það horf, að bæjarstjóri yrði ekki löglega kosinn, nema hann fengi meiri hl. atkv. bæjarstj. Það væri þó öruggt ráð til að fyrirbyggja ástand eins og það, sem skapazt hefir á Ísafirði. Eins og bæjarstj. þar er skipuð, var útilokað annað en að bæjarstjórinn lenti í andstöðu við meiri hl. bæjarstj., með því að svo er nú, að kommúnistar telja sósialista eins mikla andstæðinga sína og sjálfstæðismenn, og sósialistar telja sig hinsvegar ekki geta unnið með sjálfstæðismönnum. Sósialistar og sjálfstæðismenn hafa jöfn atkv. í bæjarstj., en kommúnistarnir eiga oddamanninn, svo að bæjarstjórinn hlýtur alltaf að verða í minni hl., þar sem enginn þessara þriggja flokka vill hafa samneyti við hinn. Þarna er um að ræða þrjú skaut í ríkinu, sem ekki geta sameinazt. Þótt fyrirskipaðar væru nýjar kosningar, gætu þær farið á sömu leið aftur. Það er því engin leið út úr ógöngunum. — Ég sé því ekki, hvernig hægt er að fyrirbyggja það, að bæjarstjóri lendi í andstöðu við meiri hl. bæjarstj., nema með því að fyrirskipa með lögum, að bæjarstjóri skuli ávallt vera kosinn með meiri hl. atkv.

**Sigurður Kristjánsson** [óyfirl.]: Ég hélt, að þetta mál myndi ekki koma svo úr n., að allir hefðu ekki orðið sammála um, að nauðsynlegt var að gera breyt. á því, því að ekki verður því neitað af greinagóðum mönnum, að frv. þessu, þó að stutt sé, er einkennilega vel raðað saman úr hugsunarvillum.

Uppruni þessa máls er ekki almenn þörf, sem Alþ. beri skylda að taka tillit til, heldur einstakt atvik í einum af kaupstöðum landsins. Þar hittist svo á vegna flokkaskiptingarinnar í bæjarstj., að bæjarstjórann varð að velja með hlutkesti á milli tveggja flokkanna, og sá flokkurinn, sem undir varð við hlutkestið, undi illa sínum hlut, sem ekkert er þó við að gera. Við næstu alþingiskosningar verða önnur hlutföll á milli kjörfylgis flokkanna en við bæjarstjórnarkosningarnar, þannig að fylgi kommúnista reyndist minna. Af þessu dregur nú hv. flm. þessa frv. þá vafasömu og að mínu viti röngu ályktun, að hægt sé að útrýma kommúnistanum úr bæjarstj. með nýjum kosningum, svo að bæjarstj. verði aðeins skipuð tveimur flokkum upp úr því, meirihlutaflokki og minnihlutaflokki. Skal ég fúslega játa, að þetta er einmitt æskilegt, svo að bæjarstjórinn geti haft meiri hl. bæjarstj. á bak við sig. Í flestum kaupstöðum landsins er því hinsvegar svo háttað, að þar

eru jafnvel 4—5 flokkar, svo að litlar líkur eru til þess, að nokkur einn flokkur verði svo sterkur, að hann hafi meirihlutaaðstöðu. Ef allir nema flokksmenn bæjarstjóra teljast í andstöðu við hann, má því búast við, að hann verði jafnan í minni hl. frá þessu sjónarmiði. En það er ekki hægt að finna neina leið út úr þessu aðra en þá, að samkomulag verði milli þeirra flokka, sem helzt geta unnið saman, um val bæjarstjórans.

Það kann að vera undarlegt frá sjónarmiði þeirra manna, sem standa deilunum á Ísafirði fjarri, hve mikil óánægja hefir orðið út af hlutkestinu um bæjarstjórann þar. En svo er mál með vexti, að bæjarstjórinn, sem fyrir valinu varð, hefir orðið var við grófar misfellur í stjórn bæjarins, sem hann hefir skýrt frá opinberlega og ég geri ráð fyrir, að hann krefjist leiðréttingar á. Þetta er orsökin til óánægjunnar, og þetta veldur því, að frv. er fram borið, sem hér liggur fyrir.

Alþingi á að sjálfsögðu að setja ný lög, ef það getur útrýmt almennum misfellum, en það á ekki að hlaupa til og fara að setja ný lög, þótt atvik komi fyrir eins og þetta á Ísafirði, allra sízt, þegar ekki er víst, að hægt sé að kippa þessu í lag. Það er eins líklegt, að sama ástand endurtaki sig eftir nýjar kosningar, styrkleikahlutföllin milli flokkanna haldist óbreytt, svo að allt lendi í sömu vandræðunum.

Frv. mælir svo fyrir, að hinar nýju kosningar skuli fara fram fyrir þann tíma, sem eftir er af hinu gamla kjörtímabili. Mér er nú spurn: Hvenær á það að koma í ljós, að bæjarstjórinn sé í andstöðu við meiri hl. bæjarstj., nema strax eftir kosningarnar? Og sé ég þá ekki betur en að allt kjörtímabilið verði eftir. Ef hv. flm. á hinsvegar við það, að þetta geti orðið hvenær sem er á kjörtímabilinu, getur svo farið, eins og hv. 8. landsk. þm. benti á, að kosningar endurtaki sig jafnvel mánaðarlega, og er þá komið út í það öngþveiti, sem sízt sýnist þó ákjósanlegt.

Frv. leggur það í vald ríkisstj. að fyrirskipa endurkosningu. Mætti þó ekki minna vera en að bæjarstj. væri áskilið frumkvæðið að slíkri ráðstöfun og að ráðh. væri því aðeins heimilt að fyrirskipa nýjar kosningar, að meiri hl. bæjarstj. legði það til. Ef þetta því væri látið eftir hv. þm. Ísaf., að gera tilraun um, hvort hægt er að breyta ástandinu á Ísafirði, held ég, að hann hljóti sóma síns vegna að gera þá breyt. á frv., að þetta verði háð vilja meiri hl. bæjarstj., og væri ríkisstj. þó ekki skyldug til að fyrirskipa endurkosningu, heldur væri þetta aðeins heimild fyrir stj. Þá væri þetta orðið mildara og nær lagi. En allt um það sýnist mér varhugavert af Alþingi að fara út á þá braut að setja lög eftir einstöku atviki í einu sveitarfélagi, sem ekkert almennt gildi hefir, enda mega menn ekki búast við því, að hægt sé að fá fram það ásigkomulag í bæjum landsins yfirleitt, að bæjarstjórarnir styðjist við meiri hl. bæjarstjórnanna í flokkspólitískum skilningi, heldur mun jafnan verða að vera samkomulag milli þeirra flokka, sem helzt geta unnið saman, um val bæjarstjórans.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Hv. 6. þm. Reykv. hneykslaðist á því, að frv. þetta væri borið fram vegna sérstaks atviks, sem komið hefði fyrir. Mér sýnist þetta þó varla geta verið hneykslunarefni. Það er nú svo, að við löggjafarnir sjáum ekki fyrir hin einstöku atvik, sem fyrir koma í lífinu, svo að l., sem við setjum, ná ekki til þeirra flestra, heldur kenna okkur að breyta l., sem við höfum sett. Er þetta alþekkt. Sé ég því ekki, að ástæða sé til að mótmæla frv. á þessum grundvelli, nema síður sé, þar sem reynslan þannig hefir sýnt, að ákvæði vantar í lögin um þetta atriði, sem frv. fjallar um.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. minni hl. sagði, sé ég enn ekki betur en að hann misskilji alltaf ákvæði frv. Hv. frsm. tekur ekki gr. í samhengi, heldur slítur hana í sundur, því að ef fyrri hl. gr. er tekinn með, þar sem tilskilið er, að svo sé ástatt, að eigi hafi náðst meiri hl. bæjarstj. fyrir kosningu bæjarstjórans, verður það ótvírætt, að átt er við almenna andstöðu, að meiri hl. bæjarstj. sé í flokkslegri og málefnalegri andstöðu við bæjarstjórann, sem gerir það að verkum, að hann getur orðið algerlega óhæfur til að fara með starfið. Það er alveg það sama, sem á að gilda í bæjarstj. eins og í þingræðinu, að ríkisstj. þarf að hafa meiri hl. þings að baki sér, ef hún fær að sitja við völd. Ef svo fer, að stj. lendir í minni hl. í þinginu, og ekki er hægt að afla henni meiri hl., þá verða almennar kosningar að fara fram. Alveg hið sama á að gilda í bæjarstjórnum. Ef bæjarstjóri er ekki í samræmi við meiri hl. bæjarstj., þá verður efnt til nýrra kosninga, til þess að vita, hvort ekki er hægt að fá breyt. á bæjarstj., þannig að meiri hl. hennar geti komið sér saman um bæjarstjóra. Þetta er hið einfalda aðalatriði í málinu, og annað skiptir ekki neinu máli.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Það fer fjarri því, að ég hafi gleymt upphafi 2. gr. Ég tek það alltaf með í reikninginn, en ég sagði í gær, að það þyrfti ekki alltaf að fara saman, að bæjarstjóri væri kosinn af meiri hl. bæjarstj. og að hann hefði alltaf þann meiri hl. að baki sér. Bæjarstjóri, sem kosinn er af meiri hl., getur lent í andstöðu við meiri hl. bæjarstj. Tveir eða fleiri flokkar geta staðið að kosningu bæjarstjóra, en svo ef einhverjum, sem kusu hann, finnst hann vinna gegn pólitískum hagsmunum síns flokks, þá geta þeir snúizt á móti bæjarstjóra og hann við það lent í minni hl. Eða vill hv. þm. skilja frv. svo, að ef bæjarstjóri er kosinn af meiri hl. og þó sá meiri hl. snúist á móti honum þegar eftir kosningar, þá sé ráðh. ekki heimilt að láta kjósa aftur? **(BJ:** Vitanlega ekki). Hver er þá tilgangur laganna, ef hann er ekki sá, að girða fyrir það, að bæjarstjóri starfi í andstöðu við meiri hl. bæjarstj.? Nú hefir bæjarstjóri verið kosinn með 5 atkv. af 9 í bæjarstj., en einn af þessum 5 fulltrúum, sem kusu hann, tilheyrir öðrum pólitískum flokki en bæjarstjórans og snýst á móti bæjarstjóra, þegar frá líður kosningum. Er þá stjórn bæjarmálanna nokkuð bet-

ur komið, þó bæjarstjóri hafi upphaflega verið kosinn af meiri hl., fyrst hann á annað borð er orðinn í minni hl. í bæjarstj.? Það er því aðalatriðið, að bæjarstjóri starfi í samræmi við vilja meiri hl. bæjarstj., en ekki hitt, hvort hann er kosinn af meiri eða minni hl. í bæjarstj. Við skulum nú segja, að kommúnistinn á Ísafirði hefði kosið Jón Auðun Jónsson fyrir bæjarstjóra, en síðan snúizt á móti honum. Var þá ekki ástandið á Ísafirði alveg það sama og það er nú? Vissulega. En hv. þm. segir, að undir þeim kringumstæðum ætti ekki að kjósa aftur. Þetta mál er ekkert annað en ein hugsunarvilla frá byrjun til enda. Aðalatriðið hefði átt að vera það, að bæjarstjóri stjórni jafnan í samræmi við meiri hl. bæjarstj., en það er ekki stefna frv., segir hv. þm.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Hv. frsm. minni hl. allshn. virðist nú ögn vera farinn að skilja frv., en ekki tilgang þess. Tilgangur frv. er að heimila að reyna að bæta ástandið, þar sem ekki stendur meiri hl. bæjarstj. að kosningu bjarstjóra, — ekki þar, sem þeir hlaupa frá bæjarstjóra, er tekið hafa ábyrgð á kosningu hans, heldur þar, sem bæjarstjóri er kosinn gegn vilja meiri hl. og heldur áfram að vera í andstöðu við meiri hl. bæjarstj.

Hitt er útúrsnúningur hjá hv. þm., en alls ekki hugsunarvilla hjá mér, að frv. nái ekki því marki, sem því er ætlað. Það er misskilningur hjá hv. 8. landsk., að með frv. sé verið að setja ákvæði um endurkosningar á þeim stöðum, þar sem bæjarstjóri hefir verið kosinn af meiri hl. bæjarstj.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:12 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:10 atkv.

---

Á 17. og 18. fundi í Nd., 23. og 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 44, 194).

**Thor Thors:** Hv. 8. landsk. og ég höfum borið hér fram brtt. á þskj. 194, sem felur það í sér, að aukakosningar þær, sem frv. gerir ráð fyrir, skuli ekki fara fram nema meiri hl. bæjarstj. óski. En samkv. frv. á atvmrh. að geta ákveðið þær án þess að samþykki bæjarstj. komi til. Er brtt. borin fram til að færa þetta til samræmis við viðurkenndar lýðræðisreglur.

**Finnur Jónsson:** Þessi brtt., sem hér liggur fyrir, mundi eyðileggja það vald, sem ráðh. er gefið með frv., um að láta kosningar fara fram, ef hann telur nauðsynlegt. Ég álít, að ráðh. verði að hafa þetta vald, eigi frv. að koma að tilætluðum notum, og verð því eindregið að mæla á móti því, að þessi brtt. verði samþ.

**Thor Thors:** Það er alveg rétt hjá hv. þm. Ísaf., að ef þessi brtt. verður samþ., mundi hún eyðileggja það vald, sem ráðh. er fengið í hendur með frv., að geta einn ákveðið slíkar kosningar, enda er beinlínis til þess ætlazt með till. Við flm. álítum, að það sé meiri hl. bæjarstjórna, sem eigi að hafa úrskurðarvald í þessu máli, en alls ekki ráðh. einn.

ATKVGR.
Brtt. 194 felld með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO.
**nei:** SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, JörB.
Einn þm. (BÁ) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.
**nei:** JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós.
Frv. afgr. til Ed.

---

Á 21. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 44).

Á 23. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég ætla ekki að ræða þetta mál við þessa umr., en vil óska þess, að sú hv. n., sem fær það til meðferðar, leiti álits bæjarstj. Ísafjarðar um frv. Tilefni frv. er frá Ísafirði, að sagt er, og því er sjálfsagt, að bæjarstj. þar fái að segja álit sitt um það.

**Jón Baldvinsson:** Mér skilst eiginlega, að það muni enga þýðingu hafa að leita umsagnar bæjarstjórnar Ísafjarðar um þetta frv., þar sem svo sérstaklega stendur á, að þessi bæjarstj. er nú sem stendur óstarfhæf. Af því stafa þau vandræði, sem þetta frv. á að bæta úr. En vegna þess, að bæjarstj. mun ekki geta komið sér saman um neitt álit á málinu, er þýðingarlaust að leita eftir því.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það má vera, að hv. 4. landsk. vilji komast hjá því að leita álits bæjarstj. á Ísafirði um þetta frv., en ég álít, að það sé þó sú fyrsta sjálfsagða heimild, sem útvega þarf í málinu. Bæjarstj. mun áreiðanlega koma sér saman um álit í málinu, þó þar hafi ekki verið samvinna um kosningu bæjarstjóra. (**JBald:** Ekki um aðra hluti heldur). Jú, það hefir um ýmsa hluti þar tekizt samvinna, og það hluti, sem ég álít miður hafi farið fyrir bæjarfélagið. En ef ekki á að leita umsagnar bæjarstj. Ísafjarðar um þetta frv. af því að bæjarstj. sé óstarfhæf, þá hygg ég, að nokkuð sama mætti segja um hið háa Alþingi. Það hefir hingað til ekki verið venja að ganga framhjá þeim stofnunum, sem sérstök lög hafa verið sett fyrir. Það er alveg nýtt í sögunni, ef það verður gert nú.

**Jón Baldvinsson:** Ég átti við það, með því að bæjarstj. væri ekki starfhæf, að hún gæti ekki

komið sér saman um álit á þessu máli, en ekki það, að einstakir menn í bæjarstj. hefðu ekki vit á málinu. Flokkaskiptingin í þessari bæjarstj. er eins og kunnugt er sú, að þar fæst ekki samvinna um nokkurt mál, þar sem skiptingin er fjórir, fjórir og einn, og þessi eini fulltrúi er ófáanlegur til að samþýðast hvorugum jöfnu flokkanna í bæjarstj., svo að ómögulegt er fyrir bæjarstj. að taka ákvarðanir um málefni bæjarins.

Ég álít, að það sé eins með bæjarstj., sem þannig er skipuð, og Alþingi, þegar það getur ekki komið sér saman um að mynda stjórn, að þá er það leyst upp og kosið á ný, af því það er ekki starfhæft. Þetta ástand er nú fyrir hendi á Ísafirði, og þó nú fengist í dag álit meiri hl. bæjarstj. Ísafjarðar á þá leið, að þetta frv. ætti ekki að samþ., þá þýddi það ekki annað en að hún vildi láta það ástand, sem er, halda áfram, en það er áreiðanlega ekki það, sem hún vill, eða það, sem yfirleitt er fært að una við. Af þessu er augljóst, að þýðingarlaust er að fara að leita álits þessarar bæjarstj., eins og hv. þm. N.-Ísf. leggur til.

**Magnús Jónsson:** Af því að ég heyri, að hv. 4. landsk. er fulltrúi flm. frv. hér í hv. d., vildi ég gjarnan fá hjá honum skýringu á því, hver væri íslenzka þýðingin á annari greininni í frv. Ég hefi nú setið við að lesa hana undir umr., en ómögulega getað komizt að, hvert efni hennar væri. Ég vildi, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa hana upp, svo hv. þdm. geti heyrt, að það er ekki hlaupið að því að skilja hana:

„Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðst meiri hluti bæjarfulltrúa fyrir kosningu bæjarstjóra, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar —". Það er bæjarstjóri, bæjarfulltrúa, bæjarstjórnar, bæjarstjóri. Ég hefi aldrei heyrt annan eins samsetning á æfi minni. Ég þykist vita, að eitthvað sé meint með þessari grein, og ef maður vissi það fyrirfram, getur skeð, að maður gæti skilið það, sem meint er, en annars lítur þetta út eins og nokkurskonar talæfing eins og „Stebbi stóð á Strönd" — til þess að æfa mann í að bera fram óþægileg orð. En af því ég þykist vita, að eitthvað sé meint með gr., vildi ég biðja fulltrúann að þýða hana fyrir mig á dönsku, ef ekki vill betur til.

**Jón Baldvinsson:** Mér skilst, að aðfinnslur hv. 1. þm. Reykv. byggist á því, að honum þyki of oft nefndur bæjarstjóri og bæjarstjórn í gr. Það þykir honum spaugilegt, að þessi orð skuli koma fyrir einum fjórum sinnum í gr. Ég get ekki annað séð en að efni gr. sé einmitt skýrara fyrir það, að orðin sjálf eru tekin upp hvað eftir annað, heldur en að vísa til þeirra með öðrum orðum. Efni gr. er á þá leið, að þegar bæjarstjórn er óstarfhæf og getur ekki komið sér saman um bæjarstjóra, sem hefir fylgi meiri hl. í bæjarstjórn, þá geti atvmrh. fyrirskipað nýjar bæjarstjórnarkosningar. Ég sé ekki annað en að þetta sé vel skiljanlegt í gr., jafnvel þó að bæjarstjóri og bæjarstjórn séu nefnd fjórum eða fimm sinnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:6 atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 259).

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þegar málið var afgr. í n., var einn nm. (PM) fjarstaddur sökum veikinda. Eins og stendur í nál., er ókunnugt um hans afstöðu. Það hefir engin brtt. komið frá honum, og mun hann gera grein fyrir sinni afstöðu hér í hv. d.

Meiri hl. n. lítur svo á, að eins og nú standa efni til, þá sé rétt að samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Um tilefni þess skal ég ekki fjölyrða. Það er í raun og veru landskunnugt; en slík tilefni geta komið fyrir á fleiri en einum stað. Það er því nauðsynlegt, að einhver ákvæði séu í lögum, sem tryggja það, að hægt sé að skapa fullkomið lýðræði innan bæjarstj., þannig að hverjir sem eiga að stjórna málefnum bæja hafi að baki sér löglegan meiri hl. Bæjarstj., sem styðst við minnihlutavald, getur engum stefnumálum fram komið. Þess vegna er nauðsynlegt, að með löggjöf sé gert mögulegt, að á bak við bæjarstjóra standi meiri hl., er hann má treysta á. Það skal játað, að frv. tekur ekki út yfir öll hugsanleg atvik í þessu efni. Náist ekki flokkslegur meiri hl. við eina kosningu, þá kemur til athugunar, hvort kosið skuli aftur.

Sé um marga flokka að ræða, er fulltrúa hljóta við kosningu, og enginn einn flokkur hefir meiri hl., þá er ávallt til staðar sá möguleiki, að fleiri flokkar vinni saman og beri ábyrgð á stjórn bæjarfélagsins. En sé ekki sá möguleiki fyrir hendi, verður að viðhafa þá aðferð, sem frv. fer fram á. Þessi hugsun liggur á bak við frv. þetta, sem meiri hl. n. leggur til, að samþ. verði eins og það liggur fyrir.

**Magnús Guðmundsson:** Það er öllum þingheimi kunnugt, að ástæðan fyrir því, að þetta frv. er komið fram, er sú, að bæjarstjórnarkosningin á Ísafirði í fyrra fór þannig, eins og kunnugt er, að Sjálfstfl. fékk 4 fulltrúa, Alþfl. 4 og kommúnistar 1. Ekkert samkomulag var um það, hver ætti að verða bæjarstjóri, svo að hlutkesti var látið ráða úrslitum, þar sem atkv. tveggja voru jöfn. Nú er því farið fram á það með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að kosning sé aftur látin fara fram. Það má að sjálfsögðu færa nokkuð til stuðnings því, en ekki virðist það vera mikið.

Það er löghelgaður siður hér á landi að láta hlutkesti ráða, þegar atkv. eru jöfn. Einn þm. situr t. d. hér á þingi, sem kosinn hefir verið á þennan hátt. Hefði hlutkestið um bæjarstjórann á Ísafirði gengið sósíalistum í vil, mundi þetta frv. alls ekki hafa komið fram, en það er næsta undarlegt, ef ekki er hægt að sætta sig við hlutkestisbæjarstjóra, úr því hægt er að sætta sig við hlutkestisþingmann. Bæjarstjórnir ættu þó ekki að þurfa að vera pólitískari en Alþingi.

Ég vil minna á í þessu sambandi, að það verður að teljast óviðurkvæmileg aðferð hjá meiri hl. bæjarstj. á Ísafirði, þegar hún sama sem neitar bæjarstjóranum um að sitja á þingi. Mér skilst það brjóta í bága við anda okkar löggjafar, sbr. ákvæðin um embættismenn landsins í stjskr., þegar þeir eru kosnir á þing. Ég veit, að það er skylda þeirra, sem á þing fara, að sjá fyrir góðri gæzlu þeirra starfa, sem þeir hafa á hendi, og bæjarstjórinn bauð góðan mann í sinn stað til að gegna starfinu. Meiri hl. bæjarstj. Ísaf. getur ekki neitað þessu, vegna þess, að þessi sami meiri hl. hefir einmitt ráðið þann mann til þess að gegna starfinu, sem bæjarstjórinn benti sjálfur á.

Ég vil segja það um þetta frv., að mér sýnist það vera hæpin krafa að láta fara fram kosningar til bæjarstj. fyrir það eitt, að flokkur, sem gerði sér von um meiri hl., fékk hann ekki. Kosningar til bæjarstjórnar geta orðið nokkuð tíðar, ef slíkar kröfur eru gerðar.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég verð að segja, að mér þykir frv. þetta næsta undarlegt, eða a. m. k. meðferð þess æðikynlegt. Ég óskaði, að það væri borið undir bæjarstj. á Ísafirði, sem á að hafa gefið tilefnið til, að það er fram komið, en því var neitað.

Í nál. er enginn rökstuðningur fyrir frv., og þá var hann heldur ekki að finna í ræðu hv. frsm. Ef framfylgja ætti ákvæðum frv. þessa, þá held ég, að oft yrði uppkosning til bæjarstjórna. Það þyrfti ekki annað en að mál komi fyrir í bæjarstj., sem bæjarstjóri væri á móti, og hann felldi úr gildi samþykkt bæjarstj. og bæri ágreininginn undir úrskurð stjórnarráðsins, eins og hann hefir leyfi til. Hann væri þá kominn í minnihlutaaðstöðu og ætti því að segja af sér og kosningar að fara fram þar til meiri hl. fengist. Þannig gæti því verið kosið í bæjarstjórn á 2—3 mán. fresti. Eins og kunnugt er, þá er þannig ástatt á Ísafirði nú, að bæjarstjórinn hefir sagt af sér og annar maður hefir verið settur til þess að gegna embættinu um 3 mán. skeið, en eðilegast hefði verið að auglýsa stöðuna og sjá, hvort bæjarstjórnin hefði ekki getað komið sér saman um val á bæjarstjóra.

Þá finnst mér það í öðru lagi vera óvenjulegt að taka völdin af bæjarstjórnunum um það, hvort aukakosningar skuli fara fram eða ekki, eins og gert er í frv., og leggja það algerlega á vald ráðh. Annars er það svo, að þetta mál gæti gefið mér sem fyrrv. bæjarstjóra á Ísafirði tilefni til að gefa almenna skýrslu um framferði bæjarstj. á Ísafirði, en þar sem ég hefi kært nokkra fyrrv. bæjarfulltrúa fyrir stjórnarráðinu, sem hefir úrslitavald í þessum málum, mun ég ekki gera það.

Þegar bæjarstj. neitaði mér um fararleyfi til þings, voru aðeins 4 bæjarfulltrúarnir, sem greiddu atkv. með því, einn sat hjá, en 4 greiddu atkv. á móti. Var því hér ekki um meiri hl. að ræða. Ástæðan fyrir neituninni var talin sú, að ég hefði unnið á móti hagsmunum verkalýðsins á Ísafirði í einu máli. Ég vil því leyfa mér að skýra frá, hver ástæðan var. Þegar allt var í kaldakoli á Ísafirði vegna atvinnuleysis o. fl., var borin fram till. af kommúnistum um að stytta vinnudaginn í opinberri vinnu, atvinnubóta- og bæjarvinnu, sem aðallega var grjótupptekt og þess háttar, en greiða samt sama dagkaup. Vinnudagur var færður niður í 8 stundir, en dagkaup óbreytt 12 kr. á dag, en tímakaup í þessari vinnu hækkað úr kr. 1,20, sem það er í allri annari vinnu, upp í kr. 1,50 í þessari meira og minna vandræðavinnu. Ég beitti mér á móti þessari till., því ég taldi hana til skaða bæði fyrir verkamenn og vinnuveitendur, sem líka hefir orðið raunin á, því að þessi breyt. hefir orðið til þess að auka töluvert á atvinnuleysið á Ísafirði, því að nú hafa ýmsir verkamenn þar dregið sig til baka og ekki viljað vinna fyrir kr. 1,20 að ýmiskonar framleiðsluvinnu, en heimtað atvinnubótavinnu, sem greidd er með kr. 1,50 á vinnustund, þrátt fyrir það, þó að afkast hennar sé sem kunnugt er oft mjög lítils virði. Þannig fengust ekki menn á haldfæraskipin á Ísaf. á liðnu sumri, þrátt fyrir mikið atvinnuleysi.

Till. sú, sem hér liggur fyrir í frv.formi, var borin undir bæjarstj. á Ísafirði og rædd á þeim sama fundi, sem ég tilkynnti bæjarstj., að ég segði starfi mínu lausu, og yrði að fara úr bænum fyrir 1. okt. til þingsetu, og eftir því sem ég man bezt, mun hún hafa verið felld þar. Eigi að setja slík lög sem þessi, þá finnst mér, að allshn. sé beinlínis skylt að leita álits bæjarstjórnanna, þar sem lögin koma til með að snerta þær svo mjög. Það allra minnsta, sem hægt var að gera í slíku máli sem þessu, var þó það, að leita umsagnar bæjarstj. á Ísafirði, sem sérstaks aðila í þessu máli, og ennfremur að setja inn í frv. ákvæði um það, að bæjarstjórnirnar gætu lagt fyrir ráðh. óskir um að kjósa upp, svo það verði ekki gert gagnstætt þeirra vilja. Annars er ekkert undarlegt, þó að misbrestur verði stundum á kosningu bæjarstjóranna, þegar jafnaðarmenn eru búnir að taka þann sjálfsagða rétt af borgurunum að fá að kjósa bæjarstjórana með beinni kosningu, og ég held, að eina ráðið til þess að losna úr því öngþveiti, sem þetta mál er komið í, verði það, að taka upp beina kosningu á bæjarstjórum í kaupstöðum.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. tók fram, var ég ekki viðstaddur þegar mál þetta var afgr. frá n., en þó ég hefði verið við, býst ég ekki við, að ég hefði getað léð því fylgi mitt. — Hv. frsm. sagði, að frv. þetta væri borið fram til þess að tryggja fullkomnara lýðræði í málum kaupstaðanna en nú væri, og það þyrfti að tryggja lýðræði innan kaupstaðanna sem annarsstaðar. En það er sú mesta rökvilla, að frv. miði að því að auka lýðræði. Það verkar miklu frekar í hina áttina, að takmarka lýðræðið. Það vita allir, að á skipun á málefnum sveita og kaupstaða er hið fyllsta lýðræði. Það eru mjög frjálsleg kosningalög, þar sem allir 21 árs og eldri hafa rétt til þess að kjósa, sem annars hafa óflekkað mannorð. Það eru hlutfallskosningar, svo meiri hl. geti notið sín til fullnustu, og í einu orði sagt, allt það gert, sem

á valdi löggjafans er, til þess að lýðræðið fái notið sín sem bezt.

Það, sem hér hefir skeð, er það, að á Ísafirði eru tveir stórir flokkar, sem hafa jafna fulltrúatölu í bæjarstj., og þriðji flokkurinn skipar oddamanninn. Þegar svo kemur til kosningar á bæjarstjóranum, vill oddamaðurinn ekki greiða atkv. Hann vill vera hlutlaus, vill ekki nota þá aðstöðu, sem hann hefir, til þess að leggja lóðið á vogarskálina. Hvað brýtur þá hér í bága við lýðræðið? Maðurinn hefir heimild flokks síns til þess að láta hjá líða að nota þetta vald sitt. Hann verður því að teljast hafa fullt vald til þess að gera það, sem hann gerir. Eigi hv. frsm. við það, að leggja eigi skyldur á flokka að láta fulltrúa sína greiða atkv., hvort sem þeir vilja eða ekki, og að það sé lýðræði, þá skilur hann alls ekki, hvað lýðræði er. Með því fyrirkomulagi, sem nú er á kosningalögunum, er gert ráð fyrir, að hver borgari noti kosningarrétt sinn í samræmi við sína eigin skoðun. Nú skeður það, að eftir bæjarstjórakosninguna á Ísafirði fylgir þessi umræddi maður þeim flokki í bæjarstj. að málum, sem næst stendur honum í skoðunum. Þetta er hreint lýðræði. En ætli löggjafarvaldið að þvinga fram meiri hl., þá er það miklu frekar að hverfa frá lýðræðisgrundvelli en að treysta hann. Það þýðir því ekkert fyrir meðmælendur frv. að reyna að skjóta sér undir það, að með því séu þeir að reyna að koma á fullkomnara lýðræðisfyrirkomulagi í málefnum kaupstaðanna en nú er. Nei, þetta er bara einn þátturinn í þeirri aðferð, sem nú er viðhöfð hér á Alþingi, að reyna að kúga stofnanir, sem ekki eru að vilja þingmeirihlutans.

Að frv. þetta sé kák eitt, sést bezt á því, að þar er sagt, að atvmrh. geti ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný, en það er ekkert sagt um það, hvað gera skuli, ef úrslit eftir nýjar kosningar verða hin sömu sem eftir hinar fyrri, að enginn hreinn meiri hl. fáist. Það verður ekki séð, að bæjarfélagið sé neitt betur farið, þó að kosið sé tvisvar, ef síðari kosningarnar gefa ekki hreinni úrslit en hinar fyrri. En eigi að halda endalaust áfram að kjósa, hvað er þá orðið úr lýðræðinu? Það gæti farið eins og fór árið 1931, að með þessu fyrirkomulagi væri verið að skapa leið til þess að breyta lýðræðinu í einræði. Ef formælendur frv. meina nokkuð með því, þá verður að taka næsta skref, úr því að farið er af stað á annað borð, en það er að ráða fram úr því, hvað gera skuli, ef síðari kosningarnar gefa sömu úrslit sem hinar fyrri. Ég vil því skjóta því til hv. samnm. minna að athuga þetta fyrir næstu umr.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að tilgreina ástæðurnar fyrir því, að ég mun greiða atkv. gegn frv. þessu. Það er þá fyrst og fremst af því, að ég tel það þurfa mikilla leiðréttinga við, sökum þess, hve álappalegt það er að formi. Má þar fyrst nefna upphaf 2. gr. Þar segir svo: „Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðst meiri hluti bæjarfulltrúa fyrir kosningu bæjarstjóra, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar". Slíkt orðalag sem þetta hlýtur að mega laga, og ég tel, að n. beri hreint og beint skylda til þess. Ég fæ ekki heldur betur séð en að mótsetning sé í greininni. Ef atkvæðin eru jöfn, þá á að varpa hlutkesti. Það er að öllu leyti lýðræðisleg aðferð. En jafnmargir eru með báðum, þá hefir kosningin sýnt, að báðir hafa jafnan rétt, og á því að láta hendinguna ráða. Ég sé því ekki, hversvegna á að brjóta þessa meginreglu eingöngu í þessu eina tilfelli.

Þá vil ég segja það, að ég álít ekki heppilegt að fyrirskipa pólitíska flokka í sveitar- og bæjarstjórnum. Það hefir verið svo til skamms tíma yfirleitt í sveitarstjórnum og flestum bæjarstjórnum, að heldur hefir verið reynt að forðast pólitíska flokka, — landsmálaflokka —, sem koma til greina á Alþingi, að þeir verði alráðandi í sveitar- og bæjarstjórnarmálefnum, og það er augljóst, að þó að bæjarstórinn hafi töluvert mikið vald í bæjarmálefnum, þá er hann fyrst og fremst framkvæmdarstjóri bæjarstj., og sé um nokkra lipurð að ræða, þá getur vel tekizt samstarf þó að bæjarstjórinn hafi ekki follkominn meiri hluta bæjarstj. á bak við sig. Það er óskaplegt að þurfa að steypa bæjarfélögunum út í kosningar, ef bæjarstjórinn hefir ekki meiri hl. á bak við sig í bæjarstj., og þá getur atvmrh. gripið inn í og fyrirskipað nýjar kosningar.

Þá álít ég, að tilefnið til þessa frv. sé algerlega óboðlegt hæstv. Alþ. Ef það ætti jafnan að grípa inn í með almennri löggjöf, þó að einstakt tilfelli komi fyrir einhversstaðar á landinu, þá væri það sannarlega að æra óstöðugan, svo það yrði ómögulegt fyrir Alþingi að sinna öllu slíku. Til þess að gera slík ákvæði sem þessi, verða að hafa komið í ljós greinileg vandræði, og það víðar en í einu tilfelli.

Þá vil ég aðeins tilgreina 6. ástæðuna móti þessu frv., að mér finnst harðari kröfur vera gerðar til bæjarstjórnanna heldur en Alþingis. Það er öllum kunnugt, að það getur vel setið á Alþingi stjórn, sem ekki hefir meiri hl. á bak við sig, ef hún nær samt sem áður á málefnagrundvelli samkomulagi um sín aðalstefnumál. Þá getur hún setið, þó að hún hafi ekki meiri hl. á bak við sig í pólitískum flokkum. og í öðru lagi, að þó að stjórnin komist í minni hl., þá er það hún sjálf, sem ræður, hvenær hún rýfur þing. Það er enginn annar, sem getur gert það. Hún getur gripið inn í og rofið þing, en þing er ekki rofið af sjálfu sér, þó að stj. komist í minni hl. Stj. verður að gera það. Ef stj. ætlar að þráast við að gera það, þá hefir þingið ekki annað ráð en að fella fyrir stj. svo mikið af áhugamálum hennar, að hún treysti sér ekki til þess að sitja, eða þá að samþ. vantraust á stj. og neyða hana þannig til að fara. Þetta sama ráð hafa bæjarstjórnirnar; svo framarlega sem bæjarstjórinn kemst í harðvítuga andstöðu við meiri hl. bæjarstj., þá getur bæjarstj. gert honum lífið svo erfitt, að hann geti ekki setið áfram. En ef þetta ætti að vera hliðstætt, þá ætti bæjarstjórinn að hafa vald til þess, annaðhvort að fara eða rjúfa bæjarstj., þ. e. a. s. að stofna til nýrra kosninga. En hitt,

að annað vald geti gripið inn í, hvort sem bæjarstj. vill eða ekki, finnst mér allt of hart. En í frv. er það orðað þannig: „getur atvmrh. þá ákveðið“, m. ö. o., það er gefið á vald atvmrh., hvort það er gert eða ekki. Ef atvmrh. er hlynntur þessum bæjarstjóra, sem er í minni hl., þá getur hann haldið honum eiliflega í þessari stöðu, hvað sem bæjarstj. segir. Það er lagt í vald atvmrh. eins og hann er í það og það skiptið að framkvæma þetta verk. Mér finnst þess vegna vera svo margt, sem mælir á móti því að samþ. þetta frv. Þó að komi fyrir í einu einasta tilfelli í einni bæjarstj., að bæjarstjóri hafi ekki hreinan meiri hl. á bak við sig, að Alþingi þjóti þá til og setji lög um það, og það svona líka lagleg, það álít ég ekki ná nokkurri átt.

Ég verð að segja um svona frv. eins og þetta, sem snertir jafnmikið bæjarstjórnir og hag bæjarfélaga, að það sé í raun og veru ósæmilegt að afgr. það án þess að spyrja bæjarstjórnir almennt um þeirra álit á því. Ég álít ófullnægjandi að vísa eingöngu til álits bæjarstj. Ísafjarðar, því að hana varðar ekki meira um þetta en aðrar bæjarstjórnir. En það er augljóst mál, að ef frv. verður samþ., þá getur ófrið af því leitt, og mér finnst því óforsvaranlegt að afgr. það án þess að fá álit bæjarstjórna um svona löggjöf.

Ég vil svo að lokum skjóta því til þeirrar n., sem frv. fer til, ef það verður samþ. við þessa umr., sem ég tel, að alls ekki eigi að gera, þá vilji n. sýna þessu máli þann sóma að lagfæra það, ekki aðeins að máli, heldur líka að efni til.

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég skal ekki vera margorður um þetta mál; tel það óþarft. Það hafa talað fjórir hv. þm. á móti þessu frv., og hver hafði sitt að segja.

Um einn þeirra get ég verið fáorður, m. ö. o. hv. þm. N.-Ísf., því að málið er honum svo skylt persónulega, að ég vil ekki fara neitt sérstaklega út í þær deilur, sem risið hafa í sambandi við hans starf sem bæjarstjóra. Hvað hefir skeð þar vestra í hans störfum og samstarfi við bæjarstj. á Ísafirði, er mér ekki nægilega kunnugt um, svo ég geti rætt við hann um það.

En það, sem mér finnst, að allir þeir, sem andmælt hafa frv., séu sammála um, er að það sé í raun og veru óþarft að flytja það frv., sem hér er um að ræða, og það náist ekki með því það, sem til er ætlazt.

Einn hv. þm. vildi álíta, að það væri rökvilla að tala um lýðræði í sambandi við þetta frv., og skal ég taka það skýrt fram, hvað fyrir mér vakti. Þegar svo stendur á eins og á Ísafirði, að bæjarstjórinn á yfirleitt að vinna á móti 5 atkv. í bæjarstj. af 9 í allmörgum málum, þá mun það yfirleitt ekki vera talið heppilegt, að hann hafi, eins og bent hefir verið á, neitunarvald um að framkvæma vilja bæjarstj. Þá er orðinn fullkominn árekstur á milli meiri hl., sem stendur á bak við hina 5 fulltrúa, og minni hl., sem bæjarstjórinn er frá. Það getur verið í fleiri málum en hv. þm. N.-Ísf. tilgreindi og hann hefir neitunarvald í að framkvæma, nema að fengnum úrskurði viðkomandi ráðh., og verði árekstur milli hans og meiri hl. bæjarstj., þegar svo er ástatt, gerir frv. ráð fyrir, að endurkosning fari fram. Þá er nokkur hvöt meðal kjósenda, ef bæjarstjórinn á almennt fylgi bæjarbúa, að skapa honum þá hreinan meiri hl. eða gagnstætt. Ég held, að þetta sé í fullkomnu samræmi við veruleikann, og þegar einu sinni hefir tekizt svo til sem á Ísafirði, að endurkosning mundi ef til vill breyta hugarfari kjósenda og skapa meiri hl. á annanhvorn veginn, þá hefir frv. náð þeim tilgangi, sem til var ætlazt.

Það, sem í þessu tilfelli hefir valdið glundroða, er, að það kemur þriðji flokkurinn fram, sem á fulltrúa í bæjarstj. og vill ekki taka þátt í kosningu bæjarstjóra, en sér sig svo um hönd og vildi í raun og veru hafa valið öðruvísi, eftir því sem mér skilst, að málið hafi legið fyrir. (**JAJ:** Hvenær hefir hann lýst því yfir?). Hann hefir látið það í ljós, að hann vildi gjarnan kjósa um annan bæjarstjóra. Svo má ekki gleyma því, að þar sem er varamaður í bæjarstj., getur hann haft allt annað viðhorf til bæjarmála og bæjarstjóra en aðalmaðurinn. Það var þetta atriði, sem hv. 2. þm. Rang. taldi, að ég hefði ekki skýrt nógu nákvæmlega, hvað meint er með að skapa meiri hl. meðal kjósenda með endurkosningu, þegar svo stendur á sem hér.

Þá hefir verið blandað saman stjórnskipulaginu á Alþingi og tilveru ríkisstjórnar og bæjarstjórnar. Ég er kannske ekki fær um að deila við hv. þm. um það, en ég held þó, að enginn stjórn geti setið við völd nema að hafa á bak við sig meiri hl. þm., því að það er í lófa lagið fyrir meiri hl. þingsins að sýna henni vantraust, og ég held, að engin stjórn mundi sitja eftir að slíkt vantraust er komið fram. Mér skilst, að bæjarstjórnir hafi ekki heimild til að koma fram með slíkt vantraust til þess að bæjarstjóri víki úr sæti, svo hér er ólíku saman að jafna.

Þá hefir ennfremur verið talað um, að með þessu væri verið að ýta undir pólitíska flokkadrætti. Ég veit ekki betur en að allar bæjarstjórnarkosningar séu hápólitískar, og það er ekki hægt að greina í sundur, hvort átökin eru meiri milli flokka við bæjarstjórnarkosningar eða þingkosningar. Valdastreitan milli flokkanna er engu minni innan bæjarfélaganna en á löggjafarþingi þjóðarinnar. Ég held, að því sé kastað út í loftið, að segja, að hér sé verið að ýta undir flokkadrætti í landinu. Þeir eru þegar fyrir hendi, og meira að segja í smærri kauptúnum er farið að taka þá reglu upp, til þess að flokkagreiningin komi sem skýrast fram, að viðhafa hlutfallskosningu. Hvort frv. nær þeim tilgangi, sem ætlazt er til, skal ég ekki fullyrða um, en tel sjálfsagt að sjá, hvernig þessi tilraun gefst, hvort ekki er hægt að koma í veg fyrir þá agnúa, sem fram hafa komið, með því að láta fara fram endurkosningu á bæjarstjóra, er skapi bæjarfélagi stjórnmálalegan meiri hl.

Ég býst við, að á þessum umræddu stað verði að fara fram endurkosning, og þá skeri úr á annanhvorn veginn, að annaðhvort fái Sjálfstfl. 5 fulltrúa eða gagnstætt, svo í því tilfelli hygg ég, að frv. geri gagn og að báðir megi vel við una, á hvorn veginn sem það verður.

Ég skal ekki fara út í þann sparðatíning, sem kastað hefir verið fram af ýmsum hv. þm., eða hvort hér er um misbeitingu á valdinu að ræða af hálfu þess meiri hl., sem nú skipar Alþingi, en ég hygg, að það mætti nokkuð lengi leita að þeim minni hl., sem ekki fyndist nokkuð þröngt fyrir dyrum um ýms máls. Ég get hugsað, að sá meiri hl., sem nú skipar Alþingi, geti sagt sína sögu frá fyrri þingum, að honum hafi stundum þótt sér þröngt skorinn stakkurinn með þeirri löggjöf, sem þáv. meiri hl. samþykkti, og svo hlýtur það alltaf að vera, að meiri hl. samþ. löggjöf, sem minni hl. mislíkar á einn eða annan hátt, því að á bak við þá liggja flokkar með ólíkar lífsskoðanir og viðhorf.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, en láta skeika að sköpuðu um það, hvort hv. d. vill láta málið ná fram að ganga, en það er okkar meining, sem að þessu frv. stöndum, að það geti orðið til bóta í því tilfelli, sem hér um ræðir.

**Magnús Guðmundsson:** Ég þarf ekki að tala nema stutt, en ég vildi gjarnan heyra, hvað hæstv. atvmrh. segir um skilninginn á þessu frv. Ég skil það þannig, að atvmrh. hafi heimild til þess að láta fara fram kosningu eins oft og hann vill þegar svo stendur á, að bæjarstjórinn er ekki kosinn af meiri hl. bæjarstj. eða hefir ekki meiri hl. hennar á bak við sig. Það hefir komið fram dálítill efi um þetta í umr., og væri gott að heyra, hvað hæstv. núv. atvmrh. segði um þetta. Það leiðir líka af tilgangi frv., að svo verði að vera, en í sambandi við þetta vil ég spyrja: Hvernig stendur á því, að ekki er reynt að kjósa nýjan bæjarstjóra, fyrst þetta starf er laust? Mér skildist hv. frsm. meiri hl. gefa það í skyn, að nú væri komið samkomulag milli tveggja flokka um að kjósa bæjarstjóra. Hv. þm. gaf það fyllilega í skyn, að það gæti verið, að sósíalistar gætu komizt að samkomulagi við varamann kommúnista, og ég hefi einmitt heyrt það frá Ísafirði, að jafnaðarmenn gætu komið sér saman við varamann aðalmanns kommúnista í bæjarstj. um kosningu á bæjarstjóra.

Ég held, að tilganginum með þessu frv. væri náð, ef bæjarstjórakosning færi nú fram, og það jafnvel þótt hlutkesti yrði að skera úr, ef aðeins hlutkestið færi á þann veg, að það yrði sósíalistum í vil. Þá mundu þeir verða ánægðir. Frv. er eingöngu komið fram af því að sjálfstæðismaður varð fyrir kjöri í hlutkestinu. Þeir sósíalistar geta ekki hugsað sér að búa við það ástand, sem forsjónin skapaði þeim, af því að þeir vita, að nú hafa þeir bolmagn hér á þingi til að fá þessu breytt.

Í umr. hefir verið sneitt fram hjá því, sem ég talaði um lýðræðið á Ísafirði viðvíkjandi þingsetu bæjarstjórans, er honum var neitað um að fara á þing og neitað um að setja mann í sinn stað til þess að gegna sínu starfi á meðan. (**SÁÓ:** Honum var ekki neitað um það). Ég veit ekki, hvað það er annað en neitun, að þegar hann bað um að mega setja ákveðinn mann í sinn stað, þá er það fellt með jöfnum atkv., en skömmu á eftir kýs meiri hl. í bæjarstj. þennan sama mann til þess að gegna þessu starfi. Hvað er þetta annað en neitun? Það er bara óbein neitun.

*Umr. frestað.*

Á 30. fundi í Ed., 5. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Jón Auðunn Jónsson:** Út af ummælum, sem fram komu við fyrri hl. þessarar umr., að bæjarstj. Ísafjarðar hefði ekki neitað mér um þingsetu, vil ég segja nokkuð orð. Það má e. t. v. leggja tvennskonar skilning í þetta mál, en það ætti þó öllum að vera ljóst, að ekki er hægt að skilja við bæjarstjórastörf án þess að annar sé settur í staðinn. Ég tel bæjarstj. hafa neitað mér um þingsætið eða bæjarstjórastöðuna með því að neita mér um að setja mann í bæjarstjórasætið, og jafnframt neitað að benda á mann til þess að rækja starfið á mína ábyrgð í fjarveru minni. Ætlaði ég þó að borga þessum manni fyrir að vinna mín störf í skrifstofunni. Bæjarstj. benti ekki heldur á annan mann til starfsins en þann, sem ég hafði vísað á, enda þótt ég óskaði þess. Því álít ég, að þessir menn hafi beinlínis viljað koma í veg fyrir, að ég sæti á þingi eða héldi áfram að vera bæjarstjóri.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að þessi breyt. væri meira í lýðræðisáttina en sú skipun, sem nú er. Ég held, að svo sé ekki. Hann sagði, að svo gæti farið við uppkosningu, að einhver flokkur sæi sig neyddan til að slá sér saman við annan flokk, þótt óskyldur væri, til þess að forðast allt of margar uppkosningar. Ef þetta verður ofan á, þá er verið, eins og hv. 2. þm. Rang. benti á, að kúga fólkið til að breyta atkv. sínu, og er því breytingin frekar til að hnekkja lýðræðinu heldur en hitt.

Það er nokkur munur á bæjarstjóra og ríkisstjórn. Þó ríkisstj. sé bundin við fjárl. og eigi að fara eftir þeim, þá er það nú svo í reyndinni, að ríkisstj. fer með fjárveitingar milli þinga. En bæjarstjóri borgar ekki út annað en það, sem samþ. er af bæjarstj. eða ákveðið af vissum nefndum bæjarstj. Það getur því vel gengið, að bæjarstjóri sé ekki samþ. bæjarstj., og þarf ekki að leiða til samvinnuslita, þó að greini eitthvað á. Mig hefir oft greint á við meiri hl. bæjarstj. á Ísafirði, t. d. um styttingu vinnutímans og hækkun kaups í atvinnubóta- og bæjarvinnunni. Annars hefir ekki orðið ágreiningur í öðrum málum, nema um till. meiri hl., er ganga út á fjárveitingar utan fjárhagsáætlunar; þeim hefi ég auðvitað lagt á móti, þar sem fyrirsjáanlegt er, að fjárhagsáætlunin er samin með tugi þús. kr. greiðsluhalla. Ég hefi þó ekki fellt úr gildi þessar samþykktir og ekki skotið þeim til ráðh., sem ég þó hafði heimild til. Það fer alltaf svo, og getur alstaðar farið, að bæjarstjóri lendi í ósamræmi við meiri hl. bæjarstj., ef hann hefir sjálfstæða skoðun eða er ekki viljalaust verkfæri meiri hl. Ég endurtek það, sem ég og aðrir hafa sagt, að þessar breyt. færa ekki neina bót, heldur

skapa glundroða, og leiða ekki til annars en að hnekkja lýðræðinu.

Ég hefi bent á aðra leið, að bæjarbúar velji sjálfir bæjarstjóra; það væri aukið lýðræði, og þá fengist sá af umsækjendum, sem bæjarbúar treysta bezt á hverjum tíma.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég ætla, að á síðasta fundi í þessari d. hafi hv. fyrri þm. Skagf. beint til mín þeirri fyrirspurn, hvort ég liti svo á, að heimilt yrði eftir þessa breyt. á lögunum, sem frv. gerir ráð fyrir, að láta kosningar fara fram oftar en einu sinni á kjörtímabilinu. Ég skal svara því alveg skýlaust, að ég álít engan vafa á því, að það má kjósa oftar en einu sinni samkv. þessu frv., ef það skilyrði er fyrir hendi, sem þar er gert ráð fyrir, að bæjarstjóri sé ekki studdur af meiri hl. bæjarstj.

Í þessari sömu ræðu sagði hv. þm., að þeir sömu þæjarfulltrúar á Ísafirði, sem ekki vildu fallast á að leyfa Jóni Auðun Jónssyni bæjarstjóra að ráða Fannberg, hefðu samt ráðið hann. Ég skal upplýsa um, að þetta er alveg skakkt. **(MG:** Hann er ráðinn til áramóta). Hann er ekki ráðinn af þeim 4 Alþfl.mönnum í bæjarstj., sem ekki féllust á beiðni J. A. J. Þeir greiddu því ekki atkv. **(JAJ:** Þeir greiddu ekki heldur atkv. á móti). Það var vegna þess, eins og hv. þm. hlýtur sjálfum að vera bezt kunnugt, að þeir sáu, í hvert óefni var komið. **(MG:** Því er þá ekki reynt að kjósa bæjarstjóra nú?).

**Magnús Guðmundsson:** Já, ég undra mig dálítið yfir því, að ekki skuli reynt að kjósa bæjarstjóra aftur. Það gæti farið svo, að hlutkestið félli Alþfl. í vil, og þá mundi þessi hv. flokkur verða ánægður. Þetta lægi nær en ómaka alla bæjarbúa til nýrra kosninga, kannske 10 sinnum, því eins og hæstv. ráðh. játaði, þá er alltaf hægt að kjósa, kjósa og kjósa, þar til unnt er að fá einhverja af kjósendunum til að falla frá sinni skoðun, eins og hv. 2. þm. Rang. benti á. Það er upplýst af hæstv. ráðh., að hans flokkur greiddi ekki atkv. um ráðningu bæjarstjóra í stað Jóns Auðuns Jónssonar, en það er líka upplýst, að þeir greiddu ekki atkv. á móti og hafa því samþ. með þögninni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:6 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 44, 325).

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefi leyft mér að koma fram með brtt. við frv., sem fer í þá átt, að meiri hl. bæjarstj. geti ráðið, hvort uppkosning fer fram eða ekki. Hygg ég, að flestir geti verið sammála um, að bæjarfél. eigi þar mest í húfi, og því ekki rétt að taka öll ráð af bæjarstj. í þessu máli. Hefi ég svo ekki frekar við að bæta það, sem ég hefi áður sagt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Ed., 9. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 325 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JAJ, MG, MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, GL.
**nei:** IngP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, HG, HermJ, EÁrna.
Einn þm. (BSt) fjarstaddur.
Frv. samþ. með 8:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 385).

## 43. Síldarverksmiðjan á Raufarhöfn.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn** (þmfrv., A. 47).

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Gísli Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv. Það er shlj. till., sem flutt var á síðasta þingi sem brtt. við frv. ríkisstj. um að láta reisa síldarverksmiðju. Eins og sjá má af frv., er þarna rekin síldarverksmiðja um 10 ára skeið af útlendingum. Hreyfingin um það, að ríkið taki að sér rekstur verksmiðjunnar, er vitanlega komin að norðan, frá íbúunum á Raufarhöfn. Þorpið á Raufarhöfn hefir nú aðallega myndazt utan um þessa verksmiðju; þar eru fremur litlir aðrir atvinnumöguleikar. Það yrði þess vegna ákaflega mikill hnekkir fyrir þorpið, ef atvinnurekstur þessi legðist niður. Hinsvegar hefir verið — og er ennþá — hætta nokkur á því, að verksmiðjueigendur færu að kippa að sér hendinni um reksturinn. Og það tel ég tvímælalaust skyldu þings og stjórnar, að hafa eftirlit með því, að atvinnurekstur þessi leggist ekki niður þarna á staðnum, til tjóns fyrir almenning.

En þó að horfurnar séu þannig á þessum rekstri, hygg ég óhætt að fullyrða, að síldarbræðsla á Raufarhöfn muni í sjálfu sér vera sæmilega álitleg fyrir hvern, sem hana vill reka, þó að svona standi sakir hjá þessum útlendingum nú. Það var t. d. svo síðastl. sumar, að síldaraflinn framan af vertíðinni var aðallega á Þistilfirði og kringum Sléttu og á Axarfirði, og það er einmitt mjög oft svo. Og ég vil alveg sérstaklega benda á það, að ég hygg það sé mjög hagkvæmt, sérstaklega fyrir hin minni skip, sem síldveiði stunda, að þarna sé síldarbræðslustöð, því að það er tilfinnanlegt fyrir skipin að þurfa að fara alla leið austan af Þistilfirði t. d. og vestur til Siglufjarðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta

meira, en óska eftir, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og sjútvn. Að því leyti, sem ég get gefið n. upplýsingar eða útvegað þær, er ég fús til þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 25. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 47, n. 141).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Eins og hv. þdm. sjá á nál. á þskj. 141, hefir meiri hl. sjútvn. lagt til, að ríkisstj. verði veitt heimild sú, sem hér ræðir um, sem sé til að kaupa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðjuna á Raufarhöfn. Ríkið hefir nú þegar með höndum svo mikinn atvinnurekstur af þessu tægi, og þessi verksmiðja tiltölulega nálægt verksmiðjum þess á Siglufirði, að það má því álíta, að ekki sé óhentugt, að þessi verksmiðja komi í kerfið, sem þegar er fyrir norðan. Nú vill n. samt leggja áherzlu á það, að hér er ekki um neina **skipun** að ræða til ríkisstj. um þessi kaup, heldur einungis heimild. Og þar sem n. sjálf hafði enga aðstöðu til að kynna sér, hvernig háttað er með þessa verksmiðju, í hvaða ástandi hús og vélar eru o. s. frv., varð hún að byggja á umsögn annara í því efni. **Það er því rétt að hafa allan fyrirvara með þessi kaup, og auðvitað sé ekki keypt nema sýnt sé, að kaupin séu hagfelld.** N. leitaði álits stjórnar síldarbræðsluverksmiðju ríkisins á Siglufirði um kaupin, og fékk skriflegt álit frá stj. sem prentað er sem fskj. með nál. á þskj. 141. Þar er, eins og dm. sjálfsagt hafa tekið eftir, lagt með því, að þessi heimild verði samþ. Verksmiðjustj. telur mikla hagsbót að því fyrir útvegsmenn, ef verksmiðjan á Raufarhöfn gæti verið í gangi árlega. En á því hefir viljað verða misbrestur nokkur, eins og sést af þeim skjölum, sem fyrir lágu, og þess vegna hefir það verið álitið nauðsynlegt að athuga, hvort ekki sé rétt, að ríkið eignist þessa verksmiðju, bæði vegna hagsmuna síldarútvegsins og íbúanna á Raufarhöfn.

Hv. 6. þm. Reykv. kveðst hafa nokkra sérstöðu í málinu, og hefir því ekki skrifað undir álit meiri hl. n.

**Sigurður Kristjánsson** [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. gat um, hefi ég ekki skrifað undir álit meiri hl. n., og það af þeirri ástæðu, að ég tel það a. m. k. mjög vafasamt, að rétt sé að styðja að kaupum ríkissjóðs á þessari verksmiðju. Það er alltaf athugavert, þegar verið er að bjóða til kaups eitthvað gamalt skrap, sem eigendurnir geta ekki notað sjálfir af einhverjum ástæðum. Verður að athuga nákvæmlega áður en flanað er að kaupunum, hvers vegna eigandinn vill selja, og hvað það er, sem boðið er til kaups. Það er auðsætt, að í þessu tilfelli er í raun og veru verið að bjóða út rústir. Eigandinn kvað hafa boðið verksmiðjuna fyrir 35—40 þús. kr. í fyrra, en eftir því sem stjórn síldarbræðsluverksmiðjunnar á Siglufirði segir, mun kosta um 160 þús. kr. að gera við þetta 35 þús. kr. rusl, sem ég vil leyfa mér að kalla svo. Mér finnst þetta vera ákaflega tortryggilegt allt saman. Menn verða að athuga, að hér liggur ekki aðalkostnaðurinn í kaupunum sjálfum, heldur þeim umbótum og aðgerðum, sem nauðsynlegar eru til þess að gera verksmiðjuna starfhæfa. Í þessu sambandi þarf líka að athuga það, hvort ríkið ætlar sér yfirleitt að færa út kvíarnar í þessum efnum. Það getur farið svo, að einn góðan veðurdag vakni menn upp við vondan draum og sjái, að ríkið hefir lagt fé í fyrirtæki á stöðum, þar sem sízt skyldi. Hér var rætt um það í fyrra, að mig minnir, að kaupa verksmiðjuna vestur á Sólbakka í Önundarfirði. Sú verksmiðja þykir liggja óhagstætt fyrir síldveiðina. Nú er hér komin fram till. um að kaupa verksmiðju austan til á landinu, þótt reynsla fyrri ára sýni, að svo miklu leyti, sem hægt er að sjá hana í áliti verksmiðjustj. á Siglufirði, að verksmiðjan hefir fengið mjög misjafnt aflamagn til vinnslu hin ýmsu starfræksluár. Ég tel ekki hægt að svo komnu máli að átta sig á því, hvort þetta verksmiðjuslátur er þess virði, að það borgaði sig að gera við það, og svo hvort verksmiðjan yrði þarna heppilega sett. Ennfremur er órannsakað, hvort framboð á síld til bræðslu er það mikið, að þær verksmiðjur, sem fyrir eru og til verða næsta ár, ekki anni því. Eftir því, sem mér hefir verið tjáð og skrifað hefir verið í norðlenzk blöð, virðist á næsta sumri hægt að taka á móti miklu meiri síld í verksmiðjurnar en líkindi eru til að veiðist, miðað við sæmilega gott síldarár. Allt, sem að þessu máli lýtur, er svo lítið rannsakað, að ég treysti mér alls ekki til þess að leggja með því, að ríkið fari að kaupa þessa verksmiðju, þótt kaupverðið sjálft sé að vísu lágt, en því fylgir sá böggull að koma verksmiðjunni í starfhæft ástand. Og þótt gert sé ráð fyrir því, að ekki kosti nema 160 þús. kr. að gera við þetta, sem kaupa á á 35 þús. kr., þá getur sá kostnaður orðið miklu meiri.

Ég skal játa, að mín sérstaða í þessu máli er meir fyrir það, að ég tel málið ekki nægilega rannsakað, heldur en að ég teldi mig sitja inni með nokkra sérstaka sérþekkingu á þessum hlutum, og ég tel það ærna ástæðu, hve lítið þetta mál er undirbúið, til þess að fresta því að taka nokkra ákvörðun nú. Ég hefi svo ekki meiru við þetta að bæta.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Það er í rauninni alveg rétt fram tekið hjá hv. 6. þm. Reykv., að n. út af fyrir sig átti þess ekki kost að rannsaka þetta mál til hlítar, en henni þótti mikið leggjandi upp úr áliti þeirra manna, sem trúað hefir verið fyrir því að standa fyrir stjórn síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði. En þeirra álit er, eins og sést á fskj. með nál., að þótt fyllilega væri kostað því til aðgerðar verksmiðjunnar, sem áætlað er, mundi það borga sig, þar sem verksmiðjan gæti brætt um 600 mál síldar á sólarhring. Telja þeir, að stofnkostnaður

verksmiðjunnar, miðað við afköst, myndi ekki verða óhæfilega hár. Það er rétt, að verksmiðjan hefir fengið misjafnlega mikið af síld til vinnslu sum árin, eins og t. d. síðastl. ár, nærri því 35 þús. hl., en aftur árið þar á undan aðeins 8½ þús. hl. Ég veit ekki, hvort þetta bendir sérstaklega á það, að Raufarhöfn liggi illa við síldveiðum og ekki sé líklegt, að verksmiðja þar á staðnum fái nægilega hrávöru til að vinna úr. Hitt getur engu að síður verið ástæðan, að flest skipin hafi verið samningsbundin verksmiðjunum á Siglufirði, og Raufarhöfn því orðið útundan. Ég hefi persónulega orðið var við það, að hinn norski eigandi verksmiðjunnar hefir verið að skrifa hér suður á land, til þess að reyna að fá menn til þess að skipta við bræðsluna. Það bendir á, að síðan síldarbræðslurnar á Siglufirði komust á, hafi bátar fremur sótt þangað en á Raufarhöfn. Á þessu gæti orðið breyting, ef þessi verksmiðja væri undir sömu stjórn og Siglufjarðarverksmiðjurnar. — Ég skal svo ekki segja fleira um þetta mál að svo stöddu. Ég vil aðeins benda á það, að hér er einungis um heimild að ræða fyrir hæstv. stj., og það er alveg óhætt að fullyrða, að það er ekki tilgangur meiri hl. sjútvn., að lagt sé út í óhagstæð kaup, bara til þess að losa hinn norska eiganda við verksmiðjuna, heldur gengur n. út frá því, að framkvæmd verði gaumgæfileg rannsókn af sérfræðingum, sem ríkisstj. hefir á að skipa, og fyrst verði keypt og lagt í endurbætur, þegar sýnt er, að hér er um hagkvæm kaup að ræða fyrir ríkissjóðinn.

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að þakka hv. meiri hl. sjútvn. fyrir hinar vinsamlegu undirtektir við þetta mál og afgreiðslu hennar á því. Eins og sést af nál., hafa 4 af 5 nm. lagt til, að ríkisstj. yrði gefin þessi umbeðna heimild. Einn nm. lætur þess hinsvegar getið, að hann sé í vafa um réttmæti þessarar heimildar, þótt hann út af fyrir sig vilji ekki taka skarpa andstöðu gegn málinu. Ég vænti því, að málið fái góðar undirtektir í hv. d. og gangi greiðlega í gegnum þingið.

Ég hefi litlu við það að bæta, sem hv. frsm., þm. Vestm., sagði hér áðan. Eins og hann sagði, hefir hv. sjútvn. leitað álits stj. síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, og ég vil leggja áherzlu á það, að stj. verksmiðjunnar hefir alveg einróma samþ. að leggja til, að þessi heimild yrði veitt.

Út af því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan, að hér væri um gamla hluti að ræða, þá er það alveg rétt hjá hv. þm., að vélar verksmiðjunnar eru nokkuð notaðar. En ég vil benda á, að þarna er um mikinn húsakost að ræða, starfhæfa verksmiðju og góða aðstöðu. Það má heita, að verksmiðjan hafi gengið stöðugt síðastl. sumar og brætt um 40—50 þús. hl. af síld, sem allt gekk ágætlega. Ég vil leyfa mér að taka það fram í sambandi við þær tölur, sem gefnar voru upp frá hinum ýmsu starfsárum verksmiðjunnar, að ég hygg lægstu töluna þannig til komna, að verksmiðjan hafi ekki verið starfrækt nema örstuttan tíma það ár. En það kom ekki til af því, að hún fengi ekki síld til bræðslu, heldur vegna privat ástæðna firmans, sem átti verksmiðjuna og rak hana. — Ég hefi svo ekki miklu hér við að bæta, en vil minna á, að þótt um það væri að ræða, að lagt væri í verksmiðjuna, sem bræðir 600 mál síldar á sólarhring, um 200 þús. kr., þá er það engin feikna upphæð, miðað við þær fjárhæðir, sem lagðar hafa verið í síldarverksmiðjur undanfarið. Viðgerðarkostnaðurinn er hér miðaður við það, sem æskilegt er, að gert væri, en hinsvegar ekki einungis hið allra nauðsynlegasta, og því enginn kominn til að segja, að kostnaðurinn geti ekki orðið minni.

Ég vil enda mál mitt með því að lýsa yfir því, að ég tel það vafalaust mundu verða til mikilla hagsbóta fyrir skip, sem síldveiði stunda á Þistilfirði og Axarfirði, ef þau gætu lagt upp á Raufarhöfn, í stað þess að þurfa til Siglufjarðar.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Án þess að ég ætli mér að leggjast á móti því, að stj. sé gefin þessi heimild, vildi ég benda á það, að næsta sumar tekur ný verksmiðja til starfa á Siglufirði, sem á að geta tekið þetta 130—140 þús. mál. Á síðasta þingi var stj. ennfremur gefin heimild til þess að kaupa Sólbakkaverksmiðjuna. Ég geri ráð fyrir því, að þar mætti bæta við 30—40 þús. málum, til þess að starfræksla gæti talizt sæmileg. Hér er því um að ræða 160—170 þús. mál, sem hægt er að bræða næsta sumar í nýjum verksmiðjum, ef maður reiknar með því, að Sólbakki verði keyptur, en það samsvarar afla tíu togara. Ég veit það ekki, og raunar veit enginn það nú, hvort svo mikil aukning verður á skipastól þeim, er síldveiðar stundar, frá því sem var í sumar, að meira verði gert en anna þörfum þessara verksmiðja. Það skiptir auðvitað miklu máli, að síldarbræðsluverksmiðjur ríkisins hafi nóg magn til þess að vinna úr, ef þær eiga að skila sæmilegri afkomu, og það er því að mínu áliti í þeirra hag, að ekki sé bætt of ört við slíkar verksmiðjur. Mér skilst, að sú verksmiðja, sem hér um ræðir, geti tekið um 600 mál í bræðslu á sólarhring. Ég veit ekki nákvæmlega, hvað starfstíminn er langur, en býst við, að hann sé a. m. k. 50—60 sólarhringar, og reikni maður með því, ætti verksmiðjan að geta brætt 30—40 þús. mál yfir þann tíma. Og eigi kaupverðið að vera 200000 kr., er ég á því, að of mikið sé í lagt, og kaup þessi muni ekki verða eins hagkvæm og á verksmiðju dr. Pauls á Siglufirði. Sú verksmiðja mun geta tekið meira til bræðslu en hún hefir gert undanfarin ár, og síldarverksmiðja ríkisins held ég, að þurfi líka að fá meira af síld en áður. Ég bendi á þetta til þess að stj. athugi málið vel áður en ríkið fer að ráðast í að kaupa nýjar síldarbræðslustöðvar, og gæti þess, að nóg verkefni séu fyrir hendi handa þeim, sem þegar eru til.

**Finnur Jónsson**: Það er rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að varhugavert er að bæta við nýjum síldarbræðsluverksmiðjum án þess að sjá fyrir aukningu síldveiðiflotans á næstu árum. En þess ber að gæta, að nú liggur allur fjöldi tog-

aranna inni um síldveiðitímann. Öll líkindi mæla með því, að þegar togararnir eiga það víst að geta selt síld sína í bræðslu, þá fari þeir fleiri af stað. Ég vil biðja hv. þm. að athuga það, að hér er ekki verið að fara fram á, að byggð verði ný verksmiðja, heldur aðeins heimila eigendaskipti á verksmiðju, sem þegar er til. Hér hefir verið bent á, að þessi verksmiðja hafi fengið litla síld til bræðslu. Það mun vera rétt, sem hv. þm. N.-Þ. sagði því viðvíkjandi, nfl. að verksmiðjan hefði ekki verið starfrækt á sem heppilegustum tíma, og svo líka hitt, að greiðsla fyrir síldina hefir verið óviss á Raufarhöfn síðustu árin, svo að margir hafa kinokað sér við að leggja þar upp þess vegna. — Þá hefir það verið fært hér fram, að þarna sé ekkert að hafa nema rusl. Við því er það að segja, að verksmiðjunefndin, sem átti að ákveða, hvar nýja verksmiðjan skyldi reist, kom í sumar að Raufarhöfn og athugaði þá verksmiðjuna. Ennfremur rannsakaði Þórður Runólfsson, eftirlitsmaður ríkisins með vélum og verksmiðjum, þessa verksmiðju í sumar, og segir hann í áliti sínu, að verksmiðjan gæti gengið í eitt eða tvö ár án mikillar viðgerðar. Það er því ekki bein afleiðing þess, að ríkið kaupi verksmiðjuna, að strax verði farið að leggja stórfé í aðgerðir. Sú aðgerð, sem talað er um í bréfi verksmiðjustj., er, að reistur verði olíugeymir við verksmiðjuna, sem ekki hefir verið til þar áður. Aðgerð á verksmiðjunni mundi mjög mikils virði fyrir skip þau, sem veiðar stunda við Langanes og Sléttu. Ég tel því hiklaust rétt gagnvart síldarútvegin um, bæði sjómönnum og útgerðarmönnum, að gefa stj. þessa heimild, og legg ég eindregið með því í trausti þess, að stj. láti nákvæma rannsókn fara fram um þessi mál, áður en hún byrjar á framkvæmdum.

**Sigurður Kristjánsson** [óyfirl.]: Það er eflaust rétt, sem hér hefir verið tekið fram, að það sé gott fyrir héraðsbúa, að þessi atvinnurekstur leggist ekki niður. En ég er ekki viss um það, að svo muni fara, þó að hún verði áfram í eigu núv. eiganda. Það er rétt, að fyrir útgerðarmenn er æskilegt, að sem flestar verksmiðjur séu til, svo að þeir eigi alltaf víst að geta selt aflann, en það yrði þá tryggt af samkeppni versksmiðjanna. En þegar ræða á um það, að koma nýjum síldarbræðsluverksmiðjum á fót, verður að athuga jafnframt, hvort líkur séu til, að þær fái eitthvert verkefni. Það er ekkert vit í öðru en að reyna að hafa samræmi milli verkefnisins og tækjanna, sem ætlað er að vinna úr því. Á það hefir verið bent af hv. þm. V.-Húnv. og mér, að í hinni nýju síldarbræðslust. ríkisins og með fyllri notkun Sólbakkaverksmiðjunnar verði hægt að taka á móti 150 þús. mála í bræðslu næsta sumar umfram það, sem nú er hægt. Þá má geta þess, að nú er verið að reisa síldarbræðslustöð í Djúpavík við Húnaflóa, sem á næsta ári kemur til með að bræða 2000 mál á sólarhring, sem svo sennilega má hækka upp í 4000 mál með litlum tilkostnaði. Mér kæmi ekki á óvart, þó að það reyndist rétt, sem fagmenn hafa reiknað út, að sú síld, sem undanfarin ár hafi verið boðin verksmiðjunum, sé ekki nema um 60% af því, sem þær hefðu getað annað. Sé það rétt, er öllum augljóst, að búið er að blása þessa starfrækslu út um of. Þá vil ég benda á það, að útgerðarmenn geta ekki notað sér bræðsluna eingöngu, ef sama verð helzt á síldinni og undanfarin sumur. Það hefir ekki veiðzt meira af síld síðastl. sumur en svo, að engin leið hefir verið til þess að láta útgerðina bera sig með því verði, sem á síldinni hefir verið. Það yrði alveg nýtt í sögunni, ef afli yrði svo mikill, að útgerðin bæri sig með slíku verði. Undanfarin ár hafa togararnir aflað óvenjumikið. Samt hefir heildarútkoma togaraútgerðarinnar verið tap. Og smærri skipin hafa haft enn verri sögu að segja. Og þó má búast við, að þetta verði allt enn örðugra, þegar komnar eru fleiri síldarbræðslustöðvar en þarf til þess að taka við afla þeirra skipa, sem út eru gerð. Þá verður örðugra að fá skipin til þess að sigla með síldina á þá staði, sem verr liggja við, nema að hærra verð sé þar í boði. Það er ekki hægt að fiska síld í bræðslu á Önundarfirði eða við Langanes fyrir sama verð og um miðbik Norðurlandsins, Húnaflóa, Skagafjörð og Eyjafjörð. Ég held því, að öllu samanlögðu, að það sé mjög misráðið af hv. d. að heimila stj. kaup á þessari verksmiðju á Raufarhöfn. Það hefir einhverntíma verið meiri þörf á því en nú, að ríkið keypti gamlar verksmiðjur, einmitt þegar verið er að reisa aðra þá stærstu verksmiðju, sem hér hefir verið til, og á að taka til starfa á næstu síldarvertíð. Ég legg því eindregið á móti því, að þessi heimild verði gefin.

**Finnur Jónsson**: Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja umr. mikið fram yfir það, sem orðið er, enda er ég að miklu leyti sammála hv. 6. þm. Reykv. um það, að vel þarf að athuga áður en farið er að bæta við nýjum verksmiðjum. Þó ber þess að gæta, að hér er ekki um það að ræða að bæta nýrri verksmiðju við, heldur aðeins að höfð séu eigendaskipti á verksmiðju, sem þegar er fyrir, og tryggja, að verksmiðjan geti verið í gangi án þess að vinnslumagn aukist umfram það, sem nú er. Hv. þm. sagði, að það væri gott fyrir útgerðarmenn, að sem flestar verksmiðjur væru í gangi. Þetta er ekki rétt. Þeir hafa bezt af því, að til séu hæfilega margar verksmiðjur. Ég er á því, að síldarútvegurinn aukist á næstu árum, en þó tel ég sjálfsagt, að líkurnar fyrir því verði athugaðar gaumgæfilega áður en nýjum síldarbræðslum yrði bætt við þær, sem fyrir eru. Ég hefi nú lagt fram lagafrv., ásamt öðrum hv. þm., sem gengur í þá átt. Ég hefi áður drepið á það, að mestur hluti togaraflotans liggur aðgerðarlaus yfir síldveiðitímann, og þó er ekki talið óálitlegra að gera togara út á síld en svo, að annað stærsta togarafélagið á landinu er að láta reisa síldarbræðslustöð við Húnaflóa og ætlar sýnilega að láta togara sína fara á síldveiðar næsta sumar. Engu væri spillt, þó að fleiri togarafélög fylgdu dæmi þess, en þá verða líka síldarbræðslustöðvarnar að vera nógu margar. Hv. 6. þm. Reykv. hélt, að ríkið hefði engan hagnað af því að kaupa þessa verksmiðju. En ég tel það sterk rök með minu máli, að stjórn síldarbræðsluverk-

smiðju ríkisins, sem sérstaklega hefir kynnt sér ástand verksmiðjunnar á Raufarhöfn, leggur eindregið til, að ríkið eignist hana. Og meðan ekki koma önnur og sterkari rök fram gegn því að veita stj. þessa heimild en hv. 6. þm. Reykv. kom með, sé ég ekki því neitt til fyrirstöðu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:5 atkv.

---

Á 21. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.

**Jón Pálmason** [óyfirl.]: Við 2. umr. þessa máls virtist mér koma fram upplýsingar, sem gera það vafasamt, hvort rétt muni vera að samþ. þessa heimild. Það er tvennt, sem taka þarf til athugunar í sambandi við þetta mál. Í fyrsta lagi, að það hefir áreiðanlega áhrif, hvort fyrirtækið starfar áfram, hvort það verður keypt eða ekki, og hvort hægt er að reka þar verksmiðju eða ekki á ríkisins kostnað.

Við 2. umr. upplýstist ekkert um það, hvort fyrirtækið yrði lagt niður, jafnvel þótt eigendaskipti yrðu ekki. Ef það er ekki víst, að það verði lagt niður, þá sýnist mér ekki ástæða til þess, að ríkið kaupi það. Í öðru lagi virðast allar upplýsingar benda í þá átt, að eigendur vilji losna við fyrirtækið, vegna þess að það hefir ekki borgað sig undanfarin ár, og þeir búast við, að það muni ekki svara kostnaði að reka það áfram.

Ég vil vekja athygli á því, að það hefir komið fram hjá einum hv. ræðumanni, að það gengi mjög illa að fá nægilegt síldarmagn til þess að vinna úr í verksmiðjunni. Frá þessu sjónarmiði finnst mér ekki liggja þau gögn fyrir, sem geti gert það eðlilegt, að þingið samþ. þessa heimild til kaupanna.

Þeir, sem bera fullt traust til ríkisstj., treysta því, að hún geri engin kaup, nema hún afli sér upplýsinga því viðvíkjandi, sem gera kaupin nauðsynleg, en við, sem berum takmarkað traust til hennar í þessu efni, æskjum fullkominna upplýsinga, sem við teljum nauðsynlegar til þessara kaupa. Fyrirtækið er boðið fyrir 35 til 40 þús. kr., en áætlað er, að til þess að koma því í stand þurfi töluvert á annað hundrað þús. kr. Hér virðist vera um fyrirtæki að ræða, sem er í slæmu ásigkomulagi. — Þetta vildi ég taka fram við þessa umr. málsins, til þess að skýra það út. Ef ekki koma nýjar upplýsingar um málið, mun ég greiða atkv. á móti þessari heimild.

**Finnur Jónsson:** Ég sé ekki ástæðu til þess að ítreka það, sem ég sagði við 2. umr. málsins. Hinsvegar sé ég ástæðu til þess að benda hv. þm. A.-Húnv. á umsögn frá verksmiðjustjórn ríkisins, sem fylgir áliti sjútvn. í þessu efni. Það er mín skoðun, að þótt þessi heimild verði samþ., þá sé það í sjálfu sér engin traustsyfirlýsing á núv. stj. A. m. k. lítur hv. þm. Vestm. ekki svo á, að hans atkvgr. í málinu og hans till. sé nein traustsyfirlýsing til ríkisstj.

Hv. sjútvn. leggur eindregið til, að heimildin sé gefin, vitanlega í því trausti, að hér sé um viðskiptaatriði að ræða, og að ríkisstj. sú, sem við völd situr, noti þessa heimild eingöngu, ef það sýnist vera rétt, sem stj. síldarverksmiðjunnar á Siglufirði hefir lagt til, að hagkvæmt sé fyrir ríkissjóð, að þessi verksmiðja sé starfrækt.

**Sigurður Kristjánsson** [óyfirl.]: Ég hefi ekki miklu að bæta við það, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls. Ég vil þó minnast á það, út frá því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að álit verksmiðjustj. er í sjálfu sér engin rök fyrir því, að rétt væri að kaupa þessa verksmiðju. Þeir segjast álíta það rétt. En þau rök, sem þeir bera fram, eru flest á móti því, að verksmiðjan sé keypt. Þeir benda á, að það muni a. m. k. þurfa ferfalt eða fimmfalt fé til þess að setja hana í stand við það, sem hún kostar. Þetta eru andmæli gegn þessu. Þeir upplýsa það líka, að mjög misjafnlega gangi að fá efni til þess að bræða úr. Þeir telja, að þetta geti verið hagkvæmt, þegar síld er á þessum slóðum, en óhaganlegt, þegar síld er stopul. Ríkið ætti því ekki að setja fé í stofnsetningu þessarar verksmiðju. Það er heldur varhugavert að setja mikið fé í þetta án þess að athuga, hvort ríkið myndi ekki græða meira á því að setja fé í verksmiðju á öðrum stað.

Ég vil vekja athygli á því, sem ég hefi áður minnzt á, að það er alveg órannsakað, hvað þær verksmiðjur, sem nú eru til, og þær, sem til verða fyrir næstu síldarvertíð, geta leyst mikið af hendi, hvort líkur eru til þess, að þær hafi nóg verkefni til þess að vinna úr, og hvort hyggilegt sé fyrir ríkið að spilla fyrir sínum eigin rekstri með því að auka verksmiðjurnar fram yfir það, sem verkefnið, sem vinna á úr, leyfir.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, hversu kynlegt það er, að á sama þingi skuli koma fram krafa um að kaupa og auka að miklum mun verksmiðju á afskekktum stað, þar sem engin rannsókn liggur fyrir um það, að hún muni nokkurn tíma borga sig, og jafnframt kemur fram till. um að banna öllum að byggja síldarverksmiðjur eða auka við þær, sem til eru. Slíkar kröfur hljóta að benda í þá átt, að þeir menn, sem bera þær fram, álíti hættu á, að verksmiðjurnar verði of margar og of stórar. Vitanlega er hægt að ganga of langt í því að veita fé í þá hluti, ef það er langt fram yfir það, sem atvinnureksturinn hefir þörf fyrir. Verksmiðjufjöldinn á að takmarkast af þörf. Þær eiga að vaxa upp fyrir þörfina.

Það er engin ástæða til þess að rengja, að það, sem boðizt hefir af síld til bræðslu undanfarið, er ekki meira en 60% af því, sem þessar verksmiðjur gætu unnið úr.

Það hefir verið bent á, að mikið sé til af síldveiðiskipum, sem gætu farið að stunda síldveiði, en rekstur síldveiðiskipa hefir alls ekki borgað sig, ef þau hafa einungis veitt í verksmiðju. Þau hafa líka þurft að veiða síld til söltunar.

Nú er þegar byrjað að byggja höfn við beztu síldarmið landsins, við Húnaflóa austanverðan. Ég er viss um, að í sambandi við þá hafnargerð kemur síldarsöltun. Það er enginn sjómaður því mótfallinn, að þar muni vera hægt að framleiða beztu vöru til söltunar, til þess að krydda og yfirleitt til þess að verka á þann hátt, sem venja er um útflutta síld í tunnum.

Ég álít hyggilegt að bíða og sjá, hvort ekki verður skynsamlegra að auka við þær verksmiðjur, sem fyrir eru. Ég sé ekki heldur, fyrst þessi verksmiðja hefir verið starfrækt hingað til, eftir því sem síld hefir fengizt, neina sérstaka ástæðu til þess, að ríkið kaupi hana. Hún verður sennilega rekin næsta sumar, ef síld fæst til þess, og jafnvel þótt ríkið kaupi ekki. Þess vegna vænti ég þess fastlega, að hv. þdm. hlaupi ekki að því að afgr. þetta mál, sem er enn sem komið er svo lítið rannsakað.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson)**: Hér er rætt um það, að samþykkt till. þeirrar, sem hér liggur fyrir, lýsi annaðhvort trausti eða vantrausti á ríkisstj. Hv. þm. Ísaf. taldi víst, að mitt fylgi við þessa heimild stæði í sambandi við traustsyfirlýsingu á stj. af minni hálfu. Ég get ekki séð, að þetta komi neitt sérstaklega því máli við, sem hér er um að ræða. Það var deilt um það í fyrra viðvíkjandi Flateyrarverksmiðjunni, hvort gefa ætti ríkisstj. heimild til þess að kaupa hana. Endirinn varð sá, að þingið veitti heimildina, en stj. notaði hana ekki. Hinsvegar var verksmiðjan rekin í sumar fyrir ríkisins reikning.

Ég hefi ekki orðið var við annað en það, sem ég sagði þá, að það væri ekkert ómögulegt fyrir yfirstjórn síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði að geta beint einhverjum hluta af veiðiskipaflotanum jafnvel suður á bóginn til Flateyrar, til þess að losna við síldina. Það hefir ekki ávallt verið hægðarleikur fyrir skipin að fá fljóta afgreiðslu við verksmiðjurnar. Þess vegna hefir mér virzt maður verða að taka nokkuð sérstaka afstöðu til þessa rekstrar, sem nú orðið er að miklu leyti kominn í hendur ríkisins, þannig að gengið sé út frá því, að síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði hafi betri aðstöðu til þess að bera fram álit í þessum málum. Hún fær tilboð frá skipunum, togurum, vélbátum og línuveiðurunum, um innlagningu í verksmiðjuna. Þess vegna er betri aðstaða til þess að skipta niður afhleðslu flotans en ella hefði verið.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sýnilega borið fram vegna þess, að fólkið á Raufarhöfn, sem hefir haft talsverða atvinnu vegna rekstrar verksmiðjunnar á Raufarhöfn, óskar eftir, að rekstur verksmiðjunnar komist á tryggari grundvöll. Það er skýrt frá því í grg., að sá, sem nú á þessa verksmiðju, hafi í rauninni eignazt hana gagnstætt vilja sínum. Firmað, sem á verksmiðjuna nú, ætlaði sér ekki upphaflega að reka síldarbræðsluverksmiðju á Íslandi, heldur hefir þetta firma, sem er hlutafélag í Bergen, eignazt hana vegna skuldaviðskipta sinna við upphaflegan eiganda verksmiðjunnar. Þegar þetta er athugað, og eins líka hitt, að aðburður af síld er misjafn á ári hverju, þá er sýnilegt, að þetta stendur völtum fæti, og atvinna fólksins á Raufarhöfn er því mjög stopul og léleg.

Þetta skilst mér vera ástæðan, fyrst og fremst, fyrir því, að farið er fram á, að ríkisstj. sé heimiláð að bæta þessari verksmiðju við það kerfi af síldarverksmiðjum, sem hún hefir með höndum.

Ég álít mikilsvert atriði, að þetta litla þorp og afkomumöguleikar þess séu tryggðir eins og unnt er, og einkum og sér í lagi sumarvinnan, sem er talsverð, ef rekstur síldarverksmiðjunnar þar á staðnum er öruggur.

Mér finnst ekki vert að gera ráð fyrir því, að á Raufarhöfn eigi að vera stór og fullkomin verksmiðja. Mér finnst ekki sjálfsagt að gera ráð fyrir því, en vil þó ekki, sökum þekkingarskorts á rekstri síldarbræðsluverksmiðja yfirleitt, taka neitt af í þessu efni. Það gæti komið til mála, ef ríkið keypti verksmiðjuna, að það tæki hana eins og hún er og ynni úr svipuðu magni og hún gerir, þegar bezt lætur, án þess að leggja mjög mikið í tilkostnað til hennar.

Aðrir, sem mælt hafa með þessu máli, hafa rætt um það, hvort við hefðum traust á hæstv. stj. eða ekki. Ég fyrir mitt leyti get sagt það, að ég ber það traust til hvaða ríkisstj. sem er, enn sem komið er, að ég treysti henni til þess að taka tillit til þess, sem fram kemur við afgreiðslu mála hér á þingi, og ganga ekki framhjá því, sem þar er lagt til. Nú er það kunnugt, að hér er um gamlar vélar og gömul hús að ræða. Þess vegna er rétt, ef ríkisstj. ætlar að kaupa þau af hinum norsku eigendum, að það verði gert eftir mati óvilhallra manna og að mat á vélum og húsum sé á undan gengið. Ég vil leggja áherzlu á þetta fyrir mitt leyti. Deildin sker úr því með atkv. sínum, hvort stj. eigi að fá þessa heimild eða ekki. Meiri hl. sjútvn. hefir tekið þá afstöðu, sem kemur fram í nál. og hefir þegar verið lýst.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég mun greiða atkv. gegn þessu frv., eins og ég greiddi í fyrra atkv. gegn kaupum ríkisins á Flateyrarverksmiðjunni. Ég tel það ranga aðferð, að ríkið kaupi verksmiðjur úr eign einstaklinga og komi þannig rekstrinum yfir á ríkið. Væri nokkur ástæða til að ætla, að verksmiðja þessi hætti störfum að öðrum kosti, gæti verið rétt, að ríkið gengi í kaupin. En ég veit ekki til þess, að nokkrar líkur séu til, að eigandi verksmiðjunnar ætli sér að hætta rekstri hennar. Hitt er mjög líklegt, að hann vilji selja verksmiðjuna, og gerir það vafalaust, ef heimildin verður veitt. Hér er því verið að gera leik að því að velta kostnaði yfir á ríkið, og það er því fráleitara, sem hér er um verksmiðjuræfil að ræða, sem þarfnast myndi dýrra og stórkostlegra endurbóta, ef hún á að verða til frambúðar. Ég hefði viljað heyra færð sterkari rök að því en gert hefir verið, að verksmiðjan ætlaði sér að hætta störfum, áður en svona till. er borin fram. En hóti verksmiðjueigandinn hinsvegar að hætta, ef ekki verði af kaupunum, er vandinn ekki annar en sá, að beita þeirri aðferð, sem höfð var við Flateyrarverksmiðjuna, að taka hana eignarnámi.

**Gísli Guðmundsson** (óyfirl.): Ég þarf ekki miklu við það að bæta, sem hv. form. sjútvn. og frsm. meiri hl. hennar hafa þegar sagt um þetta mál. En ég vil þó benda á það, að í þessu sambandi á það alls ekki heima að tala um neina fjölgun eða aukningu á síldarverksmiðjunum, því að hér er ekki um neitt slíkt að ræða.

Út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. um það, að stjórn Síldarverksmiðju ríkisins hefði í þessu máli komizt að niðurstöðu, sem færi í bága við fyrri forsendur, vil ég taka það fram, að mér fannst þetta óvarlega mælt af hv. þm., því að síldarverksmiðjustjórnin rökstyður fullkomlega álit sitt. Í þessu áliti segir svo m. a.:

„Raufarhöfn liggur ágætlega við síldarmiðum á Axarfirði, fyrir Sléttu, í Þistilfirði og Langanesmiðum, en bregðist síldveiði á þessum miðum eða sé meiri annarsstaðar, er Raufarhöfn samt eigi svo austarlega, að eigi sé tiltækilegt að fara þangað með síld af vestari miðum norðanlands. Framan af sumrinu í sumar var mikil síldveiði á Þistilfirði og við Langanes norðanvert, en oft er það, aðallega seinni hluta sumars, sem síldveiði er mikil við Rauðanúp á Sléttu, á Þistilfirði og á Langanesmiðum, þótt veiði sé ekki annarsstaðar. Þessi veiði eyðileggst oft, sérstaklega fyrir hinum smærri skipum, vegna þess hve erfitt er að fara með síldina til Siglufjarðar þaðan seinni hluta sumars, þegar allra veðra er von. Það myndi hjálpa þessum skipum mikið, ef þau ættu vísa bræðslu á Raufarhöfn, gera yfirferðarsvæði þeirra stærra og þar með aflamöguleikana meiri en nú er".

Þetta álít ég að nægi til þess að sýna fram á það, að umsögn stjórnar Síldarverksmiðju ríkisins er fullkomlega rökstudd.

Eins og hv. frsm. meiri hl. sjútvn. hefir tekið fram, er frv. þetta flutt að ósk íbúanna á Raufarhöfn, sem eiga afkomu sína undir því, að verksmiðjan verði rekin.

**Jón Pálmason** (óyfirl.): Mér er það ljóst, að full þörf er á að stuðla að því á allan hátt, að atvinnumöguleikar fólksins verði sem tryggastir. En mér finnst ekki enn hafa komið fram neinar þær upplýsingar, sem réttlæti þá heimild, sem frv. fer fram á.

Það, sem fyrst verður að spyrja um í þessu máli, er þetta: Eru líkur til þess, að fyrirtækið verði lagt niður, þótt það verði áfram í eigu sömu manna og nú? Engin rök hafa verið færð fyrir því. Engin rök hafa verið færð fyrir því, að ríkið myndi græða á þessum verksmiðjukaupum. Hv. frsm. meiri hl. talaði í þessu sambandi um Flateyrarverksmiðjuna. Það er með öllu vafasamt, hvort sú heimild hefir orðið til nokkurs happs, enda myndi hún eflaust hafa verið rekin, þótt ríkið hefði ekki blandað sér í það mál. Í því máli, sem hér liggur fyrir, virðist það fyrst og fremst vera hagsmunaatriði fyrir eigandann að losna við verksmiðjuna, fremur en fyrir ríkissjóð að kaupa hana.

Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um traust og vantraust á stj., vil ég taka það fram, að auðvitað er það ekki bundið við þetta mál. En þó vil ég benda á það, að ef óþarft skyldi reynast við nánari rannsókn að kaupa þessa verksmiðju, þá treysta þeir, sem ljá þessu máli fylgi sitt, stjórninni til að gera það ekki, ef upplýsingar ganga því í gegn. Ég fyrir mitt leyti get ekki sýnt stj. það traust og mun því greiða atkv. á móti heimildinni.

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Það hefir verið sýnt fram á, að þær ríkisverksmiðjur, sem fyrir eru, þurfi a. m. k. 10 togara afla til þess að starfræksla verði með svipuðu móti og undanfarið, og gætu þó verksmiðjurnar tekið á móti meiri afla en þær hafa gert, og myndu gefa betri arð, ef þær fengju hann. Og auk þeirra verksmiðja, sem þegar eru fyrir, er í byggingu á Siglufirði ný síldarverksmiðja, vönduð og stór, sem á að geta framleitt jafnmikið og stærri verksmiðjan. Aflinn mætti því aukast um 20%, en á því finnst mér mikill vafi, eins og horfur eru nú, að síldveiði verði meiri næstu ár en undanfarið.

Ég vil benda á þetta til þess að sýna fram á það, að frekari framkvæmdir í byggingum síldarverksmiðja eru því óþarfar eins og stendur, og geta jafnvel verið skaðlegar. Annar þeirra hv. þm., sem flytja þetta frv., hefir líka sagt, að gerðar muni verða ráðstafanir á þessu þingi til þess að hindra, að fleiri verksmiðjur verði reistar, og það er að mínu áliti alveg rétt. En úr því að rétt þykir að takmarka fjölda síldarverksmiðjanna, því er þá verið að gefa heimild til að kaupa þessa verksmiðju?

Annars vil ég benda á, að til eru í 2. gr. ákvæði, sem gefa ríkinu forkaupsrétt að síldarverksmiðjum, og þau eru alltaf til.

Ef á annað borð þykir heppilegt og nauðsynlegt að hafa síldarverksmiðju á Raufarhöfn, þá vil ég benda á, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um ástand gömlu verksmiðjunnar, virðist vera miklu nær að byggja þar nýja verksmiðju heldur en að fara að lappa upp á gamlan verksmiðjugarm, þar sem viðgerð kostar fjórum sinnum meira en verksmiðjan sjálf.

Ég hefi viljað benda á þetta til að sýna, að líkur eru til þess, að þær síldarverksmiðjur, sem þegar eru til, séu þess fullkomlega umkomnar að taka á móti allri þeirri síld, sem líklegt er, að veidd verði á næstu árum, og gætu þó tekið á móti 20% meira án þess að auka rekstrarkostnað sinn að nokkrum mun.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Það má vel vera, að það sé „teoretiskt" rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að þær síldarverksmiðjur, sem þegar eru til, geti tekið á móti allri þeirri síld, sem aflast eða líklegt er að aflist. En þetta er erfitt í framkvæmd, eins og það ber ljósastan vottinn um, að þrátt fyrir hinar stóru verksmiðjur á Siglufirði hefir verið ákvarðað að reisa nýja verksmiðju við Húnaflóa, og margt bendir til þess, að ekki sé síður þörf á að reisa slíka verksmiðju austan við Siglufjörð.

Það hefir komið í ljós við þessar umr., að andstæðingar frv. eru ekki á einu máli um afstöðu eiganda verksmiðjunnar á Raufarhöfn. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að engin ástæða væri til þess að ætla, að eigandinn hætti við verksmiðjurekstur, en hv. þm. A.-Húnv. taldi öll rök hníga að því, að eigandinn vildi losna við verksmiðj-

una. Sannleikurinn mun vera sá, að eigandinn vill selja verksmiðjuna fyrir það verð, sem hann telur, að hann geti verið ánægður með. En við, sem erum í nefndinni, höfum einmitt lagt áherzlu á það, að heimildin verði ekki notuð eingöngu til að verða eiganda verksmiðjunnar til geðs, og að stjórnin aðgæti vel, hvers virði eignirnar eru, áður en hún kaupir þær.

Að því er snertir aðstöðuna gagnvart Norðmönnum, er enginn vafi á því, að praktiskara er, að verksmiðjan sé í höndum íslenzka ríkisins en norsks manns, eins og nú er. Þess er getið í grg. frv., að norsk skip, sem nú leggja þar síld upp til bræðslu, fá forréttindi, enda hefir verksmiðjan hingað til aðallega skipt við norsk skip.

**Sigurður Kristjánsson** [óyfirl.]: Það er alger misskilningur hjá hv. þm. N.-Þ., að nokkur hafi verið að tala um það, að hér ætti að fara að bæta nýrri síldarverksmiðju við. Allir vita, að sú verksmiðja, sem hér um ræðir, er þegar til. Ég ræddi ekki málið frá því sjónarmiði, heldur eingöngu sem hagsmunamál ríkisins. Ég skil ekki, að hv. þm. séu þess sinnis yfirleitt, að þeir telji ekki fjárhagslegu hliðina neins virði fyrir ríkið. Það væri merkilegt um menn, sem margir hverjir hafa verið hér ár eftir ár að vega það í lófa sér, hvort þeir ættu að líkna hálfnöktum og þurfandi fátækum stúdent einhversstaðar úti í löndum með 500 eða eitt þús. kr., ef þeir hinir sömu teldu gersamlega óviðkomandi þessu máli, hvort þau nokkur hundruð þús., sem ríkið fleygir í þetta, komi nokkurn tíma aftur. Hingað til hefir hlutverk þingsins aðallega verið talið það, að hugsa um fjárhag ríkisins, af því að hann stæði í talsvert nánu sambandi við fjárhag þjóðarinnar.

Það er laust við það, að þetta mál sé mér nokkurt kappsmál frá því sjónarmiði, hvort Raufarhöfn geti haft verksmiðju eða ekki. Enda geng ég út frá og þykir langeðlilegast, að verksmiðjan verði rekin þarna áfram. Það er aðeins um að ræða, hvort ríkið eigi að kaupa þessa verksmiðju með miklum fjárútlátum, í stað þess að halda sig að þeim stöðum, sem sannreynt er, að liggja vel við veiðum.

Það er vitanlega alls ekki lítilsvert atriði að þarna er nokkur hópur manna, sem á allmikið undir því, að þessi rekstur haldi áfram. En hann hefir nú haldizt undanfarin ár, og mér þykir líklegt, að eigandinn vilji ekki láta niður falla rekstur inn, því að hann hefir að sjálfsögðu veitt nokkurn hagnað. En ef nú til þess kæmi, þætti mér heldur ekki óliklegt, að það fólk, sem þarna á heima, fengi einhvern atbeina til þess að geta látið verksmiðjuna halda áfram.

Ég man ekki, hver hv. þm. það var, sem taldi, að ég hefði ómaklega gert lítið úr röksemdafærslu verksmiðjustjórnarinnar. Ég sagði, að rökstuðningur þeirra verksmiðjustjóranna hefði einmitt að ýmsu leyti verið rök gegn því, að ríkið ætti að leggja í kaupin, og þetta er alveg satt. Þau rök eru þessi, að verksmiðjan, sem á að kosta 40 þús. kr., geti ekki haldið áfram að starfa svo að viðunanlegt sé fyrir ríkið sem eiganda, nema lagt sé fram a. m. k. ferfalt eða jafnvel fimmfalt verð hennar til þess að klastra við hana. Þetta eru áreiðanlega mótrök, ef það skiptir nokkru, hvort ríkinu er látið blæða um stórfé eða ekki, — en ég geng sem sé út frá, að það skipti máli.

Að lokum vil ég leggja áherzlu á það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það hefir mikla þýðingu, hvort þessi heimild verður samþ. eða ekki, — einmitt af þeim ástæðum, sem hann tók fram. Úr því að þessi heimild er til, mun eigandinn að sjálfsögðu nota hana sem ástæðu til að klemma ríkið til kaupanna. Við höfum enga ástæðu til að ætla hann það flón, að hann sjái ekki leik á borði, að með því að neita að starfrækja og neita að leigja verksmiðjuna knýr hann ríkið til að kaupa hana. Það var minnzt á Sólbakkaverksmiðjuna. Hún var íslenzk eign, meira að segja átti ríkið sjálft hana óbeinlínis. Samt leyfði þetta fyrirtæki sér að nota sér sína aðstöðu til að gera tilraun til að pína ríkið til að kaupa verksmiðjuna. Það ráð var tekið að taka hana eignarnámi til leigu. Hvað mundi þessi útlendi borgari þá gera, sem í raun og veru kærir sig fremur lítið um þennan rekstur? Ég þekki þá illa bónþægð hæstv. stjórnar við sína fylgismenn, ef hv. þm. N.-Þ. getur ekki fengið hana til að fórna nokkrum tugum þúsunda króna til að friða fyrir honum í kjördæminu. Ég geng þess vegna út frá því sem sjálfsögðum hlut, að ef heimildin verður samþ., muni ríkið kaupa verksmiðjuna; eins og ég geng út frá því sem hér um bil vissum hlut, að verksmiðjan verði starfrækt eftir sem áður, af eiganda eða leigjanda, þó að ríkið samþ. ekki þessa heimild.

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Það hefir verið farið um það nokkrum orðum af hv. þm. V.-Húnv. og líka hv. 6. þm. Reykv., að þessi verksmiðja á Raufarhöfn mundi vera nokkuð dýr, og er miðað við þá upphæð, sem stj. síldarverksmiðju ríkisins áætlaði, að þyrfti til að gera verksmiðjuna þannig úr garði, sem hún teldi æskilegt. En ég vil þá benda á í þessu sambandi, að mér virðist þetta ekki vera. Eftir því, sem ég veit bezt, hefir síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði, sú sem nú er starfandi, kostað nær 1½ millj. kr. Sú verksmiðja á að bræða 2400 mál á sólarhring. Hér er um að ræða það álit, að verksmiðjan á Raufarhöfn kosti 200 þús. kr. með viðgerð. Er henni ætlað að bræða 600 mál á sólarhring. Þegar ég ber saman þetta tvennt, afköst ríkisverksmiðjunnar á Siglufirði og afköst þessarar verksmiðju, og hinsvegar kostnað við verksmiðjuna á Siglufirði og áætlaðan kostnað við þá á Raufarhöfn, þá get ég ekki séð, að um dýrt fyrirtæki sé að ræða hjá ríkinu.

Annars verð ég að líta þannig á út af ummælum hv. 6. þm. Reykv., að þótt ríkið oft og tíðum verði að skera við neglur sér styrki, t. d. til einstakra manna, sem rétt gæti verið að hjálpa, þá verði það að sitja fyrir, sem miðar að því að styðja atvinnulífið í landinu og koma í veg fyrir atvinnumissi fjölda manna. Og út af ummælum þessa hv. þm. vil ég upplýsa það, að ég tel ekki nokkrar minnstu líkur til þess, að menn á Raufarhöfn hafi nokkur ráð til þess að geta eignazt þessa verksmiðju. Þarna er yfir-

leitt aðeins um að ræða mjög fátæka verkamenn, sem ekkert hafa fyrir sig.

Hv. 6. þm. Reykv. virtist vera með ugg nokkurn út af því, að ef þessi heimild yrði veitt ríkisstj., myndi hinn erlendi eigandi geta notað hana til þess að knýja ríkisstj. til að kaupa verksmiðjuna fyrir ósanngjarnt verð, með hótun um að hætta rekstri hennar. En hann benti á ráðið við því, þar sem hann minntist á Sólbakkaverksmiðjuna og hvernig þar fór. Þarf ég ekki að svara því frekar, þar eð hv. þm. hefir gert það sjálfur.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Óþarft var af hv. þm. Vestm. að rangfæra orð mín eins og hann gerði þegar hann taldi, að þröngt myndi verða fyrir dyrum hjá síldarverksmiðjunni á Siglufirði, ef bæta ætti við 20 togurum til afgreiðslu þar. Ég hefi aldrei gert ráð fyrir, að þessi aukni togarafloti á síldveiðum losaði allur á Siglufirði. Ég hafði tekið fram, að hinar verksmiðjurnar, sem væru að koma, gætu tekið við miklu, og að Siglufjarðarverksmiðjan gæti bætt við sig fram yfir það, sem hún hefir haft hingað til. Ég nefndi Sólbakkaverksmiðjuna. Hún getur bætt við sig 40—50 þús. málum frá því, sem var síðastl. sumar; og það nemur a. m. k. afla þriggja togara. Enn hefi ég ekki nefnt, að síldarbræðslustöðin á Hesteyri mun geta bætt við sig a. m. k. 40 þús. málum frá því, sem var síðastl. ár. Það eru alltaf þrír togarar í viðbót. Ég nefndi og síldarverksmiðjuna, sem verið er að reisa á Reykjarfirði. Ekki er neinn vafi, að hún getur tekið afla úr a. m. k. 8 togurum. Þarna eru komnir 14 togarar handa þessum verksmiðjum, sem eru utan Siglufjarðar. Og þá eru ekki nema 6 togarar, sem ætti að bæta við hina nýju verksmiðju á Siglufirði. En það er ekki nokkur vafi á, að til þess að þær síldarverksmiðjur, sem eru á Siglufirði, skili hæfilegum arði, verða þær að bæta við sig meiru en afla úr 6 togurum. Þeir mega ekki vera færri en 8—10. Og ef einhverjir örðugleikar eru á að losa úr þessum skipum þarna, verður að greiða úr og gera þeim það mögulegt. Því að vitanlega er það hringlandi vitlaust fyrirkomulag að reisa verksmiðju í viðbót þar, sem er hægt að afgr. nógu mikið fyrir verksmiðjuna að vinna úr.

Það eru tvennskonar sjónarmið, sem verður að taka, þegar um er að ræða kaup eða byggingu síldarverksmiðja. Fyrst og fremst hagsmunir fyrirtækisins sjálfs, að ekki sé óhæfilega mikið lagt í kostnað og byggðar of margar síldarverksmiðjur. Hitt eru aftur á móti hagsmunir síldveiðenda sjálfra, að ekki verði of lítið um verksmiðjur, svo að þeir geti afsett allan sinn afla. Þarna verður að komast sem næst meðalhófinu, til þess að fullnægt sé þörfum þessara tveggja aðilja, en á hagsmuni hvorugs hallað.

Ég skal taka það fram út af ummælum hv. 6. þm. Reykv., að ég tel enga hættu á, þótt heimild sé gefin, að ríkið yrði knúð til að kaupa verksmiðjuna, því að það eru ekki líkur fyrir þeirri aukning á útgerð í náinni framtíð, að hinar verksmiðjurnar fái nægilegt verkefni.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir. En ég hefi talið mér skylt að segja frá því, sem ég hefi hugmynd um, að það mun ekki vera þörf á því að fjölga ríkisverksmiðjum frá því, sem nú er ákveðið, og jafnvel þótt hætta sé á, að verksmiðja þessi hætti störfum. Síldarútvegurinn bjargast fullkomlega á annan hátt. Hitt skal játað, að ég hefi litið hér fyrst og fremst á hagsmuni ríkisfyrirtækja þessara, en þó tekið fullt tillit til þarfa síldveiðenda, þegar ég áætla, að hægt sé að bæta við allt að 20 togurum á síldveiðar og fullnægja þeim þó í þessu efni. En það eina, sem gæti mælt með því að kaupa verksmiðjuna, ef hún hætti að starfa, er vitanlega það, að til hagsbóta sé fyrir síldveiðendur að geta sett upp síld á þessum stað, en þurfa ekki að fara til Siglufjarðar. Það þýðir ekki að vefja þetta mál flóknum rökum. Þetta er að sjálfsögðu eina frambærilega ástæðan. En væri þá ekki hyggilegra að byggja þarna hreinlega verksmiðju, sem fullnægt gæti í framtíðinni, sem væri þá það stór, að hún gæti borið sig betur í framtíðinni heldur en líkur væru til, að þessi geti gert með þeirri umsetningu, sem hún hefir?

Þegar verið er að tala um, að þessi verksmiðja sé ekki dýrari en dr. Pauls'verksmiðjan, þá er það aðeins fjarstæða. Hún kostaði 310 þús. kr. og vinnur úr 1440 málum á sólarhring. Hv. þm. Ísaf. þarf ekki að hrista höfuðið, því að þetta er rétt. Og þegar það er borið saman við kaup á þessari verksmiðju á 200 þús. kr., sem bræðir aðeins 600 mál, þá er sjáanlegur munur þar á. Ég get fært full rök fyrir því, ef það verður vefengt, að verksmiðjan á Siglufirði bræðir það, sem ég tiltók. Ég get líka fært fullar sönnur á, að ríkisverksmiðjan á Siglufirði, sem á að geta unnið úr 2300 málum á sólarhring, hefir aldrei fengið fullnægjandi verkefni. Og nýja verksmiðjan á að bræða 2400 mál á sólarhring. Og með því að reikna henni aðeins sama verkefni eins og hin hefir haft undanfarið, þá hefi ég samt sem áður komizt svo hátt í að áætla aukning skipaflotans. En það er sjáanlega rúm fyrir afla enn fleiri skipa.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:7 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 24. fundi í Ed., 29. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 47).

Á 26. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 319).

**Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og var flutt þar af hv. þm. N.-Þ. Málið hefir fengið ýtarlega athugun í Nd., og var m. a. sent stjórn síldarverksmiðjunnar til

umsagnar. Er umsögn hennar prentuð í nál. allshn. Nd. Telur stjórn síldarverksmiðjunnar rétt, að ríkið kaupi verksmiðjuna með þeim forsendum, sem hún tilgreinir.

Þess skal getið, að í þessari umsögn er komizt að þeirri niðurstöðu, að með þeim endurbótum, sem þurfi að gera á verksmiðjunni, muni hún kosta um 200 þús. kr., og þykir það hæfilegt, miðað við afköst. — Allshn. Ed. hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Mér þykir rétt, áður en skilizt er við þetta mál, að segja um það nokkur orð, þó ég sé ekki á móti, að ríkisstj. sé veitt sú heimild, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel sjálfsagt að rannsaka ýtarlega, hve hagkvæm kaup þetta eru. Þó sjálf verksmiðjan sé ódýr — ekki nema 40 þús. kr. —, þá er gert ráð fyrir, að hún þurfi viðgerð fyrir 160 þús. kr., og er þá komið upp í 200 þús. kr., sem er allmikið verð.

Ég verð að segja, að ég er ekki sannfærður um, að skynsamlegt sé að gera þessi kaup. Þykir mér líklegt, að verksmiðjan verði starfrækt áfram af eiganda, ef hann getur ekki selt. Mun hann tæplega láta eignina standa vaxtalausa, hafi reksturinn gengið sæmilega. Þó lega staðarins sé góð, eru þar ýmsir meinbugir á, t. d. lítil og ekki góð höfn. Einnig er þess að gæta — þó hv. þdm. finnist e. t. v. kenna kjördæmareipdráttar —, að vegna Austfjarða væri síldarverksmiðjan bezt sett á Seyðisfirði. Eftir því, sem síldin hagaði sér í sumar, þar sem hún var engu minna fyrir austan Langanes en vestan, held ég, að sá staður væri betur fallinn fyrir verksmiðju en Raufarhöfn. Þess má einnig gæta, að verksmiðjan þar mun verða rekin áfram. Þótti rétt að taka þetta fram, þó því fari fjarri, að ég sem atvmrh. muni ekki nota heimildina, ef kaupin virðast við nánari athugun hagkvæm.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Ég var ekki nógu kunnugur til þess, að mér væri fullljóst, hvernig málið horfði við. En eftir ræðu hæstv. ráðh. get ég greitt atkv. með frv.

**Magnús Guðmundsson:** Þetta mál er gamall gestur hér á Alþ., en hefir dagað uppi hingað til. Í tilefni af því, sem hér hefir komið fram, vil ég láta í ljós ánægju mína yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. atvmrh., að hann muni athuga þetta mál vandlega, áður en kaup yrðu gerð á verksmiðjunni. Verksmiðjan er lítil og ekki mikils virði, enda á hún ekki að kosta nema 40 þús. kr., en viðgerðin 160 þús. kr. Það er því ekki um að ræða, að hér sé verið að kaupa verksmiðju, heldur lítinn part af verksmiðju.

Þess verður að gæta, að það eru takmörk fyrir því, hvað ríkið getur sett mikið fé fast. Afköst jafndýrrar verksmiðju og þessi verður orðin, að viðbættum viðgerðar- og aukningarkostnaði, sýnast líka mjög lítil, ef ekki er búizt við, að hún bræði nema 600 mál á sólarhring. Mér er kunnugt um, að einstakir menn hafa komið upp verksmiðju við Eyjafjörð, sem kostaði um 200 þús. kr. og sagt er, að bræði um 1100 mál á sólarhring. Það er því ekki efnilegt fyrir ríkið að keppa við verksmiðjur einstakra manna, sem afkasta helmingi meira, en eru þó ódýrari.

Um verksmiðju á Seyðisfirði skal ég ekki ræða, en er hræddur um, að það sé rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að meðmæli hans með síldarverksmiðju þar verði talin kjördæmareipdráttur.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Út af þeim umr., sem hér hafa fallið, vil ég í fáum orðum lýsa minni skoðun á málinu, þó afstöðu mína megi sjá af nál.

Ég get í þessu máli ekki gengið framhjá þeirri staðreynd, að hér er um verulegar atvinnubætur að ræða fyrir lítið þorp. Hitt er þó e. t. v. þyngra á metunum, að eftir því, sem kunnugir menn hafa tjáð mér, er lega staðarins mjög hagkvæm, því síldin liggur oft síðla sumars við Langanes og þar í grennd. Er því mjög þægilegt fyrir minni skip að geta losað þar síldina, en þurfa ekki að fara með hana til Siglufjarðar. Er líka hentugt fyrir ríkisverksmiðjuna á Siglufirði að eiga þarna útibú fyrir smærri skipin að leggja upp á, enda kemur það fram í áliti verksmiðjustjórnarinnar. Hvort heppilegra sé, að verksmiðjan sé á Seyðisfirði, skal ég ekki þrátta um. Þó má benda á, að á Norðfirði er nú síldarverksmiðja, og fyrir þann skipastól, sem nú er á Austfjörðum, ætti hún að vera nægileg fyrst um sinn. Ef um það er að ræða, að síld veiðist austanvert við Langanes, er ekki langt með hana til Raufarhafnar. Að vísu er alllangt sunnan af Austfjörðum, en um það skal ég ekki deila við hæstv. ráðh. Af þeim tveim ástæðum, sem ég hefi hér nefnt, er ég því fylgjandi, að heimildin sé veitt, og greiði atkv. með frv. Hitt er annað mál, hvort heimildin verður notuð, ef vissa er fyrir því, að verksmiðjan verði rekin. Vil ég ekki ræða um það á þessu stigi málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Ed., 9. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Áður en mál þetta fer út úr d. vil ég víkja nokkrum orðum til hæstv. stj., því að hæstv. atvmrh. lét þau orð falla við 2. umr. þessa máls hér í d., að óvíst væri, hvort hægt yrði að kaupa verksmiðju þessa, þótt frv. yrði samþ. Ég veit ekki, í hvernig ástandi verksmiðja þessi er, því að ég hefi ekki skoðað hana, en hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir, að hún myndi fást fyrir 40 þús. kr. Jafnframt

gat hans þess, að enda þótt ríkið keypti hana ekki, þá myndi hún samt verða starfrækt áfram af núv. eiganda hennar. Hinsvegar gerði hann ráð fyrir, að það yrði að endurbæta hana til muna, ef ríkið keypti hana. Í þessu finnst mér ósamræmi hjá hæstv. ráðh.

Eins og ég tók fram, er ég ekki kunnugur þarna, en fólkið á Raufarhöfn óskar eftir, að þessi kaup verði gerð. Og við kosningarnar í vor voru allir flokkar á einu máli um það, að nauðsyn bæri til að gera þessi kaup vegna atvinnu fyrir þorpsbúa. Ég vænti nú, að hæstv. stj. athugi þetta með velvilja, og starfræki verksmiðjuna áfram án þess að leggja mikið fé til umbóta á henni, því að það virðist ekki ástæða til þess, frekar en þó hún sé einkaeign.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 413).

## 44. Eggjasala.

Á 9. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 22. okt. 1912, um sölu á eggjum eftir þyngd** (þmfrv., A. 73).

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Nd., 16. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Páll Zóphóníasson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á þá breyt. á l. frá 1912 um sölu á eggjum, að úr þeim sé numin heimildin til þess að salan geti farið fram eftir tölu. Það liggur í augum uppi, að þar sem egg geta verið mjög misjöfn að þyngd, frá 40 og upp í 60 gr., og eru þá teknar tölur, sem báðar eru algengar, þá er ósanngjarnt, að þau séu seld öll með sama verði. Það er léttlætismál bæði gagnvart kaupanda og seljanda, að þau séu seld eftir þyngd einungis. Auk þess hefir þetta almenna þýðingu fyrir eggjaframleiðendur á þann hátt, að það verður mönnum hvöt til þess að framleiða sem stærst egg og stuðlar þannig að aukinni og bættri framleiðslu. Þess vegna finnst mér, að allir ættu að geta orðið sammála um þetta mál, og það þurfi því ekki að tefja þingstörfin mikið. Legg ég til, að því verði vísað til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 73, n. 120).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 73).
Á 22. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 380).

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Þetta litla frv. er komið frá hv. Nd., og voru 3 þm. úr landbn., sem fluttu það. Frv. hefir verið athugað í landbn. þessarar hv. d., og hefir hún komið sér saman um að mæla með því.

Aðalefni frv. er það, að nema burt úr l. nr. 21 22. okt. 1912 þá setningu, sem heimilar, að menn geti komið sér saman um að selja egg eftir tölu. En ef þetta frv. verður samþ., verður skylda framvegis að selja egg eftir þyngd. Þetta mun áreiðanlega hafa þau áhrif, að eggjaframleiðendur munu leggja sig eftir því að hafa eggin stærri, og er það hægt á ýmsan hátt, með því að fara betur með hænsnin. Og því frekar á að gera eggjaframleiðendum það að skyldu að hafa vöruna góða, þar sem þeir hafa þau hlunnindi, að þeir eru verndaðir fyrir sölu á útlendum eggjum, með því að bannað er vissan tíma ársins að flytja þau inn. Það hefir sem sé verið fylgt þeirri reglu í gjaldeyrisnefndinni, eftir samkomulagi við ríkisstj., að banna innflutning á eggjum, þegar sannað þykir, að nægilega sé mikið fyrir á innlendum markaði, og hefir þar verið farið eftir skýrslum um eggjaframleiðslu. N. leggur því einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:2 atkv.
2. gr. samþ. með 8:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 455).

## 45. Síldar- og ufsaveiði.

Á 19. fundi í Nd., 25. okt., var úbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á tilsk. fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febr. 1872** (þmfrv., A. 203).

Á 21., 22. og 23. fundi í Nd., 27., 29. og 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 31. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Flm. (Jónas Guðmundsson):** Þetta frv. er ákaflega smávægilegt, og vænti ég þess, að það þurfi ekki að tefja tímann til muna. Eins og menn vita, hafa allir greitt landshlut af þeim fiski, sem dreginn hefir verið á land annars manns. En síðan farið var að nota herpi- og snurpinætur, hefir þetta orðið dálítið efamál um landshlutinn og oft risið ágreiningur um, því nótin er ekki dregin á land. Er því æskilegt að fá þessu breytt. Ég vildi aðeins taka það fram, að frv. þetta er flutt fyrir eindregin tilmæli fiskiþingsins og flestra þeirra fiskimanna, sem hlut eiga að máli, til þess að fyrirbyggja þrætur, togstreitu eða málaferli síðar út af landshlut.

Ég tel ekki þurfa langa framsögu um þetta frv. Býst ég við, að öllum, sem til þekkja, sé þetta mál ljóst, og menn séu sammála um þessar breyt. Vildi ég svo mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni, og til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 203, n. 285).

**Frsm. (Páll Þorbjörnsson):** Sjútvn. er öll ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
2. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

---

Á 30. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 203).

Á 34. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 203, n. 389).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. þetta gerir ráð fyrir að breyta tilskipun um síldar- og ufsaveiði með nót frá 12. febr. 1872. Það er komið hingað frá hv. Nd. og flutt þar að tilhlutun Fiskifélagsins. Í grg. þess er gerð ýtarleg grein fyrir tildrögum þess, og þarf þar ekki miklu við að bæta. Þó vil ég geta þess, að sennilegt er, að framkoma þess eigi rót sína að rekja til Austfjarða. Eftir núgildandi lögum á að greiða landshlut, þegar veitt er með herpinót í landhelgi. Veiðiaðferð þessari er þannig háttað, að það eru tekin mörg köst á ýmsum stöðum, og því ógerningur að halda veiðinni aðskildri, sem veiðist fyrir hverri landareign. Það eru erfiðleikarnir á þessu, sem munu vera aðalástæðan fyrir því, að frv. þetta er komið fram, frekar en hitt, að sjómenn telji það stóra kvöð að greiða 4% af veiðinni í landshlut. Hér er ekki heldur um það að ræða, að gengið sé á hlut landeigenda, því að veiðiaðferð þessi var ekki kunn, þegar tilskipunin var sett 1872. Með því að greiða þessa kvöð var sjómönnum heimilt að draga báta sína á land, veiðarfæri o. þ. h. og þurrka þau. En hér er um alveg nýtt veiðarfæri að ræða, sem getur verið hentugt að nota innan netlagna. Ég held því, að rétt sé að gera þessa breyt., og spurning er, hvort ekki sé réttast að taka upp alla tilskipunina frá 1872 og færa hana í lagaform. — Vil ég svo f. h. sjútvn. leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég gat þess við 2. umr. málsins, að álitamál væri, hvort ekki væri rétt að taka efni tilskipunarinnar frá 12. febrúar 1872 að öllu leyti upp í þetta frv. Ég hefi þó komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki komi að sök, þó að þetta verði ekki gert að þessu sinni. Breyt. er ekki svo mikil, að bein ástæða sé til þess að gera þetta nú, en mér virðist samt, að efni tilskipunar þessarar sé orðið svo gamalt, að full ástæða sé til að taka hana til alvarlegrar meðferðar og að breyta henni í lagaform. Ég vildi láta þetta koma fram og beina því til ríkisstj., að þetta mál væri til athugunar framvegis.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 456).

## 46. Hafnargerð í Ólafsvík.

Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík** (þmfrv., A. 172).

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Thor Thors):** Frv. þetta er flutt samkv. ósk hreppsnefndarinnar og hafnarnefndarinnar í Ólafsvík. Hafnarnefndin telur sig bresta heimild til þess að framkvæma eignarnám, er hún telur nauðsynlegt vegna hafnargerðarinnar. Um þetta vænti ég, að ekki geti orðið ágreiningur, og óska, að frv. verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 14:5 atkv.

---

Á 27. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 267).

**Frsm. (Thor Thors):** Allshn. hefir athugað þetta frv. og vill einróma leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 172).
Á 33. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 390).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Breyt. sú, sem hér er farið fram á að gera á l. um hafnargerð í Ólafsvík, er gerð samkv. ósk hreppsnefndarinnar þar. Hún telur sig ekki hafa nægilega heimild til þess að taka eignarnámi það, sem nauðsynlegt er vegna hafnargerðarinnar. Því er bætt hér inn í „húsum og hverskonar mannvirkjum".
N. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 457).

---

## 47. Hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki** (þmfrv., A. 57).

Á 9. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Emil Jónsson):** Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, fer fram á undanþágu á greiðslu á tekju- og eignarskatti í ríkissjóð og útsvari í bæjar- eða sveitarsjóð fyrir fyrsta iðn- eða iðjufyrirtækið í hverri grein, sem ekki hefir verið starfrækt hér áður. Þetta er sá styrkur, sem ríkissjóður og bæjar- og sveitarsjóðir geta lagt þessum fyrirtækjum sér að kostnaðarminnstu, en getur þó orðið þessum fyrirtækjum nokkur stuðningur, á meðan þau eru að koma undir sig fótunum, og hvöt fyrir menn að reyna nýjar leiðir í þessum efnum.

Þeir eru sjálfsagt allmargir, sem standa enn í þeirri meiningu, að við getum sáralítið framleitt af því, sem við þurfum að nota sjálfir. En sannleikurinn er sá, að við getum framleitt afarmargt sjálfir. Og þótt sum hráefni kunni að skorta, þá er samt betra að flytja þau inn og búa til vörurnar í landinu en að kaupa þær tilbúnar frá útlöndum. Og eftir að markaðurinn fyrir útflutningsvörur okkar fór að þrengjast, hafa risið upp myndarleg iðnaðarfyrirtæki, sem veita mörgum atvinnu og spara erlendan gjaldeyri, sem er hér af skornum skammti. Þetta frv. er því spor í rétta átt, og vona ég, að allir geti orðið sammála um það.

Ég sé ekki ástæðu til að fara hér mörgum orðum um örðugleika iðnaðarfyrirtækja, en vil þó aðeins minnast á tvennt. Annað er það, að markaður innanlands er svo þröngur, að framleiðslan verður að vera í smáum stíl, og þá um leið verður hún dýrari en ella. Hitt er hin stöðuga samkeppni við útlendar vörur, því að almenningur gerir þá kröfu til innlendu vörunnar, að hún sé eins góð og ódýr og sú útlenda.

Ég hefði gjarnan kosið að bera fram till. um frekari stuðning fyrir iðnaðinn en hér er gert, en það þýðir ekki, þar sem hagur ríkissjóðs er nú svo þröngur. En ég veit, að þegar hv. þdm. gera sér það ljóst, að hér er um að ræða þriðja

stærsta atvinnuveg landsmanna, þá sjái þeir nauðsynina á því, að eitthvað sé fyrir hann gert. Og hér er líka um þá hjálp að ræða, sem ríkissjóður og sveitar- og bæjarfélög geta vel veitt.

Frv. hefir legið fyrir þingi landssambands iðnaðarmanna, og var þar samþ. einum rómi, að það yrði lagt fyrir Alþingi, og er það fyrir þeirra tilhlutun borið fram.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

**Ólafur Thors:** Ég er sammála hv. flm. þessa frv. um allt það, er hann færði fram því til ágætis. Að vísu er það rétt, sem hann sjálfur taldi, að þetta væri ekki mikilvæg hjálp, en þetta er árciðanlega spor í rétta átt, svo langt sem það nær. Ég hygg, að þótt frv. verði að l., muni það ekki valda ríkissjóði verulegum tekjumissi, og þá ekki heldur bæjar- og sveitarsjóðum. Hitt er aftur á móti tvímælalaust, að það hvetur menn til aukins framtaks á þessu sviði, og er það hin mesta þjóðarnauðsyn.

Ég er alveg sannfærður um það, að heppilegasta hagnýting mannsorkunnar hér á Íslandi er í raun og veru á sviði sjávarútvegsins. Ég er sannfærður um það, að hnattstaða Íslands og sú staðreynd, að kringum landið eru beztu fiskimið heimsins, samfara því, að Íslendingar eru einhverjir beztu sjómenn heimsins, veldur því, að Íslendingar eiga að byggja sína afkomu mest á sjávarútveginum. En það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að af innilokunarstefnu nágrannaþjóðanna leiðir það, að ekki má miða við það eitt, hvernig mannsorkan verður bezt hagnýtt. Takmörkun heimildar til innflutnings setur þessari framleiðslu okkar ákveðnar skorður, og þar með skorður aukinni hagnýtingu mannsorkunnar á þessu sviði, og þá er ég viss um, að skynsamlegast er að beina henni inn á brautir iðnaðarins, og að því lúta ákvæði þessa frv., svo langt sem þau ná. Ég er sammála hv. flm., að þurfi að gera miklu meira iðnaðinum til hjálpar, en samt eru fyrirmæli frv. lofsamleg og spor í rétta átt. Ég mun því eindregið styðja þessa viðleitni hans í þessu efni og hvetja til, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 57, n. 100).

**Frsm. (Emil Jónsson):** Iðnn., sem hefir athugað þetta frv., leggur til, að það verði samþ. svo að segja óbreytt. Aðeins lítilsháttar lagfæringar hefir n. gert á frv. á tveim stöðum, með því að fella úr því setningar, sem álitnar voru óþarfar. Er það í fyrsta lagi í 1. gr., að felld eru niður orðin „þar sem fyrirtækið á heimili.". Þá þótti og tryggara að fella úr 6. gr., til þess að gera það greinilegra, að ágóða af þeim fyrirtækjum, sem um er að ræða, verði varið til fyrirtækjanna sjálfra.

Þessar brtt. flytur n. ágreiningslaust og mælir einhuga með því, að frv. verði samþ. ásamt þeim, og með tilliti til góðra undirtekta, sem frv. þetta fékk við 1. umr., vil ég vona, að hv. d. samþ. frv. til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 100,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 100,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 158).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 158).

Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 498).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. er komið frá Nd. og hlaut þar góðar undirtektir. Það miðar að því, að hafizt sé handa um stofnun nýrra iðngreina. Það er gert ráð fyrir því, að fyrsta iðnfyrirtækið í hverri nýrri iðngrein fái þau hlunnindi, að losna við greiðslu útsvara og tekju- og eignarskatts fyrstu 3 árin. Þó er það skilyrði sett, að fyrirtækið leggi arð sinn óskiptan í varasjóð fyrirtækisins, að frádregnum mest 4% af stofnfé. Iðnn. þessarar hv. d. hefir haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. Þó ber n. fram eina brtt. í þá átt, að þessara hlunninda geti einnig nýstofnuð iðnfyrirtæki notið. Frv. gerir ráð fyrir, að það verði aðeins þau fyrirtæki, sem stofnuð verða eftir að lögin ganga í gildi, en brtt. heimilar atvmrh. að lofa einnig iðnfyrirtækjum, sem áður voru stofnuð, að verða þessara hlunninda aðnjótandi, þó með þeim takmörkunum, að þessi fyrirtæki séu ung. Till. ætlast til þess, að þau hafi ekki áður greitt útsvar eða tekju- og eignarskatt. Það er sérstaklega með hliðsjón til eins fyrirtækis, sem n. flytur þessa brtt. Það er Veiðarfæragerð Íslands. Hún hefir sótt um, að svona yrði gengið frá frv., og þar sem n. er kunnugt um, að þetta er gott og þarft fyrirtæki, vill hún stuðla að því, að þetta geti orðið, ef þessi fyrirtæki uppfylla önnur skilyrði,

sem frv. gerir ráð fyrir. N. þótti rétt að miða þetta við það, að ekki hefði verið greitt útsvar eða tekju- og eignarskattur áður, því að þá þarf ekki að fara langt aftur í tímann til þess að greiða fyrir slíkum fyrirtækjum, og eins næst þá hitt, að ekki verður um að ræða endurgreiðslu útsvars eða tekju- og eignarskatts, sem áður er búið að greiða. — Ég þarf ekki að tala meira um þetta að sinni. Ég legg til f. h. iðnn., að frv. verði samþ. með þessari brtt. á þskj. 498.

**Magnús Jónsson:** Ég ætla ekki að andmæla þessu frv. Mér finnst það vera réttmætt og skynsamlegt að styðja að því, að ný fyrirtæki séu sett á fót. Það er bersýnilegt, að þótt þetta virðist vera eftirgjöf, þá getur verið, að stofnað sé til mikilla tekna með því að styðja að því, að þessum fyrirtækjum sé komið á legg. Mér finnst þó sá hængur vera á þessu, að eingöngu fyrsta fyrirtækinu í hverri iðngrein er ætlað að verða aðnjótandi þessara hlunninda. Ég skil ekki vel þá orsök, sem liggur því til grundvallar, að ekki má veita þessi hlunnindi nema fyrsta fyrirtækinu. Þetta verður vitanlega til þess að útiloka samkeppni, og það getur farið svo, að í raun og veru sé ekki rétt að hlaða undir óeðlilega samkeppni. Þegar eitthvert fyrirtæki er sett á fót, sigla önnur samskonar í kjölfarið. Það er oft heilbrigt, að fleiri en eitt fyrirtæki séu í hverri grein. Segjum t. d., að ekki væri byrjaður smjörlíkisiðnaður í landinu. Þá fengi fyrsta smjörlíkisgerðin, sem stofnuð yrði, þessi hlunnindi. Það væri engin skynsamleg ástæða til þess að banna öðrum smjörlíkisgerðum á öðrum stöðum á landinu að verða þessarar ívilnunar aðnjótandi. Sama máli gegnir um beinamjölsverksmiðju, síldarverksmiðju o. fl. Ég tek þessi fyrirtæki sem dæmi. Ég vil svo leyfa mér að skjóta því til n., hvort ekki sé ástæða til þess að breyta frv. að þessu leyti við 3. umr., því að þetta er galli á frv. Væri æskilegt að orða þetta þannig, að það væri undir mati komið, hvort heilbrigt þætti að veita fyrirtækjum í sömu grein sömu hlunnindi.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Það er sjálfsagt, að n. verði við þeim tilmælum að virða þetta atriði fyrir sér. En mér skilst, að þar sem aðeins er farið fram á, að fyrsta fyrirtækið í hverri iðngrein fái þessar ívilnanir, þá sé verið að ýta undir fyrstu byrjun fyrst og fremst. Ég bendi á, að í 1. gr. frv. er tekið fram, að það sé aðeins að ræða um fyrirtæki, sem stofnuð eru í nýrri iðngrein.

Hvað snertir bæði smjörlíkis- og síldariðnað, þá eru þegar komin á fót fleiri en eitt fyrirtæki í þessum greinum. En það er sem sagt velkomið, að n. athugi, hvort henni þykir ástæða til þess að rýmka um þessi ákvæði við 3. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil leyfa mér að spyrja hv. iðnn., hvort hún hafi gert sér grein fyrir því, um hve mörg fyrirtæki gæti verið að ræða, sem féllu undir ákvæði brtt. á þskj. 498. Ég vil ekki andmæla till., en mér finnst samt sem áður byggt á öðru en því, sem frv. er byggt á. Frv. er flutt í þeim tilgangi að hvetja menn til þess að gera tilraun á nýjum sviðum til þess að stofna ný iðnfyrirtæki í greinum, sem ekki hafa verið starfræktar áður. Það getur vel verið, að fyrirtæki, sem eru nýbyrjuð, eigi örðugt með greiðslu útsvara og tekju- og eignarskatts, en þau eru komin á legg, svo að sá tilgangur þessa frv. að hvetja menn til að stofna fyrirtæki, nær því ekki til þeirra.

Viðvíkjandi aths. hv. 1. þm. Reykv. um að gera þá breyt. á frv., að þessi hlunnindi séu ekki bundin við eitt fyrirtæki í hverri grein, vil ég geta þess, að frv. er byggt á þeirri hugsun, að sá, sem gerir fyrstu tilraun með slík fyrirtæki, leggi mest í hættu og eigi því að njóta þessara hlunninda. Ég sé því ekki, að það sé mjög athugavert, þótt frv. gangi ekki lengra en þetta. Um hina innlendu smjörlíkisgerð vil ég segja það, án þess þó að ætla að fara að vekja deilur um það mál, að ég tel þróun hennar ekki allskostar heppilega. Við framleiðum aðeins 1200 smálestir af smjörlíki á ári, en þessi framleiðsla dreifist á 7 verksmiðjur, þar af 5 á sama stað. Framleiðsla og verzlun hljóta að verða miklu dýrari með slíkri dreifingu á margar hendur. Hinsvegar gegnir allt öðru máli um síldarverksmiðjur og beinamjölsverksmiðjur, því að þær verksmiðjur eru ekki miðaðar við innanlandssölu. Þó skal ég játa, að ekki má eingöngu líta á fjölda viðskiptamannanna, heldur einnig staðháttu.

**Magnús Jónsson:** Ég er ekki viss um, að hv. frsm. hafi skilið mig alveg rétt. Ég nefndi þessi fyrirtæki aðeins sem dæmi. Það er alveg rétt, að fyrirtæki í einni grein geta orðið það mörg, að af því leiði óeðlilega samkeppni, og náttúrlega er sjálfsagt að hlynna fyrst og fremst að byrjendum. En ég held, að rétt væri að hafa það ákvæði í frv., að eitthvert stjórnarvald mætti veita fleiri en einu fyrirtæki í sömu grein þessi hlunnindi, ef ástæða þætti til, t. d. síldar- og beinamjölsverksmiðjum á nýjum heppilegum stöðum, og jafnvel nýjum smjörlíkisgerðum, því að mikið veltur á því, að smjörlíkið komist nýtt til neytenda.

Hv. frsm. tók vel í aths. mínar, og vænti ég þess því, að hv. n. athugi, hvort ekki megi bæta slíkri heimild inn í frv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Hæstv. atvmrh. spurði þess, hvort n. hefði athugað, hve mörg fyrirtæki myndu falla undir ákvæði brtt. hennar. N. hafði í þessu sambandi eiginlega aðeins eitt fyrirtæki í huga, og það er Veiðarfæragerðin. Þetta er bæði þörf iðngrein og á við harða samkeppni að etja. Annars takmarkar brtt. sjálf, hve mörg fyrirtæki þetta verða, því að það verða aðeins fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið seint á síðasta ári eða í ár, því að önnur fyrirtæki myndu hafa greitt útsvar áður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.

2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 498 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 9:2 atkv.
7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 44. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 509, 510).

**Magnús Jónsson:** Ég þarf ekki að mæla fyrir brtt. minni með löngu máli. Hún er fram komin í sambandi við þau orð, sem ég lét falla við 1. umr., og ber ég hana fram til þess að það atriði gleymist ekki; ég hafði hálfpartinn vonað, að hv. n. kæmi með brtt. í þá átt, en það hefir nú ekki orðið. Brtt. mín fer fram á það, að hlunnindi þau, sem getur um í 1. gr., megi með sömu skilyrðum veita fyrirtækjum, er síðar verða stofnuð í sömu grein, ef atvmrh., að fengnum till. landssambands iðnaðarmanna, veitir leyfi til þess, enda skuli þau sækja um það samkv. 5. gr. l. Vel getur farið svo, að nauðsynlegt þyki að veita fyrirtæki, sem síðar er stofnað, þessi hlunnindi, sem annars eru ætluð fyrsta fyrirtæki í hverri grein, og þykir rétt að hafa smugu í l. til þess.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Hv. 1. þm. Reykv. drap á við 2. umr. þessa máls það atriði, sem hann flytur nú brtt. um á þskj. 510, og mæltist til, að iðnn. tæki það til athugunar. Hann hefir auk þess talað um málið við mig eftir að brtt. kom fram og mælzt til þess, að ég legði hana fyrir n. Síðan hefir enginn formlegur fundur verið í n., en ég hefi talað við meðnm. mína um hana, og eru þeir ekki sammála um hana. N. hefir því óbundnar hendur um atkvgr. Ég vil benda á það, að frv. þetta er samið af iðnráðinu, sem er forsvarsaðili fyrir iðnaðarmenn, a. m. k. hér í bænum. Og í meðferð málsins í Nd. komu engar raddir í ljós, sem fóru fram á, að gengið væri lengra í þessum ívilnunum en iðnráðið lagði til. Hér er lagt til, að bætt sé við atriði, sem iðnráðið hafði ekki tekið með, að *fleiri fyrirtæki en það fyrsta í hverri grein* skuli geta orðið aðnjótandi þessara hlunninda. Mér skilst, að aðaltilgangurinn sé sá með frv., að hjálpa fyrirtækjum yfir byrjunarörðugleika, sem alltaf verða á vegi þeirra, sem leggja út í slíkan atvinnurekstur á nýju sviði. Síðari fyrirtæki *í sömu grein geta oftastnær notfært sér* eitthvað af reynslu fyrirtækisins, sem byrjaði. En stefna frv. er sú, að verðlauna einmitt þessa byrjun. Ég fellst á þau ummæli hv. 1. þm. Reykv., sem hann viðhafði við 2. umr., að í sumum iðngreinum þarf að setja verksmiðjur á stofn víðar en á einum stað á landinu, t. d. þær verksmiðjur, sem vinna úr innlendum hráefnum, svo sem síldarmjölsverksmiðjur og fiskúrgangsverksmiðjur. En ég held, að hægara væri að skjóta þessu ákvæði — um hlunnindi til handa fleiri iðnfyrirtækjum en því fyrsta í hverri grein — inn síðar meir, þegar reynslan er búin að sýna fram á nauðsyn þess.

**Magnús Jónsson:** Þetta er auðvitað álitamál, og réttast að láta atkv. skera úr því. Ég viðurkenni það fúslega, að nokkrar meiri ástæður eru til þess að styrkja fyrsta fyrirtækið í hverri iðngrein en þau, sem á eftir koma. En fyrst farið er að setja l. um þetta á annað borð, hefði ég kosið, að skrefið hefði verið stigið lengra. Þó að fyrirtæki, sem stofnuð eru síðar, séu ekki á jafnmiklu tilraunastigi og fyrsta fyrirtækið, eru alltaf meiri og minni örðugleikar bundnir við stofnun nýs iðnfyrirtækis. Flest eru slík fyrirtæki hér á landi sett upp af litlum efnum. Og það væri áreiðanlega heilbrigt að koma sem flestum þessum fyrirtækjum undir ákvæði 6. gr. og skylda þau til að verja mestum hluta arðs síns fyrstu árin til þess að efla fyrirtæki sitt og koma sér upp góðum varasjóði. Þetta yrði kostnaðarlaust fyrir ríkissjóð, fyrirtækin yrðu sterkari gjaldþegnar ríkissjóðs, ef þeim er hjálpað til þess að koma undir sig fótum í byrjun. — Það eru að sjálfsögðu engin rök gegn breyt. á frv., þótt iðnráðið hafi samið það *og það sé flutt að tilmælum* þess. Iðnráðið er líka aðeins fyrir Rvík, en l. eiga að gilda fyrir allt landið. Brtt. fer fram á það, að fyrirtæki, sem upp koma víða á landinu, geti líka orðið þessara hlunninda aðnjótandi. Það er t. d. svo með vinnslu allra íslenzkra afurða, að *eðlilegt er*, að vinnslustöðvarnar séu á fleiri en einum stað á landinu. — Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta atriði, en vona, að hv. þdm. sjái ástæðu til að taka brtt. mína til greina.

ATKVGR.
Brtt. 510 felld með 8:6 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 509).
Á 45. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 587).

---

## 48. Hafnargerð á Hornafirði.

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um hafnargerð á Hornafirði** (þmfrv., A. 116).

Á 15., 16., 17. og 18. fundi í Nd., 20., 22., 23. og 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Nd., 25. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Flm. (Þorbergur Þorleifsson):** Skipulag er það orð, sem mönnum má vera minnisstæðast úr umr. hér í hv. d. og í þinginu. Hafnarlög eru sett til þess að geta skipulagt hafnargerðirnar víðsvegar á landinu, og er sú skipulagning ekki neitt nýtt fyrirbrigði. Frv. þetta á að

vera undirstaða skipulagningar á hafnargerð á Hornafirði. Það er í flestum greinum sniðið eftir lögum, sem áður hafa verið sett um sama efni, og vænti ég því, að hv. d. taki þessu frv. vel. Það er aðeins eitt atriði í frv., sem ég get búizt við, að ágreiningur kunni að verða um, en það er ákvæði um framlag úr ríkissjóði til hafnargerðarinnar. Í frv. er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs til þessarar hafnargerðar verði helmingur kostnaðar, en í öðrum hafnarlögum mun gengið út frá, að ríkið leggi fram ⅔ kostnaðar. Að ég hefi sett þetta tillag hærra hér en annarsstaðar, stafar af því, að á Hornafirði er dálitið öðruvísi ástatt en á öðrum stöðum, þar sem hafnarlög hafa verið sett. Þarna er aðeins ein sveit, sem verður að greiða eða taka á sig ábyrgð á framlaginu á móti ríkissjóði, en hinsvegar er það heill landsfjórðungur, sem hefir viðtækt gagn af þessari hafnargerð, þar sem eru allir Austfirðir. Því er það alls ekki sanngjarnt, að einn lítill hreppur taki á sig mikla ábyrgð á stóru mannvirki, sem landsfjórðungur hefir mikið gagn af. Hinsvegar skal það játað, til þess að það valdi ekki misskilningi eftir á, að þrátt fyrir það, þó Austfirðir hafi mikið gagn af þessari höfn, þá er líka mikið gagn að henni fyrir það sýslufélag, sem höfnin er í. Framtíðarmöguleikar Austur-Skaftafellssýslu eru mikið undir því komnir, að bráður bugur verði að því undinn að gera höfn á Hornafirði. Nesjahreppur hefir mikla möguleika til aukinnar ræktunar og landbúskapar, og hefir þegar verið hafizt handa á síðustu 5 árum um ræktun, sérstaklega út frá kauptúninu í Hornafirði. Og til þess að framhald verði á eðlilegri þróun í þessu efni, er fyrsta skilyrðið, að samgöngurnar batni. En þó að höfn á þessum stað sé þýðingarmikil fyrir landbúnaðinn, þá er hún það þó enn meir fyrir sjávarútveginn, sem allir Austfirðir taka þátt í á þessum stað, því þangað safnast á vetrarvertíðinni bátar víðsvegar af Austfjörðum. Þar, sem Hornafjarðarkaupstaður stendur, er útfiri mikið, svo að um fjöru er ekki fært um höfnina nema smærri bátum. Bátaleiðin hefir grynnkað á seinni árum samtímis því að vélbátarnir hafa stækkað. Þess vegna hafa risið upp smáútgerðir úti um eyjar til óhagræðis fyrir kauptúnið og skaða fyrir útgerðarmenn. Aftur á móti stendur að nokkru ónotuð stór útgerðarstöð í landi, og margir bátaeigendur á Hornafirði geta ekki gert út fyrir þetta slæma ástand.

Það var einu sinni ráðizt í mikið mannvirki hér á landi, sem þótti nokkuð vafasamt, og var þá kveðið: „Prýði' að brúnni allt eins er uppi' á þurru landi". Það má segja, að útgerðarstöðin á Hornafirði sé „prýði" uppi á þurru landi, en nútíma umbótamenn vilja ekki aðeins, að það sé prýði að hlutunum, heldur einnig, að hafa megi af þeim eitthvert gagn. En til þess að verstöðin á Hornafirði geti komið að gagni, þá verður að gera skipgengt þangað inn. Það hefir oft átt sér stað, að þeir, sem hafa komið að til þess að stunda sjó á Hornafirði yfir vetrarvertíðina, hafa orðið að lifa af því mestallt árið, sem þeir höfðu þar upp, af því afli heima hjá þeim hefir brugðizt, enda hefir það hjálpað þessum mönnum, að ódýrt er að gera út frá Hornafirði. Mér finnst skylt að hlúa að stöðum eins og Hornafirði, og ekki óeðlilegt, að ríkið leggi þar til hafnargerðar dálitið meira en annarsstaðar, þar sem ekki hafa átt hlut að máli nema eitt sýslufélag eða fáar sveitir.

Hafnargerð á Hornafirði er búin að dragast allt of lengi og þolir alls enga bið. Drátturinn virðist hafa orsakazt af því, að nokkurt hik mun hafa verið á vitamálastjóra um það, hvað eiga að gera þarna.

Eins og vitanlegt er, þá erum við á byrjunarstigi með margar framkvæmdir, og sá skapandi máttur, sem býr með þjóðinni, hefir brotizt út á öðrum sviðum meir en því verklega, svo sem eins og í skáldskap og öðru slíku.

Þeir verkfræðingar, sem þarna hafa athugað staðhætti, virðast helzt hallast að því, að hlaðnir væru garðar til að hindra framrás vatnsins. Sú „idea" mun vera komin frá Kirk, dönskum verkfræðingi, sem athugaði höfnina einhverntíma fyrir 1920. En það er álit verkfræðinga, að þessir garðar verði dýrir. Aftur á móti er önnur leið, að dýpka bátaleiðina, og mun vitamálastjóri fremur hallast að þeirri aðferð og telur hana ódýrari, og það hefir þann kost, að sú hafnarbót kemur strax að gagni, en þegar það hefir verið gert, reynir á hitt, hvort verkfræðingarnir sjá ráð til þess að halda dýpinu við.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv. Ég þykist þess fullviss, að yfirleitt muni hv. d. fylgja þessu frv. Það getur orðið ágreiningur um, hvernig kostnaðurinn á að skiptast, og einnig um það, hvað helzt eigi að gera, en um það verða verkfræðingarnir að úrskurða á sínum tíma. Að lokum óska ég þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til til 2. umr. (A. 116, n. 317).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. aftur tekið 2. umr. (A. 116, n. 317).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Sjútvn. hefir haft þetta mál til meðferðar og kynnt sér álit vitamálastjóra um það. Eins og kunnugt er, þá hefir vitamálastjórinn nokkurskonar framkvæmdarvald f. h. ríkisstj. og er hennar höfuðráðunautur í hafnarmálum. N. er sammála um, að þessarar hafnarbótar er þörf, sem um ræðir í frv. Hún álítur, að Hornafjörður — fyrir margra hluta sakir, og þó kannske einkum vegna fiskiveiðanna — gæti orðið mjög byggilegur, ef höfnin yrði lagfærð. Hinsvegar getur n. ekki fallizt á, að þessi hafnargerð sé þess eðlis, að víkja beri frá þeirri reglu, sem nú hin síðari árin hefir verið viðtekin að því er snertir framlög ríkissjóðs til hafnargerða. Þó vill hún

ganga eins langt eins og lengst hefir verið gengið áður í till. um styrkveitingar til hafnargerða, að undanskildum hafnarbótunum í Borgarnesi; til þeirra mun framlag ríkissjóðs hafa numið helmingi kostnaðar. Í þessu frv. er farið fram á, að ríkið leggi fram helming kostnaðar til hafnargerðar á Hornafirði, en n. vill leggja til, að þessi hafnargerð sé kostuð að ⅝ af ríkinu, og flytur brtt. í þá átt. Við þá breyt., að ríkissjóður leggi fram ⅝ kostnaðar í stað helmings, raskast hin ákvæði frv. um upphæð þeirrar ábyrgðar, sem ríkisstj. á að veitast heimild til að takast á hendur vegna þessarar hafnargerðar. Eftir frv. á ríkið að leggja fram helming áætlunarkostnaðar, eins og ég hefi áður tekið fram, eða 65 þús. kr., og ríkisstj. heimilað að ganga í ábyrgð fyrir öðrum 65 þús. kr. En samkv. brtt. n. er lagt til, að til hafnargerðarinnar sé lagður fram styrkur, er nemi ⅝ kostnaðar, sem eftir áætluninni verður 52 þús. kr. Hinsvegar sé heimiluð ábyrgð fyrir 78 þús. kr., í stað 65 þús. kr.

Önnur breyt. leggur n. til, að gerð verði á frv., sem sé sú, að aftan við 6. gr. verði bætt ákvæði, sem venjulegt er að hafa í hafnarlögum slíkum sem þessum, um að hreppsnefnd sé heimilt að taka eignarnámi lönd, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kunna að verða rekstri hennar, auðvitað að tilskildu samþykki atvmrh.

Með þessum breyt. leggur n. til, að frv. verði samþ.

**Þorbergur Þorleifsson:** Ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. um þetta mál. Ég er sjútvn. þakklátur fyrir það, að hún hefir tekið þessu máli vel. Þó hún geri till. um talsverða breyt. á frv., þá eru það ekki breyt., sem ættu að verða framgangi málsins hættulegar. Aðalatriðið er vitanlega að fá hafnarlög sett.

Hinsvegar vil ég benda á það, að öll sanngirni mælir með því, að ríkið leggi fram hlutfallslega meira til hafnargerðarinnar á Hornafirði heldur en lagt hefir verið fram til annara hafnargerða. Því þessi höfn er ekki aðeins fyrir Austur-Skaftafellssýslu, heldur fyrir Austurland allt. Eins og kunnugt er, fer allur bátafloti Austurlands þangað yfir vetrarvertíðina. Þetta vil ég biðja hv. dm. að athuga, þegar þeir greiða atkv. um brtt. n., hvort ekki er sanngjarnt að hafa framlag ríkisins eins og farið er fram á í frv. upphaflega.

Við hinni brtt. n. er ekkert að segja. Eins og hv. frsm. tók fram, mun hafa verið venja að hafa slíkt ákvæði í hafnarlögum. Að vísu hagar svo til þarna, að lítil líkindi eru til, að á eignarnámi þurfi að halda, en það spillir engu að hafa heimildina til.

Svo vil ég mælast til, að hæstv. forseti fresti atkvgr. um málið til morguns, vegna þess hvað fátt er af hv. þm. í deildinni.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Það er ekki langt síðan — skiptir ekki tugum ára — ríkissjóður var ófáanlegur til að leggja meira fram til hafnarmannvirkja heldur en ¼ kostnaðar. Vitaskuld var það allt of lágt, enda kom fljótlega í ljós, að þetta framlag þurfti að hækka, og mörg hafnarlög hafa verið afgr. með ákvæði um, að ríkið legði fram ⅓ kostnaðar. Það hefir verið talsverður ágreiningur um það í sjútvn., t. d. á síðasta og næstsíðasta þingi, hvort ekki ætti að halda fast við þá reglu, að ríkið legði fram ⅓ kostnaðar til hafnargerða, í stað þess að hækka framlagið upp í ⅝. Sú hækkun hefir komizt inn í eitthvað þrenn hafnarlög, Sauðárkróks, Skagastrandar og Dalvíkur, að ég hygg. Hér er því n. alveg í hámarki, og sé boginn spenntur það hátt að veita helming kostnaðar til þessarar hafnargerðar, þá er hætt við, að aðrir komi og geri kröfur um það sama, þeir, sem eftir eiga að koma fram með samskonar frv. Ég verð þess vegna að halda því fram sem ákveðinni skoðun sjútvn., að hún fari það lengsta, sem sanngjarnt er, með því að leggja til, að ríkissjóður leggi fram ⅝ kostnaðar til Hornafjarðarhafnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Nd., 9. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 317,1 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 317,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 317,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
7.—18. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 377).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

---

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 377).
Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 377, n. 531).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég get verið fáorður um þetta mál. Grg. skýrir í einu og öllu, hvað hér er um að ræða, og n. hefir, eins og sjá má af þskj. 531, fallizt á, að þetta frv. nái fram að ganga eins og það nú liggur fyrir. Þetta frv. er, eins og önnur hafnarlög, sniðið í sama form og þau að mestu leyti, og lítið út

af því brugðið. Þar sem ég þykist vita, að þetta geti ekki valdið ágreiningi, sé ég ekki ástæðu til að segja fleira, en vil fyrir n. hönd leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 600).

---

## 49. Útvarpsrekstur ríkisins.

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um útvarpsrekstur ríkisins** (þmfrv., A. 129).

Á 15., 16., 17. og 18. fundi í Nd., 20., 22., 23. og 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Nd., 25. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þetta frv. er borið fram af meiri hl. allshn. eftir beiðni hæstv. atvmrh., og áskilur n. sér rétt til að gera brtt. við einstök atriði frv., ef svo vill verkast.

Aðalnýmæli í frv. er fyrst og fremst í 1. gr., þar sem lagt er til, að lögfesta nýtt heiti á þessari stofnun, sem er Ríkisútvarp, en samkv. l., sem gilt hafa, heitir stofnunin Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík. Það heiti hefir þótt þunglamalegt, enda hefir stofnunin þegar hlotið nafnið Ríkisútvarp manna á meðal, og virðist sjálfsagt að lögfesta það heiti. — Þá er í sömu gr. lagt til, að stofnunin heyri undir kennslumálaráðuneytið, en hún heyrir undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samkv. gildandi lögum. Þessi breyt. byggist á því, að stofnunin sé í eðli sínu menningar- og menntastofnun og eigi því að teljast til kennslumálanna.

Í 2. gr. er lagt til, að öllum tekjum útvarpsins skuli varið eingöngu stofnuninni til eflingar og til hagsbóta fyrir útvarpsnotendur. Er það einnig nýmæli. — 3. gr. er um skipun útvarpsstjóra, og er hún að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum.

Í 4. gr. er höfuðnýjung frv. Þar eru ákveðin um 7 manna dagskrárstjórn, sem komi í stað útvarpsráðs. Formaður dagskrárstjórnar er skipaður af kennslumálaráðherra, þrír menn eru kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi og aðrir þrír eru kosnir af útvarpsnotendum í landinu. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá voru það vissar stofnanir og stéttir, sem skipuðu útvarpsráð; atvmrh. skipaði formann ráðsins, annar var skipaður af félagi útvarpsnotenda og þriðji af háskólanum. Síðar var bætt inn í útvarpsráðið einum manni frá barnakennurum og öðrum frá prestastefnu. Felst aðalbreytingin í því, að allir þeir, sem hafa útvarpstæki, eiga nú kost á að taka þátt í kosningu þriggja manna í dagskrárstjórn, í stað þess sem aðeins einn maður var kosinn áður af útvarpsnotendum, og það aðeins af þeim, sem voru í félagsskap útvarpsnotenda, en fjöldi útvarpsnotenda úti um land hafði ekki skilyrði til þess að vera í slíku félagi og gat því ekki notið réttar síns. — Eru þetta þá helztu nýmælin. Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:1 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 16:3 atkv.
12.—15. gr. samþ. með 17:2 atkv.
16.—17. gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17:2 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

---

Á 24. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 129, 244, 248, n. 279).

**Frsm. minni hl. (Thor Thors):** Ég hefi minnzt á það við hæstv. forseta, hvort ekki sé fáanlegt, að máli þessu verði frestað vegna þess, að minni hl. allshn. á von á umsögn útvarpsráðs um þetta frv. Það hefir verið farið fram á, að þeirri umsögn verði hraðað, og vænti ég þess, að hún geti komið í dag. Ég vil í sambandi við þessa ósk leyfa mér að lesa hér bréf, sem minni hl. allshn. hefir fengið frá form. útvarpsráðs um þetta, með leyfi hæstv. forseta. Bréfið er dags. 30. f. m. og er á þessa leið:

„Til svars bréfi yðar 27. þ. m., þar sem þér æskið álits útvarpsráðs um frumvarp á þskj. 129, vil ég taka fram, að ég hefi rætt málið nokkuð við útvarpsráðsmenn, án þess að tækifæri hafi gefizt til þess að halda fund um það. Hafa útvarpsráðsmenn látið í ljós, að þeir telji ýms veigamikil atriði í frv. þurfa nánari athugunar við, og óska að mega láta í ljós frekara álit um frv. áður en lokið er þriðju umræðu um það í neðri deild.

Virðingarfyllst
Helgi Hjörvar
formaður“.

Útvarpsráðið hefir nú haldið þennan fund og hefir falið tveim mönnum að gera brtt. við frv., þeim Pálma Hannessyni rektor og Helga Hjörvar. Vegna þess að ég geri ráð fyrir, að í upplýsingum frá þessum mönnum geti verið ýmislegt, sem æskilegt er, að berist hv. þdm. til eyrna áður en þeir afgr. þetta mál, vil ég eindregið endurtaka þau tilmæli mín til hæstv. forseta, að hann fresti umr. um málið þar til umrætt álit er komið frá útvarpsráði.

**Forseti (JörB):** Ég tel reyndar, að útvarpsráð hafi verið nokkuð þungt í vöfum með að koma umsögn sinni á framfæri í tæka tíð. Þessu frv. var útbýtt hér í hv. d. 18. fyrra mánaðar, svo er því vísað til 2. umr. 25. f. m., nú er kominn 2. nóv., og svo virðist, sem útvarpsráðið sé nýbúið að halda þennan fund. Ég mun þó ekki með öllu synja um frest í þessu máli, en get ekki frestað því lengur en til morguns. (**TT:** Það verður líka sjálfsagt nóg).

**Sigurður Einarsson:** Í sambandi við það, sem fram hefir komið, er það frá mínu sjónarmiði *algerlega óþarft að fresta þessu máli. Eins og* hæstv. forseti er búinn að skýra frá, var frv. þetta lagt fram 18. f. m. og tekið til 1. umr. 25. s. m. Mínni hl. allshn. virðist hafa leitað álits útvarpsráðs um frv. þegar í stað. Síðan hefir frv. verið til meðferðar hér í hv. d., og útvarpsráðið hefir enn ekki séð sér fært að koma með álit í málinu. Af nál. minni hl. er að sjá sem hann sé orðinn óþolinmóður að bíða eftir áliti útvarpsráðs og telji, að það geti ekki gengið svo lengur. Ég vil því lýsa því yfir, að ég tel réttast að draga ekki afgreiðslu frv. lengur hér í hv. d. og að því sé ástæðulaust að vera að fresta umr.

Í þessu sambandi vil ég benda á það, hvílíkur hraði útvarpsráðinu er á höndum með að úttala sig um þetta frv., þegar það heldur ekki *fund um málið nema með eftirgangsmunum frá* minni hl. allshn.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 3. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 129, 244, 248, n. 279).

**Frsm. minni hl. (Thor Thors):** Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forseta fyrir þann frest, sem hann veitti í þessu máli í gær. Sá frestur hefir borið tilætlaðan árangur, því að nú liggur fyrir umsögn útvarpsráðs um þetta mál. Eins og hv. þm. er kunnugt, *er þetta mál flutt af* meiri hl. allshn. samkv. ósk atvmrh., en frv. mun vera samið af n. þeirri, sem kölluð er skipulagsnefnd atvinnuveganna. (**EmJ:** Misskilningur). Svo er a. m. k. sagt í erindi til allshn., og við annað hefi ég ekki að halda mér í þessu efni. (**JakM:** Vill enginn kannast við frv.?). Minni hl. n. hefir ekki að órannsökuðu máli viljað eiga þátt í flutningi frv. og óskaði eftir umsögn kunnugustu manna um það. Hér liggur nú fyrir umsögn útvarpsráðsins og ýms tilmæli um brtt. frá Sambandi ísl. útvarpsnotenda.

Þær breyt., sem þetta frv. gerir á núgildandi l. um útvarp, eru í fyrsta lagi þær, er viðkoma kosningu í útvarpsráð. Í 4. gr. er gert ráð fyrir því, að breytt skuli um nafn á útvarpsráðinu og það kallað dagskrárstjórn útvarpsins. Þá er ætlazt til, að í stað þess, að nú skipa 5 menn útvarpsráð, verði 7 í dagskrárstjórn. Samkv. 3. gr. l. nr. 62 frá 1930, um útvarp, eiga 5 menn sæti *í útvarpsráði, ráðh. skipar formann* þess, en einn er tilnefndur af Háskóla Íslands, annar af barnakennurum landsins, hinn þriðji af prestastefnunni, og sá fjórði er kosinn af útvarpsnotendum. En fyrir þeirri kosningu eru þau skilyrði sett, að útvarpsnotendur séu félagsbundnir. En nú á að kjósa sex menn í útvarpsráðið, með þeim hætti, að þrír skulu kosnir hlutfallskosningu í Sþ., en þrír kosnir hlutfallskosningu af útvarpsnotendum, og það er ekki gert að skilyrði lengur, að þeir séu félagsbundnir. Við teljum, að það sé til bóta að breyta um tilhögun á skipun útvarpsráðsins, og það sé rétt stefna að láta kjósa þá í stað þess, að einstakar stofnanir velji mennina. Því að ef fylgt er þeirri reglu, hlýtur jafnan að rísa ágreiningur um það, hvaða stofnanir í landinu *það eru, sem eiga að hafa rétt til* þess að velja menn í útvarpsráð. Má t. d. strax geta þess, að það er undarlegt, að úr því að ýmsar stofnanir á annað borð fá þann rétt að velja menn í ráðið, þá skuli atvinnuvegirnir engan fulltrúa eiga þar. Til þess m. a. að forðast þann ágreining, sem út af þessu kynni að rísa, teljum við rétt að fara inn á þá braut að kjósa mennina. En brtt. minni hl. allshn. hnígur í þá átt, að í stað þess, að það var ráðgert í frv., að aðeins sex skyldu kosnir, en form. skipaður af ráðh., þá leggjum við til, að allir sjö meðlimir útvarpsráðsins séu kosnir. Þrír séu kosnir hlutfallskosningu í Sþ., en fjórir kosnir hlutfallskosningu af útvarpsnotendum. Það er beinlínis getið um það í grg. frv. þessa, að það séu útvarpsnotendur, sem beri útvarpið uppi, og það hefir verið svo, að þeir hafa að langmestu leyti risið undir rekstri þessarar stofnunar, og það eru þeir, sem eiga við útvarpið að búa. Við teljum því rétt, að þeim sé heimilað að kjósa meiri hl. útvarpsráðsins. — Hvað viðkemur afskiptum ríkisvaldsins af útvarpinu, ætti það að vera nægilegt að hafa þrjá mennina kosna af Sþ. Og ennfremur er það mikil trygging fyrir ríkisvaldið, að útvarpsstjórinn er skipaður af kirkjumálaráðherra, og ráðh. ræður einnig hina föstu starfsmenn við hina menningarlegu starfsemi útvarpsins.

Um kosningu útvarpsráðsins segir í umsögn *útvarpsráðsins, með leyfi hæstv. forseta:*

„Um það, hvernig velja skuli stj. útvarpsins, eru útvarpsráðsmenn ekki allir á einu máli. Æskilegast væri án efa, ef hægt væri að velja hana á þann hátt, að ekki fylgi því pólitísk barátta eða flokkadrættir, svo framarlega sem það er talið æskilegt, að útvarpið dragist ekki algerlega inn í stjórnmálabaráttuna. Sé hinsvegar ekki annað fyrir hendi en gera val útvarpsstjórnarinnar algerlega pólitískt, þá má segja, að aðferðin við val hennar eftir frv. er einföld og að því leyti hentug. Útvarpsráðið er þeirrar skoðunar, að sjö manna dagskrár-

stjórn myndi reynast svo svifaþung, að það yrði fundarstörfum hennar og allri starfsemi til trafala, og að æskilegt sé, að slík stjórn væri ekki skipuð fleiri mönnum en fimm. Byggir útvarpsráðið þessa skoðun á reynslunni um þessi störf.“

Ég get ekki fallizt á, að það þurfi að nokkru leyti að vera til spillis, að ráðið sé allt kosið. Það er hvort sem er víst, að með núv. skipulagi — að einn maður sé kosinn af útvarpsnotendum — kemst pólitík í þessi mál, og ástæða er til að ætla, að val ráðh. á form. útvarpsráðsins verði meira eða minna pólitískt. Að 7 manna dagskrárstjórn sé of svifaþung, get ég ekki séð. Stjórn útvarpsins, og sérstaklega hin menningarlega starfsemi þess, er svo örlagaþrungin í menningu þjóðarinnar, að ástæða er til þess, að margir færir menn fjalli þar um. Samband ísl. útvarpsnotenda segir í bréfi til allshn. um val á mönnum í útvarpsráðið, með leyfi hæstv. forseta: „Það er alkunna, að ársgjöld útvarpsnotenda bera öll gjöld af rekstri útvarpsins, enda er því óbeinlínis játað í 2. málsgr. 2. gr. í frv. til l. um útvarpsrekstur ríkisins, sem nú liggur fyrir Nd. Alþingis á þskj. 129. Virðist því fullkomlega sanngjarnt, að útvarpsnotendur hafi önnur og meiri áhrif á rekstur útvarpsins heldur en þeir geta haft með því að eiga einn fulltrúa í fimm manna útvarpsráði eins og nú er. Í sjálfu sér væri það ekki nema sanngjarnt, að útvarpsnotendur réðu þar einir öllu. En þar sem stofnun útvarpsins má í öndverðu þakka atbeina ríkisins, þá virðist jafnframt sem það sé sanngjarnt og rétt, að það eigi fulltrúa í útvarpsráði, sérstaklega þar sem ríkinu er með l. lagður sá baggi á herðar að greiða hallann af rekstrinum, ef nokkur verður, sem reyndar mun nú ekki koma til. En minna geta rekendur stofnunarinnar, útvarpsnotendur, ekki gert sér að góðu en að hafa meiri hl. í útvarpsráði, svo að þeir hafi fullan ákvörðunarrétt um, hvernig fé því, er þeir einir leggja fram, er varið.“

Í sambandi við þessa breyt. á tilhögun um kosningu í útvarpsráðið leggur minni hl. allshn. til, að útvarpsráðið kjósi sér sjálft formann.

Þá er annað atriði í brtt. okkar, það er um skipun útvarpsstjóra. Um það segir í 3. gr. frv., að kirkjumálaráðh. skipi útvarpsstjóra. En hér er fellt niður ákvæði, sem er í 5. gr. núgildandi l., þess efnis, að ráðh. skuli skipa útvarpsstjóra, að fengnum till. útvarpsráðs. Ég tel þetta veigamikið atriði og sjálfsagt að hafa það áfram í l. En í grg. frv. er sagt svo, að 3. gr. sé að efni til shlj. núgildandi l. Hér er rangt skýrt frá, og vil ég víta það. Alþm. eiga að geta treyst því, að ekki sé í grg. — og einkum ekki í grg. stjfrv. — skýrt frá öðru en sannleikanum einum, og að þeir þurfi ekki að rannsaka það sérstaklega, hvort það megi taka trúanlegt, sem þar stendur.

Í 3. gr. frv. stendur, að kennslumálaráðh. skuli skipa útvarpsstjóra og ákveða laun hans. Minni hl. allshn. telur réttara, að laun útvarpsstjóra séu tiltekin í l., og leggur til, að hann skuli hafa 7500 kr. árslaun, auk dýrtíðaruppbótar. En jafnframt er sett inn það skilyrði, að útvarpsstjóri gegni ekki öðrum launuðum störfum. Þessi laun verða að teljast sæmileg, borin saman við laun annara embættismanna, sem fá laun sín samkv. launal.

Þriðja brtt. minni hl. allshn. er um valdsvið útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Í 4. gr. núgildandi l. um útvarpsrekstur ríkisins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi útvarpsins og ræður útvarpsefni, í samráði við útvarpsstjóra. Þess skal stranglega gætt, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og að gætt verði fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum.“

Í 5. gr. þessa frv. er þetta orðað á annan hátt, og ekki eins greinilega og verið hefir og æskilegt er, að verði áfram. Þar stendur:

„Dagskrárstjórn tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum, og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá áður en hún kemur til framkvæmda.“

Við teljum rétt, að það standi áfram í l. skýrum stöfum, að það sé útvarpsráðið, sem ber ábyrgð á og stjórnar menningarlegri starfsemi útvarpsins, og ráði útvarpsefni. Brtt. okkar gengur í þá átt, að hafa ákvæði frv. jafn ótvíræð og þau eru í núgildandi l. Máli okkar til stuðnings ætla ég að lesa upp bréf útvarpsráðsins. Það hljóðar svo:

„Reykjavík, 2. nóv. 1934.

Að gefnu tilefni óskar útvarpsráðið að láta í ljós eftirfarandi álit um frv. á þskj. 129, um útvarpsrekstur ríkisins. Aðalatriði frumvarpsins eru tvö: 1) að fella burtu útvarpsráðið, sem nú hefir yfirstjórn og ábyrgð á allri menningarstarfsemi útvarpsins, en setja í staðinn dagskrárstjórn með takmarkaðra valdi og ábyrgð, en auka um leið valdsvið útvarpsstjórans, að því er virðist. — 2) að breyta til um val dagskrárstjórnarinnar frá því, sem nú er um útvarpsráð. Menningarleg starfsemi er hinn eini tilgangur útvarpsins, að heita má. Í útvarpslögunum, sem nú gilda, er skýrt ákveðið um það, í 4. gr., hvar ábyrgðin er í þessu efni, en það er hjá útvarpsráði, svo og sérstaklega ábyrgðin á því, að þess skuli „stranglega gætt, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og að gætt verði fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum“, eins og segir í lögunum.

Öll þessi veigamiklu atriði eru felld burt í frumvarpinu, en í staðinn sett óákveðnari fyrirmæli um það, að dagskrárstjórn setji þær reglur, „er þurfa þykir til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum“, o. s. frv., eins og í frumvarpinu segir. Útvarpsráðið verður að líta svo á, að hér sé mikil veila í frumvarpinu, og að hin núgildandi skýlausu fyrirmæli megi ekki fella burt, hverjum sem annars verður falin ábyrgð á að gæta fyrirmælanna. 5. gr. frv. fjallar um valdsvið dagskrárstjórnar og útvarpsstjóra innbyrðis, eða raunverulega um valdið yfir útvarpsstarfseminni. Útvarpsráðið er á einu máli um það, að í greininni komi alls ekki nógu skýrt fram, hvernig valdsviðið skiptist eða hvar

ábyrgðin skuli raunverulega vera um starfsemi útvarpsins yfirleitt. Útvarpsráðið getur ekki séð neina ástæðu til að fella niður nafnið „útvarpsráð", jafnvel þó að valdsviði þess verði breytt. Nafnið er orðið alþjóð tamt, en í staðinn fyrir þetta eina orð, sem er gott í meðförum, er í frv. ætlazt til, að komi „dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins". Þessi tilbreytni mun líka reynast þýðingarlaus, því að hin væntanlega dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins mundi verða kölluð útvarpsráð af öllum, eftir sem áður."

Og svo kemur endirinn, sem ég las upp áðan. Undir þetta rita allt útvarpsráðið, þeir Helgi Hjörvar, Friðrik Hallgrimsson, Bjarni Benediktsson, Guðjón Guðjónsson og Pálmi Hannesson.

Næst ætla ég að lofa hv. þdm. að heyra, hvað stjórn Sambands íslenzkra útvarpsnotenda segir um þetta atriði. Í umsögn, sem sambandsstjórn hefir sent allshn., segir svo:

„Það þykir og rétt, að útvarpsráðið eitt stjórni hinni menningarlegu starfsemi útvarpsins, án íhlutunar útvarpsstjóra. Bæði er það, að það verk, sem þeim embættismanni er að öðru leyti ætlað, er svo umfangsmikið og þýðingarmikið fyrir stofnunina, að það mun reynast hverjum manni fullnóg starf, sem og hitt, að líkur gætu verið til, að ólík sjónarmið útvarpsráðs og útvarpsstjóra kynnu að valda reipdrætti og deilum, sem væru óhentugar fyrir starfsemi stofnunarinnar. Þetta er ekki mælt út í hött, eins og mönnum er kunnugt."

Þannig eru ummæli þeirra manna, sem ættu að vera kunnugastir þessum efnum, útvarpsráðs og sambandsstjórnar útvarpsnotenda, og eru báðir þessir aðiiar hlynntir því, að núgildandi ákvæði um valdsvið útvarpsráðs haldist óbreytt. Og í samræmi við það er brtt. minni hl. allshn. fram komin. Eins og sjá má á ummælum útvarpsráðs, er 5. gr. frv. talsvert breytt frá samsvarandi gr. í núgildandi l., og þó stendur í grg. frv. um 5. gr. þetta: „Í þessari grein eru ákvæði um störf dagskrárstjórnar, og **eru þau í engu frábrugðin** því, sem nú er samkv. ákvæðum núgildandi l." — Hér er því aftur **rangt frá skýrt**, og er það hart, að þm. skuli ekki mega treysta því, að í grg. stjfrv. sé farið með rétt mál. Slíkt má ekki koma fyrir.

Ég þykist nú hafa leitt nokkur rök að því, að rétt sé að halda við ákvæði núgildandi l. um valdsvið útvarpsráðs og útvarpsstjóra; því verður a. m. k. ekki neitað, að ég hafi leitt fullgild vitni í því máli, og vænti ég þess, að hv. þm. taki umsagnir þær til athugunar, sem ég hefi nú farið með.

Síðasta brtt. minni hl. allshn. er sú, að þessar breyt. á l. komi ekki til framkvæmda fyrr en starfstími núv. útvarpsráðs er útrunninn, en það er 1. júlí 1936. Útvarpsráðið var kosið síðastl. sumar, og mun nú hafa undirbúið vetrarstarfsemina og það hefir að sjálfsögðu kostað meðlimi þess meira og minna erfiði að setja sig inn í starf sitt. Af þessum ástæðum finnst okkur það í fyllsta máta óréttlátt að svipta menninа starfa sínum að nauðsynjalausu, einmitt þegar þeir eru farnir að verða kunnugir verksviðinu. Það er mjög varhugavert, ef Alþ. tekur upp þá reglu, að svipta menn, sem löglega hafa verið kosnir í eitthvert embætti, stöðum sínum að þarflausu. Menn, sem taka að sér opinber störf og verja miklum tíma til þess að gera sig hæfa til að gegna þeim, eiga heimtingu á þó nokkru öryggi í störfum sínum. Og ég fæ ekki betur séð en útvarpsrekstri ríkisins sé sæmilega borgið, þó að frestað verði að taka upp þetta nýja skipulag nokkurn tíma enn. Það þarf að vísu talsverðan tíma til undirbúnings kosningar í útvarpsráð samkv. þessu frv., en þó ætti kosning að geta verið um garð gengin áður en starfsemi næsta vetrar hefst. En ég legg áherzlu á það, að menn í opinberum stöðum fái að njóta öryggis í starfi sínu og þurfi ekki að bera kviðboga fyrir að missa embætti sín í hvert sinn sem hið háa Alþ. kemur saman. — Ég þarf að svo stöddu ekki að fara fleiri orðum um brtt. okkar, en vona, að hv. þm. viðurkenni, að ég mæli hér máli sanngirninnar, og taki tillit til þess við atkvgr.

**Forseti (JörB):** Útbýtt er í d. brtt. á þskj. 305, og verður að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að hún geti komið til umr. á fundinum og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og tekið er fram í grg. þeirri, er fylgir frv., var það flutt af meiri hl. allshn., eftir beiðni hæstv. atvmrh. Þá var jafnframt því lýst yfir, að einstakir flm. áskildu sér rétt til þess að bera fram brtt. við það. Því er það, að við tveir af flm. frv. berum fram brtt. við það á þskj. 305. Ég vil leiðrétta þann misskilning hjá hv. þm. Snæf., að frv. þetta sé samið af skipulagsn. atvinnuveganna. Svo er ekki, en hv. þm. hefir haft nokkra ástæðu til að halda það vegna orðalags bréfs þess, sem fylgdi þessu frv. og öðru, en aðeins annað þeirra var samið af skipulagsn. Þetta frv. er samið að tilhlutun stj., en ekki af skipulagsn. Það leiðréttist hér með.

Við 1. umr. frv. gat ég um þær breyt., sem hér eru gerðar á núgildandi l., og hv. þm. Snæf. hefir nú líka rakið þau atriði. Ég mun því ekki vera margorður um það nú, en vikja heldur að einstökum atriðum í brtt. hv. minni hl. allshn. Í nál. hans er það talið heppilegra, að menntmn. hefði flutt þetta frv. Meiri hl. allshn. athugaði þetta atriði áður en hann flutti frv., og komst að þeirri niðurstöðu, að þar sem allt viðvíkjandi útvarpsrekstri ríkisins hefði hingað til heyrt undir annaðhvort allshn. eða samgmn., væri réttast, að allshn., eða hluti hennar, flytti þetta frv. En það skiptir að sjálfsögðu engu máli, hvaða n. flytur frv. Hv. minni hl. allshn. vill breyta 3. gr. frv. í það horf, að kennslumálaráðh. skipi útvarpsstjóra, að fengnum till. útvarpsráðs, en það skilyrði er ekki í frv., og meiri hl. allshn. sér ekki ástæðu til þess að breyta hvað þetta snertir. — Þá er nafnið á dagskrárnefndinni. Meiri hl. allshn. vildi ekki kalla hana útvarpsráð eða dagskrárráð, vegna þess að væntanlega verður frv. til l. um eftirlit með opinberum rekstri samþ. á þinginu, og kemur þar til

greina nokkurskonar útvarpsráð, eða þriggja manna n. kosin af Alþ., sem ætti að hafa eftirlit með rekstri útvarpsins og annara skyldra stofnana. Og rétt þótti að kenna nefndina við það verk, sem henni er aðallega ætlað að hafa með höndum, en það er undirbúningur dagskrár og eftirlit með útvarpsefni. Þar er því um dagskrárn. að ræða, sem tæplega gæti nefnzt útvarpsráð. Og þótt verksvið þessarar dagskrárn. yrði að flestu leyti það sama og núv. útvarpsráðs, er þó ekki ástæða til þess að leita sérstaklega álits hennar um val útvarpsstjóra, enda eðlilegast, að hann sé skipaður af ráðh. þeim, sem útvarpið heyrir undir, svo sem venja er til um embættismenn ríkisins. Í brtt. okkar hv. þm. Barð. á þskj. 305 leggjum við til, að laun útvarpsstjóra séu ákveðin í l. 7500 kr., auk dýrtíðaruppbótar. En okkur fannst engin ástæða til þess að banna útvarpsstjóra að taka að sér launuð aukastörf. Ákjósanlegast væri, að ríkið gæti launað alla embættismenn sína svo, að þeir gætu vel lifað af því án þess að hafa önnur störf með höndum jafnhliða. En ekkert réttlæti er í því að taka útvarpsstjórann einan út úr og banna honum að hafa á hendi launuð aukastörf, meðan svo er ekki um aðra. Hv. minni hl. allshn. er frv. sammála um það, að breyta skuli til um val útvarpsráðsins og fjölga í því. En hann vill, að útvarpsnotendur kjósi 4 menn af 9, og kennslumálarh. skipi engan. Meiri hl. n. finnst eðlilegt, að oddamaðurinn í þessari n. eins og svo mörgum öðrum sé skipaður af viðkomandi ráðh., og sér ekki ástæðu til, að útvarpshlustendur hafi endilega meiri hl. ráðsins. Það er ekki rétt, sem segir í áliti Sambandsstjórnar útvarpsnotenda, er hv. þm. Snæf. las upp, að útvarpsnotendur beri einir allan kostnað af útvarpsstarfseminni. Útvarpið hefir tekjur annarsstaðar að, t. d. frá auglýsendum. Ég veit ekki, hvað miklu það nemur, en það er þó alltaf nokkuð. Þetta eru því engin rök fyrir því, að útvarpsnotendur kjósi beint meiri hl. dagskrárstj. Í frv. er útvarpsnotendum gefinn meiri réttur til íhlutunar en þeir hafa áður haft; hingað til hafa þeir aðeins fengið að kjósa einn mann í útvarpsráð, en samkv. frv. fá þeir að kjósa 3 menn af 7 í dagskrárstjórn.

Hv. þm. Snæf. gerði mikið úr því, að valdsvið dagskrárn. yrði stórum minna en útvarpsráðsins, en vald útvarpsstjóra aukið. Þetta felst þó ekki í frv. Ennfremur talaði hann langt mál um það, að í frv. væri ekki eins vel séð fyrir hlutleysi útvarpsins eins og í núgildandi l. Þetta er misskilningur, sem bezt skýrist með því að lesa upp samsvarandi gr. úr núgildandi l. og þessu frv. Byrjun 4. gr. l. nr. 62 frá 1930 hljóðar svo:

„Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi útvarpsins og ræður útvarpsefni í samráði við útvarpsstjóra. Þess skal stranglega gætt, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og að gætt verði fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum".

En í frv., sem hér liggur fyrir, er svo mælt í 5. gr.:

„Dagskrárstjórnin tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum, og leggur fullnaðarsamþ. á dagskrá áður en hún kemur til framkvæmda. Hún setur reglur um fréttaflutning útvarpsins og aðrar þær reglur, er þurfa þykir til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum".

Ákvæði 5. gr. frv. um hlutleysisskyldu útvarpsins eru því mun fyllri en í 4. gr. núgildandi l. Það er því engin ástæða til þess að fetta fingur út í þessa gr.

Hv. minni hl. n. leggur mikla áherzlu á það, að óréttlátt sé að láta umboð núv. útvarpsráðs falla niður strax þegar frv. þetta er orðið að l., en fyrir því er ráð gert í bráðabirgðaákvæði í frv. Ef reglur eru settar um breytt skipulag, finnst mér sjálfsagt, að þær komi strax til framkvæmda. Tel ég óeðlilegt, að lengi sitji útvarpsstjórn, sem er í andstöðu við meiri hl. Alþ. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að skipun dagskrárstjórnar sé byggð á réttlátari grundvelli en skipun útvarpsráðsins var. Mér finnst næsta einkennilegt að hafa útvarpsstjórn, sem skipuð er af einstökum stofnunum og stéttum, svo sem háskóla, prestum, kennurum o. s. frv. Ef einstakar stéttir eru látnar skipa stjórnina, finnst mér illa séð fyrir hagsmunum fjölmennustu stéttanna, verkamanna og bænda, þar sem þeir eiga þar enga fulltrúa samkv. núgildandi lögum. Úr þessu er bætt með frv., þar sem allir útvarpsnotendur hafa sama íhlutunarrétt um kosningu í dagskrárstjórn. Tel ég því eðlilegt og sjálfsagt, að það komi til framkvæmda svo fljótt sem verða má eftir að lög þessi öðlast gildi. Ég sé ekkert óréttlæti í því, þó kjörtímabil útvarpsráðs sé stytt, ef löggjafinn hefir fundið ástæðu til að setja nýja skipan á um val í útvarpsráð. F. h. meiri hl. allshn. legg ég á móti, að till. minni hl. verði samþ.

Loks skal ég geta þess, að n. hefir leyft sér að bera fram brtt. á þskj. 248 um að undanþiggja blinda menn afnotagjaldi. Nákvæmlega samskonar till. hefir hv. 9. landsk. borið fram á þskj. 244, og er vitanlega sama, hvor till. er samþ. En þá grein vil ég gera fyrir þessari brtt., að útvarpsstjórn skrifaði n. og fór fram á og færði rök að, að einfaldara og heppilegra væri, að upphæð sú, sem Blindravinafél. hefir verið veitt úr ríkissjóði til að greiða fyrir útvarpsnotum blindra manna, gangi beint til útvarpsins. Þótti n. sjálfsagt að undanþiggja blinda menn greiðslu, og virðist þetta því skilyrðislaust til bóta. — Sé ég svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vil aðeins lýsa yfir því, að allshn. leyfir sér að leggja til, að frv. verði samþ.

**Sigurður Einarsson** óyfirl.: Eins og sá hv. þm., sem síðast talaði, tók fram, eru hér komnar fram 2 till. á þskj. 244 og 248, sem eru sama efnis og því sama, hvor er samþ. Fyrri brtt. mín á þskj. 244, við 6. gr. frv., er mjög smávægileg. Hún miðar aðeins að því að tilgreina fyllra og ákveðnar, hverjum beri skylda til að greiða afnotagjald. Það er nú svo, að ekki svo fá félög og stofnanir hafa útvarpstæki, og getur leikið nokkur vafi á með greiðsluskyldu þeirra.

En í sambandi við seinni brtt. mína skal ég upplýsa, að það fé, sem útvarpið hefir til að miðla blindum mönnum, fullnægir hvergi nærri eftirspurn og þörf. Það væri því ekki vanþörf að ákveða greinilegar í reglugerð, hvernig með það eigi að fara, t. d. hvort ekki sé ástæða til að taka eitthvert tillit til efnahags eða annara ástæðna. Finnst mér rétt að hreyfa þessu máli nú, ef ástæða þætti til að setja ákvæði um það inn í frv.

Ég finn nú ekki ástæðu til að lengja umr. um þetta mál. En í sambandi við ummæli hv. þm. Snæf. út af bréfi útvarpsráðs til minni hl. n. langar mig til að segja nokkur orð. Útvarpsráð segir svo í bréfinu: „Útvarpsráðið er á einu máli um það, að í greininni komi alls ekki nógu skýrt fram, hvernig valdsviðið skiptist eða hvar ábyrgðin skuli raunverulega vera um starfsemi útvarpsins yfirleitt".

Frsm. meiri hl. benti réttilega á, að 4. gr. l. og 5. gr. frv. væru alveg shlj. að efni, en frv. tæki þó nokkru fyllra og gleggra fram um óhlutdrægni gagnvart skoðanafrelsi einstaklinga, félaga og stofnana. Auk þess er tekið fram í 5. gr. frv., að útvarpsstjóri eigi sæti á fundum dagskrárstjórnar, undirbúi dagskrá og hafi daglega umsjón með framkvæmd hennar.

Vegna sérstaks kunnugleika á þessum málum langar mig til að gefa hv. þdm. nokkrar upplýsingar um, hvernig þetta hefir verið í framkvæmdinni að undanförnu.

Það hefir orðið starfsvenja, að útvarpsstjóri hafi haft undirbúning og umsjón með framkvæmd dagskrár. Aðstaðan hefir gert þetta óhjákvæmilegt. Þegar útvarpsráð tekur ákvarðanir um heildarniðurskipun efnis, er oft gert ráð fyrir erindum frá mönnum, sem þurfa að sækja langt að, og þarf því að eiga aðra menn vísa til vara, ef hinir forfallast. Þarf því að hafa vakandi eftirlit með, að þetta sé allt í lagi, og er það vitanlega að mestu gert með símtölum. Þetta verður útvarpsráð eða dagskrárstjórn að fela einum manni, og í praksis hefir þetta orðið svo, að skrifstofan hefir annazt það. Í frv. er þetta starf lagt undir umsjón útvarpsstjóra, og er það allt og sumt, sem í gr. felst. Fyrir ókunnuga gæti litið svo út, sem hér væri verið að rugla saman störfum útvarpsráðs og útvarpsstjóra, og vildi ég því gefa þessa skýringu. Ef litið er á 5. gr. frv., er þar tekið svo skýrt fram verksvið hvors um sig, útvarpsstjóra og dagskrárstjórnar, að meiri hl. fannst ekki geta leikið neinn vafi á um það, hver viðfangsefni hvorum er ætlað, eins og virðist koma fram í bréfi útvarpsráðs.

Eftir frv. er ætlazt til, að útvarpsstjóri hafi aðalframkvæmd um fræðslustarfsemi útvarpsins, svo sem að útvega menn til að flytja erindi, syngja o. s. frv., en leiti um það ráða og umsagnar dagskrárstj. Einnig er dagskrárstj. ætlað að ákveða fréttaflutning og fleira, er snertir dagleg störf. Munurinn á 4. gr. núgildandi l. og 5. gr. frv. er því í raun og veru ekki annar en sá, að frv. tekur af allan vafa um þessi atriði. Þar eru engin tvíræð orð eða hugtök, sem geti valdið misskilningi, eins og átt hefir séð stað um gildandi lög, þar sem það hefir valdið allverulegum ágreiningi, hver hafi yfirstjórn menningarlegrar starfsemi útvarpsins.

Ég hefi þá í stuttu máli sagt það, sem ég vildi helzt taka hér fram. Ég verð þó að minnast á eitt atriði. Hv. þm. Snæf. vitnaði í bréf útvarpsnotenda — S. Í. Ú. —, þar sem lagt er til, að fjölgað verði í útvarpsráði upp í 9. Þetta mun nú að vísu sýna áhuga fyrir starfsemi útvarpsins, en reynslan er sú, að það þykir fullumsvifamikið að hafa 7. — Annað áhugamál er samkv. bréfinu, að núv. útvarpsráð sitji út fullt kjörtímabil. Og það þriðja, að engir hafi störf við útvarpið, sem taka opinberan þátt í stjórnmálum. Ég býst við, að einnig sé tekið fram í bréfinu, að ríkja skuli óhlutdrægni, og áherzla sé lög á skoðanafrelsi, og sízt af öllu geri ég ráð fyrir, að stjórn S. Í. Ú. vilji skipta sér af eða skerða athafnafrelsi manna. Það mun því mega gera ráð fyrir, að ef stjórn S. Í. Ú. og útvarpsráð bæru saman bækur sínar, mundi þetta vegast nokkuð á. — Ég vil svo að lokum óska þess eins, að málinu verði skipað eftir því, sem öllum má bezt gegna. Skal ég svo ekki þreyta d. með lengri ræðu.

**Frsm. minni hl. (Thor Thors):** Það er ekki ýkjamargt, sem ég þarf að svara hv. 1. og 9. landsk. í þessu máli. Mér fannst rök þeirra ekki veigamikil. Vil ég þó víkja að nokkrum atriðum. Hv. 1. landsk. leiðrétti, að frv. hefði ekki komið frá skipulagsn., en ég hafði ástæðu til að ætla það, vegna bréfs til allshn. Eins og segir í nál. minni hl. allshn., töldum við, að þessu máli hefði frekar átt að vísa til menntmn. en allshn., og liggja til þess ýms rök. Útvarpið er nú í fyrsta sinn lagt undir kennslumálaráðuneytið, og hefir því ríkisstj. einnig réttilega álitið það heyra fremur til mennta- en atvinnumála. Er því næsta einkennilegt, að hæstv. stj. skyldi ekki vísa frv. til menntmn.

Hv. þm. vildi endilega taka upp nafnið dagskrárstjórn, en fella niður heitið útvarpsráð. Vildi hann byggja þetta á því, að vænta mætti, að orðið útvarpsráð yrði notað um annað ráð en snertir starfsemi útvarpsins, sem sé ráð það til eftirlits opinberum rekstri, sem nú er ráðgert að stofna samkv. frv. um þetta efni, er nú liggur fyrir þinginu. En í fyrsta lagi er nú óvíst, að þetta ómerkilega frv. verði samþ., og í öðru lagi mundi slíkt ráð ekki vera til í vitund almennings, jafnvel þótt það kæmist á laggirnar. Ennfremur á þetta ráð að fást við mörg önnur ríkisfyrirtæki en útvarpið og yrði því ekki sérstaklega tengt við það. Þetta nýja „ráð" skiptir því engu máli hér í sambandi við yfirstjórn útvarpsstarfseminnar. Og mér þykir næsta einkennilegt, að ekki skuli mega nota áfram orðið „útvarpsráð", sem í vitund allra útvarpsnotenda er talið gott og búið að ná festu í málinu. Tel ég alls ekki rétt að fella niður jafngott orð og taka í staðinn ekki fegurra né merkilegra orð en „dagskrárstjórn".

Þá vildi hv. þm. fella niður það ákvæði l. að leita till. útvarpsráðs um skipun útvarpsstjóra. En fyrir því færði hann þó engin rök. Tel ég rétt og sjálfsagt, að útvarpsráð hafi þar till.rétt, þar sem það ætti að tryggja betri sam-

vinnu útvarpsráðs og útvarpsstjóra. En skipi ráðh. útvarpsstjóra, er hætt við, að hann hafi tilhneigingu til þess að láta þar pólitík ráða, og gæti slíkt spillt samvinnu milli fyrrnefndra aðila.

Hv. þm. þótti það illa til fundið að láta í ljós, að útvarpsstjóri skyldi ekki hafa nein launuð aukastörf. En þetta er ekkert einstætt; svo er t. d. um dómara í hæstarétti. Ætti það að tryggja hlutleysi, að maðurinn tæki ekki fé frá flokkum eða stofnunum né væri þeim að öðru leyti háður. Enda er þetta ekki gert út í bláinn, þar sem það er vitanlegt, að útvarpsstjóri hefir nú allgóða fúlgu — 1200 kr. — fyrir eftirlit með viðtækjaverzluninni. Ég tel útvarpsstjóra líka svo vel launaðan, í samanburði við aðra starfsmenn ríkisins, að ekki sé ástæða til að láta hann hafa þennan feita bita.

Þá vildi hv. þm. ekki láta útvarpsnotendur fá aukinn íhlutunarrétt um kosningu í stjórn útvarpsins. Það eru þó þeir, sem standa að mestu leyti undir rekstri útvarpsins og eru aðalviðskiptamenn þess. Útvarpsnotendur eru nú um 9400, og fer fjölgandi. Með 30 kr. afnotagjaldi greiða þeir 282 þús. kr. á ári. Árið 1933 er rekstrarkostnaður við útvarpið kr. 243446.76. Tillag útvarpsnotenda ætti því að vera um 40 þús. kr. fram yfir kostnað. Það er því fullljóst, að þeir standa undir rekstri útvarpsins, og ætti því að vera sjálfsagt að veita þeim rétt til að kjósa meiri hl. í stjórn útvarpsins. Það gerir þá ánægðari og bindur þá tryggari böndum við stofnunina, ef þeir finna, að stjórn hennar hvílir að miklu leyti í þeirra höndum.

Um valdsvið útvarpsstjóra og útvarpsráðs, er þeir töluðu um, hv. 1. og 9. landsk., get ég látið nægja að vísa til umsagnar útvarpsráðs. Það telur það beinlínis veilu á frv., að ákvæðin um þetta séu ekki nógu skýr. Það mun tæplega hægt að hafa þetta atriði skýrara en það er nú í lögunum, þar sem sagt er, að útvarpsráð ráði menningarlegri starfsemi útvarpsins. Hygg ég, að þetta sé svo ljóst, að það geti ekki valdið misskilningi, nema um óeðlilegan reipdrátt milli útvarpsráðs og útvarpsstjóra sé að ræða.

Minni hl. á hér ennfremur brtt. um, að fastara sé kveðið að orði um hlutleysi útvarpsins, með því að orða málsgr. svo, að gætt sé **fyllstu** óhlutdrægni. Teljum við, að því aðeins sé þessu ákvæði vel borgið, að orðið „fyllsta“ standi á undan „óhlutdrægni“ í l., eins og verið hefir. Það eina orð hefir fallið úr frv. Við sjáum ekki ástæðu til, að svo sé. Orðið er hér aðeins til áherzlu, og hér ríður mikið á, að rík áherzla sé lögð á óhlutdrægni.

Ég get ekki skilið þær röksemdir, sem hv. 1. landsk. færði fram fyrir því, að það væri óheilbrigt að fresta framkvæmd þessara l. hvað viðkemur kosningu útvarpsráðs. Hann taldi það óheilbrigt vegna verkamanna og bænda. Ég veit ekki til, að umkvartanir hafi komið frá þeim sérstaklega, og ég hygg, að menn hafi yfirleitt fellt sig við þá menn, sem hingað til hafa verið í útvarpsráði. Ég játa að vísu, að það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, sé heppilegra en það, sem verið hefir, en ég held þó, að það taki ekki svo mikið fram núv. skipulagi, að ég fyrir þá sök sjái ástæðu til að svipta þá, sem nú eru í útvarpsráðinu, stöðum sínum löngu fyrir þann ákveðna tíma. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þá hafa þessir menn varið miklum tíma til að gera sig svo kunnuga þessu starfi sem æskilegt er. Er þá óheppilegt að flæma þá frá starfinu þegar þeir eru orðnir fullfærir um að gegna því.

Ég er alveg viss um, að það er varhugaverð braut fyrir Alþingi að leyfa mönnum ekki að njóta neins öryggis í störfum sínum í þágu ríkisins. Það er óheppilegur ótti, ef hann ætti að rísa upp hjá öllum starfsmönnum þjóðarinnar í hvert sinn sem þing er sett á rökstóla, að þeir ættu það þá alltaf á hættu að verða flæmdir burt úr stöðum sínum. Ég verð því af réttlætisástæðum að leggja fyllstu áherzlu á, að þeir, sem nú eru í útvarpsráði, fái að sitja út sinn tíma.

Hv. 9. landsk. vildi draga inn í þessar umr. mál, sem kemur ekki þessu við. Það hefði sízt setið á honum að ympra á þeim tilmælum Sambands íslenzkra útvarpsnotenda, að menn, sem væru starfandi hjá útvarpinu, tækju ekki þátt í stjórnmálum. Minni hl. hefir ekki séð ástæðu til að taka þá till. upp. Ég veit ekki, hvað kemur þessum hv. þm. til að draga þetta atriði inn í umr. Ég ætla ekki að gera hér að umtalsefni hans persónulegu starfsemi við útvarpið, en hann veit, að það eru margir útvarpsnotendur á landinu, sem bera tortryggni til hans vegna hans stjórnmálastarfsemi. Ég hefi lýst minni skoðun á þessu með því að taka ekki upp þessa till. Sambands ísl. útvarpsnotenda, en ég tel óheppilegt, að hann sé tilefnislaust að draga sína persónulegu starfsemi við útvarpið inn í þessar umr., en ég ætla ekki að fara frekar út í það.

Ég ætla, að till. okkar minnihl.manna í allshn. hafi fengið svo góðan rökstuðning við þessar umr., að ég þurfi ekki frekar að mæla fyrir þeim, þar sem útvarpsráðið og Samband ísl. útvarpsnotenda hafa nú mælt með þeim.

**Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Það er vafalaust ekki mikil ástæða til að deila lengi um þetta mál. Af hálfu hv. frsm. minni hl. hefir ekkert nýtt komið fram, og hefi ég því fáu við að bæta það, sem ég hefi áður sagt. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að meiri hl. allshn. sá ekki ástæðu til að vísa þessu frv. frá sér til menntmn., vegna þess að samskonar mál hafa aldrei áður hér á þingi legið fyrir þeirri n., þó að ég geti verið sammála hv. þm. Snæf. um það, að málið ætti vel heima í menntmn.

Hv. þm. sá ástæðu til að fara nokkrum vel völdum orðum um frv. um eftirlit með opinberum rekstri og kallaði það ómerkilegt mál, en sjálfur vill hann þó ómögulega missa útvarpsráð og heldur sér mjög fast við það nafn á útvarpsstjórninni. Hv. þm. og hans flokkur vill og stofna til fiskiráðs. Þess ráðs, sem vissulega er engu merkara, eins og því er markað starfsvið í frv. um fiskiráð, heldur en ráð þau, sem stofna á til eftirlits með opinberum rekstri. En eins og hv. þm. Snæf. hefir í raun og veru viðurkennt,

er andstaða hans gegn frv. um eftirlit með opinberum rekstri fyrst og fremst sprottin af því, að frv. er samið af skipulagsnefnd atvinnumála.

Hv. þm. talaði um, að hann teldi þörf á að leita framvegis tillagna útvarpsráðs um skipun útvarpsstjóra. Þetta skiptir litlu máli, því að þar yrði eingöngu um till. að ræða, en ráðh. hefir eftir sem áður óbundnar hendur um það, hvaða mann hann velur í þá stöðu. Ef ráðh. vill í því vali fara eftir till. dagskrárstjórnar, þá er það honum innan handar, þó að það sé ekki fyrirskipað með l. Sá ráðh., sem teldi rétt að fá till. dagskrárstj. um val útvarpsstjóra, mundi auðvitað leita þeirra till. Það er því engin ástæða til að lögbinda þetta, því raunverulega hefir það engin áhrif á veitingu stöðunnar.

Hv. þm. Snæf. heldur því fram, að það sé engan veginn einsdæmi að banna mönnum með lögum að hafa fleiri launuð störf en sitt aðalstarf. En þetta er misskilningur hjá þm. Og það sem hann sagði um dómara hæstaréttar, er ekki rétt, því að þeim er ekki meinað að hafa önnur launuð störf á hendi en dómarastörfin, enda hafa þeir oft stundað slík störf. Þeir hafa t. d. oft setið í nefndum, sem hafa fjallað um ýms mál, og tekið fé fyrir, og engum hefir dottið í hug að finna að. Ég þekki engin þau fyrirmæli í íslenzkum lögum, sem fyrirskipi embættismönnum, að þeir megi ekki taka við launuðum störfum utan síns aðalstarfs, hvort sem það eru opinberir starfsmenn eða hjá einkastofnunum. Brtt. hv. minni hl. allshn. er því eingöngu „krakilleri". (**ÓTh**: Hvað þýðir það orð?) Það er til gott og gilt ísl. orð yfir þetta hugtak, og það er **strákskapur**, einkenni, sem hv. þm. G.-K. er ekki alveg laus við. En ég vil bjóða hv. þm. Snæf., að við athugum launalögin í sameiningu og breytum launakjörum allra embættismanna þannig, að þeir þurfi ekki að fá launuð aukastörf. En hitt álít ég, að geti ekki haft við neitt að styðjast, að taka þannig eitt embætti út úr, eins og hann nú vill vera láta.

Það skiptir ekki miklu máli, hvort útvarpsnotendur velja 3 eða 4 menn í dagskrárstjórn, en ég tel eðlilegt, að sá ráðh., sem hefir á hendi yfirstjórn þessara mála, velji formanninn, og það verður þá til þess að ekki verða valdir nema 3 af útvarpsnotendum.

Ég get ekki fallizt á þá röksemd í bréfi útvarpsráðs, að með þessu frv. sé óljósara valdsvið dagskrárstjórnar en áður útvarpsráðs. Eins og hv. 9. landsk. benti á, þá ætti það að vera að sumu leyti ljósara með þessu frv.

Það skiptir engu máli, hvort samþ. verður till. minni hl., að orðinu „fyllsta" sé bætt framan við „óhlutdrægni". Hlutleysi getur aldrei verið annað en fyllsta hlutleysi. Ef sagt er, að einhver eigi að vera hlutlaus, þá er þar vitanlega átt við fyllsta hlutleysi. Um hálft hlutleysi er þar ekki að ræða. Þess vegna er þessi brtt. óþörf.

Síðast drap hv. þm. á framkvæmd frv., ef að l. yrði, að því er snertir útvarpsráð það, er nú situr. Það var náttúrlega útúrsnúningur úr mínum orðum, þegar hann var að tala um, að hann vissi ekki til, að neinar umkvartanir hefðu borizt frá bændum og verkamönnum. Ég sagði, og hann var því sammála, að það væri breyt. til batnaðar að velja útvarpsráð eins og ráð er fyrir gert í frv., og það væri óheppilegt, að löggjöfin veitti einstökum stofnunum eða félögum einkarétt til að útnefna menn til að stjórna útvarpinu, en ef það væri gert, þá teldi ég sjálfsagt að taka þar tillit til tveggja fjölmennustu stétta landsins, sem væru verkamenn og bændur, og samtaka þeirra. Annars álít ég þá aðferð ekki heppilega, heldur vil ganga þá braut, sem bent er á í frv., að útvarpsnotendur velji 3 þessara fulltrúa sjálfir, Alþ. 3, og ráðh. skipi formann. En ef rétt er að breyta þannig til, sem ég tel engum vafa bundið, þá er ekkert, sem réttlætir það, að draga þá framkvæmd. Ef menn álíta heppilegt að gera breyt. á einhverju, þá er æskilegt, að sú breyt. komist á sem allra fyrst. Þegar Sjálfstfl. var með sitt alkunna „réttlætismál", taldi hann svo mikið í húfi að koma því fram undir eins, að hann vildi ekki einu sinni láta það dragast um eitt þing.

Hv. þm. Snæf. talaði um réttlætismál í þessu sambandi. Ég álít þessa breyt. á skipun útvarpsráðsins réttlætismál, og af því megi draga þá rökréttu ályktun, að því fyrr sem því réttlæti er fullnægt, því betra. Þegar meiri hl. Alþingis hefir samþ. að færa skipun útvarpsráðs í réttlátara horf, er sjálfsagt að koma því í framkvæmd sem allra fyrst.

**Sigurður Einarsson** [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá orð í sambandi við ræðu hv. þm. Snæf. — Hann byrjaði ræðu sína á því, sem ég vildi kalla prestsverk. Hann fór að tala um það, hvort væri heppilegra orð, dagskrárstjórn eða útvarpsráð. Ég geri ráð fyrir, að menn mundu venjast hvoru orðinu sem er, og alveg eins og menn sögðu aldrei „útvarpsráð ríkisútvarpsins" heldur aðeins „útvarpsráð", þá munu menn aldrei segja „dagskrárstjórn ríkisútvarpsins", heldur aðeins „dagskrárstjórn", eins og hún er nefnd í frv., að undanteknum einum stað.

Um launuð aukastörf í sambandi við útvarpsstjóra þarf ég fátt að segja, því að hv. 1. landsk. hefir svarað því fyllilega. Ég gæti bent á embættismenn í þessu þjóðfélagi á svipuðum eða sömu launum og þeim, er hv. þm. Snæf. ætlar útvarpsstjóra með þessari till., og ekki einungis á sömu launum, heldur einnig í sambærilegum stöðum, þar sem þeir eru framkvæmdarstjórar fyrir það opinbera. Það þarf ekki annað en að líta á eitthvað af þeim gögnum, sem fjvn. hefir nú með höndum, til að sjá að þessir menn hafa margskonar launuð aukastörf með höndum.

Auk þess, sem hv. 1. landsk. benti á það í samanburði sínum um útvarpsstjóra og hæstaréttardómara, að þeir ynnu launuð aukastörf, þá vil ég benda á það, að í l. um útvarp — og eins í þessu frv. — er gert ráð fyrir, að útvarpsstjóri sé framkvæmdarstjóri, sem sér um, að það sé gert, sem dagskrárstjórn segir, að gera skuli. Á hann því alltaf fyllstu gagnrýni á hættu, ef honum tekst ekki sem skyldi. Hæstaréttardómari aftur á móti á að framkvæma viss atriði fyrir það opinbera og er vitanlega alltaf undir gagnrýni, þó að hans framkvæmdum verði ekki hnekkt.

Að því er snertir fjölgun þeirra, sem útvarpsnotendur skuli kjósa, þá eru það ekki djúp rök fyrir því, að útvarpsnotendur beri allan kostnaðinn. Landslýðurinn ber yfirleitt uppi allan kostnað af öllu því, sem gert er, svo að eftir þessari röksemd hv. þm. ætti þá allur almenningur að kjósa þá, sem framkvæmdu hvað sem gert væri, en það veit hv. þm., að er nú ekki gert. Svo er og það, að útvarpið hefir fleiri tekjugreinar en afnotagjöldin, t. d. fær það miklar tekjur af auglýsingum. Um lok þessa árs voru þær um 40 þús. kr.

Þá minntist hv. þm. á tryggð notenda við útvarpið og taldi æskilegt, að hún væri meiri. En hvaða stofnun er það, sem ekki mætti segja um, að æskilegt væri, að menn héldu meiri tryggð við hana? Annars má nokkuð ráða um tryggð manna við útvarpið af því, hve margir af þeim, sem gerzt hafa viðskiptamenn þess, ganga úr skaftinu, en þeir eru mjög fáir. Nú eru útvarpsnotendur um 9400, og sýnir það, að þessi stofnun á töluverðri tryggð að fagna í hugum þeirra manna, sem á útvarp hlusta.

Svo held ég, að það, sem hann sagði til mín persónulega, beri að skoða sem einhverja flokksskyldu meinta í sæmilegu bróðerni. Það hefir nú einu sinni komið fyrir, að þetta litla traust mitt átti að koma fram á alvarlegri hátt, en þá urðu rúml. 1000 útvarpsnotendur til að mótmæla því við útvarpsráð, eins og hv. þm. getur fengið að sjá, því að útvarpsráð hefir þau plögg með höndum.

Þetta er þá það helzta, sem ég vildi segja viðvíkjandi ræðu hv. þm. Snæf. Jafnframt því vil ég leggja áherzlu á það, að hér er í raun og veru um mjög lítinn skoðanamun að ræða. Útvarpsráð hefir haft frv. til athugunar og hefir ekki svo mikið út á það að setja, að það taki að gera ákveðnar till. um breyt., og hefir látið í ljós samþykki sitt yfir ýmsu, en minni gleði yfir öðru.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. við f-lið 4. brtt. á þskj. 279, um að niður falli úr liðnum orðið „síðar". Þar sem brtt. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifleg, verður að veita tvenn afbrigði til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 318) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Thor Thors):** Mér gengur stundum illa að skilja hv. 1. landsk., og ég gerði það vissulega ekki, þegar hann sagði, að ég sé á móti þessum ómerkilegu ráðum, sem eigi að stofna samkv. frv. um eftirlit með opinberum rekstri, en þó sé mér svo annt um eitt ráð, sem heiti útvarpsráð. Mér þykir augljóst, að einhver yfirstjórn þurfi að vera yfir útvarpinu, og um það eru allir sammála. Og ég vil halda í þetta góða nafn, sem sú stjórn hefir hingað til borið, en ekki þetta stirða heiti, „dagskrárstjórn ríkisútvarpsins", sem meðmælendur þess hafa verið að stama fram.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um frv. um eftirlit með opinberum rekstri, en ég vil enn leyfa mér að kalla það ómerkileg ráð, sem þar á að stofna. Þetta eru 3 þriggja manna ráð, sem eiga að líta eftir ríkisfyrirtækjunum, svo sem landssímanum, pósti, útvarpi og skipaútgerð ríkisins, og er ráðgert, að þessi ráð komi saman einu sinni í mánuði. Og þá sér maður, hvort þau muni geta rannsakað nákvæmlega allar þessar ríkisstofnanir.

Hv. þm. hélt því fram, að það munaði litlu, hvort kennslumálaráðh. ætti að leita tillagna útvarpsráðs um setningu útvarpsstjóra. Ef svo er, vænti ég, að hann greiði atkv. með brtt. minni. Annars tel ég það mikinn mun, hvort ráðh. er þetta fyrirskipað eða ekki. Þeim fannst það, hv. sósialistum hér í deildinni, í vinnumiðluninni, og þeim hefir fundizt það oftar. Mér er sem ég sjái þá ráðh. gera sér leik að því, að skipa útvarpsstjóra gegn till. útvarpsráðs. Hér er því aðhald fyrir ráðh., og er því nauðsynlegt, að honum sé skylt að leita þessara till., og er það einmitt spor í þá átt, að tryggja betri samvinnu milli útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Viðvíkjandi því, að hæstaréttardómarar séu í nefndum, þá hygg ég, að það komi sjaldan fyrir. Það væru þá helzt einhverjar nefndir, sem þeir væru í um stundarsakir samkv. beiðni ríkisstj., ef sérstaklega þyrfti að athuga einhverja sérstaka lagasetningu, en það getur aldrei orðið til langframa vegna embættis þeirra.

Hv. þm. segist gjarnan vilja fallast á að auka laun embættismanna svo, að þeir þurfi ekki að taka við launuðum aukastörfum. Hér er nú fyrsta sporið, og má gjarnan stiga það strax og halda svo áfram. Sýnist mér það fullkomlega réttmætt.

Hv. 9. landsk. segir, að engin sérstök ástæða sé til að taka tillit til útvarpsnotenda, þó að þeir beri uppi allan kostnað við rekstur þessa fyrirtækis, því að fólkið í landinu standi undir öllum opinberum rekstri. Þetta er rétt, en útvarpsnotendur eru sá hluti þjóðarinnar, sem stendur eingöngu undir rekstri útvarpsins. (SE: Það er nú allmyndarlega tekið tillit til þeirra). Það er rétt, en þó alls ekki nægilega mikið tillit.

Þá var það smáatriði, sem hv. þm. gat um, að tekjur útvarpsins af tilkynningum og auglýsingum voru á síðastl. ári 40 þús. kr., en í LR. 1932 voru þessar tekjur 15375 kr. Mér finnst þetta nú talsvert stórt stökk, en þó þetta kunni að vera rétt, þá skiptir það engu máli. Allir vita, að aðalstytta útvarpsins eru tillög útvarpsnotenda.

Þá vildi hv. þm. draga sína eigin persónu inn í umr. og var að segja, að ég hefði verið með skæting til sín, en þetta er ekki rétt. (SE: Ég sagði mildan skæting). En hann hefir í margra augum verið dálitið tortryggilegur vegna sinna pólitísku afskipta almennt og af ýmsum málum. Hv. þm. lætur sig álit útvarpsráðsins litlu skipta. Þar er þó í fyrsta lagi tekið fram, að kosning útvarpsráðsins sé óheppileg eftir till. frv., og í öðru lagi er lýst óánægju yfir því, hve mjög séu óljós ákvæði 5. gr. frv. um skiptingu valdsins milli útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Ég tel fyllstu ástæðu til, að hv. þdm.

taki tillit til þess, sem útvarpsráðið leggur til í sínu áliti um þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Nd., 5. nóv., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 279,1 samþ. með 17:2 atkv.
— 279,2 felld með 17:14 atkv.
— 305 samþ. með 17:1 atkv.
— 279,3 samþ. með 18:13 atkv.
— 279,4.a felld með 17:15 atkv.
— 279,4.b þar með fallin.
— 279,4.c samþ. með 20:4 atkv.
— 279,4.d felld með 17:14 atkv.
— 279,4.e kom ekki til atkv.
— 318 samþ. án atkvgr.
— 279,4.f, svo breytt, samþ. með 18:12 atkv.
— 279,5.a felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM.

**nei:** JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.

MT greiddi ekki atkv.

Brtt. 279,5.b samþ. án atkvgr.
— 279,5.c samþ. með 19 shlj. atkv.
— 244,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 244,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 248 kom ekki til atkv.
— 279,6 felld með 17:12 atkv.
— 279,7 felld með 17:12 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:8 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 31. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 329).

Á 33. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Mér finnst óviðkunnanlegt, að skýringar skuli ekki fylgja frv., því þó að breytingarnar, sem á því hafa verið gerðar, séu ekki víðtækar, þá eru þær þó nokkrar. Ég skal viðurkenna, að það var mikil þörf á að breyta fyrirkomulaginu á skipun útvarpsráðs. Það er óviðfelldið að binda kosningarrétt útvarpsnotenda við það, að þeir séu í einhverju útvarpsnotendafélagi. Það er erfitt að sýna fram á, að það sé á neinni skynsemi byggt. Sá, sem greiðir sitt gjald, á rétt á því að hafa íhlutunarrétt um skipun útvarpsráðs. Hann nýtur auðvitað dagskrárinnar, hvort sem hann er í nokkru félagi eða ekki. Ég álít tvímælalaust til bóta að gera kosninguna almenna og að útvarpið sjálft gangist fyrir henni. En aðrar breyt., sem gerðar hafa verið, eru ekki jafnheppilegar. Áður var útvarpsráðið skipað af ákveðnum aðilum, eða eins og einn maður orðaði það í fyrra, af kennimannastétt landsins. Einn maður var kosinn af háskólanum, einn af kennurum og sá þriðji af þjóðkirkjunni. Þetta er ekkert óeðlilegt, að kennimannastéttin hafi nokkurn íhlutunarrétt um það, hvað þessi þjóðskóli, sem útvarpið á að vera, ber á borð fyrir þjóðina. Meginið af því, sem útvarpið flytur, á að vera á einhvern hátt fræðsluefni og hafa áhrif á uppeldi þjóðarinnar. Mér finnst því, að það sé ekki rétt að svipta þessa aðila rétti til þess að útnefna menn í útvarpsráð. Eftir frv. á Alþ. að kjósa nokkurn hluta útvarpsráðsins. Menn færa auðvitað þá ástæðu fyrir þessu, að Alþ. leggi til fé, eða ríkissjóður, og að grundvöllur starfseminnar byggist á því. En þetta er í raun og veru veik ástæða og nálgast það að vera hugsunarvilla. Útvarpsráðinu kemur það ekkert við, þó að hið opinbera leggi fram fé. Það á eingöngu að ráða dagskrá útvarpsins. Alþ. hefir engin skilyrði til þess að ráða því, hvernig dagskrá útvarpsins er hagað. Ef Alþ. legði nokkuð til þeirra mála, þá væri það helzt pólitík, og myndi það ekki vera heppilegt. Kosning Alþ. í útvarpsráð myndi fara fram eftir pólitískum skoðunum, en eins og kunnugt er, á að reyna að girða fyrir það, að pólitík komist inn í útvarpið. Það verður því að teljast óheppilegt að láta eina algerlega pólitíska aðilann í landinu kjósa nokkurn hluta útvarpsráðs, þó að ég á hinn bóginn óttist það ekki, að Alþ. geti ekki skipað fullsæmilega menn í útvarpsráð, sem geta vel starfað þar ópólitískt, þó að þeir eigi sér þennan pólitíska uppruna. Ég tel það ekki til bóta, að útvarpsráðið á sjálft að kjósa formann sinn, og á hann enga sérstöðu að hafa. Hann verður fundarstjóri og hefir sömu skyldur og aðrir. En það væri eðlilegt að skipa hann sér og að hann hefði sérstöðu innan útvarpsráðsins. Reynslan hefir sýnt, að starf formannsins getur orðið umfangsmikið, og hefir mér alltaf fundizt, að fela mætti honum mikið af störfum útvarpsstjóra.

Það má benda á í þessu sambandi, að útvarpsstjóra eru ákveðin 7500 kr. laun, og dýrtíðaruppbót að auki. Mér finnst, að þetta fari í öfuga átt við þá skoðun, sem kemur fram í fjárl.-frv. stj., að ekki beri að greiða dýrtíðaruppbót af launum, sem fara yfir 4500 kr. Það er óeðlilegt að ákveða þetta um embætti, sem ekki er vandasamara en önnur embætti með svipuðum launum.

Mér finnst einnig óviðkunnanlegt, að ætlazt er til, að l. gangi þegar í gildi. Útvarpsráðið, sem nú er, á þá að víkja, ef l. verða samþ. Ég get ekki séð, að störf útvarpsráðs breytist svo, að það geri neitt til, þó að það starfi út sinn tíma. Það liggur ekkert á, að slíkar breyt. komi fyrr en á eðlilegum tíma. Mér finnst, að annars kenni of mikillar frekju, og að það líti svo út, sem það liggi á að koma ákveðnum mönnum út úr útvarpsráðinu. Mér finnst heppilegt að ákveða, að breytingin komi til framkvæma, þegar útrunninn er starfsfrestur þeirra manna, sem nú skipa útvarpsráð. Mér er lítt skiljanlegt, hvers vegna liggur á að hraða breytingunni. Ég vil láta þessi ummæli fylgja frv., áður en það fer til n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 329, n. 518).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Eins og nál. menntmn. á þskj. 518 ber með sér, þá er n. sammála um flest atriði þessa frv. Það er aðeins eitt atriði, sem nokkur ágreiningur hefir orðið um, þar sem ég og hv. þm. S.-Þ. leggjum það til, að frv. verði samþ. óbreytt, en þriðji nm., hv. 5. landsk., hefir skrifað undir nál. með fyrirvara að því er snertir kosningu Alþingis til útvarpsráðs.

Við 2 nm. lítum svo á hvað þetta snertir, að eðlilegt sé, að Alþ. eigi sína fulltrúa í útvarpsráðinu. Ég þykist vita, að það verði haft á móti þessu, að fulltrúar þeir, sem Alþ. kýs, muni verða fulltrúar stjórnmálaflokka og skoða sig sem slíka í útvarpsráðinu. Þetta er náttúrlega alveg rétt. Þeir verða kosnir af stjórnmálaflokkum og verða þeirra fulltrúar, en ég hygg, að hvernig sem að verður farið við skipun útvarpsráðs, þá verði ekki hjá því komizt, að í því sitji alltaf menn, sem hafa einhverjar ákveðnar pólitískar skoðanir. Það er svo með flesta Íslendinga, að þeir hafa ákveðnar pólitískar skoðanir og telja sig flestir til einhvers ákveðins stjórnmálaflokks. Ég sé þess vegna að þessu leyti ekki mikinn mun á því, hvort maðurinn er beint kosinn af Alþingi, og af pólitískum flokkum þar, eða hvort hann er kosinn af einhverjum öðrum. Þegar það verður þess vegna svo, a. m. k. að áliti okkar 2 nm., að í útvarpsráðinu verða að sjálfsögðu menn með ákveðnar pólitískar skoðanir, og þess vegna alltaf hætt við, að grunur falli á um pólitíska hlutdrægni, hvort sem ástæða er til þess eða ekki, þá álítum við þó a. m. k. bót að því, að þær pólitískar stefnur, sem til eru í landinu, njóti jafnréttis og eigi þarna fulltrúa í hlutfalli við það fylgi, sem þær hafa. Það eru sjálfsagt allir sammála um það, að ríkisútvarpið eigi ekki undir neinum kringumstæðum að vera pólitískt hlutdrægt, og ég hygg, að ein bezta vörnin gegn því, að útvarpið verði pólitískt hlutdrægt, sé einmitt sú, að allir þeir stjórnmálaflokkar, sem nokkurs mega sín, eigi fulltrúa í útvarpsráðinu, til þess að gæta þess, að ekki sé gengið á rétt neins einstaks flokks.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér sögu útvarpsins. En það hefir verið svo hingað til, að pólitík hefir ekki verið útilokuð þar að því leyti, að leyfðar hafa verið stjórnmálaumræður, og þá hefir, að því, er virzt hefir, fyllsta jafnréttis verið gætt. Jafnvel þeir flokkar, sem svo lítið fylgi hafa haft með þjóðinni, að þeir engan fulltrúa hafa átt á Alþ., hafa þar fengið að halda fram sinni skoðun eins og þingflokkarnir.

Hvað snertir skipun útvarpsráðs að því leyti, að útvarpsnotendur kjósi 3 menn í það, þá hefir n. orðið sammála um, að það sé heppilegt og sanngjarnt, því vitanlega varðar útvarpsnotendur það mestu, hvernig rekstri útvarpsins er hagað og hvaða dagskrárefni þar er haft. Við kosningu þessara manna býst ég við, að fleira geti komið til greina heldur en stjórnmál. Það er mjög líklegt, að menn, sem eiga einhver sameiginleg hugðarefni á öðrum sviðum, taki sig saman og beri fram lista, t. d., að kirkjulega sinnaðir menn beri fram sérstakan lista, o. s. frv.

Þetta er 2. umr. málsins og þar af leiðandi á ekki við að fara að ræða málið almennt, og þar sem engar brtt. liggja fyrir frá n., þá hefi ég ekki ástæðu til þess að tala frekar um einstök atriði frv. Það hefir ekki orðið ágreiningur um nema þetta eina atriði í n., og mælir hún með frv. óbreyttu að öðru leyti en því, sem áður er frá skýrt. Hinsvegar vil ég ekki staðhæfa, að það geti ekki verið einhver smáatriði í frv., sem betur mættu fara, en n. hyggur þó, að það sé a. m. k. ekki um nein stórvægileg atriði að ræða. N. athugaði málið rækilega og bar frv. saman við eldri l., og fann ekki neitt, sem brýn nauðsyn væri til að breyta, a. m. k. ekki svo mikil nauðsyn, að það borgaði sig að láta frv. fara að hrekjast á milli d. fyrir þær sakir.

Ég sé, að hér er komin brtt. við frv. frá hv. þm. Dal. og hv. 10. landsk. N. hefir ekki haft tækifæri til þess að athuga hana, þar sem henni mun hafa verið útbýtt hér á fundinum. Mun ég ekki heldur ræða um hana, a. m. k. ekki fyrr en hv. flm. hefir tekið til máls.

**Forseti (EÁrna):** Útbýtt er í d. brtt. á þskj. 560. Þar sem þessi brtt. er of seint fram komin, verður að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Guðrún Lárusdóttir:** Eins og menn sjá, hefi ég skrifað undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn táknar það fyrst og fremst, að ég hygg, að það muni ekki vera til bóta, að tilhögun við ráðningu manna í útvarpsráð verði breytt á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég held, að þjóðin sé ánægð með það fyrirkomulag, sem nú er, og ennfremur, að hún líti svo á, að útvarpið sé almenningseign og sú menntastofnun, sem allur almenningur á aðgang að. Og þess vegna held ég, að þjóðinni þyki það viðeigandi, að þessir menn, sem mætti kalla kennara þjóðarinnar, séu skipaðir af þeim aðilum, sem hingað til hafa haft það mál með höndum, til þess að þær menntastofnanir og andlegar stofnanir, sem má segja um, að valdi mestu um þá andlegu strauma, sem um landið fljóta, ráði miklu um starfsemi og dagskrá útvarpsins. Ég held, að það sé mjög misráðið að fá Alþingi þetta í hendur. Ég veit, að hv. þdm. er kunnugt um, að það, sem sérstaklega hefir verið fundið að starfsemi útvarpsins, er hinn mikli pólitíski blær, sem mönnum hefir fundizt bera á við útvarpið. Þetta hefir maður heyrt, og ekki síst á síðastl. vetri, þegar rætt var um þetta í útvarpinu sjálfu dag eftir dag. Ég hygg, að yfirleitt sé þjóðin að verða leið á öllu þessu pólitíska rausi og þrasi og krefjist þess fyrir sitt leyti, og þessari mestu og beztu menntastofnun landsins barna verði haldið sem mest utan við stjórnmál. Það er tæplega hægt að halda því fram, að svo geti orðið, ef Alþ. á að skipta sér af þessu og kjósa þessa menn.

Ég legg mikla áherzlu á það, að menn athugi þetta mál vel, áður en þeir greiða atkv. með því, að þessu verði breytt frá því, sem áður var.

Hitt atriðið get ég aftur á móti vel fallizt á, að útvarpsnotendur fái að kjósa fyrir sitt leyti 2 menn í útvarpsráð, og tel ég það til bóta.

Það annað, sem ég hafði í huga, þegar ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, var ákvæðið um laun útvarpsstjóra, sem eru ákveðin 7500 kr., auk dýrtíðaruppbótar. Mér virðist það ekki réttlátt gagnvart þeim embættismönnum, sem lengi hafa starfað í þjónustu ríkisins, að nýir embættismenn ríkisins fái miklu hærri laun en hinir, sem lengur hafa starfað hjá ríkinu, og það samtímis því, þegar talað er um að fella niður dýrtíðaruppbót þeirra embættismanna, sem komnir eru að vissu hámarki, sem þó er að krónutali miklu lægri en byrjunarlaun þeirra, sem síðar koma.

En aðaláherzluna legg ég á það, að þessi menntastofnun landsins verði varðveitt frá því, að pólitíkin fái að smeygja sér þar inn, því að það teldi ég til mikils tjóns fyrir þjóðina í heild sinni.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég og hv. 10. landsk. eigum hér brtt. á þskj. 560. Ég þarf ekki að vera margorður um hana. En eins og nú standa sakir, finnst okkur ekki viðeigandi, að farið sé að lögbinda laun manna, og einkanlega þá þeirra, sem ef til vill hafa samningsbundin laun, sem ekki er hægt að breyta í fljótu bragði. Þar sem svo stendur á, að launamálan. er að ljúka störfum og skila till. sínum, og sennilega verður lagt fyrir næsta þing frv. til nýrra launal., þar sem laun allra embættis- og starfsmanna ríkisins verða samræmd, þá virðist, að þessu athuguðu, ekki ástæða til að fara að lögbinda nú laun einstakra manna. Við leggjum þess vegna til, að til bráðabirgða verði þessu þannig fyrir komið, að kennslumálaráðh. ákveði launin.

Ég get bætt því við, ef endilega á að knýja það fram að lögbinda þessi laun, sem ég tel allt of há, að ég mun þá, ef þessi brtt. okkar hv. 10. landsk. verður felld, koma með brtt. við 3. umr. um niðurfærslu á launum.

**Magnús Jónsson:** Það er í raun og veru aðeins af aðgæzluleysi, að ég bar ekki fram brtt. við frv. við þessa umr. Ég hreyfði dálitlum aths. við fyrri umr. málsins, og sé nú, að hv. 5. landsk. skrifar hér undir nál. með nokkuð svipuðum fyrirvara eins og því, sem ég minntist á þá, og ef nokkuð á úr því að verða meira, þá verður vitaskuld að bera fram till. um, að þessu verði breytt í frv. Það er ennfremur fleira í frv., sem ég fyrir mitt leyti vildi hafa öðruvísi, og mun ég bera fram brtt. um það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 560 felld með 8:7 atkv.
3. gr. samþ. með 8:2 atkv.
4.—11. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn 1. kafla samþ. án atkvgr.
12.—15. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn 2. kafla samþ. án atkvgr.
16.—17. gr., ásamt bráðabirgðaákvæði, samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn 3. kafla samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 329, 568, 577).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 577. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég hefi borið fram 4 brtt. við þetta frv. — 1. brtt. er kannske óþörf, nefnil. að laun útvarpsstjóra séu ekki ákveðin nema þangað til laun hans verði ákveðin í launalögum. Þetta á í raun og veru að gerast af sjálfu sér, ef launalögin verða einhverntíma endurskoðuð, því að sérstöðu hafa starfsmenn við ríkisstofnanir enga fram yfir þá, sem eru í launalögum. Enda er bersýnilega ákaflega mikið ósamræmi milli þessara launa og yfirleitt launa í launalögum.

En ég vil nota tækifærið til að spyrja hæstv. kennslumálaráðh., hvernig á því standi, að launin eru ákveðin svo há sem raun ber vitni í þessu frv. Fyrst og fremst er því yfir lýst, og fjárl. bera það með sér, að stj. hefir hugsað sér að afnema dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, ef komið er fram yfir upphæð, sem er miklu lægri en hér er ákveðið. Og nýlega var útbýtt till. frá stjórnarhluta hv. fjvn., þar sem svo er ákveðið, að dýrtíðaruppbót skuli ekki greiðast, ef laun og dýrtíðaruppbót fari nú fram úr 5 þús. kr. En hér eru einum manni ætluð 7500 kr. laun og dýrtíðaruppbót. Ég finn ástæðu til að spyrja hæstv. stj., þar sem hún virðist sannfærð um, að 5 þús. kr. séu mjög svo rífleg laun fyrir hvern embættismann, hvað til þess ber, að hún síðan stendur bak við l., sem ákveða einum embættismanni, sem vissulega hefir ekki nema miðlungsembætti á hendi að vanda og ábyrgð, laun, sem eru gersamlega í ósamræmi við stefnu hæstv. stj. Og af því að stjórnarblöðin hafa nú síðustu dagana verið alveg sérstaklega viðkvæm um skoðanir manna í þessum efnum og hugsanlegt ósamræmi í þeim, þá þætti mér ekki einskis vert að fá skýringu á þessu fyrirbrigði.

Ég hefi nú ekki borið fram till. um breyt. á þessu atriði. Ég álít þessi laun ekki nema rétt nægjanleg til þess, að maðurinn geti látið ríkinu í té sitt starf, en ósamræmið er ákaflega mikið.

2. brtt. mín er í nokkrum liðum og í samræmi við það, sem ég hefi sagt við fyrri umr. um það, hvernig skuli skipa útvarpsráð. Ég sé enga ástæðu til, að Alþingi kjósi þrjá menn í útvarpsráð. Það getur verið, að þótt þeir séu kosnir eftir pólitískum línum, þá verði þeir ekki pólitískir fulltrúar í útvarpsráðinu. En mér finnst alveg óþarft að stofna pólitískt til kosningar manna, sem nauðsynlega þurfa að starfa ópólitískt.

Heyrt hefi ég eina ástæðu færða fyrir, — að útvarpið lifi aðallega á tekjum úthlutuðum af Alþingi, og sé því venjuleg ríkisstofnun. En útvarpsráðið hefir vitanlega enga meðgerð með

fjármál útvarpsins, heldur hefir útvarpsráðið, ef svo má segja, hina andlegu hlið útvarpsins til meðferðar, að ákveða dagskrárefnið, fréttaflutning o. fl. Sé ég ekki, að þetta þurfi íhlutunar Alþingis við.

Ef menn vilja ekki stíga sporið hreint út, að láta útvarpsnotendur kjósa allt útvarpsráðið, t. d. að formanni undanteknum, þá finnst mér fara vel á því, að þær stofnanir, sem hingað til hafa útnefnt sinn manninn hver, haldi því áfram. Útvarpið er vissulega skóli fyrir þjóðina, og hlutverk þess er að miklu leyti þess eðlis. Það er því ekki nema eðlilegt, að þeir aðilar, sem helzt er falin fræðsla þjóðarinnar, nefni sinn manninn hver í útvarpsráðið. Hlutdeild þjóðkirkjunnar í skipun útvarpsráðs er næsta eðlileg, þar sem einn talsvert stór liður í starfsemi útvarpsins hefir verið guðsþjónustur, sem útvarpað er. Og það er þáttur, sem ég ætla, að mjög margir vilji engan veginn rýra á neinn hátt. Þess vegna er ekki nema eðlilegt, að kirkjan hafi sinn fulltrúa í ráðinu. Og ennfremur, að þeir, sem annast almenna fræðslu í landinu, nefni einn fulltrúa, og að lokum háskólinn fyrir hönd hinna svokölluðu æðri mennta. Ég hefi þess vegna borið fram þessa till., til þess að þeir, sem ekki hafa trú á pólitiska kosningu í útvarpsráð, hafi tækifæri til að sýna það við atkvgr.

Hinir liðirnir eru í sambandi við þann fyrsta, að nema burt þau ákvæði, sem snerta kosningu Alþingis á þessum mönnum, — nema d-liðurinn, sem er till. í samræmi við seinni part a-liðs 2. brtt. Ég tel heppilegt, að ráðh. útnefni formanninn og að hann hafi nokkra sérstöðu sem nokkurskonar framkvæmdarstjóri útvarpsráðs, eins og hingað til, á því sviði, sem vald ráðsins nær til.

Brtt. um, að II. kafli falli niður, er náttúrlega talsvert róttæk; en ég hefi borið hana fram í samræmi við mína skoðun á verzlunarmálum landsins yfirleitt. Verzlun með útvarpstæki er þar engin undantekning. Ég álít hana bezt komna í höndum einstaklinga, og ekki vafasamt, að útvarpsnotendur hefðu með því fyrirkomulagi notið á ýmsan hátt betri viðskipta hingað til. T. d. var lengi strangleiki um það, að tækin væru borguð út í hönd. En á hinn bóginn getur ríkið fengið allar tekjur, sem það nú fær, með einföldum tolli einum saman. Tollinn nefni ég að vísu ekki í till., en að sjálfsögðu yrði hann ákveðinn hæfilegur, svo að útvarpið þyrfti einskis í að missa.

Þessi einkasala er nokkuð dýr. Forstjóri hennar hefir — eins og aðrir utan launal. — allrífleg laun; í sjálfu sér ekki óeðlilega há, en hærri en hliðstæðir embættismenn. Á starfsemi hans persónulega deili ég ekki; það ég þekki til, virðist hann starfa með mikilli lipurð.

En nú hefir þótt nauðsynlegt að fela útvarpsstjóra umsjón með þessari verzlun, og hefir hann 2 þús. kr. fyrir. Allt leggst þetta nú á verzlunina.

4. brtt. er um, að ákvæði til bráðabirgða falli niður. Ég skil nefnilega ekki í, hvernig í ósköpunum liggur svona mikið á. Það er alveg eins og að menn haldi, að útvarpsráðið muni hafa endaskipti á landi og þjóð, ef það fær að enda út sinn starfstíma. Mér finnst það svo sjálfsagður og eðlilegur hlutur, að svo lítilfjörleg breyt. sem þessi sé látin koma eðlilega inn í rás viðburðanna, þannig að hið nýja útvarpsráð tæki við þegar tími hins fyrra er endaður. En að grípa til slíkra ráðstafana sem þeirra, að sama Alþingi, sem afgr. þessi l., rjúki þegar í stað til að kjósa þessa menn, og að síðan sé stofnað til kosninga um land allt, það er ekki hægt að afsaka nema þegar einhverjir stórkostlegir hagsmunir eru annarsvegar, t. d. ef stöðva á rekstur fyrirtækis, sem er farið á hausinn, eða þess háttar. Mér er þessi bráðflýtir alveg óskiljanlegur, ef ekki eru einhverjir persónulegir hlutir blandaðir inn í málið. Ég álít alveg nóg, að þessi lög öðlist gildi nú þegar, en að hið nýkosna útvarpsráð taki ekki við fyrr en hitt hættir. Fyrir því hefi ég sett í c-lið 2. brtt. minnar, að kosning í hið nýja útvarpsráð skuli fara fram svo tímanlega, að henni sé lokið áður en starfstíma fyrir útvarpsráð er lokið.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að samkv. 3. gr. frv. er nokkurt misræmi í launum þeim, sem útvarpsstjóra eru ætluð, og launum embættismanna ríkisins. Ég hefi því ekki á móti því, að brtt. hans við 3. gr. verði samþ., og til viðbótar því vil ég taka það fram, að fari svo, að samþ. verði b- og c-liðir 2. brtt. á þskj. 582, að niður falli að nokkru leyti dýrtíðaruppbót af launum embættismanna, og að samskonar ráðstafanir verði gerðar gagnvart öðrum starfsmönnum ríkisins, þá tel ég alveg sjálfsagt, að niður falli einnig dýrtíðaruppbót af launum útvarpsstjóra. En sem kunnugt er, hafa þær till. ekki verið samþ. enn. Annars skal ég ekki eyða tímanum í að ræða launakjör embættis- og starfsmanna ríkisins, en ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Reykv., að þau séu mjög misjöfn. En sennilega koma þau til athugunar mjög bráðlega, því að ég geri ráð fyrir, að launamálanefndin verði búin að skila áliti sínu fyrir næsta þing, og þá verður hægt að taka mál þetta fyrir til rækilegrar athugunar, og því sé ég ekki ástæðu til að taka fyrir launakjör þessa eina manns sérstaklega nú. Af þeirri ástæðu er ég líka á móti brtt. hv. þm. Dal. um að lækka laun þessa embættismanns úr 7500 kr. í 6000 kr.

Þá fæ ég ekki heldur séð, að brtt. hv. 1. þm. Reykv. við 4. gr. frv. sé til bóta. Hann vill halda því fram, hv. þm., að kirkjuráð, fræðslumálanefnd og háskólaráð eigi að hafa rétt til þess að útnefna menn í útvarpsráðið. Þetta tel ég rangt, því eigi að halda áfram á þeirri braut, að sérstakar stofnanir eða stéttir útnefni þessa menn, þá tel ég illt að gera upp á milli um það, hvaða stofnanir eða stéttir eigi að hafa þennan rétt. Frá sjónarmiði landsmanna almennt virðist mér alveg eins rétt, að sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn ættu fulltrúa í þessu ráði eins og t. d. háskólinn og prestastéttin. Ég fæ því ekki annað séð, hvernig sem á mál þetta er litið, en að bezta leiðin verði sú, sem frv. gerir ráð fyrir, að helmingur þessara manna verði kosinn af útvarpsnotendum sjálfum, en hinn

helmingurinn af sameinuðu Alþingi, og að stj. skipi svo oddamanninn.

Um 3. brtt. hv. þm. á þskj. 568, að fella niður viðtækjaverzlunina, skal ég ekki deila nú. Okkur skilur mjög þar á milli sem áður í verzlunarmálunum. En ég vil vekja athygli á því, að verði till. þessi samþ., þá verður jafnframt að sjá útvarpinu fyrir tekjum á annan veg, sem nema samkv. áætlun útvarpsstjóra nokkuð á annað hundr. þús. kr. Annars hefir viðtækjaverzlunin gefið góða raun. Viðtækin hafa verið ódýr, jafnvel tiltölulega ódýrari en erlendis, en hafa þó gefið útvarpinu góðar tekjur.

Að því er snertir ákvæðið til bráðabirgða, þá tel ég sjálfsagt, að hið nýja útvarpsráð taki strax við, þegar lögunum hefir verið breytt. Það er á engan hátt útilokað, að þeir, sem nú skipa útvarpsráðið, fái sæti í hinu nýja; hafi menn fellt sig við þá, má fastlega gera ráð fyrir, að þeir nái kosningu.

Samkv. framansögðu vil ég því leggja til, að 2., 3. og 4. brtt. á þskj. 568 verði felldar.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Við 2. umr. þessa máls hér í d. bar ég fram brtt. um það, að lögbinda ekki nú laun útvarpsstjóra. Ég taldi ekki rétt að lögbinda þessi laun fyrr en það yrði gert í launalögum, og nú hefir hæstv. atvmrh. lýst yfir því, að frv. til nýrra launalaga væri jafnvel væntanlegt á næsta þingi. Hefði því starfsmaður þessi setið við þann launasamning, sem hann hefir nú, þar til launamálið væri útkljáð; en till. þessi var felld. Þegar ég mælti fyrir brtt. þessari við 2. umr., tók ég það fram, að færi svo, að hún yrði felld, þá myndi ég bera fram brtt. við 3. umr. um lækkun á launum útvarpsstjóra, og það hefi ég efnt með brtt. á þskj. 577. Nái till. þessi samþykki, þá lækka laun þessa embættismanns um 1500 kr. frá því, sem þau eru sett í frv. Þó eru þau jöfn byrjunarlaunum biskups, 1000 kr. hærri en byrjunarlaun landsímastjóra og jöfn hámarkslaunum vegamálastjóra. Líti maður svo á það, að ekki er krafizt sérþekkingar af þessum starfsmanni, eða hefir ekki verið gert við þá einu veitingu, sem átt hefir sér stað á þessu starfi, þá verður varla með neinum rétti hægt að halda því fram, að þetta, sem ég legg til, séu of lág laun fyrir hann, a. m. k. ekki samanborið við þá embættismenn, sem ég hefi nefnt, sem allir þurfa að eyða fjölda ára og miklu fé til sérmenntunar sér. Auk þess líka þegar vafi getur jafnvel leikið á um það, hvort embætti þetta sé nauðsynlegt, en um nauðsynjaleysi þess hafa komið fram raddir frá mönnum nákomnum stofnun þessari. Eins og laun þessa starfsmanns hafa verið, þá hafa þau verið allt of há, að ég ekki tali um samanborið við laun samkv. launalögum. Hann hefir haft á 9. þús. kr. á ári, að viðbættum 2000 kr. fyrir eftirlit með viðtækjaverzluninni. Auk þessa hefir kona hans fengið greiddar á 5. þús. kr. á ári fyrir störf við útvarpið, svo raunverulega hefir útvarpsstjórinn tekið á 15. þús. kr. sem hrein laun frá þessari stofnun á ári.

Ég vildi nú leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. menntmn., hvort það sé álit n., að eftirlitið með viðtækjaverzluninni eigi framvegis að vera bundið við útvarpsstjórastarfið, og hvort þær 2000 kr., sem greiddar eru fyrir það, eigi að halda áfram að falla í hlut útvarpsstjórans.

Hæstv. fjmrh. brýndi okkur sjálfst.menn með því í gær við útvarpsumr., að við hefðum ekki komið enn þá með eina einustu till. til lækkunar á launum embættis- og starfsmanna ríkisins. Þetta var að sjálfsögðu órökstudd staðhæfing hjá hæstv. ráðh., en þar sem nú á næsta degi liggur fyrir till. til réttlátrar launalækkunar, ættu flokksmenn hans að samþ. hana.

Að síðustu skal ég taka það fram, að verði það úr, að hv. d. fallist á að lögbinda ekki laun útvarpsstjórans að þessu sinni, þá myndi ég geta fallið frá brtt. minni. Vildi ég því mælast til, að brtt. á þskj. 568 við 3. gr. frv. verði borin undir atkv. á undan till. minni.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég hefi enga löngun til þess að fjölyrða um þetta mál nú. Á mér hvílir heldur ekki nein skylda frsm. að tala um málið, því að n. hefir ekki haldið fund um það frá því að það var til 2. umr., og hefir því ekki tekið afstöðu til brtt. þeirra, sem hér liggja fyrir. Auk þess tók hæstv. atvmrh. áðan fram ýmislegt af því, sem ég myndi annars hafa sagt.

Eftir athugun þessa máls í menntmn. lagði meiri hl. hennar til, að frv. yrði samþ. óbreytt eins og það var lagt fyrir n., og höfðu þau atriði þó komið til umr. og athugunar á fundum hennar, sem hér koma fram í brtt. Ég verð því að líta svo á, að meiri hl. haldi enn við þessa skoðun sína og leggi til, að brtt. verði allar felldar, og frv. samþ. óbreytt.

Hvað snertir 1. brtt. á þskj. 568, frá hv. 1. þm. Reykv., þá virðist mér, að hún hafi ekki beinlínis praktiska þýðingu. Ég skil hana þannig, að laun útvarpsstjórans eigi að vera þau sömu og ákveðin eru í frv., þar til þeim kunni að verða breytt með launalögum. Mér virðist, að breyta megi laununum með launalögum, hvort sem frv. verður samþ. óbreytt eða ekki. Hitt er annað mál, að það sé ekki hægt að breyta þeim meðan núv. útvarpsstjóri gegnir starfinu, en að launabreytingin komi til framkvæmda, þegar mannaskipti verða. Brtt. þessi getur því ekki haft neina praktiska þýðingu. Annars er það út af fyrir sig rétt, að laun útvarpsstjóra hefðu í fyrstu átt að ákveðast meira en gert hefir verið með hliðsjón af launum annara embættismanna.

Þá er 2. brtt. á þessu þskj. Hæstv. atvmrh. hefir minnzt á hana, og er ég honum sammála í öllum aðalatriðum hvað hana snertir. Hv. flm. sagðist ekki hafa heyrt nema eina ástæðu færða fyrir því, að heppilegt væri, að Alþingi kysi í útvarpsráð, að það væri eðlilegt, að ríkisvaldið hefði þar sína fulltrúa. Við 2. umr. nefndi ég þó aðra ástæðu, og skal ég gjarnan endurtaka hana. Ég tók það fram, að þar sem ekki væri hægt að búast við því, að í útvarpsráðið veldust pólitiskt litlausir menn, hvernig sem að væri farið, og gæti því alltaf komið fram grunur um hlutdrægni, þá væri það beinlínis trygg-

ingarráðstöfun, að þingflokkarnir hefðu þar sína fulltrúa, t. d. minnihlutaflokkur, svo að hans hlutur yrði þar ekki fyrir borð borinn. Eigi aftur að láta einstakar stofnanir skipa útvarpsráð, þá væri eðlilegt, að fleiri stofnanir komi til greina en háskólaráðið, fræðslumálanefndin og kirkjuráðið. Það gæti alveg eins komið til greina að hafa þar fulltrúa fyrir landbúnaðinn og sjávarútveginn. Ég skal ekki segja, hvort það yrði svo óheppilegt að hafa fjölmennara útvarpsráð en hér er gert ráð fyrir, sem komi aðeins sjaldan saman, til þess að ákveða dagskrána í stórum dráttum, og hefði svo fulltrúa til að annast hin daglegu störf. En að taka þessar þrjár stofnanir út úr og láta þær skipa útvarpsráð, hefir við engin rök að styðjast.

Ég sé enga ástæðu til þess að fara að ræða við hv. 1. þm. Reykv. um einkasölu á útvarpstækjum. Það er rétt, sem tekið hefir verið fram, að sú verzlun hefir gefið góðan árangur, a. m. k. enn sem komið er.

Þá er 4. brtt. á þskj. 568, að ákvæðið til bráðabirgða falli niður, sem þýðir það, að þau ákvæði frv., sem snerta kosningu útvarpsráðsins, komi ekki til framkvæmda fyrr en kjörtími núv. útvarpsráðs sé á enda. Hvað þetta atriði snertir, þá finnst mér ekki nema eðlilegt, að þegar ný skipun þessara mála er lögboðin, þá komi hún strax til framkvæmda. Hv. þm. var eitthvað að tala um, að það væri eins og hér lægi einhver ósköp á, og varð það helzt dregið af orðum hans, að það lægi bak við þessa breyt. á kosningu útvarpsráðsins, að koma ætti núv. útvarpsráði frá. En ég fæ ekki séð, að það sé á nokkurn hátt útilokað, að allir þeir sömu menn, sem nú skipa þetta ráð, geti orðið kyrrir, eða að þeir, sem að frv. þessu standa, geti útilokað það.

Um brtt. á þskj. 577, frá hv. þm. Dal., mun ég ekki fjölyrða, því að mér skildist svo, að hann myndi taka hana aftur, ef önnur brtt. yrði samþ., sem búast má við að verði. En mér fannst það óviðkunnanlegt hjá hv. þm., að fara að tala um það hér, þó að kona útvarpsstjórans ynni við útvarpið. Vinni hún verk sitt eins og aðrir, þá virðist mér það ekki koma þessu máli við.

Þá beindi hann þeirri fyrirspurn til mín, hvort menntmn. liti svo á, að útvarpsstjórinn ætti framvegis að fá sérstök laun fyrir að hafa eftirlit með viðtækjaverzluninni. Um þetta þýðir lítið að spyrja mig. Hv. þm. hefði frekar átt að beina þessari fyrirspurn sinni til hæstv. stj. Ég get þó fyrir mitt leyti sagt honum það, að verði frv. þetta að lögum, þá skilst mér, að útvarpsstjórinn eigi ekki að hafa önnur laun en þau, sem honum eru ætluð þar. En vitanlega hefir mitt álit hvað þetta snertir ekki meira gildi en álit hv. þm. Dal. og hvers annars þm. Ætti hv. þm. því að snúa sér til stj. með þetta atriði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta mál nú. Við atkvgr. vil ég halda mig við það, sem ég hefi skrifað undir í nál., og greiða atkv. gegn brtt. Mér finnst þær óheppilegar, og sú þeirra, sem helzt gæti komið til mála, finnst mér ekki hafa praktiska þýðingu.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég vil byrja á því, svo ég gleymi því ekki, sem hv. frsm. n. sagði síðast, að varla væri óhætt að samþ. breyt. á þessu frv., því þá væri undir hælinn lagt, að þingið gæti afgr. málið. Þetta er hin mesta fjarstæða. Hér liggur enn fjöldi mála, sem stj. mun sjálfsagt ekki láta verða óafgr. Nú er nýkomið hingað til Ed. frv. um tekju- og eignarskatt, mál, sem er svo umfangsmikið, að ekki er hægt að ljúka því nema á nokkuð löngum tíma, og má jafnvel búast við, að það taki breyt. hér, svo það verði að fara aftur til Nd. Það er algengt, að heill hópur af málum fer á milli d. síðustu daga þingsins og nær þó afgreiðslu. Ég á því bágt með að trúa, að ekki sé óhætt að samþ. breyt. á þessu frv.

Viðvíkjandi 1. brtt. minni vil ég aðeins segja það, út af því, sem hv. þm. Dal., flm. brtt. á þskj. 577, sagði, að þessar tvær brtt. geta alveg staðizt hvor hjá annari, vegna þess að þær eru ekki um sama efni. Ef hans brtt. er fyrst borin upp og samþ., þá gæti mín alveg eins verið tekin til greina, því að hans till. er um launaupphæðina, en mín er aðeins viðbót.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. n. sagði um það, hvort hægt mundi vera að breyta launum núv. útvarpsstjóra, þá hefi ég ekki rannsakað það mál. Ég býst við, að það fari eftir því, hvernig samningar við hann eru gerðir. Ef samningarnir eru til ákveðins tíma, er sjálfsagt ekki hægt að breyta laununum fyrr en tíminn er útrunninn. En með minni viðbót, sem hv. þm. segir, að sé þýðingarlaus, er stj. þó a. m. k. uppálagt að endurnýja ekki samningana við hann, sem gæti orðið því til fyrirstöðu, að honum væru ákveðin laun í launalögum.

Viðvíkjandi þessu eftirlitsstarfi útvarpsstjórans við viðtækjaverzlunina, þá finnst mér n. hefði átt að spyrjast fyrir um það hjá forstöðumanninum, hvert gagn væri af þessu eftirliti, og hvort nauðsynlegt væri að halda því áfram, og hvað mikið ríkissjóður fengi inn aftur fyrir þessar 2 þús. kr. á ári, sem þetta „eftirlit“ kostar. Það væri nógu fróðlegt að vita, í hverju þetta eftirlitsstarf væri fólgið. Ég hefi ekki sem yfirskoðunarmaður landsreikningsins getað komizt að því, að það væri neitt. Þetta er bara grímuklædd launahækkun ofan á þau laun, sem eru þriðjungi hærri en sambærileg laun mundu vera hjá ríkinu eftir launalögunum. — Ég skal ekki fara að blanda mér mikið inn í þær umr., að kona útvarpsstjóra hafi nokkuð álitlega stöðu hjá útvarpinu, en þó má minna á, að þetta er ekki alveg óviðkomandi málinu. Það er víða, t. d. í Danmörku, vöknuð mjög sterk hreyfing um það, að gæta þess, að hjón hafi ekki bæði launaðar stöður hjá ríkinu. Það eru sérstaklega kennarar, sem hafa gert sterk samtök um það, að ef kennarar giftast saman, verði annaðhvort þeirra að láta af störfum. Þetta er alls ekki þýðingarlaust, þar sem maður veit, að fjöldi fólks gengur atvinnulaus, sem er alveg eins hæft til þess að vinna þessi störf. Það þykir því órétt, að menn geti þannig slegið saman tvennum launum, meðan heill hópum manna gengur atvinnulaus. Ég er t. d. alveg viss um, að í þessu tilfelli er fjöldi atvinnu-

lausra kvenna alveg eins fær til þessa starfs eins og kona útvarpsstjórans, að henni ólastaðri þó.

Hæstv. ráðh. bar fram það svar við minni spurningu um það, hvers vegna launin væru ákveðin svona há, að þar sem breyt. á launum yfirleitt stæðu fyrir dyrum, hefði sér ekki þótt rétt að breyta þessu um stundarsakir. Mér finnst þetta fullgilt svar. En ég vil þá spyrja, hvers vegna stj. hefir ekki fylgt þessari heilbrigðu reglu yfirleitt, og hvers vegna hún hefir þá ekki látið þessar leifar af dýrtíðaruppbót haldast óbreyttar þennan stutta tíma, jafnvel þó henni finnist ástæða til að breyta um.

Þá kem ég að því, sem hæstv. ráðh. sagði og hv. frsm. n. tók undir, að ef sérstakar stofnanir ættu á annað borð að nefna menn í útvarpsráð, þá væri ekki svo gott að ákveða, hvaða stofnanir það skyldu vera. Mér finnst þetta lýsa gagngerðum misskilningi á því, hvaða verk útvarpsráðinu er ætlað. Það er gengið út frá því, að útvarpið sé fræðslustofnun, sem á að taka til meðferðar öll þau efni, sem þjóðfélagið varðar. Þetta hefir verið gert. Búnaðarfélagið, Fiskifélagið og aðrar stofnanir, sem sótt hafa eftir því að koma fræðslu í útvarpið um sín sérstöku mál, hafa fengið það, án þess að eiga þar nokkurn fulltrúa fyrir sinn atvinnuveg. Hitt skal ég játa, að ef útnefna á 3 fulltrúa fyrir fræðslustofnanir í landinu, geti verið spursmál, hvort það eigi að vera barnakennarar, menntaskólakennarar eða háskólakennarar. En það á undir öllum kringumstæðum að vera fræðslustofnun, sem útnefnir þessa menn, því útvarpið er háskóli þjóðarinnar, en Búnaðarfélagið, Fiskifélagið og Alþýðusamband Íslands eiga þarna ekkert erindi. Þessar stofnanir eiga að útnefna viðsýna menn, sem svo vitanlega láta koma fram í útvarpinu fulltrúa fyrir þessar stéttir, og það hefir verið gert.

Ég skal ekki fara mikið út í till. mína um að leggja niður viðtækjaverzlunina. Þetta er alveg óskylt mál, og óviðeigandi að setja það inn í þessi l. Það er hreinasti misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ef þessi verzlun er lögð niður, þurfi að sjá útvarpinu fyrir einhverjum öðrum tekjum. Mér dettur ekki í hug að ætla að rýra tekjur ríkisins á neinn hátt. Það verður að sjá fyrir tekjum að því leyti, að það verður að taka upp í fjárl. áætlanir um tekjur og gjöld útvarpsins. Það er eðlilegast, að tekjurnar renni í ríkissjóð, sem svo kostar útvarpið. Hitt er bara skúffupólitík, rétt eins og þegar menn hér áður fyrr, sem ekki voru sérlega reikningsglöggir, voru sendir í kaupstaðinn með aura fyrir þennan og aura fyrir hinn, og höfðu þá alla sér, í staðinn fyrir að slá þeim saman. Svona pólitík á ríkissjóður ekki að reka.

Um bráðabirgðaákvæðið skal ég ekki fara mörgum orðum. Það hefir engin ástæða verið færð fyrir því, hvers vegna þurfi að skipta um. Hv. frsm. n. sagði, að það mundu geta orðið sömu mennirnir aftur. Til hvers er þetta þá? Bara til þess að kjósa þá eftir öðru formi? Hann sagði, að þeir, sem stæðu að frv., réðu engu um það, hverjir þarna yrðu. Mér finnst þeir ráða miklu, þar sem þingið á að kjósa 3 menn og stj. að skipa formanninn. Það væri gaman að spyrja stj., hvort hún ætlar að skipa sama manninn fyrir formann aftur. Það hefir heyrzt, að tilgangur frv. sé nú einmitt sá, að skipta um formann útvarpsráðs, af því að hann hafi villzt af réttum brautum. Þetta er kannske eins og hvert annað bæjarslúður, en það mun sýna sig á sínum tíma, hvort þetta er rétt. Og þá færi maður að skilja þetta bráðabirgðaákvæði og hvers vegna það er svo áríðandi að skipta endilega strax um. Hæstv. ráðh. sagði, að þegar sett væri ný löggjöf, væri venja að láta hana koma strax í gildi. En mér finnst það bara blátt áfram hlægilegt í þessu tilfelli, að halda, að breyt. á kosningu manna í útvarpsráð hafi nokkurn hlut að segja. Það getur verið, að spilaðir verði Straussvalsar í staðinn fyrir Brahmsvalsa. En hvort þjóðin hefir nokkuð upp úr því, skal ég ekki segja. Ég geri ráð fyrir, að starfað verði eftir líkum reglum og áður, og það verða sennilega engar breyt. sem nokkru nema. Ef heppilegra þykir að velja útvarpsráðið svona, getum við sett þessi l., og ég verð að segja, að ég tel það ekki stórt atriði. Útvarpsráðinu er þröngt svið markað til þess að gera stórbreytingar, svo lengi sem útvarpið á að vera það, sem það nú er, háskóli fyrir þjóðina. Öðru máli væri að gegna, ef útvarpið ætti að vera pólitísk stofnun. Þá mundi náttúrlega breyt. á útvarpsráðinu hafa mikið að segja. En meðan útvarpið er hugsað sem skóli, sem flytur það, sem fróðir og vandaðir menn telja heppilegast fyrir þjóðina, er þetta að sjálfsögðu aukaatriði, að láta ekki útvarpsráð það, sem nú situr, enda út sinn starfstíma.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég vildi aðeins geta þess, að mér kom það á óvart, að hv. frsm. n. skyldi snúast gegn mér með ávítur fyrir að minnast á fleira en vera bæri, þar sem ég minntist á laun konu útvarpsstjórans. Það lá fyrir að ræða um laun útvarpsstjórans, og þá var ekki fjarri lagi að geta um það, hvað mikil laun kæmu frá þessari stofnun inn í bú útvarpsstjórans, og að ég sundurliðaði þessar tekjur, finnst mér ekkert vítavert.

Ég skal geta þess, að við nánari athugun virðist mér rétt að halda fram brtt. minni, enda þótt minni nauðsyn sé á henni, ef 1. brtt. hv. 1. þm. Reykv. nær fram að ganga.

Í gær var verið að brýna okkur sjálfstæðismenn á því, að við bærum ekki fram neinar lækkunartill. á launum starfsmanna ríkisins. Nú hefi ég borið fram eina slíka lækkunartill., og er nú fróðlegt að sjá, hvernig stjórnarflokknum líkar það. Ég hefi fært rök fyrir því, að þessi till. sé mjög sanngjörn og sízt farið of langt niður á við, samanborið við laun embættismanna ríkisins, sem taka laun eftir launalögunum.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Hv. 1. þm. Reykv. taldi það vera viðbáru hjá mér að telja málinu hættu búna að hrekjast aftur til Nd. En það vildi svo vel til, að þegar hann ætlaði að fara að rökstyðja þetta, kom hann með hinar beztu sannanir fyrir mínu máli. Hann benti á,

að mörg þýðingarmikil mál lægu enn óafgr. fyrir þinginu. Það er einmitt þetta, sem ég á við. Ég geri ráð fyrir, að héðan af sé þingtímanum bezt varið til þeirra mála, sem endilega þurfa að fá afgreiðslu. Sþ. fer nú að fást við fjárl., og ég býst við, að störf í d. falli niður á meðan, og þó ýmsir kunni að leggja nokkra áherzlu á þetta mál, þá hefi ég aldrei heyrt það talið með þeim málum, sem þýðingarmest væru á þessu þingi. Ég býst því við, að það geti riðið málinu að fullu, ef á að fara tefja það mikið frá því, sem orðið er. (MJ: Það þyrfti ekki að taka nema 5 mín. í Nd.). Það er eftir því, hvernig Nd. litur á þær breyt., sem hér eru gerðar. Það er náttúrlega engin hætta á ferðum, ef Nd. liti eins á málið og þessi d. En um það vitum við ekkert.

Viðvíkjandi því, sem 2 hv. þm. hafa fundið að því, að kona útvarpsstjórans hefði launaða stöðu hjá útvarpinu, þá er þetta byggt á þeirri gömlu skoðun, að gift kona sé ósjálfstæð vera að því er fjármál snerti. En þessi gamla skoðun er nú að breytast. Ég hefði t. d. ekkert við það að athuga, þó kona hv. þm. Dal. væri héraðslæknir í Dalasýslu, ef hún hefði læknispróf. Ég sé ekki, að það kæmi hans launum neitt við, eða að verra væri að gjalda henni laun heldur en einhverjum öðrum héraðslækni. Þetta er bara úrelt kredda. Þetta er náttúrlega ekki stórt atriði í þessu máli, en ég kann bara hálfilla við að draga þetta inn í umr.

Þá fannst hv. 1. þm. Reykv. það vera léleg röksemdafærsla hjá mér, að ef sérstakar stofnanir ættu á annað borð að hafa fulltrúa í útvarpsráðinu, þá ættu það að vera fleiri en verið hafa. Hann segir, að útvarpið sé háskóli þjóðarinnar og þess vegna þyrfti ekki fulltrúa frá landbúnaðinum og sjávarútveginum o. s. frv., því fulltrúarnir frá þessum fræðslustofnunum, kirkjunni og háskólanum, mundu að sjálfsögðu sjá fyrir því, að hæfir menn flyttu fróðleik um þessi efni. En hv. þm., sem er háskólakennari, er vel kunnugt um það, að háskólar skiptast í ýmsar deildir og að nauðsynlegt þykir að hafa fagmann í hverri deild. Og ef á að skoða útvarpið sem háskóla þjóðarinnar út frá þessu sjónarmiði, þá skil ég ekki, hvers vegna þarna þurfa ekki líka að vera búfræðingur, fiskifræðingur o. s. frv. Ef þessum mönnum, sem hv. þm. heldur fram, er trúandi til þess að sjá fyrir fullnægjandi fræðslu í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum og þesskonar, sem þeir eru engir fræðimenn í, hvers vegna er þá ekki alveg eins treystandi þeim mönnum, sem Alþ. velur til þess að sjá fyrir fræðslu í útvarpinu?

Það kenndi dálítils misskilnings hjá hv. þm. út af því, sem ég sagði viðvíkjandi þeim mönnum, sem kynnu að verða í útvarpsráðinu. Ég sagði eitthvað á þá leið, að þeir, sem að þessu frv. stæðu, gætu ekki komið í veg fyrir það, þrátt fyrir þessa lagabreyt., að þessir 3 menn yrðu kyrrir í útvarpsráðinu, ef aðrir vildu hafa þá þar. Ég skal taka dæmi. Ef 3 menn eru kosnir hér á Alþ., fær Sjálfstfl. a. m. k. einn, og hann gæti komið að hinum 2 við almennar kosningar útvarpsnotenda. Brtt. þessa hv. þm. er ekki um annað en að þessar 3 stofnanir hafi fulltrúa í útvarpsráðinu áfram. Ég hefi einmitt tekið það fram í fyrri ræðu minni, að ekki væri hægt að hindra það, að þessir menn yrðu kyrrir, ef menn óskuðu þess. Annars eru þetta ekki svo þýðingarmikil atriði, sem á milli ber, að ég vilji eyða lengri tíma en orðið er til þess að karpa um þau.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 48. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 28. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Þegar mál þetta var síðast til umr. hér í d., tók ég það fram, að ég væri að efni til samþ. brtt. 568,1, að ákvæðin um laun útvarpsstjóra giltu aðeins þar til breytt verði launalögunum. Nú hefi ég móttekið svo hljóðandi bréf frá útvarpsstjóra: „Út af framkominni brtt. í hv. efri deild Alþingis við frv. til laga um útvarpsrekstur ríkisins, snertandi laun útvarpsstjóra, lýsi ég því hér með, að gefnu tilefni, yfir fyrir hinu háa atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti, að ég lít svo á, að hvað sem líður launaákvæðum í skipunarbréfi mínu og ákvæðum útvarpslaga, þá beri mér tvímælalaust að beygja mig fyrir ákvæðum almennra launalaga, hvenær sem þau kunna að verða sett.

Virðingarfyllst
Jónas Þorbergsson".

Með þessu er tryggt það sama og felst í 1. brtt. á þskj. 568, og mun ég því greiða atkv. gegn henni nú, til þess að málið þurfi ekki að tefjast á því að fara til neðri deildar aftur.

ATKVGR.

Brtt. 577, síðari hluti („í samræmi ... ríkisins") tekin aftur.
— 577, fyrri hluti, felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** MG, MJ, ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ.
**nei:** JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, IngP, EÁrna.

Tveir þm. (PM, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 568,1 felld með 8:7 atkv.
— 568,2.a felld með 8:7 atkv.
— 568,2.b—d teknar aftur.
— 568,3 felld með 8:6 atkv.
— 568,4 felld með 8:5 atkv.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 606).

## 50. Óskilgetin börn.

Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna** (þmfrv., A. 184).

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Þetta frv. er flutt af allshn., eins og hv. þm. hafa séð, og fer það fram á nokkrar breyt. á l. nr. 46 frá 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. 1. málsgr. 1. gr. er shlj. 26. gr. l. frá 1921, en í 2. málsgr. er það nýmæli, að móðir óskilgetins barns geti krafizt meðlags af dvalarsveit, enda þótt faðir barnsins eigi ekki framfærslurétt hér á landi. Þetta er hin mesta sanngirniskrafa. Það er ekki ástæða til að láta konu gjalda þess, og því síður barnið, þó faðirinn sé ekki innlendur eða eigi ekki framfærslurétt hér. Í greininni er jafnframt tekið fram, að ríkissjóður endurgreiði dvalarsveit meðlagið, er svona stendur á. Býst ég ekki við, að hæstv. stj. þurfi að óttast þann kostnað, er af þessu leiðir, því ekki getur orðið um mörg tilfelli að ræða.

Í 3. málsgr. er einnig nýmæli. Samkv. henni þarf barnsmóðir ekki að fá nýjan úrskurð eða breyt. á útskurði til þess að fá hækkun meðlags samkv. auglýsingu þeirri, sem atvmrh. birtir á 3 ára fresti í Stjtíð. um meðalmeðlag. Þó ætlazt hafi verið til, að þessi auglýsing gilti hvernig sem hinn upphaflegi úrskurður hljóðaði, þá hefir þetta í framkvæmdinni stundum orðið þannig, að hafi meðlagið hækkað samkv. auglýsingunni, þá hafa sveitarstjórnirnar notað sér að halda við úrskurðinn, en hafi hinsvegar meðlagið lækkað, þá hafa þær farið eftir auglýsingunni. Ákvæði 3. málsgr. er sett til þess að tryggja það, að barnsmóðir njóti þegar þeirrar hækkunar, sem nýbirt auglýsing greinir, jafnt þó erfitt sé að ná í barnsföðurinn og fá úrskurði breytt hjá yfirvaldi hans héraðs.

2. gr. fer fram á, að lengdur sé úr 6 mánuðum upp í 12 mánuði frestur sá, sem má líða frá því konan varð heil og þangað til hún leitar til dvalarsveitar um greiðslu á barnsfararkostnaði og styrk samkv. 29. gr. og 36. gr., án þess hún glati rétti sínum.

Þessar þrjár breyt. fer frv. fram á, að gerðar verði á gildandi lögum, og þar sem þær miða allar að því að auka rétt barnsmæðra, án þess þó að sveitarfélögunum eða ríkinu sé íþyngt til muna, þá þótti n. sjálfsagt að verða við bón þess, er samdi frv., um að flytja það í deildinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** SigfJ, SE, StJSt, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, GTh, HV, JÓl, JS, JG, PZ, PÞ, JörB.
**nei:** PHalld, PO, GÍ, JJós, JónP.
SK, GSv, HannJ, JakM, ÓTh greiddu ekki atkv.
Fjórir þm. (TT, ÞorbÞ, GÞ, MT) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:4 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 27. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 184).
Á 29. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 184, n. 576).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta frv. er komið frá allshn. Nd., og allshn. þessarar d. hefir orðið ásátt um að mæla með því, að það næði fram að ganga óbreytt. Aðalefni frv. er að tryggja rétt mæðra til meðlags af hendi barnsföður á greiðari hátt en lög mæla nú fyrir. Það hefir oft gengið í miklum vafningum milli þeirra, sem með þessi mál hafa farið, að fá þessi meðlög *fljótlega greidd, en* þetta frv. *mun* bæta úr þeim ágöllum, sem á núgildandi löggjöf eru.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 631).

---

## 51. Tollundanþága fyrir tunnuefni og hamp.

Á 23. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um að efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlenda framleiðslu, skuli undanþegið innflutningstollum** (þmfrv., A. 246).

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Guðbrandur Ísberg):** Ég hefi leyft mér að flytja frv. þess efnis, að allt efni í tunnur,

sem ætlaðar eru til umbúða um innlenda framleiðslu, skuli undanþegið innflutningstollum. Við notum að meðaltali um 200 þús. síldartunnur á ári, og er meginið af þeim flutt inn, en lítið eitt smíðað í landinu sjálfu. Nú er það svo, að helmingur af tunnuverðinu er smíðiskostnaður, efnið í tunnurnar kostar um kr. 2.50 án tolls, en fullgerðar kosta tunnurnar um 5—6 kr. Með því að smíða tunnurnar í landinu gætum við þannig sparað um ½ millj. kr., sem nú gengur út úr landinu. Til skamms tíma voru hér og til í landinu 2 tunnuverksmiðjur, sem hefðu getað afkastað því, sem við þurfum af síldartunnum. En önnur þeirra er nú brunnin, og veit ég ekki, hve fljótt hún tekur til starfa aftur. Hin verksmiðjan er hinsvegar albúin að taka til starfa, hvenær sem er, en á því hefir staðið undanfarið, að það þætti tiltækilegt kostnaðarins vegna. Þessi verksmiðja er á Akureyri, og hefir bæjarstj. þar ákveðið að styðja þennan iðnað eftir föngum. Er búizt við, að verksmiðjan myndi geta afkastað um 25 þús. tn. í vetur, og er að því mikil bót í atvinnuleysinu, sem þar er eins og alstaðar annarsstaðar. Hefir verið stofnað nýtt félag utan um verksmiðjuna, sem sumpart er skipað útgerðarmönnum, sem um leið verða kaupendur að tunnunum, sem verksmiðjan framleiðir. Er auðsætt, að hér er um atvinnurekstur að ræða, sem rétt er að hlúa að, og til þess er frv. þetta fram borið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Ég vænti þess, að málinu verði vel tekið af hv. d. Vil ég leyfa mér að stinga upp á, að málinu verði vísað til iðnn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 246, n. 387, 396, 425).

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Iðnn. hefir haft þetta mál til meðferðar, og leggur hún til, að frv. verði samþ. að efni til með þeirri breyt., að það nái einnig til efnis til veiðarfæragerðar. Hvað snertir síldartunnurnar sérstaklega, þá notum vér um 200 þús. stykki af þeim árlega, og ef vér flytjum þær allar tilbúnar frá útlöndum, greiðum vér sem næst ½ millj. kr. fyrir smíði þeirra. Veiðarfæri höfum vér flutt inn fyrir upp undir eina millj. kr. árlega, og það mun einnig óhætt að segja, að vinnan við að framleiða þau úr þeim hráefnum, sem við þurfum að flytja inn, muni nema um ½ millj. kr. Þarna greiðum vér því samtals eina millj. kr. út úr landinu, sem vér gætum hæglega komizt hjá að greiða. Ég geng út frá því sem gefnu, að enginn hv. þdm. neiti því, að að því beri að stefna að koma þessari framleiðslu á innlendar hendur. Hinsvegar má deila um leiðirnar að því marki. Það hafa ýmsir, einkum þeir, sem að iðnaðinum standa, orðað tolla á erlendu vörunni. En meðan svo lítið er hægt að framleiða innanlands sem nú er, með þeim tækjum, sem fyrir hendi eru, getur n. ekki fallizt á þá leið, en leggur hinsvegar einróma til, að farin sé sú leið, sem hér er bent á.

Á þskj. 425 er brtt. frá n., sem stafar af því, að þegar n. afgreiddi málið, var henni ekki fyllilega ljóst, að tollundanþágan fyrir efni til veiðarfæragerðar þurfti einnig að ná til hampgarns. Til færa- og netjagerðar er nefnilega ekki fluttur inn ósnúinn hampur, heldur hampgarn. Það var meining n. að hafa þetta efni með, þó það kæmi ekki nægilega skýrt fram í frv., og má því skoða þessa brtt. sem orðabreytingu.

Þá hefir komið hér fram brtt. frá hv. þm. Ísaf., á þskj. 396. Ég skal taka það strax fram, að þessi till. fer í sjálfu sér í rétta átt. Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að bæjar- eða hafnarsjóðir, sem hlut eiga að máli, gangi það skref á móti tilhliðrun ríkisins, að fella þessi gjöld niður. Hinsvegar þótti n. ekki fært að ganga inn á að lögbjóða þetta, en gerir ráð fyrir, að bæirnir taki það upp hjá sjálfum sér og styðji þannig þennan iðnað, sem kemur þeim að mestum notum sjálfum. Sú leið er eðlilegri og skemmtilegri, ef hægt er að fara hana. Það er dálitið erfitt að gera slíka breyt. á hafnarreglugerðum og gjaldskrám, sem bæjarstjórnir setja samkv. þeim og stjórnarráðið staðfestir. Ég hefi borið þetta undir skrifstofustjórann í atvmrn., og leggur hann mjög á móti því, að þessi leið sé farin, ef unnt sé að komast hjá því.

Þetta gjald af efni til tunnugerðar er tiltölulega lítið, og missa því hafnarsjóðir ekki mikils, þótt það falli niður.

2. brtt. á þskj. 387 miðar að því að breyta orðalagi á fyrirsögn frv. og að bæta inn í hana, að undanskilinn innflutningstollum skuli jafnframt ósnúinn hampur til veiðarfæragerðar.

Hirði ég svo ekki að fjölyrða um málið, en vænti þess, að hv. þm. taki frv. vel. Að síðustu vil ég geta þess, að iðnn. hefir í öðru sambandi bent á leið til að afla ríkissjóðstekna, er svari til þess tolls, sem ríkið missir, ef frv. þetta verður samþ.

**Finnur Jónsson:** Ég mæli eindregið með frv., en ég mælist jafnframt til þess, að hv. d. samþ. brtt. mína. Það er í fyllsta máta óréttlátt, að bæirnir séu að tolla iðnaðarvörur, sem ríkið leysir undan tolli. Og þó að hér sé ekki um háan toll að ræða, 5 aura á tunnuna, þá myndi það þó eflaust verða til að draga þennan iðnað niður.

Hv. þm. Ak. taldi það óviðkunnanlegt að skylda bæina með l. til að gefa eftir nokkuð af tekjum sínum, enda þótt ríkið gerði það. Ég get ekki fundið, að þetta sé á nokkurn hátt óviðkunnanlegt.

Um fyrirsögn frv. er það að segja, að hún er bæði löng og leiðinleg, og fer nokkuð af brtt. minni til að laga hana. Fyrirsögnin hljóðar svo: „Frv. til l. um, að efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlenda framleiðslu, skuli undanþegið innflutningstollum“. Mætti halda, að frv. þyrfti ekki að vera meira en þessi fyrirsögn. Hún inniheldur allt efni frv. Með brtt. minni er fyrirsögnin viðkunnanlegri. Í öðru lagi miðar brtt. að því að létta undir með þeim, sem leggja í það að reka tunnugerð.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Að því er snertir síðari hluta brtt. á þskj. 396, má segja, að hann sé ekki mikið atriði út af fyrir sig, og er fyrirsögnin e. t. v. betur orðuð þar. En ég leggst á móti fyrri brtt., meðan ekki er vitað, hvort hægt er að fá bæina til að ganga inn á þetta atriði af fúsum vilja. Er það ákjósanlegri leið en að vera á þennan hátt að rugla hafnarl. og samþykktir. Mér þætti því æskilegt, að hv. þm. sæi sér fært að taka till. aftur að þessu sinni. Getur hann þá flutt hana aftur á næsta þingi, ef engin breyt. hefir þá á orðið. Ef hann vill ekki taka till. aftur, mun ég leggja til í umboði n., að hún verði felld.

**Finnur Jónsson:** Ég held fast við brtt. Hún þarf í engu að rugla hafnarl., þó að hún nái samþykki. Er það e. t. v. af því, að ég er löggjafi, en ekki lögfræðingur, að mér finnst þetta. Í hafnarl. er ekkert sagt um vörutoll af tunnuefni. Aftur má ákveða í reglugerð, að leggja megi vörutoll á allar vörur, sem fluttar eru til hafnar. Þarf því ekki að gera neinar breyt. á hafnarl., þó að þessi undanþága sé veitt. — Hinsvegar er óréttmætt, að ríkissjóður gefi eftir tollinn, en láti bæina halda áfram að tolla þessa vöru.

**Jóhann Jósefsson:** Auðvitað er gott að geta undanþegið tunnuefni innflutningstollum. Sérstaklega sé ég, að hv. iðnn. hefir farið réttar í þetta en til var stofnað, þar sem einungis er átt við síldartunnuefni í frv., en n. vill miða þetta við hverskonar tunnuefni, sem ætlað er til umbúða um innlendar framleiðsluvörur. En brtt. á þskj. 396 teygir sig aftur of langt í þessu efni, því að þar er farið inn á tekjuöflunarsvið hafnarsjóða. Er það sæmileg afgreiðsla á ívilnunum þessum innflutningi og iðnaði til handa, að ríkissjóður geri ekki tilkall til tolla af efninu, þó að ekki sé gengið á þessa tekjuöflunarleið hafnarsjóða, sem mjög þurfa teknanna við. (**Fjmrh.:** Ekki er ríkissjóður auðugur). Það kann rétt að vera, en hafnarsjóðir þurfa á meiri tekjum að halda en þeir hafa að jafnaði. Það er allt of mikil græðgi, sem liggur í till. hv. þm. Ísaf., þar sem hann hefir aðallega fyrir augum tunnuefni handa síldarútveginum. Ég lái honum ekki, þótt hann vilji ná sem mestum friðindum þessari framleiðslu til handa, en þarna er samt of græðgilega að farið, og myndi það víða verða hafnarsjóðum til hins mesta tjóns, því að eftir því sem hv. iðnn. leggur til, koma hér fleiri til greina en Akureyrarhöfn, er nú njóta góðs af innfluttu tunnuefni. Og ég sé ekki, hví efni í aðrar umbúðir utan um fiskafurðir, eða réttara sagt framleiðsluvörur sjávar og sveita, gæti ekki eins komizt undir þessa undanþágu. Ég veit t. d., að talsverð kassasmíði hefir risið upp víða um land í sambandi við útflutning á ísfiski. Eigi tunnuverksmiðjur norðanlands skilið þessa vernd, þá ætti það ekki síður að eiga við um slíka kassagerð. Það liggur að vísu ekki fyrir nein brtt. um þetta efni, en hana mætti flytja við 3. umr. Aftur tel ég óþarft að ganga lengra um ívilnanir þessari iðngrein til handa en það, að leysa hana undan gjöldum til ríkissjóðs. Er ekki rétt, að Alþingi sé að rýra þær tekjur, sem hafnarsjóðir hafa af þessum innflutningi.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að bæjunum ætti að vera það nóg að hafa atvinnuna, sem af þessum iðnaði leiddi. En það stendur í engu sambandi hvað við annað. Það kemur hafnarsjóði og bæjarsjóði að engu haldi, þótt tunnugerð standi einhversstaðar, nema þá að því leyti, að hún greiðir útsvör, en það er gott fyrir fólkið.

Ég held, að fleiri hljóti að vera á því máli, að of langt sé farið með því að teygja þetta inn á svið bæjar- og sveitarfélaga.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Í hafnarl. er gert ráð fyrir, að lagt sé vörugjald á allar aðfluttar vörur til hafnarinnar, nema þá alveg sérstaklega tilteknar vörur. Sama er ákveðið í reglugerðum hafnanna, þar sem nánar er tiltekið, hversu hátt gjald þetta skuli vera. Ef ákvæði þessarar brtt. verða lögfest, þá mun það valda talsverðum óþægindum, því að þau myndu grípa víða inn í, og er ekki víst, að hafnarnefndir ættu auðvelt með að átta sig á þessum hlutum, þar sem hér er um iðnað að ræða, sem að mestu leyti er ekki til ennþá, en rís upp síðar.

Ég er hv. þm. sammála um, að bæirnir ættu að gefa hér eftir, en okkur greinir á um annað atriði. Hann vill skylda bæina til þess, en ég vil fá þá til að gera þetta af fúsum vilja.

Viðvíkjandi orðum hv. þm. Vestm. vil ég geta þess, að ekki er rétt með farið, þegar hann segir, að frv. nái aðeins til efnis í síldartunnur. Það nær til efnis í allar tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur. Og iðnn. undirstrikar í áliti sínu, að það skuli einnig ná til tunna úr málmi. Í öðru lagi er ég ósammála hv. þm. Vestm. að því leyti, að ég tel í sjálfu sér ekki of langt gengið, þó að farið sé fram á, að bæirnir gefi eftir gjöld sín á móts við ríkissjóð, því að bæirnir hafa fyrst og fremst gagn af þessum iðnaði, með því að hann veitir þangað atvinnu. — Að því er síldartunnugerð snertir, eru það aðallega 2 bæir, sem þar koma til greina, sem sé Akureyri og Siglufjörður.

En ég tek það fram, að ég vil, að bæirnir gefi þetta eftir af fúsum vilja, og að þeir séu ekki neyddir til þess með löggjöf, nema sýnt sé, að þess þurfi.

**Finnur Jónsson:** Hv. þm. Ak. hefir gengið inn á það, að ekki þurfi breyt. við á hafnarlögum, þó að brtt. mín verði samþ. Hann vill fara þá leið að fá bæina til að gefa eftir af fúsum vilja, en ég vil láta setja þetta í l. þegar í stað.

Hv. þm. Vestm. hélt furðulega ræðu. Hann sagði, að bæirnir hefðu engar tekjur af tunnugerð. Segjum, að 50 þús. tunnur verði smíðaðar í einhverjum bæ hérlendis. Það jafngildir 50 þús. kr. til atvinnubóta. Og eru það engar tekjur fyrir bæjarsjóð?

Hv. þm. sagði, að mínar till. í málinu bæru vitni um græðgi. Hvaða græðgi? Þær miða að því að gera íslenzka tunnugerð starfhæfa og samkeppnifæra við norska, auk þess sem þær miða að því að auka atvinnu í 2 bæjum á norðurlandi. Mér dettur ekki í hug, að tollalækkun sú, sem hér er farið fram á, geti gert innlendar tunnur

ódýrari en norskar, því að hæpið er, að við getum keppt við Norðmenn í tunnugerð. Kemur þetta því ekki síldarframleiðslunni í hag, heldur bæjum þessum, með því að það veitir þangað atvinnu um vetrartímann. Ég skil ekki hv. þm. Vestm., ef honum finnst það viðurkvæmilegt og kallar það græðgi, þó að við gerumst talsmenn fyrir því, að fengin sé inn í landið atvinnubótavinna í stórum stíl, vinna, sem annars yrði framkvæmd í öðru landi.

**Jóhann Jósefsson:** Ég held, að það sé lögleysa, sem hér er farið fram á. Það er ætlazt til, að vissar vörur verði undanþegnar hafnargjöldum, án þess að breytt verði hafnarl., sem heimila að taka slíkt gjald af vörunum. Standa þá hlið við hlið l., sem banna að taka þetta gjald, og l., sem heimila það, ásamt reglugerðum þess efnis, staðfestum af stjórnarráðinu.

Ég sný ekki aftur með það, að það er græðgi að taka þessa framleiðslu, tunnugerðina, út úr og gera hana skattfrjálsa, án þess að það sama verði látið gilda t. d. um kassagerð. Í þessu er ekkert réttlæti. Annars skal ég ekki deila við hv. þm. Ísaf. um þetta atriði, og mun hv. d. skera úr því með atkv. Hitt þykir mér líklegt, að við 3. umr. geti komið fram till. um að taka aðrar hliðstæðar vörur undir ákvæði frv.

**Pétur Ottesen:** Ég vil benda á, að ég tel það orðið vafasamt fordæmi að kveða svo á í l., að hafnarsjóðir skuli gefa eftir hafnargjöld af ákveðnum vörutegundum, þó að ríkissjóður veiti eftirgjöf á innflutningstollum. Ef hér verður um mikilsverðar atvinnubætur að ræða á tveim eða þrem stöðum, skil ég ekki annað en að hlutaðeigandi kaupstaðir meti þær svo mikils, að þeir gefi þessum atvinnurekstri hafnartolla eftir af fúsum vilja. En ég er því andvígur að taka upp það fordæmi að ráðast á tekjuöflunarlindir hafnarsjóða, sem flestir eiga í vök að verjast. Hinsvegar efast ég ekki um, þar sem hér er um mikilsverða atvinnu að ræða, að kaupstaðirnir muni veita atvinnurekstrinum þennan stuðning eða annan. Mun ég því greiða atkv. gegn brtt.

ATKVGR.

Brtt. 396,1 felld með 7:6 atkv.
— 425,1 samþ. án atkvgr.
— 387,1 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 396,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
— 387,2 og 425,2 komu ekki til atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.**

---

Á 38. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 453, 465, 467).

**Jón Pálmason:** Ég á hér litla brtt. á þskj. 467, og er efni hennar það, að innfluttum trjáplöntum sé bætt við þær vörur, sem ekki á að greiða toll af eftir frv. Mér finnst óviðeigandi, þegar á að fara að gera gangskör að því að efla skógræktina í landinu, að greiddur sé tollur af trjáplöntum. — Í samræmi við þessa brtt. flyt ég brtt. um að breyta um leið nafni frv. — Ég tel ekki ósanngjarnt, að samþ. verði brtt. á þskj. 465, um tollfrítt kassaefni. Annars sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál.

**Emil Jónsson:** Örfá orð út af brtt. á þskj. 465. — Ég tel í raun og veru, að þessi brtt. eigi rétt á sér, en þó held ég, að hún þurfi athugunar við.

Hér er nú ein kassagerð starfandi. Forstöðumaður hennar hefir tjáð mér, að hann kaupi efni sitt af ýmsum timburverzlunum hér í bænum. Það yrði því eins og stendur næsta örðugt að hafa eftirlit með því, hvaða efni er notað hér til kassagerðar. Ég hefi spurt forstöðumann kassagerðarinnar, hvaða öruggt ráð hann gæti bent á til þess að ekki yrði farið í kringum ákvæði það, sem í brtt. felst, en hann kvaðst að svo stöddu ekki geta bent á óyggjandi ráð til þess.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Um brtt. á þskj. 465 get ég látið nægja að vísa til þess, sem hv. síðasti ræðumaður hefir þegar sagt.

Hinsvegar verð ég að leggjast alveg á móti brtt. hv. þm. A.-Húnv. á þskj. 467. Það er þó ekki af því, að ég sé í sjálfu sér andvígur efni hennar, heldur af því, að hér er um gersamlega óskylt efni að ræða, og ætti því að koma sérstakt frv. fram um tollfrelsi fyrir trjáplöntur, en ekki blanda þeim saman við iðnaðarvörur, sem eru algerlega fjarskyldar, enda er þar nauðsynin á tollfrelsi meiri. Ég legg því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Páll Zóphóníasson:** Ég held, að mjög varhugavert sér að samþ. þessar brtt. við frv. Með brtt. á þskj. 467 er ætlazt til, að aðfluttum trjáplöntum sé blandað inn í þetta frv., sem undanþágа frá tolli fyrir iðnaðarvörur. Ég tel þetta alveg fráleitt. Við eigum að ala þær trjáplöntur, sem við þurfum, upp í landinu sjálfu. Þær vaxa þá hér upp við sömu skilyrði og þær eiga að þroskast við framvegis, enda hefir reynslan sýnt, að þær eru harðgerðari og reynast betur en hinar. Hér á landi eru trjáræktunarstöðvar, svo sem á Hallormsstað, Vöglum og víðar, og þaðan má fá þær trjáplöntur, sem þörf er á fyrst um sinn, þótt þessar stöðvar séu enn í bernsku. Það er mjög vafasamt að létta tolli af erlendum trjáplöntum, svo að þær geti keppt við innlendu trjáræktunarstöðvarnar, meðan þær eru að komast á það þroskastig, að þær geti staðizt alla samkeppni.

Um hina till. á þskj. 465 er það að segja, að hún er svo óákveðin að orðalagi, að mér finnst, að ekki geti komið til mála að samþ. hana. Hvað á að telja kassa og hvað ekki? Hvernig er t. d. með líkkistur? Ef hér væri átt við kassa í einhverju sérstöku augnamiði, mætti vel vera, að brtt. í þessa átt væri réttmæt, en eins og brtt. er orðuð, finnst mér hún ekki koma til greina. Ég vænti þess því, að báðar brtt. verði felldar og frv. samþ. óbreytt.

**Jón Pálmason:** Ég vil segja örfá orð við þeim andmælum, sem komið hafa fram gegn till. minni.

Hv. frsm. sagði, að þetta mál væri algerlega óskylt tollvernd fyrir iðnaðarvörur. En ég vil benda á það, að þótt frv. væri upphaflega miðað við iðnaðarvörur, getur það nú gilt um hvaða vörur sem vera skal.

Það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. N.-M., að eingöngu verði notaðar innlendar trjáplöntur. En þær hafa hingað til ekki hrokkið til, svo að orðið hefir að flytja erlendar trjáplöntur inn, og finnst mér þá ekki viðeigandi að greiða toll af þeim. Annars er þetta lítil og ljós tillaga.

**Jóhann Jósefsson:** Ég á hér brtt. á þskj. 465 um að kassaefni skuli vera undanþegið tolli. Ég lít svo á, að efni í kassa, sem eru notaðir undir ísfisk, eigi að vera alveg jafnrétthátt og tunnuefni.

Það hefir verið sagt, að erfitt myndi verða að aðgreina kassaefni frá timbri, sem notað er til annars, en ég hygg, að þetta séu veigalitlar mótbárur, þar sem sönnunarskyldan um það, til hvers ætti að nota efnið, myndi jafnan hvíla á þeim, sem vildi fá það tollfrítt. Annars eru flutt inn svo kölluð kassaborð og niðurskorinn viður í kassa, svo það er ekki svo erfitt að ákveða, hvað sé kassaefni eða ekki. Mótbárurnar hafa því ekki við mikil rök að styðjast, þar sem það er oftast ljóst af nafni og meðferð efnisins, til hvers á að nota það. Þótt einhver kaupi efni til kassagerðar af timburverzlunum hér, kemur það ekki þessu máli við.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég er mótfallinn þeirri brtt. hv. þm. A.-Húnv. að leyfa tollfrjálsan innflutning á trjáplöntum. Allir, sem eitthvað þekkja til þessara mála, vita, að hér er nær eingöngu að ræða um luksusplöntur í skrautgarða. Þeir, sem annast innflutning þessara trjáplantna, hafa ekki annað fyrir augum en að græða á þeim, og það er með öllu tryggingarlaust, að þær séu góðar eða heppilega valdar fyrir íslenzkan jarðveg.

En ég býst við, að hv. þm. A.-Húnv. flytji þessa brtt. í sambandi við annað frv., sem hann er flm. að, en það er frv. um einkasölu ríkisins á erlendum trjáplöntum og trjáfræi, og á að verja ágóðanum til að efla skógrækt í landinu. Þegar það frv. er orðið að lögum, á þessi breyt. rétt á sér, og því vil ég beina því til hv. flm. till., að hann setji þetta ákvæði inn í það frv., því að þá fylgist að nauðsynin á þessari breyt. og líkindin til, að hún komi að notum.

**Emil Jónsson:** Tilgangur þessa frv. er sá, að gera innlendri framleiðslu unnt að keppa við útlenda. Frá því sjónarmiði væri rétt, að ákvæði frv. næðu einnig til kassaefnis. En í brtt. er alveg óskilgreint, hvað er átt við með því orði. Mér er sagt, að kassaefni sé stundum flutt hingað til landsins hér um bil fullunnið, í flekum, og ætti þá þetta ákvæði einnig að ná til þess efnis, og eins sagaðra og heflaðra borða, sem flutt eru inn, t. d. í smjörlíkiskassa. En með þessu væri verið að veita norskum fullunnum vörum undanþágu, en það er vitanlega ekki tilgangur þessa frv. Forstöðumanni þeirrar kassagerðar, sem starfar hér, var ekki ljóst, hvernig ætti að fara að því að greina kassaefni frá öðru timbri, svo að ekki yrði farið í kringum lögin. Ég er alveg á því máli að styrkja innlendar kassagerðir til að keppa við útlendar, en í brtt. er enginn skilgreining á því, hvað kassaefni skuli teljast, enda ekki gott að koma henni við.

**Jón Pálmason:** Það er rétt hjá hv. þm. Mýr., að þessi brtt. mín stendur í sambandi við frv. það, sem ég flyt um einkasölu á trjáplöntum. En vegna þess að hér er um tollundanþágu að ræða, álít ég, að ákvæði það, sem í brtt. minni felst, eigi heima í þessu frv. fremur en í hinu.

ATKVGR.
Brtt. 465 felld með 15:7 atkv.
— 467,1 felld með 18:9 atkv.
— 467,2 sjálffallin.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 453).

Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 682).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég hefi ekkert annað um frv. þetta að segja en að n. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 744).

## 52. Varðskip landsins.

Á 13. fundi í Ed., 17. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um varðskip landsins og skipverja á þeim** (þmfrv., A. 102).

Á 16. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta frv., sem meiri hl. sjútvn. flytur hér, er í raun og veru ekki alveg nýtt, því að á síðasta þingi var að efni til flutt samskonar frv. af tveimur núv. hæstv. ráðh. og hv. þm. Vestm. Málið fór þá til fjhn., ef ég man rétt, og fékk þar þær undirtektir, að n.-var nokkurnveginn einhuga um, að sú breyt. á l., sem frv. fór fram á þá, og var sama efnis og sú breyt., sem farið er fram á í þessu frv., ætti að ná fram að ganga.

Að þessu frv. standa, eins og grg. ber með sér, Stýrimannafélag Íslands, Vélstjórafélagið og Sjómannafélag Rvíkur. Öll þessi fél. vilja veita allan sinn stuðning til þess, að þetta mál megi ná samþykki, þótt hagsmunir háseta og kyndara komi hér ekki beint til greina. Ég vil geta þess hér, að hæstv. dómsmrh. hefir lýst sig samþ. þeirri breyt., sem í frv. felst. Ég hefi og ráðgazt um þetta mál við framkv.stjóra Skipaútgerðar ríkisins, og þær breyt., sem hann óskaði eftir við frv., voru teknar til greina. Allir aðilar, sem mest hafa með þessi mál að gera, eru frv. samþykkir.

Ég vil gera nokkra grein fyrir aðalbreyt., sem farið er fram á. Í upphaflegu varðskipalögunum, sem sett voru 1928, var svo til ætlazt, að stýrimenn og vélstjórar fengju fastákveðin laun í launal. Ég var dálítið riðinn við þá lagasetningu, því að sjútvn. Nd., sem ég þá átti sæti í, hafði málið til meðferðar. Mér var því kunnugt um, að andi þeirrar löggjafar var sá, eins og sjá má af þeim ummælum, sem frv. fylgdu, að það ætti að tryggja fasta starfsmenn við varðskipin, sem ynnu þar eins lengi og heilsa og starfskraftar leyfðu. Þarna myndaðist starfsmannastétt, sem ríkið átti að hafa eins mikið gagn af og unnt væri, og var því talið rétt að fastákveða laun þessara manna og veita þeim þann rétt, sem embættismönnum ríkisins er veittur að lögum. En í framkvæmdinni hefir þetta orðið á allt annan veg. Það hefir engin festa myndazt í starfskiptunum á þessum skipum, nema að örlitlu leyti. Það hafa orðið skipstjóra- og vélstjóraskipti á þessum skipum. Sumir starfsmannanna hafa séð sér leik á borði að ná í önnur og betri störf; sett hefir verið út á starf sumra og þeir því ekki átt kost á að setjast í þessi embætti. Ég vil og geta þess, að eitt hefir enn komið í ljós á síðari árum þessum málum viðvíkjandi, er taka þarf til athugunar. Þegar l. voru sett, voru varðskipin 3 eins og nú, og ætlazt til, að starfsmennirnir hefðu á þeim fullkomið ársstarf. En nú er ástandið þannig, að fjárhagur ríkissjóðs hefir mjög takmarkað úthald skipanna, og þeim hefir verið lagt upp til skiptis um misjafnlega langan tíma. Tvö síðustu árin hefir ekki verið að jafnaði nema eitt varðskip í gangi. Fjárhagur ríkissjóðsins hefir ekki leyft meira. Yfirmönnunum hefir að vísu verið haldið á föstum launum við skipin, ef þeir hafa ekki þurft að leysa menn á öðrum skipum af hólmi vegna sumarleyfa o. fl. þ. h. Ein ástæðan enn til breyt. er sú, hve mikið misræmi hefir skapazt milli vélstjóra og stýrimanna á varðskipunum.

Í upphafi var reynt að ganga svo frá þessu máli, að launin yrðu sem allra líkust. Mismunurinn var ekki ýkjamikill í fyrstu, en við það, að dýrtíðaruppbót á launum embættismanna lækkaði svo ört sem raun varð á, lækkuðu líka laun þessara manna, og mismunurinn á launum þeirra og annara farmanna varð allverulegur. Þetta má sjá af grg. frv. frá í fyrra, og þetta er óbreytt nú frá því, sem það var þá. Ég ætla að lesa upp nokkrar tölur, sem sýna þann mismun, sem nú er á launum stýrimanna, sem vinna hjá Eimskipafél. Íslands og strandferðaskipunum, og svo aftur þeirra, sem vinna á varðskipum ríkisins. 1. stýrimaður á varðskipi hefir 95 kr. lægra kaup en stéttarbræður hans á skipum Eimskipafél. og strandferðaskipunum. 2. stýrimaður hefir 52 kr. lægra og 3. stýrimaður 16 kr., en það má geta þess, að laun hans hafa hækkað dálítið frá því, sem þessar tölur segja, en á Eimskipafélagsskipunum og strandferðaskipum ríkisins hefi ég ekki athugað, hve mikill munurinn verður, þegar sú hækkun er tekin til greina. Eftir 12 ára þjónustu er mismunurinn orðinn 106 kr. hjá 1. stýrimanni 104 kr. hjá öðrum stýrimanni, og 27 kr. hjá 3. stýrimanni, en hans laun hafa hækkað nú, eins og áður er getið. Ef við tökum svo vélstjórana, þá er þar um öllu meiri mismun að ræða. Á byrjunarlaunum 1. vélstjóra er mismunurinn 135 kr., 2. vélstjóra 133 kr., og 3. vélstjóra 98 kr., en eftir 12 ára þjónustu er mismunurinn hjá 1. vélstjóra orðinn 185 kr., 2. vélstjóra 125 kr., og 3. vélstjóra 90 kr. Þetta út af fyrir sig hefir valdið því, að mönnum, sem á varðskipunum vinna, finnst, að þeim sé gert mjög rangt til, þar sem líka ríkið, sem hefir þá í þjónustu sinni, veitir þeim ekkert tryggari atvinnu heldur en verzlunarflotinn sínum mönnum. Þessi gífurlegi mismunur má ekki eiga sér stað, og fjhn. Nd. virtist vera á sama máli um, að það mætti ekki svo vera framvegis.

Það, sem hér er farið fram á, er að laun þessara manna séu nákvæmlega í samræmi við laun stéttarbræðra þeirra á verzlunarskipunum, og þeir megi hér eftir semja um laun sín og þeirra félag fyrir hönd þeirra, á sama hátt og aðrir stéttarbræður þeirra, þannig að launin séu nákvæmlega þau sömu hjá báðum, með þeim breyt., sem þau kunna að taka. Þetta er í raun og veru kjarni frv.

Ég skal nú nefna þær aðrar breyt., sem gerðar hafa verið á l. 1928 og þeim breyt., sem þau tóku með l. frá 1932. Þetta frv. hefir verið steypt upp úr þessum l. báðum. Því einu hefir í raun og veru verið breytt, sem þeir, er hafa samið þetta frv., töldu, að myndi stangast við greinina um launakjörin, ef aðrar greinar frv. væru óbreyttar. Það, sem raskast frá eldri l., er þá aðallega þetta tvennt, að laun starfsmanna ríkisins á varðskipunum færist upp í það, sem

nú er á verzlunarskipunum og strandferðaskipunum, og að uppsagnarfrestur sé bundinn nákvæmlega sömu ákvæðum hjá báðum. Ég skal nú geta þess, að skipstjórarnir eru teknir með í þessu frv., og var það gert samkv. ósk þeirra manna, sem töldu ranglæti að skilja skipstjórana eina eftir, ef laun hinna starfsmanna skipanna yrðu hækkuð. Við, sem flytjum frv., teljum, að það skipti svo litlu máli, þó að þeir verði teknir með, enda munar það ekki svo ýkjamiklu, þó að þeir séu á sama launafyrirkomulagi og skipstjórar á strandferðaskipunum, að frádreginni strandferðauppbót. Ég skal taka það fram strax, til glöggvunar, að þá samninga, sem gert er ráð fyrir að gerðir verði við þessa menn, er ætlazt til, að útgerðarstjórnin geri við stéttarfélag þeirra, og gilda þeir jafnt fyrir verzlunarskip, varðskip og strandferðaskip. Skipstjóri gerir svo starfssamning í umboði útgerðarstj. við starfsmenn skipanna, framkvæmir lögskráningu á mönnum og ræður alla menn á skipið, nema yfirvélstjóri ræður aðra vélstjóra, kyndara og aðra starfsmenn í vél.

Þá er og það nýmæli í þessum l., að gert er ráð fyrir, að kafarar skuli fylgja skipunum, og er komin sú hefð á, að svo sé. Ég skal gefa þær upplýsingar, að reynslan hefir sýnt, að varðskipunum, sem eru samhliða björgunarskip, er óumflýjanlegt að hafa kafara, fyrst og fremst við allar björgunartilraunir, svo og þegar framkvæma þarf bráðabirgðabotnskoðun o. fl., og er því nauðsynlegt, að a. m. k. einn maður verði sem fastur starfsmaður við þetta á hverju skipi. Í mörgum tilfellum getur þetta verið mikill ávinningur fyrir landhelgissjóð, því að fyrir smá viðvik, eins og t. d. að skoða botn í skipi eða skera botnvörpu úr skrúfu, fást oft álitlegir peningar.

Í 8. gr. l. þessara eru einnig nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir, að af þeim hluta, sem rennur til skipverja í björgunarlaun, megi skipstjóri ákveða einhvern hluta til þeirra manna, sem mest hafa lagt sig í hættu við björgunina. Þetta er í nákvæmu samræmi við siglingalögin, að verðlauna skuli að einhverju þá menn, sem leggja sig sérstaklega í hættu við björgun. Þetta getur einnig orðið til þess að minnka það ósamræmi, sem er í úthlutun björgunarlauna, þegar þau eru miðuð við laun hvers eins.

Ég hefi nú hér á undan skýrt nokkuð það, sem nýtt er í þessu frv., svo að mönnum geti verið ljóst, hvað hér er um að ræða. Ég býst við, að einhverjir muni ef til vill gera aths. við þetta, sem hér hefir verið flutt fram, og mun þá gefast tækifæri til andsvara, ef svo verður, en ég vil að lokum geta þess, að ég er ekki ugglaus um það, verði þessi launakjör látin standa framvegis óbreytt frá því, sem verið hefir, að þá séu ekki alllitlar líkur til þess, að hinir hæfustu og beztu menn, sem nú eru í yfirmannastöðunum á varðskipunum, leiti sér að atvinnu annarsstaðar, þar sem betur er borgað og vinnan tryggari, að þeirra dómi, en á varðskipunum. Ég get upplýst þessa hv. d. um það, að vélstjórunum á Ægi, sem er eina skip okkar stærri skipa, sem hefir dieselvél, en þær útheimta sérstaka þekkingu og leikni, eru boðin önnur störf, bæði á sjó og landi, sumpart hjá opinberum stofnunum eða einstaklingum. Þessar vélar eru nú fluttar til landsins og eru notaðar við iðjurekstur, t. d. frystihús, rafmagnsstöðvar o. fl., og má á því sjá, að nokkur hætta er á, að erfitt verði fyrir ríkið að halda þessum mönnum, ef það greiðir ekki eins hátt kaup og einstaklingsrekstur. Ég verð að láta uppi þá skoðun, að ég tel, að ekki yrði hægt að grípa upp í fljótu bragði vel æfða og vel menntaða menn, ef þeir, sem fyrir eru, sjá sér nauðugan þann kost að fara. Ég veit, að hér í þessari hv. d. eru menn, sem bera svo mikið og gott skyn á þetta mál, að þeir vita, að ég fer hér með rétt mál.

Að lokum skal ég geta þess, að þriðji maðurinn í n., hv. þm. N.-Ísf., taldi sig vinsamlegan þessu máli, þó að hann vildi ekki gerast meðflm. frv.

Sá kostnaður, sem af þessu leiddi fyrir ríkissjóð, mun verða samkv. útreikningi í fyrra 22 þús. kr., og býst ég við, að það yrði nokkuð svipað nú, en hann fer eftir því, hvort skipin eru gerð út að staðaldri eða ekki. En þó að ríkissjóður verði að taka á sig þessi auknu útgjöld, sem ég tel ekki stórvægileg á svo stórum rekstri — það er vitað, að það kostar ríkið 800000 kr. yfir árið, ef öll varðskipin eru látin ganga —, þá virðist mér, að þessar 20000 kr., sem varið yrði til að bæta kjör skipsmanna, sé ekki svo ýkjahá prósenta. Ég býst nú hinsvegar við, að það muni koma fram hér á þinginu síðar, að ekki verði hægt að verja svona miklu fé til þess, og verður prósentan þá hærri heldur en ef sú upphæð er lögð til grundvallar. Mín skoðun er sú, að þó þessi upphæð sé nokkuð há, þá sé henni ekki illa varið til að bæta kjör manna, sem búnir eru að vinna trúlega í þjónustu ríkisins um nokkurra ára skeið, og virðist mér þeir eiga fullan rétt á launum sínum, eins og hverjir aðrir þegnar þjóðfélagsins, sem hafa samskonar störf með höndum. Að mínu áliti getur ríkið ekki greitt lægri laun en það, að þau sé sambærileg við það, sem greitt er við samskonar störf hjá öðrum.

Ég býst ekki við, að nauðsynlegt sé að vísa málinu til n., en tel það þó ekki útilokað. Ég mun samt ekki gera till. um það.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefi ekki getað orðið flm. þessa frv. og skal gera grein fyrir, hvers vegna. Eins og menn vita, eru launakjör þessara starfsmanna ríkisins sett með l. frá 1928, og var þá meiningin sú, og hefir líka verið svo í framkvæmd, að mennirnir, sem hér um ræðir, hafi nokkru ábyggilegri vinnu heldur en stéttarbræður þeirra hjá einstaklingum. Þetta hefir verið framkvæmt þannig, að þó að skipin hafi legið uppi mánuðum saman, þá hafa þessir skipverjar fengið sín laun. Annarsstaðar mun það vera venja, að sé skipi lagt upp yfir lengri tíma, er skipverjum sagt upp, og einnig yfirmönnum skipanna, að ég ekki tali um erlendis, þar sem menn eru afskráðir strax og þeir koma í höfn, svo að segja hvað stutta dvöl sem skipið hefir.

Það er rétt, að laun þessara starfsmanna rík-

isins hafa lækkað, en það er í fullu samræmi við laun annara starfsmanna ríkisins. Það hefir, með því að dýrtíðaruppbót var lækkuð, orðið lækkun á launum allra starfsmanna ríkisins, og sú lækkun mun nema frá því á árinu 1922 nálægt 800 þús. kr. á ári fyrir ríkissjóð. Það er eðlilegt, ef miða á við, hve mikil dýrtíð er í landinu, að laun opinberra starfsmanna lækki með lækkaðri dýrtíð, því að öðrum kosti er sjáanlegt, að lenda muni í öngþveiti fyrir atvinnuvegum landsins. Ég tel, að það séu nokkuð tvísýnir hagsmunir fyrir þessa menn að fá þessa breytingu, því að ef svo væri, að þeir væru ráðnir með sömu kjörum og yfirmenn á skipum hjá öðrum atvinnurekendum, þá er sennilegt, að útgerðin mundi sjá sig knúða til þess, þegar hún vissi það fyrirfram, að skipið mundi liggja 2 til 3 mánuði aðgerðarlaust, að segja mönnunum upp, þar sem þeir væru ekki fastir starfsmenn ríkisins. Á þessu gætu þeir tapað eins miklu og meiru heldur en þeir ynnu með því að hafa sömu kjör og stéttarbræður þeirra á verzlunarskipum og strandferðaskipum. Verði þetta hinsvegar ekki gert, þá er hér um aukinn kostnað að ræða fyrir ríkissjóð, en nú er því miður svo ástatt, eins og hv. flm. gat um, að það er langt frá því, að ríkissjóður hafi getað haldið úti þessum nauðsynlegu gæzlutækjum. Það hefir orðið að draga úr eftirlitinu til stórra muna og til stórskaða fyrir landhelgisgæzluna, og þegar svo er ástatt, að ekki er hægt að halda uppi nauðsynlegri landhelgisgæzlu, þá er fyrir mínum sjónum erfitt að bæta við kostnaðinn og á þann hátt, að draga enn meir úr þeirri gæzlu, sem ekki fullnægir lægstu og nauðsynlegustu kröfum.

Um það, að hafa einn eða fleiri kafara á skipum, sem hafa útbúnað til að bjarga strönduðum skipum, þá er það vitanlega oft þægilegt og nauðsynlegt. En ég hygg nóg að hafa einn kafara, og jafnvel einn kafara fyrir bæði skipin, því að það hefir verið svo undanfarið, að aðeins annað skipið hefir verið á floti í einu, og ennfremur eru nú köfunaráhöld víða um land og sömuleiðis kafarar, sem hægt er að ná til með ekki miklum kostnaði. Ég tel því, að nægi alveg að hafa einn kafara, því að menn verða að reyna að spara í þessum efnum sem öðrum, svo að hægt sé að vinna hið allra nauðsynlegasta fyrir þjóðfélagið. Hitt væri æskilegt, að geta borgað góðum mönnum hátt kaup, sem ég efast ekki um, að þessir menn séu, og veit af viðkynningu við marga þeirra, að þeir eru, en það eru svo margir aðrir, sem vinna fyrir þjóðfélagið og bera mjög lítið úr býtum, og ennþá minna en þessir menn, að það væri mikið misrétti að samþ. þessar launahækkanir.

**Magnús Guðmundsson:** Ég skal ekki draga dul á það, að mér finnst, að launakjör sumra yfirmanna varðskipanna hefi verið svo slæm, að fyllilega sé þörf á að bæta þau að nokkru. Ég man eftir því, að t. d. laun 3. stýrimanns hafa oft verið lægri en laun almennra háseta, vegna þess að hásetar fá kaup fyrir eftirvinnu, en stýrimenn ekki. Það hafa líka komið kvartanir frá skipherrunum yfir því, hvað laun þeirra væru lág, og er ekki hægt að neita því, að þau laun, sem ákveðin hafa verið fyrir skipherra á varðskipum ríkisins, eru miklu lægri en laun skipstjóra á strandferðaskipum ríkisins. En ég ætla, að meiri hl. hv. n. muni eftir, hvernig á því stendur, að svona var farið að 1927. Þá voru, þvert ofan í gildandi l., færð niður laun þessara manna, og því hefir verið haldið síðan. Mér finnst því ekki nema réttlætisverk gagnvart þessum skipstjórum, að færa laun þeirra eitthvað í áttina við þau laun, sem borguð eru öðrum skipstjórum, sem ekki er hægt að álíta, að hafi vandasamari störf. Það er ekki hægt að neita því, að af þessu hljótast allmikil útgjöld fyrir ríkissjóð, því að það sjá allir. En ég vil leiða athygli að því, að það lítur út fyrir eftir fjárlagafrv. stj., að hún ætlist ekki til, að þeir, sem hafa 4000 kr. laun eða þar yfir, fái dýrtíðaruppbót, nema þess sé þörf, til jöfnunar við þá, sem eru lægri, en hafa dýrtíðaruppbót. Það verður náttúrlega að athuga, að ekki komist hér beint ósamræmi á gagnvart mönnum, sem hafa lagt meiri kostnað í nám en skipstjórar varðskipanna.

Ég tek eftir því, að í frv. er fellt burt, að skipverjar séu sýslunarmenn ríkisins, og er það þó í gildandi l. Þessu var alls ekki meiningin að breyta með því frv., sem flutt var í fyrra um þetta efni. Mér skilst, að þetta eigi svo að bæta upp með ákvæði 5 gr., um að skipverjar megi ekki taka þátt í kaupdeilum, en nú vil ég spyrja hv. frsm., hvað hann telji, að taka þátt í kaupdeilu. Telur hann það, að segja upp og fara, þegar samningar eru útrunnir, að taka þátt í kaupdeilu? Ég spyr að þessu af því, að frá byrjun hefir það verið tilgangurinn að sjá svo um, að þó að kaupdeila risi upp út af kaupi sjómanna, geti ekki farið svo, að skipverjar á varðskipunum geri þau óstarfhæf, og þannig fari, að okkar eiginn fiskifloti og varðskip séu bundin hér við hafnargarðana, en útlendir togarar leiki lausum hala í landhelgi. Ég vil skjóta því til hv. flm. þessa frv., hvort þeir geti ekki fallizt á að nema burt ákvæðið úr 3. gr., um að það skuli vera sjútvn. þingsins, sem geri út um það, hvort stýrimaður hafi verið gerður löglega rækur. Mér sýnist það alveg óhæfa að taka þennan rétt — réttinn til að leita úrskurðar dómstólanna — burtu. Það er ekki hægt að telja, að sjútvn. þingsins geti verið hlutdrægar í þessum málum, því að það mun hér um bil alltaf vera svo, að meiri hl. sjútvn. er skipaður flokksmönnum þess ráðh., sem einmitt hefir framkvæmt brottreksturinn.

Í niðurlagi 6. gr. er talað um laun á skipum þeim, sem nú eru leigð til landhelgisgæzlu, og ákvæði um, að þar skuli samið við hlutaðeigendur. Þetta er ekki nógu skýrt. Hverjir eru þarna hlutaðeigendur? Eru það þeir, sem réðu mennina á bátinn og útveguðu hann? Er meining flm. sú, að þetta verði til þess, að menn séu ekki ráðnir á slík skip fyrir minna kaup en verkalýðstaxta? — Þá vildi ég benda á það ákvæði 7. gr., sem heimilar stj. að útbúa varðskipin með björgunartækjum. Þetta er úrelt heimild nú, þar sem búið er að setja björgunartæki í skipin, og endurnýjun þeirra þarf engr-

ar lagaheimildar við. — Í 9. gr. er ákveðið, að ráðningarsamningur sjómanna falli úr gildi jafnskjótt og l. ganga í gildi. Ég kann illa við að hafa slíkt ákvæði í l., og tel, að það eigi að fella burt.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Ed., 20. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þar sem umr. um þetta mál lauk í gær, var lítið eftir annað en að svara ýmsum spurningum, sem hv. 1. þm. Skagf. beindi aðallega til okkar flm. Ég skal leyfa mér að svara þessum hv. þm., sem ég nefndi.

Hann talaði fyrst um skipstjórana. Eiginlega var það ekkert annað en það, að þeir hefðu með l. 1927 verið settir á þessi launalög, en ég held, að því hafi verið slegið föstu með lögunum 1928. Ég skal játa það fúslega, að þeim hefir verið gerður nokkur misréttur með því að setja þá skör lægra heldur en aðra skipstjóra, sem sigla hér við land, en það mun hafa byggzt á því, að hér væri um svo trygga stöðu að ræða, sem jafngilti hverju öðru föstu embætti. Með þessu frv. á að breyta þessu og gera skipstjóra varðskipanna jafna öðrum skipstjórum, að undanskilinni strandferðauppbót, sem skipstjórar strandferðaskipanna hafa.

Í öðru lagi spurði hv. 1. þm. Skagf. um, hvað væri átt við með því, að skipverjar mættu ekki taka þátt í kaupdeilum. Í lögum um þetta efni eins og þau eru nú er ákvæði um, að starfsmenn ríkisskipanna megi ekki taka þátt í verkföllum, og það varði ábyrgð að lögum eins og gildir um embættismenn ríkisins. Ég skal taka það fram, að ég hefi alltaf litið svo á, að þeir, sem á varðskipunum ynnu, gætu alls ekki tekið þátt í kaupdeilum, sem kynnu að rísa á milli starfsfólks verzlunarskipanna og atvinnurekenda, auk þess sem það á ekki að þurfa, því að þeirra laun eru ákveðin af þeirra stéttarfélagi með samningi, sem yrði þá gerður við viðkomandi atvinnurekanda.

Ég er hv. þm. sammála um það, og hefi alltaf verið það, að það sé óheppilegt, að þessir menn þyrftu að standa í kaupdeilum, meðfram vegna þess, ef slíkt skyldi henda, að deila yrði við eigendur fiskiflotans og verzlunarflotans samtímis, að þá yrði þó að halda varðskipunum í gangi til þess að verja landhelgina fyrir útlendingum. Ég hefi alltaf verði fylgjandi því, að þessir menn þyrftu ekki að taka þátt í kaupdeilum, sem stéttarbræður þeirra á öðrum skipum ef til vill þyrftu að gera. Þessari skoðun hefi ég alltaf fylgt fram síðan á Alþingi 1928, og alltaf fylgt henni innan þess stéttarfélags, sem ég er starfandi við. Ég ætlast einnig til, að starfsmenn varðskipanna verði ekki heldur settir til þess að skipta sér af kaupdeilum hjá öðrum sem lögregla, því að ég tel það óheppilegt, að þeir séu settir til þess að vera sem nokkurskonar her, til þess að berja á stéttarbræðum sínum, sem kynnu að standa í kaupdeilu. Þess vegna meina ég með þessu ákvæði frv., að þeir taki ekki þátt í neinskonar kaupdeilum.

Þá talaði hv. 1. þm. Skagf. um ákvæði frv. um áfrýjunarrétt skipstjóra til sjútvn. Þetta ákvæði stóð í l. frá því 1928, og ég tók það upp úr lögunum eins og það var, og frá minu sjónarmiði sé ég ekkert athugavert við það. En hitt er annað mál, hvort þeir eigi að hafa beinan aðgang til dómstólanna. Ég hygg þó, ef ágreiningur yrði á milli dómsmrh. og skipstjóra varðskipanna, að þau atriði gætu legið fyrir, að skipstjórarnir gætu skotið sínu máli til dómstóla landsins. Ég hygg, að þetta ákvæði sé sett með það fyrir augum, að enginn ráðh. geti beitt rangindum gagnvart skipstjóra á varðskipi, án þess að það væru aðrir dómbærir menn, sem um það fjölluðu. En hv. 1. þm. Skagf. gerði ráð fyrir því, að sjútvn. á hverjum tíma yrðu svo flokksbundnar viðkomandi ráðh., að það yrði hæpinn dómur, sem þær legðu á málið. Ég vil ekki fallast á það. Þó að ég sé fylgismaður núv. stj., mundi ég ekki þola af neinum ráðh., að hann beitti skipstjóra rangindum. Ég sem einn af sjútvnm. mundi alls ekki binda það við flokksfylgi, þó að ég væri í dómarasæti, og svo held ég, að fleiri myndu vera.

Þá spurði hv. þm. um, hvað væri átt við með „samningum við hlutaðeigendur“ í 6. gr. frv. Ég skal fúslega upplýsa hv. þm. um það. Það er átt við þá, sem sumpart leigja skipin og sumpart vinna á skipunum. Ég tel ekki rétt, að á skipunum vinni menn með svo óheyrilega lágum launum, að slíks finnist varla dæmi við annan atvinnurekstur. Það má kannske segja, að ríkið eigi ekki sök á því, hvernig leigumála þeir gera við einhvern ákveðinn bátaeiganda. En hitt veit ég, að sjómannastéttin vill eiga íhlutunarrétt um það, hvað mönnum er greitt í kaup fyrir sitt starf. Þetta getur þýtt eitthvað hærri leigumála, en það er atriði, sem ég set ekki fyrir mig í þessu sambandi.

Þá minntist hv. þm. síðast á skipunarbréfin. Ég bar það undir lögfróðan mann, hvort skipunarbréfin gætu staðið eftir að lögunum væri breytt eins og hér er farið fram á. Skipunarbréfin eru nú við 6 stýrimenn og 2 skipstjóra. Leit sá maður svo á, að tryggara væri að ákveða um þetta í l., en ég skal ekki dæma um, hvort það er nauðsynlegt, en hér var farið eftir ráði lögfróðra manna. En hinsvegar skal ég játa það fúslega, að ég býst ekki við, að viðkomandi menn, sem hafa þessi skipunarbréf, geri ráð fyrir, að þau hafi nokkurt gildi í sér fólgið fyrir þá, ef svo tekst til sem frv. fer fram á, að laun þeirra verði hækkuð og þeir komist undir þau ákvæði, sem felast í kaupsamningi þeirra, er stéttarfélag gerir fyrir þeirra hönd, en það er yfirleitt ákveðinn í þeim samningum 3 mánaða uppsagnarfrestur.

Ég verð að segja, að ég þakka hv. 1. þm. Skagf. fyrir, að hann tók þessu frv. með velvilja og benti á ýmislegt, sem vert er að athuga í þessu efni, og er ekki ástæða til annars en þakka honum fyrir undirtektir hans. En aftur á móti andaði lítilsháttar kaldara frá hv. þm. N.-Ísf., þó að ég hinsvegar búist ekki við, að því fylgi ýkjamikil alvara, því að eftir því sem mér skildist, þá vill hann ekki bregða fæti fyrir frv.

Hér er í raun og veru um atriði að ræða, sem ég hygg, að meiri hl. þm. sé sammála um, að breyta til um kjör þessara manna, jafnvel þó að það hafi í för með sér nokkra hækkun á útgjöldum ríkissjóðs; og á þann hátt að viðurkenna starf þessara manna, sem í mörgum tilfellum er vandasamt og vanþakklátt, en ekki að sama skapi skemmtilegt starf. Ég hefi að vísu aldrei verið við landhelgisgæzlu, en ég hefi verið bæði farmaður og fiskimaður, og ég veit, að þetta starf er ekkert uppörvandi og gerir menn að ýmsu leyti leiðari á sjónum en nokkurt annað starf, sem menn fást við.

**Magnús Guðmundsson:** Það er ekki löng aths., sem ég þarf að gera. Ég hefi fengið skýringu á sumum atriðum, sem ég spurði um, og skal ég ekki nefna þau.

Ég vil taka fram, út af því, sem hv. frsm. sagði um sjútvn., að ég sé ekki ástæðu til þess að taka þessi brottrekstrarmál úr höndum dómstólanna, því að þar er hlutlaus dómur um þau bezt tryggður. Ég er ekki í raun og veru að væna þennan hv. þm. um hlutdrægni, en komið gæti fyrir, að hann liti öðrum augum á málið heldur en rétt væri vegna aðstöðu sinnar til þess ráðh., sem framkvæmdi brottrekstrinn.

Viðvíkjandi kaupdeilunum er það að segja, að það á engin lögregla að taka þátt í kaupdeilu. Lögregla á aldrei að gera annað en halda uppi lögum og reglu, svo þetta er ekkert sérstakt fyrir lögregluna á sjónum. Hv. frsm. sagði, að þetta ákvæði væri til þess að fyrirbyggja, að skipin lægju inni vegna kaupdeilna, og landhelgin þar af leiðandi yrði óvarin, og ennfremur til að fyrirbyggja, að menn færu af skipum eða segðu upp með mjög skömmum fyrirvara. Þessu er ég samþykkur og tel þá því náð í þessu efni, sem þarf. Þá eru laun skipherranna. Hv. frsm. viðurkenndi, að þeir hefðu verið beittir nokkurskonar misrétti 1928. Það er gott að fá játningu hans um þetta, en jafnframt vil ég minna hann á, að hann sjálfur var einn af þeim, sem frömdu þetta misrétti 1928, þótt honum væri þá ræki lega á það bent. Þá vildi hann ekki viðurkenna það, en nú kemur hann með till. um að hækka þau eins mikið og hann lækkaði þau þá. Þetta kalla ég að snúast í hring. En það er ekki nema góðra gjalda vert, ef rangt hefir verið farið að í byrjun. En ég held ekki, að fært sé að setja launin eins há og hann vill. Ég geri ráð fyrir, að hann viti, að skipstjórar strandferðaskipanna hafa 11—12 þús. kr. á ári, og alls ekki minna en 10 þús. Þeir hafa svonefnt strandferðagjald, en föstu launin eru um 10 þús. kr., og þá þykir mér snúningurinn nokkuð skarpur síðan 1928, ef nú á að setja launin hærri en þá.

Ég get ekki stillt mig um að benda á hinn eftirtektarverða snúning hv. frsm., og sennilega beggja stjórnarflokkanna.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Það eru aðeins nokkur orð út af skipstjóralaununum, sem ég vildi segja. — Hv. 1. þm. Skagf. vill meina, að það sé hringsnúningur hjá mér að flytja till. um að hækka þessi laun í samræmi við það, sem nú er á strandferðaskipunum. Ég gat þess í framsöguræðu minni, að tilmæli um þessa hækkun hefðu komið fram frá forstjóra skipaútgerðarinnar og að ég hefði fallizt á þau. Ég vil benda hv. þm. á, að þegar launin voru ákveðin 1928, var allur þingheimur, að ég hygg, sammála um að ákveða föst laun handa skipstjórum, stýrimönnum og vélstjórum. Ég man ekki, til hvaða nefndar frv. til þeirra laga fór, en minnir, að það væri sjútvn., og ég varð ekki þá var við, að neinn ágreiningur yrði um að skapa þessum mönnum föst laun, á þeim forsendum, sem þau voru byggð. Hér er því ekki um neinn snúning að ræða frá minni hálfu, og ég verð að segja það, að á ekki skemmra tímabili en frá 1928 hefir svo margt breytzt, að ef til vill er ástæða til að halda öðru fram nú en fyrir 5—6 árum. Hv. þm. mun einnig hafa verið lögunum samþykkur.

Ég þykist þá hafa fært nokkur rök fyrir minu máli viðvíkjandi breyt. á launakjörum þessara manna, en ég hefi að vísu ekki aflað mér nákvæmra talna um, hvað hækkun þessi hefir mikil útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, en framkvæmdarstjóri skipaútgerðarinnar gerði ráð fyrir, að það mundi nema um 20—25 þús. kr. Ég get náttúrlega rannsakað þetta atriði síðar og upplýst svo hv. þd. um, hvað þetta er nákvæmlega.

Ég þykist nú hafa svarað hv. þm. nógu greinilega til þess, að mönnum sé það fullljóst, að hér er ekki um neinn hringsnúning að ræða frá minni hálfu, heldur byggist till. mín á allt öðru viðhorfi en var 1928 í þessu efni.

**Magnús Guðmundsson:** Hv. frsm. vill ekki kannast við neinn hringsnúning í framkomu sinni í þessu launamáli. Ég verð þá að rifja málið upp að nýju. Þar er þá fyrst að geta þess, að 1927 voru lögákveðin laun yfirmanna á varðskipunum. Árið 1928 voru laun þessi lækkuð hjá skipherrunum. Það var hinn nýi meiri hl. í þinginu, sem færði launin niður, og í þessum meiri hl. var hv. frsm. Á þinginu 1928 var hv. frsm. því fylgjandi að lækka launin frá því, sem þau voru ákveðin 1927, en nú kemur hann með till. um að hækka þau svo, að þau verði enn hærri en 1927. Þetta er hringsnúningur, hvernig sem hv. þm. reynir að vefja málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr.

**Magnús Guðmundsson:** Ég vildi biðja hv. sjútvn. að leggja hér fram fyrir 3. umr. nákvæmt yfirlit um, hversu miklu nemur sú launahækkun, sem hér er um að ræða. Hún verður dálitið meiri heldur en hv. frsm. sagði við 1. umr., óbeinlínis að vísu með því að vitna í grg. fyrir frv., sem flutt hefir verið á þingi áður. En ég vil, að þetta sé ekkert efamál. Ég er hræddur um, að fram geti komið misræmi í launagreiðslum ríkisins, ef þessi launahækkun er samþ. samtímis því að felld er niður dýrtíðaruppbót á launum yfir 4000 kr., eins og hæstv. stj. leggur

til. Ég vona, að hv. n. hafi ekki á móti því að gefa d. þessa skýrslu.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Eins og ég sagði frá í framsögu þessa máls, þá höfum við ekki nú reiknað sérstaklega út, hvaða launahækkun felst í þessu frv., en vitnuðum í útreikning, sem lá fyrir frá síðasta þingi um þetta efni. Nú eru skipstjórarnir taldir með í frv., og leiðir af því dálitla hækkun. Að öðru leyti er ekki um hækkun að ræða, nema ef vera skal hjá brytum, og matsveinum að einhverju leyti; sumir þeirra hafa þegar sömu laun og tíðkast á öðrum skipum, eftir því hvað þeir hafa starfað lengi. Um hækkun hjá öðrum undirmönnum er ekki að ræða, því þeir búa nú við þau kjör, sem í gildi eru annarsstaðar.

Hv. 1. þm. Skagf. drap á eitthvert misræmi í launagreiðslum, sem leitt geti af þessu frv. Hann getur ekki átt við misræmi milli skipverja innbyrðis, því þar kemur dýrtíðaruppbót ekki til greina. Það er þá misræmi milli þeirra og embættismanna ríkisins annara, sem hann á við. En þó það standi í einhverju frv., að fella skuli niður dýrtíðaruppbót, þá er engin vissa fyrir, að það nái samþ., og ekki hægt að láta það hafa áhrif á afgreiðslu þessa máls.

En ég skal leggja mitt til sem nm., að gerður verði samanburður á núgildandi launakjörum á varðskipunum, og þeim kjörum, sem verða mundu samkv. þessu frv. (**MG:** Ég geri mig ánægðan með þetta svar hv. þm.).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:1 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Ed., 27. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 102, 212).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Eins og sjá má af þskj. 212, eigum við hv. 4. landsk. hér litla brtt. við þetta frv., sem ekki ætti að þurfa að valda ágreiningi. Er þar aðeins farið fram á, að þeim mönnum, sem skipaðir hafa verið starfsmenn á varðskipunum, verði tryggt starf þann tíma, sem skipunarbréfið hljóðar um, þó því aðeins, að landið hafi sín eigin skip til landhelgisgæzlu og björgunarstarfs.

Ef afgr. verða ný lög, sem breyta launum og öðrum kjörum skipshafnanna, mun mega líta svo á, að skipunarbréfin falli úr gildi. Flest munu þau vera gefin út 1931 og gilda til 6 ára; þó geta einhver þeirra verið nýrri. Hér er ekki farið fram á annað en að þessir menn, sem búnir eru að vera í þjónustu ríkisins, gangi fyrir öðrum svo lengi sem skipunarbréfið gildir. Ef skipum fækkar, verður vitanlega að segja starfsmönnum upp, en till. miðast ekki við það, heldur að ekki sé breytt um skipshöfn, jafnvel þó breytt væri um skip. Nú munu ekki nærri allir stýrimenn eða skipstjórar hafa skipunarbréf. Till. er borin fram eftir ósk stýrimannafél.

**Magnús Guðmundsson:** Ég óskaði eftir við 2. umr. að fá yfirlit yfir, hver útgjaldaauki yrði að því að samþ. frv. Þetta hafa hv. flm. ekki upplýst, en mér sýnist, að hann muni nema um 30 þús. kr. á öllum skipunum, ef ráða ætti í þau samkv. frv. Það kann að vera, að hv. stuðningsmönnum stj. sýnist þetta ekki muna miklu, en mér finnst það talsverð upphæð. Mér virðast laun þessara manna ekki heldur svo lág, að ástæða sé til þess að hækka sum þeirra eins mikið og frv. ráðgerir. 1. vélstjóri mun hafa um 6900 kr., en gæti samkv. frv. komizt í hærri laun en hæstaréttardómarar. Sama er að segja um skipstjóra. Þeir hafa nú 8600 kr., en mundu fá 10600 kr. eftir frv. og komast hærra en ráðh. Mér finnst lítið samræmi í því, ef stjórnarflokkarnir ætla að samþ. þetta, en fella jafnframt niður dýrtíðaruppbót af öllum launum, sem fara yfir 4000 kr., því mér skilst, að flestir starfsmenn skipanna verði fyrir ofan 4 þús. Ég ætla ekki að greiða atkv. um frv., en mun lofa stjfl. að hafa heiðurinn af því, hvað þeir gera við það. Ef til vill verður það svo athugað á eftir.

Brtt. þeirra hv. 4. þm. Reykv. og 4. landsk. á þskj. 212 er ekki til bóta. Ég benti á við 2. umr., að skipunarbréfin mundu vafalaust vera í fullu gildi sinn ákveðna tíma, og ætti að fella þau áður úr gildi, væri rétt að láta ganga dóm um það eftir launalögum. Í brtt. er ekki gert ráð fyrir, að það eigi að tryggja mönnum sama starf, þó breyt. yrði gerð, heldur aðeins eitthvert starf.

Ég hefði kunnað bezt við að láta fara um þetta eftir því, sem lög standa nú til, enda sé ég ekki ástæðu til annars.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Ég hefi ekki tekið til máls um þetta frv. Þó nokkrar ástæður séu fyrir frv., tel ég ekki nauðsyn á að bera það fram nú. Ég ætla því að benda á atriði, sem fjvn. er búin að athuga og ég býst við, að við gerum till. um eftir nokkra daga. Og af því það snertir þetta mál, þykir mér rétt að skýra frá þessu hér, áður en málið fer úr deildinni. Þetta liggur þannig fyrir nú, að varðskip landsins eru þrjú. Alþ. óskaði eftir, að þriðja skipið væri byggt, og var litið svo á, að það væri fyllsta þörf fyrir það, og var það því gert. Þegar kreppan skall svo á, mun fyrrv. stj. hafa litið svo á, að ríkið væri ekki fært um að eyða um 800 þús. kr. á ári til varðskipanna þriggja. Þeim hefir því ekki verið haldið úti öllum samtímis, þó ekki hefði verið vanþörf á því, eftir þeim röddum, sem heyrast víðsvegar að af landinu um ásókn skipa í landhelgi og ófullkomna gæzlu. Þegar það hefir ekki verið talið fært á undanförnum árum að halda öllum skipunum úti, vegna fjárhagsaðstöðu ríkissjóðs, er ekki útlit fyrir, að það verði fremur hægt á næstu árum, eða fyrr en eitthvað batnar í ári.

Nú eru einstök héruð að safna fé í björgunarskútur. Þessar skútur eru mótorbátar með sterkri vél, og er árlegur kostnaður við útgerð

þeirra áætlaður um 50 þús. kr. Ef byggðir yrðu 4 slíkir eftirlitsbátar, og þó það væri gert eingöngu fyrir gjafafé, þá mundi rekstur þeirra koma á landið. Það má því búast við, að eftir 3 ár verði varðskipin þrjú, sem kosta ríkissjóð árlega 800 þús. kr., og 4 eftirlitsbátar, sem kosta árl. um 300 þús. kr., og verður því árlegur kostnaður ríkissjóðs af landhelgisgæzlunni um 1 millj. kr. En verði ekki betra í ári en verið hefir, sé ég ekki, að hægt sé að auka útgjöldin.

Það hefir komið fram — og verið vel tekið af mörgum þm. — till. frá Pálma Loftssyni forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, um að ríkið tæki að sér útgerð og rekstur björgunar- og eftirlitsbátanna, en seldi a. m. k. eitt af stærri skipunum. Ef höfð væru í gangi annað stærra skipið og Þór, mundi árlegur kostnaður af þeim verða um 460 þús. kr. Og til að byrja með 2 eftirlitsbáta, sem kostuðu um 40 þús. kr., er hægt að hafa eins góða strandgæzlu eða betri en með skipunum þremur. En þegar stærri bátunum fjölgar, væri athugandi að selja einnig Þór. Það virðist því skipta miklu fyrir þetta mál, hvernig þetta ræðst. Hv. þm. hefði átt að spara sér flutning þessa frv., því það er alveg óhugsandi að hafa 3 skip með fullri áhöfn, en láta ekki nema 1—2 ganga.

Ég hefi ekki talað um einstaka liði frv., því mér sýnist það hafa ákaflega litla þýðingu. Ef þingið hækkar nú laun starfsmanna á þessum skipum, getur það haft þá ánægju að stöðva þau eftir nokkur ár. Ég vil taka undir með hv. eftirmanni mínum um, að launin séu sæmileg og engin knýjandi ástæða til að hækka þau. (**JBald:** Á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir).

**Magnús Guðmundsson:** Mér þykir gott að heyra, að hv. þm. S.-Þ. er kominn á þá skoðun, að þörf hafi verið á vegna fjárhags ríkissjóðs að draga úr landhelgisgæzlunni. Batnandi manni er bezt að lifa, en margar eru skammagreinarnar, sem hann hefir skrifað um mig af því að ég dró úr gæzlunni. Nú mælir hann sjálfur með þessari ráðstöfun minni.

Till., sem hv. þm. sagði að lægi fyrir fjvn., get ég ekki séð, að komi neitt þessu máli við. Það er auðvitað, að héruðin, sem að byggingu björgunarskútnanna standa, hafa talið þörf fyrir þær, hvert á sínu svæði, og munu þau því áreiðanlega vilja hafa ihlutun um rekstur þeirra. Annars býst ég ekki við, að ríkið geti í náinni framtíð haldið úti þremur varðskipum. — Ég vil svo aðeins endurtaka það, sem ég hefi áður sagt um þetta frv., að mér finnst vera farið þar of hátt í launagreiðslum. Ég ætla að sjá samkvæmnina í þessu launamáli hjá stjórnarfl., og mun því ekki greiða atkv.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Hv. 1. þm. Skagf. drap á tvö atriði, sem sérstaklega skipta máli. Skal ég víkja nokkrum orðum að hvorutveggja.

Hvað það snertir, að frv. hafi í för með sér launahækkun til handa starfsmönnum varðskipanna, vil ég endurtaka það, sem ég hefi áður sagt um þetta, en aðeins undirstrika það, að ég tel það ekki sæmandi fyrir ríkið að borga lægri laun en einstaklingar gera, fyrir vinnu, sem sízt er betri eða skemmtilegri. Á það er einnig að líta, að um flesta embættismenn, er í landi vinna, er það svo, að þeir hafa allskonar störf með höndum utan hjá og geta með því móti komið launum sínum á það stig, sem hæfilegt má þykja. Hinsvegar hafa sjómennirnir ekkert nema sín föstu laun og eru útilokaðir frá að geta skapað sér slíkar aukagetur. Þetta eitt atriði út af fyrir sig myndi réttlæta það að hafa laun þeirra hærri en annara starfsmanna ríkisins. Ennfremur kemur það til greina, að embættismenn í landi hafa vissu fyrir að halda embættum sínum á meðan þeir hafa heilsu til að gegna því. (**MG:** Sérstaklega ráðh.). Rétt er það, að þetta nær ekki til þeirra. (**JBald:** Sem betur fer!). Já, ég get tekið undir það með hv. 4. landsk. þm. — Þá vil ég einnig benda á það, að embættismenn í landi hafa fullt af möguleikum til þess að „hækka í tigninni" og komast í betri stöður. Héraðsdómarar geta orðið hæstréttardómarar o. s. frv. En slíkt kemur ekki til greina fyrir sjómennina. Stýrimennirnir á varðskipunum geta engar vonir gert sér um að verða skipstjórar. Þeir verða að sætta sig við að vera stýrimenn alla æfi. Og það er jafnvel ekki svo, að þeim sé tryggt það, því að eins og hv. þm. S.-Þ. drap á, getur að því rekið, að fækka verði skipunum við landhelgisgæzluna — og þá verður að segja nokkrum af þessum mönnum upp atvinnunni og reka þá út á gaddinn.

Að því er skipunarbréfin snertir skal ég ekki deila við hv. 1. þm. Skagf. um þau. Hann er lögfræðingur og ber þar af leiðandi betra skynbragð á þessa hluti. En ég bar þetta atriði einmitt undir lögfræðinga, og þeir sögðu mér, að þar sem hér væri um árslaunamenn að ræða, væri grundvellinum kippt undan stöðum þeirra með nýju launafyrirkomulagi. Till. okkar hv. 4. landsk. þm. er einmitt borin fram til þess að tryggja þessum mönnum áfram vinnu hjá ríkinu, a. m. k. á meðan ríkið ræður yfir þessum skipastól. Ég vil einnig benda á það í þessu sambandi, að á meðan ríkið heldur uppi strandferðum kringum landið, er einmitt gott fyrir það að geta gripið til þessara manna, til þess að leysa þá af hólmi, sem eru í fríum eða frá vinnu af einhverjum öðrum ástæðum. Ella yrði að taka nýja menn, ef ekki er hægt að grípa til þessara.

Að lokum vil ég aðeins skjóta því til hv. 1. þm. Skagf., að þegar launamálið í heild sinni verður hér til umr., mun ég hafa mína skoðun á því, hvar eigi að lækka og hvar ekki að lækka.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. S.-Þ. — Ég lít svo á, að það sé ekki tímabært að fara að ræða hér framtíðarskipulag landhelgisgæzlunnar. Sú hugmynd, sem hv. þm. varpaði hér fram, er ekki ný. Ýmsum hefir dottið hún í hug áður. En þótt hér sé um hugsanlega leið að ræða, er þetta þó ekki nægilega athugað, og ýmsir agnúar á framkvæmdinni, eins og þetta er hugsað. Getur þar margt komið

í veginn. Eins og björgunarskútan hér við Faxaflóa t. d. hefir verið hugsuð, er ekki hægt að sameina þetta tvennt: landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi. Ef það á að gera, verður að hafa annað *form á henni en ráðgert hefir verið*. Þá er og annað, sem hér kemur til greina og er það, að ekki er víst, að Slysavarnafélag Íslands, sem þetta mál heyrir undir, vilji afsala sér þannig yfirráðum yfir björgunarskútunni. Þá *kemur og það enn til*, að skútan verður ekki byggð fyrr en nægilegt fé hefir safnazt í því skyni, og ennþá vantar töluvert á, að svo sé. Samkv. lauslegri áætlun verður rekstrarkostnaður björgunarskútunnar um 50 þús. kr., og er sú áætlun miðuð við, að skútan verði eingöngu notuð við björgunarstarfsemi. Ef jafnframt á að nota hana til gæzlu, verður kostnaðurinn meiri, það eyðist meira af brennsluefni og ennfremur þarf meiri mannskap. Það er mín skoðun, að erfitt verði og að framkvæma þessa sameiningu. Það verður erfitt að koma því við að láta sama skipið starfa að björgunarstarfsemi við strendur landsins og jafnframt hafa landhelgisgæzluna með höndum. — Ég vildi aðeins drepa á þessi atriði vegna ræðu hv. þm. S.-Þ., en ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í málið á þessu stigi þess. Hér er og um mál að ræða, sem ekki verður ráðið til lykta á þessu þingi, heldur verður athugun á því að fara fram milli þinga. Verður vel að vanda til framtíðarskipulags þessara mála og vandlega að athuga, hvernig þeim verði bezt fyrir komið, svo að almenningur í landinu megi vel við una.

**Jónas Jónsson:** Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hv. þm. taldi, að hann hefði orðið að þola kritik af minni hendi fyrir yfirstjórn landhelgismálanna, og er þetta rétt. En það er misskilningur, að sú kritik hafi staðið í sambandi við þann sparnað, sem hv. þm. neyddist til að framkvæma. Og þó var sá sparnaður, sem hægt er að þakka hv. þm. í þessum efnum, tiltölulega lítill, af því að skipunum var ekki lagt upp. Það kann að mega virða það til betra vegar fyrir hv. þm., að hann gerði þetta ekki út frá því sjónarmiði, að hér hafi verið um dýrtíðarráðstöfun eða atvinnubætur að ræða, og sýnir þetta þá, að hv. þm. hefir gott hjarta, en hitt er annað mál, að þessi ráðstöfun var ekki eins góð fyrir ríkissjóðinn.

**Pétur Magnússon** (óyfirl.): Ég get ekki orða bundizt út af brtt. þeirri, sem hér hefir verið útbýtt á þskj. 212. Og þó er ég sammála flm. þessarar till., því að ég geri ráð fyrir, að þeir vilji með till. tryggja þeim mönnum, sem ráðnir hafa verið til starfa á varðskipunum, vinnu á skipunum til loka ráðningartímans, svo framarlega sem skipin verða notuð áfram til þeirrar starfsemi, sem þeim er ætlað. En orðalag þessarar till. er svo klaufalegt og álappalegt, að ég sé ekki, að fært sé að samþ. till. eins og hún liggur fyrir.

Fyrri hl. till. er svo orðaður, að ef hann er lesinn út af fyrir sig, verður ekki annað séð en að hann geti náð til allra þeirra, sem hafa skipunarbréf til einhvers starfa. Má að vísu segja, að sambandið við gr. geri það ljóst, við hvað er átt, og að þetta sé að því leyti útúrsnúningur, en ég fæ ekki séð annað en að ástæðulaust sé að hafa svo almennt orðalag á till.

Síðari hl. till. er mér algerlega óskiljanlegur, enda held ég, að það verði ekki kallað íslenzka, sem þar getur að lesa. Ég geri ráð fyrir því, að flm. eigi við það í síðari hl. till., að skip þau, sem ríkið á nú, verði notuð áfram til landhelgisgæzlu og björgunarstarfs, en ég efast um, að heimilt sé að skilja till. svo. Þar sem talað er um „landsins eigin skip“ í till., getur það nánast átt við öll skip, sem hér á landi eru skrásett, en það mun þó varla vaka fyrir hv. flm. Ég vil því leyfa mér að bera fram svo hljóðandi skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 212:

„Tillgr. orðist þannig:

Þeim mönnum, sem ráðnir hafa verið til starfa á varðskipunum, skal þó tryggð vinna á þeim til loka ráðningartímans, enda noti ríkið skipin til landhelgisgæzlu eða björgunarstarfsemi“.

**Magnús Guðmundsson:** Hv. þm. S.-Þ. fannst heldur lítið til um þann sparnað, sem ég hefi komið til leiðar í rekstri varðskipanna. Þessi sparnaður minn er þó um 250 þús. kr. á ári, miðað við kostnaðinn við útgerð varðskipanna síðasta árið, sem hv. þm. fór með þessi mál sem dómsmrh. Spái ég því, að hv. þm. eigi eftir að láta sér annt um minni upphæðir en milljónarfjórðung áður en afgreiðslu fjárl. verður lokið að þessu sinni.

Þá vildi ég skjóta einu orði að hv. frsm. Hann sagðist hafa það eftir lögfræðingum, að breytingar á launafyrirkomulagi starfsmanna varðskipanna mundu hafa í för með sér brottfall starfssamninganna. Þetta nær auðvitað engri átt. Dettur víst engum í hug, að öll embætti á landinu myndu verða laus, þó að launalögunum væri breytt, eins og yrði bein afleiðing af þessu.

**Forseti (EÁrna):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Rang. og þar sem þarf afbrigði frá þingsköpum til þess að till. megi komast að, vil ég bera það undir deildina.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (þskj. 232) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Hv. 2. þm. Rang. þótti till. okkar illa orðuð. Skal ég ekki hafa á móti því, að till. verði orðuð betur. Aðeins vil ég færa það fram okkur flm. till. til afsökunar, að þeir, sem óskuðu eftir, að við bærum till. fram, fengu okkur hana í hendur þannig orðaða, enda munu skipunarbréfin vera með þessu orðalagi. — Skal ég lýsa yfir því, að ég felli mig vel við brtt. hv. 2. þm. Rang. og tel sjálfsagt að samþ. hana.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** N. sú, sem kosin var á síðasta þingi til þess að athuga laun starfsmanna ríkisins og gera till. til samræmingar á

þeim, er nú langt komin störfum og mun bráðum leggja till. sínar fyrir þingið. N. hefir tekið til athugunar laun sumra þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í þessu frv., og þar sem ég geri ráð fyrir, að tekið verði tillit til till. n., verður það aðeins til bráðabirgða, ef farið verður að breyta launum þeirra nú. Sé ég ekki, að ástæða sé til þess að vera að hlaupa í slíkar breytingar á launalögunum, og mun ég því greiða atkv. á móti frv.

ATKVGR.

Brtt. 232 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 212 þar með ákveðin.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 233).

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Mér finnst undarlegt, að þetta frv., sem einkum og sérstaklega fer í þá átt að breyta launakjörum yfirmanna á varðskipunum, skuli koma fram einmitt nú. Það er undarlegt, að einmitt nú skuli vera ástæða til að hækka verulega laun þessara manna. Það er kunnugt, að nú er að fara fram athugun á launakjörum allra starfsmanna ríkisins af sérstakri n., sem skipuð var samkv. þál. síðasta þings, og að þessi n. er nú langt komin með sitt starf. Auk þess er nú í fjárlagafrv. stj. lagt til, að felld verði niður dýrtíðaruppbót á öllum launum, sem fara yfir 4000 kr., sem vitanlega veldur allmikilli lækkun hjá flestum þeim starfsmönnum, sem hafa meiri laun en 4000 kr. Þess vegna er það undarlegt, að frv. skuli koma fram um laun þessara manna öðruvísi en í sambandi við launamálið í heild. Ég vil benda á það t. d. um þá hækkun á launum þessara manna, sem gert er ráð fyrir í frv., að 1. vélstjóri, sem nú hefir 6290 kr. á ári, á að hafa samkv. frv. 8184 kr., eftir þeim skýrslum, sem forstöðumaður ríkisskipanna hefir gefið. Ennfremur hefir skipstjóri á varðskipunum nú 7190 kr. í laun, en á að fá eftir frv. 10654 kr., og meira til með tilliti til þeirrar launauppbótar, sem bætist á laun skipverja á varðskipunum í hlutfalli við upphæð launanna.

Ég vildi aðeins drepa á þetta hv. sjútvn. til athugunar, sem væntanlega fær frv. þetta til meðferðar. Og ég vil vænta þess, að hún taki það til hliðsjónar við þetta frv., að nú eru í undirbúningi gagngerðar breytingar á launalögunum í heild, og ennfremur, að gera má ráð fyrir, að niður falli dýrtíðaruppbót á laun embættismanna á næsta ári, eins og lagt er til í fjárlagafrv. stjórnarinnar.

**Páll Þorbjörnsson:** Það liggur aðallega til grundvallar þessu frv. að samrýma launakjör á öllum skipum ríkisins þannig, að þau séu hin sömu á strandferðaskipunum og strandvarnarskipunum. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta langt mál, en það er alkunna, að frá því fyrsta að farið var að starfrækja varðskipin hefir viljað brydda á sérstakri kúgunarstarfsemi gagnvart skipverjunum, bæði með því að sett hafa verið sérstök skilyrði fyrir þessa menn, bæði yfirmennina og aðra skipverja, og eins með því, að þeim hafa verið ákveðin miklu lægri laun en gerzt hefir hjá hliðstæðum starfsmönnum hér á skipum. Laun háseta og kyndara voru fyrir nokkru síðan gerð jöfn á varðskipunum og strandferðaskipunum. Þetta frv. fer ekki fram á annað en að jafna laun annara starfsmanna á þessum skipum. Ég vil taka það fram, að stundum hefir þótt æskilegt að flytja yfirmenn af strandferðaskipunum yfir á varðskipin, en þetta hefir gengið illa vegna hinna misjöfnu launakjara. Ég býst þó við, að það sé af flestum talið, að störf skipverja á varðskipunum séu ekki vandaminni en á strandferðaskipunum. Því er það skiljanleg krafa, að laun þar séu ekki lægri en á strandferðaskipunum. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. að þessu sinni, sem að sjálfsögðu mun verða vísað til sjútvn.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Því hefir verið lýst yfir, að hér sé aðeins um launaspursmál að ræða í þessu frv. Ég vil í sambandi við það gera fyrirspurn til hæstv. stj. um það, hvað líður störfum launamálanefndarinnar, hvort ekki má búast við, að árangurinn af starfi hennar verði lagður fyrir þetta þing, hvort sem það nú verður í frv.formi frá n. sjálfri eða frv. frá hæstv. stj. Mér finnst óviðkunnanlegt að vera að gera breyt. í einstöku launamáli, þegar alveg stendur fyrir dyrum að gera upp launalöggjöfina í heild sinni. Þó eitthvert smávægis misræmi kunni að vera í þeim launagreiðslum, sem hér er um að ræða, ætti lagfæring á því að geta beðið eftir lausn launamálanna yfirleitt. Því þó eitt og eitt atriði sé fært til lagfæringar af þeim, sem ástæða kann að vera til að breyta, þá verður vitanlega meira eða minna eftir af því, sem laga þarf.

Ég vænti, að hæstv. stj. gefi upplýsingar um, hvað starfi þessarar n. líður og hvort maður má ekki fara að búast við að sjá eitthvað frá henni. Ég hefi heyrt því fleygt, að n. væri þegar búin að skila áliti, en það sést ekkert frá hæstv. stj., sem bendir til, að árangur ætli að verða af því.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af fyrirspurn hv. þm. V.-Húnv. um það, hvort till. launamálan. verði lagðar fyrir þetta þing í einhverju formi, skal ég skýra frá því, að eftir því sem mér er frekast kunnugt, hefir n. ekki ennþá lokið störfum. En hún mun vera langt komin, og eru því líkur til, að bráðlega komi eitthvað frá henni af till. Hvort stj. muni eitthvað af þeim leggja fyrir þingið, er ómögulegt að segja um fyrr en hún hefir farið yfir þær. En eins og málum er nú komið, þykir mér ekki líklegt, að hægt verði að leysa þessi mál í heild á þessu þingi.

Það má náttúrlega segja um þetta mál, sem hér liggur fyrir, að það gæti beðið þangað til launamálunum verður skipað í heild; mun hv. n., sem fær málið til athugunar, segja sitt álit á því. Ég hefi ekki kynnt mér málið svo í einstökum atriðum, að ég geti dæmt um það. Vildi ég aðeins gefa þessar upplýsingar um starf launamálanefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17:3 atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 233, n. 619).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 619 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 8. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég minntist á það við 1. umr., að mér þætti undarlega við bregða, að borið skuli fram frv. um breyt. á launakjörum yfirmanna á varðskipunum, þegar í undirbúningi eru viðtækar breyt. á launalöggjöfinni í heild. Það er vitanlega svo með laun þessara manna, að þau eru ákveðin með l. og koma því undir ákvæði launalaganna, þar sem þessir menn eru orðnir starfsmenn ríkisins. Það er því einkennilegt að taka þennan lið út úr og fara að ákveða um hann, þar sem ganga má að því sem sjálfsögðum hlut, að launamálið verður tekið fyrir á næsta þingi. Mþn. í launamálinu hefir nú setið á rökstólum og er komin að því *eða búin að ljúka athugun sinni. Það er næsta* skrefið, að stj. athugi málið, og hygg ég, að hún geti innt þá athugun af hendi fyrir næsta þing, sem að líkindum á að koma saman um miðjan marz. Ég held því, að það sé réttast og eðlilegast, og að tilgangurinn með þáltill. um endurskoðun launalöggjafarinnar sé sá, að sú athugun nái líka til varðskipanna. Ég vil því gera það að minni till., að málið verði afgr. með rökst. dagskrá, sem ég hér með afhendi hæstv. forseta.

**Forseti (JörB)**: Mér hefir borizt svo hljóðandi rökst. dagskrá frá hv. þm. Borgf.:

**„Með því að nú stendur yfir endurskoðun á launalögunum, og ný samræmileg skipun þeirra mála verður væntanlega gerð á næsta þingi, þá þykir ekki hlýða að taka nú út úr einstaka starfsflokka og breyta þar launum, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.“**

Þessi rökst. dagskrá liggur þá hér fyrir til umr.

**Frsm. (Páll Þorbjörnsson)**: Ég bjóst ekki við því, að eftir að þetta mál er búið að ganga í gegnum Ed. og komið þetta langt hér, að þá yrði gerð tilraun til þess að skera það niður. En sú hefir nú orðið raunin á, að tilraun er gerð til þess með hinni rökst. dagskrá frá hv. þm. Borgf. Rökin, sem hann færir fyrir þessu, eru þau, að farið hafi fram athugun á launagreiðslum ríkisins yfirleitt, og muni hún verða tekin fyrir á næsta þingi. Það er engin ástæða til þess að fresta því að bæta launakjör þessara manna, þó fyrirhuguð sé gagngerð endurskoðun á launagreiðslum ríkisins yfir höfuð. Án tillits til annara starfsmanna ríkisins er hægt að færa laun þessara manna til samræmis við það, sem er á öðrum skipum ríkisins. Það hefir verið drepið á það áður, að það er gífurlegt ósamræmi í launagreiðslum varðskipanna og strandferðaskipanna. Það er ekki vandasamara eða á neinn hátt ábyrgðarmeira starf að vera á verzlunarskipunum en varðskipunum, nema síður sé. Skipverjum varðskipanna eru á ýmsan hátt lagðar frekari skyldur á herðar en öðrum sjómönnum, og væri því sennilega frekar ástæða til að launa þá hærra en starfsbræður þeirra á öðrum skipum. Ég vil benda á það, að 1. vélstjóri á varðskipunum hefir í byrjunarlaun 474 kr., en 2. vélstjóri á strandferðaskipum 498 kr. Þarna hefir 2. vélstjóri á strandferðaskipi 24 kr. hærri laun en 1. vélstjóri á varðskipi. Þetta hefir orðið þess valdandi, að þegar yfirstjórn þessara skipa hefir þótt hentugt að flytja menn milli þeirra, þá hefir það mætt mikilli andúð, sérstaklega ef flytja hefir átt mann af strandferðaskipi yfir á varðskip. Ég veit um eitt tilfelli, þar sem stýrimaður á strandferðaskipi neitaði að fara yfir á varðskip, nema honum væru tryggð sömu laun og hann hafði áður. En ef gera á undantekningar um kaupgreiðslu á sama skipi, veldur það eðlilegri óánægju. Það er líka ósamræmi í því, að 2. vélstjóri af strandferðaskipi sé fluttur yfir á varðskip og hafi þar hærri laun en yfirmaður hans, 1. vélstjóri. Það má öllum vera það ljóst, að það er ekki farið *fram á neina ósanngirni*, þó að þessu sé kippt í lag. Ég vænti þess, að hv. d. samþ. frv. eins og það hefir komið frá Ed. og sjútvn. hefir lagt *til, að það verði samþ.*

**Pétur Ottesen**: Ég skal ekki eyða mörgum orðum í að ræða um þetta mál. Það liggur svo ljóst og opið fyrir, hvort eigi að bíða eða taka þennan flokk út úr. Hv. 3. landsk. sagði, að ég vildi skera niður frv. með hinni rökst. dagskrá. En tilgangur minn með henni er einungis sá, að þessu máli verði frestað til næsta þings, og að þá verði þetta tekið fyrir ásamt öðrum líðum launalaganna. Mþn. í launamálum hefir tekið kjör þessara manna til athugunar eins og annara manna, sem taka laun sín úr ríkissjóði.

Það hefir verið talað um, að það væri ósamræmi milli launa manna á strandferðaskipunum og varðskipunum, og er ekki hægt að mótmæla því. En það er víða í launagreiðslum ríkissjóðs meira ósamræmi, og það var auðvitað einn veigamikill þáttur í því, að skipuð var mþn. til að athuga launamálið. Og mér finnst því eðlilegt, að því sé frestað að taka ákvörðun um kaupgjald til þessara manna, þangað til launalöggjöfin í heild verður tekin til athugunar. Ég hygg, að það sé ekki svo verulegt atriði, að það þurfi að flytja yfirmenn milli skipa, að afgreiðsla málsins geti ekki vel beðið þess vegna. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. En þetta mál er svo vaxið, að ég held því fram, að ákvarðanir um það eigi að taka í sambandi við skipun launalaganna yfirleitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin frá þm. Borgf. felld með 21:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: JónP, JS, PO.
nei: SigfJ, SE, SK, StJSt, TT,[1]) ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, FJ, GTh, HV, JakM, JJós, JÓl, JG, PÞ, PHalld, JörB.
EystJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, PZ greiddu ekki atkv.
Þrír þm. (HannJ, MT, ÓTh) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 22:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 745).

## 53. Fiskimatsstjóri.

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um matsstjóra** (þmfrv., A. 86).

Á 12. og 13. fundi í Nd., 17. og 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Flm. (Ólafur Thors)** (óyfirl.): Í raun og veru er gerð sæmileg grein fyrir þessu frv. í grg. þeirri, sem því fylgir, svo að ég þarf þar litlu við að bæta. Aðeins vil ég taka það fram, að matsstjórahugmyndin hefir verið rædd áður hér á þingi, þótt ekki næðist samkomulag um hana. En síðan hefir margt breytzt. M. a. hefir málið síðan verið rætt í milliþinganefnd, sem fjallaði um fiskimatið og við áttum báðir sæti í, ég og hv. 1. þm. Rang., en okkur hefir greint nokkuð á í þessu máli, þótt raunar megi segja, að sá ágreiningur væri meir á yfirborðinu en í veruleikanum. Í mþn. varð það að samkomulagi að gera tilraun í þessum efnum með því að fela erindrekanum á Spáni einskonar matsstjórastarf, sem er í því fólgið, að hann heldur fundi með yfirfiskimatsmönnunum árlega, til þess að skýra þeim frá kröfum neytenda og ræða við þá um fiskimatið. Við flm. þessa frv. teljum, að málið sé þegar komið á það stig, að rétt sé að stíga sporið fullt út og skipa sérstakan matsstjóra, sem hafi með höndum yfirumsjón með fiskimatinu hér á Íslandi, leiðbeini um matið og skeri úr öllum ágreiningi, er það snertir. — Mál þetta hefir verið rætt á fiskiþinginu, sem staðið hefir hér í Rvík undanfarið, og ég fæ ekki betur séð en að hugmyndin hafi þar fengið góðar undirtektir, jafnvel svo, að þingið hefir samþ. till. um að skora á Alþingi að stofna slíkt matsstjóraembætti.

Ég leyfi mér að vænta þess, að frv. verði vísað til sjútvn. að lokinni umr. Vil ég beina tveimur aths. til n., er ég vænti, að hún taki til athugunar. — Er annað það, hvort n. sýndist ef til vill réttara að taka upp heitið fiskimatsstjóri í stað matsstjóri, sem notað er í frv. Hitt atriðið er viðvíkjandi launakjörum þeim, sem matsstjóranum eru ætluð samkv. frv. Frv. ákveður launin 8000 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og eru það að vísu mikil laun miðað við gjaldgetu ríkissjóðs, en á það er að líta, að það er vandfundinn maður til þessa starfa og þarf að hafa marga hæfileika til að bera, sem ekki eru á hverju strái. Vildi ég mega beina því til hv. n., að hún talaði við hæstv. atvmrh. um það, hvort hann hefði ef til vill augastað á einhverjum manni til þessa starfa, og að n. leitaði þá hófanna hjá þessum manni eða öðrum mönnum, sem hún sjálf kynni að hafa augastað á, um það, hvort hugsanlegt væri, að hann vildi taka starfið að sér fyrir þessi laun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 197).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson)**: Sjútvn. hefir haft þetta mál til meðferðar og samþ. að leggja til, að það gangi fram.

Hér þarf ekki að fara út í nein rök að því, hversu nauðsynlegt sé að skerpa eftirlit með verkun fisks og mati hans. Það var gert við 1. umr. málsins, og svo hefir líka ýmislegt það að borið í seinni tíð, sem gerir nauðsynlegt að viðhafa einhverjar skynsamlegar ráðstafanir til þess að bæta úr matinu.

Sá maður, sem á að hafa þetta starf með höndum, sem um ræðir í frv., hefir vitaskuld ákaflega mikið vald og mikla ábyrgð. Og n. vill sérstaklega benda á það, að það þarf mjög að vanda val á matsstjóra. Hann verður bæði að hafa góða þekkingu á fiskverkun og helzt líka nokkra þekkingu á verzlun með fisk.

Nú hefir það komið til, sem ekki virðist neitt fjarri, að haldin yrðu árleg námskeið fyrir fiskimatsmenn til þess að mennta þá í sinni

1) **TT:** Þar sem frv. þetta hefir þá breyt. eina í för með sér, að færa launakjör manna á varðskipunum til samræmis við laun þeirra, er á strandferðaskipunum vinna, mun ég greiða atkv. með frv. og segi því nei við rökst. dagskránni.

grein. Þá lægi náttúrlega næst, að matsstjórinn stæði fyrir þess háttar námskeiði.

Í 1. gr. frv. er talað um það, að matsstjóri skuli setja fiskimatsmönnum og yfirfiskimatsmönnum reglur til þess að vinna eftir. En n. þótti ekki nægilega skýrt kveðið á um það, að fiskimatsmönnum skyldi skylt vera að fara eftir því, sem matsstjóri leggur til. Þess vegna hefir n. lagt til eina brtt., sem prentuð er með nál. á þskj. 197, sem sé þá, að bætt verði við 1. gr. 4. málsgr., þar sem segir, að matsstjóri setji fiskimatsmönnum reglur: „Skylt er öllum fiskimatsmönnum og yfirfiskimatsmönnum að hlýða fyrirskipunum matsstjóra að því er starf þeirra snertir", þ. e. við mat og útskipun, frágang í skipi og þar að lútandi. — Virðist mér svo ekki ástæða til að fara fleiri orðum um frv. að svo komnu.

**Ólafur Thors:** Ég vil leyfa mér að þakka hv. sjútvn. fyrir góðar undirtektir í þessu máli. Út af þeirri brtt., sem n. flytur á þskj. 197, vil ég segja það eitt, að ég tel fyrir mitt leyti, að frv. kveði nægilega skýrt að í þessum efnum. En að till. er fram komin, sýnir nú hinsvegar það, að aðrir líta öðruvísi á, og þar með er sjálfsagt að samþ. hana, því að hún raskar á engan hátt efni frv.

**Jón Ólafsson:** Ég kann ekki við að láta þetta mál fara svo frá þessari umr., að ég fari ekki um það nokkrum orðum. — Þetta er gamall kunningi frá 1927, og var þá drepið í þessari hv. deild. Ég hefi nú verið að velta fyrir mér, hver ástæða væri til þess, að nú væri þetta frv. komið fram enn á ný og menn fylgdu því nú af móði, þar sem allar þær ástæður eru óraskaðar, sem voru fyrir hendi 1927, að öðru leyti en því, að nú er komin einkasala á fiski. En það hafa líka komið fram á fisksölunni — eins og allir máttu búast við — allir þeir gallar, sem einkasölu jafnan einkenna. Allir, sem við hana skipta, sérstaklega utanlands, finna að öllu og reyna að gera kröfur frá öllum hliðum. En þegar menn svo ætla að bæta úr, athuga þeir lítið, hvað þeir eru að gera. Mönnum dettur nú í hug að setja á þetta fyrirkomulag einhverja húfu til að punta upp á. En sannleikurinn er sá, að reynslan hefir sýnt okkur svo mikið, að það er sjáanlegt, að þessi matsstjóri getur ekki komið því til leiðar, sem hann á að annast. Það þýðir ekki að ætlast til, að einn matsstjóri fyrir Ísland geri góða vöru og óaðfinnanlega handa viðskiptamönnum. Í mörg ár hefir okkur farið aftur í meðferð á fiski. Við getum ekki boðið eins goða vöru eins og 1911 og áður, þegar við höfðum færafisk nær því eingöngu, og að öðru leyti betri meðhöndlun á fiskinum frá fyrstu hendi. Það ætti að koma fram frv. um að gæta þess, að þeir, sem fyrst meðhöndla fiskinn, komi með góða vöru að landi og yfirleitt spilli fiskinum ekki með illri meðferð. Það er ekki til neins að setja menn til þess að meta vonda vöru, þeir bæta hana ekkert, en vinza venjulega eitthvað úr henni í nr. 1, þó ekki sé efni fyrir hendi til þess um einn einasta fisk.

Mér er ekki fullljóst, hvort það á að sameina þetta matsstjórastarf fiskifulltrúastarfinu á Spáni. Hann hefir á síðari árum komið til Íslands og haldið fundi með matsmönnunum og skýrt þeim frá þeim misfellum, sem fram hafa komið. Nú er þessum nýja matsstjóra ætlað að taka þetta verk af fiskifulltrúanum, sem talið er, að ekki hafi haft of mikið að sýsla þarna suður frá. Ef til vill ætlast hv. flm. til, að þessi störf verði sameinuð. Það mætti a. m. k. ætla, að svo væri, úr því þeir stinga upp á, að matsstjórinn fari suður á Spán og haldi síðan fundi með matsmönnunum hér heima og kenni þeim heppilegustu aðferðir við matið. Ég held, að sameining þessara embætta gæti vel komið til mála. Ég býst við, að þó sendur væri maður út um land til þess að líta eftir matinu, þá hefði það ekkert að þýða upp á matið í sjálfu sér. Það er ekki til í einum manni sú þekking og glöggskyggni og aðrir hæfileikar, sem til þess þyrftu að sjá um a. m. k. fjórar mismunandi fiskverkunaraðferðir úti um allt land svo að hvergi yrðu mistök á. Það má ekki búast við því, að einn maður geti séð um, að þeim reglum, sem hann setur, sé fylgt um allt land, þar sem reynslan hefir sýnt, að yfirumsjónarmenn í hverjum landsfjórðungi hafa ekki getað komið í veg fyrir, að svo og svo mikið kæmi á markaðinn af illa verkuðum fiski í öðrum númerum en hann á að vera. Ég er alveg á sömu skoðun og ég var 1927, að hér sé aðeins að ræða um toppfígúru, sem ekki mundi koma að nokkru minnsta gagni. Það er það eina, ef Spánverjar eru mjög óánægðir með matið, að þá mætti hugsa matsstjóra til að reyna að þóknast þeim, og er ekki óhugsandi, að nýr matsstjóri, eða yfirleitt hvaða hreyfing sem kemst á þetta mál, mundi gefa matinu meira traust, a. m. k. fyrst í stað, heldur en hefir sýnt sig, að það hefir haft síðan við tókum upp fisksölunefnd til þess að hafa yfirráð yfir sölu alls fiskjarins.

Ég vil spyrja hv. flm. og þá, sem með málið hafa farið, hvort það sé meiningin að sameina fiskifulltrúaembættið á Spáni þessu matsstjórastarfi og þar með spara nýtt embætti, eða hvort þessi nýi starfsmaður á að vera bæði suður á Spáni í kringum fiskifulltrúann og svo hér heima að kenna fiskimatsmönnunum og taka þannig af fiskifulltrúanum það, sem verið hefir hans aðalstarf.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Mér kemur ekki á óvart þó hv. 1. þm. Rang. vilji ekki álíta, að hann hafi með öllu himin höndum tekið, þó þetta frv. verði samþ., enda er ég honum sammála um, að margt standi til bóta í fiskimatinu, þrátt fyrir það, þó matsstjóri yrði skipaður. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að áreiðanlega ræður það mestu um, hvort við getum gert okkar skyldu í þessu efni, að sjómenn og útgerðarmenn og þeir, sem að fiskinum vinna yfirleitt, geri allir sína skyldu. Það væri því hrein fásinna að ætla sér að kasta allri sinni áhyggju upp á matsstjórann; það mundi sízt verða til að bæta það ástand, sem nú er. En þrátt fyrir það álít ég þetta frv. til þrifa og spor í rétta átt. Það mun vera ástæðulaust fyrir mig að fara að deila við hv. 1. þm. Rang. um þetta; við

höfum gert það áður hér í d. Svo fannst mér, þegar við unnum saman að athugun fiskimatslaganna í mþn. 1931, að við vera að færast nær hver öðrum í trúnni á þetta mál. Þó ég viðurkenni, að hann hafi rétt fyrir sér að því er snertir kjarna málsins, þann kjarna, að það eru sjómennirnir og útgerðarmennirnir sjálfir, sem verða að finna til sinnar ábyrgðar í þessu efni, þá virtist hann mér sammála um það, að þetta væri a. m. k. mjög miklum erfiðleikum bundið að tryggja með löggjöf. Við ræddum um það í mþn., hvort tiltækilegt mundi vera að reyna að skapa öryggi með því að láta meta fiskinn upp úr skipunum. En ég held við höfum báðir kiknað undir því að leggja þann aukakostnað á sjávarútveginn, sem slíku mati mundi fylgja, sérstaklega miðað við hið núv. lága verðlag á fiskinum. Urðum við ásáttir um að freista enn að leita öryggis í því, að slæm meðferð á fiskinum á frumstigi, strax þegar hann kemur upp úr sjónum og er blóðgaður, þveginn og saltaður, hún hefndi sín í lægra verðlagi, sem kæmi fram við hið endanlega mat, þannig að illa meðfarinn fiskur lenti í 2. og 3. flokki, í stað 1. flokks. Það er eðlilegt, að þetta geti valdið nokkrum ágreiningi, og mér finnst það mjög að vonum, að hinn reyndi sjávarútvegsmaður, hv. 1. þm. Rang., velti nú þessari spurningu fyrir sér enn á ný, þegar það er að koma æ skýrar í ljós, hversu fiskimatinu er ábótavant hjá okkur og að það er í hnignun, en ekki framför.

Út af fyrirspurn hv. þm. um það, hvort tilgangur flm. sé sá, að sameinað verði þetta fiskimatsstjórastarf og fiskifulltrúastarfið í Suðurlöndum, skal ég upplýsa, að svo er ekki.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég þarf litlu við það að bæta, sem hv. 1. flm. frv. hefir sagt. Þó að ég sé mjög sammála mörgu af því, sem hv. 1. þm. Rang. hefir sagt hér, þá var það nú einróma álit okkar í sjútvn., að það væri ekki rétt að leggjast á móti því, að gerð sé þessi tilraun til þess að koma matinu í betra horf, sem sé að skipaður verði maður til að hafa yfirlit með matinu, sem til þess þætti hæfur og hefði fulla siðferðislega ábyrgð á því, hvernig matið er framkvæmt um landið. Það er að vísu rétt, að sá maður hefir ekki aðstöðu til þess að dvelja langdvölum á þeim stöðum, þar sem fiskur er metinn. Samt sem áður efast ég ekki um, að ötull maður og greindur á þessu sviði, sem hefði þann lagalega rétt, sem hér á að veita, til þess að leiðbeina fiskimatsmönnum og útgerðarmönnum og veita þeim áminningar þegar þörf krefur, mundi hafa talsverð áhrif í þá átt að bæta úr því ástandi, sem nú ríkir.

Ég greip hér ofan í umr., sem urðu um þetta mál á þinginu 1927, þar sem hv. 1. þm. Rang. lagði líkt til málanna og nú. Ég rak mig þar á, að hv. 1. þm. Rang., og ég held fleiri, sem þó voru á móti fiskimatsstjórastarfinu á því þingi, tala um það, að ferð ákveðins fiskimatsmanns til Vestmannaeyja hafi borið árangur. Það er að segja, að þar í Eyjum hafi meðferð fiskjarins batnað við það, að þessi fiskimatsmaður — ég held héðan frá Faxaflóa — fór þangað til að leiðbeina mönnum og koma betra lagi á fiskimatið. Ég bendi á þetta sem örlítið dæmi því til sönnunar, að þó fiskimatsstjóri geti ekki orðið staðbundinn á neinum einum stað á landinu, þá er ekki annað líklegt en að hann geti í mörgum tilfellum haft bætandi áhrif á fiskimatið. Það er hverju orði sannara hjá hv. 1. þm. Rang., að það getur enginn fiskimatsstjóri gert góða vöru úr fiski, sem sjómenn eða þeir, sem taka við fiskinum úr þeirra hendi og verka hann, hafa gert slæman. Það getur enginn breytt skemmdum fiski í góðan fisk. En hinsvegar eru strangar matsreglur öflugasti krafturinn til þess að knýja framleiðendurna, frá þeim fyrsta til hins síðasta, til að vanda vöruna. Ef við fáumst ekki til að vanda vöruna þegar hert er á matinu og við vitum, hvað við liggur, þá sé ég ekki, að auðvelt sé að koma þessu í lag. A. m. k. sé ég ekki, að löggjöfin geti gengið að þessu á annan veg, því þó farið væri að lögbjóða, að svona og svona ætti að fara með fiskinn, þá mundi því ekki fremur verða hlýtt heldur en reglum fiskimatsmannanna, sem verið er að setja bæði í ræðu og riti. Það langáhrifarikasta er það, hver útkoman verður á matinu hjá hverjum einstökum manni, og það knýr hann helzt til vöruvöndunar.

Ég hefi verið að spyrja sjálfan mig að því að undanförnu, síðan opinberar urðu þessar stórkostlegu misfellur á fiskimatinu, sem mér skilst, að stjórn fisksölusamlagsins hafi gert opinskátt um á fiskiþinginu, hvernig á því stendur, að stjórn fisksölusamlagsins hefir getað vitað um þetta ástand og þó ekki gert neina verulega gangskör að því að fá úr því bætt. Það er allt í einu skýrt frá margra mánaða gömlum misfellum, og því fylgir ekki annað en svona almenn ábending til allra framleiðenda um að vanda vöruna. Ég veit ekki, hvað mikið er leggjandi upp úr áliti fiskiþingsins á svona málum, og ég skal ekki leggja neinn dóm á það, hvað mikið málið hefir verið athugað þar. Það var a. m. k. flutt þar, og ég sé af því, sem birt hefir verið í blöðunum, að fiskiþingið hefir hallazt mjög að því að skipa matsstjóra á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í þessu frv. Þetta þing sækja sjávarútvegsmenn víðsvegar af landinu, og þeim hefir þá líka dottið þessi leið í hug.

Hv. þm. G.-K. hefir svarað fyrirspurn hv. 1. þm. Rang. um það, hvort ætlazt væri til, að matsstjórastarfið væri sameinað fiskifulltrúaembættinu á Spáni. Málið hefir nú ekki verið flutt fram þannig, að til þess væri ætlazt, að þessi tvö embætti yrðu sameinuð. Hinsvegar er ekki óhugsandi, að það gæti komið til mála, að maður, sem er búinn að dvelja árum saman í neyzlulöndunum, þekkir mörg tilfelli um umkvartanir og á hvaða rökum þær hafa verið byggðar, og hefir mikla þekkingu á, hvernig farið er með fiskinn hér heima, hefði einmitt góð skilyrði til þess að skipa sæti fiskimatsstjóra. En hvað sem því líður, þá er það víst, að það er ákaflega mikið vandaverk og ábyrgðarmikið starf, sem fiskimatsstjóranum er ætlað að hafa með höndum. Og hvað sem því líður, hvort þessi ráðstöfun er hin rétta, eða það er eitthvað annað, sem gera þarf til þess að vanda

betur fiskinn og hækka hann aftur í áliti, þá er það víst, að við Íslendingar höfum ekki efni á að liggja lengi undir því óorði, sem er að komast á einmitt okkar fiskimat. Þetta kveður við úr öllum áttum. Norðmenn, sem urðu á sínum tíma að senda hingað menn til þess að læra að meta fisk, eru nú, að því er sagt er, mjög að komast fram úr okkur í því verki. Og Færeyjafiskurinn er nú álitinn miklu betri vara á útlenda markaðinum heldur en sá íslenzki. Svona er nú komið, að við, sem vorum taldir upphafsmenn að vandaðri fiskframleiðslu, erum nú orðnir þeir þriðju í röðinni, eða hver veit hvað.

Ég ætla ekki að fara að deila um það við hv. 1. þm. Rang., hvort þessi ráðstöfun, sem hér er verið að efna til, er hin eina rétta, fyrr en hann eða aðrir, sem hafa á móti henni, leggja beinlínis með brtt. eitthvað annað til málanna.

**Jón Ólafsson:** Það er ekki meining mín að leggjast af kappi á móti þessu máli, þó ég bendi á ýmislegt, sem mér þykir athugavert við það og ég byggi á sömu rökum og 1927. Ég sé ekki, að neitt hafi breytzt síðan að öðru leyti en því, að verzluninni er nú hagað á þann veg, að kaupendurnir geta nú snúið sér til eins aðila, sem þeir vita, að hefir vald yfir allri sölunni og óskorað vald til að bæta þeim upp hvern þann skaða, sem þeir þykjast hafa orðið fyrir vegna óvandaðrar vöru. Ég er viss um, að það ber meira á þessum umkvörtunum vegna þess, að salan er nær öll á einni hendi. Áður gátu seljendurnir sagt: Það erum ekki við, sem svíkjum ykkur; við höfum keypt vöruna í þessu ástandi og verið sviknir. — En nú segja kaupendurnir: Þið hafið ekki verið sviknir af öðrum, en þið svíkið okkur, og þið verðið að gera svo vel og bæta okkur upp skaðann, þar sem þið ráðið yfir allri framleiðslunni. — Þetta hefir komið því inn hjá mönnum, að nú þurfi endilega að hefjast handa um að bæta eitthvað úr. En það er ekki hægt að bæta úr með því að bæta einum yfirmatsmanni við. Það sýnir m. a. eitt dæmi frá síðastl. sumri. Einn af okkar beztu fiskimatsmönnum, Jón Magnússon, hefir umsjón með fiskimati hér við Faxaflóa, á Eyrarbakka og Stokkseyri og öðrum sjóþorpum hér í grennd. Hann hefir fengið ágætt orð á sig fyrir sitt starf. En hvað skeður? Úr einu sjóplássinu í hans umdæmi kemur sú vandræðavara, sem var gersvikin að öllu leyti. Þetta er það, sem ég held fram, að sé ekki hægt að fyrirbyggja, að geti komið fyrir. Því þó í frv. standi, að matsstjóri eigi að fylgjast með verkun fiskjarins frá því hann er veiddur og þangað til hann er kominn í skip til útflutnings, þá er það ofætlun hverjum manni að sjá við því, að nokkursstaðar sé óvandvirkni, þar sem verið er að vinna við fiskinn. Það kemur ekki til mála, að einn maður geti litið eftir fiskmatinu um allt landið, þar sem reynslan hefir sýnt, að beztu menn geta ekki litið eftir því svo öruggt sé í tiltölulega litlu umdæmi. Þessi matsstjóri á að halda fundi með matsmönnum landsins. Þetta hefir fiskifulltrúinn á Spáni gert nú undanfarin ár, og frá síðasta fundinum liggja fyrir reglur um það, hvernig eigi að meta fiskinn á hinum ýmsu stöðum á landinu. Þá á matsstjórinn að fara til Spánar og kynna sér kvartanir þeirra, sem við skiptum við, og þær kröfur, sem þeir vilja gera til matsins. Þessu finnst mér nú að verði létt af matsstjóranum með starfi fiskifulltrúans, enda myndi það kosta allt of mikið fé og tíma, ef menn væru á Spáni að kynna sér þessi atriði. Þessum manni, þ. e. matsstjóra, mundi tæplega endast allt árið til að líta á fisk í öllum þeim mörgu húsum, aðeins einu sinni, þótt hann væri hér öllum stundum, hvað þá ef hann ætti að vera með annan fótinn suður á Spáni. Þar að auki sé ég ekki, að þessi fiskifulltrúi á Spáni hafi annað að gera en annast þessa hlið matsins, að koma með þær umkvartanir, sem fram koma, og leiðbeina mönnum í því að fyrirbyggja, að sömu gallar komi fyrir aftur.

Hv. þm. Vestm. benti á það, að ég hefði talið fiskimatsmanninn, sem fór til Vestmannaeyja um árið, hafa gert töluvert gagn, og hygg ég, að hann fari þar rétt með. En það lá nú raunar ekki í öðru en því, að hann kom mönnum þar ofan af þeim leiða sið að brúka rotið salt frá fyrra ári í fiskinn.

Reynslan hefir oft og einatt sýnt, að það er hér um bil sama, þó að maður hafi laklegan fisk, þá fer sá hinn sami ekki að sama skapi mikið í hina lægri flokka. Þetta kemur til af því, að mannlegt auga er ekki svo glöggt, að það sjái hin ýmsu smálýti og litgalla. Reynslan í þessu efni er oftast sú, að sá fiskur, sem fer í aðra flokka en þá, sem hann að réttu lagi ætti að vera í, er látinn í betri tegundir en hann á skilið. Þessum galla er ekki hægt að bæta úr með því að sami maður, sem á að vera umsjónarmaður með fiskverkun innanlands, fari utan til þess að kynna sér kröfur neytenda um verkunina, þegar menn, sem stöðugt hafa verið innan sama umdæmis hér heima, hafa ekki getað komið þar á samræmi í þessu efni.

Hv. þm. Vestm. sagðist ekki vilja taka það til greina, sem ég hefi sagt á móti frv., fyrr en um þetta kæmi brtt. frá mér við frv. Ég vil ekki segja, að ég sé alveg á móti þessu frv. Mér finnst aðeins ekki tekið með því réttum tökum á málinu. Það er sjálfsagt að sýna nokkra viðleitni til að bæta úr þeim göllum, sem á eru um meðferð og mat á fiski, en ég álít, að með frv. þessu náum við ekki þeim tilgangi, og þá m. a. vegna þess, að matsstjóra er með frv. ætlað svo víðtækt verksvið, að óhugsandi er, að hann komist yfir helming þess, þar á meðal að skera úr öllum ágreiningi, sem upp kann að rísa út af mati.

Þær eru langar strendur lands vors og tafsamt ferðalag meðfram þeim. Er því ekki hægt fyrir einn mann að skera alstaðar úr um slíka hluti.

Það hefir verið einróma álit n. að leggja með þessu máli, og það er ekkert út á það að setja, að því sé tryggður framgangur. Má vel vera, að málið sé gott til þess að slá ryki í augu þeirra, sem kaupa fisk af okkur, og að frv. með því móti komi að óbeinu gagni, þ. e. að þeir sjái, að eitthvað er verið að hugsa um málið og

reyna að bæta úr, — þó að okkur hinsvegar hafi ekki tekizt að byrja á þeim endanum, sem við áttum að byrja á.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég vil forðast eftir megni að vekja upp gamlar deilur um þetta mál. En í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, þykir mér rétt aðeins með örfáum orðum að rifja upp það, sem lá til grundvallar skoðunum á þessu máli á Alþ. 1927. Hann og fleiri mætir menn voru þá þeirrar trúar, að við mundum betur ná þeim tilgangi að bæta úr fyrirliggjandi þörf um betri fiskverkun á annan hátt en með því að skipa matsstjóra, fyrst og fremst með því að efla aðstöðu yfirfiskimatsmanna til að afla þekkingar á fiskverkun og koma henni í framkvæmd. Ég ætla nú ekkert að rifja upp úr þeim umr. annað en það, sem við flm. þessa máls þá töldum til ágætis því, sem hv. 1. þm. Rang. nú hefir gagnrýnt. Vil, ég með leyfi hæstv. forseta, lesa umræðukafla um þetta í Alþt. frá 1927, C. bls. 1098:

„Við ætlumst til, að skipaður verði fiskimatsstjóri fyrir allt landið, og sé hann launaður af ríkissjóði. Hann skal hafa fulla þekkingu á allri meðferð fiskjar, frá því hann er veiddur og þar til hann er fullverkaður til útflutnings. Hann skal kynna sér eftir föngum kröfur neytenda og ferðast árlega til aðalneyzlulandanna í því augnamiði, alla jafna að vetrarlagi, en að sumrinu fer hann sem víðast um verstöðvar og sýnir mats- og yfirmatsmönnum, hvernig verka skuli fiskinn, svo að hann fullnægi síðustu kröfum neytenda.

Vel gæti og komið til mála, að matsstjórinn héldi námskeið fyrir mats- og yfirmatsmenn, og sýnist ekki ósanngjarnt, að þessir menn stæðust verklegt próf, áður en þeir öðlast réttindi til fiskimats. Á þennan hátt vinnur matsstjóri að því að auka þekkingu matsmanna á starfi sínu og samræma matið.

Annar og aðalþátturinn í starfi matsstjórans er eftirlitið með mats- og yfirmatsmönnum. Skal hann hafa vakandi auga með starfi þeirra, og skulu yfirfiskimatsmenn skipaðir eftir till. hans. Matsstjórinn hefir og æðsta úrskurðarvald í öllu því, er fiskimatið snertir, og skulu mats- og yfirmatsmenn sæta boði hans og banni í þeim efnum.

Að þessu sinni hirði ég ekki að draga upp skýrari mynd af því, er fyrir sjútvn. vakir, en vænti, að hv. þdm. hafi skilizt, að við teljum þrennt nauðsynlegt til þess að sæmilegt öryggi fáist um fiskimatið. Í fyrsta lagi haldbetri þekkingu matsmanna á starfi sínu. Í öðru lagi stöðugt eftirlit með því, að þeir inni af hendi störf sín eftir því sem þeir hafa bezt vit á, og í þriðja lagi, að matsmannahernum verði skipað höfuð, er hafi æðsta vald í öllum ágreiningsatriðum. Í fæstum orðum: Nefndin heimtar **fræðslu, aðhald og vald.**

Hv. andstæðingar hafa nú aðeins komið auga á eina hlið þessa máls, þ. e. a. s. nauðsynina á að auka þekkingu matsmanna. Að því marki stefna bæði till. um utanfarir þeirra og fundahöld, því á fundunum er matsmönnum ætlað að menntast fyrir fræðslu stéttarbræðra sinna, og þá væntanlega fyrst og fremst þess, er síðast hefir farið utan.

Ég skal nú leiða rök að því, að einnig þessu marki ná hv. andstæðingar fyrr og betur, ef þeir fylgja okkur nefndarmönnum. Ég skal þá byrja með að ráðast á sterkasta vígi andstæðinganna. Þeir munu halda því fram, að yfirmatsmönnum sé nauðsyn á því að fara utan, svo að þeir megi sjá og heyra kröfur neytenda. Í þessu hafa hv. andstæðingar okkar nokkuð til síns máls. En þó er þeim hentast að halda varlega á þessu. Í fyrsta lagi bendi ég á, að sjútvn. hefir ekkert um það sagt, að hún ætlist til, að slíkar ferðir falli með öllu niður, en þar næst leiði ég athygli að höfuðatriðinu, með því að biðja hv. þdm. að fylgja mér út í veruleikann, athuga matið eins og það er nú í framkvæmdinni. Hverjir meta fiskinn? Undirmatsmenn. En hvað gera þá yfirmatsmenn? Leggja matsmönnum lífsreglurnar, segja fyrir og sýna, hvernig meta skuli fiskinn. En nú er það einmitt yfirmatsmaðurinn, þ. e. a. s. sá, sem leiðbeinir, sem hv. andstæðingar vilja mennta, en ekki þann, sem matið framkvæmir, undirmatsmanninn. — Hvaða játningu höfum við nú lokkað út úr hv. andstæðingum okkar með þessu? Í fyrsta lagi þá, að þeir meta mest kunnáttu þess, sem leiðbeinir, og í öðru lagi, að af slíkri kunnáttu er auðvelt að miðla öðrum. Eða með öðrum orðum, að betri er matsstjóri, sem fer árlega til neyzlulandanna, en yfirmatsmenn, sem þangað fara tíunda hvert ár. Því að hann menntast betur og getur miðlað yfirmatsmönnum, á sama hátt og þeir miðla undirmatsmönnum nú. Mönnum þykir kannske, að ég eigi ósannað, að matsstjórinn verði betur menntaður en yfirmatsmenn. En mér þykir augljóst, að úr því að gagnsemi utanfarar er viðurkennd, hljóti sá að standa betur að vígi, sem fer árlega, en hinn, sem aðeins fer tíunda hvert ár. Og í þessu sambandi vil ég benda á það, að yfirmatsmenn, sem ætlað er að fara utan tíunda hvert ár, fara margs á mis í för sinni, sem fellur í skaut þess, sem vanur er ferðalögum og kunnugur orðinn, eins og matsstjórinn mundi verða. Hinir fyrri eru alla jafna máttlausir og vinafáir í ókunnu landi, skylduræknir, en þeirri stundu fegnastir, er lagt er af stað heim. Matsstjórinn aftur á móti lærir málið, kynnist smátt og smátt höfuðfiskinnflytjendum. Í hvert skipti, er hann kemur til neyzlulandanna, tekur hann upp þráðinn þar, sem hann sleppti honum, hverfur að starfinu þar, sem það féll niður. Hann heilsar fornkunningjunum, þakkar þeim fyrir síðast og spyr nýrra tíðinda. Á skömmum tíma kynnist hann nýjungunum, frá því hann síðast var á ferðinni, kveður og fer. — Hann fær á skömmum tíma margfalt meiri fræðslu en fiskimatsmenn mundu geta öðlazt á löngum tíma. Svona mikill er aðstöðumunurinn. Það yrði því vafalaust ríkissjóði miklu ódýrara, að matsstjóri færi árlega utan en þótt yfirmatsmenn færu annaðhvert ár. Þetta veit ég, að allir skilja, sem fundið hafa mun þess, að fara sjaldan utan, og hins, að vera þar tíður gestur.

Okkur nefndarmönnum sýnist því, að með

matsstjóranum sé skapaður lifandi tengiliður á milli framleiðenda og neytenda, stöðugur boðberi á milli kröfu neytandans og þeirrar viðleitni, sem framleiðandinn æfinlega í eiginhagsmunaskyni hlýtur að vera reiðubúinn til að sýna til að fullnægja henni. Okkur sýnist þetta vera hægasta leiðin til að flytja inn þá þekkingu, sem nauðsynleg er til að geta flutt út þá vöru, sem neytandinn óskar, en að því verðum við Íslendingar að keppa, ef við eigum ekki að verða undir í bardaganum við áhugasama keppinauta."

Þetta hefi ég nú framfært til rökstuðnings því, að matsstjóri standi vel að vígi um að afla sér þekkingar á kröfum neytenda til fiskverkunar. Sömu rök eru færð fyrir því, að með aukinni þekkingu sé betur séð fyrir vandaðra mati heldur en við eigum nú við að búa.

Að öðru leyti vil ég aðeins koma með aths. út af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði áðan, að það er alveg rétt hjá honum, að skipun matsstjóra skapar ekki fullkomið öryggi fyrir því, að matið fari svo úr hendi sem nauðsynlegt er. Ég hefi alltaf viðurkennt það, að við megum ekki láta undir höfuð leggjast að gera einnig aðrar nauðsynlegar ráðstafanir þessu til tryggingar. Samt sem áður er það skoðun mín, að þetta öryggi yrði verulega aukið, ef matsstjóri yrði skipaður til viðbótar því fyrirkomulagi, sem nú er.

Það eru ekki sterk rök hjá hv. þm., sem hann færir fram til afsönnunar ágæti þessa fyrirkomulags, að það hafi komið fyrir, að ljóður hafi orðið á ráði undirfiskimatsmanna, eins og skeð hefir um mat á fiski á Stokkseyri. Þetta eru ekki rök, segi ég, af því að afleiðingin af þessari rökfærslu yrði óhjákvæmilega sú, að í raun og veru væri ástæðulaust að vera að kosta til mats á fiski. Góður yfirmatsmaður getur ekki afstýrt því, að lélegt mat á fiski geti komið fyrir. Mönnum getur skotizt, þó skýrir séu, á meðan enginn okkar er alveg laus við að geta mistekizt. Ef við þess vegna ætluðum að fara að rökræða málið út frá þessu tilfelli, þá sýnist mér, að við mundum geta fljótt komizt inn á þá braut, að halda því fram að afnema matið með öllu.

Ég hefi leitazt við að tala um málið þannig að ræða mín yrði ekki til ýfinga. Hv. 1. þm. Rang. talaði með talsverðri sanngirni um málið og sagði m. a. og réttilega, að ekki mætti kasta öllum áhyggjum vegna fiskimatsins upp á matsstjóra.

*Jón Ólafsson:* Hv. þm. G.-K. komst í raun og veru að sömu niðurstöðu og ég um nauðsyn á að fylgjast með kröfum fiskineytenda. En nú höfum við fiskifulltrúa á Spáni, sem fylgist með í þessu efni. Hann hefir komið 3—4 sinnum heim og haldið fundi með fiskimatsmönnum til þess að láta þá njóta þekkingar sinnar á þessum málum. Og það hefir borið þann árangur, sem ég býst við, að hv. þm. G.-K. meini með 1. gr. frv., að þurfi að nást með skipun matsstjóra, og sem hv. þm. átti við er hann sagði, að matsstjóri mundi flytja þekkingu inn í landið, þ. e. þekkingu á kröfum neytenda um verkun fiskjar í landinu. Þarna finnst mér, að við höfum mann, sem ætti að geta gegnt þessu fræðslustarfi um fiskverkun.

Þá er þetta viðtæka verksvið, sem matsstjóri á að hafa hér heima, og valdið, sem á að gefa honum. Ef til vill verður eitthvert gagn að því að skipa matsstjóra með slíku verksviði og valdi, á þann hátt, að þessi maður færi að hugsa einbeittara um það, hvaða leiðir hægt sé að fara til að ráða bót á því ástandi, sem nú er í þessu efni. En það er alls ekki hann, sem getur ráðið bót á þessu. Þar þurfa aðrir að koma til, ef svo er komið sem hv. þm. Vestm. virtist halda fram, að fiskur okkar sé 3. flokks vara.

Við höfum að mörgu leyti vanrækt að skipa fyrir um veiðiskap, til þess að fá þetta lagað. Það er auðvitað fyrsta skilyrðið fyrir góðri fiskverkun, að við fiskveiðarnar sé allrar vandvirkni gætt um meðferð og verkun fiskjarins.

M. a. horfi ég í kostnaðinn við að stofna til þessa matsstjóraembættis. Við höfum nú fiskifulltrúann suður á Spáni, sem ég álít, að geti að öllu leyti gegnt starfi því, sem þessum matsstjóra er ætlað að gegna.

Ég álít því, að fiskifulltrúastarfið og matsstjórastarfið megi sameina í einni og sömu persónu. Hvort þessi eða hinn maðurinn ætti að gegna því, skiptir ekki máli í þessu sambandi, að því tilskildu, að það sé enginn hæfur maður til starfsins. En ef einn maður á að hafa svo mikið verksvið um leiðbeiningar í meðferð fiskjar víðsvegar á landinu, ásamt öðru því, sem honum er ætlað, þá getur það verk aldrei orðið annað en kák. Til þess hefir einn maður ekki nægilegan tíma eða þekkingu.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Það var nú ekki beinlínis það, sem ég sagði, að fiskur okkar Íslendinga væri 3. flokks vara á markaðinum, heldur sagði ég það, að við, í stað þessa að vera hinir fyrstu, þá værum við hinir þriðju í röðinni af þeim þjóðum, sem flytja fisk til Suðurlanda, eftir vörugæðum. Nei, ég vil biðja hv. 1. þm. Rang. að taka eftir því, að það var ekki mín meining, að okkar fiskur væri yfirleitt 3. flokks vara. Ég vil gjarnan hlýða hans og annara góðra manna ráðum og leggja mitt lið til þess, að við gætum náð aftur því sæti í þessu tilliti, sem við höfðum um eitt skeið. Þótt að því liggi engin ein örugg leið, gæti það þó tekizt.

Fiskframleiðsla okkar er nú orðin þannig, að fiskurinn berst að á tiltölulega mjög skömmum tíma, og vandvirkni um meðferð hvers einstaks fiskjar ekki eins mikil og var oft áður, á meðan minna var aflað. Þá gátu menn fremur nostrað við fiskverkunina eftir vild.

Þá var það rétt, sem hv. 1. þm. Rang. sagði um matið. Matið er í framkvæmdinni mikið álitamál. Það mun víðast vera framkvæmt þannig, að sami maður, sem látinn er fara til 2 fiskeigenda, og ef annar hefir góðan fisk, en hinn yfir höfuð illa verkaðan, þá framkvæmir fiskimatsmaðurinn matið þannig relativt, að sá, sem hefir illa verkaðan fisk, fer tiltölulega betur út úr því. Þetta verður þannig, að það mun mjög oft vera svo, að matsmaður,

sem kemur að slæmum fiski, sem hann er óánægður með, flokkar þó fiskinn þannig, að fiskinn, sem hann þar af getur bezt forsvarað, lætur hann í 1. flokk og svo hitt tröppu af tröppu í flokka eftir gæðum. Á sama hátt fer matsmaðurinn með fisk þess manns, sem hefir vel verkaðan fisk. Hann flokkar hann líka þannig relativt. En niðurstaðan af þess háttar mati getur orðið sú, að það, sem lendir í 1. flokki hjá þeim, sem hefir yfirleitt illa verkaða fiskinn, er samskonar fiskur og lendir í 2. flokki hjá þeim, sem hefir yfirleitt vel verkaða fiskinn.

Ég veit ekki, hvort það hefir komið til tals á fiskiþinginu, hvort nokkur leið sé að því að „standardisera“ þessa vöru, þannig, að setja fastar reglur fyrir því, hvernig eigi að flokka hana, t. d. hvernig 1. flokks línufiskur eigi að vera, hvernig 2. flokks fiskur o. s. frv. Við Íslendingar erum ákaflega langt frá því marki að hafa fiskflokkunina standardiseraða. Mér þætti fróðlegt að vita, hvort hv. 1. þm. Rang. er þeirrar skoðunar, að það væri ráðlegt að gera eitthvað í þessu efni. Og ef svo er, þá væri málið honum þess vert, að þetta væri athugað. Þetta mundi, ef að framkvæmd yrði, koma ákaflega miklu samræmi á fiskimatið. Því að nú er það þannig, að mikill munur er á meiningu sjálfra fiskimatsmannanna um það, hvernig fiskur eigi að vera í 1., 2. og 3. flokki. Það væri ef til vill réttast að halda námskeið eða skóla fyrir fiskimatsmenn til að veita þeim staðgóða þekkingu á þessum hlutum, sem mundi án efa leiða til meira samræmis um fiskimatið.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. talaði um sameining starfs fiskifulltrúans á Spáni við nokkuð af því starfi, sem matsstjóra er ætlað að hafa á hendi samkv. frv., verð ég að segja það, að þetta hefir ekki sérstaklega verið athugað í sjútvn. Hinsvegar tel ég víst, að ef einhverjar brtt. koma fram við frv. um þetta atriði eða önnur, þá muni n. vera fús til þess að ræða þau mál við þá, sem brtt. kynnu að flytja, og yfir höfuð mun n. vera fús til að ræða allt, sem snertir frv. í heild sinni og gæti orðið til þess að bæta úr fiskimatinu.

Það er rétt hjá hv. 1. þm. Rang. að því er snertir starf fiskifulltrúans á Spáni, að viðhorfið er allt öðruvísi nú um fisksölu okkar Íslendinga þar syðra heldur en það var áður en fiskifulltrúastarfið var stofnsett. Þá var verzlunin með fiskinn þar frjáls og fiskútflytjendur höfðu hver sinn umboðsmann. En allur almenningur í landinu hafði engan sérstakan fyrir sig, eins og nú á sér stað, til þess að kynna sér markaðshorfur. Þá var miklu brýnni þörf á því að hafa slíkan fulltrúa heldur en nú, þegar verzlunin með fisk á Spáni er svo að segja öll komin á eina hönd hér hjá okkur og innflutningur á fiski á Spáni svo mjög takmarkaður sem hann er nú. Það mun þó ekki vera hyggilegt, að við höfum engan erindreka á Spáni a. m. k. hluta úr árinu, jafnvel miðað við ástandið, sem nú er.

Ég endurtek það, að ef hv. 1. þm. Rang. vildi eiga tal við n. um þetta mál, þá fullyrði ég, að hún muni vera fús til að ræða við hann brtt. við frv.

ATKVGR.

Brtt. 197 samþ. með 21 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 234, 237, 240).

**Jón Ólafsson:** Ég og hv. þm. V.-Ísf. höfum leyft okkur að koma með brtt. við þetta frv. Aðalbreytingin, sem við gerum við frv., felur í sér heimild fyrir atvmrh. að sameina fiskifulltrúastarfið á Spáni matsstjórastarfinu. En það er enganveginn svo að skilja, að við viljum með þessu setja fót fyrir frv., heldur aðeins til þess að sýna fram á, að við teljum þetta ekki eins þýðingarmikið, vandasamt eða umfangsmikið eins og þeir álíta, sem hafa borið frv. fram.

Það, að við viljum veita stj. þessa heimild, kemur af því, að fulltrúastarfið á Spáni er orðið stórum minna virði en það var áður en stofnað var fisksölusamlag hér á landi, sem nú ræður flestum eða öllum þeim ágreiningsmálum, sem koma á milli kaupenda og seljenda. Og að við viljum fara þessa leið, kemur líka til af því, að nú á síðustu árum hefir fiskifulltrúinn á Spáni haft töluvert að gera með matið hér á landi; hann hefir haldið fundi með fiskimatsmönnunum, og eftir þessa fundi liggja leiðbeiningar um verkun og meðferð fiskjar og um mat á fiski.

Þá vil ég benda á, að með þessu má koma því svo fyrir, að þetta starf verði framkvæmt eins og verið hefir í nokkur ár, því að Helgi Guðmundsson fyrrv. fiskifulltrúi var búinn að koma því skipulagi á að halda fundi með yfirfiskimatsmönnunum, og þá vantar í raun og veru ekkert annað en að skaffa þessum manni frí og ferðakostnað til þess að hann geti ferðazt um landið meðal fiskimatsmanna og borið sig saman við þá, sem ráða mestu um matið. Ég held, að þó að mönnum finnist einhverjar ástæður mæla á móti því að sameina þessi störf, fiskifulltrúastarfið og matsstjórastarfið, þá sé ómögulegt að neita því, að þegar fiskifulltrúinn á Spáni hefir rúmlega 30 þús. kr. árlega í laun, þá er þarna um fé að ræða, sem ekki er sem bezt varið, ef það er álitið, að hann hafi ekki nægilegt að starfa. Og ég vil halda því fram, að hann hafi ekki nægilegt að starfa, og að hann hafi nógan tíma til að koma heim, ferðast um landsfjórðungana að einhverju leyti og líta þá á fiskinn og halda fundi með matsmönnum og gera kunnar kröfur neytenda til þessarar framleiðslu. Ég er hræddur um, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að senda þennan matsstjóra til Spánar til þess að kynna sér kröfur neytenda, eins og gert er ráð fyrir í frv. Mér finnst, að þessar hugmyndir um matsstjóra og fiskifulltrúa á Spáni falli svo vel saman, að

það megi sameina þær, og mér er líka kunnugt um, að það hefir staðið nokkuð í vegi fyrir frekari ferðum fiskifulltrúans á Spáni hér um land, að ríkisstj. hefir oft verið treg til þess að greiða ferðakostnað. Og þegar þessir menn eru orðnir tveir, sem inna af hendi sama starf, hvað mundi þá verða um fjárveitingu vegna þeirra ferðalaga?

Ég sé ekki neina ástæðu til þess að fara frekar út í þetta mál. Vona ég, að það liggi nokkurnveginn ljóst fyrir hv. þdm., hvað hér er um að vera; það er verið að stofna þarna embætti, sem í sjálfu sér er, að því er mér sýnist, ofaukið. Mér er líka kunnugt um, að það er í samræmi við skoðun landsmanna, að forðast eigi embættaveitingar eins og hægt er og spara launagreiðslur meira en gert hefir verið. Ég hefi bent á leið í þessu máli, sem ég tel sjálfsagt að fara, og ég trúi, að með þeirri leið verði engu síður innt af hendi nytsamt starf en ef ætti að vera sérstakur matsstjóri, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Þá er annað atriði í þessari till., að matsstjóra verði falið að skera úr öllum ágreiningi um fiskimat, og að yfirfiskimatsmaðurinn í Suðurlandsumdæmi komi í hans stað, þegar matsstjórinn þarf að vera í sínum embættiserindum suður á Spáni. Við leggjum ennfremur til, að atvmrh. staðfesti reglugerð um fiskimat, því að á því byggist í raun og veru úrskurður þessa manns, að það séu einhverjar reglur að fara eftir, sem hægt er að beita, þegar skera þarf úr um, hvað rétt sé.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar till. að svo komnu.

**Sigfús Jónsson:** Það eru hér brtt. á þskj. 237, sem við höfum borið fram hv. þm. N.-Þ. og ég. Þessar brtt. eru aðallega fram komnar frá minni hálfu við það að hlusta á þær umr., sem fram fóru um þetta mál á laugardaginn. Þá töluðu þrír hv. þm., sem allir eru útgerðarmenn, og hafa þeir sjálfsagt meira til brunns að bera en ég hvað snertir þekkingu á þessum hlutum, því að ég get ósköp vel játað, að ég er fiskmeðferð ókunnugur.

En það, sem ég vil í þessu máli, er, að ekki sé stofnað sérstakt embætti, sem er háttlaunað og ég get ekki séð, að bæti neitt úr þeim misfellum, sem komið hafa fram á fiskimatinu. Ég get ekki ímyndað mér annað en að þeir, sem eru fiskimatsmenn hér, geti orðið eins færir um það starf eins og þótt stofnað væri nýtt embætti fyrir matsstjóra.

Hvað snertir það, að matsstjórinn fari til neyzlulandanna til þess að kynna sér kröfur neytendanna til fiskjarins, þá sé ég enga ástæðu til þess, vegna þess að fiskifulltrúinn er á Spáni og hlýtur að vera þeim málum kunnugur, þar sem hann dvelur þar að staðaldri. Þess vegna álítum við, að það megi ná sama árangri með þessum brtt., en með miklu minni kostnaði en frv. gerir ráð fyrir.

Við gerum ráð fyrir, að einn af yfirfiskimatsmönnunum verði skipaður matsstjóri og laun hans hækkuð um 1300 kr., eða upp í 6000 kr. Ferðir ættu að geta sparazt, vegna þess að fulltrúinn á Spáni kemur venjulega heim og talar við fiskimatsmennina. Með þessu býst ég við, að megi spara 12—15 þús. kr., en sami árangur muni nást með þessu fyrirkomulagi eins og með hinu, að setja á stofn sérstakt embætti.

Ég fyrir mitt leyti kann betur við, að matsstjórinn sé búsettur hér heima, en ekki suður á Spáni, eins og kemur fram í brtt. hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V.-Ísf. Frá mínu sjónarmiði lítur það einkennilega út, að yfirfiskimatsmaðurinn sé búsettur suður á Spáni. Mér finnst það muni gefa meira tilefni til tortryggni hjá kaupendunum, að það sé lítið gagn að þessum matsstjóra, sem sitji í öðru landi og viti þess vegna ekkert, hvað fram fer hér um fiskimat.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Sjútvn. hefir haft þessarar brtt. á þskj. 237 og 240 til athugunar. — Ég skal þá fyrst víkja að brtt. á þskj. 237. Þeir hv. þm., sem bera þær brtt. fram, vilja breyta 1. málsgr. 1. gr. þannig, að á eftir ákvæðinu um skipun matsstjóra komi ákvæði um það, að matsstjóri skuli jafnframt gegna yfirfiskimatsstarfi í einu umdæmi. Þá vilja þeir láta burt falla ferðir hans til neyzlulandanna og lækka laun hans niður í 6000 kr. Og ennfremur að fyrirsögn frv. breytist.

Þó að svo sé að orði kveðið, að allir matsstjórarnir séu jafnir nema að launum, þá hefir í framkvæmdinni verið litið svo á, að yfirfiskimatsmaðurinn hér í Reykjavík væri nokkurskonar yfirfiskimatsmaður alls landsins, þó að hann sé það ekki samkv. l. Vitaskuld er hann það ekki í rauninni, því að hann hefir sama sem engin afskipti af matinu úti um land, en er aftur á móti stundum kvaddur til að vera ráðunautur stj. þegar þessi mál eru uppi.

Það er sýnt, að með því að binda matsstjórann við að vera yfirfiskimatsmaður í einu umdæmi, getur hann ekki annazt það starf, sem honum er ætlað í frv. Honum er í frv. ætlað að hafa á hendi yfirstjórn alls mats hér á landi, en það verður honum vitanlega ómögulegt, ef hann er bundinn við matsstörf í einu umdæmi, sem sennilega er stærsta umdæmi landsins. Tilgangi frv. virtist n. ekki vera náð, ef 1. brtt. á þskj. 237 verður samþ.

Þá vilja þessir hv. þm. láta falla burt ákvæði frv. um það, að matsstjóra sé skylt að ferðast árlega til neyzlulandanna til að kynna sér kröfur neytenda. — N. hefir ekki heldur getað orðið sammála þeim um þetta atriði. Það er heppilegt, að matsstjóri geti kynnzt því af eigin reynd, hvernig er litið á fiskimatið hjá þeim, sem fiskinn kaupa. Það hefir líka verið viðurkennt hér á undanförnum árum, að slíkar kynningarferðir matsmanna væru nauðsynlegar, og þeir hafa stundum verið kostaðir til að fara þessar ferðir. Ef matsstjóri er alltaf hér heima, hefir hann auðvitað betri tíma til að ferðast um landið og líta eftir fiskimati, en þá kemur hann til með að skorta þá reynslu og þekkingu, sem hann fengi af því að koma til sölustaðanna og sjá, hvernig fiskurinn lítur út, og heyra raddir þeirra, sem kaupa fiskinn.

N. virðist líka, að óheppilegt sé að lækka laun þessa matsstjóra. Hér er um það að ræða að

stofna til mjög vandasamrar sýslunar, og samkv. frv. þarf að velja til þess starfs mann, sem þarf ekki aðeins að hafa nákvæma þekkingu á fiski, heldur verður hann líka að vera sæmilega að sér í einhverju útlendu tungumáli. Og þó að ef til vill yrðu ekki gerðar þær kröfur, að hann kynni Suðurlandamálin, ítölsku, spönsku og portúgölsku, þá yrði hann þó að vera vel að sér í ensku eða frönsku, og þá helzt í frönsku. Í þessu embætti verður því að vera það vel hæfur maður, að n. áleit það miklum vafa bundið, að hægt væri að fá slíkan mann, ef laun hans væru ekki ákveðin hærri en 6 þús. kr. N. mælir því á móti þessari brtt.

Aftur á móti hefir n. ekkert á móti 3. brtt., um að breyta fyrirsögn frv. Það er ef til vill réttara, að frv. heiti frv. til l. um fiskimatsstjóra. N. vill því fallast á þessa síðustu brtt., en leggur á móti hinum, þar sem hún álítur, að með því sé ekki gerð nein breyt. á núv. ástandi.

Þá eru brtt. á þskj. 240. Þeir, sem að þeim standa, hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V.-Ísf., vilja gera þetta að heimildarlögum, og ennfremur vilja þeir heimila stj. að fela fiskifulltrúanum á Spáni yfirstjórn fiskimatsins, og ætlast til, að hann dvelji svo lengi hér á landi sem nauðsynlegt þykir til eftirlitsferða og funda með fiskimatsmönnum. Hér virðist helzt vera lagt til, að starf fiskifulltrúans á Spáni verði lagt niður. Þeir vilja a. m. k. heimila stj. að gera þetta. N. lítur svo á, að ekki hafi neitt það legið hér fyrir, sem geti réttlætt það, að þetta starf verði lagt niður eins og nú standa sakir. Það er að vísu rétt, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, að fiskifulltrúinn á Spáni er líklegur til að hafa meiri þekkingu en flestir aðrir á kröfum neytenda. En það er ekki nóg, vegna þess að þegar við tölum um fisk, þá er um vöru að ræða, sem er óðruvísi útlítandi, þegar hún er metin hér á landi en þegar hún kemur í pakkhúsin í Bilbao og Barcelona. Fiskifulltrúi sá, er nú er á Spáni, er ekki vanur fiskimati, en sá, sem á að hafa á hendi yfirstjórn fiskimats hér á landi, verður að vera svo kunnugur fiskverkun, að hann viti nokkurnveginn með vissu, í hvaða herzluástandi þessi og þessi fisktegund þarf að vera hér á landi til þess að koma fram í útlöndum í æskilegu ástandi.

Ef fiskifulltrúinn á Spáni ferðast mikið um hér á landi, sem hann þyrfti, ef hann ætti að gegna þessum matsstjórastörfum, þá er enginn vafi, að sama sem enginn tími yrði afgangs hjá honum til að gegna fiskifulltrúastörfum á Spáni. Þetta getur því ekki vel samrýmzt. Það yrði þá frekar í þá átt, að fiskifulltrúaembættið yrði lagt niður og þá ákveðið, að þessi maður yrði skipaður til að vera yfirmatsmaður hér heima, en það vildi n. ekki. Till. hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V.-Ísf. miða því líka til þess, að allt standi í stað í þessum efnum.

Ég tel sjálfsagt, að atvmrh. geti sett reglur um fiskimat án þess að sérstök l. séu sett um það. Ég hefi ekki matslögin hér, en ég geri ráð fyrir, að í þeim felist heimild til að setja reglur um fiskimat.

Það hefir verið minnzt á það, að fiskifulltrúinn hefði skyldur til að koma og halda fundi hér heima, en hann hefði ekki haft tíma til þess. Þetta sýnir, að hann hefir mikið að starfa í þágu íslenzkrar fiskverzlunar á þeim stað, sem hann dvelur nú á, og þær skýrslur, sem berast frá honum hingað til landsins, sýna, að hann hefir lagt mikið verk í að setja sig inn í þessi mál. Ég held því, að það sé frekar spor aftur á bak, ef ætti að fara að fela honum stöðu matsstjóra, en leggja fiskifulltrúaembættið niður, því að samkv. þessu frv. yrði hann að verja öllum sínum tíma til að gegna þessu embætti, og þó að hann gæti kannske einstöku sinnum skroppið til Spánar, þá gæti hann aldrei verið þar langdvölum. N. getur því ekki heldur lagt til, að þessi brtt. á þskj. 240 verði samþ.

Það er í sjálfu sér ákaflega alvarlegt mál, sem hér liggur fyrir, og menn verða að gera sér það ljóst, að það er ekki heppilegt að tala um það í þessu sambandi, að hér sé verið að stofna nýtt embætti. Það, sem hér liggur fyrir, er það, að finna leið til að bæta fiskimatið, finna leið til þess að vörugæði aukist. Og það, sem frv. fer fram á, er að skipa hæfan mann, sem beri siðferðislega ábyrgð á því fyrir öllum landsmönnum, að fiskimatinu verði komið í réttara horf á hinum ýmsu matsstöðum á landi hér. Þetta er ekkert áhlaupaverk, seldur vandasamt og tekur mikinn tíma. Sá, sem þetta verk á að vinna, verður að hafa mikla þekkingu til að bera, fyrst og fremst á saltfisksverkun, og ennfremur verður hann að vera talsvert menntaður maður auk þeirrar verklegu menntunar, svo að hann geti haft gagn af þeim ferðum, sem er ætlazt til, að hann fari til neyzlulandanna.

Sem sagt, sú eina brtt., sem sjútvn. getur fallizt á, eftir að hafa rætt þetta mál, er brtt. 237,3 við fyrirsögn frv. Hinar brtt. leggur n. til, að verði felldar.

**Gísli Guðmundsson** (óyfirl.): Þegar ég sá þetta frv. um matsstjóra eins og það var upphaflega fram borið af hv. þm. G.-K. og tveimur mönnum öðrum, virtist mér strax, að til þessa starfs væri ekki nægilega vandað. Ég get reyndar sagt, að ég tel mig ekki neinn sérfræðing í fiskverkun og er það ekki að öðru leyti en aðrir þeir, sem einhverntíma hafa unnið að fiskverkun.

Það, sem mér fannst sérstaklega vanta, var, eins og líka kom í ljós, að fleirum fannst, að þessum matsstjóra væri ekkert vald gefið, svo að hann yrði tekinn alvarlega. Eins og frv. var, þá átti hann aðeins að vera til skrafs og ráðagerða og svo til að ferðast um til að kynna sér kröfur neytenda, en hefði ekki vald til að gefa fyrirskipanir, sem öðrum matsmönnum bæri að hlýða. Sjútvn. sá, að hér þurfti umbóta við, og þess vegna var samþ. við 2. umr. sú brtt., að hann hefði þó eitthvert vald. En þetta, að skipa matsstjóra, sem hefði ekkert vald, var alveg hliðstætt þeirri till., sem hv. þm. G.-K. bar hér fram, að setja skyldi á stofn fiskiráð, sem ekki var heldur gert ráð fyrir, að hefði neitt vald, en aðeins ætlazt til, að yrði til skrafs og ráðagerða við hina og þessa aðila. Ég verð að

segja, að mér finnst þetta ekki vera veigamiklar umbótatill. um þessa höfuðatvinnugrein landsins, þegar þær koma nú frá þeim mönnum, sem hafa kynni af erfiðleikum sjávarútvegsins.

En það, sem gerði að verkum, þrátt fyrir það, að þessu hefði verið breytt við 2. umr., að við hv. 2. þm. Skagf. höfum borið fram brtt., var m. a. það, að hlýða á ræðu hv. 1. þm. Rang., sem hann flutti við 2. umr. málsins, þar sem hann gaf ýmsar merkilegar upplýsingar viðvíkjandi þessu, en hann hefir eins og kunnugt er meiri reynslu og þekkingu í þessum málum en flestir aðrir, og meiri þekkingu en hv. 1. flm. þessa frv.

Hv. þm. er kunnugt, að fram hafa komið alvarlegar kvartanir yfir því, að fiskimatinu væri ábótavant. Þetta kom sérstaklega fram nú á fiskiþinginu. Hefir það gefið tilefni til mikilla umr. Bæði af þessu og eins því, sem fram hefir komið hér á þingi í umr. um þetta mál, virðist mér ekki fyrst og fremst hægt að draga það, að hér ríki vanþekking á kröfum neytenda. A. m. k. er það upplýst, að íslenzkur saltfiskur hefir rutt sér svo til rúms, að hann hefir verið talinn beztur á markaðinum. Þetta bendir til þess, að menn hafa kynnt sér kröfur neytenda. En það, sem virðist hafa komið fram, er það, að matinu hér á landi, og þá fyrst og fremst undirmatinu, er sérstaklega ábótavant. Þess vegna virtist okkur flm. þessarar till., að það, sem sérstaklega þyrfti að gera, væri að gera ráðstafanir til að vanda matið sem bezt innanlands, svo að því mætti treysta, og eins og hv. 1. þm. Rang. tók fram við 1. umr., að við höfum mann í markaðslöndunum, sem kynnti sér þá hlið, sem að neytendunum snýr, og á að gefa mönnum hér á landi leiðbeiningar í þessu efni, og það ætla ég, að hann hafi gert.

Það, sem okkur virðist, eins og hv. 2. þm. Skagf. tók fram, er, að það, sem fyrst og fremst þurfi að leggja áherzlu á, sé matið hér á landi. Þess vegna er óþarfi að setja hér starfsmann, sem væri mestan hluta ársins af landi burt og gæti ekki gefið fyrirskipanir viðvíkjandi matinu, sem yrði að telja nauðsynlegt og sjálfsagt. Okkur virðist því, að það, sem þessi matsstjóri ætti að gera, væri að hafa skarpt eftirlit með matinu hér á landi og standa í sambandi við fiskifullrúann á Spáni til að vita um kröfur neytenda.

Hv. frsm. sjútvn. hreyfði því, að ef fiskimatsstjórinn væri um leið yfirfiskimatsmaður í einu umdæmi, þá yrði lítið úr starfi hans sem matsstjóra. Þetta hefir ef til vill við nokkur rök að styðjast, en þó má gera ráð fyrir, að þessi maður gæti haft rýmri hendur til þessa starfs en aðrir matsstjórar, því að honum er hér ætlaður skrifstofukostnaður eftir því sem ráðh. telur nauðsynlegt.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega leggja áherzlu á það viðvíkjandi þessum kvörtunum, sem fram hafa komið um fiskimatið, að ég held, að það, sem sérstaklega þurfi að bæta, sé undirmatið á ýmsum stöðum. Ég vil skjóta því til hv. sjútvn., hvort hún vilji ekki athuga, hvort ekki sé ástæða til að endurskoða fiskimatslögin og gera umbætur til að reyna að bæta úr því, sem hér er ábótavant, nefnilega undirmatinu. Það kom fram á fiskiþinginu bending frá einum fiskiþingsmanni, uppástunga um það, hvort ekki væri heppilegt, að undirfiskimatsmennirnir framkvæmdu ekki matið þar, sem þeir eru búsettir, heldur skiptust á um það. Þessi till. skýrir sig sjálf, og þarf ekki að taka fram, af hverju þetta gæti verið heppilegt.

Ég þarf svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að taka málið af dagskrá að þessu sinni, ef vera kynni, að við, sem hér höfum borið fram mismunandi brtt., gætum komið okkur saman um till. í málinu.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Það er engin von, að þessi maður geti kennt mér neitt um fiskimat. Ef hér væri um mat á hrossakjöti að ræða, væri kannske hugsanlegt, að hann gæti lagt eitthvað til málanna. Hitt er furðulegt, að hann skuli ætla að fara að kenna mér, hvernig á að meta fisk. Ég átti ekki von á, að afdalaþekkingin kæmi þar að miklu liði. En það er von, að hann þykist eiga mér grátt að gjalda eftir að ég tók svo ómjúkum höndum á þeim frv., sem hann hefir flutt hér á þingi, að þau einu frv., sem hann hefir flutt, voru afgr. í pappírskörfuna. Að ég sé ekki að fara hér með rangt mál, nægir að rökstyðja með því að vitna til þessara brtt. sjálfra; þær eru nefnil. slík fjarstæða, að ekki er hægt að taka þær alvarlega. Þá er gaman að leiða athygli hv. dm. að því, hvernig þessi hv. þm. talaði um frv. Hann sagði t. d. m. a.: „Þegar ég hafði lesið frv., var mér það þegar ljóst, að hér var tekið lausatökum á málinu.“ Og þetta álit sitt sagði hann, að hefði fengið frekari staðfestingu, þegar hann hefði lesið brtt. sjútvn., þar sem það upplýstist, að í frv. hafi vantað allt vald handa matsstjóranum. Ég veit nú ekki, hvort mér tekst að fá hv. þm. til þess að trúa, enda þótt ég sýni honum svart á hvítu, að þetta stendur einmitt í frv., því að hann er ekki vanur að þjóna sannleikanum. Í frv. minu segir m. a.: „Matsstjóri efnir til fundarhalda með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Skal hann skýra þeim frá nýjum kröfum neytenda og setja þeim reglur um fiskimatið. Skal matsstjóri ferðast um landið og hafa eftirlit með allri framkvæmd matsins. Matsstjóri sker úr öllum ágreiningi, er snertir fiskimatið.“ Hvað heldur hv. þm., að þetta þýði? Heldur hann, að það eigi að brjóta þessar settu reglur, eins og ófyrirleitnir blaðamenn brjóta öll lög? Nei, það er alls ekki tilætlunin. Enda er það svo, að sjútvn. tekur það fram í nál. sínu, að brtt. hennar sé borin fram til þess að kveða skýrar á um vald matsstjórans en gert er í frv., til þess að útiloka allan misskilning. Ég vona nú, að hv. þm. skilji það, að þegar matsstjórinn setur reglur, þá á að fara eftir þeim reglum, alveg eins og borgararnir eiga að fara eftir þeim lögum, sem Alþingi setur.

Af þessum sama toga er vitanlega spunnin afstaða þessa hv. þm. til hinna annara frv., er ég hefi borið fram hér á þinginu viðvíkjandi sjávarútveginum. Það sést, að hann er hrifinn

af þeim, t. d. frv. um fiskiráð, því að þau fáu atriði, sem hann ber fram til umbóta á því, eru öll tekin úr grg. frv. míns. Mér þykir ekkert undarlegt, þó að þessi hv. þm., sem er, að því er bezt verður séð, afarfáfróður um þessi mál, líti upp til mín, en það er bara leiðinlegt, að hann skuli þá vera að þessu illkvittnislega nuddi. Þá þætti mér gaman að vita, hvað hann á við með því, að það þurfi að breyta undirmatinu. Heldur hann kannske, að hver þorskhaus sé fyrst skoðaður af undirmatsmönnunum, og svo síðan af yfirmatsmönnum? Ég vil nú segja hv. þm., að þetta er ekki svo, og jafnframt gefa honum það ráð, að hætta sér ekki út á þann hála ís að ætla að fara að kenna hvorki mér eða öðrum, sem frá blautu barnsbeini hafa fengizt við þessi mál. Að breyta þessum hv. þm. í þorsk, treysti ég mér ekki til, en þó myndi það frekar mögulegt heldur en gera úr honum mann með þekkingu á þorski.

Það hljóta allir skynbærir menn að sjá, að það er engin bót á því ástandi, sem nú er, að breyta einhverjum manni frá því að vera yfirfiskimatsmaður í matsstjóra. Hinsvegar er ég þakklátur flm. brtt. á þskj. 237 fyrir það, að taka til greina bendingu þá, sem ég gaf við 1. umr., að betur myndi fara á því að nefna mann þennan fiskimatsstjóra frekar en matsstjóra. Að öðru leyti er það kaldur hugur í garð sjávarútvegsins, sem lýsir sér í þessum brtt., þegar líka þess er gætt, að fiskiþingið lýsti því yfir, að framtíð hans væri undir því komin, að það tækist giftusamlega að bæta úr þeim ágöllum, sem alkunnugt er, að nú eru á fiskimatinu, þar sem þær, að undantekinni þessari litlu nafnbreytingu, virðast fela það eitt í sér að koma í veg fyrir, að fiskimatsstjórinn komi að því liði fyrir sjávarútveginn, sem til er ætlazt. Það á að láta hann jafnframt vera fiskimatsmann, lækka laun hans frá því, sem lagt er til í frv., og útiloka það, að hann geti öðlazt þá þekkingu, sem alveg er nauðsynleg og ekki fæst nema með því að ferðast til neyzlulandanna. Það er því kaldur hugur, samfara litilli þekkingu, sem kemur fram í till. þessum. Mér þykir þetta í sjálfu sér ekkert undarlegt, því að sjávarútvegurinn hefir ekki átt og mun ekki eiga að fagna neinum kærleika eða umhyggju frá þessum mönnum, en hins hefði maður getað vænzt, að þeir gættu þess velsæmis, að vera ekki að hafa sig í frammi í þessu máli.

Út af þeim ummælum hv. þm. N.-Þ., að till. minar í frv. til umbóta þessum málum væru veigalitlar, vil ég geta þess, að eftir að Magnús Sigurðsson bankastjóri hafði lýst því á fiskiþinginu, hvernig ástatt væri um fiskimatið, samþ. það mótatkvæðalaust, að eina ráðið til þess að bæta úr ágöllum fiskimatsins væri að stofna matsstjóraembætti, en svo bar til, að frv. mitt var komið fram nokkru áður. Brtt. þessara hv. herra og umsögn þm. N.-Þ. er því áfellisdómur á fiskiþingið, þeim sjálfum til litils sóma. Eins og frsm. sjútvn. tók fram, er mál þetta þýðingarmikið fyrir sjávarútveginn, eins og líka sjá má á því, að sjútvn. hefir einróma lagt til, að það verði samþ., og enginn nm. hefir treyst sér til að taka til greina till. þeirra hv. þm. N.-Þ. og hv. 2. þm. Skagf. Í þessu liggur skýlaus dómur um gildi frv. eins og það er borið fram af mér, og jafnframt yfirlýsing um það, að brtt. þeirra tvímenninganna séu einskis virði. Annars mega þeir vera þess fullvissir, að svo framarlega sem einhver snefill af viti hefði verið í þeim, þá hefðu flokksmenn þeirra í sjútvn. reynt að taka þær að sér og koma þeim á framfæri.

Um brtt. þeirra hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V.-Ísf. get ég verið fáorður, og það m. a. af því, að mér virtist hv. 1. þm. Rang. leggja mér upp í hendurnar sterk gagnrök gegn þeim. Hann sagði, hv. þm., að fiskifulltrúinn á Spáni hefði undanfarið haft mest eftirlit með matinu hér heima, og með þeim rökum vildi hann réttlæta það, að vel mætti fela honum að gegna matsstjóraembættinu hér, ásamt stöðu sinni í Suðurlöndum. Út af þessari röksemdafærslu hv. þm. vil ég taka það fram, að eins og það er satt, að fiskifulltrúinn hefir verið að reyna að sameina þessi störf, eins víst er það, að það hefir hrapallega mistekizt, eins og skýrslur bær, sem gefnar voru á fiskiþinginu, sanna. Ef það er aftur á móti meiningin að leggja fiskifulltrúastarfið á Spáni niður, má vera, að sá, sem gegnir því, sé hæfur til þess að gegna matsstjórastarfinu. Vilji hv. þm. bera fram frv. um að leggja starf þetta niður, sem kostar ríkissjóð og bankana 30—40 þús. á ári, þá er ég fús að ræða það við hann, en hinsvegar mun ég ekki taka fulla afstöðu til þess fyrr en ég hefi fengið umsögn stjórnar Fisksölusamlagsins um málið.

Út af þeim ummælum, sem féllu hjá þessum hv. þm., að gæta yrði alls sparnaðar í þessu efni, vil ég taka það fram, að ég fyrir mitt leyti tel það alveg rétt, sem fram kom á fiskiþinginu, að ekki megi horfa í kostnaðinn, þegar um jafnmikið þjóðþrifamál sé að ræða sem þetta.

Ég vil svo að endingu þakka hv. sjútvn. fyrir það, hvernig hún hefir tekið þessu máli. Að hún stendur óskipt um frv., ber vott um skilning hennar á ástandinu eins og það raunverulega er. Það er þeim mun hjákátlegra, að hv. þm. N.-Þ. skuli leyfa sér að telja till. minar í frv. veigalitlar og vott um skilningsleysi mitt og lausatök á málinu.

**Forseti (JörB):** Út af þeim tilmælum hv. þm. N.-Þ. að taka mál þetta af dagskrá nú, skal ég taka það fram, að ég tel mig ekki geta það nema sjútvn. fallist á þá meðferð málsins.

**Jón Ólafsson:** Hv. 2. þm. Skagf. kannaðist við, að hann hefði ekki mikla þekkingu á þessu máli. Án þess að fara frekar út í það, þá tel ég, að hv. þm. hafi þar rétta þekkingu á sjálfum sér. Sama máli gegnir um hv. þm. N.-Þ. Hann virðist líka allófróður um þessi mál. Mun ég því ekki hafa fyrir því að svara ýmsum ummælum hans, sem hann þyrlaði upp án minnstu þekkingar á því, sem hann var að tala um. Hann sagði eins og margir fleiri, að fiskimatinu væri mjög ábótavant. En vilji hann nú og þeir, sem þessu hafa haldið fram, líta svo sem 10—15 ár aftur í timann, þá hljóta þeir að viðurkenna, að á

þessu tímabili höfum við Íslendingar rýmt Norðmönnum út af saltfiskmarkaðinum í Barcelona og Norður-Spáni. Sömuleiðis höfum við unnið af þeim markaðinn í Portúgal. Þessir miklu ágallar á fiskimatinu eru því mest ryk, sem verið er að blása upp, sérstaklega út af mati fiskimatsmannsins á Eyrarbakka. Mann þann þekki ég vel og veit, að það er mesti heiðursmaður, sem ekki má vamm sitt vita. Þó að honum hafi ef til vill orðið einhver skyssa á í þetta eina sinn, þá er sízt gerandi slíkt veður út af því sem þetta. Á þessum tíma, sem við höfum einmitt verið að vinna fiskmarkaðinn af Norðmönnum, hafa oft komið fyrir slík mistök sem þessi. Hafa Norðmenn þó haft sinn yfirfiskimatsstjóra allan þann tíma. Að vera að tala hér um svik o. fl. í þessu sambandi, eins og gert var á fiskiþinginu og víðar, er því með öllu óviðeigandi. Annars hefir það farið svo í þessu máli, sem oft vill verða, að þeir hafa talað hæst og haft stærst orðin, sem minnst vit hafa haft á málinu.

Hv. þm. G.-K. vil ég segja það, út af ummælum, sem hann hafði um afskipti fiskifulltrúans á Spáni af matinu hjá okkur, að ég get lánað honum tvennar leiðbeiningar um fiskverkun og fiskimat, sem samdar voru á fiskimatsmannafundi 1933, þar sem fiskifulltrúinn var mættur. Bera þær leiðbeiningar sízt keim af vanþekkingu á þessum málum. Þvert á móti tel ég þar saman koma mikla þekkingu, sem á megi byggja. Reglur þessar og leiðbeiningar hafa ekki verið staðfestar af stjórnarráðinu, og er því ekki eins skylt að fara eftir þeim sem skyldi. Úr því er aftur bætt með brtt. okkar hv. þm. V.-Ísf.

Hv. þm. Vestm. lagði mikið upp úr eftirlitsferðum, sem þessi matsstjóri ætti að fara út um land. En ég hefi ekki mikla trú á, að þær komi að því gagni, sem til er ætlazt. Það er nefnil. engin vissa fyrir, að honum verði sýnd öll sú vara, sem til er á hverjum stað. Hann getur því ekki dæmt um nema það eitt, sem hann sér. Setjum svo, að hann segi, að varan sé góð, en svo komi matsmaðurinn og segi hið gagnstæða. Eigandinn ber þá vitanlega álit matsstjórans fyrir sig og vill ekki gera sig ánægðan með dóm matsmannsins. Á þennan hátt er hægt að láta fjórðungsmatsmennina missa ábyrgð fyrir starfi sínu. Þetta tel ég ókost við ferðir matsstjórans út um land.

Þá sagði hv. þm. Vestm., að matsstjórinn þyrfti að hafa þekkingu á fiski hér heima, til þess að vita, hvernig hann ætti að vera þegar hann kæmi til neyzlulandanna. Við þetta er það að athuga, að sá fiskur, sem fluttur er hér um borð og lítur vel út eftir langa geymslu, breytist mjög er hann kemur í heitara loft og getur verið orðin óþekkjanleg vara, er hann kemur til Suðurlanda.

Það hefir legið orð á því, að fiskifulltrúinn hefði ekki nægilegt fé til þess að starfa með suður á Spáni, og mikið verið talað um það, að þar þyrfti hann að dveljast mikið til á sama stað, vegna þess að hann fengi hér um bil ekkert fé til ferðakostnaðar. En hvað mundi þá fást af ferðapeningum handa tveim mönnum suður á Spáni, matsstjóranum og fiskifulltrúanum? Ég er hræddur um, að það yrði eitthvað lítið úr þessum ferðapeningum, sem líka væri eðlilegt, því það væri alveg óforsvaranlegt að hafa þá tvo á ferðalagi þar fyrir sunnan, sem yrði, ef þetta frv. verður samþ.

Ég get sagt hv. þm. Vestm., að þetta er alvarlegt mál, ekki fyrst og fremst fyrir það, að matinu sé ábótavant, en það er alvörumál, að vöruvöndun og vörugæði hjá okkur eru í afturför nú á allra síðustu árum. Og ég get sagt hv. þm. eitt dæmi upp á það. Ein tegund skipa í fiskiflotanum hefir nú í seinni tíð breytt mikið sinni veiðiaðferð, — það er línubátarnir. Nú hafa þeir þá aðferð að byrja að leggja línuna um kl. 11 á kvöldin, og eru svo ekki búnir að leggja hana fyrr en kl. 4 um nóttina. Þegar þeir fara svo að draga hana aftur, byrja þeir á þeim enda línunnar, sem þeir enduðu á, og koma því ekki að fyrri endanum á línunni fyrr en síðast, og er þá mestöll línan búin að liggja frá 8 til 10 klst., þegar hún er dregin. Þá er fiskurinn á línunni fyrir löngu dauður, en þá er hann eins og kunnugt er langtum verri vara heldur en þegar hann er dreginn lifandi. Þannig er línufiskurinn nú langtum verri vara en áður. Áður, meðan lóðirnar voru stuttar, var línufiskurinn ein af beztu sjávarvörunum. Ég tel víst, að af þessari breyt. á vörunni stafi mikil hætta og að hún eigi mikla sök á minnkandi vörugæðum.

Hv. sjútvn. hefir ekki séð sér fært að taka neitt af mínum till. til greina. Ég gæti sætt mig við það, ef það stafar af því, að þær komu það seint fram, að hv. n. var búin að skila sínu áliti, ef til vill án þess að leggja mikla vinnu í málið, og er það fyrirgefanlegt, þó n. haldi fast við sitt álit og sé treg til að breyta því. En þess er þá meiri von, að hv. Ed. hugleiði og rannsaki málið og athugi, hvort ekki er hægt eitthvað að færa saman af þeim till., sem fyrir liggja, þó svo, að hið bezta í þeim öllum sé fullnotað. Ég er sannfærður um, að fiskifulltrúinn á Spáni getur tekið þetta starf að sér. Hitt er annað mál, hvort hann er starfinu vaxinn, því það er ég ekki alveg viss um.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Á ég aðeins að svara fyrirspurn hæstv. forseta til sjútvn.? **(Forseti:** Hv. þm. má líka tala um málið sjálft). Ég hefi ekki ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum um þetta mál. Hv. 1. þm. Rang. þótti mjög óforsvaranlegt, ef fiskimatsstjóri færi til Spánar og fiskifulltrúinn væri þar fyrir. Það kann að vera, að ekki sé mikil þörf á því, að þeir væru þar báðir samtímis, en það er langt frá að vera óforsvaranlegt. En það er annað, sem er óforsvaranlegt í þessu máli, og það er það, ef ekki verður gert allt, sem hægt er, til þess að vanda matið. Hv. 1. þm. Rang. talaði um, að umbæturnar væru með frv. þessu byrjaðar á skökkum enda; það ætti ekki að byrja að ofan frá, heldur neðan. En mér er þá spurn, hvað hv. þm. meinar, hvort hann ætlast til, að farið verði að setja löggjöf um það, á hvern hátt eigi að draga línuna, eða ákvæði um, hvaða handbrögð sjómennirnir skuli nota við

vinnuna. Það er vitanlega hægt að setja lög um þetta efni, en þau lög væri ómögulegt að framkvæma. En það, sem hægt er að gera, er að láta þá menn, sem svíkja sína vöru, ekki sleppa „billega“ fyrir það, og það er einungis hægt með því að skerpa eftirlitið með matinu svo sem verða má. Í frv. er gert ráð fyrir því, að fiskimatsstjórinn hafi ekki eftirlit á einum einstökum stað á landinu, heldur um allt landið, og hann á að hafa fullt vald til þess að skera úr ágreiningi og úrskurða matið og sjá um, að eftir sínum úrskurðum verði farið. Náist enginn árangur af starfi fiskimatsstjórans, er ég ákaflega vondaufur um, að aðrar ráðstafanir dugi. Sé starf hans unnið með samvizkusemi og þekkingu, þá ætti sá fiskur, sem illa er verkaður, að lenda í sinn rétta flokk; hann lendir þá í 2. eða 3. flokk. Það er sporinn á þá fiskverkendur, sem illa verka sinn fisk, að þeir fái réttlátan dóm um sína vöru.

Hv. 1. þm. Rang. sagðist efast um, að fiskifulltrúinn hefði hæfileika til þess að vinna matsstjórastarfið, og það get ég gengið inn á, því þó sá maður sé ágætum hæfileikum búinn, þá vantar hann þá reynslu, sem matsstjóri þarf að hafa, þar sem hann hefir ekki sjálfur vanizt fiskverkun. Fiskimatsstjórinn þarf að vera uppalinn í starfinu og hafa sjálfur unnið að fiskverkun. Þess vegna álít ég, að ekki sé hægt að ætla fiskifulltrúanum að vinna þetta starf.

Ég álít, að þegar fiskframleiðendur fá að reka sig á, að þeir fá minna fyrir fiskinn þegar hann er illa verkaður, þá sé það sá harðasti og bezti skóli, sem þeir geta fengið í þessu efni, og betri heldur en þó farið væri með nýjum lagafyrirmælum að segja þeim, hvernig þeir eigi að meðhöndla sína vöru.

Hæstv. forseti beindi þeirri spurningu til sjútvn. frá hv. þm. N.-Þ., hvort hún vildi ekki fallast á að fresta umr., til þess að reynt yrði að bræða saman þær till., sem fyrir liggja í málinu. Ég hefi því að skila frá sjútvn., að hún óskar ekki eftir neinni frestun á málinu. N. hefir þegar athugað það, og hún mun hvorki breyta áliti sínu á þeim brtt., sem fyrir liggja, eða óska eftir nýjum fleygum í frv.

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég vil segja það út af ræðu hv. 1. þm. Rang. áðan, að ég ætla, að hann hafi misskilið nokkuð af ræðu minni. Ég hefi náttúrlega ekki aðstöðu til að dæma af eigin reynslu um fiskimatið, en ég hefi getað kynnt mér þau rök, sem fram hafa verið færð fyrir því, að matinu er að hraka, og hefi kynnt mér það, sem komið hefir fram á nýafstöðnu fiskiþingi um það mál, sem hv. þm. er einnig kunnugt, að fiskiþingið hefir litið svo á, að fiskimatinu væri víða mjög ábótavant. Annars er ég sömu skoðunar og hann um það, að meira muni vera gert úr misfellum á matinu en ástæða sé til. Hv. þm. lét svo um mælt, að þeir töluðu hæst í þessu máli, sem minnsta þekkingu hefðu á því. Tók ég það svo, að þar ætti hann við þá, sem fyrst komu með þetta mál inn í hv. d. og hv. þm. er mjög ósammála, og skal ég láta það álit hans óumrætt.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. G.-K. og þeim ummælum, sem hann lét falla út af minni meinlausu ræðu um brtt. okkar hv. 2. þm. Skagf. Hv. þm. gerði mikið úr því, hve hann byggi yfir miklu meiri vizku en ég í þessu máli. Ég skal ekkert deila við hann um það, hvor okkar hefir hér meira til brunns að bera, en ég vil aðeins draga í efa, að þeir, sem hlýddu á ræðu hans, hafi yfirleitt trúað því, að hann hafi frá blautu barnsbeini haft með fisk að gera, eins og hann sagði, enda held ég, að sú frásögn hans sé nokkuð ýkt. Ég held, að hann hafi fengizt við annað meira um æfina en fisk; ég hefi aldrei heyrt, að hann hafi dregið lontu úr sjó, og ég efast um, að hann hafi nokkurntíma þvegið eða flegið fisk. Ég hefi aldrei séð hann fást við fisk eða fara á sjó til að veiða fisk, og ekki heyrt nokkurn mann tala um, að hann hafi gert það. Hv. þm. G.-K. gerði mikið úr því, að í till. okkar 2. þm. Skagf. kæmi fram kali til sjávarútvegsins. Það kom mjög í ljós hjá honum, að honum er í nöp við till. okkar, en það, sem honum fannst bera mestan vott um kala til sjávarútvegsins í till. okkar, var það, að við viljum spara á þessu nýja embætti. Hv. 1. þm. Rang. hefir líka gert till. um sparnað í þessu máli, a. m. k. eins mikinn sparnað og við. Hans till. ættu því eftir röksemdafærslu hv. þm. G.-K. ekki síður en okkar till. að bera vott um kala til sjávarútvegsins. Mér finnst það satt að segja dálitið hart að halda því fram, að hv. 1. þm. Rang. beri sérstakan kala til sjávarútvegsins, en svo framarlega, sem við hv. 2. þm. Skagf. sýnum sjávarútveginum kala með okkar brtt., þá hlýtur hv. 1. þm. Rang. að vera ákaflega kalt til þess atvinnuvegar. Þetta er nú rétt eitt dæmi um rök þessa hv. þm. Hann lætur sig ekki muna um það að rétta annað eins og þetta að flokksbróður sínum, hv. 1. þm. Rang., sem vitað er, að hefir miklu meiri reynslu í þessu máli en hann.

Þessi sami hv. þm. sagði, að auðséð væri, að till. okkar hv. 2. þm. Skagf. væru gersamlega einkis nýtar og óframbærilegar, þar sem sjútvn. hefði ekki viljað líta við þeim. Eina af þessum brtt. hefir n. þó tekið til greina. En hv. sjútvn. hefir ekki heldur séð sér fært að taka til greina brtt. hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V.-Ísf. Ég held, að mörgum finnist hv. þm. G.-K. ekki vera nógu mikil stærð til þess að dæma álit og till. hv. 1. þm. Rang. í þessu máli einkis verðar og óframbærilegar. Með þessum rökum hugsar hv. þm. G.-K. sér að ná sér niðri á okkur hv. 2. þm. Skagf., en um leið reisir hann sér þann hurðarás um öxl að deila harðvítuglega á þann mann, sem allir eru sammála um, að hefir langtum meira vit á þessu máli en hv. þm. G.-K.

Hv. þm. taldi okkur sýna málinu óvild með því að vilja lækka laun matsstjóra úr 8 þús. kr. í 6 þús. á-ári. Ég skal fúslega viðurkenna, að þetta er ekki stórt atriði í þessu máli, en okkur fannst, að borið saman við launakjör yfirfiskimatsmanna væri 6 þús. kr. nægileg laun. Yfirfiskimatsmaðurinn hér í Rvík hefir ekki nema 4700 kr. laun, og ég verð að segja það, að þó hv. þm. G.-K. segi, að þessi till. um lækkun á launanum beri vott um sérstakan fjandskap til viðkomandi atvinnuvegar, þá álít ég nú, að

þennan atvinnuveg skorti eitthvað fremur en há laun handa sínum æðstu mönnum, og ég álít, að um það séu fleiri mér sammála, þó hv. þm. G.-K. sé máske ekki á þeirri skoðun. Ég minnist þess, að á fundi einum, sem við vorum báðir á í einni af verstöðvunum í hans kjördæmi nú fyrir skömmu, hafði einn af flokksmönnum hv. þm. orð á því, að þm. hefði of há laun, hann hefði 12 til 14 þús. kr. á ári samtímis því, sem þeir útvegsmennirnir þar suður með sjónum bæru nauðalítið úr býtum. Ekki var þetta af því, að þeir þar suður með sjónum hafi mikla löngun til að setja sig á móti hv. þm., en þeir hafa þó ekki verið sammála honum í því efni, að sjávarútveginum væri það mesta lífsspursmálið að hafa há laun handa yfirmönnunum.

Hv. þm. G.-K. talaði um það af miklu yfirlæti, að ég færi með tómar staðleysur um það, af því ég skildi ekki frv., að matsstjóra væri ekki gefið neitt vald með frv. eins og það var upphaflega flutt. Hann vitnaði í það, að matsstjóri hefði átt að setja reglur um fiskimatið, og væri það hliðstætt því, þegar Alþingi setti reglur. Þess vegna hefði ekki þurft að taka það fram, að skylt væri að hlýða matsstjóra. En ég vil segja honum það, að enginn er skyldur til að hlýða hv. þm. G.-K. sem þm., þó hann setji einhverjar reglur. Þess vegna sá hv. sjútvn. sér ekki annað fært en að bæta því inn í frv., að hlutaðeigendur ættu að hlýða matsstjóra, af því hún sá, að annars hefði það ekkert að segja, þó hann setti reglur. Þetta sýnir það, að hv. þm. G.-K. hefir sjálfur ekki skilið frv. eins og æskilegt hefði verið. Annars nenni ég ekki að fara í mannjöfnuð við hv. þm. út af því, hvor okkar hafi meira vit á fiski. En það var dálítið „kúnstugt", þegar hann taldi það bera sérstaklega vott um litla þekkingu hjá mér, að ég héldi, að fiskimatsmenn mettu fisk á þann hátt að tína upp einn og einn fisk. Ég skal segja það, að ég álít, að fiskimat fari fram á ýmsan hátt, og að ég hefi einmitt séð fisk metinn þannig, að tíndur var einn og einn fiskur. Má vera, að þar hafi verið sérstök hætta á því, að sá fiskur væri skemmdur.

**Sigfús Jónsson:** Ég þarf ekki að taka mér nærri, þó mér sé borið það á brýn, að ég hafi ekki vit á þessum málum. — Annars sagði hv. þm. G.-K., að matið væri slæmt, en hv. 1. þm. Rang. sagði aftur á móti, að matið væri gott, fiskurinn væri bara illa verkaður í hendurnar á matsstjórunum. Þarna stangast þeirra röksemdir greinilega.

Hv. þm. G.-K. segir, að þessar till. okkar séu fjarstæða ein. Ég verð að halda því fram, að ef yfirfiskimatsmaður getur ekki haft það gott vit á þessum hlutum, sem nægir til þess að vel fari, þá efast ég um, að matsstjóri hafi frekar aðstöðu til þess að afla sér þeirrar þekkingar, sem nauðsynleg er.

Hv. þm. sagði líka, að ef matsstjórar hefðu lág laun, þá hefðu þeir ekki aðstöðu til þess að afla sér þekkingar. En hafa þá fiskimatsmenn aðstöðu til þess? Hvernig eiga þeir að afla sér þekkingar með þeim lágu launum, sem þeir hafa? Annars er ég ekki á því, að há laun séu skilyrði fyrir því, að menn ræki vel stöður sínar. Ég þekki mörg dæmi þess, að menn með lágum launum rækja eins vel stöðu sína eins og hálaunamenn, svo það er engin trygging fyrir því, að maðurinn sé trúr, þó hann sé á háum launum.

Ástæðan til þess, að ég gerðist meðflm. að þessari brtt., var sú, að ég féllst á þá skoðun, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Rang., að það mundi ekki verða verulegt bjargráð að stofna þetta nýja embætti. En það má vel vera, að mér hafi skjátlazt, því mér fannst hv. 1. þm. Rang. vilja líka hnýta í okkur fyrir þessa brtt., sem gengur þó í þá átt, sem mér heyrðist á ummælum hans, að hann vildi að málið snerist um, að kostnaðurinn yrði ekki mikill til þessa embættis, sem ætti að vera nokkurskonar topphúfa eða auglýsing til að flagga með framan í neytendurna.

Hv. þm. Vestm. var að tala um það, að utanfarir fiskimatsmanna væru nauðsynlegar, til þess að þeir fengju nasasjón af þeim kröfum, sem neytendurnir gerðu. Ég býst við, að fulltrúinn á Spáni, sem dvelur þar að staðaldri, ætti að geta gefið allar nauðsynlegar upplýsingar, svo það ætti að vera næg trygging fyrir því, að yfirmatsmennirnir gætu vitað, hvers neytendurnir krefðust.

Ég skal taka það fram, þar sem talað hefir verið um kala til sjávarútvegsins í sambandi við þessa brtt., að hún er einungis fram komin af því, að við höfum ekki trú á því, að þetta embætti komi að því gagni, sem til er ætlazt, og viljum því ekki ausa miklu fé í það að óþörfu. — Ég skal svo ekki lengja umr. um þetta mál meira að sinni.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Rang. afgreiddi hv. 2. þm. Skagf. með þeim ummælum, að það væri rétt, sem hann sjálfur hefði sagt, að hann hefði ekkert vit á þessum málum. Ég leyfi mér að viðhafa sömu afgreiðslu um þennan hv. þm., og læt svo útrætt um hann. Ég efast ekki um það, að það sé kali til sjávarútvegsins, sem hefir valdið þessu frumhlaupi þessa virðulega öldungs.

Ég vildi þá segja það út af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, að mér finnst höfuðmunurinn á mínum till. og hans till. vera sá, að ég held, að það megi taka til athugunar að sameina starf fiskierindrekans og matsstjórans í eitt starf, en þó ómögulega á þann hátt, sem hann telur heppilegast, að maður þessi dvelji 10 mánuði erlendis og 2 mánuði árlega hérlendis. Ég hygg, að þá sé frekar sanni nær, að þessi maður hafist við hér á landi í 10 mánuði árlega, en erlendis í 2 mánuði. Ég skal þess vegna, ef hv. þm. óskar þess, taka til athugunar, hvort rétt sé að bera fram frv. um að fella niður starf erindrekans og halda svo matsstjóraembættinu eins og það er hugsað í frv. okkar þremenninganna. Ég veit, að þessi fróði og reyndi sjávarútvegsmaður mun samsinna því, að þetta starf er þess eðlis, að nauðsynleg er þekking á óskum neytendanna, og þá þekkingu öðlast þessi starfsmaður með sinni árlegu dvöl í neyzlulönd-

unum. En hitt er svo það, sem allt veltur á, að þessi þekking komi að haldi hér heima, og ég tel það ekki tryggt, nema þessi maður dvelji hér langvistum árlega, til þess að fræða yfir- og undirfiskimatsmenn og til þess að hafa eftirlit með því, að sú fræðsla sé færð út í lífið og komi að haldi í sjálfu matinu. Þetta held ég áreiðanlega, að sé rétt hjá mér.

Þá ætla ég að svara hv. þm. N.-Þ. nokkrum orðum. Hann var að tala um það, að mér hefði runnið í skap hér áðan. Ég skil ekki, hvernig hv. þm. hefir getað fundizt það. Það er langt síðan mér hefir liðið eins vel hér í þingsölunum eins og þegar ég var að tugta hann til. Ég verð að biðja hv. þm. að virða mér það til vorkunnar, þó mér hafi þótt það gaman, því mér fannst aðstaða mín svo prýðileg. Og ef hv. þm. N.-Þ. heldur, að hann geti alið á einhverri þykkju milli mín og míns gamla og mæta vinar, hv. 1. þm. Rang., þá er hann auðsjáanlega að skyggnast um í þeim herbúðum, þar sem allt gengur á heift og úlfúð milli leiðandi manna. En slíkt á sér ekki stað í Sjálfstfl. Við höfum nú unnið saman um langan tíma, ég og hv. 1. þm. Rang., og ég hefi alltaf talið mér það vel hlýða og til gagns að nýta hans lífsreynslu á mörgum sviðum, þar sem hann hefir haft meiri reynslu heldur en ég, og á sviði sjávarútvegsins almennt talað hefir hann miklu meiri reynslu heldur en ég, en þar fyrir tel ég ekki, að honum geti aldrei missýnzt. — Og það er hlægilegt, ef hv. þm. N.-Þ. heldur, að það skerði okkar gömlu vináttu, þó hv. 1. þm. Rang. hafi einu sinni í máli, sem ég man nú ekki hvað var, greitt öðruvísi atkv. heldur en ég hafði óskað eftir, að flokkurinn léti falla. Það eru engin handjárn til í okkar flokki, og hv. 1. þm. Rang. er þess frjáls — enda veit hann það líka sjálfur — að greiða atkv. eins og honum sjálfum sýnist, hvað svo sem mér sýnist um það. Ég hefi aldrei ætlað mér þá dul að leggja á hann handjárn, enda er það hvorki mér né öðrum hent. Það vita allir, og hv. þm. N.-Þ. líka, svo það er ekki nema brosleg barnabrek að vera með slíkt stagl og málalengingar hér í d.

Um hitt, hvort ég hefði nokkra þekkingu á fiski, vil ég geta þess, að frá því ég var 23 ára gamall og fram á þennan dag hefi ég verið einn af þeim mönnum, sem veitt hafa forstöðu stærsta fiskframleiðslufyrirtæki landsins, sem um langa hríð hefir haft stærstu fiskverzlun landsins, og að því er ég bezt veit stærstu útflutningsverzlun í heimi á þessu sviði. Ég hefi þess vegna sem útgerðarmaður og fiskútflytjandi haft aðstöðu og skyldu til þess að kynna mér þessi mál. Ég er alinn upp í sjávarþorpi, þar sem fiskverkun daglega fer fram, og hefi auk þess unnið talsvert á yngri árum í fiski.

Hv. þm. N.-Þ. sagði, að ég hefði borið honum á brýn, að kali í garð sjávarútvegsins kæmi fram í því, að hann vildi sýna viðleitni til sparnaðar. Nei, þessi kali kemur fram í því, að þessi eyðsluseggur finnur ekki hvöt til sparnaðar nema þegar þjóna þarf augljósri þörf sjávarútvegsins. Að af þessum ástæðum þurfi að vera þert, að hv. 1. þm. Rang. beri kala til sjávarútvegsins, er tóm vitleysa, því það, sem hann leggur til, er ekki annað en það, að annaðhvort sé matsstjóri skipaður eftir mínum till. eða að starfið sé sameinað öðru starfi, þar sem launin eru 30—40 þús. kr. En að því finnur hv. þm. ekki, — og vegna hvers? Vegna þess, að í því embætti situr maður, sem er hans flokksbróðir og þiggur 30—40 þús. kr. fyrir. Þarna sér maður nú einlægnina hjá hv. þm. í þessu máli eins og fleirum. — Ég hafði fært fram þau rök fyrir því, að þessar till. hv. þm. N.-Þ. og hv. 2. þm. Skagf. væru veigalitlar, að sjútvn. hefði ekki viljað við þeim taka, heldur afgr. þær frá sér með þeirri lítilsvirðingu, sem þær verðskulduðu. Hv. þm. N.-Þ. vildi halda því fram, að ef þetta ætti að vera sönnun þess, hversu veigalitlar hans till. væru, þá væri það að sama skapi sönnun þess, að till. hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V.-Ísf. væru jafnveigalitlar. En svo er alls ekki, því annar þm. er utan flokka og er því enginn í n., sem hefði sérstaka tilhneigingu til þess að hengja sig á hans till. Hv. 1. þm. Rang. á 2 flokksbræður í n., en þeir eru báðir flm. þessa frv., og þess vegna er ekki eðlilegt, að þeir hafi viljað víkja frá sínum till., til þess að taka upp annara till. En hv. þm. N.-Þ. á bæði bræður og hálfbræður í n., sem hefðu reynt að taka að sér hans till., ef þeir hefðu ekki álitið, að þeim bæri að fyrirverða sig fyrir þær. En þeir gerðu það ekki, og þar með er þeirra dómur felldur, og sá dómur er réttur, en hann fellur ekki að sama skapi á till. hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V.-Ísf. Það er alveg ljóst.

Þá vildi þessi hv. spekingur kenna mér lífsreglur og sýna mér fram á, að af því að ég væri þm. gæti ég sett l. á Alþingi, en þegar ég kæmi út úr þinginu, gæti ég ekki sett l., og af því leiddi svo aftur það, að matsstjóri, sem ætti að setja matsmönnum reglur, hefði ekki neitt vald. Þetta er það, sem kallað er hugsanagrautur, og þeir, sem svona hugsa, eru kallaðir moðhausar. Þetta er ágætt nafn, og það er bezt, að ritstjóri Tímamanna hljóti það frá mér, og skal ég rétta honum eitthvað í nafnfesti og hafa það í sneiðarformi áður en lýkur.

Ég vil segja hv. þm. það, að þó ég geti náttúrlega ekki sett l. utan þings, þá get bæði ég og hann sett l. á þingi, og þar með l. um það, að matsstjóri skuli setja reglur, sem á að hlýða, en ekki óhlýðnast. Þetta hlýtur hv. þm. að skilja, ef hann leggur hausinn í bleyti.

Þá hafði ég gaman af ummælum þessa hv. þm. út af því, sem ég var að taka hann til bæna í sambandi við undirmat og yfirmat. Ég sagði þessum hv. þm., að þetta tal hans bæri vott um, að hann héldi, að undirmat færi svo fram, að hver fiskur væri skoðaður og dæmdur, og svo væri þeim dómi áfrýjað til yfirmats. Þessu svaraði hv. þm. með því, að hann hefði séð fisk metinn einmitt á þennan hátt, að hver fiskur hefði verið skoðaður sérstaklega. Ég vil segja þessum hv. þm. það, að þetta er engin undantekning. Svona gengur þetta fyrir sig, undirmatsmaðurinn skoðar fiskinn og metur hann. En svo má þessi hv. þm. ekki láta það villa sig, að hér sé um að ræða undirfiskimatsmenn og yfirfiskimatsmenn, af því að þessir menn skoði hver um sig, þannig, að dómi undirfiskimats-

mannsins sé áfrýjað til yfirfiskimatsmannsins. Nei, yfirfiskimatsmaðurinn hefir nafn sitt af því, að hann hefir yfirstjórn með undirfiskimatsmönnunum, setur þeim reglur og hefir úrskurðarvald á því, sem þeir gera.

Mér þykir nú leiðinlegt að þurfa að fara með þessa barnafræðslu yfir hv. þm., en það er nauðsynlegt, úr því hann er að skipta sér af þessu máli, sem hann hefir ekkert vit á.

Mér þótti skinhelgin fullmikil hjá hv. þm. þegar hann fór að tala um það klökkum rómi, að hann hefði verið með mér á fundi í einum hreppi í minu kjördæmi, og þar hefði það komið í ljós, að fátækir fiskimenn hefðu á öðru brýnni þörf en háum launum. Mætti ég, án þess að móðga nokkurn mann, minna á það í sambandi við þessa till. um að skammta manni, sem á að hafa með höndum mjög mikilsvert starf og sjaldgæfa þekkingu, 6 þús. kr., að hér er til maður í þessu landi, sem selur mönnum hálfódrekkandi áfengisgutl og þiggur 10—12 þús. kr. fyrir. Hvort halda menn nú, að sé þarfara að launa vel þann mann, sem á að vera öflugasta stoð sjávarútvegsins um þá nauðsyn, að fiskurinn sé vel og rétt metinn, eða hinn, sem á að hafa forsjá með því, að menn drekki meira og minna af misjafnlega góðum og hollum drykkjum? Og má ég minna á það, að til er hér maður, sem nefnist útvarpsstjóri, sem enginn veit til, að geri nokkurn skapaðan hlut og hefir þó 10—12 þús. kr. laun. Hvort ætli sé nú nauðsynlegra að hafa þarna liðónýtan og gagnslausan mann eða að skipa þessu nauðsynjamáli sjávarútvegsins almennilega forsjá? Þessir menn, sem ég hefi nú nefnt, og margir fleiri bera úr býtum úr ríkissjóði tvöfalda þá upphæð, sem hv. þm. N.-Þ. vill skammta þeim manni, sem á að sjá um eitt mesta vandamál sjávarútvegsins. En sparnað til lítt starfshæfra og gagnslausra embættismanna vill þessi hv. þm. ekki heyra nefndan, en vill merja 2 þús. kr. af launum þessa manns, sem á að veita forsjá þessu nauðsynjamáli. Og það þykist hv. þm. gera af einskonar kærleika til fátækra fiskimanna, sem hann sá suður í Garði. Önnur eins skinhelgi — drottinn minn dýri — er sem betur fer fátíð hér í þingsölunum.

Ég held ég þurfi svo ekki að kenna þessum hv. þm. meira heldur en ég hefi þegar gert. Honum fannst sjálfum eins og mér ofmælt, þegar ég sagði, að ég treysti mér ekki til þess að breyta honum í þorsk, en ég treysti mér til þess að breyta honum í aula, en svo eru kallaðir á máli sjómanna þorskar, sem eru sérlega stórir.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Ég tek nú til máls af hálfum hug, af því að ég get ekki hælt mér af öðru en því, að ég hefi verið á stakkstæði hérna fyrir löngu síðan og handlangari hjá góðum matsmanni áður en matið spilltist.

Í sambandi við brtt. okkar hv. 1. þm. Rang. vil ég segja það, að ég tel vafasamt, að hægt sé að finna mann, sem bæði er ágætlega kunnugur fiskverkun allri frá því að fiskurinn er veiddur úr sjónum og þangað til hann er hæfur til fiskimats, og sem svo í þriðja lagi væri fær um að ferðast um Suðurlönd á ári hverju og hafa samband við neytendur og alla, sem að þessum málum verða að koma og hafa fullt gagn af því ferðalagi. Ég tel vafasamt, að hægt sé að finna þennan mann, og enn vafasamara, að hægt sé að fá hann fyrir 8 þús. kr., svo maður tali nú ekki um 6 þús. kr. En okkur er nú kunnugt um það, að fiskifulltrúinn á Spáni er nú orðinn ágætlega að sér um fiskverkun og fiskimat, og þegar hann fullnægir allra manna bezt því, sem hér hefir verið lögð áherzla á, að aðalmaður matsins þekkti kröfur neytendanna og dóma þeirra um fiskinn á hverju ári, þá vildum við einmitt nota hans þekkingu á þessu sviði og spara þar með ríkissjóði allmikla fé fúlgu. Sjálfstæður matsstjóri, sem hefði að launum 10 þús. kr. samtals og ferðaðist um landið allt árið, þegar hann væri ekki í Suðurlöndum, og hefði skrifstofu hér, mundi ekki kosta ríkið minna en 20—24 þús. kr., þegar allt kæmi til alls. Við höfum dýran mann suður á Spáni, og er þá ekki hægt að nota hann til þess að dvelja hér heima 2—3 mánuði á hverju ári? Hér er sennilega enginn maður, sem hefir betri möguleika til þess að kynna sér kröfur neytendanna eða hefir meiri þekkingu á því en einmitt þessi fulltrúi okkar þarna suður frá. Okkar till. er því sannarlega ekki um það, að leggja þetta starf hans niður, heldur eigi hann, auk þess sem sem hann er fulltrúi suður á Spáni, að koma heim á ári hverju og halda fundi með yfirfiskimatsmönnum og ferðast um kring til þess að ráðgast við matsmenn og leiðbeina þeim. En vitanlega yrði þessi fræðsla aðallega í höndum yfirmatsmannanna. Ég sé ekki ástæðu til að ætla, að yfirmatsmennirnir geti ekki lært af fiskifulltrúanum, ef hann kemur heim árlega, og kennt svo út frá sér sínum starfsmönnum. Ef þeir hafa ekki manndóm til þess að láta framfylgja þeim reglum, sem þeir hafa lært, þá efast maður líka um, þó settur væri einn maður yfir allt landið, sem ætti að ferðast um allt árið nema 2 mánuði, sem hann ætti að vera suður á Spáni, að hann hefði frekar möguleika til þess, þar sem hann ætti að hafa allt landið, en matsmennirnir aðeins lítil svæði hver.

Að þessari till. okkar standa og margir menn utan þings, sem hafa örvað okkur til þess að bera hana fram, og ég hygg, að sjútvn. standi ekki svo langt frá þessari till. eins og haldið hefir verið fram, a. m. k. mátti skilja það á ræðu hv. þm. Vestm. við síðustu umr.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson)** [óyfirl.]: Munurinn er bara sá, að í frv. er farið fram á það, að matsstjóri sé skipaður, sem hefir höfuðverkssvið sitt hér heima, en sé aðeins í 2 mánuði á ári hverju erlendis. M. ö. o. ætti hann að vera 10 mánuði hér heima til þess að stunda sitt starf, ferðast um landið og ráðgast við matsmenn og fiskimenn. Þessi er hugsunin í frv. En í brtt. hv. þm. V.-Ísf. og hv. 1. þm. Rang. er gert ráð fyrir, að fiskifulltrúinn á Spáni, sem hefir þar sitt aðsetur, eigi að bregða sér hingað í mesta lagi 3 mánaða tíma árlega til þess að inna af höndum starf matsstjóra. Í till. er í raun og veru ekki gert ráð fyrir nokkurri breyt. hvað matsstarfið snertir. Það er gert ráð fyrir því, að fiskifulltrúinn geti brugðið sér hingað heim til

þess að gegna starfinu. Höfuðmunurinn er sá, að við viljum gera starfið hér á landi að aðalatriði, en þeir vilja, hv. flm. brtt. á þskj. 240, gera það að aukaatriði. — Það barst í tal meðan á 2. umr. stóð milli mín og hv. sessunautar míns, þm. V.-Ísf., að e. t. v. væri hægt að sameina þessi störf, fulltrúastarfið á Spáni og matsstjórastarfið. Ég tók því þá ekki fjarri, að þetta gæti komið til mála. En síðan ég sá þessa brtt. og heyrði, að alveg ætti að hafa endaskipti á hlutunum og breyta grundvelli frv., hefi ég alls ekki getað aðhyllzt þessa hugmynd í því formi, sem hún nú er. Sízt þegar það er athugað, að sjútvn. hefir borið saman ráð sín og orðið sammála um að halda fast við frv. eins og það er.

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Það er ekki mikið, sem ég þarf að segja út af síðustu ræðu hv. þm. G.-K., enda er mér ekki leyfð nema stutt athugasemd.

Ég býst við, að hv. þdm. hafi þótt fróðlegt að heyra æfiferilsskýrslu þá, sem hv. þm. gaf hér, eins og til að sýna eða gera sennilegt, að hann myndi hafa eitthvert vit á þessum málum. Það er nfl. svo komið eftir þessar umr., að hv. þm. finnst hann þurfa að leggja fram fyrir því einhver gögn, að hann beri hér eitthvert skyn á. Gögnin voru svo þau, að hann væri fæddur og uppalinn í sjávarþorpi og hefði komið þar, sem fiskur væri verkaður. Ég vil ekki draga í efa, að hv. þm. mun gefast tækifæri til halda áfram með skýrsluna, og mun e. t. v. aukast fróðleikurinn, þegar fram í sækir.

Ég nenni ekki að karpa við hv. þm. um það, hvert álit hv. sjútvn. hafi verið á till. okkar hv. 2. þm. Skagf. annarsvegar og till. hv. þm. V.-Ísf. og hv. 1. þm. Rang. hinsvegar. Ég geri ráð fyrir, að hv. dm. hafi veitt því athygli, hve veik rök hv. þm. G.-K. eru í því máli, þar sem hann taldi það auðvitað, að okkar till. hefðu átt að fá nokkra áheyrn hjá n., vegna þess að í henni væru flokksmenn okkar. En hvernig stendur þá á því, að sú till., sem hv. 1. þm. Rang. studdi, fékk ekki áheyrn hjá n.? Hann á líka flokksbræður í n. Hv. þm. G.-K. kemst ekki hjá því, að ef hv. n. hefir sýnt okkar till. lítilsvirðingu, þá hefir hún engu síður lítilsvirt till. þá, sem hv. 1. þm. Rang. stendur að. Enda er komið svo fyrir hv. þm. G.-K., að hann er farinn að mismæla sig alvarlega í umr. og tala um hv. 1. þm. Árn. í stað 1. þm. Rang. En út af því, sem hv. þm. talaði um síðast í sinni ræðu, þá er auðvitað dálítið erfitt að gera samanburð og segja, hvaða laun þessi og hvaða laun hinn eigi að hafa. Um það ætla ég ekki að rökræða við hv. þm. En ég hygg, að þau laun, sem við ætlum matsstjóranum, 6 þús. kr. á ári, þótt þau séu ekki ýkjamikil, þá séu þau þó allmiklu hærri en laun flestra þeirra, sem hv. þm. G.-K. greiðir laun. Eftir því, sem hann sjálfur segir, þessi hv. þm., hefir hann varið til þess allmiklum hluta sinnar æfi að vinna að því, að þeir menn, sem við fyrirtæki hans vinna, á skipum hans og við verkun fiskjarins, hefðu sem allra bezt laun. Þó eru þessi laun miklum mun lægri en þau, sem við ætlum matsstjóranum. Og ég verð að segja út frá þeim samanburði, sem hv. þm. var að gera, að ef ætti að fara að eins og útvegsmaðurinn í Garðinum, að bera saman laun forstjórans Ólafs Thors og sjómannanna á skipum hans, hygg ég, að um þann samanburð mætti ýmislegt segja, og fróðlegt væri að heyra hv. þm., sem ekki er skinhelgur, ræða um þá hluti. Annars hefir hv. þm. eiginlega sýnt brigðmælgi gagnvart mér, því að hann lofaði að gefa mér einhverja sneið áður en hann lyki ræðu sinni, en þar sem hún kom ekki fram, verð ég að álíta, að hann hafi borðað hana sjálfur. En ég er ekkert að hugleiða að gera úr hv. þm. þorsk eða aula. Ég held, að ekki verði úr honum gerð nein verðmæt vara.

**Jón Ólafsson**: Það eru aðallega tvær fyrirspurnir til mín frá hv. þm. Vestm., sem ég þurfti að svara. Önnur var sú, hvort ég væri tilbúinn að setja l. um það, hvernig ætti að fara með fisk um borð í skipi. Ég verð að játa, að slíkt er mjög vandasamt að ákveða í l., og vart fær leið. En ég er viss um, að með því að setja reglur, sem leiðbeindu mönnum í meðferð fiskjar, mundi vinnast mikið á. Auðvitað er mikið aðhald í matinu, það er ég ekki í vafa um. Matið hefir verið strangt og orðið til þess, að við höfum fengið traust kaupenda og haft af því hin beztu not. — Hin fyrirspurnin var um það — og hv. þm. G.-K. spurði raunar hins sama —, hvort ég vildi vera með í því að leggja niður fiskifulltrúastarfið á Spáni. Ég verð að segja það, að ég er þess albúinn, ef það á að henda, að tveir menn verði þar á ferðinni í sömu erindagerðum. Því að vitanlega er það ekki nándarnærri nóg starf fyrir einn, hvað þá tvo menn, að kynna sér kröfur neytendanna og kvartanir þeirra. Þessir hv. þm. báðir tveir, hv. þm. Vestm. og hv. þm. G.-K., hafa slegið fram þeim höfuðmismun milli minna skoðana og þeirra, að ég vildi hafa fiskifulltrúann á Spáni 10 mánuði ársins og 2 mánuði hér heima, en þeir vildu leggja aðaláherzluna á starfið hérlendis. En ég hefi bara hvergi á þetta minnzt. Í brtt. er tekið fram, að hann eigi að vera hér heima eins lengi og talið er nauðsynlegt til fundahalda með fiskimatsmönnunum og til eftirlitsferða. (**JJós**: Hv. meðflm. till. lýsti því þannig, að það væri álitið, að 2—3 mánuðir myndu nægja). Hver, sem þessar brtt. les, sér undireins, að ekki er þar einu orði á þessa eða aðra tímalengd minnzt. Með brtt. okkar tel ég gerða möguleika til fullkomins eftirlits og túlkað fyllilega það, sem vakir fyrir flm. frv. og hv. sjútvn., nfl. að skipta þessu starfi milli matsmannanna hér heima og þess manns, sem á að kynna sér kröfurnar í neyzlulöndunum. — Hv. þm. Vestm. sagði, að í okkar till. fælist raunverulega engin breyt. frá núv. ástandi. Það er að vísu ekki sú breyt., sem kemur fram í frv., sem með okkar till. er gerð, en þó sú breyt., að hún nægir til þess, að við getum haft full not af þessum manni. Honum er nfl. eftir okkar till. ætlaður ferðakostnaður nægilegur, en það hefir tilfinnanlega skort hjá þeim, sem með völdin hafa farið, að fyrir því væri séð, til þess að hægt sé að kynna sér það, sem nauðsynlegt er, heima og erlendis. Þetta gekk svo langt, að þegar Helgi

Guðmundsson hvarf hingað heim, gat hann þess, að vegna þess að hann hefði enga ferðapeninga fengið, hefði starf hans ekki borið fullkominn eða nægilegan árangur, og þegar Fisksölusamlagið tók til starfa, taldi hann starf erindrekans að miklu leyti orðið óþarft. Það, sem við leggjum til með okkar brtt., er ekkert annað en það, að gera þennan mann að millilið milli neytenda og seljenda, er kynni sér á báða bóga, hvernig allt, sem að þessu lýtur, má bezt úr hendi fara. Ég álít því málinu bezt borgið með því að sameina störfin. Ef ekki verður svo gert, að settur verði matsstjóri með svipuðu valdi og fiskifulltrúinn, þá að leggja fiskifulltrúastarfið niður.

Því þarf ekki að svara, sem hv. þm. N.-Þ. var að tala um, að ég hefði ekki rétt upp hendina eins og aðrir flokksmenn mínir hér í hv. d., því að hv. þm. G.-K. er réttilega búinn að svara því með því, að það séu engin handjárn á þm. Sjálfstfl. Og ég get bætt því við, að sjálfstæðismenn eru engar spiladósir, sem ekki þarf annað en láta fimmeyring í til þess að þeir geri þetta og hitt. Mér hefir sýnzt, að fimmeyringurinn, sem dugir til þess arna, hafi gert ýms skemmdarverk í þjóðfélaginu, og ég vil segja honum það, sem ungum þm., að það er ekki heillavænlegt að vera æfinlega spiladósin á Alþingi.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég veit ekki, hvort hv. þm. N.-Þ. þarf að auglýsa eftir sneiðinni lengur eða hvort hann hefir þótzt fá hana hjá hv. 1. þm. Rang. áðan. Í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, vil ég einungis færa fram afsökun mína fyrir því, að ég gerði honum getsakir hvað viðkom tímalengdinni, sem hann ætlaði fiskifulltrúanum til dvalar hér á landi. Eins og hv. þm. Vestm. sagði, þá hafði ég þær upplýsingar frá hv. þm. V.-Ísf., sem er meðflm. að till. hv. 1. þm. Rang. Hv. 1. þm. Rang. gerir ráð fyrir því, að fulltrúinn þurfi að dvelja hér lengi árs, og um það er ég honum alveg sammála. (**JÓl**: Till. ber þetta með sér). Alveg rétt. Þar er tekið fram, að hann eigi að vera hér eins lengi og nauðsyn beri til. En ég taldi hinsvegar heimilt að leggja í þetta þann skilning, sem ég gerði, vegna orða hv. meðflm. En hann þarf ekki að vera skilningur hv. 1. þm. Rang. fyrir því. En ef hv. þm. álítur, að þessi maður þurfi að dvelja hér langdvölum, þá fer að færast saman bilið á milli okkar, og þá er hið skynsamlegasta í þessu máli að leggja niður fiskifulltrúaembættið, sem hefir um 30—40 þús. kr. árlegan kostnað í för með sér, og láta matsstjórastarfið koma í staðinn, með þeirri tilhögun, sem frv. felur í sér.

Hv. þm. N.-Þ. svara ég ekki miklu. Mér varð á að segja, að þm. væri ekki vel innrættur og ekki vel skemmtilegur að deila við, þegar hann mér til stórrar undrunar stóð upp til að skýra frá því hér í d., að sig vantaði skýringu á því frá mér, hvernig á því hafi staðið, að till. hv. 1. þm. Rang. fékk ekki undirtektir í hv. sjútvn. Þessi þm. er orðinn svo vanur því að skrifa fyrir aðra menn en þá, sem ég næ til, og mæta mér yfirleitt á þeim vettvangi, þar sem hann getur talað sínu máli án þess að ég jafnóðum geti rekið ofan í hann ósannindin og óhróðurinn, að hann gleymir því, að nú stöndum við á þeim vettvangi, þar sem ég get jafnóðum látið hann kyngja ósannindunum. Ég sagði frá því áðan, að ég teldi það eðlilegar orsakir fyrir því, að till. fékk ekki undirtektir í n., að flokksbræður hans þar eru flm. frv. þess um matsstjóra, sem ég er 1. flm. að, og því ekki von, þótt þeir væru flokksbræður hans, að þeir vildu taka hans till. fram yfir sínar eigin. Það er alveg makalaust, að svo skuli hv. þm. N.-Þ. standa hér upp og segja, að ég eigi þessu alveg ósvarað. Þetta er nú helzt til að stytta málalengingarnar á Alþingi, að þurfa að margtyggja annað eins og þetta í þm. En viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um viðleitni mína til þess að þrengja niður kaupi þess fólks, sem hjá mér vinnur, þá get ég án þess að blikna eða blána sagt það, að þeir menn, sem hjá mér vinna, bera yfirleitt miklu meira úr býtum en aðrir verkamenn í þjóðfélaginu gera. Ég hygg, að mitt skrifstofufólk sé launað í hæsta flokki, og sjómennirnir betur en hjá öðrum sambærilegum fyrirtækjum. Það er fjarri því, að ég hafi skoðað það mitt hlutskipti að gera hlut þessa fólks sem minnstan; þvert á móti hefi ég reynt að gera þess hlut eins góðan og mögulegt hefir verið og getan hefir frekast leyft. Og það skal standa óhaggað, að sjómennirnir á skipum míns félags skulu hafa meira í sinn hlut en sjómenn á nokkrum öðrum skipum á Íslandi. Nú vil ég spyrja hann, hvort hann getur sagt hið sama um sín viðskipti við náungann. Það er alkunn sagan um hrossakjötstunnuna. Og ef hv. þm. vantar enn sneið, þá kallaði ég hann áðan aula, og nú hefir hann verið minntur á hrossakjötið og kallaður spiladós.

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég vil einungis vekja athygli á því, að hv. þm. G.-K. hefir skotið sér undan því að gera þann samanburð, sem ég benti honum áðan á, að lægi nærri að gera, þegar hann er að gera samanburð á launum matsstjórans eftir till. okkar hv. 2. þm. Skagf. og launum ýmsra starfsmanna ríkisstofnana, sem sé samanburð á launum forstjóra Kveldúlfs og verkamannanna, sem hjá því fyrirtæki vinna, og láta okkur heyra niðurstöðuna, og komast að raun um, hvort mismunurinn þar væri réttur. Hv. dm. hafa veitt því athygli, að þm. gerði þetta ekki, heldur gerði hann samanburð á launum sjómanna hjá Kveldúlfi og annara sjómanna. Annars fer hv. þm. alltaf jafnilla út úr því, þegar hann er að reyna að sýna fram á afstöðu sjútvn. til brtt. þeirra, sem hér hafa verið fram bornar, því að hv. þm. Vestm. gat ekki tekið til greina till. hv. 1. þm. Rang. af því, að hann hafði sjálfur gerzt meðflm. að frv. Ef þetta er svona hjá Sjálfstfl., þá gildir líka hið sama um framsóknarmennina í n. og sósialistana, þar sem þeir hafi þegar verið búnir að taka ákveðna afstöðu gagnvart frv. með þeim breyt., sem n. hafði á því gert. Þetta er alveg ljóst mál, og hv. þdm. geta séð, hve gersamlega hv. þm. G.-K. hefir orðið að gefast upp við að halda fram þeirri firru, sem hann kom með viðvíkjandi till. okkar hv. 2. þm. Skagf. í þessu máli.

Ég skal svo ekki um þetta segja öllu meira.

Ég tel bæði till. okkar 2. þm. Skagf. og till. hv. 1. þm. Rang og V.-Ísf. til bóta frá því, sem frv. nú er, og ég vænti þess, að á frv. verði gerðar nauðsynlegar breyt., og þá teknar til greina till. okkar hv. 2. þm. Skagf., því að ég er þeirrar skoðunar, að þar sé lagt inn á heilbrigðan grundvöll í þessu máli, þar sem lögð er áherzla á að bæta fiskimatið innanlands, en talið, að fyrir hinu sé sæmilega séð, að fiskifulltrúinn á Spáni kynni sér kröfur neytendanna í markaðslöndunum.

Ég ætla ekki út í frekara karp við hv. þm. G.-K. en hér er orðið. Hv. þm. hefir alveg einkennt sig í þessu máli vegna framkomu sinnar. Hann hefir gengið fram fyrir skjöldu í því ósæmilega athæfi að gera sér leik að því að brjóta þingsköp og það velsæmi, sem hér á að ríkja. Þm. hefir hvað eftir annað óhlýðnazt forseta og virðist setja sinn metnað í að haga sér sem stráksleg ast. Það er því ekkert tiltökumál, þótt umr. frá hans hendi séu nokkuð á ýmsa vegu, og ætla ég mér ekki út í þá sálma við hann að þessu sinni. En ég vil gefa honum það fyrirheit, sem ég mun efna, þótt hann efndi ekki sitt loforð áðan í minn garð, að ég mun tala við hann síðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Nd., 31. okt., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 234, 237, 240).

ATKVGR.

Brtt. 240,1.a felld með 18:9 atkv.
— 237,1.a felld með 15:2 atkv.
— 237,1.b felld með 16:3 atkv.
— 240,1.b felld með 16:8 atkv.
— 240,2 tekin aftur.
— 237,2 felld með 22:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PZ, SigfJ, SE, StJSt, EystJ, GG, HannJ.

nei: ÓTh, PÞ, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, FJ, GÞ, GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, JónÞ, JS, JG, JörB.

HV,[1]) greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (ÞorbÞ, GSv) fjarstaddir.

Brtt. 237,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um fiskimatsstjóra.**

---

Á 27. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 275).

Á 29. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 275, n. 476 og 488).

1) **HV: Vegna þess að ekkert ákvæði er í frv. um það, að matsstjóri geti ekki sinnt öðru starfi, þá greiði ég ekki atkv.**

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason)** [óyfirl.]: Þetta frv. er flutt í hv. Nd. og er komið hingað þaðan. Eins og sjá má í grg. fyrir frv., þá eru þau tildrög til, að frv. þetta er fram komið, að allmikil umkvörtun hefir komið frá Spánverjum um mat á fiski hér. Frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlað að bæta úr þessu á þann veg, að skipaður sé sérstakur fiskimatsstjóri, sem verði yfirmaður allra fiskimatsmanna hér á landi. Eins og geta má nærri, þá verður sá maður að afla sér þekkingar á kröfum þeim, sem neytendurnir gera til fiskjarins, því að án þess er ekki hægt að gera ráð fyrir, að bætt verði úr þeirri vöntun, sem nú er á því, að kröfum neytendanna sé fullnægt. Hinsvegar er það svo, að ríkið hefir nú starfsmann suður á Spáni, sem situr þar til þess að gæta hagsmuna okkar, og ég hygg, að til hans sé venjulega leitað um aðfinnslur á vörunni, þegar þær eru gerðar af neytendum. Af þessum sökum hefir meiri hl. sjútvn. litið svo á, þótt hann viðurkenni, að það þurfi að bæta úr í þessu efni, að fiskifulltrúinn á Spáni sé eins og nú stendur allra manna kunnugastur þeim kröfum, sem neytendurnir gera um breytingar á matinu. Af þessum ástæðum hefir meiri hl. n. flutt á þskj. 476 brtt. við frv., sem heimilar atvmrh. að fela fiskifulltrúanum á Spáni þetta starf.

Ég held, að því verði ekki á móti mælt, að nú sem stendur eigum við engan mann, sem er jafnkunnugur kröfum neytenda eins og fiskifulltrúinn á Spáni. Ég held þess vegna, að með því — a. m. k. fyrst um sinn — að fela þessum manni yfirumsjón með þessu, þá fáist árangur fyrr, því að ég held, að þótt við tökum okkar bezta mann hér heima, sem ég get ekki sagt hver er, og það hefir ekki komið fram undir umr. þessa máls um neinn sérstakan mann, sem hafður sé í huga, að það hljóti alltaf að taka nokkurn tima fyrir hann að kynna sér kröfur neytendanna eins vel og fiskifulltrúinn á Spáni hefir nú gert.

Þess vegna álít ég, að þótt maður geri ráð fyrir, að þessi lög gangi í gildi og matsstjóri verði skipaður, sem færi suður til Spánar til þess að undirbúa sig undir þetta starf, því að það byggist á því, að hann viti, hvað það er, sem fullkomna þarf í matinu, að næsta sumar þegar fiskimatið byrjar á ný verði hann tæplega eins vel undir það búinn eins og fiskifulltrúinn á Spáni er nú þegar. Ég held því, að það sé í alla staði æskilegt, að þessi brtt. okkar, sem snertir þá heimild að fela fiskifulltrúanum þetta starf, sé samþ., því að hún er tvímælalaust til bóta, bæði af því, að þá megum við vænta árangurs fyrr, og einnig af því, að það gæti sparað fé — þó höfum við ekki lagt aðaláherzluna á það —, því að það spöruðust alltaf laun fiskimatsstjóra og að mestu leyti skrifstofukostnaður hans hér heima, sem óhjákvæmilega yrði að vera nokkur. Ferðalög til Spánar og heim aftur eru náttúrlega jafndýr fyrir hann eins og þann mann, sem situr á Spáni. Við leggjum samt ekki aðaláherzluna á fjárhagshlið þessa máls, heldur hitt, að við teljum, að með þessu fyrirkomulagi fáist skjót-

ari og betri árangur og ágöllunum verði kippt fyrr í lag. Annars held ég, að miklu meira hafi verið gert úr þessum aðfinnslum heldur en ástæða er til. Eftir því, sem ég hefi kynnt mér málið, þá hafa aðfinnslurnar að mestu leyti byggzt á því, að óeðlilega mikil undirvigt hefir þótt koma fram á fiski, sem er á vissu verkunarstigi, og það þarf sannarlega ekki að setja sérstakan embættismann til þess að lagfæra þetta.

Þessi vöntun á fullkominni vöruvöndun, undirvigtin, getur orsakazt af tveimur ástæðum. Ástæðan, sem ég vil telja fyrr, er sú, að þessi fiskur er það linþurrkaður, að hann getur gefið frá sér vatn og létzt, og þá einnig á þann hátt, að hann verði fyrir of miklum þunga. Ég hygg, að nokkuð af undirvigtinni sé af þessum orsökum. Það má kannske segja, að þegar fiskurinn er á þessu verkunarstigi, sé erfitt að fyrirbyggja þetta og þá þurfi hann að vera vel vigtaður, nfl. að vigta vissa prósentu fram yfir í hvern pakka. Þetta virðist vera hægt að lagfæra án þess að skipa sérstakan yfirmatsstjóra.

Hin ástæðan, sem ég held, að geti valdið þessari undirvigt, er sú, að vogirnar, sem notaðar eru til að vega fiskinn, hafa ekki verið í lagi, og mun það að nokkru leyti stafa af því, að eftirlitið með þessum áhöldum hefir ekki verið nægilega gott, og að nokkru leyti af því, að vogir, sem notaðar eru til að vega saltfisk, endast mjög illa. Það vita allir. Saltið hefir þau áhrif á þá hluta í voginni, sem mest reynir á, að þeir ryðga, og vogin verður fyrir það furðu fljótt ónákvæm. Úr þessu mætti bæta með því, sem vikið hefir verið að í umr. um þetta mál, að láta hvern matsmann hafa tæki til þess að sannreyna vogirnar í hvert skipti. Þær aðfinnslur, sem byggjast á ófullkomleika í þessu efni, krefjast þess ekki, að skipaður sé sérstakur yfirmaður yfir fiskimatsmönnum.

En það eru aðrar og fleiri aðfinnslur, sem komið hafa fram viðvíkjandi fiskimatinu, sem eru að vissu leyti alvarlegri. Það hefir komið fyrir, að matsmenn hafa metið fisk, sem svo við endurmat skömmu síðar hefir reynzt annarar tegundar heldur en fyrra matið gaf til kynna. Þetta er auðvitað alveg ófært og má ekki koma fyrir. Mér virðist nú, að ástæðan fyrir því, að slíkt kemur fyrir, sé sú, að yfirmatsmaður hafi í þessum tilfellum ekki gætt skyldu sinnar til hins ýtrasta. Ég vil ekki halda, að þetta hafi verið ófullkomleiki, sem komið hafi fyrir aðeins einu sinni hjá undirmatsmönnum. Ég held, að starfi þeirra sé ábótavant vegna þess, að ekki sé nóg eftirlit með þeirra mati. Reyndar getur vel verið, að staðið hafi öðruvísi á í þessu tilfelli, þannig lagað, að með mesta móti hafi verið metinn fiskur á þessum stað í þetta skipti, svo að á undirmatsmennina hafi ekki reynt mikið á undanförnum tímum, áður en þetta kom fyrir. Um þetta veit ég ekki, en mér virðist þetta hugsanleiki. En á öllu slíku verður yfirmatsmaður í hverju umdæmi að hafa stöðugar gætur, og ég held, að það, sem okkur riður mest á í þessu matsmáli, sé að velja góða menn í stöðurnar og að þeir gegni störfum sínum samvizkusamlega. Ég efast ekki um, að margir þeirra muni gera það. En þegar veilur koma fram í matinu, þá finnst mér það vera ábending um það, að yfirfiskimatsmenn séu ekki nógu vel á verði. Ég vil taka þetta fram af því, að ég legg ekki eins mikið og margir aðrir upp úr því atriði, að yfirmatsstjóri verði sú óbrigðula trygging fyrir því, að matsmenn hér heima leysi starf sitt vel af hendi. Ég álít, að ef við höfum vel færa og duglega yfirfiskimatsmenn, einn í hverjum landsfjórðungi, þá sé það eins mikil trygging fyrir góðu fiskimati eins og þó að einn yfirmaður væri settur yfir þá alla.

Þá er hins einnig að gæta, að matið verður á hverjum tíma að byggjast á kröfum neytenda. Þetta viðurkenna allir. Þess vegna geng ég inn á, að málið verði leyst á þennan hátt, en þó með þeim varnagla, að heimilað verði að fela fiskifulltrúanum á Spáni þessa yfirstjórn fiskimatsins. Ég lít svo á, að hann geti manna bezt leyst þann hluta þessa starfs, sem snýr að neytendunum. En við höfum hinsvegar yfirmenn hér heima til þess að sjá um, að settum reglum um matið verði fylgt. Ég get sagt það viðvíkjandi þeim landsfjórðungi, sem ég þekki bezt til, Austfirðingafjórðungi, að þar hefir til skamms tíma verið mjög árvakur yfirfiskimatsmaður, og hann hefir sýnt það, að hann er vel fær um að fullkomna matið í sínu umdæmi og halda því í samræmi. Og það, sem einum yfirfiskimatsstjóra getur tekizt í þessu efni, það getur einnig öðrum slíkum tekizt, ef þess er gætt, að mennirnir ekki staðni í starfinu.

Ég vil eindregið mæla með því, að brtt. okkar meirihlutamanna í sjútvn. við frv. verði samþ. Eins og menn sjá, er þar að ræða aðeins um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fela fiskifulltrúanum á Spáni nokkuð af þessu starfi, og þá heimild ætlast ég til, að ríkisstj. noti til að byrja með. Ef eitthvað kynni svo að koma í ljós, sem stríddi á móti því, að ráðstafanir samkv. mínum núv. skoðunum um þetta gætu fullnægt þörf, þá yrðu samt með brtt. meiri hl. sjútvn. samþ. l. um, að stj. gæti skipað sérstakan mann annan til að gegna þessu starfi, og þá ætti að vera búið að undirbúa hann til starfsins.

Smábreyt. aðrar eru hér gerðar í brtt. meiri hl. n., sem ég býst við, að valdi ekki miklum ágreiningi. Brtt. okkar gerir ráð fyrir, að bætt verði inn í frv. nýrri mgr. um það, að matsstjóri megi ekki reka eða vera hluthafi í neinskonar fiskverzlun, fiskverkun eða útgerð. Ég geri ráð fyrir, að allir gangi inn á, að þar sem um jafnmikið trúnaðarstarf er að ræða og þetta, þá sé það mjög hættulegt fyrir ríkið og þá, sem njóta eiga starfs þessa manns, að hann sé riðinn við slík fyrirtæki, því að það gæti vakið tortryggni gagnvart honum. Og það er því engu síður gott fyrir þann mann, sem skipaður verður í starfið, að þetta sé tekið fram. Að síðustu höfum við gert þá brtt., að launin skuli vera 8 þús. kr. á ári, en í brtt. okkar er ekki ákveðin nein dýrtíðaruppbót. Ég lít svo á, að dýrtíðaruppbótin sé mörgum hneykslunarhella, og ég álít, að fyrir svona starf eigi að ákveða sæmileg laun og láta svo sitja við það. Ég álít, að 8

þús. kr. séu sæmileg laun þegar allur ferðakostnaður og skrifstofukostnaður greiðist úr ríkissjóði.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Ég hefi ekki orðið sammála meiri hl. sjútvn. um þetta mál. Ég tel brtt. meiri hl. n. miða til þess að rýra eða jafnvel gera að engu þann tilgang, sem menn hyggjast að ná með því að skipa sérstakan fiskimatsstjóra. Það mundi sýna sig, að ef farið væri eftir þeirra till., þá mundi líkt fara hér eins og í Noregi, þar sem fiskimatsstjóri var skipaður, sem hafði að vísu gott vit á fiskverkun og mati, en hann var aðstoðarmaður fiskimálastjóra, og hafði því engan tíma til að anna starfinu.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að aðalaðfinnslurnar um okkar fiskimat hefðu verið vegna undirvigtar á fiskinum. Þetta er ekki rétt. Ég býst við, að meiri hl. n. sé það kunnugt, að fiskkaupendur í Barcelona sendu hingað kvörtun í fyrra út af því, hve mikið ósamræmi hefði átt sér stað um matið á fiskinum og að fiskurinn hefði ekki verið eftir þeirra kröfum nema að litlu leyti. Þessar aðfinnslur munu þeir hafa sent ríkisstj. aftur, nú ekki fyrir löngu, og ég býst við, að þeim kvörtunum verði haldið áfram, ef ekki verður að gert. Barcelona-markaðurinn er sá markaður á Spáni, sem við megum sízt án vera. Frá því árið 1911 og þangað til 1924 vorum við einráðir um þennan markað, þar til Færeyingar fóru að flytja þangað fisk. Árið 1925 vorum við búnir að útrýma norskum fiski af þeim markaði, en árið 1904 höfðum við aðeins 10% af fisksölunni þar, en Norðmenn þá 90%. Í Barcelona er borgað hæst verð fyrir saltfisk, en einnig gerðar hæstar kröfur um gæði og góða flokkun fiskjarins. Einmitt á þessum vettvangi á fiskimatsstjóri að vinna okkur gagn. Hann á að samræma matið, svo að það verði svipað, miðað við gæði fiskjarins alstaðar á landinu. En undirvigt á fiskinum hefir sennilega komið fram hæði vegna þess, að vigtir hafi verið ónákvæmar, og líka hins, að fiskurinn hafi verið linþurrkaður. Fiskurinn léttist einnig alltaf meira og minna við flutninginn til markaðslandanna, einkum að sumrinu og fram í september. Það er óhætt að fullyrða, að þar skaðabætur, sem við verðum að greiða vegna þess, að matið á fiskinum er ekki nægilega vel framkvæmt, nemi hundruðum þús. kr. árlega. Mér er kunnugt um þetta, af því að ég hefi keypt fisk til útflutnings um nokkuð langan tíma í umboði fyrir aðra. Það félag, sem ég var lengst umboðsmaður fyrir, komst aldrei hjá því að borga 40 þús. til 100 þús. kr. í slíkar skaðabætur árlega, og þó hafði þetta firma stöðugt umboðsmann á Spáni, sem var mjög vel kunnugur fiskverkun, því að hann hafði verið við fiskverkun lengi. Á Spáni greiðum við aldrei slíkar skaðabætur, nema þegar umboðsmenn okkar þar sjá, að ekki er hægt að komast hjá því.

Sá agnúi er á því að skipa fiskifulltrúann á Spáni sem fiskimatsstjóra, að ef hann á að anna starfi því, sem hann hefir á Spáni, þá getur hann ekki með nokkru móti haft tíma til þess að ferðast með yfirmatsmönnum hér um verstöðvarnar til þess að leiðbeina þeim um framkvæmd matsins.

Nú, þegar farið er að þrengja að okkar útflutningi til þessara markaðslanda, er okkur sérstaklega mikil þörf á því að hafa fiskimatið í sem allra beztu lagi, og framkvæmd endurbóta á fiskimati okkar má alls ekki láta stranda á því, að einum manni verði falin svo mikil störf í því sambandi, að hann geti alls ekki leyst þau viðunanlega af hendi.

Viðvíkjandi því, hvort brtt. meiri hl. n. miðar til sparnaðar, vil ég segja það fyrst, að ég álít alls ekki að svo sé, og hinsvegar, að þó að spara mætti nokkrar þús. kr. árlega með einhverju sérstöku fyrirkomulagi á þessum málum, miðað við eitthvað annað, þá er það svo hverfandi aukaatriði, að frámunalegasta vitleysa væri að leggja nokkuð upp úr því. Aðalatriðið er, að árangur slíkra ráðstafa verði sem beztur. Að sjálfsögðu verður fiskimatsstjóri að hafa þá þekkingu á starfi sínu, að yfirmatsmenn efist ekki um það, að hann fari í öllum tilfellum með rétt mál um matið og gefi réttar leiðbeiningar. Hann þarf einnig að vera það myndugur í sínu starfi, og hafa ríka ábyrgðartilfinningu, svo að yfirmatsmenn jafnt og undirmatsmenn beygi sig undir álit hans og fari eftir till. hans í hvívetna. Aðalstarf fiskimatsstjóra á að vera það, að ferðast um hér á landi til þess að leiðbeina yfirmatsmönnum og undirmatsmönnum, því að það er alls ekki nóg, að hann haldi fund aðeins einu sinni á ári með yfirfiskimatsmönnum.

Það er nú, því miður, svo komið, að okkar fiskur á Barcelonamarkaðinum hefir liðið ákaflega mikinn álitshnekki á síðustu árum. Austfirzkur fiskur hefir þangað til í fyrra verið talinn bezti fiskur, sem til Barcelona hefir komið, og borgaður hærra verði en annar fiskur þar. Færeyingar hafa haft lélega flokkun á sínum fiski, en eru nú óðum að nálgast okkur í því efni, og hafa nú haft talsvert mikið af fiski, hæfilegum fyrir þennan markað, svo að margir kaupendur þar hafa tekið færeyska fiskinn fram yfir íslenzkan fisk, vegna þess, að matið á íslenzka fiskinum hefir verið svo illa samræmt. Því miður hefir okkar fiskimat oft verið svo lélegt, að þeir, sem keypt hafa fiskinn, hafa með fullum rétti heimtað miklar skaðabætur fyrir af seljendum.

Það er nauðsynlegt, að greint sé vel á milli þess, þegar um fiskimat er að ræða, hvaða kröfur eru gerðar til fiskjarins á hverjum markaðsstað. Í því sambandi vil ég benda á það, að því miður hefir mikið af fiski verði flutt til Barcelona, sem alls ekki hefði átt þangað að fara, af því að hann átti ekki heima á þeim markaði, heldur miklu fremur á öðrum markaði, einkum á Norður-Spáni, en þá auðvitað með breyttri verkun, meira þurrkaður.

Í sambandi við verkunina þarf þess vel að gæta, á hvaða tíma fiskurinn er fluttur út, því að eftir því, á hvaða tíma fiskurinn er fluttur út, þarf að haga þurrkstiginu, það þarf að vera mismunandi með tilliti til þessa. Þessa og margs annars í verkuninni hefir, því miður,

ekki verið gætt sem skyldi. Oft hefir fiskur, sem fluttur hefir verið út framan af vori, verið fljótverkaður. Þeim, sem ekki voru nægilega kunnugir fiskverkun, fannst fiskurinn vera nægilega þurrkaður, en þeir gættu þess ekki, að slíkur fiskur slær sig og reynist of lítið þurrkaður, þegar út kemur. En það er skilyrði til þess, að fiskur geti orðið góður, að hann sé ekki of fljótt þurrkaður, heldur að hann sé í verkun 3 vikur til mánuð.

Allir, sem kunnugir eru fiskimatsmálum Íslendinga, hljóta að viðurkenna, að okkar útgerð verði ekki með öðru meiri greiði gerður heldur en með því, að skipaður sé sérstakur fiskimatsstjóri, sem hæfur sé til þess starfs, hafi fullkomna þekkingu á málinu og einnig næga ábyrgðartilfinningu og myndugleika til þess, að hann láti yfirfiskimatsmenn og undirfiskimatsmenn hlýða sér. Með því að flokka okkar fisk eins og hann þarf að vera flokkaður fyrir hvern markaðsstað, er enginn efi á því, að við styðjum að því, að við getum haldið einhverju af þeim mörkuðum, sem við höfum nú, og kannske komizt svo langt, ef vel tekst, að kaupendurnir heimti, að við fáum meira innflutningsleyfi fyrir okkar fisk vegna þess, að við höfum matið ábyggilegt. Þetta er það eina, eins og nú stendur, sem getur hjálpað okkur til þess að fá rýmkað okkar innflutningsleyfi á fiski í öðrum löndum, einkum á Spáni, þar sem mjög hefir verið að okkur kreppt um innflutningsleyfi á fiski.

Það er engu síður nauðsynlegt, að sá maður, sem á að leysa þetta starf af hendi, hafi þekkingu á fiskverkun frá fyrstu hendi heldur en að hann þekki kröfur neytenda til fiskjarins. Hann þarf einnig að þekkja, hvaða breytingum fiskurinn tekur við flutning í annað loftslag.

Fiskifulltrúinn á Spáni hefir kynnzt kröfum neytenda vel. En ég er hræddur um, að hann hafi ekki — a. m. k. hafði hann ekki, þegar ég þekkti til — nægilega þekkingu á verkun fiskjarins frá fyrstu hendi. Má hv. 2. þm. S.-M. vera þetta kunnugt af reynslu Austfirðinga.

Ég vildi óska, að hæstv. Alþ. fari ekki að gera þetta ábyrgðarmikla starf, fiskimatsstjórastarfið, að neinu hjáverkastarfi eða kákstarfi. Ég veit, að slíkt er ekki tilgangur meiri hl. n., en það yrði þó óhjákvæmileg afleiðing af því, ef samþ. væri brtt. þeirra. Í Nd. kom fram brtt., svipuð þessari, en hún náði ekki samþykki d., sem betur fór.

Ég er samþykkur þeirri till., að fiskimatsstjóri megi ekki reka eða vera hluthafi í neinskonar fiskverzlun, fiskverkun eða útgerð. Þetta ákvæði er trygging fyrir því, að fiskimatsstjóri geti ekki notað sína embættislegu aðstöðu til þess að reka sín eigin erindi, og með því sýnt hlutdrægni í starfinu sér í hag.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Það er rétt, sem hv. þm. N.-Ísf. tók fram, að komið hafa fram talsvert miklar kvartanir, bæði á þessu ári og áður, frá Spánverjum sérstaklega, um það, að á fiski, sem héðan hefir verið fluttur til Spánar, hafi komið fram undirvigt, og einnig að hann hafi ekki verið nógu góð vara. Mér er ekki vel kunnugt um það, hve mikið hefir kveðið að þessum kvörtunum undanfarið, og ég get því ekki gert fullnægjandi samanburð á því, hvernig ástandið er nú í þessu efni, miðað við það, sem verið hefir undanfarið. En mér er nær að halda, að öllu meira hafi kveðið að þessum kvörtunum nú á síðasta ári heldur en á nokkrum árum þar á undan. Það er einnig rétt, að frá fiskkaupmönnum á Spáni — að ég ætla frá félagi smásala þar — kom allrækileg kvörtun í fyrrahaust, og þar með ósk um, að sú breyt. yrði gerð, að fenginn yrði sérstakur maður með sérþekkingu á fiski og fiskverkun, og spánskir fiskinnflytjendur skyldu samþ. þennan mann, og hann skyldi svo sitja á Spáni og skera úr öllum deilumálum út af fiskinnflutningi okkar á Spáni. Með þessari ósk þótti mörgum hér býsna langt gengið. Ég held, að það sé álit allra hér, sem við fiskverzlun fást, að alls ekki sé hægt fyrir okkur að sinna þessari kröfu, því að það væri sama sem að leggja niður fiskimatið hér og leggja það undir Spánverja.

Þegar gengið var frá samningum við Spánverja á síðasta vori, mun hafa verið gengið út frá því, að sá ágreiningur, sem risið hafði út af fisksölunni, og þar á meðal þetta um fiskimatið, mundi niður falla, þegar samningarnir væru gerðir, og var því þessu máli ekki hreyft frekar hér heima og ekki svarað því erindi, sem ég drap á áðan frá spánverskum fiskikaupmönnum í fyrrahaust. Nú fyrir skömmu kom kvörtun frá félagi smákaupmanna þar syðra, þar sem ítrekuð var hin sama krafa um, að þeir samþykktu mann, sem ætti að sitja á Spáni og skera úr öllum deilumálum út af fiskinnflutningi okkar þangað. Ég sendi símskeyti til Helga Briems og tjáði honum, að nú lægi frv. fyrir þinginu um fiskimatsstjóra, og að ákvæðum matsl. myndi verða framfylgt og að þeir, sem vanræktu starf sitt, myndu verða settir frá starfi, og hefir það verið gert t. d. á Stokkseyri. Það kom svo símskeyti frá Helga Briem, þar sem hann segir, að þetta muni verða til þess, að Spánverjar sætta sig í bili við það að bíða átekta. Og konsúlatinu hérna hefir verið gefin greinileg skýrsla. Að þessu hvorutveggja athuguðu, að misfellur hafa komið fram á matinu, og þær eru jafnvel meiri nú en undanfarið, og að það hafa komið fram ákveðnar kröfur frá Spánverjum, þá held ég, að sé hyggilegt að setja þessi l. um fiskimatsstjóra. Ég fullyrði ekkert um það, hvort það veldur breytingu, að hafa þetta sérstakt embætti, eða velja hina leiðina, og láta fiskifulltrúann á Spáni gegna þessu starfi jafnframt fulltrúastarfinu þar, en þá verður auðvitað eitthvað að draga úr starfi hans niðri á Spáni. Það er gert ráð fyrir því, að Helgi Briem komi heim einu sinni eða tvisvar á ári og haldi fund með yfirmatsmönnum og ræði við þá um allt, sem gera þarf til þess að fiskurinn sé sem bezt úr garði gerður. Ég get ekki séð, þó að þessi heimild sé í l., að þá megi ekki gera annað af tvennu, að skipa sérstakan mann í þetta embætti, eða láta fiskifulltrúann á Spáni gegna því jafnframt

sínu starfi þar. Ég sé ekki, að það þurfi neitt að óttast, að þessi heimild rýri gildi l. Ég segi fyrir mig, að ég myndi ekki nota heimildina nema að hafa kynnt mér sérstaklega, hvort það myndi horfa annan veg við á Spáni heldur en ef skipaður væri sérstakur maður. Ef það sýndi sig, að Spánverjar yndu því betur, þá er sú upphæð, sem hér er um að ræða, svo smávægileg, að ekki dugir í það að horfa. Ég skal ennfremur uplýsa, að það hittist nú svo vel á, að Helga Briem er von heim um þann 25. þ. m., og um sama leyti mun Sveinn Björnsson sendiherra koma, og tel ég rétt, að ekki verði gengið frá frv. fyrr en þeir eru komnir. Það má vel vera, að þeir geti gefið einhverjar upplýsingar, sem vert sé að taka tillit til áður en frv. er afgr. Það er ekki gott að segja neitt ákveðið um það, hversu auðvelt muni vera að fá mann, sem hefir til að bera þekkingu á þessu sviði. Ég býst við, að það verði torvelt að fá mann, sem segja má um, að hafi fullkomna þekkingu á báðum hliðum málsins, bæði verkun fiskjarins og hverjum breytingum hann tekur við flutninginn til Spánar, þar sem hann kemur í annað loftslag, og þekki jafnframt kröfur neytendanna á Spáni. Ég held, að maðurinn þurfi sérstaklega að vera kunnugur kröfum neytendanna og því, hverjum breytingum fiskurinn tekur við flutninginn til markaðslandanna. Hér heima er sem sé fjöldi manna, sem kann nokkuð til verkunar, án þess að vita um kröfur neytendanna á Spáni. Með þetta fyrir augum gæti verið heppilegra að fela fiskifulltrúanum þetta starf. En eins og ég hefi tekið fram, þá mun ég ekki gera það, nema rannsakað hafi verið sérstaklega, hvort Spánverjar vilja heldur.

**Magnús Guðmundsson:** Ég sé á brtt. meiri hl. n., að hann ætlast til, að þetta starf verði falið fiskifulltrúanum á Spáni. En ég veit ekki, hvort n. hefir leitað sér upplýsinga um það, hvort bankarnir vilja halda áfram að borga honum þann hluta, sem þeir hafa borgað, ef hann verður gerður að fiskimatsstjóra. Það er vitað, að þessi sendimaður er ákaflega dýr. Hann kostar okkur 30 þús. kr. á ári. Af þessari upphæð greiða bankarnir ⅓ hvor. Ef nú bankarnir vilja ekki greiða honum þetta, þegar búið er að gera hann að fiskimatsstjóra, þá er auðsætt stórt tap við að skipa ekki sérstakan mann í það starf. Ég vildi vita, hvort meiri hl. n. hefir athugað þessa hlið málsins.

Ég er sammála hæstv. atvmrh. um það, að nauðsynlegt er að gera einhverjar ráðstafanir viðvíkjandi matinu, svo að Spánverjar geti verið ánægðir. Á meðan Þorsteinn Guðmundsson stjórnaði matinu, var engin óánægja á Spáni. Það var hans verk, að Spánverjar viðurkenndu okkar mat sem fyrirmynd. Á síðustu árum hefir á Spáni myndazt óánægja út af fiskimatinu, og er það vafalaust mikið að kenna yfirmatsmönnunum. Þessar kvartanir eru sjáanlega á rökum byggðar, sumar þeirra, og fara vaxandi. Það er því sjálfsagt að gera allt, sem unnt er, til þess að fyrirbyggja frekari óánægju. Ég tek hér alveg í sama streng og hæstv. atvmrh. Hér er um stórt mál að ræða, ef það sýndi sig, að við værum að spila úr höndum okkar markaði fyrir aðalframleiðsluvöru okkar, en um það skal ég ekkert fullyrða að svo stöddu.

Það þarf ekki að ræða um það, hvaða maður verði fenginn í þetta starf, en ég veit, að mörgum dettur í hug fiskimatsmaðurinn frá Seyðisfirði. Ég held fyrir mitt leyti, að sá maður myndi vera færastur. En ég skal ekki fara út í það frekar. Ég vil benda á það, að þó að sendimaðurinn á Spáni sé kunnugur kröfum neytenda, þá vantar hann annað, sem þarf til þess að vera fiskimatsstjóri. Fiskimatsstj. þarf t. d. að geta gefið leiðbeiningar um meðferð fiskjarins frá byrjun, svo að hægt sé að fyrirbyggja, að skemmdir geti komið fram síðar. Þetta er ómótmælanlegt, enda lítur H. Briem sjálfur svo á, að sitt verkefni sé að gefa leiðbeiningar um kröfur neytendanna. En hann segist ekki geta gefið upplýsingar um það, hvernig eigi að meðhöndla fiskinn frá byrjun, svo að hann verði eins og neytendurnir óska, að hann sé.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Hæstv. atvmrh. sagði, að Spánverjar hefðu farið fram á það, að settur væri expert til að dæma um fisksendingar þangað, sérstaklega þeirra, sem fara til Barcelona. Ég er hræddur um, að Spánverjar myndu líta svo á, að fiskifulltrúinn á Spáni væri sérstaklega skipaður til þess að vera dómari í þessum málum. Þeir myndu þá heimta, að hann væri alltaf niðri á Spáni, og viðstaddur þegar fiskfarmur kæmi, til þess að skera úr, hvort fiskurinn er skaðabótaskyldur eða ekki. Ég held, að aðalstarf fiskimatsstjóra ætti að vera að umbæta fiskverkunina hér heima. En það er víst, að henni hefir stórhrakað undanfarin ár. Ég hygg, að allir fiskútflytjendur geti játað, að meðferð fiskjarins hjá sjómönnunum hafi farið mikið aftur. Það mætti benda á mörg dæmi þessu til sönnunar. — Ég vil benda á eitt í fiskimatinu, sem ég tel skakkt. Það er að fara í lélegan fisk og vinza úr honum það bezta til þess að koma því í dýrari flokk. Það bezta úr lélegum fiski er lakara en nr. 2 úr góðu fiskpartii. Í Barcelona hefir verið kvartað yfir því, að fiskpartiin séu ósamstæð. Ég hefi heyrt, að Norðmenn hafi sagt Barcelonamönnum síðastl. sumar, að allar umkvartanir skyldu bættar að fullu, og ef matið væri ekki rétt, þá skyldi það, sem skakkar, dregið frá söluverði fiskjarins. Með þessu eru þeir að reyna að koma sér inn á bezta markaðinn, og þurfum við sannarlega að gjalda varhuga við þessu. Án þess ég vilji fara út í það, sem gerzt hefir áður, þá hefir það gengið svo til, þangað til fyrir skömmu, að fiskurinn, sem veiddur er við Faxaflóa, hefir ekki verið talinn nógu góður fyrir Barcelonamarkaðinn. Árin 1907—1924 var langmest af því, sem flutt var á þennan markað, frá Vestfjörðum, en síðan tóku Austfirðingar við, en þeir höfðu breytt verkunaraðferðum og pækilsöltuðu, og þótti sú aðferð góð, en nú hefir verið gengið of langt í því að linþurrka fiskinn og jafnframt tekin fiskur til pækilsöltunar og verkunar fyrir Barcelonamarkað, sem í eðli sínu var óhæfur fyrir þann markað. Ég held, að ef fiskifulltrú-

inn á Spáni væri gerður að fiskimatsstjóra, þá myndu Spánverjar skoða hann sem nokkurskonar dómara í þessum efnum og heimta, að hann væri alltaf til staðar, þegar fiskfarmur kæmi til Spánar. Við þetta tapaðist það starf, sem er undirstaðan undir öllu öðru, en það er fiskverkunin hér heima. Það þarf að hækka kröfurnar um matið, einkum á Barcelonafiski, svo að Spánverjar geti vel við unað.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Ég hefi ekki getað sannfærzt af ræðu hv. þm. N.-Ísf., en hann heldur því fram, að ekki sé hægt að sameina starf fiskimatsstjórans og fiskifulltrúans á Spáni. En því er nú ekki slegið föstu, heldur gert ráð fyrir því sem möguleika. Ég veit, að við í fjvn. verðum varir við, að því verður veitt eftirtekt, að stofnað er embætti með 8 þús. kr. launum samtímis sem gerðar eru kröfur til þess að lækka há laun. Það er þó ekki aðalatriði, að þessi launahæð stingur í stúf við önnur störf þingsins á því sviði.

Því er haldið fram af helztu mönnum Fiskifélagsins, sem tala sem fagmenn á þessu sviði, að þetta form sé vafasamt, og verði ekki hægt að hindra það, að þetta verði skoðað sem tveir aðilar, fiskimatsstjórinn og fiskifulltrúinn, og verði þetta því tveir dómstólar, sem rekist á. Og gæti því leitt glundroða af þessu. En úr hópi þeirra, sem fást við fiskimat, er þetta álitið vafasamt. Ég ætla að upplýsa það, sem ég hygg, að geti sannfært suma um það, að rök hv. þm. N.-Ísf. séu ekki góð. Ég ætla þá að skýra frá því, hvernig þessu starfi þarna suður frá hefir verið háttað frá byrjun, og sýna fram á, að það sé lítil ástæða til þess að halda því óbreyttu. Fyrsti sendimaður okkar bjó í Genúa, og var það vel greindur maður með mikla málakunnáttu, en hafði enga sérþekkingu á fiskimálum. Og er óhætt að fullyrða, að fyrsti erindreki okkar suður frá leit á þetta starf sem almennt konsúlsstarf. Þegar hann féll frá, var valinn maður með mikla verzlunarþekkingu og einnig með þekkingu á fiskimálum. Þessi maður var Helgi Guðmundsson núv. bankastjóri. Hann flutti yfir í Barcelona og dvaldi aðallega í þeim bæ, en fór lítið yfir til Ítalíu. Eftir 1½ ár í Barcelona hafði hann lært tungu Spánverja og kynnzt vel ástandinu í Barcelona, tekið sér ferð á hendur um allan Spán og kynnzt mörkuðum, og var hann orðinn ágætlega kunnugur á Spáni um það bil, sem hann fluttist heim. Og ef hann hefði getað ferðazt meira, þá hefði starf hans getað borið mikinn árangur, en það er einmitt það, sem við hv. þm. N.-Ísf. ætlumst til, að sendimaður okkar suður frá sé mikið á ferðalagi. Þegar þessi erindreki vildi flytja heim, var í hans stað skipaður Helgi Briem, duglegur og vel menntaður maður, en með enga sérstaka þekkingu á fiskimálum, og stóð hann að því leyti líkt að vígi og fyrsti erindreki okkar. Helgi Briem var svo nokkrar vikur í Barcelona, lærir málið og tekur sér svo ferð á hendur um Spán og Portúgal og fær þá strax yfirlitsþekkingu í þessum málum. Síðan kom hann aftur til Barcelona, en þá gaf fyrrv. landsstjórn honum skipun um að ferðast ekki nema með leyfi. Hann fór fram á leyfi til þess að fara til Ítalíu, en honum var ekki leyft það. Nú vill svo til, að ég hefi kynnzt því, hvernig Helgi Briem tekur sína aðstöðu. Hann hefir ekki ferðazt um markaðslöndin, en kom einu sinni heim og fór á verstöðvarnar, og hefir hann með þessu fullnægt ákvæðum gildandi l., en þar er ætlazt til, að hann komi einu sinni heim á ári, líkt og er í till. meiri hl. sjútvn. Ég hygg, að það hafi verið dýr ráðstöfun hjá stjórninni að óska ekki eftir því, að þessi liður væri framkvæmdur, að fiskifulltrúinn kæmi heim einu sinni á ári. Mér er persónulega kunnugt um, að það var Kristján Bergsson, sem ýtti undir það, að fiskifulltrúinn kæmi heim þessa einu ferð. Helgi Briem hefir því verið að mestu leyti í Barcelona og farið á hverjum degi í pakkhúsin og kynnzt allri meðferð fiskjarins og kynnzt fiskikaupmönnunum. Ég man ekki, hvort hann hefir einu sinni farið til Bilbao. Ég held, að það sé almennt álitið, að Helga Briem hafi á stuttum tíma tekizt að fá yfirgripsmeiri þekkingu á íslenzkum fiski og þeim fisksölumöguleikum, sem eru í Barcelona, og nú er hann orðinn fær í tungu þjóðarinnar og mjög vel kunnugur þessari verzlun á Spáni. Það væri enn betra, ef hann mætti ferðast meira um á Spáni og Ítalíu.

Ég vil nú taka það fram, að fiskifulltrúinn á Spáni hefir skrifað ýmsar leiðbeiningar í tímaritið „Ægi“ um það, hvernig Spánverjar líta á fiskinn. Víða á landinu hafa smáútgerðarmenn fylgt þessum skýrslum með mikilli athygli og þótt vera mikið gagn að þeim leiðbeiningum, sem þeir hafa fengið þar. Ennfremur hefir þessi fulltrúi, ásamt Kristjáni Bergssyni forseta Fiskifél. Íslands og öðrum áhugasömum fiskileiðtogum, átt þátt í því að koma á eigendamerkingu á allan fisk. Helgi Briem álítur, að það eigi að láta hvern mann bera ábyrgð á sínum fiski. Það sé bezta aðferðin, sem hægt sé að nota til þess að tryggja markaðinn, því að það er rétt, sem hv. 1. Skagf. benti á, að það hefir borið á því, að fiskurinn hafi verið skemmdur, þegar hann kemur þangað suður. Þess vegna má fullyrða, án þess að ég sé að slá neinu föstu í þessu efni, að heppilegt væri, að ríkisstj. í sameiningu við matsstjóra stuðlaði að því, að fiskifulltrúastarfið í Suðurlöndum yrði ekki haft mjög bundið. Ég er viss um, að Helgi Briem er mjög vel fallinn til þessa starfs. Hann þekkir vel til í Suðurlöndum, skilur málið og getur jafnframt komið fram gagnvart fiskiframleiðendum hér heima. Ég vil ennfremur benda á það, sem við höfum dálítið talað um í skipulagsnefndinni, en ekki gert ákvarðanir um, sem bendir í sömu átt. Við finnum þar, eins og aðrir hv. þm., að þar sem takmarkanir hafa verið settar á Spáni, þýðir ekki annað en að reyna að afla nýrra markaða í Mið-Evrópu fyrir hraðfrystan fisk. Í raun og veru er vel hægt að sameina það, að sá maður, sem er fiskifulltrúi landsins erlendis, sé látinn ferðast um Ítalíu, Spán og Portúgal, til þess að halda við samböndunum, í stað þess að vera búsettur í einni borg. Ef til vill gæti hann líka brotið ísinn og verið yfirumsjónarmaður við

þær tilraunir, sem verið er að gera í Mið-Evrópu með frysta fiskinn okkar. Það getur vel verið, að mönnum finnist þetta meira en svo, að einn maður geti afkastað því, og ég játa, að síðari till. er ekki til umr.

Ég ímynda mér nú, að hv. þm. N.-Ísf. líti a. m. k. svo á, að kraftar fiskifulltrúanna okkar á Spáni séu misnotaðir, ef þeir eru alltaf búsettir í sömu borg og gefst ekki kostur á að ferðast nægilega um. Þeir komast ekki í kynni við nógu marga með því móti, og þeir geta því ekki fullnægt nægilega þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar. Þessum mönnum er ekki um að kenna, þótt ekki sé allt eins og það ætti að vera, vegna þess að þeirra starfstilhögun hefir verið svipuð ræðismannsins, sem er búsettur í sérstakri borg.

Ég vona, að það hafi komið nægilega í ljós í orðum mínum, að Helgi Guðmundsson og Helgi Briem hafa starfað of mikið í Barcelona, en *of lítið í öðrum stórborgum*, þar sem þeir þurfa að starfa.

Ef stj. sú, sem nú situr, eða aðrar stj. seinna komast að þeirri niðurstöðu, að fiskierindrekinn geti einnig hér heima leiðbeint fiskimatsmönnum og útgerðarmönnum, þá ætti að breyta þessu frá því, sem nú er, ef það er rétt, sem ég hygg, að það sé skakkt fyrirkomulag, að þessir 2 menn séu aðallega í einni borg á Spáni. Það gæti farið svo, að þessi maður, sem nú er á Spáni, gæti gert meira gagn þar, enda þótt hann væri hér heima 2 mán. ársins. Yfirleitt er það svo á sumrin, þegar viðskiptalífið er í minnstum blóma, að þá væri ekki sízt þörf á því að vera hér heima. Auk þess væri líka sparnaður að þessu, ef ekki þyrfti að borga kaup fyrir þetta matsstjórastarf.

Ég vil biðja hv. þm. N.-Ísf. að athuga það, að nú er ætlazt til þess, að Spánarfulltrúinn sé hér heima einu sinni á *ári til* þess að tala við útgerðarmenn og fiskimatsmenn, en ef sérstakur maður er hafður hér heima, er gert ráð fyrir, að hann yrði líka að vera á ferðalagi um Spán og Ítalíu. — Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég vildi aðeins gefa þessar upplýsingar, og læt svo þar við sitja.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ég hafi sannfært hv. þm. N.-Ísf., en ég vona samt, að hann játi, að miðað við notkun fiskifulltrúans á Spáni undanfarið, þá sé engu spillt, þótt hann sé dálitinn tíma hér á landi, til þess að standa í sambandi við útgerðarmenn og matsmenn. Eftir að Helgi Guðmundsson var búinn að vera á Spáni, komst hann að þeirri niðurstöðu, að þannig væri heppilegast að starfa á þessu sviði. Hann vildi vera búsettur á Íslandi, til þess að leiðbeina útvegsmönnum hér heima, en fara síðan ferðir til Suðurlanda sem fulltrúi landsins.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Ed., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 275, n. 476 og 488).

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason)** [óyfirl.]: Ég átti ósvarað nokkrum atriðum, þegar umr. var frestað og málið var tekið út af dagskrá. Það er svo langt síðan, að ég mun ekki hirða um að fara mjög langt út í þetta. Ég vil geta þess, að komið hafa fram nokkur atriði í andmælum bæði hv. þm. N.-Ísf. og hv. 1. þm. Skagf. í tilefni af brtt. meiri hl. n., sem ég vil víkja lítið eitt að.

Ég vil minna á það fyrst og fremst, að ég tel það ýkjur hjá þessum hv. þm., að halda því fram, að matinu hafi stórhrakað. Ég held, að það megi að ýmsu leyti til sanns vegar færa, að fiskurinn hafi reynzt lakari upp á síðkastið heldur en áður fyrr. Þetta stafar af því, ekki sízt, að síðustu árin hefir sumu af fiskinum, sem áður var *eftirspurn eftir á Barcelonamarkaðinum*, sérstaklega Ausfjarðafiskinum, af einhverjum ástæðum verið haldið til baka, þannig að þegar fiskurinn loks var kominn á markaðinn, var hann orðinn eldri en áður hefir átt sér stað um íslenzkan fisk, sem sendur hefir verið til Suðurlanda. Þessu til sönnunar vil ég taka það fram, að nú mun vera fullur helmingur af öllum ársaflanum á Austurlandi, og þegar þess er gætt, að þessi helmingur, sem eftir er, er einmitt samskonar fiskur og undanfarið hefir selzt á Barcelonamarkaðinum, þ. e. léttverkaður fiskur, og þótt svo kunni að reynast, að þessi fiskur þyki ekki eins góður á markaðinum og samskonar fiskur hefir þótt undanfarið, þá þarf það ekki að vera af þeim ástæðum, að matinu hafi hrakað. Ég vildi benda á þetta, til þess að sýna fram á að ýmislegt getur komið til greina í þessu efni, þegar ráðstafanir á fisksölunni eru ordnar þannig, að fiskurinn þarf að bíða miklu lengur en áður, því að þá er alltaf hætt við, að hann reynist ekki eins vel. Þetta vildi ég taka fram sérstaklega, vegna þess að ég hefi heyrt, bæði á þingi og utan þings, að matshrakið gildi ekki sízt um Austfirði.

Ég fyrir mitt leyti lít þannig á þessa matsstjóra, að í raun og veru byggi menn ekki mikla von á því, að þeim takist að framkvæma miklar umbætur á matinu, heldur að þeir gætu haft betri heildaryfirsýn yfir matið, sérstaklega með tilliti til þeirra krafna, sem Spánverjar hafa gert til fyrirkomulagsins á þessu sviði. Ég mun nú ekki fjölyrða öllu frekar um þetta. Það eru vitanlega allir sammála um, að rétt sé og heppilegt í alla staði, að gerð sé umbót í þessu efni, enda þótt hún sé meira í orði en á borði tilraun til umbóta á fiskimatinu.

Ég skal geta þess, að eftir að meiri hl. sjútvn. gat náð tali af erindreka Íslendinga á Spáni, hefir meiri hl. komið sér saman um að taka aftur a-lið 1. brtt. Þetta stafar af því, að erindrekinn telur, að sitt starf suður frá sé svo margþætt og víðtækt, að það skilji engan tíma eftir handa honum til þess að sinna þeim matsstjórastörfum heima á Íslandi, sem frv. gerir ráð fyrir. Að þessu athuguðu hefir meiri hl. n. tekið þá ákvörðun, að a-liðurinn yrði tekinn til baka. Aftur á móti heldur hann fast við hinar brtt., og telur hann, að þær séu tvímælalaust til mikilla hagsbóta í þessu efni og óskar þess vegna, að hv. deild verði við þeim. Ég geri hinsvegar ráð fyrir, að a-liðurinn verði aðallega

þyrnir í augum sumra þeirra manna, sem talað hafa við fyrri hl. þessara umr.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Ég get látið falla niður talsvert af því, sem ég hafði upphaflega ætlað mér að taka fram í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir, þar sem hv. meiri hl. n. hefir orðið ásáttur um, að taka aftur a-lið brtt. sinnar á þskj. 476, því að öll deilan við fyrri umr. málsins snerist einmitt um það, hvort heppilegt væri að láta fiskifulltrúann á Spáni annast þetta matsstjórastarf eða ekki. Fyrst hv. meiri hl. hefir fallizt á, að ekki væri hagkvæmt að fela fiskifulltrúanum þetta starf, get ég hlaupið yfir að minnast á ýmislegt til rökstuðnings andstöðu minni gegn brtt. hv. meiri hl. sjútvn.

Út af því, sem hv. 2. þm. S.-M. talaði um þessu máli viðvíkjandi, þarf ég ekki að fjölyrða. Niðurstaða sú, sem hann komst síðast að, studdi þann málstað minn, að ótækt væri með öllu, að fiskifulltrúanum á Spáni yrði falið starf það, sem hér um ræðir. Hann talaði m. a. um merkingar á fiski. Fiskmerkingar, sérstaklega eigendamerkingar, voru framkvæmdar áður en erindrekinn benti á þær. Fisksölusamlagið tók upp þá reglu að láta hvern mann merkja sinn fisk, til þess að hægt væri að fylgjast með gæðum fisks hvers seljanda, eins og nauðsynlegt er, svo framarlega sem gengið er inn á þá braut, að hver fiskseljandi sé látinn bera ábyrgð á sínum fiski, eftir því sem því verður við komið. En það er ekki alltaf hægt. Það er fullkomlega sannanlegt í fjölmörgum tilfellum, að enda þótt fiskur sumra framleiðenda sé verri vara, þótt metinn sé, en vera ætti samningum samkvæmt, þá getur það samt komið fyrir, að hann skemmist á leiðinni landa á milli, og þá er fiskframleiðendum ekki um að kenna.

Annars er það vitanlegt, að starf fiskimatsstjórans hlýtur að mestu leyti að vera framkvæmt innanlands, ef á annað borð á að nást nægilegur árangur af því, sem vonandi er að takist með þessari nýju skipun þessa máls. Þetta starf verður falið í strangara eftirliti með matinu, ekki sízt í því að láta það ekki koma til mála, að sendur verði lélegur fiskur héðan á okkar beztu markaði, jafnvel þótt hann sé verkaður fyrir þann markað, því að ekki er hægt að velja svo úr lélegum fiski, að sæmilegur sé, til Barcelona t. d. Hitt er vandi, eins og hv. frsm. réttilega tók fram, að ráða fram úr því vandamáli, að ef fiskur, sem verkaður er fyrir vissan markað, einkanlega framan af sumri, gengur ekki út á markaðinum, því að markaðurinn annaðhvort getur ekki eða vill ekki taka við fiskinum, þá er við því búið, að léttverkaði fiskurinn breytist svo mikið, að hann verði óhæfur til útflutnings, þegar kemur fram á vetur.

Nú er svo komið, að mikið af Barcelonafiski er eftir bæði á Aust- og Vestfjörðum, en meðan Barcelona vildi kaupa, sem var sérstaklega í maí og júní, þá var enginn fiskur til um þetta leyti árs á Austfjörðum og lítill á Vestfjörðum. Stafaði það af hinu óvenjumikla votviðri.

Þetta stafar af því m. a., að aðrar þjóðir, sem hafa ótakmarkað innflutningsleyfi til Spánar, svo sem Færeyingar, senda mikið af sínum fiski þangað, og sá fiskur líkar yfirleitt vel. Það hefir lítið verið selt héðan á þennan markað frá því í júní í vor. Af þessu stafar það m. a., að nú um mánaðamótin september og október var minna flutt út frá Austfjörðum tiltölulega heldur en frá Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðungi, en nú hygg ég, að svo sé komið, að þeir séu a. m. k. búnir að ná Vestfjörðum. **(IngP:** Að magni). Það hafa ekki fengizt fluttir út nema 4000 pakkar af fiski til Spánar frá Fisksölusamlagi Vestfirðinga á þessu ári, og 1500 til Bilbao.

Enn hefir ekkert verið hægt að selja á N.-Spánarmarkaðinum, og það stafar m. a. af því, að við höfum takmarkað innflutningsleyfi, svo að nú liggur það mikið af fyrra árs fiski, að vitanlega er ómögulegt að komast hjá því, að hann sitji fyrir framan af árinu, til byrjunar maímánaðar. Fyrst nú er von á því, að innflutningsleyfi fáist í janúar, sem beðið er eftir, til þess að fiskurinn komist á markaðinn í janúar. Því miður hafa kaupendur á Spáni ekki enn fengið þessi innflutningsleyfi, sem þeim voru lofuð fyrir hálfum mánuði síðan. Vonandi rætist samt bráðlega úr þessum örðugleikum, enda þó engu sé reyndar að treysta um þessi viðskipti, eins og nú horfir við um heimsviðskiptin.

Brtt. b. á þskj. 476 er miklu fyllri en síðasta málsgr. frv., eins og það er nú, og ég fyrir mitt leyti get mælt með því, að hún verði samþ.

Um brtt. undir tölul. 2 frá hv. meiri hl. n. er það að segja, að hún er einungis orðabreyt. og á einkanlega við a-lið 1. brtt. á sama þskj.

Ég geri ráð fyrir, að hv. meiri hl. taki hana aftur, því að hún stendur í sambandi við þá brtt., sem búið er að taka aftur.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Ég ætla aðeins að mæla fáein orð. Það er rétt hjá hv. þm. N.-Ísf., að 2. brtt. okkar meiri hl. sjútvn. er sniðin eftir a-lið 1. brtt., en hún er samt sem áður efnisbreyt., sem getur vel staðið sjálfstæð. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við hana, og óska ég þess, að hæstv. forseti beri hana undir atkv. Þá getur hin brtt. staðizt. Brtt., sem ég vil gera við 2. brtt. á þskj. 476 hljóðar svo:

„Matsstjóri skal hafa 8000 kr. í árslaun. Launin greiðist úr ríkissjóði."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 674) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 476,1.a tekin aftur.

— 476,1.b samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 674 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 476,2, svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 675, 683).

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Sjútvn. hefir borið fram brtt. við þetta frv. á þskj. 683, í tveimur stafliðum. Þessar brtt. eru aðeins til lagfæringar á breyt., sem áður hafa verið gerðar á frv., og er fyrri liðurinn þess efnis, að í 1. gr., þar sem komizt er svo að orði, að matsstjóri eigi að setja yfirfiskimatsmönnum reglur um fiskimatið, þótti betur við eiga að hafa orðalagið þannig, að hann veiti þeim leiðbeiningar um starf þeirra, því í frv. er ákveðið, að atvmrh. setji reglur um matið með reglugerð. Síðari liður brtt. er um það, að ákvæði gildandi laga um skyldur og viðurlög yfirmatsmanna nái einnig til matsstjóra. Báðar þessar brtt. eru bornar fram í samráði við skrifstofustjóra Alþ.

ATKVGR.
Brtt. 683,a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 683,b samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 54. fundi í Nd., 8. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 704).
Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 754).

---

## 54. Sameining pósts og síma.

Á 12. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála** (þmfrv., A. 93).

Á 14., 15., 16., 17. og 18. fundi í Nd., 19., 20., 22., 23. og 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Nd., 25. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Eins og grg. frv. ber með sér, er það flutt af samgmn. eftir beiðni atvmrh., og er komið frá skipulagsn. atvinnuveganna. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að bera fram brtt. við 2. umr. Í grg., sem fylgir með frv. frá skipulagsn., eru tekin tvö dæmi til þess að sýna, hvernig framkvæmd l. frá 1929 um sameining pósts og síma hefir orðið. Þau eru frá Ísafirði og Seyðisfirði. Á Ísafirði lækkar kostnaðurinn við rekstur þessara stofnana úr 9193,24 kr. niður í 5583,08 kr., og á Seyðisfirði úr 9375 kr. niður í 6169,97 kr. Þannig sparast árlega á þessum tveimur stöðum næstum 7000 kr. við sameininguna. Með frv. fylgja einnig bréf frá landssímastjóra og póstmálastjóra, og er bréf landssímastjóra nýtt, en hitt gamalt. En nú hefir n. borizt bréf frá póstmálastjóra, dagsett fyrir nokkrum dögum, og kemur þar fram, að póstmálastjóri er enn sömu skoðunar og í bréfinu, sem frv. fylgir. Bæði hann og landssímastjóri nefna það, að erfitt sé með sameiningu í Reykjavík, þar sem stofnanirnar séu nú sín í hvoru húsi. — Ég ætla svo að endingu að benda á nokkur atriði, sem póstmálastjóri færir til sem meðmæli með því, að sameiningunni sé haldið áfram. Í fyrsta lagi sparast forstjóralaun annarar stofnunarinnar. Í öðru lagi sparast mannahald mikið, þar sem saman gæti farið bréfberastarf og símasendisveina. Í þriðja lagi húsnæðissparnaður, og í fjórða lagi mætti spara ekki svo lítið á eftirlitsferðum og fleira slíku, þar sem nú er svo ástatt, að báðar stofnanirnar senda menn á sömu staðina.

Ég tel ekki þörf á því að nefna fleiri dæmi eða fara fleiri orðum um frv., en vil mælast til, að því verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

**Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Um þetta frv. gildir það sama og um bílafrv., að samgmn. hefir gert stj. þann greiða að koma því inn í þingið. Þó hafa einstakir nm. ekki bundið sig við það að fylgja frv. — Það er ósk n., að enda þótt frv. verði ekki vísað aftur formlega til hennar, þá fái hún þó að hafa það áfram til meðferðar, og að það verði ekki tekið fyrir fyrr en n. gerir aðvart um, að hún sé tilbúin. Mitt sjónarmið er það, að enn minni þörf sé á þessu frv. en bílafrv. Það er vitað, að í 3. gr. l. frá 1929 er veitt heimild til þess að undirbúa sameiningu síma og pósts, þar sem slíkt sé hægt. Ég álít, að þetta sé alveg fullgild heimild, enda hefir hún verið skilin svo, og sameining þessara stofnana látin fara fram á ýmsum stöðum, þar sem hentugt þótti að gera þær ráðstafanir. En það er alveg ósannað mál, að sameining verði yfirleitt til sparnaðar. Á nokkrum stöðum yrði að reisa ný hús til þess að sameining gæti farið fram. Það er kannske símaafgreiðsla á stað, þar sem ekkert húsrúm er fyrir póstafgreiðslu, og öfugt. Ef ætti að sameina þessar stofnanir alstaðar, án tillits til aðstæðna, yrði þar af allverulegur kostnaður fyrir ríkissjóð. Annars býst ég við, að n. taki þetta atriði til athugunar og slái þarna varnagla, ef þörf þykir. Aðalatriði frv. liggur í sameiningu yfirstjórnar póst- og símamála hér í Rvík. En eins og póstmálastjóri hefir bent á í bréfi sínu, mundi það hvorki kosta meira eða minna en að byggja nýtt pósthús. Það er vafalaust hægt að nota pósthúsið í nokkur ár enn, og þá væntanlega líka póstmálastjórann. Auðvitað er ekki meiri nauðsyn á þessari sameiningu nú en undanfarin ár, en í frv. þessu kemur fram löngun stj. til þess að brölta sem mest og breyta því, sem hægt er. Að vísu ætti slíkt ekki að vera hlutverk neinnar landsstj., né heldur þm. En hin svokallaða skipulagsn. hefir víst samkv. stefnu sinni ekki séð sér annað fært en að róta þessu máli inn á þingið eins og öðrum, sem hún hefir verið að unga út. Því þótt henni væri það starf

alls ekki skylt, þá hefir n. talið hentugt að koma með þetta mál nú, þó að það sé í raun-inni gamalt mál hér á Alþingi. Ég tek það fram við umr. um þetta mál, eins og málið, sem síð-ast kom frá henni (bílafrv.), að ég tel það ekki heyra undir þessa n. samkv. erindisbréfi henn-ar, að róta inn í þingið gömlum frv. og óránn-sökuðum málum. Hitt var henni fyrirlagt, að rannsaka og undirbúa rækilega ný mál.

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég mundi ekki hafa séð ástæðu til að taka til máls við þessa umr., ef ekki hefði komið í ljós nokkur mis-skilningur hjá hv. samnm. mínum, þm. V.-Sk. Við munum að vísu fá tækifæri til að ræða það í n., en ég vildi þó leiðrétta þetta hér í d. Hv. þm. hélt því fram, að það mundi hafa stór-felldan aukakostnað í för með sér að sameina póst og síma, einkum úti um land, því þar yrði víða ekki komizt hjá að byggja, þar sem af-greiðslan væri nú í húsum starfsmannanna eða öðrum einkaeignum. Vitanlega má alveg eins leigja húsrúm áfram, þó sameiningin kæmist á, ef það þætti hentugra en byggja. Hitt, sem hv. þm. sagði í sambandi við sameininguna, að óhjákvæmilegt mundi verða að byggja nýtt pósthús hér í Rvík, nær vitanlega engri átt. Slíkt kemur ekki til mála. Mér virðist, að menn blandi allt of mikið saman aðstöðunni hér í Rvík og starfseminni úti um landið. Þó þetta væri sameinað úti um landið, er ekkert þar með sagt um, hvernig því yrði hagað hér í Rvík. — Hefi ég svo ekki meira að segja í þetta sinn, en vonast eftir, að n. fái tækifæri til að fjalla um málið áður en það verður tek-ið til umr. aftur. Ég sé annars ekki, hvaða á-stæðu hv. þm. V.-Sk. hefir haft til að standa upp, aðra en þá að narta í hv. 2. þm. Reykv.

**Héðinn Valdimarsson**: Það er einkennileg löngun hjá hv. þm. V.-Sk. til að segja ósatt. Það kemur varla fyrir, að hann standi upp til annars en rangfæra sannleikann. Ég vil aðeins segja það, að ef hv. þm. er vanur að byggja dóma sína á þeim grundvelli, þá undrar mig ekki, þó þeir standist illa. Hann hefir t. d. borið fram hér í þessari hv. d. aðra eins fjar-stæðu og það, að ég hafi sagt, að skipulags-nefnd ætti fyrst að koma fram með málin og róta þeim inn í þingið, og svo ætti að rannsaka þau á eftir. Það mál, sem hér liggur fyrir, heyrir alveg tvímælalaust undir skipulagsn., og ég vil segja hv. þm., að það er alls ekki hans að segja til um, hvaða mál heyri undir n. og hver ekki, heldur ríkisstj., sem hefir skipað hana og síðan hefir séð um, að frv. yrði flutt á þingi. Málið hefir verið rækilega undirbúið af n., og væri vel, ef þau smámál, sem hv. þm. V.-Sk. flytur, byggðu á annari eins undirstöðu.

**Gísli Sveinsson**: Herra forseti! Ég hefi ekki miklu við að bæta það, sem ég hefi hér áður sagt. Aðalatriðið fyrir mér var að fá málið aftur til athugunar í nefnd. Það er vitanlega misskilningur hjá hv. þm. N.-Þ., að ekki þurfi að byggja jafnvel víða úti um land, ef sameiningin ætti að fara fram. Eins og nú er, hafa margir starfsmenn pósts eða síma afgreiðsluna í eigin húsum. En þar mun mjög óvíða vera húsrúm til að sameina hvorttveggja. Það er því óhjákvæmilegt, að víða þurfi, vegna aðstöð-unnar, ný hús, og jafnvel nýja menn. Ég þarf ekki fleiru við þetta að bæta til að sýna fram á, að málið er órannsakað frá skipulagsn., og mun sýna sig eftir á, er það fær sinn dóm eins og önnur störf. Enda stóð hv. þm. N.-Þ. ekki upp til annars en staðfesta ókunnugleika sinn á þessum málum. Póstmálastjóri getur þess í bréfi til n., að eigi sameining að fara fram, muni þurfa nýja byggingu hér í Rvík, og telur, að með því að byggja nýtt pósthús við lands-símastöðina, yrði haganlegast bætt úr því. Hv. þm. hefir ekki tekið vel eftir, hvað stóð í þessu bréfi, og átti þó að heita, að hann læsi það upp fyrir n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 39., 40., 41. og 42. fundi í Nd., 17., 19., 20. og 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 93, 423).

**Frsm. (Gísli Sveinsson)**: Herra forseti! Ég þarf ekki fyrir hönd samgmn. að hafa langa framsögu fyrir þeim brtt., sem öll n. flytur á þskj. 423. Þær hníga að því að gera ákvæði frv. gleggri og aðgengilegri, — áfram er haldið þeim höfuðtilgangi frv., að sameina póst- og símamál, en þó ekki ætlazt til, að þessi sam-eining fari eins ört fram og í öndverðu var ráð gert fyrir. Við samningu brtt. hefir verið stuðzt við álit landssímastjóra og póstmála-stjóra, og að nokkru leyti við till. frá starfs-mannafélagi póstmanna, þó að n. hafi ekki séð sér fært að taka upp nema lítið eitt af till. þessa síðastnefnda aðila. — Tilætlunin með 1. og 5. brtt. er sú, að ekki verði farið of fljót-færnislega að þessari sameiningu. Í 1. gr. frv. er rætt um sameiningu yfirstjórna þessara mála, og er þar tekið fram, að yfirstjórnandi póst- og símamála skuli vera einn og sami maður, en ekki nánar tiltekið, hvað fljótt þessi sameining skuli fara fram. N. vill þarna slá þann varnagla, að þessi sameining skuli þá fyrst fara fram, að sýnilegt sé, að fjárhagslegur hagnaður verði af henni, eða að sameiningin verði af öðrum ástæðum talin sérstaklega nauðsynleg, og verður þetta að byggjast á áliti þess ráðh., sem slík mál heyra undir. En rétt þótti að leggja áherzlu á það atriði, að sameiningin leiddi ekki af sér aukin útgjöld, heldur yrði fyrirkomulagið kostnaðarminna með því móti. — Brtt. við 5. gr. fer fram á líkt hvað snertir sameininguna úti um land, að því viðbættu, að það skal vera á valdi póst- og símamálastjóra, hvenær samein-ing fer fram. Nokkur uggur hefir verið í mönn-um út af því, að rokið yrði til að sameina þessar stofnanir, líka þar, sem að því væri ó-hagur einn og kostnaðarauki. En fastlega má gera ráð fyrir því, að póst- og símamálastjóri

sé svo kunnugur staðháttunum á hverjum stað, að þessi brtt. tryggi þetta atriði nægilega. Ég skal út af þessum brtt. og þeirri stefnu, sem þar kemur fram, lesa upp nokkur orð úr bréfi landssímastjóra til samgmn. (23. okt.). Þar segir svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Þá vil ég leyfa mér að taka það fram, að ef sameinað verður, þá geng ég út frá því sem sjálfsögðu, að sameiningin úti um land verði að öllum jafnaði framkvæmd um leið og önnurhvor eða báðar stöðurnar losna ...., en ekki að lögin verði framkvæmd með hörku, uppsögn eða stöðumissi, þar sem þess er engin bein þörf".

Sem hv. þm. sjá og heyra, er landssímastjóri sömu skoðunar og n. um þetta atriði. Framkvæmd sameiningarinnar á einstökum stöðum er lögð á vald yfirstjórnenda stofnananna, en sameining yfirstjórnanna er lögð á vald viðkomandi ráðh. — Hinar brtt. eru aðallega eftir till. landssímastjóra, t. d. brtt. við 2. gr., sem gerir ráð fyrir því, að laun þessara starfsmanna séu ákveðin í launal. Þá þykir sjálfsagt að ganga út frá, að núv. póstmálastjóri og landssímastjóri skuli einskis í missa vegna þessara ráðstafana, og er það í samræmi við þær reglur, sem venjulega er farið eftir með slík mál. Það hefir komið fram, síðan þessar brtt. voru samdar, að réttara myndi að breyta enn orðalagi einstakra gr., til betra samræmis við efni brtt. En n. taldi ekki ástæðu til þess fyrr en þá við 3. umr. — Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. verði sammála um þessar brtt., þar sem og fullt samkomulag hefir orðið um þær í n.

ATKVGR.

Brtt. 423,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 423,2 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 423,3 (ný 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 423,4 (ný 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 423,5 (ný 5. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 423,6 (ný 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 423,7 (ný 9. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 423,8 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 423,9 samþ. með 23 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 563, 564, 570, 580).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 580.

— Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Gísli Sveinsson)**: Herra forseti! Nokkrar brtt., sem samgmn. flytur, eru á þskj. 570. Fyrsta brtt. a. er við 2. gr., um að orðin í 3. málsl. gr.: „nema öðruvísi verði ákveðið í launalögum", falli burt. Þótti landssímastjóra rétt að fella þetta úr gr., fyrst og fremst til fyllra samræmis á orðalagi gr., og hafði n. ekkert við það að athuga, og í öðru lagi þótti þetta rægilega ákveðið með því, sem felst í upphafi 2. gr., enda eru laun yfirmanna slíkra stofnana yfirleitt ákveðin í launalögum, þótt undantekningar séu gerðar, eins og hér, um aðstöðu þeirra, sem fara frá. Aðrar brtt. n. eru nær allar orðabreyt., og miða þær einungis að betra samræmi á milli hinna einstöku atriða frv. og nákvæmari orðun. Hefir n. sem sagt farið þar að mestu leyti eftir till. landssímastjóra. Sama er að segja um brtt. á þskj. 580, við 3. gr. Hún er sama sem flutt af hálfu n. eftir bendingu frá landssímastjóra. Greinin fjallar um ráðningu yfirmanna við póst og síma, sem ráðh. skipar að fengnum till. póst- og símamálastjóra, og samkv. brtt. er loftskeytastöðvarstjóra í Rvík bætt við í tölu þeirra, svo sem eðlilegt má þykja. Loks er brtt. frá hv. þm. Vestm. á þskj. 564. Um hana hefi ég ekki annað að segja en það, að n. lætur hana hlutlausa. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vænti góðrar afgreiðslu á frv.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Það eru aðeins fá orð um brtt. mína á þskj. 564, við 5. gr. frv., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Á þeim stöðum utan Reykjavíkur, þar sem er bæði póstafgreiðsla og landssímastöð, skal sami maður gegna hvorutveggja starfinu, þegar það að áliti póst- og símamálastjóra telst haganlegt." Hér leyfi ég mér að leggja til, að við verði bætt: að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar. — Greinin lætur ákvörðunarvaldið í þessu efni vera algerlega í höndum póst- og símamálastjóra. En mér virðist, að það geti oft komið fyrir, að þó það verði að álítast haganlegt frá sjónarmiði póst- og símamálastjóra, t. d. af sparnaðarástæðum fyrir ríkissjóð, að sameinuð verði afgreiðsla pósts og síma í einhverjum hreppi eða kaupstað úti á landi, þá sé líka önnur hlið á því máli, sem snýr að íbúum þess staðar og sjálfsagt sé að líta á eða taka til greina. Það virðist a. m. k. sanngirnismál, að álit eða umsögn frá íbúum þess staðar, þar sem breytingin á að fara fram, liggi fyrir áður en póst- og símamálastjóri tekur um það fullnaðarákvörðun; m. ö. o., að þeir verði heyrðir áður en þessi skipun fer fram. Þessi litla brtt. miðar að því, að bæjar- og sveitarstjórnir fái að segja sitt álit áður en afgreiðsla pósts og síma er sameinuð í sveitum og kaupstöðum utan Rvíkur, ef hún hefir verið fyrirhuguð af póst- og símamálastjóra, eins og frv. gerir ráð fyrir. Það virðist óþarft að rökstyðja þetta frekar. Það er svo sjálfsagt sanngirnismál, að íbúar þeirra sveita eða kaupstaða, sem þarna eiga hlut að máli, fái að láta í ljós álit sitt. Þar geta svo mörg atriði komið til greina, er ýmist mundu mæla með eða móti sameiningunni. Bæði staðarlegar ástæður, er hníga að því, hvar póstafgreiðsla og símastöð eru settar í kauptúnum og sveitum, og persónulegar ástæður, sem eiga að gefa það til kynna, hvernig almenningi á staðnum fellur við þá, sem afgreiðsluna annast, og hvernig hún fer fram. Mér finnst sanngjarnt, að þessir aðilar fái að láta í ljós álit sitt um það, hvort sameining þessara starfa er haganleg eða ekki, áður en hún er gerð. Hitt leiðir svo vitanlega af sjálfu sér, eftir

orðalagi 5. gr., að úrskurðarvaldið er eftir sem áður hjá póst- og símamálastjóra. Hér stendur aðeins í brtt. minni „að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar". — Hinsvegar mætti ætla, ef þessi brtt. yrði samþ., að litið yrði sanngjarnlega á þær ástæður, sem fyrir hendi væru, ef bæjar- og sveitarstjórnir yrðu ekki sammála póst- og símamálastjóra.

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá orð. Um brtt. mína á þskj. 580 hefir hv. frsm. samgmn. raunar sagt það, sem segja þarf. Hún er flutt eftir bendingu frá landssímastjóra, sem telur það eðlilegt, að þessi starfsmaður, sem talað er um í brtt., loftskeytastöðvarstjórinn í Reykjavík, sé talinn með í 3. gr. frv.

Út af brtt. þm. Þm. Vestm., um að leitað skuli umsagnar hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórnar áður en afgreiðslustörf pósts og síma yrðu sameinuð í þeirra umdæmi, verð ég að segja það, að samgmn. hefir ekki haft tækifæri til að ræða hana á fundi, en ég fyrir mitt leyti er henni heldur mótfallinn. Ég held, að bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hafi yfirleitt ekki ástæðu til að skipta sér af því, að póst- og símaafgreiðslur séu sameinaðar í einstökum byggðarlögum, enda mundi það ekki leiða til annars en að vekja ágreining eða deilur heima fyrir manna á meðal.

Það eru aðallega tvö sjónarmið í þessu máli, sem verður að taka til greina, sjónarmið stofnunarinnar, þ. e. a. s. póst- og símamálastjórnar, og jafnframt sjónarmið alls almennings, en ekki sérstaklega hið takmarkaða sjónarmið þeirra, sem búa á staðnum, þar sem sameining þessara afgreiðslustarfa á að fara fram.

Ég vil benda á, að það getur komið fyrir, að bæjar- eða sveitarstjórn sjái ekki ástæðu til að mæla með sameiningu þessara embætta á staðnum, heldur leggi á móti því, aðeins af þeirri ástæðu, að hún telur ekki viðeigandi, að maður, sem hefir lífvænlega atvinnu í þorpinu eða sveitinni, sé sviptur henni, þó það sé auðvelt frá sjónarmiði stofnananna að sameina þar afgreiðslu pósts og síma. Þess vegna legg ég á móti því, að þessi brtt. verði samþ.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Hv. þm. N.-Þ. segist heldur leggja á móti því, að brtt. mín verði samþ. Þar með vill hann leggja á móti því, að bæjar- og sveitarstjórnir megi nokkuð hafa um það að segja, að póst- og símaafgreiðsla verði sameinuð í þeirra umdæmum. Mér þykir undarlegt, að nokkur skuli leggja á móti svo sanngjörnu og sjálfsögðu atriði. Hv. frsm. sagði, að samgmn. væri hlutlaus gagnvart þessari till., en náttúrlega er ekkert við því að segja, þó að einstöku nm. séu henni mótfallnir, en eðlilegast hefði verið, að n. væri einhuga með henni. Hv. þm. N.-Þ. talaði um tvö sjónarmið, annarsvegar sjónarmið stofnunarinnar, og hinsvegar sjónarmið alls almennings, sem taka ætti til greina við sameiningu þessara starfa. Skilst mér, að hann meini þar með sjónarmið alþjóðar, en ég álít, að það falli saman við sjónarmið þessarar ríkisstofnunar, sem póst- og símamálastjórnin veitir forstöðu. Hinsvegar sagði hv. þm., að sjónarmið þeirra aðila, sem búa á þeim stað, er sameining þessara starfa fer fram, ætti ekki að koma til greina. Þetta er undarleg kenning. Við skulum taka dæmi: Hvað skiptir það t. d. íbúa Húsavíkur, hvort afgreiðsla pósts og síma er sameinuð á Akureyri, Siglufirði, Vestmannaeyjum eða Hafnarfirði? Vitanlega skiptir það Húsvíkinga engu máli, nema að því leyti, sem alþjóðarsjónarmið kemur þar til greina. En það getur aftur á móti skipt talsvert miklu máli fyrir íbúana á þessum stöðum, hvort þessi sameining verður gerð eða ekki. Mér finnst, að það verði að skilgreina þessi sjónarmið þvert á móti því, sem hv. þm. gerði: Annarsvegar á að taka til greina sjónarmið forstöðumanns þessarar ríkisstofnunar, póst- og símamálastjóra, sem sér um fjárhagslegu hliðina og rekstur þessara mála í nafni alþjóðar, en hinsvegar á að meta sjónarmið og aðstöðu þeirra manna, sem eru notendur pósts og síma á þeim stöðum, þar sem ráðgert er, að störfin verði sameinuð. En þá vill hv. þm. N.-Þ. til einskis kveðja um málið, þó það séu einmitt þeir, sem eiga að skipta við póst- og símaafgreiðsluna. Þær stofnanir eru til fyrir fólkið í kaupstaðnum eða sveitinni, en fólkið ekki fyrir stofnanirnar. Á þetta vil ég minna hv. þm. N.-Þ. — Annars er það talsvert undarleg kenning hjá þeim hv. þdm., sem sífellt eru að blása sig út með lýðræðisglamri hér á Alþingi, að fólkið, sem á að njóta góðs af þessum stofnunum og búa við þær, skuli ekki mega hafa neitt um það að segja, hvernig þær eru starfræktar.

Ég viðurkenni fullkomlega, að forstöðumaður þessara stofnana eigi að hafa úrskurðarvaldið um það, hvernig þær eru starfræktar, en hinu held ég hiklaust fram, að fulltrúar fólksins heima í héruðunum eigi að hafa tillögurétt þar um. Ég fyrir mitt leyti hirði t. d. ekkert um að hafa áhrif á það, hvernig þessum störfum væri skipað í kjördæmi hv. þm. — N.-Þingeyjarsýslu —, en ég krefst þess að fá þennan rétt lögfestan fyrir mitt kjördæmi, þannig að fólkið fái að láta í ljós álit sitt um, hvernig þessum störfum verði skipað þar, þegar til þess kemur. Ég hefi áður fært rök að því, hversu sanngjarnt þetta væri af margskonar ástæðum, sem hefðu máske fullt eins mikinn rétt á sér og ástæða póst- og símamálastjóra, ef hann t. d. kynni að vilji sameina afgreiðslu pósts og síma aðeins vegna þess, að með því mætti spara segjum 500 kr. á ári fyrir ríkissjóð í húsaleigu. Þetta er náttúrlega hlutur, sem mundi koma til álita í þessu efni, en ástæður þeirra manna, sem búa á staðnum, eiga líka að hafa nokkurn rétt á sér.

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja þessar umr.; hér er um smáatriði að ræða. Vitanlega er það misskilningur hjá hv. þm. Vestm., að ég hafi sagt, að það ætti ekki í þessu máli að taka tillit til ástæðna og vilja þeirra manna, sem búsettir eru í þeim kaupstöðum eða sveitum, þar sem ráðgert væri að sameina afgreiðslu pósts og síma. Ég sagði, að hér væri um tvennskonar sjónarmið að ræða, annarsvegar hagsmuni stofnunarinnar og hins-

vegar aðstöðu og þarfir almennings, og ástæður þeirra, sem búsettir eru í hverju byggðarlagi, heyra vitanlega undir það síðara.

Annars geri ég ráð fyrir, að bæjar- og sveitarstjórnir mundu ekki telja sér þetta viðkomandi, ef ekkert ákvæði væri um það í lögunum, að þeim bæri að hafa tillögurétt um það.

Ég tók það fram í fyrri ræðu minni, að bæjar- og sveitarstjórnir mundu veigra sér við að mæla með því, að afgreiðsla á pósti og síma yrði sameinuð í þeirra byggðarlögum, ef það hefði þær afleiðingar, að góður og gegn borgari tapaði atvinnu sinni þess vegna. Ég álít því öllu heppilegra að ekkert sé gefið undir fótinn um þetta í lögunum. Annars sé ég ekki, að hv. þm. Vestm. hafi neina ástæðu til að blanda lýðræðisskrafi inn í umr. um þetta mál.

Ég vil svo að lokum benda hv. þdm. á, að mér er kunnugt um, að landssímastjóri óskar frekar eftir því, að ákvæðið, sem felst í brtt., verði ekki tekið inn í frv. — Og þó að ekki væri um neina aðra ástæðu að ræða á móti brtt., þá tek ég þessa ósk landssímastjóra fullkomlega til greina, meðan ekki eru færð fyllri rök fyrir nauðsyn þessarar brtt. En hér er um fremur smávægilegt atriði að ræða, sem litlu máli skiptir.

**Jónas Guðmundsson:** Það er sérstaklega brtt. hv. þm. Vestm. á þskj. 564, sem mér finnst ástæða til að minnast á. Allar hinar brtt. eru aðeins lagfæringar og leiðréttingar á því frv., sem hér er til umr. Ég hefi verið að velta því fyrir mér, hvort það muni vera rétt að setja þetta ákvæði um tillögurétt bæjar- og sveitarstjórnar í þessu máli inn í frv., og ég er kominn á þá skoðun, að það sé heppilegra. Kauptúnin öll verða að greiða ákveðna upphæð í rekstrarkostnað. Þetta var upphaflega sett, þegar síminn var fyrst lagður í kauptúnin, og hefir síðan ekki fengizt breytt. Á Norðfirði var ákveðið að greiða í þessu skyni 600 kr. á ári. Þá voru litlar tekjur af stöðinni. En þetta er alltaf greitt, þótt nú sé ágóði af rekstrinum milli 20—30 þús. kr. árlega. Bæjarstj. hefir farið fram á, að þetta verði látið niður falla, en það hefir ekki fengizt undir nokkrum kringumstæðum. Þegar sameina á póst og síma á svona stöðum, er ekki sama, hvar þetta er sett í bænum. Það getur verið margt, sem þar kemur til greina. Dæmi má nefna frá Norðfirði. Áður en sameiningin fór þar fram var pósthúsið í öðrum enda bæjarins, og afaróþægilegt að ná þangað. Þá var farið fram á það, að póstmálastjórnin kostaði að einhverju leyti útburð bréfa. Þessu var algerlega neitað, nema með því móti, að bæjarstj. legði líka fram fé í þessu skyni. Svo voru af bæjarins hálfu lagðar fram 150 kr. á ári til þessa. Þegar sameiningin fór fram, var pósthúsið sett í miðjan bæinn, þar sem allir áttu sem greiðastan aðgang að. Afleiðingin varð sú, að allir áttu auðvelt með að nálgast bréf sín, og bréfaútburður óþarfur. En póstmálastj. fæst ómögulega til þess að fella niður þessa 150 króna greiðslu, og enn er henni haldið uppi þrátt fyrir breytinguna. Þótt ég hafi hér rætt um smákauptúnin, sem ég þekki bezt til, þá hygg ég, að margir hafi svipaða sögu að segja. Því er það rétt, að kauptúnin hafi íhlutunarrétt um þetta smávægilega atriði, og gæti það sparað mikla óánægju og óþarfa rifrildi.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Mér er ekki ókunnugt um álit landssímastjóra á þessu máli. Hv. þm. N.-Þ. sagði, að það réði alveg baggamuninn hjá sér, að landssímastjóri áliti óheppilegra, að þessi tillöguréttur væri hjá sveitar- og bæjarfélögum í þessu efni. Ég hefi mikla tilhneigingu til þess að bera virðingu fyrir landssímastjóra, sem er duglegur og vel metinn embættismaður, en mér finnst, að þótt hann sé þeirrar skoðunar, að þetta sé óþarfi, að bæjar- og sveitarstj. hafi þennan rétt, þá eigi mín till. fullkominn rétt á sér. Hv. 6. landsk. hefir lýst einu af hinum ótal sjónarmiðum, sem hér geta komið til greina úti um land. Ég skil þetta ákaflega vel, og þau geta verið svo staðbundin þessi sjónarmið og byggð á svo misjöfnum orsökum, að of langt yrði að fara að gera grein fyrir því hér. En miklu hyggilegra er, að þessir aðilar fái að láta í ljós sinn vilja í þessu efni, og það er ekkert annað, sem farið er fram á. Þótt hv. þm. N.-Þ. þyki þetta óþarfi, þá sé ég ekki, að það geti gert nokkurn óhagnað, en það getur orðið til þess að koma í veg fyrir, að almenningi séu bökuð mikil óþægindi sökum þekkingarleysis á staðháttum og aðstöðu, sem eðlilegt er, að komið geti fyrir hjá embættisskrifstofu suður í Reykjavík, ókunnugri hinum ýmsu stöðum úti um land.

**Jón Sigurðsson:** Það, sem á þetta atriði hefir verið minnzt, hefir það einungis verið frá sjónarmiði kaupstaða, en það er ekki heldur þýðingarlaust fyrir sveitirnar, að geta gefið landssímastjóra sem yfirmanni þessarar stofnunar bendingar um það, hvernig viðhorfið sé á hverjum stað. Síðan farið var að flytja póstinn með bifreiðum hafa afgreiðslustaðirnir verið valdir sem næst aðalvegunum, en þar með er ekki sagt, að þetta sé haganlegt fyrir sveitirnar, að þar sé símstöð fyrir sveitina. Það kemur líka oft fyrir, að símastöðin er á öðrum stað en pósthúsið og liggur betur við aðsókn fólksins. Það hefir því mikla þýðingu fyrir sveitafólkið, að staðir þessir séu sem allra haganlegast valdir, meðan ekki eru komnar símalínur heim á hvern bæ. Það getur t. d. í mörgum tilfellum riðið á lífi manna, hvort hægt er skyndilega að ná til læknis eða ekki gegnum síma. Það getur verið mörgum héruðum viðkvæmt mál, að símastöðin sé flutt e. t. v. á annan enda sveitarinnar. Frá sjónarmiði sveitanna tel ég því hyggilegra að leyfa hreppsnefndum að koma að þeim sérstöku upplýsingum, sem þær hafa að gefa, ef þær óska þess. Hér er ekki að neinu leyti verið að binda hendur forstöðumanns þessarar stofnunar, því að einungis er um tillögurétt að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 570,1.a samþ. með 18 shlj. atkv.
— 570,1.b samþ. án atkvgr.
— 580 samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 570,2.c samþ. með 21 shlj. atkv.
— 570,2.a—b samþ. án atkvgr.
— 570,3 samþ. án atkvgr.
— 564 samþ. með 20:4 atkv.
— 570,4 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 13. fundi í Sþ., 26. nóv., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 588).

Á 49. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 588, n. 636, 637).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. er hingað komið frá Nd. og var þar samþ. með dálitlum breyt. Frv. mun vera samið af skipulagsn., en borið fram af samgmn. Nd. Eiginlega er þetta frv. einskonar viðbót við l. um sameiningu pósts og síma frá 1929. Viðbótin felst sérstaklega í því, að nú er gert ráð fyrir að sameina yfirstjórn póst- og símamála í Reykjavík, sem var ekki ætlazt til í l. frá 1929.

Samgmn. þessarar d. hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. Þó hefir n. orðað um 3. gr. frv. Í þessari umorðun er dálítil breyt. frá því, sem er í frv., sérstaklega í þá átt, að það er gert ráð fyrir, að póst- og símamálastjóra séu til aðstoðar fleiri menn, sem eru svo nefndir í gr. eins og samgmn. vill hafa hana, en það er ekki gert í frv., og jafnframt er gert ráð fyrir, að þessir menn skuli vera með í ráðum um þá starfsemi, sem snertir þeirra sérgreinir.

Ég vil geta þess, að einn hv. nm. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun það standa sérstaklega í sambandi við brtt., sem hann ber fram. Á þá till. minnist ég ekki nú, en geri það kannske, þegar hv. till.maður hefir talað fyrir henni.

**Jón Auðunn Jónsson:** Í þessu frv. finnst mér sérstaklega ekki séð fyrir því, þar sem þessi sameining færi fram, að nægilegt tillit sé tekið til þeirrar sérþekkingar, sem þarf að vera einkum um ritsímastjórn. Því er ekki að minni hyggju neinstaðar slegið föstu í frv., að þeir, sem taka að sér póstafgreiðslu á þeirri stöð, þar sem ritsími er, kunni símritun, en það er alveg nauðsynlegt. Það væri alveg ófært, að sá maður, sem væri póstmálastjóri og um leið ritsímastjóri, hafi ekki þekkingu sérstaklega á símritun og öðru, sem snertir hans starfsemi sem símstjóra. Þess vegna hefi ég borið fram þessa brtt. á þskj. 663. Reyndar hefi ég áður borið fram brtt. á þskj. 637, en við nánari athugun sá ég, að það var óþarfi að fyrirskipa það þar, sem ekki er ritsímastöð, að forstöðumaðurinn kunni símritun. Þess vegna tók ég hana til baka, en bar fram brtt. á þskj. 663, að stöðvarstjórinn á þeim stöðvum, þar sem ritsímastöð er, skuli kunna símritun, því að eins og allir vita, þá þarf sérþekkingu til þess að vera fær um að taka að sér símritun.

Það er ekki hægt að komast hjá að taka tillit til þessarar sérþekkingar, þegar þessar stöður eru veittar, og því álít ég sjálfsagt, að það sé tekið fram í l. sjálfum, og býst ekki við, að neinn hv. þdm. hafi neitt út á það að setja; það er aðeins til meira öryggis.

**Forseti (EÁrna):** Brtt. á þskj. 663 er of seint fram komin, og þarf afbrigði til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Það er vissulega alveg rétt, sem hv. þm. N.-Ísf. benti á, að þegar sameinað er póst- og símastarf á stöðum, þar sem ritsímastöð er, þá er það nauðsynlegt, að forstöðumaðurinn hafi þekkingu á símritun. En það er nú svo með þetta lagafrv., að þetta er dálítið viðkvæmt mál, vegna þess að hér er verið að steypa saman tveimur allstórum starfsgreinum. Ég býst við, að póstmönnum sé það viðkvæmt mál, að lögfest verði ákvæði, sem fyrirfram bindur það, að þeir verði útilokaðir frá þessu starfi framvegis. Þetta veldur því, að það getur verið skynsamlegra að setja ekki í frv. ákvæði, sem er svo sérstaklega viðkvæmt fyrir marga menn, sem undir þessum l. eiga að búa. Hinsvegar er ég sammála hv. till.manni um það, að í framkvæmdinni er sjálfsagt, þegar svona störf eru sameinuð, að þá sé sérstaklega tekið tillit til þess, hvað snertir ritsímakunnáttu á stöðvum, þar sem slík starfsemi fer fram, en nú mun vera búið að sameina þetta víðast á landinu, þar sem ritsímastöð er.

Ég hefi einmitt talað um þetta atriði við menn, sem koma til með að fjalla um þetta, t. d. landssímastjórann. Hann lítur svo á, að kenningin sé rétt, en ekki nauðsyn að taka þetta ákvæði í frv., af því að það verði alltaf höfð gát á því, þegar slík störf eru veitt, að þessi nauðsynlega sérþekking sé fyrir hendi.

Ég vil þess vegna heldur ráða d. frá að samþ. þessa till., af því að ég hefi líka veitt því eftirtekt, að það hafa orðið átök um þetta í Nd. Þar hefir hver togað í sinn skækil, og gæti því líka komið þar til átaka um þetta. Ég hugsa, að Nd. hafi nú brætt sig saman um sína skoðun á frv., og vegna framgangs málsins væri réttara að rugla ekki frv. mikið frá því, sem það nú er. Hinsvegar hefi ég minnzt á þá brtt., sem felst í till. n., við samgmn. Nd., og mætti hún ekki verulegri mótstöðu þar.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég þakka hv. form. samgmn. fyrir það, að hann viðurkennir, að svona eigi það að vera og öðruvísi geti það ekki verið en að þeir, sem veita slíkum sameinuðum stöðum forstöðu, þurfi að hafa kunnáttu í símritun og vera færir um að annast slíkar lands-

símastöðvar, þar sem ritsímastöð er. En það er óþarfa viðkvæmni, þegar hann segir, að þetta sé sjálfsagt, að vilja ekki hafa þetta í frv.

Ég hygg, að það sé viðast búið að sameina póst og síma þar, sem ritsímastöð er, og þar hefir stöðvarstjórinn alltaf orðið að hafa fullkomið próf í símritun. En til þess að brtt. mín kæmi ekki of illa við póstmenn að neinu leyti, þá breytti ég henni, því að hún gat misskilizt þannig, að það ætti að vera hér aðalreglan, að ritsímastjóra eða stöðvarstjóra yrði falið þetta sameinaða starf, en það var ekki meining mín að leggja það til, heldur að tryggja það, að ritsímavarzlan væri í höndum þeirra manna, sem hefðu þekkingu til þess að starfrækja slíkar stöðvar, og það er ekki farið fram á annað í þessari till. á þskj. 663, og ég get ekki skilið, að póstmenn hafi neitt við það að athuga. Það gat verið ástæða til tortryggni í sambandi við till. á þskj. 637, en hana hefi ég nú tekið aftur. Ég sé því ekki annað en að það sé sjálfsagt að samþ. þá till., sem nú liggur fyrir. Póstmenn geta ekki haft neitt við hana að athuga, því að það mun ekki vera tilætlun þeirra að taka að sér ritsímavörzlu nema þeir hafi nauðsynlega sérþekkingu til þess.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Ég skal játa, að ég hafði eiginlega engu síður í huga till. á þskj. 637, sem hv. till.maður hefir nú tekið aftur. Það er satt, að till. á þskj. 663 er nokkuð á annan veg, og ég sé það, að þótt hún verði samþ., þá felst ekki í henni nein meining til póstmanna. En ég hugsa, að framkvæmdin geti varla orðið öðruvísi en hv. till.maður ætlast til, jafnvel þó að brtt. hans yrði ekki samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 636 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 663 felld með 8:6 atkv.
— 637 tekin aftur.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
5.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 667).

**Magnús Guðmundsson:** Ég ætla ekki að innleiða miklar umr. um þetta mál, fjarri því, en ég vildi áður en málið færi úr d. láta í ljós, að ég skil ekki, að það verði sparnaður á sameiningu landssímastjóra- og póstmálastjóraembættunum hér í Rvík. Ég hygg, að það verði að koma aðrir starfsmenn í staðinn, svo sparnaðurinn verði enginn. Um sameiningu þessara starfa hingað og þangað um landið verð ég að segja, að ég hefi aldrei fundið, að neinn sparnaður væri að því. Gagnvart þeim mönnum, sem lagt hafa stund á póststörfin, kemur þetta vitanlega svo fram, að þeir eru með þessu gerðir að undirmönnum þeirra, sem með símamálin fara, um aldur og æfi. Ég vildi aðeins láta þessa skoðun mína sjást í Alþt., áður en málið færi út úr d.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hygg, að það hafi verið að nokkru leyti fyrir mistök, að brtt. mín um að fela ritsímamönnum forstöðu ritsíma- og póstafgreiðslustöðva, var felld við 2. umr. Ég hefi heyrt það á sumum dm., að þeir tóku það svo, að verið væri að greiða atkv. um fyrri brtt. mína, en ekki þá síðari. Og a. m. k. hafði frsm. meiri hl. lýst því yfir, að það væri að sjálfsögðu skylt að fela þeim mönnum, sem hefðu næga þekkingu á símritun og símstörfum, forstöðu hinna sameinuðu síma- og póstafgreiðslustarfa þar, sem ritsímastöðvar væru. Ég vildi láta þetta koma skýrt fram, því það væri óhæft, ef forstaða slíkra stöðva væri falin mönnum, þó þekkingu hefðu á póstafgreiðslu, sem ekki kynnu til símritunar og starfrækslu síma, því til þess starfs þarf nokkra sérþekkingu.

Mér þætti vænt um að heyra álit hæstv. atvmrh. um þetta; ég vænti, að hann sé mér sammála um, að svona hljóti þetta að verða í framkvæmdinni.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég get að sjálfsögðu enga bindandi yfirlýsingu gefið í þessu efni. Ég geri ráð fyrir, að eins og við embættaveitingar yfirleitt verði venjulega a. m. k. farið eftir till. hlutaðeigandi starfsmanna og yfirmanna. Ég skal játa, að undir venjulegum kringumstæðum finnst mér sjálfsagt að heimta fyrst og fremst þekkingu á símritun af þeim, sem þessi störf fá, þar sem símritunarstöðvar eru.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

---

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 667).

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til einnar umr. (A. 667, 738).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 738. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Guðbrandur Ísberg:** Frv. þetta, sem nú er hér til einnar umr., hefir áður gengið gegnum þessa hv. d. Brtt. sú, sem ég hefi leyft mér að bera fram á þskj. 738, er ekki efnisbreyt., heldur kveður hún á um sjálfsagt atriði, sem ekki er tekið fram í frv., sem sé það, að þeir, sem á sínum tíma verða skipaðir forstöðumenn póst- og símastöðva, skuli skyldir að hafa nauðsynlegustu þekkingu á þessum málum. Það nær vitanlega engri átt, sem ég hefi heyrt, að komið hafi til orða, að skipa símastjóra fyrir stóra símstöð, sem aldrei hefir nærri símamálum komið. Það getur líka auðveldlega komið fyrir, að góður símamaður geti ekki gegnt póstafgreiðslustörfum svo nokkur mynd sé á, hafi ekki þekkingu á þeim málum. Það er alveg nauðsynlegt, að þeir menn, sem eiga að vera forstöðumenn póst- og símastöðva, a. m. k. hinna stærri stöðva, kunni símritun m. a. Ég

vænti því, að hv. þdm. samþ. brtt. mína og slái því þar með föstu, að nauðsyn beri til, að forstöðumenn þessir hafi hina allra sjálfsögðustu þekkingu á þeim störfum, sem þeir eiga að hafa með höndum.

**Frsm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Frv. þetta, sem nú er komið hingað aftur frá Ed., var afgr. héðan eins og samgmn. hafði gengið frá því. Í Ed. hefir það líka verið samþ. með litlum breyt. Það hefir aðeins verið gerð lítilsháttar orðabreyt. á byrjun 3. gr., sem n. telur til bóta, þar sem sú breyting hefir engin áhrif á efni frv.

Þá liggur hér fyrir brtt. frá hv. þm. Ak., sem mun vera sama efnis og brtt., sem felld var í Ed. Samgmn. þessarar hv. d. sá ekki ástæðu til þess að taka brtt. þessa upp, þegar hún hafði málið til meðferðar, og sér enga ástæðu frekar til þess nú, og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það er nú.

**Guðbrandur Ísberg:** Það er rétt, að í Ed. kom fram brtt. lík að efni til og þessi, en var felld. En ég held, að ég megi fullyrða, að það hafi verið gert af vangá. Þannig stóð á, að önnur till. um þetta efni, en miklu víðtækari, var borin þar fram, og voru margir á einu máli um að fella hana, en þá tókst svo til, að þessi dróst með.

Annars fæ ég ekki skilið, að menn geti verið á móti því, að menn í þessu þýðingarmikla starfi séu skyldir að hafa nauðsynlega grundvallarþekkingu, svo líkur séu til, að þeir geti leyst störf sín sæmilega af hendi.

**Jónas Guðmundsson:** Ég álít alls ekki nauðsynlegt, að þess sé krafizt almennt, að símastjórar kunni símritun, því að þess mun aðeins brýn þörf á 6 stöðum á landinu. Ef þetta ákvæði ætti því að standa í l., gæti það orðið til þess, að hvað góður póstafgreiðslumaður sem væri gæti ekki fengið þessi embætti, nema því aðeins, að hann kynni að símrita, en slíkt nær vitanlega engri átt.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég vil aðeins benda á, að brtt. mín á að sjálfsögðu aðeins við þá staði, þar sem sameinuð er ritsímastöð og póstafgreiðsla, en ekki símastöð, þar sem ekki er ritsími.

ATKVGR.
Brtt. 738 felld með 13:7 atkv.
Atkvgr. um frv. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 11. des., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 763).

## 55. Mat á fiskúrgangi.

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um mat á fiskúrgangi** (þmfrv., A. 215).

Á 27. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jónas Guðmundsson):** Ég ætla ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Í grg. frv. er gerð sæmilega ýtarleg grein fyrir nauðsyn þess, og vænti ég, að hv. þdm. taki tillit til þess, sem þar er sagt, og að hv. sjútvn. fái að segja álit sitt um frv. áður en frekari umr. verða um það hér á þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 215, n. 463).

**Frsm. (Páll Þorbjörnsson):** Sjútvn., sem hefir haft þetta frv. til meðferðar, hefir lagt til, að það verði samþ. óbreytt.

Eins og tekið er fram í grg. frv. og eins og komið hefir fram í umr. um annað mál hér í d., er fiskimjölsiðnaðurinn orðinn allverulegur atvinnuvegur hér á landi. En í grg. frv. er það tekið fram, sem mun vera rétt, að Íslendingar fái ekki eins gott verð fyrir sitt fiskimjöl eins og keppinautar þeirra erlendis, og er talin einhver aðalástæðan til þess, að ekki sé vandað til hráefnanna eins og æskilegt væri. Frv. þetta miðar að því, að meiri vöruvöndun eigi sér stað hér eftir en hingað til hefir verið. Það virðist ekki ástæða til, að ekki geti gilt um þessar afurðir eins og aðrar, að þær séu metnar og flokkaðar eftir gæðum. — Sjútvn. hefir því ekki séð neina ástæðu til að gera breyt. á frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 215).

Á 47. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 215, n. 646).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. er komið frá Nd. og er flutt að tilhlutun Félags íslenzkra fiskimjölsframleiðenda. Fjallar það um nauðsyn þess að fyrirskipa mat á þessari vöru, fiskúrganginum. Sjútvn. fellst á efni frv., en ber þó fram brtt. við það á þskj. 646. Fyrri liður brtt. er aðeins leiðrétting við 1. gr. frv., sem virðist vera nokkuð staglsöm. Þar stendur: „Allan hertan fiskúrgang (hryggi og hausa) og úrgang, sem o. s. frv.“ Orðin „og úrgang“ virðast óþörf, og leggur n. til, að þau falli niður. Frv. ber með sér, að aðeins er um hertan úrgang að ræða. Þá bætti n. við orðin „hryggi og hausa“, sem standa innan sviga, orðunum „o. fl.“, til þess að undir þetta gæti komið fleira hert en hryggir og hausar, því að það er fleira, sem hert er og selt.

Þá getur n. ekki fellt sig við orðið „skreið“ í 1. gr., því að það þýðir annað í málinu en þarna er átt við. Vildum við láta kalla þetta þurrbein, sbr. t. d. orðið harðfiskur. N. sér ekki betur en þurrbein í einu orði sé fullgott mál. Þótti okkur það betra en t. d. þurrkuð bein. — Að öðru leyti skýrir till. sig sjálf.

ATKVGR.
Brtt. 646,a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 646,b samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—7. gr., með þeim breyt., sem leiðir af samþ. brtt. 646,b, samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 686).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 54. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 686).
Á 56. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 764).

---

## 56. Útsvör.

Á 36. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt á l. um útsvör, nr. 46 15. júní 1926** (þmfrv., A. 428).

Á 38. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þetta frv. er flutt af meiri hl. fjhn., að beiðni fjmrh. Það er þannig til orðið, að með l. um ríkisskattanefnd, nr. 20 frá 1932, var gerð sú breyt. um áfrýjun yfirskattanefndar til úrskurðar um útsvör, að áfrýjað skyldi til ríkisskattanefndar í staðinn fyrir, að það var áður til atvinnumálaráðuneytisins. En þegar búið er að samþ. frv. um tekju- og eignarskatt, sem í dag var afgr. úr þessari d., þá eru l. um ríkisskattanefnd tekin þar inn í einn kaflann, en l. frá 1932 numin úr gildi, og þá eru ekki til nein ákvæði um það í útsvarslögunum, hvort áfrýja megi úrskurði yfirskattanefndar um útsvarsupphæð. Þess vegna er lagt til, að þetta verði samþ. óbreytt frá því sem það áður var, sem sé þannig, að ríkisskattanefnd verði æðsti dómstóllinn um upphæðir útsvara. Vænti ég svo, að frv. fái að ganga fljótt gegnum d., og að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr.

**Jakob Möller:** Ég vildi aðeins gera grein fyrir því, hvers vegna minni hl. fjhn. er ekki meðflm. þessa frv. Það er ekki af því, að hann sé frv. mótfallinn í raun og veru, heldur stendur svo á þessu, að þegar greidd voru atkv. í n. um þetta mál, var ekki útséð um afdrif frv. um tekju- og eignarskatt, en því frv. var minni hl. mótfallinn. En hann mun ekki leggjast á móti samþykkt þessa frv. í kjölfar frv. um tekju- og eignarskatt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 428).
Á 46. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 428, n. 634).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Eins og sést á nál. fjhn. á þskj. 634, leggur n. til, að frv. verði samþ. Þetta frv. er einskonar dilkur annars frv., sem hér liggur til meðferðar í dag. Það er frv. um tekju- og eignarskatt, eins og gerð er nánari grein fyrir, bæði í grg. frv. og líka í nál. okkar, og þess vegna er ekki ástæða til þess að endurtaka það hér.

**Magnús Jónsson:** Mér þætti viðkunnanlegra, fyrst ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, að gera grein fyrir því, í hverju hann liggur. Hann er í því fólginn, að þetta frv. stendur í nánu sambandi við frv. um tekju- og eignarskatt, og þar sem ég er því andvígur, fannst mér réttara að skrifa undir frv. það, sem hér liggur fyrir, með fyrirvara.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég skal vera stuttorður að þessu sinni. Ég vil leiða athygli að því, að í þessu frv. er ákveðið, að sá, sem ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, hafi ekki nema 2 almanaksmánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar til þess að skjóta honum til ríkisskattanefndar. Þetta getur verið of lítill tími, og hygg ég því, að heppilegra væri að lengja þennan tíma upp í 3 almanaksmánuði.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en ég held, að það sé ekki of langur tími fyrir þann, sem vill kæra út af útsvari, þótt hann hafi 3 mánuði frá dagsetningu úrskurðarins þangað til kæran er komin til ríkisskattanefndar.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Það getur vel verið, að nokkuð sé til í því, sem hv. þm. Dal. segir. Að vísu eru samgöngur orðnar svo góðar hér á landi, að ég geri ekki ráð fyrir, að 2 mánuðir verði of stuttur tími. Samt sem áður er ekki nema sjálfsagt, að n. taki þessa aths. hv. þm. til greina og athugi hana milli umr., og skal ég lofa því f. h. n., að hún taki þetta til athugunar.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 428, 680).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá byggist þetta frv. algerlega á frv. því, sem nú var hér síðast til umr., um tekju- og eignarskatt. Ég held því, að það væri rétt að láta afgreiðslu þess bíða þangað til hitt frv. er orðið að lögum, en það á eftir að fara til Nd. aftur. En ef þetta frv. verður samþ. hér nú, þá er það orðið að lögum. Og þau lög verða alveg þýðingarlaus, ef frv. um tekju- og eignarskatt verður ekki afgr. sem lög frá þinginu. Ég held það færi því bezt á því að láta þetta frv. bíða eftir úrslitunum um hitt í Nd.

**Forseti (EÁrna):** Mér var þetta vel ljóst áður en ég tók frv. til umr. En af því að það liggur fyrir brtt. við það, sem, ef hún verður samþ., veldur því, að þetta frv. þarf líka til Nd. aftur, þá þótti mér rétt að láta fara fram atkv. um hana nú. Verði hinsvegar brtt. felld, þá má ljúka umr., en fresta atkvgr. um frv. sjálft, þangað til útséð er um afdrif tekju- og eignarskattsfrv. í Nd.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Um þetta atriði hefi ég fátt eitt að segja. Ég eiginlega mælti með því við 2. umr. og hefi litlu við það að bæta. Ég álít bara, að þessi frestur frá því að úrskurður yfirskattanefndar fellur og þangað til áfrýjunin á að vera komin til ríkisskattanefndar sé of stuttur eins og hann er ákveðinn, 2 mánuðir. Ég er ekki að kvarta um þetta af eiginhagsmunum. Þvert á móti. Við sýslumennirnir megum fagna því, að fresturinn sé sem allra stytztur, því að þá eru líkindi til, að færri úrskurðum frá yfirskattanefndum verði skotið til sýslunefnda, og að menn fái fyrir bragðið ekki breyt. á úrskurðunum. En ég er hér að hugsa um þá menn, sem erfiða eiga aðstöðu í þessum efnum og þurfa að hafa tímann fyrir sér. Margir þurfa að fá „prokurator" til þess að setja saman fyrir sig bréf til ríkisskattanefndarinnar, sem þeim finnst e. t. v. sumum svo virðuleg stofnun, að þeir ekki treysti sinni eigin réttritun. Ég held því, að þessi breyt. sé til bóta, ef samþ. verður, og einkum fyrir þá, sem fjarst búa og verstar hafa samgöngurnar.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Það hefir láðst n. að athuga þessa brtt. sérstaklega, og hefi ég því ekkert um hana að segja fyrir hönd n. En mín persónulega skoðun er sú, að hún sé óþörf. Hún veldur töfum í framkvæmd, og ég fyrir mitt leyti tel þær óþarfar eins og samgöngurnar eru nú orðnar. Í flestum tilfellum mun hinn tiltekni frestur nægja, þótt einstök tilfelli geti komið fyrir e. t. v., þar sem hann er of naumur. Ég legg enga höfuðáherzlu á þetta. N. hefir um þetta alveg óbundnar hendur, og ég er hér einungis að láta í ljós eigin skoðun.

ATKVGR.
Brtt. 680 felld með 7:6 atkv.
Atkvgr. um frv. frestað.

---

Á 58. fundi í Ed., 11. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 765).

---

## 57. Lögreglustjóri í Ólafsfirði.

Á 23. fundi í Ed., 27. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um lögreglustjóra í Ólafsfirði** (þmfrv., A. 223).

Á 25. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Bernharð Stefánsson):** Reynslan hefir sýnt, að þegar íbúatala kauptúna vex og þær opinberar framkvæmdir, sem vinna þarf, aukast, fullnægja ákvæði sveitarstjórnarlaganna um stjórn hreppa ekki lengur þessum kauptúnum. Oddvitastarfið á slíkum stöðum, þar sem stór kauptún eru innan hreppsins, verður umfangsmikið og mjög erfitt að fá menn til þess að gegna því, samhliða því, sem þeir þurfa að reka sína atvinnu. Og þótt svo fari, að menn fáist til starfans, þá geta þeir ekki varið til þess nægilega miklum tíma. Afleiðingin verður sú, að ýmsar þær framkvæmdir, sem kauptúnin hafa með höndum og nauðsynlegar eru, verða vanræktar. Þess vegna er það, að á hinum síðustu árum hafa hin stærri kauptún komið fram með kröfur um það, að fá kaupstaðarréttindi; og ekki er langt síðan Vestmannaeyjum og Hafnarfirði voru veitt þau, og enn skemmra síðan Neskaupstaður í Norðfirði fékk kaupstaðarréttindi. En það, að veita hverju kauptúninu á fætur öðru kaupstaðarréttindi, getur orðið dýrt bæði fyrir ríkissjóð og ekki síður fyrir hlutaðeigandi bæjarsjóð. Það var því fundinn upp sá millivegur í þessu efni, sem allir kannast við og byrjað var á með Akranes, nfl. sá, að sameina hreppstjóra- og oddvitastörfin og skipa sérstakan lögfróðan mann til að gegna þeim ásamt nokkrum fleiri störfum, svo sem innheimtu fyrir ríkissjóð og lögreglustjórastörfum. Þessir menn hafa verið nefndir lögreglustjórar. Í Ólafsfirði er nú svo komið, að farið er að bera á þeim annmörkum, sem orðið hafa til þess, að áður greindar ráðstafanir hafa verið gerðar fyrir nokkur kauptún. Það hafa reynzt vandkvæði á því að fá menn til þess að gegna hreppsnefndaroddvitastörfum, og auk þess kvartað um það, a. m. k. af núv. oddvita, að hann geti ekki sinnt starfinu nema í hjáverkum, en við það líður framkvæmdalíf kauptúnsins. Auk þess er svo í hinum stærri kauptúnum, að þörfin fyrir sterkara lögregluvald vex stöðugt. Sérstaklega gætir þess í Ólafsfirði á sumrin, að þörf er fyrir meira lögregluvald en hreppstjóri hefir. Um þessi atriði læt ég að öðru leyti nægja að vísa til bréfs hreppsnefndarinnar, sem fylgir grg. frv. þessa.

Ég tel víst, að hv. d. sýni þessu máli þann velvilja að leyfa því að ganga til 2. umr. og n. Og þá vildi ég, að n. tæki sérstaklega til athugunar atriði, sem ekki er að vísu tekið fram í frv., og það er, hvort endilega sé nauðsynlegt, að þessi starfsmaður sé lögfræðingur. Þessi staður er allafskekktur, og gæti því orðið erfitt að fá þangað fullgildan lögfræðing. Mér finnst því geta komið til álita, hvort ekki mætti, í því tilfelli, að lögfræðingur fengist ekki, setja ákvæði um það í frv., að sameina skyldi hreppstjóra- og oddvitastörfin og sérstakur maður skipaður til að annast þau, þó hann væri ekki lögfræðingur. Mætti sennilega fela honum flest þau störf, sem lögreglustjóra yrðu falin, nema ekki myndi þykja viðeigandi, að hann færi með fógeta- eða dómsvald. Öll önnur sttörf, sem undir lögreglustjóra myndu falla, sé ég ekki betur en að hann gæti annazt, þó leikmaður væri.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 223, n. 372).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Það er í raun og veru allt sagt í nál., sem segja þarf um frv. þetta. Það hefir orðið sú raunin á í seinni tíð, að þau kauptún landsins, sem eru að vaxa og eru langt frá lögreglustjóra, hafa hvert af öðru farið fram á að fá sinn sérstaka lögreglustjóra. Eins og í nál. segir, þá hefir Alþingi að undanförnu fallizt á þessar kröfur kauptúnanna, og sá allshn. sér því ekki fært að neita Ólafsfjarðarkauptúni um þetta.

Þar, sem þetta fyrirkomulag er komið á, hefir því verið hagað svo, að hreppstjóra- og oddvitastarfið hefir verið sameinað lögreglustjóraembættinu. Enda er það víða orðið svo, að þau störf eru orðin allumfangsmikil, og þykir orðið þung kvöð að hafa þau á hendi.

Á mörgum þessum stöðum er líka nauðsynlegt að fá mann með lögregluvaldi, sem skorizt getur í mál manna, þegar þess er þörf, því víða er langt til lögreglustjóra, eins og t. d. frá Ólafsfirði. Þar hagar líka svo til, að ófært getur verið að komast þaðan og þangað á sjó til yfirvaldsins á Akureyri, enda þótt innfjarðar sé, en landleið er bæði löng og erfið. Þessi sérstaka aðstaða Ólafsfjarðar eru einhver sterkustu rök með frv. — Vil ég svo f. h. allshn. leggja til, að frv. verði samþ.

**Þorsteinn Þorsteinsson** [óyfirl.]: Það hefir mikið verið talað um, hve embættismenn væru margir í þessu landi og hversu fjárhagsástandið væri erfitt. Þetta mun og hvorttveggja vera rétt. Mér þykir því varhugavert að halda áfram á þeirri braut, að láta kauptún úti um land fá sérstaka embættismenn, því eins og sagt er í nál., er enginn vafi á, að fjöldinn muni koma á eftir og krefjast hins sama réttar. Í fyrra lágu fyrir tvær beiðnir um lögreglustjóra, í Bolungavík og Keflavík, og þó sumir væru á móti þessum nýju embættum, var þetta samt samþ. á þinginu. En þó þingið hafi einu sinni sveigt inn á þessa braut, þá má ekki halda lengra áfram á henni, því hér er um töluverða fjárupphæð að ræða. Þessir menn fá byrjunarlaun presta úr ríkissjóði, 2 þús. kr., en það, sem sparast, eru að vísu ein hreppstjóralaun, sem eru rúmar kr. 100. Annað sparast ekki úr ríkissjóði, því þó þeir eigi að hafa tollinnheimtu og fleiri innheimtur á staðnum, þá er búið að ákveða sýslumanni ákveðið skrifstofufé, og það virðist vera jafnt, hvað margir lögreglustjórar sem settir eru í þeirra lögsagnarumdæmi.

Ég vildi aðeins gera grein fyrir minu atkv. í stuttu máli. Ég var á móti þessum nýju lögreglustjóraembættum í fyrra og mun greiða atkv. á móti þeim enn. En ég skal taka það fram, að ég geri það ekki af þeirri ástæðu, að ég álíti, að Ólafsfjörður verðskuldi það ekki eins og sum önnur kauptún á landinu að hafa lögreglustjóra.

Andstaða mín beinist ekki gegn þessu eina kauptúni, heldur gegn stefnunni almennt, sem ég álít varhugaverða, því það mun sjást seinna, að hér er verið að baka ríkinu geysimikil útgjöld, sem munu aukast eftir því, sem tíminn líður, því mörg kauptún munu koma á eftir. Menn eru í vandræðum með oddvita og vilja losa hreppinn við þeirra laun, og mega menn því vera vissir um, að það siglir stór floti í kjölfar þessarar skútu.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég hefi heyrt þessa skoðun hv. þm. Dal. áður, og mun hún hafa verið uppi á síðasta þingi. En hún réttlætir í raun og veru alls ekki að neita um slíkt embætti, ef á annað borð er þörf fyrir það. Og ég held, að enginn neiti því, að lögreglustjóri sé nauðsynlegur, og eftir því, sem maður bezt veit, þyrfti hann helzt að hafa lögreglu sér við hlið, eins og t. d. í Keflavík. Í Ólafsfirði munu nú vera um 600 manns, og eins og gefur að skilja, getur margt komið fyrir í svo fjölmennu þorpi, að ástæða geti verið til að hafa þar lögreglustjóra. Ég neita því náttúrlega ekki, að hér sé um aukin útgjöld fyrir ríkissjóð að ræða. En hvað viðvíkur hreppstjórunum, þá get ég ekki láð þeim það með þeim launum, sem þeir hafa, þó þeir vilji ekki eyða öllum sínum starfstíma til þess að annast löggæzlu. Það er því full ástæða til að taka það til athugunar, hvort heldur eigi að hækka laun hreppstjóranna eða taka upp þá stefnu að setja lögreglustjóra. Og viðvíkjandi því, hvað margir munu koma á eftir, þá ath. n. einmitt, hvaða líkur væru til, að margir mundu krefjast slíks hins sama. Þar, sem lögreglustjóri er fyrir, kemur slíkt ekki til greina. Það eru þá helzt nokkur kauptún á Austfjörðum, sem komið gætu til mála, t. d. Fáskrúðsfjörður. Á Seyðisfirði, Norðfirði og Eskifirði eru þegar lögreglustjórar. Ef maður svo leitar víðar kringum landið, þá kemur Dýrafjörður helzt til greina. En á þessum plássum er ekki nærri því eins mikið fjölmenni og í Ólafsfirði. — Ég hygg því, að ekki þurfi að óttast, að á næstunni komi mörg kauptún á eftir.

Annars skal ég geta þess, að n. gerir ráð fyrir, að launamálanefnd muni koma með einhverjar breyt. á skipun þessara mála.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég skal ekki lengja mikið umr. — Ég hjó eftir því hjá hv. frsm. n., að nú væri launamálanefnd e. t. v. með nýjar till. í uppsiglingu. En einmitt þess vegna er meiri ástæða til að hika við að stofna þessi nýju embætti og hafa það óbundið þangað til till. n. eru komnar fram. Ef búið væri að staðfesta l., sem færu svo í bág við till. n., þá væri betur heima setið en af stað farið.

Um kauptúnin, sem á eftir koma, hygg ég, að manni sé óhætt að spá, að þau, sem hafa yfir 500 íbúa, komi næst. Ég tel alveg vafalaust, að það kemur fjöldinn allur af kauptúnum á eftir, því oddvitar verða tregari til þess að taka að sér embættið eftir því sem harðnar um hjá hreppunum að geta lagt fram fé og staðið í skilum. Það verður því alltaf leiðin að leita til ríkisins og skipa nýja embættismenn.

En ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að andstaða mín byggist alls ekki á því, að ég álíti Ólafsfjörð neitt óverðugri þess að fá lögreglustjóra en önnur kauptún.

**Bernharð Stefánsson:** Ég þakka allshn. fyrir góða afgreiðslu þessa máls, þar sem hún leggur til, að þetta frv. verði samþ. En n. hefir ekki tekið til greina þær bendingar, sem ég gaf við 1. umr. málsins um það, að komið gæti til mála, að þessi starfsmaður þyrfti ekki endilega að vera lögfræðingur, því við það gæti kostnaðurinn kannske orðið minni, og auk þess óvíst, hvort lögfræðingur fengist. En n. hefir sjálfsagt ekki séð þetta fært, og læt ég þá þar við sitja.

Hv. þm. Dal. hefir gert nokkrar aths. við þetta frv. og þá stefnu, sem fram kemur í því. Hann sagði m. a., að embættismenn hér á landi mundu vera orðnir nógu margir. Ég er honum að nokkru leyti sammála um það, og það munu sjálfsagt allir vera. En það er nú svo, að þó allir tali um, að embættismenn séu of margir, þá er fólkið alltaf að biðja um nýja og nýja. Bæjarfélögin eru ekki beint skyldug til þess að hafa bæjarstjóra, heldur gætu þau látið bæjarfógeta annast þeirra störf, en þau telja sér hag í því að hafa sérstakan bæjarstjóra, til þess að annast störf bæjarfélagsins, þó þau þurfi sjálf að launa þeim. Fólkið æskir þess, jafnvel í þeim bæjarfélögum, sem ekki eru mjög stór, eins og t. d. á Ísafirði og Seyðisfirði, og það hefir lengi legið við borð að biðja um bæjarstjóra á Siglufirði. Eins er um Ólafsfirðinga; þeir vænta sér mikils af því, að það verði betri forstaða veitt málum þeirra, ef þeir fá fastan starfsmann.

Hv. þm. Dal. var að tala um það, að mörg kauptún mundu koma á eftir með samskonar kröfur. Ég get alveg búizt við því. En hv. frsm. gat um það, að n. hefði einmittt athugað þessa hlið málsins og komizt að þeirri niðurstöðu, að fyrst um sinn mundi sennilega ekki verða mikil brögð að því. — Ég tel samt sem áður nauðsynlegt að taka þetta til sérstakrar athugunar og setja almenn ákvæði í sveitarstjórnarlögin um stjórn stærri kauptúna, því það eiga ekki sömu ákvæði við um þau eins og um hreppa.

Hv. þm. Dal. var einnig að tala um það, að sér fyndist þetta mál ætti að bíða eftir till. launamálanefndar. Ég sé nú ekki, að þetta mál komi því beinlínis við. Auðvitað veit ég ekki, hvernig þessar till. launamálanefndar verða, en ég geri ekki ráð fyrir, að hún geri till. um það, í hvaða kauptúnum eigi að vera lögreglustjórar og hvar ekki; en að sjálfsögðu gerir hún till. um laun þessara manna. Það getur verið, að hún geri einhverjar till. um embættisskipun, en um það þori ég ekkert að fullyrða. Ég get sem sagt tekið undir það, að þetta mál þurfi að fá fastari skipun en enn er orðin, en þar sem þessar beiðnir hafa verið teknar til greina frá nokkrum öðrum kauptúnum og ekki eru enn komnar heildartill. um skipun þessara mála, þá vona ég, að hv. d. sýni málinu þá sanngirni að samþ. það.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. um það, að n. hafi ekki tekið

til greina ábendingartill. hans við 1. umr., þá skal ég játa, að ég hafði alveg gleymt þessu. En ég skal svara bara fyrir mig, að ég álít, að hér þurfi að vera maður með lögfræðiþekkingu og lögfræðivaldi, og ég tel mjög vafasamt, að í þetta embætti fengist maður fyrir svipuð laun og hv. þm. hefir hugsað sér. Ég mun því ekki geta aðhyllzt þessa skoðun hv. þm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:2 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 223).
Á 38. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 223, n. 691 og 696).

**Frsm. meiri hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Allshn., sem hefir haft þetta mál til meðferðar, sem hefir þegar verið samþ. í Ed., hefir ekki öll orðið sammála um það, þannig, að hv. þm. Barð. hefir ekki viljað ganga með frv.

Hinar almennu ástæður fyrir því, að frv. þetta er fram komið, eru þær, að í kauptúni því, sem hér um ræðir, sem er Ólafsfjörður, er þannig ástatt, að íbúatala þar vex allört, og sérstaklega er þar yfir sumarmánuðina mjög mikið starf fyrir oddvita og hreppstjóra. Og það er svo umfangsmikið, að þeir þykjast ekki geta annað því, enda tekur það frá þeim verulegan tíma, og laun þeirra eru mjög lítil. Það hafa í seinni tíð ýmsir smærri bæir óskað aukinna réttinda í þessum efnum. Á síðustu þingum hafa komið fram frv. um það, að veita kauptúnum rétt til þess að hafa lögreglustjóra, eins og t. d. Akranesi, Bolungavík og Keflavík. Með þessu er það spor stigið, að sameina hreppstjóra- og oddvitastarfið, og skipa mann til þess að annast þau störf, sem fær í laun 2 þús. kr. á ári úr ríkissjóði. Hann hefir á hendi innheimtu í ríkissjóð og hann hefir lögreglustjóravald. Í Ólafsfirði hagar svo til, að það er mjög erfitt að komast þangað, sérstaklega á vetrum, þar sem landleiðis er ekki hægt að komast, nema þá vestur í Fljót, og þá er yfir langan fjallveg að fara, en til Eyjafjarðar er oft ófært langan tíma af vetrinum, vegna brima, enda eru venjulega allir bátar á landi þar, þegar á veturinn líður, svo að þegar af þeirri ástæðu er erfitt um samgöngur þar. Þessi staður er svo afskekktur og er orðinn það stór, að hann virðist, þegar tekið er tillit til þeirra fordæma, sem þegar hafa verið gefin, eiga fyllilega kröfu til þess að fá rétt til þess, að þar starfi sérstakur maður með lögregluvaldi. Sá maður ætti að annast þau störf, sem hreppstjóri og oddviti nú vinna.

Hv. minni hl. allshn. mun nú halda því fram, að ef þetta frv. verði samþ., þá muni fara svo, að hvert kauptúnið á fætur öðru komi með sömu kröfu, og að þetta geti þá orðið allverulegt útgjöld fyrir ríkissjóð, og þess vegna muni verða erfitt að segja til um það, hverjum skuli neitað. En í fyrsta lagi hefir þingið þegar gengið inn á þessa braut, og meira að segja á síðasta þingi voru samþ. 2 frv., sem gengu í svipaða átt og þetta frumvarp, og auk þess tel ég ekki neinn vafa á því, að Ólafsfjörður sé sá kaupstaður, sem fyllstu og réttlátustu kröfu hefir til þess að hafa mann með þessu valdi. Það er vegna þess, eins og ég hefi áður tekið fram, að hann er afskekktur og mannmargur, og miklir örðugleikar á að ná til yfirvalda, ef á þarf að halda. Þar að auki eru hreppstjóra- og oddvitastörfin þar svo mikil, að varla fæst maður til þess að gegna þeim, og eru þar að auki því nær ólaunuð. Launin, sem þessi lögreglustjóri fengi úr ríkissjóði, eru ákaflega lág, 2 þús. kr., og því mjög vafasamt, að lögfræðingur fengist til þess að gegna starfinu. En þó hefir það sýnt sig, að á þeim öðrum stöðum, þar sem slíkar stöður hafa verið veittar, hafa fengizt lögfræðingar til þess að gegna þeim. Þessi maður mundi vitanlega fá nokkur aukastörf á staðnum, svo að þar gæti orðið lífvænlegt fyrir hann, þó að launin sjálf væru ekki nægileg til þess, að hann gæti lifað á þeim. Meiri hl. n. vill því mælast til þess, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd.

**Frsm. minni hl. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Þó að ég gæti ekki orðið meðnm. minum samferða um afgreiðslu þessa frv., sé ég ekki ástæðu til að hefja neinar kappræður um það. Ég álít varhugavert, að ríkissjóður sé að binda sér bagga með því að halda lengra inn á þessa braut en þegar er orðið. Það getur vel verið rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að ekki sé síður ástæða til að veita þessu þorpi slíka heimild en t. d. Keflavík, en ég var líka á móti þeirri heimild, enda hefir hún ekki verið notuð ennþá. Ég teldi réttara, að þessi þorp legðu hreppstjóra sínum einhverja upphæð til að annast þessi störf, eða þá öðrum duglegum manni í þorpinu, heldur en að setja í það dýran, próflærðan mann. Annars mun ég ekki gera þetta að neinu kappsmáli.

**Frsm. meiri hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Það er auðvitað hægt að slá því fram, að hreppsfélögin geti sjálf annazt um þau störf, sem hér koma til greina. En það er nú víða svo, að þau eru ekki svo efnum búin, að þau geti kostað mann til þess, enda geta verið vandkvæði

á að fá mann í hreppnum, sem fær sé um að leysa þessi störf af hendi. Það er líka óeðlilegt að fá ólöglærðum manni það vald í hendur, sem hér er gert ráð fyrir. Ég hefði haldið, að sýslumenn eins og hv. frsm. minni hl. er, mættu verða fegnir að fá góðan mann til að annast þessi störf. Það sparar þeim ferðalög og margskonar fyrirhöfn. Þessi maður ætti að hafa fógetavald, svo að ekki þyrfti að ómaka sýslumann að ástæðulitlu.

**Frsm. minni hl. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. var að tala um, að það væri léttir fyrir sýslumennina að fá þessa aðstoð í starfi sínu, skal ég aðeins geta þess, að ég lét það ekki hafa nein áhrif á afstöðu mína. Það gæti náttúrlega verið þægilegt fyrir mig að fá svo sem þrjá lögreglustjóra í þorpin í minni sýslu, en ég tel, að menn verði líka að líta á þann kostnað, sem af slíku mundi leiða, og mér sýnist ástæðulítið að vera þannig að hrúga upp embættum, sem vel má komast hjá. Það má vel vera, að Ólafsfjörður hefði einhver þægindi af þessu fyrirkomulagi, en ég býst við, að fleiri kröfur mundu koma á eftir, og gæti þá orðið erfitt að ákveða, hvar staðar skyldi nema.

**Frsm. meiri hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Viðvíkjandi kostnaðinum, sem af þessu myndi leiða, vildi ég aðeins taka það fram, að þó að því sé slegið föstu á pappírnum, að þarna skuli greiddar 2000 kr. í árslaun, þá er það ekki svo að skilja, að það þurfi endilega að vera þau raunverulegu útgjöld, sem af þessu leiðir. Á það verður að líta, að með þessu fyrirkomulagi getur ríkissjóði sparazt allmikið á öðrum liðum, t. d. ferðakostnaður sýslumanns. Bátur af Akureyri út í Ólafsfjörð kostar ekki minna en 100 kr., og slíkan kostnað mætti oft spara. Það gæti líka verið gott fyrir ríkissjóð að hafa mann á staðnum til að annast fleiri störf, sem annars þyrfti að kaupa mann til. Það má vel vera, að kröfur um þetta komi úr fleiri kauptúnum, en Alþingi hefir nú þegar gefið tvö fordæmi, og virðist þó nauðsynin ekki hafa verið eins brýn, t. d. um Keflavík. Þangað má komast á einum klukkutíma úr Hafnarfirði í bíl, en ferð frá Akureyri til Ólafsfjarðar tekur marga klukkutíma á mótorbát. Auk þess getur sýslumaðurinn átt á hættu að verða þar veðurtepptur í marga daga, svo að þetta þolir engan samjöfnuð. Svipað hygg ég, að megi segja um Bolungavík, svo að ef þörf hefir verið á að setja sérstakan lögreglustjóra í þau þorp, sem þegar hafa fengið þessa heimild, þá er sú þörf vissulega miklu ríkari að því er snertir Ólafsfjörð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:2 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:4 atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 799).

---

## 58. Iðnlánasjóður.

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um iðnlánasjóð** (þmfrv., A. 211).

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 211, n. 496).

**Frsm. (Emil Jónsson):** Af því þetta frv. fékk dálítið óvenjulega meðferð við 1. umr., nefnilega þá, að því var umr.laust vísað til n. vegna anna d., þykir mér rétt að fara nú nokkrum orðum um það almennt, áður en ég minnist á þær brtt., sem iðnn. hefir gert.

Það hefir verið tekið fram við ýms tækifæri hér í d., að það beri að sýna hinum vaxandi iðnaði í landinu meiri rækt heldur en gert hefir verið hingað til. Þegar hið háa Alþingi hefir verið að gera ráðstafanir til stuðnings atvinnuvegunum í landinu, hefir næstum alltaf verið miðað við landbúnaðinn og sjávarútveginn. Þessir tveir atvinnuvegir hafa hvor sinn bankann að styðjast við, landbúnaðurinn Búnaðarbankann og sjávarútvegurinn Útvegsbankann. Þá hafa þeir ennfremur sinn sjóðinn hvor, fiskiveiðasjóð og ræktunarsjóð. Þetta er ekki nema eðlilegt; þessir atvinnuvegir eru báðir gamlir og standa djúpt í meðvitund þjóðarinnar, og þess vegna hefir verið tekið meira tillit til þeirra heldur en hins unga iðnaðar. Hinsvegar hefir það verið svo, að á sama tíma sem þessir tveir atvinnuvegir eru að draga saman seglin, hefir iðnaðurinn aukizt án þess að menn hafi almennt gert sér grein fyrir því, og án þess að gerðar hafi verið nokkrar verulegar aðgerðir af hálfu hins opinbera iðnaðinum til stuðnings. Eftir síðustu skýrslum um skiptingu landsmanna á ýmsar atvinnugreinar í landinu hafa 10—20% af þjóðinni lífsframfæri sitt af iðnaði. Til samanburðar má geta þess, að landbúnaðurinn hefir í sinni þjónustu ⅓ hluta landsmanna, og sjávarútvegurinn ⅕ hluta. Þegar tekið er tillit til þess, hve skammt er síðan iðnaður hófst hér, verður ekki annað sagt en þessi atvinnuvegur hafi aukizt miklu meira og afkastað miklu meiru heldur en búast hefði mátt við. Afskipti hins opinbera af þessum atvinnuvegi hafa verið sáralítil, og hann á engan banka eða sjóð að styðjast við, heldur hefir hann orðið að bjargast algerlega upp á eigin spýtur, án þess að honum hafi verið lagt lið nokkursstaðar frá. Þetta hefir orðið til þess, að margir iðnaðarmenn hafa

átt mjög erfitt uppdráttar. Ég þekki marga iðnaðarmenn, sem hafa á sumrin atvinnu við byggingar, t. d. trésmíði, sem verða svo að reyna að skapa sér verkstæðisvinnu þegar litið annað er að gera, og hafa keypt til þess dýr áhöld og vélar, án þess að hafa fengið nokkurt lán, að ég ekki tali um styrk. Og það, sem er mest óþolandi, er það, að þessi atvinnutæki eru hvergi veðhæf. En það er hægt að fá lán út á allflest tæki, sem aðrir menn hafa í sinni starfsemi. (GSv: Ég veit þó dæmi til þess). Það má vera, að þau séu til, en þau eru víst sárafá. Vegna þessa hafa iðnaðarmenn orðið að kaupa verkfæri og vélar með afborgunum, sem þar af leiðandi hefir orðið þeim miklu dýrara heldur en annars hefði þurft að vera gegn staðgreiðslu. Nágrannaþjóðir okkar hafa fyrir löngu hafizt handa með að hjálpa iðnaðarmönnum í þessu efni, enda er iðnaður þeirra miklu eldri en hjá okkur. Danir settu hjá sér löggjöf í svipuðum anda og hér er farið fram á árið 1905. Þá stofnaði ríkið sérstakan sjóð til þess að hjálpa iðnaðarmönnum til vélakaupa. Fyrst lagði ríkissjóður Dana fram 50 þús. kr. á ári í þennan sjóð, sem svo hækkaði upp í 200 þús. kr. á ári. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir þessari löggjöf um þetta efni. Það er borið fram samkv. sérstökum tilmælum, sem samþ. voru á þingi iðnaðarmanna, sem haldið var hér í Reykjavík í fyrra.

Ég þarf ekki að fjölyrða neitt um þýðingu iðnaðarins fyrir landsmenn; ég held, að mönnum sé farið að skiljast, hversu mikla þýðingu hann hefir og hversu mikla vaxtarmöguleika hann hefir í sér fólgna á sama tíma sem hinir atvinnuvegirnir eru að draga saman seglin. Þetta er atriði, sem verður að taka til greina, þegar verið er að tala um það, hvernig bæta eigi úr atvinnuleysinu og þeim gjaldeyrisvandræðum, sem við eigum við að búa. Með því að styrkja þennan atvinnuveg er bezt ráðið fram úr þessum vandræðum báðum.

Um einstakar gr. frv. þarf ég ekki mikið að ræða. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram 25 þús. kr. á ári í þennan sjóð. Vægara er ekki hægt að fara í þessar sakir. Iðnn., sem hefir haft þetta frv. til athugunar, hefir lagt til, að sett sé í frv. heimild til þess að taka þessa upphæð að láni, þegar fé er ekki ætlað í fjárl. í þessu skyni, og er það ekki nema sjálfsagður hlutur. Í frv. var gert ráð fyrir, að atvinnumálaráðuneytið hefði yfirstjórn þessara mála, og var það meiningin hjá mér, að það annaðist lánveitingar og sæi um sjóðinn að öðru leyti. En það hefir orðið ofan á í iðnn. að gera breyt. á þessu, þannig að sjóðurinn væri undir sérstakri stjórn, t. d. Útvegsbanka Íslands eða annari hliðstæðri stofnun, en stæði aðeins undir yfirstjórn atvmrh. Þetta er kannske öllu heppilegra fyrirkomulag heldur en það, sem er í frv., og hefi ég því fúslega gengið inn á þessa breyt. Aðrar stórvægilegar breyt. hefir n. ekki gert á frv. — Lánsupphæðirnar eru ákveðnar í frv. 300—5000 kr. og mega ekki fara fram úr ⅘ hlutum andvirðis véla þeirra, er kaupa á, sé það notað til vélakaupa. Lánin skulu tryggð með veði í hinum keyptu munum, eða ef um rekstrarlán er að ræða, með sjálfskuldarábyrgð. Þá er lánstiminn ákveðinn allt að 12 ár og vextir ½% hærri en lægstu ríkislánsvextir árið fyrir lántökuárið, til þess að ríkissjóður sleppi skaðlaus af þeim. Annað í frv. eru sjálfsögð smáatriði, sem ég hirði ekki að fara út í. Ég geri ráð fyrir, að hv. dm. hafi lesið frv. og gert sér grein fyrir því að öllu leyti.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar. Ég vænti þess, að ef frv. verður að lögum, geti það orðið til hjálpar smærri iðnrekendum í þessum efnum, og mætti þá kannske verða til þess, að þeir slægju sér saman og myndu samvinnufélag um eina vél eða svo. Fyndist mér það mjög vel við eigandi.

ATKVGR.

Brtt. 496,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 496,2 (ný 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 496,3 samþ. án atkvgr.

7.—13. gr., með áorðnum breyt. á 7., 9. og 12. gr. samkv. brtt. 496,3, samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 496,4 (ný gr., verður 14. gr.), samþ. með 24 shlj. atkv.

14. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 524).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 524).

Á 47. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 524, n. 724).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. Iðnn. hefir haft það til athugunar og mælir eindregið með því, að það verði samþ. Eftir 1. gr. frv. er ætlazt til, að á næstu 10 árum verði lagðar 25 þús. kr. á ári til að stofna iðnlánasjóð, sem svo verði varið til styrktar hinum smærri iðnaði í landinu. Þetta er aðalákvæði frv.; svo eru vitanlega ýms nánari ákvæði í síðari gr. frv. og fyrirmæli um, hvernig sjóðnum skuli hagað, og sé ég ekki ástæðu til að rekja það nánar. N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Magnús Jónsson:** Hæstv. stj. er alltaf nokkuð hörð í kröfum við okkur sjálfstæðismenn, að

við verðum að sjá fyrir fé til framkvæmda þeim málum, sem við berum fram. Ég vil nú spyrja hæstv. stj., hvort séð hafi verið fyrir nægilegu fé til þessa, eða bent á tekjustofna fyrir iðnlánasjóð. Eða er það aðeins þegar nauðsynjamál sjávarútvegsins eiga í hlut, sem jafnhliða þarf að benda á tekjuöflunarleiðir?

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt, þá fer þetta frv. fram á, að stofnaður verði iðnlánasjóður, og því er allt öðruvísi háttað heldur en þegar fé er varið til venjulegra útgjalda eða styrktar, og með tilliti til þess er það fram tekið í 1. gr. frv., að ef fé er ekki fyrir hendi í fjárl., þá sé ríkisstj. heimilt að fá það að láni í þessu skyni, og mundi stj. gera það að þessu sinni. En ástæðan til þess, að fært þykir að hafa þessa lánsheimild í frv. sjálfu, er sú, að gert er ráð fyrir, að fé verði lánað úr sjóðnum, en ekki veittir styrkir. Þess vegna er þessu öðruvísi háttað en þegar um fé til venjulegra styrkja er að ræða.

Í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Reykv. spurði um, hvort það væri aðeins sjávarútvegurinn, sem ekki fengi fé úr ríkissjóði, nema jafnframt væri bent á tekjuöflunarleiðir, skal ég bara benda honum á, að í frv., sem hér er á dagskrá í dag, er till. um að heimila stj. að taka allt að 1 millj. kr. lán, ef þörf krefur, til styrktar sjávarútveginum í alveg sérstöku augnamiði. Og ástæðan til þess, að fært þótti að leysa úr þessu með lánsheimild, er sú, að hér er líka gert ráð fyrir, að þetta fé verði að einhverju leyti lánað til stofnkostnaðar, t. d. við nýjar verkunaraðferðir á fiskinum. Þess vegna hefir stj. fundizt, að hægt væri að færa rök fyrir því, að úr þessari fjárþörf mætti bæta með lánsheimild, en ekki beinlínis séð ástæðu til að krefjast sérstakrar tekjuöflunar á móti þeim útgjöldum, sem þar er gert ráð fyrir.

**Magnús Jónsson:** Það getur vel verið, að ég hafi ekki lesið þetta frv. nógu vel. Ég veit, að það á að lána fé út. En mér skilst, að þessi ¼ millj. kr. eigi að halda áfram að greiðast í iðnlánasjóð, hvort sem um er að ræða beina fjárveitingu til þess í fjárl. eða ekki. En lánin, sem ríkissjóður tekur til þess, verður hann þó alltaf að endurgreiða. Hvort sem hér er um að ræða lán eða ekki lán, þá skilst mér, að hér sé um að gera stofnfé fyrir lítinn vísi að iðnaðarbanka, sem í framtíðinni á að verða stór. Ég er svo sem ekki að amast við þessu. Öðru nær. En ég vildi aðeins láta það í ljós, að mér finnst, að stj. eigi að sýna fullkominn jöfnuð og setja sömu kröfur, hvort sem það er útvegurinn eða aðrir atvinnuvegir, sem í hlut eiga, og jafnt fyrir því, hvort flm. mála eru úr stjórnarflokkunum eða stjórnarandstæðingar. Það tjáir ekki fyrir stj. að bera því við si og æ, þegar um mál okkar sjálfstæðismanna er að ræða, að ekkert fé sé fyrir hendi, þess vegna verði málið svæft; en á hinn bóginn er það tekið fullgilt sem tekjuöflun fyrir málefni stjórnarsinna, ef þeim er látin fylgja heimild til stj. um að taka fé að láni. Og þá finnst stj. sjálfsagt að láta málið ganga fram. — Lántaka er náttúrlega tekjuöflun í bili; en stj. er misjafnlega nægjusöm með það úrræði, eftir því hver í hlut á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 800).

---

## 59. Skallagrímur h/f í Borgarnesi.

Á 24. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi** (þmfrv., A. 264).

Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Bjarni Ásgeirsson):** Mig langar til að segja fáein orð umfram það, sem í grg. stendur. — Eins og kunnugt er, hefir hlutafélagið Skallagrímur í Borgarnesi fyrir 2 árum keypt skipið Suðurland og haldið með því uppi ferðum milli Reykjavíkur og Borgarness. Síðan félagið tók við samgöngunum, hafa þær batnað stórum. Þær hafa betur verið sniðnar eftir þörfum héraðsbúa, og hefir almenn ánægja verið að. Enda þótt föstum ferðum hafi fjölgað, hefir fyrirtækið borið sig vel. Hefir vel verið á öllu haldið. En nú er þetta gamla skip að gefast upp. Var síðasti klassi þess útrunninn 1. okt. Það kostar nú 80—100 þús. kr. að klassa skipið upp, og hefir það ekki þótt geta komið til mála. Hefir því verið leitað tilboðs um nýtt skip. Má öllum ljóst vera, hversu nauðsynlegt er, að góðum samgöngum sé haldið uppi á þessari leið. Það er ekki aðeins Borgarfjarðarsýsla, sem góðs nýtur af þessum samgöngum, heldur og fleiri héruð, svo sem Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, og Dalasýsla að nokkru leyti. Öll þessi héruð njóta að meira eða minna leyti góðs af samgöngunum, og sama má jafnvel segja um Norðurland. Auk þess er þetta miklu beinni leið milli Norður- og Suðurlands heldur en að fara á bílum kringum Hvalfjörð. Það er því hugmyndin, að fara megi á einum degi á milli Rvíkur og Akureyrar, en til þess að það geti orðið, þarf skip það, er gengur á milli Rvíkur og Borgarness, að vera hraðskreitt, en það á hið nýja skip einmitt að vera.

Annars er það víst, hvað sem þessu líður, að það yrði hreinasta neyð, ef samgöngur á þessari leið féllu niður. Nú standa sakir þannig, að h/f Skallagrímur í Borgarnesi hefir fengið tilboð um smíði á nýju skipi, beinlínis sniðið

eftir flutningaþörfinni á þessari leið. Það er lítið eitt stærra en Suðurlandið, eða 125 fet á lengd og 22 fet á breidd. Brúttóstærð þess er um 300 tonn, og á það að geta flutt 250 farþega mest. Vélin í því á að vera diesesvél, með 440—490 hestöflum. Auk þess á það að vera útbúið til þess að geta tekið 10 bíla á dekk. Það getur því orðið nokkurskonar bílferja hér á milli. Kaupverð þess er 290 þús. kr. Af þessari upphæð eiga 47500 kr. að greiðast meðan á bygg*ingunni stendur. Hitt á að greiðast með jöfn*um greiðslum á 5 árum, en það er gert sem skilyrði, að skipið sjálft og ábyrgð ríkisins sé sett sem trygging fyrir þessari upphæð meðan á greiðslunni stendur.

H/f Skallagrímur hefir von um að geta lagt fram 90 þús. í hlutafé, en treystir sér hinsvegar ekki til að leggja út í fyrirtækið, nema með því móti, að geta tryggt sér í hlutafé sem svarar helmingi af kaupverði skipsins, eða sem næst 150 þús. kr., og fyrir því leyfir það sér að snúa sér til hins háa Alþingis um 50 þús. kr. framlag til hlutafjárkaupa, og getur sætt sig við, að upphæðin greiðist á 5 árum með jöfnum greiðslum, svo það ætti ekki að verða ríkissjóði mjög tilfinnanlegt.

Treysti Alþingi sér ekki til þess að verða við þessari beiðni, þá mun félagið ekki telja sig megnugt að leggja út í fyrirtækið, og þá myndu þær 90 þús., sem nú eru til, renna í vasa einstakra hluthafa í gamla félaginu, en ríkissjóður verða að annast samgöngurnar á þessari leið.

Ég vænti nú, að hv. þm. taki þessu með velvilja og greiði götu málsins gegnum þingið. — Að svo mæltu óska ég frv. vísað til samgmn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 264, 303, n. 364, 403).

**Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Ég get verið mjög stuttorður um þetta mál. Eins og nál. á þskj. 364 ber með sér, hafa samgmn. beggja deilda rætt þetta mál á sameiginlegum fundi og orðið ásáttar um afgreiðslu þess í höfuðatriðum, á þá leið, að ekki sé rétt að synja félaginu um þá ríkisábyrgð, sem hér er farið fram á í frv., og hafa nefndirnar fallizt á að mæla með því.

Um hitt atriðið, framlag úr ríkissjóði til hlutafjáraukningar í h/f Skallagrími, allt að 50 þús. kr., er nokkuð svipað að segja. Samgmn. beggja deilda hafa einnig orðið sammála um að mæla með því, eins og þetta mál horfir nú við, að þetta framlag verði innt af hendi sem hlutafé. Þó telur nefndin fordæmi þetta ekki alls kostar rétt. En með því að hér er myndarlega á stað farið af félaginu og nægileg trygging fyrir því, að skipið sé gott og vandað — en það er mikils um vert, því að þessi sjóleið, á milli Borgarness og Rvíkur, er mjög fjölfarin, ekki einungis frá Borgarnesi og Akranesi, heldur af ferðafólki víðsvegar af Suður-, Norður- og Vesturlandi, hefir n. mælt með hlutafjárframlagi því, sem fyrr er greint.

Samgmn. gerir till. um, að eigi megi greiða hluthöfum arð af hlutafé þeirra í félaginu meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir félagið.

Þetta mál var rætt svo ýtarlega við 1. umr. og skýrt í grg. frv. og nál., sem fyrir liggur, að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það. Að vísu eru hér fram komnar brtt. við frv. frá hv. þm. Barð. og Snæf., og munu þeir að sjálfsögðu mæla fyrir þeim. Verður þá tekin afstaða til þeirra frá hálfu samgmn.

**Thor Thors:** Við hv. þm. Barð. flytjum hér brtt. á þskj. 303, þess efnis, að hinu nýja skipi, sem á að koma í stað Suðurlands, skuli einnig ætlað að annast flutninga um Breiðafjörð, á sama hátt og eigi sjaldnar en e/s Suðurland hefir gert undanfarin ár. — Ennfremur flytjum við viðaukatill. á þskj. 403 við brtt. okkar, þess efnis, að kvöðin skuli hvíla á skipinu, unz séð er fyrir þessum flutningum með öðru jafnfullkomnu móti, að dómi atvmrh. Við leggjum *mikla áherzlu á*, að þessar brtt. okkar verði samþ.

Nú í ár hefir Suðurland farið 8 ferðir til Breiðafjarðar og haft viðkomu á Arnarstapa, Sandi, Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Króksfjarðarnesi og Salthólmavík. Það eru því þrjár sýslur, sem hafa notið góðs af þessum ferðum Suðurlands: Snæfellsnessýsla, Dalasýsla og Barðastrandarsýsla.

Um nokkur ár þar áður hefir skipið farið aðeins 4 ferðir og útgerðarfélagið fengið 1000 kr. styrk fyrir ferðina. En útgerðarfélagið fékk nú í ár 6500 kr. styrk úr ríkissjóði fyrir 8 ferðir skipsins til Breiðafjarðar, og vegna þess er félaginu skylt að flytja erlendar vörur til Breiðafjarðar fyrir helmingi lægra farmgjald en strandferðaskipin taka. Skipið hefir jafnan haft mikla flutninga, og afrakstur félagsins af ferðunum hefir yfirleitt verið góður. Það er og brýn nauðsyn fyrir hlutaðeigandi héruð, að þessum ferðum verði haldið áfram; að öðrum kosti verða aðflutningar á sjó þar mjög ófullnægjandi.

Við flm. þessarar brtt. teljum rétt, að þessi kvöð á hendur útgerðarfélaginu verði ákveðin í lögunum, og álítum, að þó það yrði gert á annan hátt, þá kynni það að falla niður aftur. Væntum við, að hv. samgmn. geti fallizt á að taka aftur 1. lið brtt. sinnar á þskj. 364, en hann gengur út á það, að um ferðir skipsins utan Faxaflóa fari eftir ákvæðum í fjárl., ef félagið nýtur styrks til ferða úr ríkissjóði. Þó að þetta ákvæði sé tekið upp í lögin, þá veitir það enga tryggingu fyrir því, að ferðum skipsins til Breiðafjarðar verði haldið áfram. Sá möguleiki getur alltaf verið fyrir hendi, að útgerðarfélagið afsali sér styrknum, og þá getur það látið ferðirnar falla niður. — Ég skal að lokum geta þess, að stjórn útgerðarfélagsins í Borgarnesi (Skallagríms) hefir tekið þessari till. okkar vel og fallizt á, að hún yrði lögfest; en á það leggjum við flm. mikla áherzlu, að þetta fyrirkomulag verði ákveðið með lögum. Það má ekki draga úr samgöngum á sjó frá því, sem nú er,

til þessara þriggja héraða. Enda sé ég ekki ástæðu til þess að skertur verði réttur þessara þriggja héraða til þessara ferða, nú þegar nýtt og fullkomið skip á að taka við þeim af Suðurlandi, enda eru þetta fjölmenn og víðáttumikil héruð, sem hér eiga hlut að máli.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég vil þakka hv. samgmn. fyrir meðferð hennar á þessu frv., og get jafnframt lýst yfir því f. h. okkar flm. og stjórnar útgerðarfél. Skallagríms, að við sættum okkur að miklu leyti við þær brtt., sem fram hafa komið við frv. — Þó verð ég að segja það, að ef við ættum að velja á milli brtt. hv. samgmn. og brtt. frá hv. þm. Snæf. og Barð., um það, á hvern hátt yrði séð fyrir ferðum skipsins til Breiðafjarðar, þá held ég, að við mundum fremur hallast að brtt. hinna síðarnefndu á þskj. 303, með viðbótartill. á þskj. 403. — Hér er að vísu ekki um stóran mismun að ræða, sem skiptir miklu máli, en ég mun greiða þeim brtt. atkv.

Um síðari brtt. hv. samgmn. á þskj. 364, þess efnis, að eigi megi greiða hluthöfum arð af hlutafé þeirra í félaginu meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir félagið, býst ég sömuleiðis við, að stjórn útgerðarfélagsins hafi ekkert við að athuga. Vænti ég því, að frv. verði samþ.

**Sigurður Einarsson:** Ég vil leyfa mér að taka undir með hv. 1. flm. að brtt. á þskj. 303 og 403, að það er mikils um vert, að þær nái samþykki hv. þd. Sem kunnugur maður um þær slóðir, er hér um ræðir, get ég borið um, að það skiptir mjög miklu máli fyrir héruðin umhverfis Breiðafjörð, að ekki verði dregið úr siglingasamböndum þeirra við Reykjavík. Og hér er um svo lítinn styrk að ræða úr ríkissjóði, sem þessar sýslur fá til Suðurlandsferðanna, samanborið við strandferðastyrk til annara héraða, að það er ekki nema sjálfsögð öryggisráðstöfun, að tryggja þeim með lögum þær samgöngubætur, sem þessi brtt. áskilur, þannig að þessar skipaferðir frá Reykjavík til Breiðafjarðar komi að sem beztum notum. Það er mjög þýðingarmikið atriði, að frá þessu sé gengið með lagaákvæði, eins og hv. þm. Snæf. tók réttilega fram, en að það sé ekki háð fjárlagaákvæðum í hvert sinn, eins og hv. samgmn. hefir lagt til. — Það er hugsanlegt, að ef útgerðarfélagið Skallagrímur fær mjög takmarkaðan ríkisstyrk í fjárl. til þessara ferða, þá telji það sér ekki skylt og sjái sér heldur ekki fært að halda þeim uppi. En ef félagið verður að lögum skyldað til að gegna þessum ferðum, þá mun við ákvörðun fjárlaga jafnan verða tekið tillit til þeirra kvaða, sem á félaginu hvíla, þannig að því verði eigi stofnað í hættu. Af þessum ástæðum álít ég, að það skipti talsverðu máli, að þessi brtt. verði samþ.

**Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Ég vil taka það fram fyrir mitt leyti, og geri ráð fyrir, að n. öll muni vera sama sinnis, að till. á þskj. 364 mun ég ekki taka aftur. Hinsvegar hefi ég ekkert að segja um þær breyt., sem fram hafa komið, annað en það, að ég tel líklegt, að þetta sé hentugt, og ég vil ekki beita mér á móti því, að till. verði samþ., ef hv. d. sýnist það ráðlegt.

**Gísli Sveinsson** [óyfirl.]: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls um þetta frv., sem hér liggur fyrir nú, með því að ég tel hv. frsm. samgmn., en í þeirri n. á ég sæti ásamt fleirum, vera búinn að gera fulla grein fyrir áliti n. í öllum aðalatriðum. Það er engan veginn svo, að við nm. séum allir þannig bundnir, að ekki sé tiltækilegt, að við göngum inn á annað, ef bæði okkur og hlutaðeigendum sýndist það rétt vera. Nú hefi ég heyrt, að hv. aðalflm. frv., sem hér mætir sérstaklega fyrir Borgarnes og félagið þar, finnst ekki með þessu dreift allt of mikið ferðum félagsins eða þyngt þeirri starfsemi, sem félagið ætlar sér að hafa með höndum, og hann hefir lýst yfir því, að hann gangi að þessu fyrir hönd félagsins og héraðsins, þá hefi ég ekki á móti því, að þetta skip annist bæði Faxaflóa og Breiðafjörð. En það kom fram hjá tilkvöddum ráðunaut n., nefnil. hv. aðalflm. sjálfum, að verið gæti varasamt og óeðlilegt að binda í l., að þetta skip, sem er fyrst og fremst miðað við Faxaflóa, þyrfti að hafa ferðir á aðra staði. Það kom einnig fram í n., að ferðir á staði utan Faxaflóa yrðu aðallega til Breiðafjarðar, en á Breiðafirði eru margir staðir, sem ómögulegt er að binda skip við, því að það er svo með þessa smáfirði og víkur þar, að sumt er ókannað og sumt ekki fullkannað fyrir skip, og n. þótti því of varhugavert að binda skipið við að hafa þessar ferðir að einhverju eða öllu leyti. Nú er yfir þetta að sléttast, og því má ég og aðrir nm. vel una, ef allt fellur í ljúfa löð, og geri ég því ekki að kappsmáli, þótt ég ætti hlut í þessari till., sem koma átti í stað brtt., að hún verði samþ. En það vil ég taka fram, að ég er ekki samferða meðnm. mínum í því að vilja samþ. fyrir utan ábyrgðina, að ríkið kaupi hluti í þessu félagi. Það kom fram á sameiginlegum fundi samgmn. Ed. og Nd., að í uppsiglingu er erindi frá Djúpbátnum á Ísafirði, þess efnis, að þeir fái ríkið til að taka þátt í fyrirtækinu. Nú eru fleiri félög, sem ýmist eru þegar starfandi eða verða stofnuð til að annast flutninga og ferðir. Munu þau öll renna í þetta kjölfar, ef fordæmið verður veitt. Tel ég því afarvarhugavert, ef ganga ætti inn á þessa braut. Tel ég nægilegt að veita slíkum fyrirtækjum ábyrgð eins og tíðkazt hefir um nokkurra undanfarinna ára skeið, þótt það sé líka braut, sem eigi að hafa gát á, en á henni er svo langt komið, að ekki mun hægt að kippa að sér hendinni í þessu máli, sem er mjög nauðsynlegt. Ég tala hér einungis fyrir mitt leyti, þó ég hyggi, að aðrir nm. muni vera svipaðrar skoðunar. Ef form. samgmn. fer ekki fram á að fá málið tekið af dagskrá, til þess að leggja það enn fyrir n., þá er mín yfirlýsing sú, að ég get sætt mig við brtt. hv. þm. Snæf. og hv. þm. Barð.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég veit ekki, hvort ég tók rétt eftir hjá hv. þm. V.-Sk., að hann hefði það eftir mér, að ég f. h. flm. óskaði eftir því, að þessar breyt. væru á frv. gerðar. Hafi honum

skilizt það á mér eða öðrum hv. dm., þá er það ekki mín meining, því að vitanlega myndi ég óska, að þetta væri afgr. kvaðalaust eins og við bárum það fram. En hinsvegar hefi ég orðið var við, að ýmsir hv. þm. gera það að skilyrði fyrir fylgi sínu við frv., að þessi kvöð og „klausula" bætist þarna við, og út frá því höfum við flm. og félagið gengið inn á þetta, til þess að stefna málinu ekki í voða. Því að tilgangur félagsins er eftir sem áður að fullnægja þörf þessa héraðs, Breiðafjarðar, eins og Faxaflóa. Af þeim ástæðum er það, að við göngum inn á þetta, en ekki af því, að við ekki kysum frekar kvaðalausa afgreiðslu. Hinsvegar hefi ég frekar óskað eftir því, að samþ. væri till. frá hv. þm. Barð. og Snæf.

Hvað viðkemur því, að varhugavert geti verið að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu, þá stendur hér sérstaklega á um þetta félag, og um hættulegt fordæmi þarf því ekki að vera að ræða. Þessu félagi er ætlað að starfa fyrir margar sýslur, um ⅓ hluta af sýslum landsins, og því ekki nema að nokkru leyti í þarfir þess héraðs, sem sérstaklega stendur að fyrirtækinu. Þar sem aðrir landshlutar munu hafa helmingsnot af þessum ferðum, er ekki ósanngjarnt, að sem viðurkenning komi framlag til hlutabréfakaupa að ⅓ frá ríkinu. Þetta er að nokkru leyti landsfyrirtæki, þótt eitt hérað standi undir meginþunga þess. Allt öðru máli gegnir um flóabátana innan hinna einstöku fjarða, enda hefir ekki komið fram nokkur till. um, að þetta yrði numið burt. (GSv: Það er hægt að bera það upp þannig, ef menn vilja það viðhafa).

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Það er rétt, sem hér hefir verið tekið fram, að samgmn. hefir ekki haft tækifæri til þess að athuga þá síðustu brtt., er hér liggur fyrir á þskj. 403. Ég sé þó ekki ástæðu til þess að óska eftir því, að málinu verði frestað og n. fái málið aftur til athugunar, en get lýst yfir því, eins og hv. frsm. n. hefir gert og nokkrir meðnm., eins og t. d. hv. þm. V.-Sk., að ég geri ekki að kappsmáli, hvernig þetta atriði verður afgr. viðvíkjandi ferðunum til Breiðafjarðar, og því síður þar sem fram kemur, að hlutaðeigandi, þ. e. a. s. félagið, sem að skipinu stendur, hefir ekkert á móti því að ganga að þessu. Ennfremur með tilliti til þess, að með till. á þskj. 403, sem þessir sömu flm. bera fram, er upphaflegu till. breytt á þá lund, að ekki er beint skylda, að félagið annist þessar ferðir, ef hægt er að sjá fyrir þeim á annan hátt, og slíka brtt. tel ég eðlilegri en hina. Annars er það svo með ferðir Suðurlands til Breiðafjarðar, að áskilið hefir verið, að þær væru 4 á þessu ári.

Ég vil geta þess hér, að það kom fram í n., að þótt mælt sé með þessu máli, sé það ekki gert á þeim grundvelli, að ætlazt sé til, að fordæmi skapist fyrir samskonar stuðning við aðra flóabáta. Slíkt felst ekki bak við nál., a. m. k. var ekkert um það samþ. í n., og það er rétt, sem hv. þm. Mýr. tók fram, að hér er um nokkra sérstöðu að ræða hvað þetta skip snertir, þar sem það getur komið svo miklum hluta landsins að gagni.

**Thor Thors**: Ég vil einungis þakka þeim hv. dm., sem talað hafa í þessu máli, fyrir vinsamlegar undirtektir við brtt. okkar hv. þm. Barð. — 1. flm. þessa máls, hv. þm. Mýr., kveðst geta fallizt á að greiða þessari till. atkv., og ég veit, að 2. flm., hv. 11. landsk., mun gera hið sama. Þeir 3 hv. þm. úr samgmn., sem talað hafa, hafa allir haft orð á því, að þeir legðu ekki kapp á að fá sínar brtt. samþ. Ég vil upplýsa hv. þm. V.-Sk. um það, að það var í öndverðu talið varhugavert að binda með l., að þetta skip skyldi annast Breiðafjarðarferðir, en stjórn h/f Skallagríms var búin að ganga inn á það atriði, þó ekki allskostar ánægð. En í morgun átti ég tal við form. félagsins í Borgarnesi, og hann sagði, að þeir væru fullkomlega ánægðir með að binda þetta eftir að viðaukatill. okkar hv. þm. Barð. kom fram. Okkar till. ber þó ekki að skilja svo, að þessar ferðir skuli falla niður, ef séð er fyrir þessu á annan hátt; það verður þá a. m. k. að vera á annan **jafnfullkominn** hátt. Við leggjum áherzlu á, að þessu sé ekki breytt fyrr en þessu skilyrði er fullkomlega fullnægt. Um það, hve margar ferðir farnar verða, þá hefir lágmarkið verið 4 ferðir, en voru í ár færðar upp í 8. Við ætlumst til, að ferðirnar verði a. m. k. 4, en ef ástæður leyfa, þá er það tilætlunin, að ferðunum verði fjölgað frá því lágmarki. Eftir þeim góðu undirtektum, sem till. okkar hafa fengið hér, vænti ég þess, að hv. d. samþ. þær með miklum meiri hl. atkv., og vil ég mælast til þess, að till. okkar verði bornar fyrst undir atkv.

ATKVGR.
Brtt. 403 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 303, svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.
— 364,1 kom ekki til atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 364,2 samþ. með 24:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 409, 514).

**Bjarni Ásgeirsson**: Við hv. 11. landsk. flytjum litla brtt. á þskj. 514 við frv. Það ákvæði, sem hér er lagt til, að fellt verði úr frv., var sett inn samkv. brtt. frá hv. samgmn. Við vildum ekki gera ágreining um þetta atriði við 2. umr. um frv., en þetta atriði hefir vakið allmikla athygli og spillt fyrir undirbúningi málsins í héraði. Það er nú unnið að því að safna hlutafé, og þetta ákvæði um að banna að greiða arð af hlutafénu meðan ábyrgð ríkisins stendur, hefir spillt fyrir þeirri söfnun og sett stíflu í þetta mál, svo að einstakir menn og hreppsfélög eru ófús að binda fé í félaginu, ef þetta ákvæði á að vera óbreytt. Þess vegna höfum við hv. 11. landsk. flutt till. um það, að ákvæði þetta falli burt, vegna þess að Alþingi hefir það í hendi sér við samningu fjárl. á hverju ári, að setja þetta sem skilyrði fyrir styrkveitingu til félagsins. Hinsvegar höfum við, ef þessi brtt. verður ekki

samþ., flutt aðra till. til vara, á þá leið, að arður verði aldrei útborgaður yfir 5% og ekki yfir ⅓ af hreinum rekstrararði. — Það virðist svo, að þó brtt. þessi verði samþ., þá sé vel séð fyrir hag ríkissjóðs og framtíð félagsins.

**Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Fyrir hönd samgmn. vil ég taka það fram, að hún hefir ekki getað athugað þessa brtt. Ég hefi borið mig saman við hv. form. n., og hefir okkur komið saman um að óska þess, að umr. um málið verði frestað, til þess að n. gefist kostur á að athuga brtt. þessa.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 27. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 409, 514).

**Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Fyrir hönd samgmn. vil ég geta þess, að n. hefir ekki unnizt tími til þess að taka ákvörðun um brtt., sem fram hafa komið við þetta frv., *af ýmsum ástæðum*, sem ég hirði ekki um að greina hér. N. hefir því ekki tekið afstöðu um þessar brtt., og hefir hún því óbundnar hendur um atkvgr. um hana.

Finn ég ekki ástæðu til þess f. h. n. að tefja framgang þessa máls.

ATKVGR.

Brtt. 514 (aðaltill.) felld með 16:8 atkv.

— 514 (varatill.) samþ. með 17:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 49. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 598).

Á 51. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 598, 647, n. 716).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. var borið fram í hv. Nd., og samþ. þar með litlum breyt. Samgmn. þessarar d. hefir athugað frv., og eins og sést í nál. á þskj. 716, leggur n. til, að frv. verði samþ. — Svo sem menn sjá, fjallar frv. um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins til h/f Skallagríms í Borgarnesi, sem hefir það verk að vinna, að halda uppi samgöngum milli Rvíkur og Borgarness. Jafnframt því, að þessi samgöngubót er fyrir þessa nefndu staði, er hún einnig liður í bættum samgöngum annarsstaðar, því að gengið er út frá því, að þetta skip geti tekið bifreiðar og flutt milli Rvíkur og Borgarness. Þetta hefir þýðingu fyrir samgöngurnar milli Suður- og Norðurlandsins, því að landleiðin frá Borgarfirði og hingað til Rvíkur er löng og torsótt, vegur slæmur, enda vegarstæði illt. — Ég geri ráð fyrir því, að þátttaka h/f Skallagrims í umbótum á alm. samgöngum sé fyrst og fremst talin að réttlæta það, að ríkið leggi fram töluvert hlutafé og auk þess ábyrgð. Einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að verða með brtt., sem fram kynnu að koma. — Nú eru brtt. á þskj. 647 frá einum hv. þm. úr samgmn., þm. N.-Ísf. Þessar brtt. komu til orða í n., en ég sé ekki ástæðu til að geta um afstöðu mína til þeirra fyrr en hv. flm. hefir talað fyrir þeim. — Þá hefir og verið lýst úr forsetastóli brtt. frá öðrum nm., hv. 4. þm. Reykv. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að hann mæli fyrir henni. Ég hefi ekki séð þessa till., en þykist nokkurnveginn vita um efni hennar, en mun að sjálfsögðu ekki ræða um hana að svo stöddu.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefi leyft mér að koma fram með brtt. við frv. þetta um hlutafjárframlag og ríkisábyrgð fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi, í þá átt, að Ísfirðingum verði sýnd álika hjálp. Öllum, sem til þekkja, er kunnugt, að til samgöngubóta í Ísafjarðarsýslu *er ekki nema ein leið, og það er sjórinn.* Hingað til hefir ríkið styrkt að nokkru þessar samgöngur N.-Ísfirðinga, en ávallt þannig, að það hefir verið of lítið til þess, að rekstur þeirra skipa, sem til þessa hafa verið höfð, hafi getað borið sig. Ísfirðingar sáu það fyrir löngu, að eina leiðin til þess að ráða bót á samgöngunum var að stofna til samtaka um skipakaup til þessara ferða. Og þegar á árinu 1884 er samþ. í sýslunefnd N.-Ísafjarðarsýslu og V.-Ísafjarðarsýslu að leggja fram fé í þessu skyni og fá bát til ferðanna. Úr þessu varð þó ekki, heldur tók Ásgeirsverzlun á Ísafirði að sér að útvega bát og annast ferðirnar með sýslusjóðsstyrk, og síðan nokkrum ríkisstyrk. Hinn litli gufubátur, sem fenginn var, reyndist ónógur til ferðanna, og þá var það, að Pétur Bjarnason, kaupm. á Ísafirði, keypti ca. 60 tonna gufubát vel útbúinn til farþega- og mannflutninga, og hélt uppi ferðunum *um mörg ár*, þangað til báturinn strandaði. Síðan hafa verið hin mestu vandræði með þessar samgöngur. Á stríðsárunum fékkst enginn til þess að taka ferðirnar að sér, og varð bæjarstj. Ísafjarðar og sýslun. N.-Ísafjarðarsýslu því að ráðast í bátakaup á óhentugum tíma. Var keyptur fiskibátur, þá nýsmíðaður, fyrir rúmar 70 þús. kr., þó ekki væri hann nema 40 tonn að stærð. Báturinn var í alla staði óhentugur, og þó haldið úti án þess að mikið tap yrði af. En þegar báturinn svo fórst, var hann ekki vátryggður nema fyrir 36 þús. kr., og beið Djúpbátsfélagið þá mikinn hnekki. Óhentugri farkostur var keyptur, og þótt hann væri 50 tonn að stærð, þá var ekkert hæfilegt rúm í honum til farþegaflutnings; að öðru leyti var hann sæmilegur flutningsbátur. Síðan hefir allt verið í mestu vandræðum. Bæjarsjóður, sýslan og einstakir menn höfðu lagt fram um 70 þús. kr. til hinna fyrri bátakaupa, og á síðastl. ári var allt hlutaféð tapað og félagið orðið gjaldþrota. Menn hafa séð, að fólksflutningar hafa að miklu leyti farið framhjá þessum farkosti,

sem verið hefir undanfarin ár, vegna þess hve lítið og óþægilegt rúm var í bátnum fyrir farþega, sem þó er nauðsynlegt, þar sem vegalengdir eru þarna miklar og fólkið þarf oftast að vera um borð í skipinu þetta frá 10—14 klst., og oft heilan sólarhring eða meira. Það er varla von, að allur þorri manna, sízt þeirra, sem eru sjóveikir, sæti slíkum skipakosti. Enda hefir reynslan orðið sú, að menn hafa heldur keypt sér farkost til þess að komast beint. Á þessu hefir útgerðin tapað óhemju miklu, óhætt að segja allt að helmingi af því, sem hún annars myndi hafa haft í farþegagjöldum. — Það er öllum þeim ljóst, sem líta á landakortið, að þarna er um miklar vegalengdir að ræða, en hinsvegar hvergi vegarspotti vel fær, nema frá Ísafirði út í Hnífsdal og fram í fjörðinn. Þótt menn vildu ferðast á hestum, þá eru vegalengdirnar það miklar, að úr innstu fjörðunum eru stífar 2 dagleiðir fyrir lausríðandi mann til Ísafjarðar. Fólksflutningar verða að fara fram á sjó. Annað er ekki hægt. Ísafjarðars. hefir ekki gagn af þeim strandferðum, sem haldið er uppi af ríkissjóðs hálfu kringum landið. Það eru aðeins nokkrar viðkomur í Bolungavík, sem strandferðaskipin hafa, en ekki annarsstaðar í sýslunni. Eimskipafélag Íslands fær nokkurn styrk til þess að annast viðkomur á smáhöfnunum, en það kemur ekki heldur N.-Ísfirðingum að gagni. Það er ekki hægt fyrir skip Eimskipafélagsins að verða að liði í þessari sýslu, enda ekki reynt, og þótt reynt væri, þá alveg gagnslaust. Allar póstsamgöngur fara fram á sjó, og þær ferðir innan N.-Ísafjarðarsýslu og til Súgandafjarðar eru á þessu ári 107 talsins. Héraðið er þríklofið: Djúpið, Jökulfirðirnir og svo Austur- og Vesturstrandirnar. Ferðirnar þurfa því að vera æðimargar, því að einungis verður farið á einn þessara staða í hverri ferð. Síðastl. ár hygg ég, að ferðirnar muni hafa verið yfir 200. — Ég hefi lítillega athugað, hvað farið hefir til samgöngubóta til annara héraða. Strandferðirnar munu koma 15 sýslum að notum: Vestmannaeyjum, Austur-Skaftafellssýslu, Suður-Múlasýslu, Norður-Múlasýslu, Norður-Þingeyjarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Strandasýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Barðastrandarsýslu, Dalasýslu og Snæfellsnessýslu. Kostnaður við strandferðirnar hefir að jafnaði verið undanfarin ár 360 þús. kr. að meðaltali á ári. Það eru 24 þús. kr. á hverja þessara sýslna. Eimskipafélagið heldur uppi ferðum til allra þessara sömu sýslna nema Dalasýslu, og þó lítið til Austurlandsins, en aftur aðallega til Norðurlands og Breiðafjarðar og V.-Ísafjarðarsýslu. Styrkur til þessara ferða er um 200 þús. kr. Ef því er deilt niður á 14 sýslurnar, koma 14 þús. kr. á hverja. — Flóabátaferðir, sem styrktar eru vegna þessara sýslna, sem hér um ræðir, að Vestmannaeyjum undanskildum, njóta 36 þús. kr. styrks, eða tæpl. 3 þús. kr. á hverja sýslu. Til samans nema þessar upphæðir 41 þús. kr. á ári til samgangna á sjó, sem hver þessara sýslna fær, en eins og ég áðan gat um, hefir N.-Ísafjarðarsýsla þessara ferða engin not, hvorki strandferðanna eða Eimskipafélagsskipanna. Vegafé til þessara sýslna hefir verið 380 þús. kr. undanfarin ár, eða að meðaltali 24 þús. kr. á ári á hverja sýslu. Undanfarin ár hefir því verið veitt 65 þús. kr. til hverrar þessara sýslna, sem ég nefndi, en til Ísafjarðarsýslu hafa undanfarin ár aðeins verið veittar 19 þús. kr. til þess að halda samgöngunum uppi og póstferðunum. Ég hefi í þessari skrá ekki tekið tillit til þess kostnaðar, sem varið er til póstferða í öðrum sýslum en N.-Ísafjarðarsýslu. Og nú eru póstferðirnar svo dýrar, að fyrir stríð varð að veita 10 þús. kr. til póstgangna á sjó í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hér er því ekki aðeins um styrk til samgöngubóta að ræða, heldur líka til póstferða, sem hvort sem er er skyldugt að halda uppi. Afkoma þessa héraðs veltur algerlega á því, hvort samgöngurnar eru í lagi eða ekki. Þar eru engar aðrar samgöngur mögulegar en þessar samgöngur á sjó. Undir þeim er það algerlega komið, hvort íbúar þessa héraðs geta haldið framleiðslustarfsemi sinni áfram og lifað á svipaðan hátt og hingað til. Það væri sannast að segja meira en lítið misrétti, ef Ísafjarðarsýsla ætti ekki að fá nema 10 (póstferðastyrkur 10 þús. kr.) þús. kr. til samgöngubóta, þegar aðrar sýslur hafa fengið 65 þús. kr. að meðaltali í sama skyni. Frá Norður-Ísafjarðarsýslu berast ríkissjóði tekjur, sem eru a. m. k. í hlutfalli við fólksfjölda, ef miðað er við aðrar sýslur, og mun hún vera þriðja fólksflesta sýslan á landinu. Suður-Þingeyjarsýsla og Suður-Múlasýsla einar eru fólksfleiri. — Það, sem sýslun. fer hér fram á, er það, að ríkissjóður leggi fram allt að 30 þús. kr. til hlutafjárkaupa í bátnum, og má það greiðast á 5—10 árum. Búið er að safna loforðum hjá bæjarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar, sýslun. Norður-Ísafjarðarsýslu og einstökum hreppum, sem nema rúmlega 30 þús. kr. Og vafalaust fæst meira fé á þann hátt, ef sjáanlegt er, að hægt verður að leggja í kaup á sæmilegum farkosti. Nú sem stendur eru einstakir menn, sem tapað hafa fé sínu í gamla fyrirtækinu, tregir að leggja fé fram á ný, nema ríkissjóður sjái sér fært að hlaupa þarna undir bagga. Það má fullyrða, að án þess verði ekki hægt að halda þarna uppi stöðugum samgöngum, sem nálgist það að geta nefnzt viðunandi. Á síðastl. ári gafst Djúpbátsfélagið upp, sem þessar ferðir hafði með höndum, en bæjarsjóður Ísafjarðar og sýslun. Norður-Ísafjarðarsýslu höfðu tekið á sig miklar ábyrgðir fyrir félagið, auk þess, sem lagt hafði verið fram úr þessum sjóðum sem hlutafé, þegar Djúpbátsfélagið var stofnað. Og talsvert af þessum skuldum er enn ógreitt. Þegar svo var komið, að félagið varð að gefa sig upp, var báturinn seldur. Sýslun. reyndi þá að fá menn til að taka að sér ferðirnar. Það tókst að fá mann til þess að taka að sér ferðirnar fram að nýári, um þriggja mánaða tíma, en eftir áramótin 1933—1934 fékkst enginn. Ríkisstj. varð þá að hlaupa undir bagga, og sendi hún þá vitaskipið Hermóð vestur og annaðist hann póstferðir og að litlu leyti aðrar ferðir um tveggja mánaða skeið, eða þar til sýslun. gat fengið mann til þess að halda ferðunum uppi það sem eftir var yfirstandandi árs. En far-

kostir þeir, sem þessi maður hefir yfir að ráða, voru ákaflega lélegir. Þar er ekkert farþegapláss, og aðeins lítið pláss ætlað skipshöfninni, en þar verða þó farþegarnir að hrúgast, ef nokkuð er að veðri. Sýslun. eða sú n. frá sýslun., sem með þetta hefir að gera, hefir orðið að halda neyðarsamningunum við þennan mann, af því að enginn annar fæst til þess að halda ferðunum uppi. Og ógerningur er að láta ferðirnar falla niður með öllu. Nú er komið svo, að menn eru farnir að forðast að ferðast með póstskipinu, og leigja sér heldur báta til að skjótast með milli hafna, þegar sæmilegt er í sjó. Því hefir verið haldið fram af ókunnugum, að betra væri að hafa bátana tvo, annan, sem flytti fólk og vörur um Djúpið, og hinn, er stunda ætti ferðirnar til norðurhreppanna. Slíkt fyrirkomulag teldi ég algerlega óhæft. Á slíkum leiðum sem þessum er ekki hægt að koma fyrir öryggi og þægindum farþegum til handa í bátum, sem ekki eru nema 20—30 tonn. Þetta yrði líka miklu dýrara en að hafa einn góðan bát. Og það, sem vakir fyrir sýslun. og öðrum forgöngumönnum þessa máls, er að fá góðan innanflóabát, með sæmil. farþegarúmi, og auk þess lítinn bát, sem flutt gæti afurðir þeirra bænda, sem mjólk geta selt til Ísafjarðar, á markaðinn þar. Sá bátur gæti farið til mjólkurframleiðenda þá daga, sem póstbáturinn fer ekki og nauðsyn er á slíkum flutningum. Það hefir borizt í tal í samgmn., að ríkissjóður afhenti Djúpbátsfélaginu eða sýslun. Norður-Ísafjarðarsýslu vitaskipið Hermóð til þessara ferða. Ég hefi talað við hæstv. ráðh. um þetta og heyrðist ekki á honum, að neitt væri ákveðið í þessu efni. Og ég fullyrði, að úthald slíks skips yrði algert ofurefli þessum aðilum, þó að ríkisstyrkurinn yrði aukinn upp í 24 þús. kr. á ári. Eftir að þetta kom til orða, hélt n. sú úr sýslun., sem með þetta mál fer, fund, og það var einróma álit hennar, að hún sjái sér ekki fært að taka á sig ábyrgð á rekstri slíks skips. Og hvað verður þá, eigi þessar ferðir að leggjast niður? Nú er ekki annað að sjá en svo verði, því samningur sýslun. við mann þann, er hefir ferðirnar á hendi nú, er útrunninn 15. janúar. Og fyrirsjáanlegt er, að enginn sá, er ráð hefir á sæmilegum farkosti, fæst til þessara ferða, meðfram vegna þess, að styrkur frá ríkissjóði er mjög lágur, þegar tekið er tillit til þeirra krafna, sem gerðar eru um póstferðirnar. Að því verður að gæta, hve miklar vegalengdir þarna er um að ræða. Strandlengja þessarar sýslu er lengri en nokkurrar annarar sýslu á landinu.

Ég hefi getað fallizt á það, að sá styrkur, sem hér er farið fram á til Skallagríms í Borgarnesi, verði veittur. Ég tel, að það sé heppilegri stefna, að ríkissjóður styrki héruð til að eignast sæmilega farkosti, en að láta allt drasla svo sem nú er. Og nú er það vitanlegt, að með sæmilegum farkosti yrðu mannflutningar margfalt meiri en með þeim lélegu. Meðan gufubáturinn Tóti hafði þessa flutninga á Djúpinu, voru tekjur af farþegaflutn. 12 þús. kr. á ári, eftir því sem eigendur þess báts hafa tjáð mér. Og fyrst eftir að Djúpbátsfélagið var stofnað, og hafði Braga í förum, urðu tekjurnar af mannflutningum ekki nema 10 þús. kr., enda var sá farkostur lélegri. Nú á síðari árum hefir þessi tekjustofn farið jafnvel niður í 8000 kr. Þetta er ekki af því, að minna sé ferðazt nú en áður; ég fullyrði, að meira er ferðazt og þörf fyrir meiri fólksflutninga en áður var, eins í þessu héraði sem öðrum. En fólk sneiðir hjá lélegum farkostum, — ég er sannfærður um það, að tekjur af fólksflutningum þarna gætu farið upp í 15—18 þús. kr., ef gott skip fengist til ferðanna. Það hafa drifið að Alþ. skeyti frá hreppsn. og sýslun. í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu um þetta mál. V.-Ísafjarðarsýsla hefir auðvitað minni not af bátnum en N.-Ísafjarðarsýsla, en þó mundi nú vestursýslan hafa talsverð not af þessu skipi, eins og það er áformað. Allir vita, að þarna er ekki um bílvegasamgöngur að ræða, og allir flutningar erfiðir og dýrir. Enda hefir færzt í það horf, að íbúar Vestur-Ísafjarðarsýslu hafa sótt mikið af verzlun sinni til Ísafjarðar, einkum eftir að teknar voru upp reglubundnar ferðir til Vestur-Ísafjarðarsýslu með Djúpbátnum. Það er því ljóst, að einnig þessi sýsla getur haft mikinn hag af góðum farkosti við Djúpið.

Ég ætla ekki að gylla þetta mál fyrir hv. þdm. með loforðum um það, að þetta fé mundi koma aftur með vöxtum í ríkissjóð. Reynslan hefir sýnt, að á þessum rekstri verður oftast tap. Enda er þess varla að vænta, þar sem samgöngur eru svo erfiðar sem vestur þar. En þessar framkvæmdir eru ómissandi fyrir sýsluna; 4000 íbúar hennar krefjast þessarar aðstoðar, og það er ekki hægt með rökum að neita þeim um það. Ég verð að segja, að mér fyndist Ísafjarðarsýsla illa afskipt, ef hún getur ekki fengið aðstoð til þess að afla sér sæmilegs farkosts til þess að halda uppi nauðsynlegustu ferðum.

**Forseti (EÁrna):** Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 751. Þar sem brtt. þessi er of seint fram komin, verður að veita afbrigði frá þingsköpum, svo að hana megi taka til meðferðar.

Þá hefir mér og borizt skrifl. brtt. við þessa till., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 769].

Þessi brtt. er einnig of seint fram komin, auk þess sem hún er skrifl., og þarf til þess tvenn afbrigði, að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um báðar till. leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari er fólginn í þeirri brtt., sem ég flyt. Ég skal geta þess, að þegar þetta mál var rætt í samgmn., var það víst einróma álit fundarmanna, að þessi fyrirtæki greiddu ekki arð meðan ríkið stæði í ábyrgð fyrir hlutafé þeirra. Því er brtt. mín fram komin. — Ég sé ekki annað en nauðsynlegt sé að hjálpa h/f Skallagrími til að koma skipsbyggingu sinni af stað. Enda mun fél. vera búið að semja um byggingu skips og hafa gengið frá því sem gefnu, að það fengi ábyrgð ríkisins fyrir andvirði skipsins, og jafnvel von um það, að ríkið yrði hluthafi í fyrirtækinu. Ég teldi því verr farið, ef mál þetta strandaði,

Ég vil taka það fram, að ég tel litla hættu á því, að ríkið verði fyrir skakkaföllum vegna þessara ábyrgða. Reynslan hefir sýnt, að Borgarnesferðir bera sig vel, og er ekki ástæða til að ætla, að svo verði ekki einnig framvegis, ekki síst ef nýtt skip kemur í staðinn fyrir Suðurland. Enda mun þetta nýja skip eiga að vera miklu sparneytnara í rekstri, svo að allt bendir á, að þetta verði arðsamt fyrirtæki. Það er öllum ljóst, að þessar ferðir, sem tengja saman Norður- og Suðurland, mega ekki leggjast niður. Og það er stórt atriði í þessu máli, að nýja skipinu er ætlað að geta flutt bíla sjóleiðina til Borgarness, og mundi það skapa greiðari samgöngur milli Rvíkur og Norðurlands en nú er, og efast ég ekki um, að af þessu verði mikil not. Ég fylgi því óhikað þessari till.

Hvað viðvíkur brtt. hv. þm. N.-Ísf., þá er ég algerlega sammála honum um þörfina á flóabátaferðum í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hv. þm. hefir fært skýr rök að því, að þessi sýsla getur ekki vænzt eftir landsamgöngum í náinni framtíð, og aðeins sé að ræða um sjóleiðina. Eini ágreiningurinn, sem er okkar á milli í því máli, er sá, hvort eigi að ráðast í það, sem hann fer fram á, nú á þessu ári. Ástæðan til þess, að ég tel ekki fært að leggja í þetta nú, er fjárhagsástand ríkissjóðs; ég hygg, að erfitt yrði að leggja fram fé í þessu skyni. Og ég tel erfitt mjög að bæta við þær ábyrgðir, sem ríkið er þegar búið að taka á sig. Í stað þess gæti komið til mála, að næsta ár fengi sýslun. til umráða vitaskipið Hermóð, sem er mjög sæmilegur farkostur og fullnægir öllum þeim kröfum, sem hægt er að gera til slíkra ferða. Um það hefir verið talað, að annað skip mætti nota til vitaflutninganna, og væri þetta þá ólíkt þarflegra en að láta Hermóð liggja einhversstaðar aðgerðalausan. Sú eina röksemd, sem færð hefir verið gegn því að taka Hermóð til þessa starfa, er sú, að hann væri of djúpskreiður. Ég hefi lagt nokkuð mikið upp úr þessu, en nú hefi ég sannfærzt um það, að bátur sá, sem gert er ráð fyrir að byggja, verður eins djúpskreiður. Eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið, verður nýi báturinn 9 fet djúpskreiður, en það er sama og Hermóður. Hann getur því alveg eins gegnt þessum ferðum og nýi báturinn, þegar til kemur.

Ég hefi þá í stuttu máli skýrt þann ágreining, sem var í n. Ég get því ekki samþ. brtt. hv. þm. N.-Ísf., því ég held, að við verðum að láta þær bíða fyrst um sinn og vita, hvort ekki koma betri tímar, svo hægt verði að veita þann styrk síðar. Hitt atriðið, hve stór báturinn þarf að vera, er óþarft að deila um. Ég er hv. þm. alveg sammála um, að bátur fyrir N.-Ísafjarðarsýslu megi ekki minni vera en hann sagði. Það getur aldrei orðið sæmileg aðbúð fyrir fólkið í minni bát, hvað sem aðrir segja. Með því að tengja þessa brtt. við frv. taldi ég, að því gæti verið stefnt í óvænt efni; þar sem nú er, eins og allir vita, mjög liðið á þing, gæti allur dráttur valdið því, að frv. dagaði uppi. Og þar sem ég er því fylgjandi, að Skallagrímur fái þennan styrk, vil ég ekki láta eyðileggja málið með því að setja inn í frv. fleyga, sem geta orðið því að falli. Ég er því á móti brtt. hv. þm. N.-Ísf.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefði eiginlega þurft að ná tali af hæstv. atvmrh. Mér skilst, að ómögulegt sé að afgr. málið á þennan hátt, nema vissa sé fyrir, hvernig póstferðum um N.-Ísafjarðarsýslu verður hagað næsta ár. Mér er ekki kunnugt um, að hæstv. ráðh. hafi gengið inn á að láta vitabátinn Hermóð til þessara ferða. Eins og ég gat um áður, er það sama og leggja þessar ferðir niður, ef ekki er séð fyrir farkosti. Það er verið að svipta sýsluna gersamlega öllum möguleikum til samgangna.

Þar sem hæstv. atvmrh. er nú að koma í d., vil ég skjóta því til hans, hvort það sé rétt, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv., að það mundi vera ákveðið, að Hermóður yrði lánaður h/f Vestfjarðabátnum eða sýslufélagi N.-Ísafjarðarsýslu til ferða um sýsluna á næsta ári, því án þess álít ég hreinasta gerræði að drepa þessar till., þegar 15 aðrar sýslur hafa fengið í styrki til strandferða og flóabáta yfir 40 þús. kr. á ári að jafnaði, auk landsamgangna, sem N.-Ísafjarðarsýsla hefir engar. En þó að N.-Ísafjarðarsýsla hafi ekki fengið nema 19 þús. kr. á ári, má ekki bæta við hana 3 þús. til þess að sýslan geti eignazt sæmilegan bát. Ég verð að segja, að mér finnst það vera meira en lítið gerræði, nema hæstv. stj. eða ráðh. geti boðið eitthvað í staðinn, því annars er ómögulegt að halda ferðunum uppi næsta ár. Það hefir heyrzt, að ætti að lána Hermóð í þessar ferðir, en mér er ekki kunnugt um, hvort það er rétt, og óska eftir, að hæstv. atvmrh. vildi gefa ákveðnar upplýsingar um það. En Hermóður er of stór og verður því alltaf meira tap á honum en minni bát, jafnvel þó Hermóður væri lánaður leigulaust, sem vitanlega væri sjálfsagt. Það er 60 tonna bátur, sem við þurfum. Hér liggur fyrir umsókn um styrk til 60 tn. báts, og eru allir aðilar sammála um, að það sé heppilegasta stærð, svo hægt sé að telja sæmilegan farkost. 100 tn. bátur er of stór fyrir eitt sýslufélag, nema styrkurinn yrði hækkaður um 15—20 þús. kr.

Eins og ég hefi getið um áður, telja sumir, að nota megi tvo 20 tn. báta. Gengi þá annar um Djúpið í daglegum reglubundnum ferðum, en hinn annaðist flutninga fyrir norðurhreppana, sem einnig hafa mikla þörf fyrir bættar samgöngur. En þá er algerlega óleyst verkefni um samgöngur fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem hefir fengið 12—15 ferðir á ári. En tveir bátar verða alltaf tiltölulega dýrari en eitt stærra skip, jafnvel þó ætlazt sé til að hafa 6—10 tn. bát til þess að annast afurðaflutning, t. d. mjólk bænda við Djúpið, svo að þeir hafi ferðir, sem byggja má á, þegar ekki falla ferðir með stærra skipinu. En þær eru oft, ef þær verða jafnörar og að undanförnu, um 200 á ári, 130 í Djúpið, en hinar í norðurhreppana og vestursýsluna. Áætluninni var haldið óbreyttri, en á síðasta hausti varð að fá aukabát til þess að flytja sláturfé, sem kjötverðlagsnefnd vildi ekki veita leyfi til að slátra heima. Ég verð því að segja, að án þess að hæstv. ráðh. geti og vilji gefa fullt loforð um að lána vitaskipið Hermóð, án endurgjalds, verður málið í hinu mesta öngþveiti um mannflutninga og vöruflutninga, og engir póstflutningar. Verða þá

aðeins notuð smáskip, og hver potar út af fyrir sig um langar vegalengdir og úfinn sjó fyrir opnu hafi. Slíkar ferðir verða dýrar og ófullnægjandi, og sé ég ekki annað en endirinn verði sá, að ríkisstj. verði að taka málið í sínar hendur og leggja til sæmilegan farkost. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. ætlist til þess, að svo sé búið að sýslunni, að menn fái aldrei póst, hafi enga flutninga og engar ferðir séu fyrir þá, sem þurfa að ferðast, þar sem allar ferðir verður að fara á sjó. Ég er meira en hissa, ef hv. þdm. geta ekki samþ. 3 þús. kr. styrk á ári í næstu 10 ár, þegar ég hefi sýnt, að styrkur til 15 sýslna hefir verið 40 þús. kr. á ári til flóabáta og strandferða. Það er nokkur von um að fá hlutaféð til muna aukið, ef ríkið vildi hlaupa undir bagga á þann hátt, sem farið er fram á, en ég tel enga von til þess að öðrum kosti, vegna þess að menn telja vonlaust, að hægt sé að halda uppi samgöngum nema ríkissjóður styrki lítillega þessi bátakaup.

**Þorsteinn Þorsteinsson** [óyfirl.]: Það var aðallega út af brtt. hv. 4. þm. Reykv., sérstaklega þeirri skrifl. brtt., er hann bar fram nú síðast, sem ég vildi hreyfa nokkrum orðum um þetta frv.

Ég skal geta þess, að hv. Nd. var búin að setja inn í frv. samskonar skilyrði og sett eru í brtt. þeirri, sem hér er komin fram. Skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp ákvæði það, sem hv. Nd. var búin að setja í frv.:

„Eigi má greiða hluthöfum arð af hlutafé þeirra í félaginu, meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir félagið".

En þegar búið var að setja þetta skilyrði inn í frv., brá svo við, að menn vildu ekki lofa frekara hlutafé, og jafnvel ganga frá því, sem áður var búið að lofa. Þeir menn, sem stóðu fyrir að safna hlutafénu, urðu í þeim vandræðum, að þeir sáu ekki fram á annað en stöðva yrði byggingu bátsins, sem þó var búið að semja um smíði á. Forráðamennirnir sneru sér því til Nd., og ég hygg til hæstv. stj.,og fyrir áhrif þaðan var frv.afgr. eins og það liggur nú fyrir þessari hv. d. Síðan hefir söfnunin gengið sæmilega um hlutafé. En ef við förum nú að samþ. þessa brtt. og taka upp aftur sömu ákvæði og áður voru felld, kemst málið í mesta vanda, og ég get jafnvel búizt við, að til þess leiði, að stöðva verði smíði skipsins, sem búið er að semja um, og kemst þá stj. og aðrir aðstandendur í mikinn vanda. Hv. 4. þm. Reykv. tók fram, að hann vildi ekki stefna frv. í voða eða eyðileggja það með sínu atkv. Út frá þessum góða vilja þætti mér vænt um, ef hann vildi taka brtt. sína aftur, a. m. k. til 3. umr., því ég býst við, að það kæmi málinu í hinn mesta vanda, ef hún yrði samþ. Þetta held ég, að sé gangur málsins.

En úr því að ég stóð upp, vildi ég minnast dálitið á ferðirnar til Breiðafjarðar. Það var í samráði við mig, að 2 þm. í Nd., þeir hv. þm. Snæf. og hv. þm. Barð., báru fram till. um að skjóta því til hæstv. stj., að hún sæi um, að engar vanefndir yrðu á því, að skipið gangi ekki sjaldnar en ráð er fyrir gert og svo oft, sem nauðsyn krefur, til Breiðafjarðar. Er þetta mjög mikilsvert, einkum fyrir Gilsfirðinga.

Um brtt. hv. þm. N.-Ísf. er ekki nema allt það bezta að segja. Ég sé og heyri, að nauðsynlegt er að breyta þar til batnaðar, en ég held, að það væri heppilegra að flytja það í sérstöku frv. heldur en í sambandi við þetta; það getur orðið því til trafala.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég álít, að sú leið, sem hér er gengið inn á, að ríkið taki hluti í flóabátunum, sé ákaflega varhugaverð. Ég óttast, ef það er gert hér, að þá megi búast við kröfum í sömu átt úr flestum sveitum landsins. Um brtt. hv. þm. N.-Ísf. get ég sagt, að það væri eðlilegt, að hún kæmi fram, eins og frv. var afgr. frá Nd.

Út af fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. um, hvort ákveðið væri að lána Hermóð endurgjaldslaust, get ég svarað því skýrt og skorinort, að um það hefir engin ákvörðun verið tekin, og engin tilmæli um það komið til ríkisstj. Ef beiðni kæmi um það frá félaginu og umsögn samgmn., mun það verða tekið til athugunar.

Að því er snertir sjálfa brtt., geri ég ekki ráð fyrir að geta greitt henni atkv.; sumpart vegna þeirra ástæðna, sem ég gat um í upphafi, og í öðru lagi er mér ekki fullljóst, hvort það er rétt að hafa 60 tonna bát. Ég er kunnugur og þekki allvel til þar vestra og tel jafnvel ekki rétt, að heppilegast sé að hafa stórt skip og lítinn bát í viðlögum. Ég held, að betra væri að hafa smábáta til nauðsynlegra afurðaflutninga og daglegra ferða, en leigja heldur stærra skip stöku sinnum til lengri ferða og þegar um meiri flutninga væri að ræða.

Til viðbótar verð ég að segja um brtt. hv. þm. N.-Ísf., að mér sýnist 1. og 2. brtt. rekast á. Hv. þm. gerir, að mér skilst, ráð fyrir, að 60 tn. bátur kosti 90 þús. kr. Ennfremur er gert ráð fyrir í 2. brtt., að ríkið leggi fram 30 þús. kr. í hlutafé og ábyrgist 60 þús. kr. Er þá ekkert hlutafé innborgað? Eða er það tilætlunin, að ríkissjóður borgi allt? Eða er það e. t. v. eins og mér helzt skilst, að Vestfjarðabáturinn h/f hafi ekkert innborgað hlutafé, en búist við að fá það innborgað síðar og ætli þá að láta það ganga til lækkunar á ábyrgðarskuldinni jafnóðum og það innborgast?

Ég hefi svo ekki meira að segja um frv. Í sambandi við brtt. á þskj. 769 er ekki því að leyna, að ég geri ráð fyrir, að menn verði tregir til að leggja fram hlutafé, ef hún verður samþ. (MG: Ætli það geti ekki skeð?). En sé önnur leið fær án ríkisábyrgðar, þá er hún betri. Og mér þykir undarlegt, ef efnahagur félagsins er góður og loforð um 50 þús. kr. framlag frá ríkinu, ef ekki er hægt að fá lán án ríkisábyrgðar, og væri það betur.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Mér skilst, að þeir hv. þdm., sem tekið hafa til máls, séu allir fylgjandi frv. eins og það liggur fyrir. En í sambandi við brtt. þá, sem komin er fram, vildi ég segja örfá orð. Hv. þm. N.-Ísf. hefir að minu viti réttilega lýst svo því ástandi um samgöngur í N.-Ísafjarðarsýslu, að það, sem gert verður af hálfu ríkisins til þess að bæta þær, hljóti að verða á sjó. Ég er honum alveg sammála um

þetta, og einnig, að ríkinu beri skylda til að hlaupa undir bagga. En það gæti frekar greint á um leiðir. Hv. þm. stingur upp á, að byggður verði mótorbátur, sem hann gerir ráð fyrir, að kosti um 90 þús. kr., og ætlast til, að ríkið leggi fram hjálp í sama hlutfalli og til Borgarnesbátsins. Það má vel vera, að það sé rétt að haga þessu svona, án þess að ég sé viss um, að hér liggi fyrir þær upplýsingar, er gefi það fullkomlega til kynna. Það, sem mér skilst, að valdi miklu um fjárframlag til Borgarnesbátsins, eru þær almennu samgöngur, sem skipið á að annast og varða ríkið allt.[1])

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Það hefir komizt til orða að lána þeim Vestfirðingum vitaskipið Hermóð, og það hefir líka verið minnzt á það í samgmn. Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefir komið til tals um þetta við samgmn. og hefir átt tal um þetta við þær. Ég hefi hér hjá mér ætlun, sem hann hefir gert um kostnað af þessum tveimur bátum, nýjum 60 tonna bát eins og hv. þm. N.-Ísf. gerir ráð fyrir, og hinsvegar vitabátnum Hermóði. Telur hann þar, að rekstrarkostnaður þessa nýja báts muni vera um 76000 kr. á ári, og eru þá ekki frátaldar þær tekjur, sem hann hefir. En rekstrarkostnaður Hermóðs er gert ráð fyrir, að sé 68 þús. kr., eða 8000 kr. minni. Þar verður þó því við að bæta, að þar er ekki gert ráð fyrir, að nein leiga sé goldin eftir Hermóð, og ekki heldur viðhald, nema þá að litlu leyti.

Nú sýnist mér, að ef ríkisstj. getur lánað Hermóð til þessara ferða, þá mundi ekki vera frágangssök að nota hann, ef þessi áætlun er rétt, því að Hermóður er nálægt 100 tonn og að ýmsu leyti betur útbúinn en þessi nýi bátur mundi verða. Hann hefir t. d. sjálfvirkan dýptarmæli, sem er dýrt áhald og hentugt í svona ferðum. Það hefir einnig verið upplýst, að Hermóður og þessi nýi 60 tonna bátur rista jafndjúpt, svo að því leyti kemur það í sama stað niður. Þegar þessi áætlun var lögð fyrir samgmn., var hv. þm. N.-Ísf. þar viðstaddur, og þá efaðist hann ekki um, að þessar áætlanir væru nærri lagi. Mér skilst því, að með þessari aðferð megi bæta úr mjög brýnni þörf án þess að byggja nýjan bát, en ef það væri svo, þá mundi það teljast kostur að þurfa ekki að byggja nýjan bát, vegna þess að margt liggur nú fyrir, sem gera þarf.

Ég get þess vegna ekki séð annað en að bæta megi úr samgönguörðugleikum Vestfjarða, og það án þess að byggja nýjan bát, ef hægt verður að fá Hermóð til þessara ferða. Nú hefir hæstv. atvmrh. tekið til máls hér og lýst því yfir, að um þetta hefði ekki verið tekin ákvörðun í stj., og ég veit, að það muni vera alveg rétt. En ég hefi hinsvegar leyfi til að geta þess f. h. þess flokks, sem ég er í, og þá sjálfsagt líka f. h. þeirra ráðh., sem eru í flokknum, að það er blátt áfram meining Framsfl., að Hermóður verði lánaður til þessara ferða leigulaust og án þess að greiða viðhald, a. m. k. að fullu. Og ef það skyldi vera rétt, að rekstrarkostnaður Hermóðs væri um 8000 kr. minni en á þessum nýja bát, þá sýnist mér, að þar sé ekki alveg gengið framhjá þessari þörf Vestfirðinga. Hv. þm. N.-Ísf. segir, að það sé meira en lítið gerræði, ef Vestfirðingum yrði nú neitað um þá hjálp, sem felst í brtt. hans. Ég tel, að það væri gerræði við þá, ef þeim væri neitað um alla hjálp. Ég er honum sammála um það, að þar sem svo hagar til sem þar, þá er ekki að ræða um samgöngur á landi. Þær verða allar að fara fram á sjó, og þá er skylt að hjálpa þeim til við samgöngubætur á sjó. En ég tel það ekkert gerræði að leggja á móti till. hans, ef Ísfirðingar geta fengið Hermóð til þessara ferða. Ég get líka lýst því yfir, að mér þykir mjög líklegt, að hvort sem Hermóður verður hafður til þessara ferða eða nýr bátur smíðaður, þá muni það reynast hæpið, að sami styrkur sem að undanförnu, eða nálægt 20000 kr., nægi til þess, að ferðirnar beri sig. En mér skilst, að það verði a. m. k. hægt að komast af með eins lágan styrk til Hermóðs og til þessa nýja báts.

Þá vil ég drepa nokkuð á brtt. hv. 4. þm. Reykv., að það skuli ekki vera leyfilegt að greiða hluthöfum arð af því fé, sem þeir leggja í Skallagrím. Ég vil nú í fyrsta lagi benda á það, að þetta skip á að kosta því sem næst 300000 kr. og verður um 300 brúttó tonn að stærð. Það á að rúma um 250 farþega og getur tekið á dekk 10 bíla og er yfirleitt á allan hátt vel útbúið skip. Nú er það svo, að það er ætlazt til þess, að helmingur af byggingarkostnaði, eða nálægt 150 þús., verði lagt fram sem hlutafé. Þar af er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram 50000, en einstakir menn og sveitarfélög verða þá að leggja fram allt að 100000 kr. En mér finnst varla von, að einstakir menn vilji leggja fram svo mikið fé í þetta fyrirtæki, ef þeir hafa enga von um að fá neinn arð, hversu vel sem gengur. Ég veit, að það getur alltaf orðið álitamál, hversu mikinn arð skuli greiða, getur vel verið, að 5% sé of hátt. (ÞÞ: Það er líka hámarkið). Já, það er rétt, en þar sem um svo mikil fjárframlög er að ræða, þá er ósanngjarnt og óráðlegt að taka fyrirfram alla von af mönnum um það, að fá nokkurn arð af því fé. Svo má líka taka það með í reikninginn, að ef arður væri greiddur af hlutafénu, þá fær ríkið að sjálfsögðu einnig arð af sínu hlutafé.

Hæstv. atvmrh. tók það fram sem sína skoðun, að ríkið ætti helzt ekki að leggja fram hlutafé í flóabáta. En það er kunnugt, að þetta fyrirtæki hefir sérstöðu, eins og ég hefi áður tekið fram, sem sé að þetta er þýðingarmikill liður í almennum samgöngum, því að það er gert ráð fyrir, að þetta skip hafi tíðar ferðir milli Rvíkur og Borgarness, og þeir, sem vita, hve mikill ferðamannastraumur er á leiðinni frá Rvík og bæði norður og vestur um land, hljóta að skilja, hversu mikið er varið í að fá þarna örugga og fljóta ferð í staðinn fyrir að verða að fara hina ógreiðu og löngu leið inn fyrir Hvalfjörð, sem er oft ill yfirferðar eða jafnvel ófær.

Það er því óþarft fyrir hæstv. ráðh. að telja það varhugavert að leggja fram þennan styrk. Hér er um undantekningu að ræða frá venjulegum flóabátum.

1) Niðurlag ræðunnar vantar af hendi skrifara. S. Á. Ó.

**Magnús Guðmundsson:** Það virðast allir sammála um, að þetta frv., sem hingað er komið frá hv. Nd., nái fram að ganga, og ég er einn í þeirra tölu.

Hv. 4. þm. Reykv. *vill þó ekki*, að frv. *fari héðan óbreytt*, heldur fella niður það ákvæði, að borga megi hluthöfunum arð. Ég vil spyrja hann að því, hvernig hann geti búizt við, að menn vilji leggja fé í þetta fyrirtæki, ef þeim er bannað að fá nokkra vexti um mjög langan tíma, þó að svo færi, að fyrirtækið gengi vel. Að samþ. svona till. væri í rauninni ekkert annað en að bregða fæti fyrir frv., og þetta getur bókstaflega ekkert þýtt annað.

Það er viðurkennt yfirleitt, að strandferðirnar eigi að vera kostaðar af ríkinu, án þess að aðrir borgi neitt, og hið sama hlýtur að gilda um ferðirnar milli Reykjavíkur og Borgarness. Hvers eiga þá þeir að gjalda, sem hér eiga hlut að máli, ef þeim er fyrst gert að skyldu að borga ⅔ af öllum kostnaði af skipskaupunum, og síðan á að útiloka það, að þeir fái nokkra vexti af fé sínu, þó að fyrirtækið gangi vel? Hvaða vit *er í þessu? Það er áreiðanlega nóg, sem þessir* menn taka á sig af hlutverki þess opinbera með því að leggja fram svo mikið fé, þó að það sé ekki fyrirfram ákveðið, að það skuli vera arðlaust.

Annars ætlaði ég ekki að tala aðallega um þennan Borgarnesbát, því að flestir virðast vera sammála um hann, en ég vildi víkja fáeinum orðum að brtt. hv. þm. N.-Ísf. Um hans hérað er það af öllum viðurkennt, að þar eru samgöngur ómögulegar nema á sjó. Það er líka viðurkennt, að strandferðaskip ríkisins geta ekki fullnægt þessari þörf, og þá er ekki um annað að gera en sérstakan flóabát. Og það, sem hv. þm. fer fram á, er að það sama sé gert fyrir hans kjördæmi og allir viðurkenna, að eigi að gera við þennan bát, sem á að hafa ferðir milli Rvíkur og Borgarness. Mér finnst þessi tilmæli hans vera á ómótmælanlegum rökum byggð, *ég sé ekki*, að *þingið geti staðið sig* við að *neita* þessu, nema það finni þá jafnframt aðra leið, sem fullnægir samgönguþörfinni.

Hv. frsm. samgmn. hefir réttilega skýrt frá því, að Hermóður hefir áður um stundarsakir verið hafður til að halda uppi samgöngum á þessu svæði. En ennþá hefir hæstv. samgmrh. ekki gefið ákveðið svar um það, hvort Hermóður fæst á næsta ári í þessar ferðir, og væri ég sem hv. þm. N.-Ísf., þá mundi ég heimta skýrt svar um þetta. Það er nú komið að áramótum, og því þarf að afgera þetta bráðlega. Nú er komið að því að greiða atkv. um þessa till., og fyrr en ég hefi fengið skýr svör um, að það eigi að hjálpa Vestfirðingum og þeir eigi að fá þessar lífsnauðsynlegu samgöngur, greiði ég ekki atkv. á móti þessari till. Ég er hræddur um, að Hermóður verði of dýr í rekstri og tilboð um lán á honum sé óaðgengilegt. Ég skal skýra frá því, að þegar ég var ráðh., þá lánaði ég einu sinni Hermóð til þessara ferða um nokkurn tíma. Og áður en hinn umtalaði tími var liðinn, þá skiluðu Ísfirðingar honum aftur og sögðu, að hann væri of dýr í rekstri til þess að þeir gætu látið hann ganga, og ef svo er, þá er náttúrlega lítil hjálp í að senda þeim hann, nema það loforð fylgdi með, að ríkið vildi taka á sig þann halla, sem kynni að verða á rekstrinum, eða ákveðinn hluta af honum, og ef slíkt tilboð *kæmi fram, teldi ég það mjög vel viðunandi*. Auðvitað geng ég út frá að veita flutningastyrk jafnmikinn og áður hefir verið. Komi það svo fram, að rekstrarhalli verði mjög mikill, þá álít ég það sem sé skyldu ríkissjóðs að hlaupa undir bagga. Ég skil ekki annað en að hv. frsm. sé svo sanngjarn, að hann finni þetta og skoði þá þetta næsta ár sem nokkurskonar reynsluár um þetta fyrirkomulag. Ef þetta væri tryggt allt, þá skilst mér, að hv. þm. N.-Ísf. ætti að geta vel við það unað. En að hann geti gengið inn á, að þessar till. séu felldar nú og þetta sé allt í óvissu, það get ég ekki séð, að sé sanngjarnt að ætlast til. Ákvörðun þessa máls getur ekki dregizt, því að það er nú komið fram undir áramót, og þar sem hér er um nauðsynlega samgöngubót að ræða fyrir þetta hérað, þá getur þingið ekki neitað um ákvörðun.

Ég viðurkenni það um Borgarnesbátinn, að hann hefir sérstöðu, en Norður-Ísafjarðarsýsla hefir líka sérstöðu, því að þar geta eiginlega engar samgöngur átt sér stað nema á sjó.

Mér finnst ekkert undarlegt, þó að ríkið taki þátt í stofnkostnaði flóabáta. Það hefir verið gert áður; það hefir t. d. verið veittur styrkur til að kaupa vél í flóabáta. Það er undarlegt, sérstaklega af ráðh., sem heldur svo mikið af ríkisrekstri, að hann skuli hafa nokkuð við það að athuga, að ríkið taki þátt í framlagi til Borgarnesbátsins, því að ef við athugum, hvernig er um strandferðirnar, þá sjáum við, að ríkið kaupir skipin að öllu leyti, borgar þau sjálf og stendur síðan undir öllum rekstrinum. Og hvers vegna á það ekki líka að vera svo í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem engar samgöngur getur haft nema á sjó. Svipað má segja um Borgarnes—Reykjavík.

Ég lýsi því svo yfir að endingu, að ég greiði *ekki atkv. á móti till.* hv. þm. N.-Ísf., nema fyrir liggi greinileg yfirlýsing ráðh. um það, að það verði á viðunandi hátt bætt úr þessari flutninga- og samgönguþörf, sem er í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Ég vildi aðeins segja fáein orð um þetta frv. — Það liggja fyrir brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. og einnig frá hv. 4. þm. Reykv. Ég vildi segja það út frá brtt. hv. þm. N.-Ísf., að þegar við í fjvn. beittum okkur fyrir því að breyta landhelgisgæzlunni í það horf, sem hún nú er, að hafa annað stóra varðskipið í gangi allt árið og svo Þór, að þá var það eitt af því, sem við í meiri hl. n. gerðum ráð fyrir, að Þór annaðist flutning til vitanna á sumrin, og þannig mætti spara Hermóð, sem þá verður aðgerðalaus í sumar. Eins og nú er erfitt um marga hluti, þá finnst mér, að Ísfirðingar hljóti að skilja, að þótt þeim þætti betra að fá skip við sitt hæfi, þá sé sjálfsagt að reyna það eitt ár eða svo, hvernig gengi, ef landið lánaði þeim Hermóð, sem fjvn. mundi a. m. k. mæla með, að væri með eins góðum kjörum og frekast er hægt. Ég held auk þessa, að ef till. hv. þm. N.-Ísf. yrði

samþ., þá sé mikil hætta á því, að frv. annaðhvort dagaði uppi eða yrði drepið, og þar sem Borgarnesbáturinn er undirstaða undir samgögnum milli Rvíkur og norðurlands og nokkuð mikils hluta vesturlands, og þar sem ennfremur hafa verið fest kaup á þessum bát og allar ráðstafanir gerðar í þeirri von, að þetta mál nái fram að ganga, þá hygg ég það mikið ólán, ef till. hv. þm. N.-Ísf. verður samþ., af því að það setur annað mál í hættu, og ef til þess kæmi, að óhjákvæmilegt væri að byggja þennan Ísafjarðarbát fljótlega, þá munar það ekkert, hvort það er gert ári fyrr eða síðar, þar sem svo miklir erfiðleikar eru á að fá slíkt skip byggt.

Út af till. hv. 4. þm. Reykv. vil ég segja það, að hún setur málið sérstaklega í hættu, vegna þess að fjárframlag það, sem verið er að safna um Borgarfjörð, m. a. hjá fátækum hreppum og einstaklingum, er að miklu leyti bundið við, að þar sem féð verður að takast að láni hjá ýmsum, þá svari það einhverjum vöxtum, ef fyrirtækið gengur þannig. — Ég vonast þess vegna eftir því vegna málsins sjálfs, að hvorug brtt. verði samþ. að þessu sinni. Þó getur verið, að margt mæli með þeim. Það getur að því komið, að byggja þurfi bát til flutninga á Ísafjarðardjúpi, þó að von sé um að geta notað Hermóð. Það getur verið, að frá vissu sjónarmiði sé réttlætanlegt það, sem vakti fyrir hv. 4. þm. Reykv., en málið er komið í það horf, að ef till. verður samþ., setur hún það í hættu bæði hér á þinginu og heima í héraði. — Af þessum ástæðum mun ég greiða atkv. á móti báðum þessum till., þó að ég sé ekki á móti efni þeirra og skilji, hvers vegna þær eru bornar fram af þeim hv. þm., sem að þeim standa, en þær munu ekki gagna þeirra héruðum neitt, en geta gert þessu máli skaða.

**Jón Auðunn Jónsson:** Út af því, sem hv. form. fjvn. sagði, vil ég benda á, að fyrst og fremst er málið í engri hættu, þó að brtt. mín verði samþ., vegna þess, að mér er kunnugt um, að fyrir utan Sjálfstfl., sem mun standa með frv. í Nd., munu báðir Bændaflokksmennirnir í Nd. verða með því og einnig hv. þm. V.-Ísf., sem er þessari till. mjög meðmæltur vegna síns héraðs. Það er aðeins fyrirsláttur að segja, að málið sé í hættu, ef þessar till. mínar verða samþ.

En þar sem hv. þm. minntist á Hermóð, þá gerði hann það af sömu ástæðu og aðrir hér, sem vilja þvo hendur sínar, af því að þeir vilja drepa þessa till. Það er enginn hér, sem getur sagt, hvernig Hermóður eigi að annast þessar ferðir. Þessu er bara slegið fram, án þess að reynt sé að sanna, með hverjum hætti þetta megi verða, því að menn vita vel, að það er óframbærilegt að setja Norður-Ísafjarðarsýslu hjá í þessu máli. Ég veit ekki til, að hv. fjvn., sem snemma á þessu þingi fékk erindi um þetta frá sýslun. Norður-Ísafjarðarsýslu og þeim öðrum, sem um þessar samgöngur fjalla fyrir hönd sýslubúa, hafi samþykkt neina till. um þetta ennþá. Sé svo, að hv. n. hafi ekki gert þetta, get ég ekki talið það annað en fyrirslátt nú, að tala um Hermóð í þessu sambandi, til þess að reyna að drepa till. mína. Þar að auki er mjög mikill meiningamunur hjá þeim, sem standa að þessari till. Hv. frsm. samgmn. heldur því fram, að það sé betra fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu að fá Hermóð heldur en að byggja nýjan bát, og telur hann ekki of stóran til þess að annast þessar ferðir. Hæstv. atvmrh. vildi helzt hafa einn 20 tonna bát fyrir Djúpið og þá sennilega annan fyrir norðurhreppana, nema hann ætli þeim að vera án allra samgangna. Á meðan svo togast á álit manna um þetta mál, og sérstaklega þegar tekið er tillit til afstöðu hæstv. atvmrh. til málsins, þá er það meir en á huldu nú, hvort nokkrum ferðum verður haldið uppi í Norður-Ísafjarðarsýslu á næsta ári.

Hæstv. atvmrh. vill nota litla báta til þessara ferða og leigja svo stóran bát, þegar sérstaklega mikil þörf er á flutningum. Hann virðist halda, að hvenær sem menn vilja gripa til, sé hægt að fá slíkan bát leigðan. En þetta er mikill misskilningur. Hæstv. ráðh. gætir þess ekki, að þarna eru engir slíkir bátar, nema fiskibátar. Nema svo sé kannske, að hæstv. ríkisstj. ætli að hafa einn bát þarna liggjandi, til þess að annast meiri háttar flutninga þarna vestur frá. Annars fara uppástungur hæstv. ráðh. algerlega í bága við allar uppástungur þeirra manna, sem vilja vel samgöngumálum í Norður-Ísafjarðarsýslu. Krafa þeirra manna hefir verið og er eindregin sú, að fá bát, sem sé um 60 rúmlestir, til póstferða, manna- og vöruflutninga í héraðinu. En þeir vantreysta því, að stærri bát en þetta sé hægt að gera út til þessara flutninga, nema með stórum hærri styrk, og þess vegna vilja þeir ekki fara lengra.

Hæstv. ráðh. sagðist vera þessu máli ókunnugur. Mig undrar það stórlega, þar sem hann hefir lengst af dvalið í héraðinu og auk þess fengið bréf frá sýslun., sem skrifað er, að ég held, fyrstu dagana í október síðastl. og samrit af öðru bréfi frá 22. okt., sem skrifað er til fjvn. Virðist hæstv. atvmrh. ekki hafa lagt mikla rækt við að kynna sér þetta mál þegar hann þykist vera ókunnugur því eftir að hafa fengið þessi tvö bréf.

Hv. frsm. kom með þau skilaboð frá Framsfl., að mér skilst, að hann vildi láta Hermóð annast þessa flutninga á næsta ári án þess að leiga yrði greidd eftir skipið til ríkissjóðs, og gaf undir fótinn með, að ríkissjóður yrði látinn greiða rekstrarhallann. Þetta er vitanlega bráðabirgðalausn, sem væri mun betri en engar aðgerðir. En framtíðarlausn á málinu er þetta ekki. Ég er sannfærður um, að Hermóður verður svo dýr í ferðum og tapið svo mikið á útgerð hans, að hann muni ekki verða notaður til þessara flutninga til frambúðar. Skipið er að mörgu leyti gott, en það er óhentugt til þessara ferða, þar sem aðeins 10—12 menn geta setið niðri í skipinu, með þrengslum þó, en oft er það 30—40 manns, sem þurfa að ferðast með bátnum, og langar leiðir flestir af þeim. (**Forseti:** Þetta var aðeins aths.). Ég vænti, að hæstv. forseti verði mér hliðhollur, þar sem ég notaði mína fyrstu ræðu sem fyrirspurn til ráðh.

Út af rekstraráætlun þeirri fyrir hinn fyrirhugaða nýja bát, sem hv. frsm. minntist á, að rekstur og afskrift bátsins og vextir og afborg-

anir af lánum vegna hans yrðu alls 16 þús. kr., vil ég segja það, að vitaskuld þarf að greiða öll þessi gjöld eins þótt um Hermóð sé að ræða. Munurinn er bara sá, að rekstrarkostnaðurinn við Hermóð yrði 8 þús. kr. hærri heldur en ef um nýjan 60 tonna bát væri að ræða, og undrar það engan, þótt 100 tonna gufuskip sé dýrara í rekstri heldur en 60 tonna mótorbátur. Bátur, sem hafður er til þessara flutninga, verður að halda áfram daglega. Ef hann hefir gufuvél, þá er varla nokkurn tíma hægt að slökkva undir vélinni. Verður því eyðslan að þessu leyti miklu meiri með því að nota gufuskip heldur en með því að nota mótorbát, þar sem stöðva má mótorvélina strax og báturinn leggst við bryggju.

Mér virðist, af því, sem hér er fram komið, að það sé engan veginn víst, hvernig þessu verði fyrir komið. Og þar sem hæstv. ráðh. hefir enn engin svör gefið um það, að hann vilji láta Hermóð annast þessar ferðir, þá verð ég að segja, að það er langt frá því, að ég hafi neina von um það, að úr þessum vandræðum sýslubúa verði bætt. Til þess að fá frekari svör frá hæstv. ráðh. og hv. fjvn., get ég tekið þessar till. mínar aftur til 3. umr. Lengur get ég ekki frestað þessu, nema ég fái einhverja vissu um, hvernig á að koma þessu fyrir.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég mun ekki blanda mér inn í neinar deilur um þetta. Ég hefi áður við umr. um þetta mál tekið fram mína afstöðu til þess. En við það, sem ég hefi áður sagt um málið, ætla ég að bæta því, út af ummælum hv. þm. N.-Ísf., að ég tel mál þetta afgr. á mjög sómasamlegan hátt með því að láta Hermóð annast þessar ferðir um Ísafjarðardjúp. Hermóður er eitt hið bezta skip, vel útbúið, og ég geri ráð fyrir, að það þurfi ekki að verða óbærilega dýrt í rekstri. Ég álít það rétt, sem hæstv. atvmrh. sagði, að ekki sé nú hægt að fá aðra lausn á þessu máli en þá, að nota Hermóð til þessara flutninga.

Þá vil ég segja örfá orð út af ummælum hv. 1. þm. Skagf. um mína brtt. Skal ég segja þeim hv. þm. það, að ég hefi áður fyrr á þingi, í ekki ósvipuðu máli, lýst afstöðu minni einmitt til þess, hvort greiða eigi hluthafaarð hjá þeim fyrirtækjum, sem ríkið styrkir, þ. e. m. ö. o., að ríkið leggur fram það fé, sem úthlutað er í arð. Álít ég það mjög óviðeigandi og ranga aðferð. Nú er ætlast til þess, að Borgarnesbáturinn fái 20 þús. kr. beinan styrk, sem flóabátur. Getur vel farið svo, að rekstrarafkoman verði svo góð með þessari styrkupphæð, að fært þyki að greiða hluthafaarð, en þá er það ríkið, sem greiðir hann.

Í öðru lagi vil ég benda hv. þm. á það, að ýms héruð á landinu hafa orðið að leggja á sig þungar byrðar vegna samgöngubóta á sjó. Mér er ekki kunnugt um, að þeir menn, sem lagt hafa fram fé til að halda uppi ferðum Skaftfellings, hafi nokkurn tíma fengið greiddan arð af því fé, þótt ríkið hafi styrkt þetta fyrirtæki.

Út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. hefir talað um baráttu héraðsbúa þar vestra fyrir að halda uppi ferðum þar, vil ég taka það fram, að ekki hafa þeir fengið arð af því fé, sem þeir hafa lagt fram til þessara ferða. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að greiða hluthöfum í Skallagrími arð af hlutafé af þeim styrk, sem félagið fær frá ríkinu.

Hv. þm. sagði, að strandferðir væru kostaðar af ríkinu. Það er rétt, að flóabátar yfirleitt eru ekki reknir af ríkinu. Það getur verið, að það væri heppilegast, en það liggur bara ekki fyrir nú.

Hv. þm. sagði, að Hermóður mundi verða nokkuð dýr í rekstri. Hv. frsm. n. hefir nú fært nokkur rök fyrir því, að samkv. áætlun, sem legið hefir fyrir samgmn., eru ekki neinar líkur fyrir því, að Hermóður verði dýrari í rekstri heldur en sá bátur, sem Vestfirðingar hafa í hyggju að byggja. Hið eina, sem mundi e. t. v. verða kostnaðarmeira við útgerð Hermóðs, er, að kolaeyðsla yrði útgjaldafrekari en olíueyðsla. Á Hermóði þarf ekki meira fólkshald heldur en á 60 tonna mótorbát. En Hermóður er stærra skip og getur flutt í ferðinni talsvert meira en 60 tonna bátur gæti gert.

Þá hefir það verið sagt, að ég setti mál þetta í hættu með till. minni um að fella niður að greiða arðinn. En ég verð að segja það, að það skiptir nokkuð öðru máli, hvort nú á að bæta inn í frv. ákvæði um 90 þús. kr. ábyrgð eða fella á niður smáarðgreiðslu. Ég býst við, að þótt hv. þm. N.-Ísf. telji sér tryggt fylgi í Nd. um þetta mál, þá sé það vafasamt, ef þessar 90 þús. kr. eru með. **(JAJ:** Það er ekkert vafasamt).

**Magnús Guðmundsson:** Ég vildi aðeins svara hv. 4. þm. Reykv. nokkrum orðum. Hann færði ekki fram nein rök fyrir því, að einstaklingar ættu fremur að kosta flóabáta heldur en strandferðir yfirleitt. Flóabátum er haldið út vegna þess, að strandferðaskipin geta ekki annað því að halda uppi nauðsynlegum samgöngum á ferðasvæðum þeirra. Ég sé ekki annað en að Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýsla og Borgarfjörður eigi sömu kröfu til samgöngubóta eins og aðrir landshlutar. Þar af leiðir, að ríkið má þakka fyrir, ef einstakir menn leggja fram fé í þessum tilgangi, þó að það sé ekki jafnframt fyrirbyggt, að þeir fái vexti af sínum framlögum. Það er mjög óheppilegt, óhyggilegt og meira að segja óviðeigandi að reyna að fyrirbyggja það, að þessir menn geti fengið vexti af þessu fé, sem svarði eitthvað í áttina til sparisjóðsvaxta, enda hefir nú jafnvel hæstv. atvmrh. ekki getað tekið undir þessa till. hv. flokksbróður síns. Ég vil einnig benda á, að ef greiddur er þessi arður yfirleitt, þá fær ríkissjóður líka einn þriðja part arðsins, þar sem hann á einn þriðja part skipsins.

Ég álít það hyggilega gert af hv. þm. N.-Ísf. að taka aftur till. sína til 3. umr., til þess þangað til að reyna að fá vissu fyrir því, að Hermóður verði hafður í förum þarna vestra með þeim kjörum, sem hv. þm. N.-Ísf. getur sætt sig við. En ég tel, að héraðsbúar þar geti ekki sætt sig við að nota Hermóð til flutninga hjá sér, ef hann verður miklu dýrari í rekstri en hinn fyrirhugaði bátur.

Þegar hv. frsm. bar saman rekstrarkostnað Hermóðs og rekstrarkostnað nýs 60 tonna báts, þá tók hann ekki tillit til þess, að í rekstrarkostnaði hins síðarnefnda er talin afborgun 7

þús. kr. og vextir og fyrning 8 þús. kr., sem ekki er tilfært á rekstraráætlun Hermóðs, hvorki í afborgun, vexti né fyrningu. Þess vegna verður minnst 8 þús. kr. munur á útgerðarkostnaði Hermóðs og 60 tonna báts, sem Hermóður verður dýrari í rekstri, jafnvel þótt ekkert sé reiknað fyrir fyrningu og vöxtum. (SÁÓ: Olían er of lágt áætluð í áætluninni fyrir mótorbátinn). Ég veit ekkert um það. En Pálmi Loftsson, forstjóri skipaútgerðar ríkisins, hefir áætlað þetta, og ég geri ráð fyrir, að hann kunni ekki lakara skil á þessu heldur en hv. 4. þm. Reykv. og að hann hafi fengið góðar upplýsingar um þetta áður en hann gerði áætlunina.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. benti á, að ég tók ekki neitt til greina þá sundurliðun, sem gerð var á kostnaði við væntanlegar bátsferðir við vesturland í áætlun frá skipaútgerðarstjóra ríkisins, Pálma Loftssyni. Ég benti aðeins á, að aðalútkoma á rekstrarkostnaði þeim, sem færi til fyrningar og viðhalds, væri dálítið hærri en gengið er út frá, að yrði um Hermóð, ef hann er lánaður leigulaust og að mestu haldið við af eiganda. Ég tók þetta ekki til greina, af því að ég álít ókleift fyrir héraðsbúa að hafa Hermóð þarna í ferðum.

En ég er hv. 1. þm. Skagf. sammála um það, að hvort sem Hermóður verður hafður þarna í ferðum eða nýr bátur, þá eigi fólkið þarna rétt á því, að því sé gert kleift að standa undir kostnaðinum af þessum ferðum.

Ég treysti mér ekki til að gizka á, hve háan styrk slíkur bátur þyrfti að fá. En ég þykist vita, að ætlazt sé til þess, að þetta fyrirtæki fái 20 þús. kr. styrk á næsta ári eftir till. samgmn. Ég þori vitanlega ekki að segja um það, hvort sá styrkur yrði hækkaður, ef hann reyndist of lítill. Ósanngjarnt sýnist mér það ekki.

Ég vil geta þess út af ummælum hv. þm. N.-Ísf., að ég vil ekki láta hafa eftir mér neitt, sem er í áttina að vera loforð, annað en það, sem ég hefi sagt. En hv. þm. N.-Ísf. sagði, að ég hefði sagt f. h. míns flokks, að flokkurinn vildi leggja til, að Hermóður yrði lánaður til þessara flutninga án þess að greidd væri eftir hann leiga eða gjald. Ég sagði í umboði míns flokks, að flokkurinn vildi leggja til, að Hermóður yrði lánaður til þessara ferða án þess að greidd væri eftir hann leiga eða gjald, nema að nokkru leyti. Ég álít, að útgjöld muni óumflýjanlega fylgja daglegum rekstri bátsins, auk þess sjálfsagðasta rekstrarkostnaðar. Ég vil ekki, að hægt sé að herma upp á mig ákveðin orð sem loforð þessu að lútandi, því að ég mun hafa orðað þetta í hið fyrra skipti eins og ég orða það nú.

Mér virðist mjög vel viðeigandi, að hv. þm. N.-Ísf. láti þessar till. sínar ekki ganga undir atkv. nú, heldur dragi það til 3. umr. til þess að geta fengið upplýsingar um vitabátinn Hermóð og um það, hvort hann muni ekki geta hlaupið í skarðið þarna næsta árið.

ATKVGR.
Brtt. 647 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 769 felld með 10:3 atkv.
— 751 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 598, 647).

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefi lýst við 2. umr. þessa máls ástæðum þeim, sem fyrir liggja um þessar ferðir í Norður-Ísafjarðarsýslu, og í hvert öngþveiti þetta mál er komið og getuleysi héraðsins til þess að standa undir þessum ferðum með sífelldum rekstrarhalla. Eins og ég gat um þá, var svo komið í fyrra, að félag það, sem hélt uppi þessum samgöngum, var búið að tapa öllu hlutafénu og meira til, eða um 70 þús. kr., og auk þess töpuðu einstakir menn tugum þús. af innieign, sem þeir áttu hjá félaginu. — Á haustþinginu 1933 lágu fyrir áætlanir um nýtt skipulag á þessum ferðum, og samgmn. Nd. tjáði sig samþykka því, að ríkið tæki ábyrgð á byggingarkostnaði skips fyrir félag, sem stofnað yrði í þessum tilgangi, og jafnframt að styrkurinn yrði hækkaður að mun. Þessi ályktun samgmn. var síðan send ríkisstj., sem tjáði sig, að svo miklu leyti sem á hennar valdi stæði, mundu leggja til, að styrkurinn yrði hækkaður verulega, eða upp í 30 þús. kr. á ári, og einnig að ríkisábyrgð yrði veitt fyrir byggingarkostnaði slíks skips. Á þessum grundvelli var það, að sýslunefndin fór að gangast fyrir hlutafjársöfnun. Endirinn á því máli varð sá, eins og menn vita, að sýslubúar hafa stofnað hlutafélag og safnað hlutafé og þannig byggt á loforðum fyrrv. ríkisstj. og samgmn. á þinginu í fyrra. Er það sæmilegt Alþingi að bregðast héraðsbúum, þegar grundvöllur er þessi? Ég hygg, að það sé meðfram af því, að ýmsir hafa látið sér koma til hugar, að ríkið gæti sér að skaðlausu, og kannske jafnvel til þess að sleppa við frekari útgjöld, lánað vitaskipið Hermóð til þess að annast þessar ferðir á næsta ári. Ég hefi sagt mínum umbjóðendum þar vestra frá þessu, en þeir eru mjög hræddir við að taka á sig ábyrgð á rekstri svona stórs skips. Ég býst við, að þegar þeir þar vestra hafa heyrt undirtektir þingsins, þá hafi þeir farið að tala sig saman um þetta, því til Alþingis hefir nú rignt fjölda skeyta, ekki einungis frá sýslunefndarmönnum og hreppsnefndum Norður-Ísafjarðarsýslu, heldur líka úr öllum hreppum V.-Ísafjarðarsýslu, og er það einróma krafa manna vestur þar, að byggður verði ca. 60 rúmlesta bátur. En nefnd þeirri, sem séð hefir um framkvæmd þessara mála fyrir vestan, lízt svo á, að rekstrarkostnaður Hermóðs hljóti að verða það mikill, að styrkveiting sú, sem verið hefir, hrökkvi skammt til þess að greiða þann rekstrarhalla, sem þeir telja fyrirsjáanlega á úthaldi Hermóðs. Og það hljóta allir að sjá, að ómögulegt er, að sýslusjóður Norður-Ísafjarðarsýslu, sem hefir ennþá talsverðan bagga frá gamla félaginu, eða um 8 þús. kr., og þar að auki hefir ákveðið að leggja í nýjan bát 5—10 þús. kr.,

geti tekið að sér þann bagga, sem leiðir af rekstrarhalla þessa skips. Mér er því ekki sjáanlegt, að það verði haldið uppi samgöngum um Ísafjarðarsýslu, nema því aðeins, að ríkisstj. vilji ganga inn á að leigja eða lána skipið vestur þangað, og að ríkissjóður þá taki á sig þann halla, sem verða kann af rekstri þessa skips umfram þá fjárveitingu, sem er veitt til þessara ferða í fjárlögum.

Ég hefi nú verið að bíða eftir svari hæstv. atvmrh. við bréfi, sem ég skrifaði honum að loknum umr. í fyrradag, því án þess að fá svar við því get ég ekki fallið frá þeim till., sem ég hefi borið fram á þskj. 647, sem eru þær minnstu kröfur, sem mínir umbjóðendur treystast til þess að fara fram á, til þess að þessu máli verði skipað á nokkuð viðunandi hátt.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Milli umr. hefir mér borizt bréf frá hv. þm. N.-Ísf., og ennfremur hefi ég fengið að sjá fundargerð beggja samgmn. d. Í bréfi hv. þm. N.-Ísf. er endurnýjuð og nokkuð fyllri fyrirspurn, sem hann beindi til mín við 2. umr. þessa máls. Hann spyrst fyrir um það, hvort sú lausn fáist til bráðabirgða á samgönguþörfum Norður-Ísafjarðarsýslu, að ríkissjóður lánaði Norður-Ísfirðingum vitaskipið Hermóð til póst-, fólks- og vöruflutninga innan Norður-Ísafjarðarsýslu árið 1935, leigulaust og án þess að leigjendur greiddu annað viðhald skipsins en nauðsynlegt daglegt viðhald, ennfremur að styrkur til samgangna þessara miðaðist við rekstrarkostnað að frádregnum tekjum þeim, sem skipið fengi af póst-, vöru- og mannflutningum. — Þetta er fyrirspurnin. Ég hefi athugað þetta mál nokkuð síðan og ennfremur séð fundargerð samgmn., eins og ég gat um áðan, þar sem gerð er ályktun um að leggja til, að vitaskipið Hermóður verði lánað leigulaust til þess að annast ferðir Djúpbátsins.

Ég get lýst því yfir, að ég tel, að unnt verði að lána Hermóð næsta ár til þessara ferða leigulaust, eða án þess að heimtaður sé annar leigu kostnaður af leigjendum skipsins en að skipinu sé skilað nokkurn veginn í sama ástandi og það er í, þegar það er lánað. Aftur á móti um það, að styrkurinn miðist við rekstrarhalla bátsins, get ég ekkert loforð gefið um. Samgmn. hefir gert það að till. sinni, að styrkurinn til Djúpbátsins yrði hækkaður úr 19 og upp í 20 þús. kr., og ég get því ekki gefið nein loforð um það, að leggja fram meira fé en þessu nemur. Eftir þeirri áætlun, sem fyrir liggur frá Pálma Loftssyni, forstjóra Skipaútgerðarinnar, þá lítur út fyrir, að hann telji, að með sömu fólksflutningum og sömu áætlun og gerð er fyrir 60 tonna mótorbát, þá verði rekstrarkostnaður Hermóðs hér um bil 6500 kr. lægri, ef ekki er reiknuð leiga af honum, heldur en rekstrarkostnaðurinn yrði, ef notaður væri mótorbátur. Ég hygg því, að í sjálfu sér sé ekki ástæða til þess að gera ráð fyrir, að frekari styrk mundi þurfa, ef skipið verður lánað án leigu, heldur en til væntanlegs djúpbáts.

Ég vil taka það fram, að ég tel, að á þessu máli sé aðeins fengin bráðabirgðalausn, og ég get ekki hugsað mér að segja neitt ákveðið um það, hvernig þetta verði framvegis, fyrr en reynslan er fengin um það, hvernig þetta gefst.

**Jón Auðunn Jónsson:** Mér þykir leitt, að hæstv. ráðh. hefir ekki tækifæri til þess að hlusta á það, sem ég þarf að taka fram í sambandi við ræðu hans. Ég vil í fyrsta lagi taka það fram, að á áætlun forstjóra Skipaútgerðar ríkisins er gert ráð fyrir 7 þús. kr. afborgun, og til fyrningar, umfram venjulegt viðhald, 4600 kr. Þetta eru 11600 kr., og þetta er fé, sem náttúrlega vinnst, eftir þessari áætlun, en sem alls ekki er reiknað með í hinni áætluninni, svo að áætlunarkostnaður Hermóðs er mun hærri en rekstrarkostnaður hins bátsins. Enda er það öllum mönnum skiljanlegt, að það er dýrara að halda úti 100 tonna gufuskipi heldur en 60 tonna mótorbát.

Nú hefir hæstv. atvmrh. ekki viljað gefa neinn ádrátt um það, að rekstrarstyrkur til Hermóðs yrði hækkaður upp úr 20 þús., en ég þykist sjá það fyrir, að sú upphæð muni ekki nándar nærri nægja, og ég veit, að sýslun. er ekki fær um að standa undir svo miklum rekstrarhalla, sízt nema þá að því fé, sem á að nota til byggingar nýs skips, verði eytt, og það er náttúrlega einn steinn í götu þess, að nokkurntíma fáist viðunanlegar samgöngur á Djúpinu. Ég fullyrði það, að sumir hv. nm. í samgmn. eru því meðmæltir, að ákveðið verði að borga hærri styrk en 20 þús. kr., ef rekstrarhalli verður. Þar get ég vitnað til form. samgmn. Ed., sem var á fundi í dag, þar sem aðeins voru staddir 5 af 8 nm. Og þar sem hér er um aðeins bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem að nokkru leyti er þvingað upp á sýsluna og þeim er mjög óviðfelldin, en sætta sig ef til vill við, til þess að ferðir þarna falli ekki alveg niður, þá er eðlilegt, að þeir séu dálitið tregir til þess, ef rekstrarhalli skyldi verða t. d. 10 þús. kr., að standa undir þeim bagga.

Ég sé mér því ekki fært að taka til baka brtt. mínar á þskj. 647, þar sem hæstv. ráðh. treystir sér ekki til þess að gefa nein vilyrði um aukið framlag úr ríkissjóði til rekstrar Hermóðs á næsta ári. En ég mundi hafa látið mér nægja, að hann hefði tekið vel í það, þó að hann hefði ekki sagt það með beinum orðum, að hann mundi greiða rekstrarhallann, ef t. d. samgmn. fengist til þess að samþ. það — og ég tel líklegt, að hægt sé að fá það samþ. af meiri hl. samgmn., að eitthvað verði greitt fram yfir þann styrk, sem nú er ætlaður til þessa, ef það sýndi sig, að rekstrarhalli yrði mikill. En ef engin von er um að fá neitt greitt upp í rekstrarhallann, þá tel ég þessu máli siglt í það strand, að ríkisstj. verði a. m. k. til þess að halda uppi póstsamgöngum, að taka málið algerlega í sínar hendur. Ég treysti mér ekki til þess á þessum grundvelli að falla frá þeim kröfum, sem ég hefi borið fram á þskj. 647, eftir eindregnum óskum sýslun. og héraðsbúa.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég vildi segja nokkur orð út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. vitnaði í, að gerzt hefði á fundi í sameinuðum samgmn. í morgun, viðvíkjandi því máli, sem hér er rætt um.

Ég held, að það sé á nokkrum misskilningi

byggt hjá þessum hv. þm., að þeir, sem mættir voru á fundi þessum í samgmn., hafi yfirleitt fallizt á það, að meiri styrkur væri greiddur til þess að halda þessum samgöngum uppi en það, sem þegar hefir verið samþ. í samgmn., nema þá ef svo færi, að sýslun. Norður-Ísafjarðarsýslu, sem mun hafa á hendi stjórn þessara samgangna, vildi ekki taka að sér að halda uppi ferðunum með þeim styrk, sem talað er um að veita í þessu skyni, að þá kæmi til mála, heldur en að láta allar ferðir þarna falla niður — sem n. er sammála um, að ekki megi eiga sér stað —, að Skipaútgerð ríksins í umboði ríkisstj. ef til vill tæki að sér að halda uppi þessum ferðum, og ef rekstrarhalli yrði, þá mundi hann á þann hátt vitanlega lenda á ríkissjóði. Ég held, að það hafi verið þetta, sem vakti fyrir þeim nm., sem um málið fjölluðu á þessum umræddu fundi.

Um það, hvort þessi styrkur sé nægilegur eða ekki, er náttúrlega á þessu stigi málsins ómögulegt að segja fyrir nokkurn okkar með nokkurri vissu. Hv. þm. N.-Ísf. og þeir menn, sem með þessi mál fara í Norður-Ísafjarðarsýslu, halda að Hermóður verði það mikið dýrari í rekstri heldur en sá hugsanlegi bátur, sem smíða á, að það muni muna nokkuð miklu. Ég er nú jafnvel á þeirri skoðun, að þessi ótti sé ástæðulaus. Sú áætlun, sem liggur hér fyrir n. frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sýnir það, eins og líka áður hefir verið bent á, að ef Hermóður verður lánaður leigulaust til þessara ferða, þá verður rekstur hans sennilega ódýrari en hins fyrirhugaða báts, og þó er kostnaðurinn við að halda þessum ferðum uppi með Hermóði ef til vill reiknaður 1 þús. kr. of hátt. Hv. þm. N.-Ísf. hefir jafnvel fallizt á það, að reikna mætti kolin lægra en gert hefir verið. Mismunurinn á rekstraráætl. beggja skipanna nemur nú tæpum 7 þús kr., og ef kolaliðurinn færist niður, þá nemur mismunurinn nálægt 8 þús. kr. Ennfremur minntist ég á það við 2. umr. málsins, að á áætlun mótorbátsins væri olían ef til vill ekki reiknuð nógu hátt. A. m. k. upplýsti forstjóri Skipaútgerðar ríkisins það fyrir samgmn., að þann lið mætti taka með fyrirvara, og hafði í því fyrir sér sérfróðan mann í þessum efnum, sem hefir mjög góða þekkingu á þessu sviði. Útkoman verður því sú, að hægt er að lækka rekstrarkostnað Hermóðs, en rekstrarkostnaður vélbátsins hækkar ef til vill, svo að mismunurinn verður ef til vill ennþá meiri en áður er um getið. Mér virðist líka mega taka það með í reikninginn, að Hermóður er auk þess stærra skip heldur en hinn fyrirhugaði bátur og hefir betri skilyrði til þess að innvinna sér fargjöld heldur en mótorbátur sennilega mundi hafa, og það mundi sennilega oft koma fyrir, að burðarmagn Hermóðs yrði notað til fulls. Það kom fram í umr. um þetta mál, að fólkið vildi ekki ferðast með þessum bátum, ef þeir væru svo ófullkomnir, að þeir gætu ekki veitt farþegunum sæmilega líðan. Þetta skil ég mjög vel, og er því alveg sammála hv. þm. N.-Ísf. um það, að skip, sem heldur uppi svona ferðum, verður að vera svo vel útbúið, að því fólki, sem ferðast með því, geti liðið sæmilega og að það vilji ferðast með því. Ég held, að Hermóður hafi góð skilyrði til þess að taka takmarkaðan fjölda farþega, en að þeim takmarkaða fjölda geti liðið mjög vel.

Þetta vildi ég minna á í sambandi við það, sem komið hefir fram í málinu, og ég held, að ekki sé ástæða til þess, eins og málið horfir nú við, fyrir hv. þm. N.-Ísf. að leggja svo mjög mikið kapp á að láta sínar till. koma til atkv., og þegar það líka er vitanlegt, að ekki er nema um eina lausn á þessu máli að ræða, og hún er sú, að Hermóður verði notaður til þessara ferða næsta ár.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það kom til tals í n., að svo gæti farið, að ríkissjóður yrði að taka að sér rekstur skipsins, og þá yrði Skipaútgerð ríkisins falið að sjá um rekstur þess, og yrði það þá auðvitað rekið sem strandferðaskip og á kostnað strandferðanna, því að að vissu leyti eru þetta strandferðir, sem hér um ræðir, en í eiginlegum skilningi ekki flóaferðir. Allir flutningar, bæði manna- og vöruflutningar, eiga að fara fram á þessu skipi, en aftur á móti er t. d. mb. Skaftfellingur eingöngu vöruflutningaskip, en mannaflutningar og póstflutningar fara fram á landi.

Ég get ekki tekið þessar till. mínar aftur, nema ég fái einhverja von um það, að það verði hlaupið undir bagga af hálfu ríkisins, ef rekstrarhalli verður mikill á skipinu og kostnaður fer mjög fram úr því, sem skipið vinnur sér inn, að viðbættum þeim styrk, sem í fjárl. er ætlaður til Djúpbátsferða.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Út af fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. um það, hvort ríkissjóður muni greiða meira en þann styrk, sem áætlaður er í fjárl. til Djúpbátsins, get ég ekki sagt annað en það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu. Ég get ekkert ákveðið loforð um það gefið. Ef fyrir liggja t. d. meðmæli með því frá samgmn., þá verða þau að sjálfsögðu tekin til greina af ríkisstj. Ég get ennfremur bætt því við, að á þessu mun verða tekið með fullkomnum velvilja, því að það er kunnugt, hvernig hagar til með ferðir þar vestra og hvaða erfiðleikar eru þar fyrir hendi. En eins og ég hefi áður tekið fram, þá get ég ekki gefið nein loforð um þetta.

**Magnús Guðmundsson:** Ég skil það af þeim umr., sem hér hafa farið fram, að það sé ákveðið, að vitabáturinn Hermóður verði látinn halda uppi ferðum fyrir Norður- og Vestur-Ísfirðinga, og mér skilst, að það eigi að láta hann gera það þvert á móti vilja héraðsbúa þar. Það liggur í augum uppi, að það er ekki hægt að fyrirskipa þeim að kosta neinn ákveðinn bát, og ef ríkisstj. ætlar endilega að hafa þar í förum bát án samþykkis sýslubúa, þá verður hún vitanlega að gera hann út sjálf. Mér þykir ákaflega undarlegt, að ekki skuli vera hægt að fá samkomulag um það, að ríkissjóður taki þátt í þeim rekstrarhalla, sem kynni að verða, ef hann sýndi sig að verða meiri með því að nota þetta skip heldur en það, sem héraðsbúar hafa hugsað sér að fá. Þetta er svo mikil stirfni og ósanngirni gagnvart þeim, sem hér eiga hlut að máli, að ég er alveg steinhissa á því, að stj.

skuli leyfa sér að taka svona í þetta mál. Gagnvart sumum héruðum er farið þannig að, að það er hlaupið undir bagga með kaup á skipum og veittur styrkur í því skyni, eins og líka hefir verið venja, en svo er öðrum héruðum aftur á móti neitað um slíkt, og þeim er sagt að nota skip, sem héraðsbúar hafa reynt áður, með nákvæmlega sömu skilyrðum og nú er talað um, og ekki séð sér fært að nota, vegna þess, hvað það er dýrt í rekstri. Ég get þess vegna ekki séð, að í rauninni séu nokkrar líkur til þess, að hlutaðeigandi sýsla taki að sér að halda uppi ferðum með Hermóði.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég veit ekki, hvernig hv. 1. þm. Skagf. lítur á hlutverk stj. í þessu efni. Honum er kunnugt um það, að það hefir ekki verið með mínu samþykki, að þessi friðindi voru veitt Borgarnesbátnum. Hvað það snertir, að það eigi að þvinga Ísfirðinga til þess að nota Hermóð til þess að halda uppi ferðum á Djúpinu, þá vil ég taka það fram, að ég hefi ekkert um það sagt annað en það, að þeim hefir verið gefinn kostur á að fá hann til þess leigulaust. Ef þeir geta fengið annað skip hentugra, sem þeir treysta sér til þess að gera út með þeim styrk, sem veittur er í þessu skyni í fjárl., þá er ekkert á móti því.

Að sjálfsögðu verður ríkisstj. að sjá um, að þarna fari a. m. k. fram póstflutningar, ef hlutaðeigandi sýslun. tekur ekki málið í sínar hendur. En ég sé ekki annað en að hér sé um mjög sæmilegt boð að ræða, þar sem Hermóður verður lánaður leigulaust. En að ég sem atvmrh. gefi bindandi loforð um það, að ríkissjóður greiði rekstrarhalla, sem kynni að verða, ef ferðunum yrði haldið uppi með því að nota Hermóð, fram yfir það, sem þingið samþ. í þessu efni, er vitanlega alveg meiningarlaust. Það væri þá eins gott að hækka bara styrkinn strax.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég vil bara leiða athygli hv. d. að því, hvað taki þá við, ef sýslun. Norður-Ísafjarðarsýslu sér sér með engu móti fært að leggja út í að láta Hermóð annast þessar ferðir með þeim styrk, sem ákveðinn hefir verið til þess af meiri hl. samgmn. á fundi, sem þó vantaði marga af nm. á. Þá verða engar ferðir þarna, nema ríkisstj. hlaupi undir bagga og taki að sér að sjá um þær. Og ég hygg, að það yrði að öllu leyti dýrara og án efa margfalt minna notað, ef ríkisstj. neyddist til þess að halda úti skipi þarna vestra til þess að annast *póstflutningana eingöngu*.

Það vita allir, að Norður-Ísfirðingar eiga réttlætiskröfu á því að hafa einhverjar samgöngur umfram póstferðir, þegar litið er til þess, að aðrar sýslur hafa undanfarið fengið hlutfallslega margfalt meiri styrk til samgöngubóta á sjó og landi heldur en Norður-Ísfirðingar, og allir vita, að erfiðleikarnir eru langmestir þar hvað samgöngur snertir.

Hér er um slíkt lítilræði að ræða, að mér finnst, að það sé varla, að maður geti fengið sig til þess að deila um þessa hluti, svo sjálfsagðar virðast þær kröfur, sem fram hafa komið frá Norður-Ísfirðingum, og svo í hóf stillt. Það er óhætt að segja, að þeir hafi miklu minni styrk frá ríkinu, þó að þetta allt verði uppfyllt, en allar aðrar sýslur landsins undantekningarlaust, en eiga þó erfiðasta aðstöðu.

Eins og hér hefir áður verið tekið fram, þá hefði ég gert mig ánægðan með það, ef ráðh. hefði viljað taka það liðlega í þetta mál, að þvertaka ekki fyrir það, eins og mér skilst, að hann hafi gert, að ríkissjóður hlypi undir baggann með sýslunni, ef rekstrarhalli yrði mjög mikill. Ég er sannfærður um það, að ef til þess kemur, að ríkissjóður þarf að gera út skip þarna, sem yrði þá að sjálfsögðu falið skipaútgerð ríkisins og gert á kostnað strandferðanna, þá yrði það bæði dýrara og óhentugra. Það er fyrirfram vitað, að þeir flutningar geta ekki orðið eins hagkvæmir, ef stilla á í hóf með kostnaðinn, og ég er hræddur um, að kostnaðurinn geti orðið mikill, og að tekjurnar geti líka orðið minni heldur en þær annars gætu orðið, því að ég get vel hugsað mér, að það gæti komið stífni í héraðsbúa, sem ég er þó alveg á móti að kæmi fram, og að þeir mundu þá kannske sniðganga þennan bát og reyndu að notast við einhverjar hlaupaferðir, eins og oft hefir verið, til þess að annast flutninga sína, meira en vera ætti, bæði þeirra vegna sjálfra og ríkissjóðs.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Út af orðum hv. þm. N.-Ísf. vil ég taka það fram, að eftir því, sem ég bezt veit, þá eru allir nm. í samgmn. beggja d. sammála um að mæla með því, að ríkisstj. láni Hermóð til þess að halda uppi ferðum á Djúpinu. Ef n. eru ekki sammála um þetta, þá mun það vera þessi hv. þm. einn, sem ekki er á sama máli og n. í þessu máli.

Hv. 1. þm. Skagf. talaði um, að það væri stirfni af ríkisstj. að þvertaka fyrir að veita nokkurt fé til þessara ferða fram yfir það, sem Alþ. hefði samþ. Ég hefi ekki þvertekið fyrir neitt í þessum efnum. Ég hefi aðeins sagt, að ég geti engin loforð um þetta gefið. Hinsvegar mun ég, ef samgmn. leggur það til og beiðni liggur fyrir um það frá hlutaðeigendum, taka þetta til athugunar, en get ekki fyrirfram gefið nein bindandi loforð í þessu efni. Ég tel það ekki rétt og mun ekki gera það.

**Magnús Guðmundsson:** Ég held, að hæstv. ráðh. hafi misskilið mig, ef hann heldur, að ég hafi farið fram á, að hann gæfi loforð um að greiða allan halla, sem af því kynni að leiða að halda þessu skipi úti. Það var aldrei mín meining. En ég vildi benda á, að það er stj. að leysa þetta mál, og hún verður að sjá um, að bátsferðum sé haldið uppi þarna, og mér skilst, að hún geti það vel á þennan hátt, sem hér er farið fram á. Mér skilst, að hún geti það með því að segja aðeins, að hún sé fús til þess að taka málið til athugunar, þegar það sýni sig, hve mikill rekstrarhallinn verður, og sýnt um leið íbúum þessarar sýslu sanngirni. Ef ég hefi skilið hv. þm. N.-Ísf. rétt, þá er það ekki annað en þetta, sem á milli ber, og það er sannarlega ekki til mikils mælzt, þó að þessi beiðni sé borin fram. (**Atvmrh.:** Ég er búinn að bjóða, að það verði tekið til athugunar). Hæstv. ráðh. vill

ekkert ákveðið um þetta segja. M. ö. o., héraðið á að eiga það undir velvilja samgmn. á þinginu 1935, hvort styrkurinn verður hækkaður, ef það skyldi sýna sig, að rekstrarhalli yrði mikill. Þetta get ég ekki séð, að sé nein sanngirni af hæstv. ráðh. Ég sé ekki annað en að hæstv. atvmrh. geti sagt, að hann skuli athuga þetta mál með sanngirni þegar séð verði, hver þessi rekstrarhalli verður.

ATKVGR.

Brtt. 647,1 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MG, MJ, PM, ÞBr, GL, JAJ, JBald.

**nei:** SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (PHerm) fjarstaddur.

Brtt. 647,2—4 teknar aftur.

Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 809).

## 60. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 19. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins** (þmfrv., A. 201).

Á 21., 22., 23. og 24. fundi í Nd., 27., 29., 30. og 31. okt., var frv tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Flm. (Finnur Jónsson):** Það kom fram við umr. um annað mál hér í d., að ekki væri rétt að bæta við síldarverksmiðjur þær, sem fyrir eru í landinu, án þess jafnframt að gera ráðstafanir til þess að auka skipaflotann. Ég viðurkenndi þá, að það væri full ástæða til að taka þetta til athugunar, og í frv. er einmitt gert ráð fyrir því, að ekki megi reisa verksmiðjur eða stækka þær, sem fyrir eru, nema að fengnu leyfi atvmrh. — Á síðastl. sumri var bætt mikið við síldarverksmiðjur hér, m. a. við síldarverksmiðju þá, sem Norðmenn eiga á Krossanesi. En það, að bætt var við þá verksmiðju, hefir gefið Norðmönnum tækifæri til að selja hér meiri síld en áður, þar sem verksmiðjan getur með viðbótinni samið við fleiri skip en áður. Í frv. þessu, sem við höfum flutt hér, ég og hv. þm. Barð., er ennfremur gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi, að öðru jöfnu, forkaupsrétt að þeim síldarverksmiðjum, sem þegar eru reistar. Þar sem ríkissjóður hefir svo mikilla hagsmuna að gæta á sviði síldarútvegsins virðast þessi tvö ákvæði alveg sjálfsögð og nauðsynleg í l. Eins og nú standa sakir er gert ráð fyrir því, að stj. síldarverksmiðjunnar skipi 3 menn, en við höfum í þessu frv. gert ráð fyrir því, að fjölga mætti þeim upp í 5, ef aukið sé við verksmiðjuna þannig, að nauðsynlegt þyki að fjölga stjórnarmeðlimunum. Í þessu frv. eru að öðru leyti nokkur nýmæli, þar sem tekið er fram, að stj. verksmiðjunnar skuli hafa aðsetur og varnarþing á Siglufirði, en þar eru flestar ríkisverksmiðjurnar, og er þetta því eðlilegt. Í stj. ríkisverksmiðjunnar hafa stundum verið skipaðir menn, sem aldrei hafa komið til Siglufjarðar yfir síldveiðitímann. Þetta hefir gert það að verkum, að stj. hefir ekki verið ályktunarfær tímum saman. Með frv. er úr þessu bætt, ef að l. verður, því að stj. er skylduð til þess að dvelja yfir síldveiðitímann á Siglufirði, nema stjórnarmeðlimir séu fjarverandi í erindum verksmiðjunnar. Nokkrum atriðum er hér breytt, sem verulegu máli skipta frá því, sem er í eldri l. T. d. er svo ákveðið í gildandi l., að ekki þyrfti að tilkynna útgerðarmönnum, hvort þeir fengju að leggja upp síld í verksmiðjuna fyrr en komið var langt fram í júnímán., en hér er gert ráð fyrir, að þeim sé tilkynnt eigi síðar en 1. júní ár hvert, hvort þeir fá viðskipti hjá verksmiðjunni eða ekki. Það hefir sýnt sig mjög bagalegt, hve seint hefir komið vitneskja frá verksmiðjunni um þetta, en frv. er ætlað að bæta úr því.

Ákvæðum, sem eru í l. um afborganir og fyrningarsjóð, er hér breytt. Nú er gert ráð fyrir því, að verksmiðjurnar borgi sig niður á 20 árum, en greiði auk þess 5% af stofnkostnaði í fyrningarsjóð, en þetta samsvarar því, að verksmiðjurnar tvíborgi sig á 20 árum. Þar sem verðlagið er orðið svo lágt sem nú er, virðist ekki nein sanngirni í að leggja svona miklar kvaðir á þá, er leggja upp síld í verksm., eins og gert var, og var þessu því breytt í frv., þannig, að fyrningarsjóðsgjaldið er fært úr 5% í 2%, sem samsvarar því, að fyrningarsjóður verksmiðjunnar nemi verksmiðjuverðinu á 50 árum. Af öðrum nýmælum í frv. má nefna breyt. á tímatakmörkunum, sem sett hafa verið fyrir búnaðarfél. og bændur um pöntun á síldarmjöli og afgreiðslu á því. Þá hafa og verið sett hér inn í frv. ákvæði um reikningsskil. Það hefir komið fyrir, að reikningar verksmiðjunnar hafa ekki verið endurskoðaðir fyrr en að haustinu. Það er allt of seint og engin ástæða til að draga það svo lengi. Ennfremur er ákvæði um það, að reikningarnir skuli birtir í stjórnartíð. árlega, en hingað til hafa þessir reikningar ekki verið birtir. Þar sem hér er um opinbert fyrirtæki að ræða, þykir rétt að ákveða, að þeir skuli birtir á sama hátt og t. d. reikningar bankanna.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Með frv. þessu er bannað að reisa síldarverksmiðjur hér á landi eða stækka þær, sem fyrir eru, nema leyfi atvmrh. komi til, og í 2. gr. frv. þessa er ríkissjóði áskilinn forkaupsréttur, að öðru jöfnu, að þeim verksmiðjum, sem nú eru fyrir og síðar kunna að verða reistar, ef eigendurnir vilja selja þær. Mér þykir rétt að láta falla nokkrar almennar aths. í sambandi við þetta nú þegar við 1. umr. Ég vil í því sambandi minna á það, að þegar fyrst var borið fram á Alþ. frv. um það, að ríkið legði fram fé til þess að reisa eða starfrækja síldarverksmiðju, þá voru færð fram fyrir því þau rök, að þörf sjómanna í þessu

efni kallaði á ráðstafanir frá hendi ríkisvaldsins. Þetta var rétt. Það var viðurkennt af öllum flokkum þingsins, að aflamöguleikar ísl. útvegs á þessu sviði væru meiri en söluskilyrði fyrir síld til bræðslu. En þótt allir væru sammála um þessa þörf, reis þá þegar allmikill ágreiningur um það, á hvern hátt bæri að fullnægja henni. Sjálfstæðismenn töldu, að langeðlilegast væri, að útgerðarmenn gerðu þetta sjálfir, en viðurkenndu þó, að eins og þá væri komið högum útvegsins, væru þeir ekki einfærir um það. Þess vegna lögðu sjálfstæðismenn til, að ríkið hefði afskipti af þessu máli, en þau ein afskipti, að aðstoða útvegsmenn til fjáröflunar til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Þetta náði ekki fram að ganga, heldur varð hitt ofan á, að ríkið skyldi sjálft reisa slíka verksmiðju og að einhverju leyti reka hana, en hinsvegar var svo fyrir mælt í l., að ef útgerðarmenn óskuðu að kaupa verksmiðjuna, þá gætu þeir það með vissum skilyrðum. Þetta ákvæði var þó að engu gert þá þegar, eins og nú er í þessum l. líka, með því að segja, að slíkt mætti ekki ske nema að fengnu samþ. Alþ. Það þýðir, að Alþ. er eftir sem áður heimilt að setja slík l., ef það óskar þess, og sú heimild, sem felst í frumlögunum og tekin er upp í þetta frv., er út af fyrir sig einskis virði. Síðan þetta gerðist hefir viðhorfið breytzt mikið, og er nú komið svo, að horfur eru á, að næsta sumar verði skilyrði fyrir hendi til meiri vinnslu en líkindi eru til, að þörfin krefjist. Ég hygg, að þegar búið er að reisa þær verksmiðjur, sem nú er verið að undirbúa, þá muni hægt að afkasta 1 millj. síldarmála í bræðslu árlega, og jafnvel 1 millj. og 100 þús. málum. En á síðastl. sumri, eða ef miðað er við meðalveiði þeirra skipa, sem stunduðu veiði síðastl. sumar, og þar við bætt þeirri eðlilegu fjölgun veiðiskipa, sem leiðir af *nýstofnun þeirra verksmiðja, sem nú er verið að* reisa, þá eru af kunnugum mönnum taldar líkur til þess, að aflinn nemi 60—70% af vinnslumöguleikunum. Þetta viðhorf, sem er nú bundið við næsta ár, hefir orðið til þess að gefa flm. þessa frv. hvatningu til þess að binda þennan atvinnurekstur alveg viðjum einokunarinnar, svo að mönnum sé nú ekki lengur heimilt að reka þessa atvinnu nema með alveg sérstöku leyfi atvmrh. á hverjum tíma. Mér finnst ástæða til að mótmæla þessu, og mér finnst ástæða til, þegar því er mótmælt, að rakin sé saga málsins, sem ég nú hér hefi gert, og á það minnzt, af hvaða orsökum lagt var út á þessa braut í upphafi. Ég sé enga nauðsyn fyrir slíka lagasetningu og tel hana óviðeigandi. Það er allt að því hlægilegt, að ríkissjóður, eða umboðsmenn hans, sem í öndverðu hangandi hendi lögðu út á þessa braut vegna þarfa útgerðarmannanna, skuli nú vilja hefta einstaklingsframtakið og þar með taka skyldur framtíðarinnar um viðhald þessa atvinnurekstrar yfir á ríkissjóðinn, af því að horfur eru á því, að á einu einasta ári berist að verksmiðjunum minni afli en þær hafa skilyrði til þess að vinna úr. Það er mikill munur á þessu annarsvegar, að ríkissjóður í öndverðu leysti þessa þörf með viðurkenningu þess, að hún ekki yrði leyst að öðrum kosti, og svo hinu, að leggja stein í götu þeirra manna, sem sjálfir kynnu að vilja létta þessum bagga af ríkissjóði. Grundvallarhugsunin í löggjöfinni frá Alþ. 1928 er ekki sú, að ríkið hafi þennan rekstur yfirleitt með höndum, heldur aðeins þangað til útgerðarmenn geti yfirtekið hann. — Þessar almennu aths. vildi ég láta fylgja frv. til n. En ég vil ekki á þessu stigi málsins tefja framgang þess með því að ræða einstök fyrirkomulagsatriði, sem ég tel þó ábótavant í frv. eins og það nú er, en finnst eðlilegt, að það verði rætt og athugað í sjútvn., en þangað mun því verða vísað.

**Flm. (Finnur Jónsson):** Ég þarf í sjálfu sér ekki að svara miklu því, sem hv. þm. G.-K. sagði, en finn þó ástæðu til að þakka honum fyrir þau rök, sem hann lagði að því, að frv. næði fram að ganga. Hann benti á það réttilega, að það hefði verið bætt svo við síldarverksmiðjurnar á síðastl. ári, og enn yrðu framkvæmdar svo miklar viðbætur á næsta ári, að líkindi bentu til, að aflinn yrði ekki nema 60—70% af því, sem verksmiðjurnar gætu unnið úr. Ég held, að hv. þm. G.-K. hafi þarna gengið fulllangt í því að sanna þörfina á að samþ. frv. Ég held, að meiri síld fáist en hv. þm. G.-K. ætlar, með því að setja fleiri togara á síld, en það mun vera ætlun þeirra, sem byggja verksmiðjurnar a. m. k., og þá greinir okkur ekki svo mjög á. Við erum sammála um það, að það sé full þörf á að athuga, hvort fiskiflotinn geti fullnægt þeirri þörf, sem verksmiðjurnar skapa fyrir síld til vinnslu. Frv., sem hér liggur fyrir, miðar einungis að því. Það miðar ekkert að því, að hefta einstaklingsframtakið í þesum málum, að svo miklu leyti sem bygging síldarverksmiðja ekki fer út í hreina og beina vitleysu. Og ég vænti, að hv. þm. G.-K. sé mér sammála um, að ef reistar væru fleiri verksmiðjur en svo, að þær gætu unnið úr þeim afla, sem a. m. k. í góðu síldarári kynni að koma á land, þá myndi stefna að því, að nokkur hluti verksmiðjanna stæði uppi án þess að hafa nokkra síld til vinnslu, og það er bæði skaði fyrir þá, sem síldarvinnu stunda, og ríkissjóð. Svo stór skaði, að full ástæða er til að athuga það og láta ekki reisa síldarverksmiðjur alveg forsjárlaust og fyrirhyggjulaust. Mér dettur ekki í hug að halda, að nokkurn tíma verði sú stj. í landinu, að hún takmarki byggingu síldarverksmiðja, ef fiskiflotinn er nægur til þess að veiða fyrir verksmiðjurnar. En hver sú ríkisstj., sem hér situr, mun áreiðanlega athuga það vegna hagsmuna ríkissjóðs, að ekki verði reistar verksmiðjur alveg út í bláinn. Ég ætlast ekki til, eða við flm., að það sé lagður nokkur annar hemill á framtak einstaklinganna en sá, sem nauðsynlegur kann að þykja til þess að bjarga sjávarútveginum frá því að lenda út í öngþveiti vegna of margra verksmiðja.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. sagði, að ég hefði lagt sér upp í hendurnar rökin fyrir frv. En ég hygg, að það hafi verið lítið hugsað hjá honum, og skal ég nú sýna fram á það. Það *mun vera rétt, sem ég sagði áðan,* að það eru

ekki sérstök líkindi til þess nú, að á næsta sumri verði síldveiðar stundaðar af nægilega mörgum skipum til þess að fullnægja þörfum þeirra verksmiðja, sem þá verða til í landinu, ef haldið verður áfram og lokið við byggingu þeirra verksmiðja, sem nú er verið að reisa, og hygg ég, að þær tölur, sem ég nefndi áðan í því sambandi, séu réttar. En af því leiðir ekki, að þetta frv. eigi rétt á sér eða styðjist við þörf þjóðarinnar og rökréttan hugsunarhátt. Því að sannleikurinn er sá í þessu máli, að í þessu lýsir sér hin hættulega og í alla staði skaðlega kenning, að einstöku menn eða þingmeirihluti geti verið forsjón þjóðarinnar á öllum sviðum. Gangur þessara mála er sá, og ég vil sérstaklega beina huga hv. þm. Ísaf., sem er form. sjútvn., að því, af því að honum ber skylda til þess að stöðva ekki með nokkru móti eðlilegan vöxt sjávarútvegsins, að ef síldarverksmiðjurnar verða fleiri en þörfin krefur á hverjum tíma, eins og útlit er fyrir, að verði næsta sumar, þá mun aukin samkeppni milli verksmiðjanna hækka verðið á aflanum, sjómönnunum til handa. Það er að vísu full þörf á þeirri hækkun, en hún getur orðið óeðlileg, það játa ég. En hvað er svo næsta stigið? Það, að þessi hækkun örvar fleiri útgerðarmenn til þátttöku í síldveiðunum næsta sumar á eftir. Það getur orðið til þess, að fleiri verksmiðjur verði reistar og síðan fleiri skip gerð út. Þetta er hið eðlilega, óþvingaða lögmál í þessum efnum. Og að það er beint hættulegt að grípa inn í eða reyna að hafa áhrif á þetta lögmál, stafar aðallega af tvennu. Í fyrsta lagi af því, að þótt ekki séu horfur á, að á næsta sumri stundi fleiri skip veiði en svo, að nokkuð skorti á fullnægingu á þörfum þeirra verksmiðja, sem fyrir verða þá, þá er það staðreynd, að til eru óteljandi mörg skip óhagnýtt, sem geta og mundu stunda þessar veiðar, ef þeim eru sköpuð til þess eðlileg skilyrði. Þetta er önnur stoðin, sem rennur undir það, að það sé ekki hægt að grípa hér inn í. Hin er sú, að vegna aðsteðjandi örðugleika sjávarútvegsins á öllum sviðum, þorskveiðum, salt- og ísfiskveiðum, þá er ljóst, að nauðsyn ber til að beina útveginum meira að síldveiðunum en verið hefir. Líkur benda til, að á næstu árum verði okkur nauðugur sá kostur að skerða eitthvað þorskveiðarnar. En við það skapast þörf fyrir hagnýting mannsorkunnar á sviði síldveiðanna, og eins og sakir standa nú, eru ekki líkur til, að þeir örðugleikar séu á sölu þeirra framleiðsluvara, að þeir standi þeirri þróun fyrir þrifum. Þetta verða menn að athuga, þegar þeir taka afstöðu til þessa frv., sem hér er til umr. Samkv. frv. er ekki annað sagt en það, að það megi ekki byggja slíkar verksmiðjur nema með leyfi atvmrh. Það ákvæði er út af fyrir sig að því leyti skaðlegt, að maður getur hugsað sér, að atvmrh. hafi ekki á öllum tímum viðsýni til þess að skilja hið sanna eðli þessa máls, og líkindi til þess, að slíkt ákvæði, er í l. er, dragi heldur úr eðlilegum vexti þessa atvinnurekstrar, en það er skaðlegt vegna þess, að hugsunin bak við þetta ákvæði er skökk. Það er nefnilega ekki rétt, úr því fyrirsjáanlegt er, að aðrar þjóðir eru að setja skorður við þorskveiðunum hér við land, að sú hugsun fái að dafna hér á þ. og koma fram í löggjöfinni, að það beri í þessu efni einungis að miða við það, að verksmiðjurnar, sem fyrir eru, hafi sem bezta afkomu tryggða á öllum tímum. En það er hugsunin, sem liggur á bak við frv. Ég legg áherzlu á og endurtek, að þótt næsta sumar séu líkur til, að verksmiðjurnar fái ekki allan þann afla, sem þær geta unnið úr, þá leiðir það til aukinnar samkeppni; sú aukna samkeppni leiðir til hækkaðs verðlags til sjómannanna og aukinnar útgerðar; sú aukna útgerð leiðir til aukinna verksmiðjubygginga. Þetta er undir venjulegum kringumstæðum hin eðlilega þróun, en undir þessum kringumstæðum, sem við nú lifum undir, þegar verið er að skerða annan aðalatvinnurekstur okkar, þá er hún alveg augljós. Hv. þm. til leiðréttingar vildi ég skjóta þessu fram. Ég gæti svo spurt hann um það, hvort það hafi verið að yfirlögðu ráði, að hann beitti sér fyrir því, að ríkið fór að leggja í nýjan kostnað við síldarbræðslu á Siglufirði. Það er næstum því skoplegt, að ekki skuli vera liðnir nema nokkrir mán. síðan við lögðum því lið hér, að ríkið legði fram fé til þess að leysa þá þörf, sem var á aukinni síldarbræðslu nyrðra. Svo koma sumir af hinum sömu mönnum og vilja banna öllum öðrum að leysa þörfina. Hinsvegar vil ég leiða athygli að því, að ef þessi hugsun, sem liggur á bak við frv., um að girða fyrir óeðlilega samkeppni milli verksmiðjanna, á að færast yfir á önnur svið atvinnulífsins, þá má miklu frekar segja, að þörfin kalli á slíkar framkvæmdir á sviði þorskveiðanna. Það má spyrja hvers vegna? Alþm. samþ. hvað eftir annað, að ríkið veiti aðstoð til þess að kaupa ný skip, sem ætlað er að stunda þorskveiðar um leið og öllum er ljóst, að ekki eru fyrir hendi nein skilyrði til að selja aflann, sem líkur bendi til, að fáist á þessi skip, sem fyrir eru í landinu. Þetta er atriði, sem bæri að athuga með löggjöf, þótt ég hyggi nú, að þetta mætti tryggja með bankastarfseminni í landinu. En hitt er skaðlegt undir núv. kringumstæðum, að ætla að setja l., sem hefta eðlilega þróun á sviði síldarútgerðarinnar, jafnvel þótt einhver hætta sé á því, að verksmiðjurnar hafi ekki fyllilega nóga síld á hverjum tíma, til þess að afkoman væri sem allra bezt. Hér eru tveir aðilar, sem þarf að tryggja: Verksmiðjurnar og einkum þó útgerðina sjálfa. En eftir því, sem hv. flm. lýsti tilgangi frv., hefir hann ekki komið auga nema á annan aðilann, ekki þann, sem sízt mátti gleyma.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég verð að segja það, að ég undraðist stórlega að sjá þetta frv., sem hér liggur fyrir, en með því sýnist vera sá tilgangur, að banna það, að reistar séu nýjar síldarbræðslustöðvar, eða að stækka þær, sem fyrir eru. Síldveiði, og síldarbræðsla sérstaklega, virðast vera einn af þeim atvinnuvegum í okkar landi, sem hefir verið sæmileg afkoma á, af því að fyrir þessa vöru hefir verið sæmilegur markaður. Það vita líka allir, að þörfin er nóg, bæði hjá verkafólki fyrir vinnu við þennan atvinnuveg, og hjá landsmönnum yfirleitt, til þess að

hagnýta sér til hins ýtrasta þá möguleika, sem þessi atvinnuvegur gefur.

Það virðist vera svo ástatt í augnablikinu, eftir því sem talið er, að hægt sé að taka meiri síld til bræðslu en boðin er fram. En mér virðist það ákaflega undarlegt, að formaður sjútvn. þessarar hv. d. skuli láta sér detta í hug þá lausn á þessu máli, að ætla að takmarka sem mest, að þeir möguleikar verði notaðir, sem hér eru fyrir hendi, bæði hvað vinnu snertir og eins markað fyrir síldina. Það ætti að vera öllum augljóst, ef svo stendur á, að líkur eru til, að bræðslustöðvarnar geti afkastað meiru en líkindi eru til, að til þeirra muni berast, a. m. k. ef ekki verða fleiri ísl. skip, sem stunda síldveiðar, en verið hefir undanfarið, þá er lausnin á því máli vitanlega sú, að finna einhverja leið til þess að auka veiðina, en ekki sú, að takmarka framleiðslumöguleikana. Ég hefði getað trúað því, að þessi formaður sjútvn., sem um leið er, að hann telur og hans flokksbræður, forsvari verkafólksins í landinu, hefði látið sér detta eitthvað annað í hug en að takmarka veiðina, úr því að til eru skilyrði til síldarbræðslu og markaður fyrir þessar afurðir. Mér finnst það frekar vera verkefni hv. sjútvn. og þá vitanlega formanns hennar líka, að finna út, með hverjum hætti er hægt að auka framleiðsluna, svo að verksmiðjurnar fái svo mikla síld, sem þær geta tekið að sér að bræða, og fólkið fái meiri vinnu næsta sumar en verið hefir, heldur en að takmarka annaðhvort síldarframboð eða verksmiðjubyggingar. Meðan við höfum svo góðan markað fyrir þessa vöru, að vert er að stunda þessa atvinnugrein, þá virðist augljóst, að stefna ber að því að auka framleiðsluna, og ef ekki er til nægur ísl. skipastóll til að stunda síldveiðar, þá á að rannsaka, hvort ekki er hægt að skapa ísl. mönnum atvinnu á þann hátt, að fleiri skipum en ísl. sé gert mögulegt að taka þátt í þessum veiðum og selja síld til verksmiðjanna.

Ég vildi biðja hv. sjútvn. að athuga það sérstaklega, hvort ekki er mögulegt, að við getum hagað okkar löggjöf á þann veg, ef hún er því til fyrirstöðu, að hægt sé að nota erlend skip í þessu skyni þessa 2 mánuði ársins, sem síldveiðar eru stundaðar, að opnuð verði leið í þessum efnum. Hitt er alveg ófært, að ætla að draga úr þeim atvinnumöguleikum, sem fyrir hendi eru, með því að takmarka framleiðsluna, þegar nóg er af síldinni í sjónum og nóg verkafólk til þess að vinna að útgerðinni, og ennfremur er til góður markaður fyrir þessar afurðir.

**Flm. (Finnur Jónsson):** Ég held, að frv. gefi ekki mikið tilefni til þeirra umræðna, sem hér hafa farið fram. Hér er alls ekki verið að tala um að takmarka byggingu síldarbræðslustöðva, nema brýn nauðsyn sé fyrir hendi. (**ÓTh:** Hvenær er brýn nauðsyn fyrir hendi?). Það er brýn nauðsyn, ef ekki eru til skip til þess að fiska í verksmiðjurnar. Það er vitanlegt, að fái verksmiðjurnar ekki svo mikla síld, að þær geti unnið með hagnaði, þá kemur það niður á þeim, sem fiska í verksmiðjurnar. Á síðasta ári var vinnslumagn verksmiðjanna aukið um því sem næst 80% frá því, sem var árið áður, að meðtöldum þeim verksmiðjum, sem koma til með að taka á móti síld næsta sumar. Þetta er meiri aukning en hefir orðið á skipastólnum, sem á síldveiðar fer, og það þarf að bæta mörgum skipum við á síldveiðar, ef fullnægja á vinnsluþörf verksmiðjanna. Nú þykir mér gott að heyra það hjá hv. þm., að þeir álíta, að bæta þurfi skipum við, því að undanfarið hafa mörg skip legið hér yfir síldveiðitímann, sem hefðu getað farið á veiðar. En hinsvegar álít ég það mjög óheppilegt, að bætt verði við svo mörgum verksmiðjum, að skipastóllinn hrökkvi ekki til þess að veiða í þær. (**ÓTh:** Sá möguleiki liggur ekki fyrir). Hvað vitum við um það, ef haldið verður áfram í þessu efni eins og gert hefir verið 2 síðustu árin. Þetta frv. er flutt að gefnu tilefni frá stj. ríkisverksmiðjanna og fiskiþinginu, vegna þess, að fram kom á fiskiþinginu till. um að skora á ríkisstj. að byggja nýja síldarverksmiðju við Húnaflóa. En með tilliti til þeirrar aukningar, sem hefir orðið á þessu sviði á síðasta ári og verður þetta ár, gat sjútvn. fiskiþingsins ekki lagt það til, að ríkið legði fram fé til verksmiðjubyggingar við Húnaflóa, að svo komnu máli, ekki fyrr en það sýndi sig, að nógur markaður væri fyrir afurðir þeirra verksmiðja, sem fyrir eru.

Hv. 5. þm. Reykv. var að tala um þann stóra markað, sem væri til fyrir afurðir síldarbræðsluverksmiðjanna Ég held, að þetta sé ekki rétt hjá þessum hv. þm. Markaður fyrir þessar afurðir er aðallega í Þýzkalandi, a. m. k. fyrir síldarmjölið, og nú er viðskiptum okkar við Þýzkaland svo háttað, að við verðum að kaupa jafnmikið þaðan og við seljum þangað á hverju ári. Það má þess vegna segja, að markaður fyrir síldarmjöl sé lítill, ef ekki eru sérstakar ástæður fyrir hendi. En þessar sérstöku ástæður voru fyrir hendi á síðasta sumri, og voru þær, að Norðmenn öfluðu lítið og keyptu sjálfir aldrei þessu vant megnið af því síldarmjöli, sem var flutt héðan í ár.

Það er fjarri því, að þetta frv. miði á nokkurn hátt að því, að draga úr atvinnunni í landinu. Það á eingöngu að sjá til þess, að ekki verði reistar óheppilega margar síldarverksmiðjur. Og það er einmitt hér, sem skilur á milli okkar Alþýðuflokksmanna og sjálfstæðismanna. Sjálfst.menn vilja láta hið frjálsa framtak njóta sín og reisa svo margar síldarverksmiðjur sem verkast vill, þó að ekki séu til skip til þess að fiska í þær, og ekki sé tryggt, að afurðirnar seljist, og það getur vel verið, ef þetta er látið afskiptalaust, að þannig fari. Við flm. þessa máls lítum svo á, að það dugi ekki, eins og ríkið á hér mikilla hagsmuna að gæta, að það láti þetta afskiptalaust. Ríkið verður að sjá til þess að vöxtur verksmiðjanna verði samfara möguleikunum til þess að veiða síld og möguleikunum til þess að selja afurðirnar. Að þessu miðar frv. og engu öðru. Ummælum um það, að þetta sé fram komið til þess að teppa atvinnurekstur í landinu, vísa ég algerlega á bug. Þetta mál er fyrst og fremst flutt til þess að tryggja atvinnurekstur, sem til er í landinu, og að tryggja það, að þau íslenzk veiðiskip, sem fara á síldveiðar, fái sem mest fyrir afla sinn.

**Bergur Jónsson** [óyfirl.]: Vegna þess, að ég er meðflutningsmaður að þessu frv., þá vil ég í tilefni af þeim andmælum, sem frv. hefir fengið, segja nokkur orð.

Eftir ræðum þessara hv. þm. að dæma, þá virðist það aðallega vera ákvæði 1. gr. frv., sem þeir hafa ástæðu til þess að gera aths. við. Og ég hefi aðallega fundið ástæðu til þess að taka þessar ræður til athugunar, af því að mér virðast báðir þessir hv. þm. leggja allt annan skilning í 1. gr. frv. heldur en heimilt er. Það kemur fram í ræðum þeirra hvað eftir annað, en þó einkanlega í ræðum hv þm. G.-K., að hér sé um að ræða eitthvert bann gegn því, að reisa síldarverksmiðjur eða stækka. En það nær vitanlega ekki nokkurri átt, að svo sé, eða að sá sé tilgangurinn með frv.

Eins og kunnugt er, á ríkið nú stórar síldarbræðsluverksmiðjur, sem geta unnið úr mikilli síld, og það er vel hugsanlegt, að til þess komi einhverntíma, að ekki fáist nóg síld til vinnslu í þessar verksmiðjur. En ef svo yrði, þá er ósköp eðlilegt, að ríkisstj. vilji hafa heimild til þess að hindra það, að verksmiðjur hennar séu gerðar óstarfhæfar, eða að á þeim verði greiðsluhalli, vegna þess, að annarsstaðar á landinu eru ónauðsynlegar verksmiðjur. Þetta er sú hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir 1. gr. frv., en hún er alls ekki sú, að bannað verði yfirleitt að reisa eða stækka síldarverksmiðjur. Hv. þm. G.-K. sagðist vera hræddur um, að e. t. v. mundi einhverntíma verða hér svo óvíðsýnn atvmrh., að hann sæi ekki nauðsynina til þess að leyfa það, að reistar yrðu nýjar verksmiðjur eða þær stækkaðar, sem fyrir væru, þó að hún væri fyrir hendi, og hann mundi því banna þetta. Það er mín trú, að hér mundi aldrei sitja að völdum sá atvmrh., sem neitaði slíkri aukningu, ef nauðsyn væri á henni, og jafnvel þó að ekki væri um nema nokkra nauðsyn að ræða.

Hv. þm. G.-K. segir ennfremur, að með þessu sé verið að hefta eðlilega þróun síldarútgerðarinnar, en í sömu ræðu segir hann svo, að það muni vera fullkomlega nóg af verksmiðjum til, til þess að vinna úr síld á næstunni, en eftir því virðist ekki ástæða til þess að óttast þetta ákvæði frv., a. m. k. ekki fyrst um sinn. Það getur verið, að það sé rétt, að fella megi burt úr 1. gr. frv. ákvæðið um, að leyfi þurfi til þess að stækka síldarverksmiðjur, en ég mun þó ekki ganga inn á það, vegna þess, að ef það verður gert, þá verður hægt að fara í kringum þessi l. og kalla það aðeins stækkun síldarverksmiðju, sem í raun og veru væri stofnun nýrrar verksmiðju. Ég álít þess vegna, að þó að þetta ákvæði sé í 1. gr. frv., sem mér finnst alveg sjálfsagt, að sé þar, til þess að koma í veg fyrir ónauðsynlega aukningu síldarverksmiðja, þá geti ekki komið til mála, að það geti orðið til hindrunar sjávarútveginum á nokkurn hátt.

Hv. 5. þm. Reykv. var að tala um, að ekki væri ástæða til að takmarka eða draga úr þeim möguleikum, sem væru fyrir hendi til þess að vinna síld. Þetta er vitaskuld alveg rétt, nda er það alls ekki tilgangurinn með þessu frv. Mér þykir það leiðinlegt, að þessir hv. þm. skuli, annaðhvort visvitandi eða óafvitandi, vera að leggja allt aðra meiningu í ákvæði frv. en réttlátt er og frv. gefur tilefni til.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég skil ekki í því, hvers vegna hv. þm. Barð. segir, að þetta frv. gefi ekki tilefni til þess, að hér sé rætt um, að takmarkaðir séu möguleikar til þess að setja á stofn síldarverksmiðjur. (**BJ**: Nauðsynlegar verksmiðjur verða aldrei bannaðar). Ef maður nú ber saman 1. og 2. gr. frv., þá sér maður, að í 1. gr. er bannað að reisa nýjar verksmiðjur eða að stækka þær, sem fyrir eru, nema með leyfi ráðh., og svo er í 2. gr. ákveði um það, að ríkissjóður hafi jafnan forkaupsrétt að þeim verksmiðjum einstakra manna, sem nú eru til í landinu. Það er beinlínis gefið í skyn með þessu, að einstaklingum sé ekki ætlað að skipta sér af þessum málum, því að með þessum ákvæðum er ríkinu einu ætlað að sjá um, að nóg sé af síldarbræðsluverksmiðjum á hverjum tíma. Ég sé ekki betur en að með þessu sé verið að stefna að því, að ríkið eigi allar síldarbræðslustöðvar í landinu, og að enginn annar en það setji á stofn slíkar verksmiðjur. (**BJ**: En 5. gr.?). Já, það er rétt, að það má selja þær aftur, þegar eins stendur á og þar segir.

Ég undrast það mjög, að þessir hv. flm. þessa frv. skuli ekki hafa nefnt með einu orði það atriði, sem fyrir mér var aðalatriðið, þegar ég tók til máls. Í grg. þessa frv. er ekki nefnt með einu orði, að markaður fyrir þessar afurðir sé svo þröngur, að þess vegna þurfi að takmarka framleiðsluna. Ef svo væri, þá væri málið á allt öðrum grundvelli. Nú segir hv. 1. flm. frv. í annari ræðu sinni, að menn megi fara að vara sig á því, að markaður fyrir þessar afurðir sé svo þröngur, að við getum ekki selt þær, nema með því móti að taka vörur í staðinn. Ég vil halda því fram, að ef við getum flutt til Þýzkalands alla þessa framleiðslu, þá þurfi ekki að lasta þann markað, þó að þau viðskipti verði að byggjast á vöruskiptum, því að við getum áreiðanlega fengið frá Þýzkalandi vörur, sem okkur eru nauðsynlegar og fullnægja okkar þörfum. Þess vegna megum við óska þess, að hafa sem mesta kaupgetu þar og sem mest að selja þangað. Ég á þess vegna bágt með að trúa því, að þær ástæður séu fyrir hendi, að hér sé um að ræða vöntun á markaði fyrir þessar vörur, og þar sem líka hv. fyrsti flm. frv. hefir lýst því yfir, að hægt hafi verið að selja talsvert meira af þessari framleiðslu en gert hefir verið.

Hv. flm. segir, að það sé eðlilegt, að sjálfstæðismenn taki þessu frv. svona, af því að þeir vilji hafa allt eftirlitslaust og vilji þess vegna láta byggja nýjar verksmiðjur alveg út í bláinn, án þess að nokkur þörf sé fyrir þær. Ég veit nú satt að segja ekki, hvaðan hv. þm. kemur þessi vizka. Við sjálfstæðismenn bendum á það, að þegar möguleikar eru til þess, eins og í þessu tilfelli, að hagnýta meira af gæðum náttúrunnar fyrir landsmenn en gert hefir verið, þá eigi vitanlega að skapa skilyrði til þess að nota þau gæði, og sérstaklega þegar eins stendur á og hér, þar sem hér er um framleiðslu að ræða, sem er ung á okkar landi og, að því er virðist, á mikla framtíð fyrir höndum. Ég verð því að

segja það, að á meðan svo hagar til í þessum efnum, að nóg er af síld í sjónum og nóg fólk til þess að veiða hana og vinna við hana og nógu margar bræðslustöðvar til þess að vinna úr henni og ennfremur góður markaður fyrir hana, þá hlýtur það að vera verkefni hv. sjútvn. og þingsins í heild sinni, að stuðla að því, að skapa möguleika til þess, að hægt sé að veiða meiri síld en gert hefir verið. Alþ. virðist hafa ríka ástæðu til þess, eins og nú er mikið atvinnuleysi í landinu, að stuðla að því, að atvinna aukist í landinu, en ekki að hjálpa til þess með ráðstöfunum eins og farið er fram á í þessu frv., að gerðar verði, að atvinna landsmanna minnki. Ég benti á það í fyrri ræðu minni, að ef ekki væri hægt að fullnægja þessari framleiðsluþörf með skipastóli Íslendinga sjálfra, hvort þá væri ekki vegur til þess að bæta úr þessu með því að láta erlend skip veiða í verksmiðjurnar þessa 2 mánuði ársins. Þegar svona mikil þörf er fyrir atvinnu og fyrir aflann eins og hér er fyrir hendi, þá megum við helzt ekki láta stranda á því, að skip vanti til þess að veiða síldina. Af þessum ástæðum benti ég hv. sjútvn. á það, hvort ekki mundi vera hægt, ef löggjöfin verkar þannig, að hún stendur í vegi fyrir því, að hægt sé að nota útlend skip í þessu skyni, að lagfæra þetta svo fyrir næsta sumar, að veiðiskortur þurfi ekki að hindra það, að menn fái þá atvinnu við þessa framleiðslu, sem kostur er á. Þetta er vitanlega aðalatriði málsins.

**Ólafur Thors:** Ég er nú raunar búinn að taka það fram, sem mér finnst máli skipta. Þó vil ég í tilefni af orðum hv. þm. upplýsa, að á því er enginn vafi, að ef skipastóll Íslendinga stundaði síldveiðar yfirleitt, mundi afli hans fullnægja margfaldri þörf þeirra verksmiðja, sem nú eru til og verða næsta sumar. Ræður hv. flm. hafa bent á það, að þeim er þetta ekki ljóst. Það má t. d. nefna, að af 40 togurum stunduðu aðeins 7 síldveiðar síðastl. sumar. **(FJ:** Hvað margir Kveldúlfstogarar?). Fjórir. — Og væri nú bætt við 30 togurum og meðalafli þeirra áætlaður 15 þús. mál, sem er ekki hátt reiknað, þá væru þar komin 450 þús. mál í viðbót við aflann, sem nú fæst, og nemur það því sem næst helmingi allrar þeirrar síldar, sem allar verksmiðjurnar koma til með að geta tekið á móti næsta sumar, þó að lokið verði byggingu þeirrar, sem nú er verið að reisa. — En mér þykir trúlegt, ef á að fara að sporna við eðlilegri þróun í þessum efnum, að farið verði að setja innflutningshöft á skip og banna byggingu þeirra hér á landi, fyrst það er staðreynd, að hér er til skipastóll, sem gæti fullnægt tvöfaldri þörf þeirra síldarbræðsluverksmiðja, sem til eru og verða næsta sumar. En það breytir nokkuð afstöðu til þessa máls, hvort litið er á það með augum hv. fyrsta flm. eða hv. meðflm. hans. Hv. fyrsti flm. telur aðaltilganginn þann, að tryggja síldarbræðslunum nóg úrvinnsluefni, og að þar til þurfi afskipti hins opinbera. En fyrir mér er það aðalatriðið, að framboð og eftirspurn fái sjálf að leita að sínu eðlilega jafnvægi. Og ég hefi áður fært rök að því, að það er þjóðarnauðsyn, að höfð verði hliðsjón af horfum á aflasölu á öðrum sviðum, í sambandi við þessi mál. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:3 atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv

---

Á 36, 37., 38., 39., 40., 41., 42., 43., 44. og 45. fundi í Nd., 14., 15., 16., 17., 19., 20., 21., 22., 23. og 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 201, n. 341 og 450).

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Sjútvn. hefir athugað þetta frv. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. vill gera allmiklar breyt. á því.

Ég þarf engu að bæta við það, sem ég tók fram í framsöguræðu minni við 1. umr., og þykir því rétt að gefa minni hl. n. þegar tækifæri til að mæla fyrir þeim brtt., sem hann ber fram.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Það er eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, að n. hefir ekki orðið sammála um þetta frv. Minni hl. vill að sönnu ekki láta fella þetta mál, sökum þess, að það er ekki hægt að neita því, að það er þörf á að draga saman þau ákvæði, sem eru um síldarverksmiðjur a. m. k. í tvennum l. Hinsvegar er í þessu frv. stefnt í svo öfuga átt að hyggju okkar minnihl.manna, að við getum ekki gengið inn á að fylgja því eins og það er.

1. gr. frv. miðar að því, að banna öllum að reisa verksmiðju til síldarbræðslu, nema að fengnu leyfi atvmrh. Mér er næst að halda, að þessi till. sé sprottin af því, að hv. flm. hafi ekki gert sér nægilega grein fyrir því, að hverju beri að stefna í þessum málum, en það er vissulega það, að hægt sé að hagnýta til bræðslu alla þá síld, sem öll þau ísl. skip geta aflað, sem hæf eru til síldveiða og ekki eru til annars notuð. En þó að nú séu til allmargar verksmiðjur og standi til að byggja fleiri á næsta ári, þá er það víst, að mikið skortir á, að hægt væri að taka til bræðslu alla þá síld, sem afla má á öll þau ísl. skip, er geta stundað síldveiði.

En til þess að skipin geti stundað síldveiði, þarf auðvitað að gera aflann það verðmætan, að hann geti staðið undir útgerðarkostnaðinum. En reynslan hefir sýnt það, að ríkisverksmiðjurnar, sem nú eru, hafa ekki getað greitt það verð fyrir síldina, að unnt hafi verið að gera út skip eingöngu til að veiða bræðslusíld. Verðið á bræðslusíld hefir verið svo miklu lægra en á þeirri síld, sem var söltuð eða sérverkuð, að skipin hafa yfirleitt bjargazt á því, að geta selt nokkuð af afla sínum til söltunar.

Ég skal skjóta því inn í þetta mál, þó að það eigi frekar heima annarsstaðar, að það er nokkuð einkennilegt, að einmitt hér á þessu þingi hefir verið samþ. að færa niður toll á saltsíld, en fellt að færa niður þann toll, sem er á bræðslusíld. M. ö. o., að það er ennþá ríkjandi

hér á hinu háa Alþ. svo mikill misskilningur á síldveiðimálum, að þingið hefir samþ., að gjalda skuli allt að 7% toll af bræðslusíld, sem er þó miklu óarðvænlegra að afla, en jafnframt samþ. að lækka tollinn á hinni verðmætari síld. Ég segi þetta af því, að mér finnst þörf á, að hv. þm. færu að gera sér grein fyrir því, að taka verður eitthvert tillit til þeirra manna, sem hafa fengizt við síldarútgerð og verzlað með síld í mörg ár, en þetta hefir einmitt gengið öfugt til hér á þingi. Þegar verið var að setja á einkasölu á síld, þá voru það einmitt afdalamennirnir, sem réðu úrslitum um hvert atriði. Þeir, sem mesta reynslu og þekkingu höfðu á þessum málum, fengu engu að ráða. Nú skilst mér, að þessi hörmulegi misskilningur eigi að halda áfram, og þetta frv. stefnir áreiðanlega í þá átt. Er það þó undarlegt, vegna þess, að annar af flm. frv. hefir þó fengið nokkra reynslu á þessum hlutum. En það er vafalaust, að úr þeirri þörf, sem er á því, að hægt sé að taka til bræðslu alla þá síld, sem ísl. skip geta aflað í því skyni, verður að bæta með einkarekstri, en ekki ríkisrekstri.

Nú geri ég ráð fyrir því, að eftirleiðis verði það eins og hingað til, að útgerðarmenn sjálfir reyni að koma sér upp bræðslustöðvum, og ef þeir ekki geta hagnýtt afla sinn þannig, að hann svari útgerðarkostnaði, þá er það alveg víst, að það verður ekki hægt með ríkisrekstri. Það var aldrei tilætlunin með ríkisverksmiðjurnar þegar þær voru settar á stofn, að leggja með því stein í götu þessa atvinnurekstrar, heldur var tilgangurinn sá, að bæta úr þörf útgerðarmanna þá í bili. En nú er komið inn á þá braut, að sökum þess að ríkið á verksmiðjur, á að fara að banna öðrum að reisa verksmiðjur, til þess að vernda þetta sem atvinnurekstur fyrir ríkið, m. ö. o., á kostnað atvinnurekstrarins sjálfs á að vernda afkomu þessara verksmiðja, sem upphaflega voru settar á stofn sem hjálp fyrir útgerðina. Svona hefir skilningurinn á þessum málum snúizt í hring í höfði þeirra manna, sem flytja þetta bannfrv.

Í umr. um þetta mál hefir það líka komið fram, sem mun vera nokkurt atriði í málinu, frá sjónarmiði hv. flm., að það sé verið að auka við útlendar verksmiðjur á síðustu árum að talsverðum mun. En það er einkennilegt, að það skuli geta haft áhrif og valdið flutningi þessa frv., því að vitanlega var sú aukning á móti l., og það var stj. að banna þá aukningu. En ég get ekki hugsað mér, að það mundi frekar vekja stj. til að grípa í taumana, þegar útlendir atvinnurekendur ætla að brjóta landslögin hér, þótt til væru tvenn lög um þetta efni í stað þeirra einu laga, sem brotin hafa verið. Það er því misskilningur, að þessu verði bjargað við með nýrri lagasetningu, því að um það eru skýlaus ákvæði til í l.

Þá skal ég koma að brtt. minni hl. sjútvn. Hann hefir auðvitað lagt til, að 1. gr. frv. skuli falla niður, af því að hún leggur bann við því, að nokkur megi reisa síldarverksmiðju nema með leyfi stj.

Um 2. gr. er það að segja, að hún áskilur ríkinu forkaupsrétt í verksmiðjum. Þetta er einnig byggt á misskilningi, því að ríkið getur alltaf, ef það vill, tekið verksmiðjur, sem aðrir eiga, eignarnámi, ef það þykir horfa til almenningsheilla. Við leggjum því einnig til, að sú gr. verði felld niður.

Þá er 3. gr. úr gömlu l. um síldarverksmiðjur, og er ekkert við hana að athuga.

4. gr. frv. er þannig orðuð, að okkur minnihl.-mönnum fannst ekki mega við það una. Höfum við því orðað hana upp. Þar er í fyrsta lagi farið fram á það, að ríkisstj. skuli skipa alla mennina í verksmiðjustj. Þetta virðist okkur ekki vera heppilegt. Þess vegna leggjum við til, að gr. verði breytt, í fyrsta lagi þannig, að í stj. skuli vera 5 menn, en ekki 3, því að það er vitanlegt, að ef þörf var fyrir þriggja manna stj., meðan ríkið hafði aðeins eina verksmiðju, þá veitir ekki af 5 mönnum, þegar ríkið á 3—4 verksmiðjur, eina á hverju landshorni. Þá sýnist okkur heppilegt, að menn þessir séu kosnir af Alþ., að undanskildum formanni, og kosnir til 3 ára. Það gefur verksmiðjustj. meiri festu, ef hún hefir tækifæri til að starfa í 3 ár í einu. Formaður stj. leggjum við til, að sé stjórnskipaður og aðeins til eins árs í senn. Þar hefir verið gengið inn á þá hugsun, sem virðist vera rétt og er orðin ríkjandi, að sú ríkisstj., sem situr í hvert skipti, eigi að ráða, hverjir eru hennar trúnaðarmenn við stjórn slíkra fyrirtækja sem þessa. Og það er alveg gefinn hlutur, að ef formaður þessarar stj. er skipaður árlega, þá hefir hver stj. þar þann trúnaðarmann, sem hún helzt mundi kjósa.

Um endurskoðendurna þarf ekki að ræða, því að það er enginn ágreiningur um það.

Þá höfum við ekki viljað rígskorða það, hvar þessi stjórnarnefnd skuli hafa aðsetur sitt. Það getur verið, að stj. þurfi að hafa menn á ýmsum stöðum, ef ríkið rekur verksmiðjur á fleiri en einum stað. Það er líklegt, að einn stjórnarnefndarmanna þurfi að vera í Rvík við og við, til þess að greiða fyrir ýmsum peningamálum fyrir fyrirtækin.

Við höfum lagt til, að fella skuli niður síðasta málslið 5. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ennfremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu (þ. e. a. s. ef ríkið ætlar að selja samvinnufélagi verksmiðju), að þátttaka í félaginu sé almenn bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna.“

Okkur sýnist, að þetta ákvæði gæti leitt til þess, að ef ríkið vildi selja verksmiðju, þá yrði það naumast hægt vegna þess, að þátttakan yrði ekki nógu almenn, en eftir okkar skilningi fer betur á því, að útgerðarmenn gætu sjálfir átt allar verksmiðjur, sem þeir afla í. Þess vegna viljum við ekki hafa það annmörkum bundið, að þeir geti eignazt slíkar verksmiðjur.

Þá höfum við lagt til, að 8. gr. verði orðuð upp. Eftir þeirri gr. á að fara þannig að með afla þeirra, sem fá hann síldarverksmiðjunum til bræðslu, að seljendur verða að greiða af aflanum allan rekstrarkostnað, þ. á m. vexti af stofnfé því, sem lagt hefir verið til verksmiðjunnar, í öðru lagi afborgun af stofnfé verksmiðjunnar, eftir því sem samningar standa til um þau stofnlán, sem hafa verið tekin til henn-

ar. Í þriðja lagi fyrningargjald, 2%, og í fjórða lagi á að greiða 5% í varasjóð. Þetta eru fjórir liðir, sem eiga að dragast frá, og í raun og veru eru þeir fimm, því að þarna er slengt saman tveimur liðum, og það er allur rekstrarkostnaður verksmiðjunnar. Það er fyrsta atriðið. Vextir af því fé, sem lagt hefir verið í verksmiðjuna, annar liðurinn. Þriðji liðurinn er afborgun, eftir því, sem stj. hefir samið um. Þá er fyrningargjald og í fimmta lagi varasjóðsgjald.

Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að þarna er mjög mikið rýrt andvirði síldarinnar, enda hefir það reynzt svo, að ekki hefir verið hægt að skila miklu til þeirra, sem síldina hafa selt. Og það er fjarstæða að ganga svo langt, að láta síldareigendur, sem eiga að fá síldina unna þarna, borga miklu meira fyrir það heldur en þeir hefðu orðið að gera, ef þeir hefðu lagt í það sjálfir að koma sér upp verksmiðjum. Það er vitanlega fjarri öllum sanni, að þetta eigi sér stað, úr því að einstökum útgerðarmönnum er bannað að byggja verksmiðjur. Við leggjum því til, að þessu verði breytt.

Hinsvegar ætlumst við til, að síldareigendur greiði stjórnar- og rekstrarkostnað verksmiðjanna, og afborganir og vexti af stofnkostnaði þeirra, en þó á annan hátt en flm. frv. ætlast til. Það er ekkert vit í því, að hafa það óbundið, eins og er í frv., á hve löngum tíma stofnkostnaðurinn skuli greiðast, e. t. v. á 3—4 árum. Samkv. samningi um dr. Pauls-verksmiðjuna á hún að greiðast á 6 árum. Það nær vitanlega engri átt, að viðskiptamenn greiði stofnkostnað þessarar eða annarra verksmiðja á svo skömmum tíma. Við höfum því flutt um þetta brtt. þess efnis, að stofnkostnaður af byggingu nýrrar verksmiðju ríkisins skuli greiðast með vöxtum á 20 árum, en greiðsla fyrir eldri verksmiðjuna, sem ríkið hefir keypt eða kann að kaupa — en nú virðist sú stefna mjög uppi, að kaupa ýms gömul verksmiðjuskrifli handa ríkinu —, skuli dreifast á sem flest ár og fara eftir endingarmöguleikum verksmiðjunnar.

Þá höfum við borið fram brtt., sem felur í sér nánari ákvæði um það, til hvers fyrningargjaldi skuli varið. Teljum við sjálfsagt, að skýrt sé kveðið á um það, að því skuli varið til viðhalds og endurbóta verksmiðjunum.

Loks flytjum við brtt. um útborgun til síldareigenda. Upphaflega var tilætlunin sú, að verksmiðjan keypti enga síld af síldareigendum, heldur tæki hana í vinnslu af þeim fyrir þeirra reikning og skilaði þeim síðan andvirðinu, að frádregnum rekstrarkostnaði, vöxtum og afborgunum, fyrningar- og vörusjóðsgjaldi.

Í frv. er gert ráð fyrir, að verksmiðjan greiði síldareigendum allt að 70% af áætluðu verði við afhendingu. Þetta sama ákvæði var í síldarlögunum frá 1929, en reyndist óframkvæmanlegt, vegna þess, að sjómönnum og útgerðarmönnum var ókleift að stunda síldveiðar með svo litilli útborgun, og fá ekki eftirstöðvarnar, ef einhverjar voru, fyrr en eftir áramót. Því tók verksmiðjustjórnin það til bragðs að fá leyfi atvmrh. til að kaupa síldina. En sú aðferð felur í sér áhættu fyrir ríkissjóð og ósanngirni gagnvart sjómönnum og útgerðarmönnum.

Því viljum við, að reynt sé að ná hinum upphaflega tilgangi verkmiðjulaganna, að taka síldina til vinnslu fyrir reikning síldareigenda á þann hátt, að greiða þeim 85% af áætlunarverði síldarinnar nýrrar, og flytjum við um það brtt. við 8. gr.

Við 9. gr. er brtt. þess efnis, að í stað þess, að í frv. er ákveðið, að innlendar pantanir á fóðurmjöli skuli vera komnar fyrir 15. ágúst, skuli þær koma „fyrir ágústlok“. Við teljum ákvæði frv. óheppileg, af því, að um miðjan ágúst er heyskapur sjaldan það langt kominn, að séð sé fyrir fóðurbætisþörf bænda.

Þá leggjum við til, að 10. gr. sé orðuð upp. Efnisbreyt. gerum við ekki miklar, en okkur virðist orðalag greinarinnar geta valdið misskilningi, t. d. um reikningsskilin. Við teljum ennfremur rétt, að síldarverksmiðjur ríkisins birti reikninga sína í landsreikningunum alveg eins og önnur hliðstæð fyrirtæki, t. d. skipaútgerð ríkisins og ríkisprentsmiðjan.

Ég skal geta þess, að í nál. er skakkt ártal. Síldarverksmiðjan tók ekki til starfa fyrr en tveim árum eftir að l. um síldarbræðslur voru sett.

Á bls. 3 í nál. er talað um ákvæði um að greiða fyrningar- og varasjóðsgjald. Þetta er óþarft, ef brtt. okkar um að fella varasjóð niður verður samþ.

Ég skal játa, að í brtt. okkar felst mikil umturnun á frv., einkum vegna þess, að með þeim er raskað meginatriði þess, því, að banna einstökum mönnum að byggja síldarverksmiðjur. Með þessu er frv. í rauninni breytt svo, að lítið er þar eftir, nema það, sem er í gildandi l. Þetta kann nú að þykja nokkuð harðneskjulega að farið hjá okkur, minni hl. sjútvn. En við lítum svo á, að þótt við viðurkennum nauðsyn þess, að koma á einni og samfelldri löggjöf um þetta efni, þá séu viðbætur hv. flm. við gildandi l. ýmist óheppilegar eða óljósar. Þess vegna höfum við neyðzt til að semja frv. um að miklu leyti, en þess er að vænta, þar sem svo fullorðnir menn sem hv. flm. eiga hlut að máli, að þeir taki þetta ekki mjög nærri sér.

Ég vona, að hv. þdm. láti nú svo lítið, þótt þetta sé síldarmál, að kynna sér bæði gildandi löggjöf og frv. flm. og brtt. okkar áður en þeir greiða atkv. um málið, en hafi ekki þann máta, eins og stundum áður, að láta einn eða tvo menn skipa sér fyrir um það, hvernig þeir eiga að greiða atkv. í málinu. Síldarmál eru ekki það ólík öðrum málum, að menn þurfi ekkert um þau að vita áður en teknar eru um þau ákvarðanir. Óhöppin, sem hent hafa ríki og þjóð í síldarmálunum, hafa stafað af því, að þessum málum hefir verið ráðið til lykta af mönnum, sem ekki hafa haft þekkingu eða vilja til að kynna sér þau. Mér lízt svo á, að ef nú verður gengið til atkv. að lítt athuguðu máli, því hinir tómu stólar bera þess vitni, að hv. þdm. vilja ekki hlusta á rökræður um þetta mál, þótt búast megi við, að þeir kæmu hlaupandi út úr öllum hliðarherbergjum, ef hringt væri til atkvgr., verður það teljast stórum aðfinnsluvert, ef hv. þm. setja sig ekki inn í mál sem þetta áður en þeir taka um það ákvarðanir.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Ég get tekið undir það með hv. frsm. minni hl., að æskilegt er, að menn setji sig sem bezt inn í þetta mál, og sjálfsagt hefði verið heppilegt, að hv. frsm. hefði gert það sjálfur, áður en hann flutti þessar brtt.

Ég held, að enginn muni nú neita því, að ég hafi talsverðan kunnugleika á því máli, sem hér liggur fyrir. Auk þess studdist ég og hv. meðflm. minn við skýrslu um rannsókn á síldarbræðslustöðvunum, er við sömdum frv. Rannsókn þessi fór fram í haust að tilhlutun atvmrh., og var framkvæmd af kunnugum manni, Sveini Benediktssyni. Hún snerist, eins og skýrslan ber vott um, einkum um það, hversu síldarbræðslustöðvar þær, sem til eru, fullnægðu síldarvinnsluþörfum landsmanna. Skýrsla þessi virðist í alla staði óhlutdræg og samin af vandvirkni. En þar sem hún er löng og mikið af tölum í henni, mun ég ekki lesa hana alla, heldur aðeins nokkrar tölur og tilvitnanir, til stuðnings máli mínu.

Sumarið 1934 hefðu verksmiðjurnar getað brætt með 55 daga vinnslu 634700 mál, en bræddu ekki nema 452712 mál. Verksmiðjurnar hafa því brætt 181985 málum minna en þær gátu annað.

Meðalafli togara er um 8200 mál yfir sumarið sem leið. Verksmiðjurnar hefðu því getað tekið í viðbót við síld af 22 togurum, án þess að offyllast.

Næsta sumar er gert ráð fyrir, að verksmiðjurnar geti brætt um 992200 mál eða um 540000 málum meira en þær bræddu í fyrra, miðað við sama tíma. Þetta gefur sannarlega ástæðu til að athuga, hvort rétt sé að láta byggja nýjar síldarverksmiðjur af handahófi, án þess að sjá fyrir því samtímis, að til séu veiðiskip, sem fullnægja verksmiðjunum.

Í skýrslunni segir svo, m. a.:

„Til þess að afkastagetu verksmiðjanna næsta sumar, ca. 992000 málum, sbr. skýrslu nr. 2, yrði fullnægt, þyrfti bræðslusíldarafli þeirra skipa, sem líklegt er, að á síldveiðar fari, og bræðslusíld af útlendum skipum, sbr. skýrslu nr. 7, að aukast um samtals ca. 451499 mál, miðað við sama afla á hvert skip og fékkst í sumar. M. ö. o., bræðslusíldaraflinn á hvert skip að aukast um 83,5% að meðaltali, og það síldarmagn, sem verksmiðjurnar fengju af útlendum skipum, að aukast hlutfallslega eins.

Geri maður ráð fyrir góðu síldveiðisumri næsta sumar, ætti afli sömu skipa og voru á síldveiðum í sumar, að viðbættum afla þeirra skipa, sem sennilegt er, að bætist við, að nema ca. 681500 málum, sbr. skýrslu nr. 8. Leggi maður þar við 60% eða 165600 mál af áætlaðri afkastagetu Krossaness- og Raufarhafnarverksmiðjanna næsta sumar, sem þessum verksmiðjum er, samkv. norsku samningunum, heimilt að kaupa af útl. skipum, þá verður heildarbræðsluaflinn 847100 mál samkv. skýrslu nr. 8, eða 145 þús. málum minni en áætlað er, að síldarverksmiðjurnar geti brætt næsta sumar, miðað við 55 daga vinnslu."

M. ö. o., að í bezta síldarsumri vantar 145 þús. mál til þess, að öll væntanleg veiðiskip geti fyllt verksmiðjurnar, og er þó gert ráð fyrir, að keypt síld af erlendum skipum aukist úr 90 þús. upp í 160 þús. mál.

Ég mun ekki fara öllu lengra út í þessa skýrslu, en vil þó lesa upp niðurstöður Sveins Benediktssonar. Hann segir að lokum:

„Niðurstaðan af athugunum mínum er sú, að afkastageta verksmiðjanna á næsta sumri muni, eftir væntanlega aukningu, talsvert meira en samsvara þeim bræðslusíldarafla, sem líklegt er, að fáist á þann flota, sem á síldveiðar fer, enda þótt gengið væri út frá góðu aflasumri."

Í samræmi við þetta lagði þessi kunnugi maður til, að ekki væri byggð á þessu ári ný verksmiðja við Húnaflóa. Hann bar þetta fram á fiskiþinginu, og lagði fram rökstutt álit þess efnis, að síldarverksmiðjur þær, sem þegar eru til, gætu vel unnið úr síldaraflanum næsta sumar, jafnvel þótt mörg síldveiðaskip bættust við. Þótt allur togaraflotinn stundaði síldveiðar, myndi hann ekki gera betur en fylla verksmiðjurnar. En það eru engar líkur til þess, að svo fari, enda ekki heldur æskilegt. Það mun verða sjávarútveginum fyrir beztu, að flotinn skipti sér á sumrum á síldar- og ísfiskveiðum. Ég vil því vona, að hv. d. felli ekki niður það ákvæði frv., að banna einstökum mönnum að reisa nýjar verksmiðjur.

Ég harma það, að hv. þm. Vestm. skuli ekki hafa kynnt sér málið betur, áður en hann flutti brtt. sínar, en það myndi hann ekki hafa gert, hefði hann farið í hina sömu smiðju og ég, þ. e. kynnt sér skýrslu Sveins Benediktssonar.

Ég vil þá víkja nokkuð að brtt. minni hl. sjútvn.

Minni hl. gerir ráð fyrir, að stj. verksmiðjanna skuli vera kosin af Sþ., en formaður hennar skipaður af atvmrh. Ennfremur vill minni hl. fjölga um tvo í stj. verksmiðjanna, en í frv. er ætlazt til, að slíkt verði því aðeins gert, að ríkið bæti við sig verksmiðjum, svo að þörf verði fyrir þá fjölgun. Ég álít, að alveg nóg sé að hafa þrjá menn í stj. meðan ríkið reisir ekki verksmiðjur víðar en á Siglufirði. Ég get ekki heldur séð, hvaða ástæða er til þess að breyta gildandi verksmiðjulögum og láta Sþ. kjósa stj. L. var breytt 1933 í þá átt, að atvmrh. skipaði alla þrjá mennina, með því að slíkt fyrirkomulag þótti eðlilegt. Breyt. fluttu þá í Ed. hv. 2. þm. S.-M., hv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Eyf. Í Nd. lagði sjútvn. einróma með því, að þessar breyt. næðu fram að ganga, en þá átti einmitt hv. þm. Vestm. sæti í sjútvn. Hvað hefir nú valdið þessari skoðanabreyt. hv. þm. Vestm.? Hvað er það, sem veldur því, að hv. þm. Vestm., sem fyrir 1½ ári lagði til, að stj. væri skipuð af atvmrh., leggur nú til, að hún sé kosin af Sþ.? Ég get ekki fundið neina aðra skynsamlega skýringu á þessum straumhvörfum hv. þm. en þá, að nú sé kominn annar atvmrh. Hinsvegar get ég ekki annað séð en að sömu ástæðurnar séu fyrir hendi nú eins og 1933, þegar báðar sjútvn. Alþ. lögðu með því, að atvmrh. skipaði þessa síldarbræðslustjórn. Ég skal þó taka það fram, að ég álít alls ekki æskilegt, að þessi stj. sé pólitískt einlit eða skipuð aðeins tveim flokkum í landinu, heldur að í henni séu menn úr öllum

flokkum. — Aðra till. um verksmiðjustj. frá þessum tveim hv. þm. eru frekar til spillis, eins og þessi, sem ég hefi þegar nefnt, t. d. sú, að undanþiggja verksmiðjustj. því, að eiga aðsetur á Siglufirði yfir síldveiðitímann. Það hefir komið fyrir a. m. k. einu sinni, að heilt starfstímabil verksmiðjunnar var ekki nema einn úr stj. á Siglufirði. Þetta álít ég óheppilegt. Ég álít, að verksmiðjustjórnarstarfið eigi ekki að vera bein handa mönnum, heldur starf, sem þeir verða að gefa sig að. Þess vegna höfum við flm. sett það ákvæði í frv., að stj. skuli eiga aðsetur á Siglufirði yfir síldveiðitímann, nema þeir séu fjarverandi í erindum verksmiðjanna.

Þá hefir minni hl. n. viljað taka upp í verksmiðjulögin, að framkvæmdarstjórinn sé ráðinn til eins árs í senn. Okkur flm. finnst eðlilegra, að framkvæmdarstjórinn sé ráðinn til óákveðins tíma og hefði þá að sjálfsögðu 6 mán. uppsagnarfrest.

Í gömlu síldarverksmiðjul. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að selja verksmiðju samvinnufél. síldveiðimanna, og eru um það ströng ákvæði. Þessum ákvæðum höfum við flm. að mestu leyti haldið. En minni hl. vill breyta þessu þannig, að í staðinn fyrir samvinnufél. komi félag síldveiðimanna, og auk þess þurfi þessi félagsskapur ekki að vera almennur eins og gert er ráð fyrir í okkar frv. og gamla verksmiðjufrv. Þessa brtt. hygg ég mjög til skaða, vegna þess, að með henni er ekki girt fyrir það, að verksmiðjur séu seldar tiltölulega fámennu félagi manna, en það álítum við flm. ákaflega óheppilegt.

Þá kem ég að brtt. minni hl. við 8. gr. frv. Þær hníga að því, að í staðinn fyrir, að við flm. gerum ráð fyrir, að eigendum sé greitt söluverð afurða, að frádregnum stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma, afborgunum af stofnkostnaði, svo sem um er samið við lánveitendur eða ríkissjóð, komi, að stofnkostnaður með vöxtum greiðist með jöfnum greiðslum á 20 árum. Þessi brtt. er óþörf vegna þess, að þau lán, sem ríkissjóður hefir nú fyrir 2 stærstu verksmiðjurnar, eru einmitt 20 ára lán, og það er engin ástæða til, að ríkissjóður fari að heimta fljótari afborganir af síldarverksmiðjunum heldur en svo, að hann geti staðið skaðlausan straum af þeim lánum, sem hann tekur vegna verksmiðjubygginganna. Þó má geta þess, að verksmiðja dr. Pauls á að borga upp á 6 árum, og er það vitanlega of fljót afborgun. En mér hefir dottið í hug að leggja til, að á meðan þær afborganir færu fram, skuli ekki reiknast fyrningarsjóðsgjald af verksmiðjunni. Ég býst við að koma með það sem bráðabirgðaákvæði við 3. umr., ef frv. nær fram að ganga óbreytt. Þetta munar með því fyrningarsjóðsgjaldi, sem nú er í l., um 15 þús. kr. á ári. Hinsvegar má geta þess, að sú verksmiðja var mjög ódýr, og hennar rekstur er að mörgu leyti svo hagkvæmur, að verksmiðjan ætti að geta staðið straum af þessum afborgunum, en þó tel ég rétt að fella niður fyrningarsjóðsgjaldið meðan þessar afborganir fara svona ört fram.

Þá hefir minni hl. tekið upp í sinar brtt. það ákvæði, sem við höfum breytt í okkar frv. frá eldri l., um það að reikna fyrningarsjóðsgjald af verksmiðjunum 2% í staðinn fyrir 5%. Falla því okkar till. þar saman. Hinsvegar hefir minni hl. gengið það lengra en við í meiri hl., að þeir vilja alveg fella niður gjald í varasjóð. Mér finnst þetta vera óvarleg till. Gjaldið í varasjóð sýnist að vísu nokkuð hátt eins og það er í frv., en það er í raun og veru ekki eins hátt og það sýnist, vegna þess, að ekki hefir verið reiknað varasjóðsgjald af söluverði afurðanna, þegar búið er að vinna þær, heldur hefir ætíð verið reiknað af kaupverði síldarinnar.

Till. minni hl. n. ganga því eins og till. meiri hl. n. og flm. frv. í þá átt að búa þannig að rekstri ríkisverksmiðjanna, að hægt sé að borga nokkuð hærra verð fyrir síldina en gert hefir verið undanfarin ár. Með þeirri breyt., sem við flm. gerum ráð fyrir, munar þetta ekki svo litlu. Við gerum ráð fyrir því, að fyrningarsjóðsgjaldið verði lækkað á gömlu ríkisverksmiðjunum úr 5% niður í 2%, og mismunurinn á því gerir um 42 þús. kr. á ári, miðað við þessa árs vinnslu. Þá fellur niður afborgun og vextir til Siglufjarðarkaupstaðar, sem nemur 16 þús. kr. á ári. Auk þess munum við gera ráð fyrir, að fyrningarsjóðsgjald dr. Pauls-verksmiðjunnar falli niður fyrir þann tíma, sem afborganir eru að fullu greiddar, og nemur það 15500 kr. á ári. Þetta allt nemur 73 þús. kr. — Nú skal ég taka það fram, að því verður ekki með neinum rökum neitað, að bygging síldarverksmiðja ríkisins hefir gert það að verkum, að síldarútvegurinn hefir getað starfað undanfarin ár. Það er viðurkennt af öllum, að ef þessar verksmiðjur hefðu ekki verið starfandi, hefði síldarútvegurinn lagzt í rústir að miklu eða öllu leyti. Ég vil gera þær kröfur til ríkisins, að það græði ekki á þessari aðstöðu, sem það hefir fengið gagnvart síldarútveginum, en aftur á móti treysti ég mér ekki til þess að gera svo óvarlegar kröfur til ríkisins um þetta, að vel geti svo farið, að það tapi stórfé.

Ég ætla, að mér sé nokkuð treystandi að fara bil beggja í þessum kröfum, vegna þess að það fyrirtæki, sem ég stjórna, hefir á undanförnum 3 árum lagt til um ⅓ þeirrar síldar, sem eldri ríkisverksmiðjan hefir unnið. Og þær kjarabætur, sem farið er fram á eftir mínum till. og minna meðflm., til sjómanna, hefðu dregið þetta fyrirtæki á síðastl. 2 árum um 16 þús. kr. á hverju ári. Lækkun sú, sem fengizt hefir á síldartollinum á þessu þ. hefði dregið þetta sama fyrirtæki um 8 þús. kr. M. ö. o., þær kjarabætur fyrir sjómenn, sem ég er meðflm. að á þessu þ., mundu draga þetta eina fyrirtæki um 24 þús. kr. frá því, sem nú er. Þar af færu 12 þús. kr. til sjómanna og aðrar 12 þús. kr. til útgerðarinnar sjálfrar. Ég vil undirstrika þetta af því, að mér fannst hv. 6. þm. Reykv. vera að tala um, að við séum of kröfulitlir í garð ríkissjóðs fyrir hönd sjómanna. Ég tel, að á einu ári sé þarna unnið meira heldur en sjómenn hefði nokkurn tíma getað dreymt um, og að ekki sé rétt að krefjast meira á einu ári. Þær upphæðir, sem hér er um að ræða, hefðu dregið sjómenn á þessum skipum á síðastl. ári um 100 kr. á hlut,

og ætla ég, að þeirra hlutur hafi verið um 600 kr. Þetta er því dálítil hækkun frá því, sem áður var, hækkun, sem er mjög sanngjörn, af því að þessum atvinnuvegi sérstaklega hefir verið af ríkisins hálfu ofþjakað með sköttum. Nú er komin á þessu nokkur breyt. fyrir atbeina þeirra tveggja þingflokka, sem nú mynda stj. Ég tel víst, að þessar kjarabætur hefðu alls ekki fengizt með öðru móti heldur en með samvinnu þessara tveggja flokka. Ég itreka það, að þessar till., bæði um lækkun síldartollsins og eins um lækkun lögboðinna gjalda til síldarverksmiðjanna, ganga svo langt, að ég tel ekki rétt að fara lengra að sinni. Ég tel þó rétt að lækka nokkuð fyrningarsjóðsgjald af eldri ríkisverksmiðjunni og reikna það ekki hærra verði en sem svarar 1 millj., af því að verksmiðja af sömu stærð myndi ekki kosta meira uppkomin núna.

Aðrar brtt. minni hl. eru heldur smávægilegar, eins og þær, að hækka megi það verð, sem á að greiða eigendum við afhendingu, upp í 85% af áætlunarverði síldarinnar nýrrar. Ég álít þetta dálítið óvarlegt, en mundi þó geta sætt mig við 80%.

Ein brtt. minni hl. er ekki annað en hreinn útúrsnúningur. Það er till., sem byggist á því, að aldrei eigi að greiða sjómönnum hærra verð fyrir sína síld en eftirstöðvar af áætlunarverði. Í 8. gr. frv. stendur: „Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum stjórnarkostnaði“ o. s. frv. Og ennfremur: „Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkv. þessu og með hliðsjón af 6. gr., má greiða eigendum með allt að 70% við afhendingu síldar til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu hvers árs.“ Vitanlega er átt við eftirstöðvar söluverðs, eins og stendur í upphafi þessarar gr., en ekki eftirstöðvar áætlunarverðs, enda hafa flm. séð, að þessi fullyrðing var hæpin, því þeir hafa, til þess að geta látið þennan útúrsnúning standast, leyft sér að bæta orði í sviga inn í málsgrein, sem þeir annars hafa tekið með gæsarlöppum upp úr frv. Þó í smáu sé, sýnir þetta löngun minni hl. n. til þess að sýna frv. í öðru ljósi heldur en það er hér fram borið.

Ákvæðið um, að bændur skuli hafa pantað síldarmjöl fyrir 15. ág., er vitanlega smáatriði. Áður var gert ráð fyrir því, að þeir pöntuðu síldarmjöl fyrir 31. júlí, en því höfðum við flm. breytt í 15. ágúst.

Ég skal nú ekki tefja tímann mikið lengur. Ég held, að ég hafi með minni ræðu sýnt fram á, að till. minni hl. n. í þessu máli eru sprottnar af meiri misskilningi og skorti á því að hafa kynnt sér alla málavöxtu en maður skyldi ætla, þegar maður sér þetta langa nál. þeirra. Þeir hafa að sjálfsögðu haft aðgang að sömu upplýsingum og ég, og ég geri ráð fyrir, að þeim hafi verið innan handar að snúa sér til ríkisverksmiðjustj. og fá hennar álit um það, hve heppilegt væri að byggja síldarverksmiðjur algerlega út í bláinn. Þeir hefðu líka getað fengið upplýsingar um það, að óvarlegt sé að fella niður varasjóðsgjaldið með öllu. — Ég veit, að við viljum allir, flm. frv. og hv. minni hl., miða að því sama í þessu máli, að hækka nokkuð síldarverðið til sjómanna. Ég álít,að sú hækkun, sem frv. fer fram á, sé það, sem hægt er með sanngirni að krefjast, en hinsvegar séu till. þær, sem hv. minni hl. hefir lagt fram í þessu máli, ósanngjarnar í garð ríkisins, sem hefir tekið á sig svo mikla áhættu sem hér er raun á orðin, og mun halda áfram að hafa mikla áhættu af þessum atvinnurekstri, til þess að hann ekki leggist í kalda kol. — Ég mælist því til, að d. felli till. hv. minni hl. sjútvn., að þessum ástæðum athuguðum.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Mér finnst hv. frsm. meiri hl. hafa kostað of mörgum orðum til þessa máls, því hans rökræður voru um allt annað en það, sem hér er um deilt. Mér virðist hann vilja sanna, að ekki mundu fara fleiri skip á veiðar en hægt sé að taka við síld frá. Um þetta höfum við ekkert verið að deila. Þvert á móti álítum við, að það muni alltaf fara tiltölulega fátt af skipum til veiða til þess að fiska í bræðslu, a. m. k. ef ríkið á að taka við síldinni, því það hefir sýnt sig, að ekki er hægt að svara mönnum því verði fyrir síldina, að útgerðin beri sig, þegar ríkisverksmiðjurnar eiga í hlut.

Þessi byrjun hv. þm., að við hefðum átt að kynna okkur þetta mál eins og hann hefði gert, hefir því við lítið að styðjast. Hans upplýsingar eru ekki aðrar en þær, að síldarverksmiðjurnar hefðu getað, ef þær hefðu haft nóg verkefni, á 55 dögum brætt síld sem svaraði 630 þús. málum. Það er nú vitanlegt í fyrsta lagi, að það er ekki hægt að láta verksmiðjurnar alltaf hafa nákvæmlega það, sem þær geta brætt á þeim lengsta tíma, sem þær mættu vera við það, svo ekki dugar að miða við það. Það verða að vera bræðslumöguleikar fyrir miklu meiru heldur en því, sem fiskast í lélegu ári og jafnvel í meðalári. En misskilningurinn liggur í því, að hv. frsm. er að tala um þau skip, sem líkleg eru til að fara á veiðar, samkv. því sem skýrslan segir, en ekki þann skipastól, sem kynni að fara á veiðar, ef skilyrðin væru betri. Hér munu vera til 65 togarar og línuveiðagufuskip, og þessi skip geta öll stundað síldveiðar, og mundu flest gera það, ef líkindi væru til þess, að verðið yrði viðunanlegt. Þessi skip afla bara í meðalári 800 þús. mál, eða 12 þús. mál hvert. Það mun hafa verið minna á síðasta sumri, en t. d. 1931 munu togarar hafa aflað um 20 þús. mál. Það er líka vitanlegt, að allir mótorkútterar, sem eru upp undir 30 tonn að stærð og þar yfir, geta mjög vel stundað veiðar til bræðslu.

En hér er alls ekki um að ræða neitt kapphlaup um auknar verksmiðjur, heldur aðeins um það, hvort banna á útgerðarmönnum sjálfum að sinna þeirri þörf, sem kann að kalla um að reisa verksmiðjur. Það er sennilega enginn maður svo skyni skroppinn, að honum detti í hug, að útgerðarmenn hlaupi til þess að byggja verksmiðjur, án þess að hafa þeirra þörf. Heldur hv. frsm. meiri hl., að hann telji nokkrum manni trú um slíkt? Nei, það þýðir ekki neitt að koma með aðra eins fjarstæðu og þetta er. Ef svo

yrði, að eftir næsta sumar væru til nægilega margar verksmiðjur til þess að bræða þá síld, sem menn kærðu sig um að gera skip út til þess að veiða, þá er ekki ástæða til að ætla, að útgerðarmenn hlypu til þess að byggja verksmiðjur, án þess að eiga vís skip til þess að veiða í þær.

Ég held, að það sé ekki vert fyrir hv. frsm. að vera að hlaupa í kringum þetta heita soð, sem hann er að hringnúast kringum. Hann brennir sig hvort sem er, því að tilgangurinn með þessu frv. er aðeins tvennur, en þó aðallega einn, sem sé sá, að banna einstaklingum að reka frjálsa atvinnu, og svo ennfremur að koma burt þeirri verksmiðjustj., sem nú er. Ég skil ekki í því, að nokkur maður skuli hafa þá einurð, og ég vil næstum segja skort á blygðunarsemi, að koma hér og brýna sjálfstæðismenn með því að segja, að ráðh. úr þeirra flokki hafi verið hlutdrægur við skipun verksmiðjustj., og að mótstaðan gegn frv. muni vera vegna þess, að þeim sé annt um að hafa þá verksmiðjustj. áfram, sem nú er, eða a. m. k. af sínum flokki, og að þeir vilji láta kjósa stjórnina á Alþ., af löngun til þess að öðlast rétt — sem mér skilst, að hv. frsm. áliti, að þeir hafi ekki — til þess að eiga hlutdeild í verksmiðjustj. Hann veit sjálfur, að hann stendur þarna með þá mórauðustu samvizku, sem hugsazt getur í nokkru máli, vegna þess, að þetta frv. er borið fram til þess fyrst og fremst, að geta skipað pólitískt einlita verksmiðjustj. Um leið og ég segi þetta, vil ég sýna fram á það, hvernig sjálfstæðismenn hafa hagað sér í svona málum, og þá um leið, að þeir hafa ekki sýnt hlutdrægni í þeim. Þegar það varð hlutskipti eins ráðh. sjálfstæðismanna að skipa verksmiðjustj., þá verð ég að segja, að pólitískt séð var ég ekki hrifinn af hans aðgerðum. Hann skipaði 2 menn í stj. úr flokki andstæðinga sinna og 1 samflokksmann sinn. Og ég gat ekki séð annað en að valið á öðrum manninum úr andstöðuflokknum væri vítavert, af því að sá maður var háttsettur embættismaður hér í Rvík. En ég geri ráð fyrir, að ráðh. hafi verið sannfærður um, að þetta væru mjög heppilegir menn til þess að gegna þessu starfi, og þess vegna hafi hann ekki hirt um flokkslit þeirra. Þessi ráðh. fór nú svona að, en ég held, að mér sé óhætt að segja það, að ef hv. frsm. meiri hl. hefði átt að ráða skipun þessarar stj., — sem ég vænti, að aldrei komi fyrir —, þá hefði hann farið öðruvísi að. Í annað sinn átti þessi ráðh. að skipa verksmiðjustj., — ég held, að ég muni það rétt —, og þá skipaði hann 2 menn, sem eru sjálfstæðismenn, a. m. k. er það víst um annan þeirra, en einn úr hópi framsóknarmanna. Á þessum skipunum ráðh. í verksmiðjustj. held ég, að sé þess vegna ekki hægt að sjá það, að sjálfstæðismenn hafi sett sína flokksmenn með ofbeldi í þessar stjórnir. Og þetta stingur ákaflega í stúf við þá reglu, sem höfð er, þegar andstöðumenn sjálfstæðismanna eru að skipa stjórnir fyrir ríkisfyrirtæki eða aðrar stjórnarnefndir. Þá má það heita svo, að ekki sé svo auðvirðileg staða veitt, að ekki sé leitað að sterklituðum flokksmanni, helzt allt að því kommúnista, í hana. Svo leyfir hv. frsm. meiri hl. sér að koma hér fram og gefa sjálfstæðismönnum ávítur fyrir hlutdrægni í þessum sökum, en sjálfur er maðurinn að burðast með frv., sem á að gera hans flokki það hægt, að beita hlutdrægni og rangsleitni við skipun stjórna yfir þessar verksmiðjur. Það þýðir ekki nokkurn skapaðan hlut fyrir þennan hv. þm. að þræta fyrir þetta, því að frv. hans sýnir sig, og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnframt fellur niður umboð núverandi verksmiðjustjórnar“. Það má ekki bíða eftir því, að tími þeirra sé útrunninn, sem nú skipa stj., vegna þess, að græðgin er svo mikil í að komast þar að. Það verður að sparka þeim strax.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Það, sem við minnihl.menn höfum sagt, stendur alveg óhaggað. Verksmiðjur ríkisins voru alls ekki stofnaðar upphaflega sem nein spekúlation, heldur voru þær stofnaðar til þess að hjálpa útgerðinni, og áttu þess vegna aldrei að verða neinn sérstakur gróðavegur fyrir ríkið á kostnað útgerðarmanna og sjómanna. Þær áttu aðeins að vera gróðavegur fyrir ríkið, ef gróði beggja aðila gæti farið saman. Þessu hefir nú verið snúið þannig við, að þær eiga nú að verða nokkurs konar píslartól á útgerðarmenn. Þær eiga að binda í sér bann við því, að útgerðin sjálf megi uppfylla þá þörf, sem hún kann að fá fyrir auknar síldarverksmiðjur. Það á að geyma það allt einokunarhafa, og þá á náttúrlega fyrst og fremst að bera mesta umhyggju fyrir ríkinu sjálfu. Þá eiga hagsmunir þeirra, sem síldina afla, að víkja fyrir hagsmunum ríkisins. Þetta er gersamlega öfugt við þann tilgang, sem olli því, að ríkið fór að byggja síldarverksmiðjur.

Ég hefi fengið þær upplýsingar, og vil láta þær koma fram, vegna þess, að hv. frsm. meiri hl. vildi láta skína í hlutdrægni hjá sjálfstæðismönnum um yfirráð yfir þessum síldarverksmiðjum, að sami ráðh. sjálfstæðismanna, sem verksmiðjustjórnirnar skipaði, hafi skipað 2 endurskoðendur við þessi fyrirtæki, og báða úr andstöðuflokki. Mér er ekki vel kunnugt um þetta, en ef þetta er rétt, þá álít ég það hreint ekki hrósvert, því að það er alveg vitanlegt, að þó að það kunni að vera til hæfir menn til þess arna í andstöðuflokkum sjálfstæðismanna, þá eru þeir vafalaust miklu fleiri í flokki sjálfstæðismanna, og a. m. k. má búast við meiri ráðvendni hjá sjálfstæðismönnum en andstæðingum þeirra. Það var farið dálítið á annan veg að, þegar síldareinkasalan sál. var á ferðinni, sællar minningar. Þá var það ekki ráðh. úr hópi sjálfstæðismanna, sem skipaði endurskoðendur. En til þess að endurskoða þau mál voru skipaðir 2 bændur, sem ég efast um, að hafi nokkurn tíma séð síld, nema þá fóðursíld, en þeir voru af réttum flokkslit. Ég býst við, að það eina, sem þeir hafi haft til að bera til þess að endurskoða þetta stóra fyrirtæki, hafi verið það, að þeir hafa verið sómasamlegir menn í sinni stétt, og svo fylgismenn þeirrar stj., sem skipaði þá. Þekkingu á þessum málum gátu þeir alls ekki haft.

Ég vil svo enda mál mitt með þeim tilmælum til forseta, að hann láti atkvgr. um þetta mál fara fram, þegar þm. eru sem flestir við, því

að þetta er að sjálfsögðu ekki lítilsvert mál, og mjög æskilegt, að allir þm. d. taki þátt í afgreiðslu um það.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Ég get verið stuttorður við að svara hv. 6. þm. Reykv. Í stað þess að halda sér við efnið, eins og hann gerði í fyrri ræðu sinni, þá tók hann upp sinn venjulega máltón og gaf upp alla vörn við að ræða málið með rökum. Ég hefi hér fyrir framan mig, á sömu skýrslu og ég gat um áðan, yfirlit yfir bræðslusíld á árunum 1927 til 1934, og hæsti bræðslusíldarafli á þessum árum er á árinu 1933, 501454 mál. Ég hygg, að verksmiðjur þær, sem verða til starfa teknar næsta sumar, geti brætt um 990 þús. mál. M. ö. o., það þarf skipastól til þess að fullnægja vinnsluþörf verksmiðjanna, sem nemur h. u. b. 490 þús. málum meira en 1933. Nú er meðalafli togara á beztu árum ekki yfir 15 þús. mál, eða m. ö. o., þó að bætt sé við á síldveiðar, á því hæsta bræðslusíldarári, sem komið hefir, 30 togurum með 15 þús. mála afla hverjum, þá gerir það ekki betur en að fullnægja vinnsluþörf þeirra verksmiðja, sem nú þegar eru til í landinu og verða til á næsta sumri. Segi svo hver sem vill, þegar bæði ríkið og einstaklingar eiga svo mikið undir þessu sem raun er á, að ekki sé ástæða til þess, í hvert skipti, sem reisa á nýja síldarbræðsluverksmiðju, að athuga, hvort skipastóll landsmanna hefir möguleika til þess að flytja svo mikla síld í verksmiðjurnar, sem nauðsynlegt er, til þess að þær geti borið sig.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það mundu tiltölulega fáir láta skip fara á síldveiðar, ef ríkið ætti að taka við allri síldinni. Ég veit ekki betur en að ríkisverksmiðjurnar hafi á hverju ári ekki getað tekið við allri þeirri síld, sem menn hafa viljað leggja þar upp. Hinsvegar er það vitanlegt, að togararnir geta ekki veitt síld fyrir það verð, sem hingað til hefir verið borgað fyrir hana. En þær till., sem við hv. þm. Barð. flytjum, miða að því, að hækka síldarverðið, til þess að togararnir geti farið á síldveiðar. Og ég ætla, að þeir geti veitt fyrir Norðurlandi með því að fá 12% hækkun, svo sem þeir ættu að fá eftir mínum till., eins og ég hefi leitt rök að, og hv. 6. þm. Reykv. hefir ekki reynt til þess að hrekja. Hv. þm. talaði mikið um það, hve síldarútgerð þeirra togara, sem hefðu lagt upp í verksmiðjur einstaklinga, hefðu skilað ágætum árangri. Mér datt þá í hug, að ég hefði við hendina skýrslu frá milliþn. í sjávarútvegsmálum, og að fróðlegt væri að vita, hvað þessi skýrsla segði um þetta atriði. Hún segir, að 1929 hafi 8 togarar stundað síldveiðar, og rekstrarhalli þá verið 75 þús., 1930 10 togarar og rekstrarhalli 87 þús. kr., 1931 6 togarar og rekstrarhalli 83 þús. kr., og 1932 7 togarar og rekstrarhalli 88 þús. kr. M. ö. o., rekstrarhalli fer ekki á neinu ári niður úr 11 þús. kr. á skip, og þetta eru undantekningarlaust eða lítið skip, sem hafa lagt síldina upp í það, sem hv. 6. þm. Reykv. kallar eigin verksmiðjur.

Ég er alveg hissa á því, hvað hv. 6. þm. Reykv. er ókunnugur sínum eigin skýrslum, eða er það af því, að tilhneigingin hjá honum til þess að segja ósatt er svo rík, að honum er ómögulegt að fara eftir því, sem hann er sjálfur nýbúinn að staðfesta um þessi mál.

Hv. 6. þm. Reykv. fullyrti, að þetta frv. væri flutt eingöngu til þess að skipta um stj. verksmiðjanna. Ég verð að segja það, að vitanlega vakir það fyrir mér, en um hina aðra flm. get ég ekki sagt, að þessi stj. verði skipuð þannig framvegis, að flokkarnir eigi þar allir menn, en hinsvegar er, að aðaltilgangur frv. er sá, að hækka síldarverðið til sjómannanna. Það er einn liðurinn í þeirri baráttu, sem hefir verið hafin hér af Alþýðuflokksmönnum, til þess að reyna að búa betur að síldarútveginum en gert hefir verið á undanförnum árum af t. d. Sjálfstæðisfl. þau árin, sem hann hafði meirihl.aðstöðu á Alþingi.

Persónulegum hnífilyrðum hirði ég ekki um að svara, og eins get ég látið vera að eyða orðum að þeirri staðhæfingu hv. 6. þm. Reykv., að það sé alltaf tryggt, að ráðvendnin sé nóg hjá meðlimum Sjálfstfl. Þeim, sem þekkja fjármálasögu þeirra manna flokksins, sem undanfarin ár hafa setið hér á Alþ., þarf ekki neitt um þetta að segja, og þeir vita, að slík staðhæfing sem þessi er blátt áfram hlægileg.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Það hefir komið í ljós við þessar umr., að það var ekki að ástæðulausu, þegar ég hélt því fram hér við umr. um kaup á síldarbræðsluverksmiðju, að þær verksmiðjur, sem til eru, þyrftu að fá afla til viðbótar því, sem þær hefðu haft úr yfir 20 togurum. Mér sýndist því, að varlega ætti að fara í kaup á verksmiðjum, því að fullerfitt mundi veitast að fá afla í þær verksmiðjur, sem þegar eru til eða verða til á næstunni, til þess að rektur þeirra gæti borið sig.

Mér virðist nú, úr því að svona er komið, að hvetja verður til síldaröflunar eftir því, sem föng eru til, að þá sé ekki önnur leið til en sú, að reyna að draga sem allra mest úr þeim kostnaðarliðum, sem dregnir eru frá því verði, sem framleiðendur fá. Og þó að það sé um talsvert mikið fé að ræða fyrir síldarbræðsluverksmiðjurnar, þar sem varasjóðsgjaldið er, sem var síðastl. ár um 30 þús., þá getur það meira en unnið sig upp aftur fyrir þær, ef þær fá 10 þús. mál fram yfir það, sem annars mundi verða, og er það ekki mikið, þegar litið er á það, að þær síldarverksmiðjur, sem nú eru til, verða að fá a. m. k. á 4. hundrað þús. mál til þess, að rekstur þeirra geti borið sig.

Ég ætla ekki að ræða mikið um frv. það, sem hér liggur fyrir, eða brtt. við það, en ég vil þó taka það fram, að mér finnst stefna til vandræða með svona stór atvinnufyrirtæki eins og hér um ræðir, ef á að draga þau inn í pólitík meira en ástæða er til. Ég verð að segja það, að ég er því miður hræddur um, að framkoma þessa frv. miði fyrst og fremst að því, að hægt sé að breyta til í stj. verksmiðjanna. Því hefir verið haldið fram í blöðunum, að það sé óviðurkvæmilegt, að meiri hl. stj. sé í andstöðu við ríkisstj. En hvernig getur annað orðið, eftir því sem l. eru um þetta mál, en að það geti komið fyrir, að meiri hl. verksmiðjustj. verði í andstöðu við

ríkisstj. Það hlýtur að verða svo alltaf, þegar skipt er um stj. í landinu. Ég get fallizt á það, að ef farið verður að skipa verksmiðjustj. eftir því, hvernig flokkum er háttað á þingi, þá sé eina rétta leiðin sú, að flokkar þingsins taki þessa ákvörðun og skipi verksmiðjustj. Æskilegast væri, að allir flokkar væru þá í sameiningu um það, án tillits til þess, hvort þeir eru stórir eða smáir. Ef á að fara eftir atkvæðamagni flokkanna, er sjálfsagt, að sá atkvæðastyrkur, sem á þinginu er, fái að njóta sín, og ef þessar brtt. verða samþ., þá er tryggt með því, að verksmiðjustj. verði í hvert skipti í samræmi við ríkisstj., en það hefir sérstaklega verið fundið að þeirri verksmiðjustj., sem nú er, að svo hefir ekki verið.

Það er þess vegna þetta tvennt, sem ég vil leggja sérstaka áherzlu á. Í fyrsta lagi, að stj. þessara fyrirtækja verði sem frekast er unnt haldið utan við pólitík, en ef það er ekki hægt, þá að þingflokkarnir hafi þar fulltrúa eftir því, hvaða atkvæðamagni þeir hafa yfir að ráða, og í öðru lagi, að með löggjöf verði lögð áherzla á að ýta undir þá, sem ástæðu hafa til þess að gera út á síldveiðar, til þess að verksmiðjurnar fái sem mest verkefni að vinna. En það er sjáanlegt eftir þeim skýrslum, sem frsm. meiri hl. var að lesa hér upp, að afkoma þeirra skipa, sem á síldveiðar hafa farið undanfarin ár, hefir ekki verið góð, og þær skýrslur út af fyrir sig hvetja ekki til slíkra framkvæmda. Það þarf að koma einhver ný von um meiri hagnað, til þess að hægt sé að fá þessa auknu framleiðslu, sem nauðsynleg er vegna verksmiðjanna sjálfra, svo að rekstur þeirra geti borið sig. Þetta er um leið stórkostlega þýðingarmikið mál fyrir atvinnulífið í landinu og fjárhagslega afkomu þjóðarinnar, um það að skapa sér valútu, en erfitt er nú að komast af með því, sem þegar er fyrir hendi og líkur eru til, að þjóðin hafi yfir að ráða.

Ég fer ekki út í ágreiningsatriði þau, sem hér hafa komið fram. Ég vil aðeins undirstrika það, að þó að verksmiðjurnar verði fyrir þeirri fjárhagslegu veiklun, að dregið sé úr varasjóðstillaginu, þá geta þær margfaldlega unnið það með aukinni framleiðslu og betri afkomu ríkisverksmiðjunnar. Því það er ekki tryggt með núverandi ástandi verksmiðjanna, að þær geti hagað svo rekstrinum, að þótt ákveðið sé í l., að leggja skuli 5% af ágóðanum í varasjóð, þá sé hægt að fullnægja því ákvæði. Það hefir komið fyrir, að þessu hefir ekki verið hægt að fullnægja nema að nokkru leyti. Og það getur svo farið, að ekki verði hægt að fullnægja því að neinu leyti. Þýðir því lítið að hafa í l. þetta ákvæði.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Ég þarf nú ekki að tala langt mál, því það er ekki margt, sem ég þarf að taka fram, þar sem frsm. minni hl. hefir greinilega skýrt afstöðu okkar til þessa máls, og ég hefi áður vikið að frv. því, sem hér liggur fyrir. En ég vildi nota tækifærið til að leiðrétta mishermi, sem komið hefir fram viðvíkjandi þessum málum, að ég held hjá hv. frsm. meiri hl. og hæstv. atvmrh. í útvarpsumr. í gær, og ég hafði því miður ekki tækifæri til að mótmæla þá. Það var sú staðhæfing, að frá öndverðu hefðu þeir Alþýðufl.menn barizt fyrir að lækka útflutningsgjald af síld, og sérstaklega, að aðrir hefðu verið þar andvígir. Þetta er ekki rétt, eða a. m. k. ekki nema hálfur sannleikur, að segja, að flokkur hæstv. ráðh. hafi staðið einn í þessu máli, og er m. ö. o. hægt að færa full rök að því, að þetta er rangt og á vissu tímabili hafði flokkur hæstv. ráðh. góða aðstöðu til að koma þessu máli fram.

Á vetrarþinginu 1931 flutti ég einn míns liðs frv. um að lækka útflutningsgjald af síld úr 1½ kr. pr. tn. niður í 1½% af verðmæti, þegar útflutningur næði ákveðinni tunnutölu, fram yfir venjulegt 1 kr. gjald pr. tn., þannig að reiknað er gamla gjaldið, 1 kr. pr. tn., en þegar útflutningurinn hefir náð vissu hámarki, reiknast aukagjald, 1½% af verðmæti. En frv. náði ekki fram að ganga og virtist ekki mæta velvilja frá flokksmönnum hæstv. ráðh. Á sumarþinginu 1931, eða á sama árinu, voru fluttar 2 till., sem fóru í þessa átt, en voru þó á nokkuð annan veg. Hv. þm. Ak. og ég fluttum frv., sem fór fram á að lækka síldartollinn um helming, úr 1.50 kr. niður í 0.75 kr. Þetta gekk fram með þeirri breyt., að útflutningsgjaldið yrði 1 kr. pr. tn. Það, sem þar ávannst, þótti því talsverð réttarbót fyrir þá, sem hlut áttu að máli, síldarútgerðarmenn og sjómenn. Það er því alls ekki rétt hjá hv. þm. jafnaðarmanna, að segja, að þeir hafi staðið einir að því að lækka síldartollinn. Þeir fengu að visu í pólitiskum hrossakaupum við hinn stjórnarflokkinn þrykkt útflutningsgjaldinu niður í venjulegt gjald — 1 kr. En það er opinbert mál, að til þess lágu ekki venjulegar réttlætisástæður frá hálfu Framsóknarfl., heldur gerði hann það til þess að kaupa sér fylgi. En það var eitt tímabil, sem þm. Alþfl. gátu kippt þessu í lag og það án stuðnings frá Sjálfstfl. Það var tímabilið frá 1927—30. Framsóknarstj., sem þá sat, varð að ganga að ýmsum afarkostum til þess að fá að lifa, alveg eins og nú. En þá höfðu þm. Alþýðufl. önnur mál á prjónunum, sem snertu meira þá sjálfa og þeir mátu meira en að koma málum sjómanna og útgerðarmanna í skaplegt horf. Við hinir, sem vorum að baksa við lagafrv. frá 1931, vorum í minni hl. og höfðum því hvorki þá aðstöðu, sem jafnaðarmenn höfðu á árunum 1927—1930 eða síðastl. sumar. Ég vil því benda á, að þegar jafnaðarmenn eru að flagga með því, að það sé þeim einum að þakka, að síldartollurinn var lækkaður, þá er það ekki rétt, eða a. m. k. ekki nema hálfur sannleikur, og mun þingsagan bera vott um, hvað við sjálfstæðismenn höfum viljað í þessum efnum.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri aðallega tvennt, sem fyrir flm. vekti með frv. Annað væri það, að koma í veg fyrir, að verksmiðjurnar yrðu of margar, en hitt, að bæta kjör þeirra sjómanna, sem við verksmiðjurnar skipta. Það mun nú mega um það deila, hvort rétt sé að setja blátt bann við því, að nokkur maður megi reisa verksmiðju til síldarbræðslu, nema með leyfi ríkisstj., a. m. k. er það óviðkunnanlegt á sama tíma sem verið er að gefa ríkisstj. heimild til þess að kaupa verksmiðjur, og útlit

er fyrir, að frekar eigi að stækka þær en minnka. Ég sé því enga ástæðu til þess að vera að setja lög um slíkt bann. Að hve miklu leyti það bætir hag sjómanna, sé ég ekki, að frv. sé til bóta, nema að því leyti, að fyrningargjald af húsum, vélum og öðrum mannvirkjum er fært niður úr 5% í 2%. Þetta nemur samtals um 50 þús. kr. sem frádráttur verður þá minni áður en reiknaður er út hlutur viðskiptamanna verksmiðjanna. Nú er á það að líta, að eins og l. eru nú gerð frá hálfu þingsins, hefir aldrei verið hægt að framfylgja þeim nema að litlu leyti. Frádráttarliðirnir voru svo margir, að stj. varð að hverfa frá því að framfylgja þessum frádrætti og að hinu, að fá leyfi ríkisstj. til þess að kaupa síldina.

Þar með var í raun og veru horfið frá þeim grundvelli, er þessi rekstur átti upphaflega að byggjast á. Þetta átti ekki að vera spekúlationsfyrirtæki, heldur samvinnufyrirtæki, þar sem viðskiptamennirnir fengu andvirði afurðanna, að frádregnum kostnaði við starfrækslu verksmiðjunnar, vöxtum, afborgunum o. s. frv. Þegar verksmiðjul. voru sett var þetta tilgangurinn.

Frv. gerir ráð fyrir, að síldareigendum sé borgað út allt að 70% af áætluðu verði síldarinnar. Reynslan hefir sýnt, að þetta er ógerlegt, og gleggst dæmi um það er, að við rekstur verksmiðjunnar hefir verið horfið frá þessu og síldin keypt ákveðnu verði. Sú réttarbót, sem hv. þm. Ísaf. lýsti yfir, að væri falin í frv. hans, verður lítil samanborið við till. minni hl. n., sem ég vil ekki viðurkenna, að séu ótilhlýðilegar. Þessi 3% lækkun á fyrningargjaldinu vegur hátt upp í varasjóð, en minni hl. leggur til, að gjald í varasjóð falli niður. Hér liggur nú fyrir hv. Alþ. frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað, þar sem bæjarstj. er heimiluð hækkun á núv. vörugjaldi um allt að 100%. Ef frv. þetta verður að l., mun það koma niður á verksmiðjunni. Því að þá munu vörugjöldin, sem hún þarf að greiða, hækka úr 18 þús. kr. upp í 36 þús. kr.

Það leiðasta við frv. hvað viðvíkur viðskiptamönnum verksmiðjunnar er það, að hv. meiri hl. skuli leggja það til, að þegar reiknað er út, hvað sjómenn skuli fá í sinn hlut, þá dragist fyrst frá afborganir af stofnkostnaði síldarstöðvanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða ríkissjóð. Þessi frádráttur hlýtur að verða mikill. Samkv. þeim kaupsamningi, er gerður var um dr. Pauls-verksmiðjuna t. d., á hún að greiðast að fullu á 6 árum, og kostaði 300 þús. kr. Þar eru því 50 þús. kr., sem draga þarf frá árlega vegna þessa stofnkostnaðar. Ég vil geta þess hv. frsm. meiri hl. til réttlætingar, að hann hefir látið orð um það falla, að breyta þessu við 3. umr. En það sýnir það, að sú ásökun, er hann bar á minni hl., að hann hefði eigi kynnt sér málið fyrr en nál. hefði verið komið út, getur hitt hann sjálfan í þessu falli. Þetta er viðurkenning á því, að félögum okkar í sjútvn. hafi skjátlazt í þessu efni, enda er hv. þm. Ísaf. sjálfsagt kunnugt, „að skýrum getur skotizt".

Ég býst við, að minni hl. hefði ekki séð ástæðu til þess að hrófla við síldarverksmiðjulögunum að fyrra bragði. Þau hafa eigi þolað birtuna, og reynslan hefir kennt stj. verksmiðjunnar, að annan gang þarf að hafa á þessum málum en meiri hl. þingsins vildi hafa. Þannig hefir það og gengið svo sæmilega, að ekki var sérstök ástæða til að hrófla við l. á þessu stigi málsins. Við í minni hl. höfðum því engan undirbúning haft í þessu skyni.

En þegar frv. kemur fram, sem vill gerbreyta þessari löggjöf og setja svo rammar skorður, að enginn megi reisa síldarverksmiðju nema með leyfi atvmrh., þá gefst ástæða til að koma með brtt. Höfum við og gert það eins og brtt. á þskj. 450 bera vott um.

Mér skilst, að úr því að málið er tekið upp á annað borð, þá sé skynsamlegast að breyta þessum frádráttarreglum í viðunandi horf, því að þetta er viðkvæmt mál bæði sjómönnum og útgerðarmönnum.

Það er nauðsynlegt, að rekstur verksmiðjunnar geti orðið á þeim grundvelli, er ætlazt var til, er l. voru sett. Því leggjum við til, að 8. gr. breytist eins og um getur á þskj. 450.

Ef sú breyt. verður samþ. þá láta menn sér nægja að fá þennan ákveðna hluta útborgaðan af innlagðri síld, gegn uppbót síðar, ef andvirði afurðanna fer fram úr því, sem áætlað var. Er þá um þetta eins og til var ætlazt í upphafi. Ef frv. verður samþ. óbreytt, sé ég ekki, að nein von sé til þess, að nokkuð breytist það ástand, er nú er í þessum efnum, heldur mundi allt bera að sama brunni. Frv. mundi enga breyt. gera, og viðskiptamenn verksmiðjunnar væru engu bættari. Verksmiðjan yrði að starfa á spekúlationsgrundvelli, en ekki samningsgrundvelli, eins og við í minni hl. stefnum að með till. okkar, að hún geri.

Hv. frsm. meiri hl. taldi það ósamræmi hjá mér, að ég hefði áður viljað, að atvmrh. skipaði stj. verksmiðjunnar, en nú, að hún væri kosin í Sþ. Hér til er því að svara, að við hrun síldareinkasölunnar raskaðist grundvöllurinn undir samsetningu stj. Það hefir verið sýnt fram á það, að við útnefningu manna í stj. hefir fyrrv. atvmrh. ekki sýnt þess neinn vott, að skipað væri í stj. eftir pólitískum flokkslit. Hinsvegar hefir því verið haldið fram hér, og mér er eigi grunlaust um, að svo sé, að frv. sé fram komið til þess að koma á breyt. í stj. verksmiðjunnar og setja þar menn, er meira væru að geði hv. ríkisstj., en þeir eru, er nú skipa stj. verksmiðjunnar. Ég fullyrði ekki neitt um það, að þessi sé höfuðtilgangur frv., en ýmsar líkur benda í þá átt.

Ég get bent á ýms mál, sem flutt eru nú á þinginu, þar sem umbúðirnar eru miklar, en kjarninn sá einn, að koma fram áhugamálum hæstv. stj., þótt utan um sé vafið ýmsu öðru. Annars sé ég ekki betur en að við með þessari brtt. okkar, um að stjórn verksmiðjunnar sé kosin í Sþ., séum að gera það, sem hv. þm. Ísaf. vildi gert hafa, en gerði ekki. Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. Ísaf., að hann sagðist óska þess, að allir flokkar ættu kost á að hafa mann í stj. verksmiðjunnar. Ég skil hv. þm. svo, að hann álíti, að bezt sé tryggður friður um verksmiðjuna með því, að stj. sé ekki pólitískt einlit,

heldur séu hæfir menn valdir í hana án tillits til stjórnmálaflokka. En leiðin til þess liggur ekki í frv. því, sem hv. þm. Ísaf. flytur hér, því að þar er gert ráð fyrir því að ráðh. skipi stj. Í 4. gr. frv. stendur svo: „Atvmrh. skipar þrjá menn í stjórn verksmiðjanna til þriggja ára í senn.“ Með þessu er ekkert gert til þess að fyrirbyggja, að pólitískur litur verði á stjórninni, heldur þvert á móti.

Við leggjum hinsvegar til, að Sþ. kjósi fjóra í stj., en atvmrh. skipi fimmta mann. Á þann hátt er einfalt að uppfylla ósk hv. þm. Ísaf., en ekki með till. hans sjálfs. Það ætti því að vera síður en svo, að hv. þm. væri á móti þessari till. okkar, heldur ætti hann að vera okkur þakklátur fyrir að bera till. fram, og hann er það kannske í hjarta sínu. Það er í rauninni ekkert við það að athuga, að svipuð skipan sé á þessu og öðrum stórum ríkisstofnunum, sem Sþ. hlutast til um yfirstjórn á. Ég held, að það væri heppilegt, að flokkarnir legðu sín atkv. til, með þeim mönnum, er stj. skipa. Þótt eigi verði beitt pólitískri hlutdrægni, þá er sú leið opin, eftir till. hv. þm. Ísaf., enda þótt það sé gegn yfirlýstum vilja hans. Fyrst farið er að hreyfa við þessari löggjöf, og fyrst þar á ekki allt að ganga til eins og verið hefir undanfarið, þá er rétt að láta sér reynslu undanfarinna ára að kenningu verða.

Ég vænti þess, að hv. d. taki tillit til brtt. okkar hv. 6. þm. Reykv., því að þær miða að því, að tryggja sem bezt pólitíska frið um þessa stofnun, og um leið stefna þær að því, að verksmiðjan starfi á þeim grundvelli, sem reynslan hefir sýnt, að farsælast er fyrir alla aðila.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Ég þarf ekki miklu að svara hv. þm. Vestm., því að flestu, er hann drap á, hefi ég svarað, er ég svaraði hv. 6. þm. Reykv. Út af útflutningsgjaldinu vil ég segja það, að það er rétt, að við jafnaðarmenn höfum staðið að mestu leyti einir uppi um að fá það lækkað. Hinsvegar var málinu tryggt fylgi með stjórnmálasamningum milli Alþýðufl. og Framsóknarfl. Ég geri ráð fyrir því, að ef hv. sjálfstæðismenn hefðu átt hér atkvæði um, mundu þeir hafa skipt sér í málinu, eins og oft er títt um þá, til þess að einstakir þm. komist ekki í andstöðu við hagsmuni kjósenda sinna.

Hv. þm. Vestm. vildi halda því fram, að nauðsyn væri á hækkuðu síldarverði, en þó eigi svo mikil, að það réttlætti það, að bera fram brtt. við l. Ég álít það hinsvegar mjög aðkallandi. Ég hefi fært rök að því, að þessi breyt. á fyrningargjaldi verksmiðjanna, ásamt fleiru, gerir það að verkum, að hægt sé að hækka bræðslusíldina um 12%—15%. Þá geta og fleiri togarar en nú gerast fiskað í bræðslu.

Hv. þm. benti á það, að jafnhliða því, sem ríkið gæfi síldartollinn eftir, ætlaði Siglufjarðarkaupstaður að hækka vörutollinn um helming. Þetta hefir nú ekki verið samþ. enn, og ég fyrir mitt leyti mun greiða atkv. á móti þessu ákvæði í hafnarlögum Siglufjarðarkaupstaðar. Það nær ekki neinni átt, að ríkissjóður gefi eftir tolla, og bæjarfél. sé svo jafnframt leyft að taka þennan ágóða aftur. Vænti ég, að hv. þm. Vestm. haldi fast við sína skoðun á þessu máli og greiði atkv. á móti þessu ákvæði þegar þar að kemur, eins og ég. Um stj. verksmiðjunnar er það að segja, að þar koma sömu ástæður til greina og árið 1933, en það var einróma samþ., að atvmrh. skipaði stj. Munurinn er aðeins sá, að kominn er nýr atvmrh. Nema hv. þm. ætli að snarsnúast eingöngu af því, að málið er ekki lengur á valdi hans flokks?

Að öðru leyti hefi ég ekki ástæðu til að svara hv. þm. Vestm. Ég hefi áður við þessa umr. fært fullkomin rök fyrir því, að það tvennt vinnst með þessu frv., að hagsmunir ríkissjóðs eru sæmilega tryggðir, og hitt, að sjómönnum er tryggt hærra verð fyrir síldina heldur en þeir hafa átt að venjast undanfarin ár.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Nd., 28. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Að því er viðkemur hv. þm. Vestm., þá hefir hann haft nægan tíma til að athuga málið. Ég vil taka það fram, að hv. sjútvn. hafði það til meðferðar áður en það var flutt í n. Síðan var veittur frestur frá laugardegi til þriðjudags, svo að sjálfstæðismenn í n. gætu komið sér saman um afstöðuna til málsins.

Ég lýsi hér með yfir því, að ég mun taka til greina ósk þá, er komið hefir fram, og taka málið til meðferðar í n. á morgun.

**Jóhann Jósefsson:** Ég vefengi ekki, að það tímabil, sem hv. form. sjútvn. tiltók, sé rétt. Ég man ekki, hversu langt það var, þó að mér sé nær að halda, að hann hafi nefnt of langan tíma. En ég vil aðeins geta þess, að það er tvennt ólíkt, að fá í hendur handrit og vera spurður, hvort maður vilji fallast á það eða ekki, eða að fá málið til athugunar í n., þar sem maður getur komið með brtt. og þesshättar.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Út af orðum hv. formanns sjútvn. vil ég bæta því við, að ég fór fram á að mega bera fram brtt. við frv., en því var synjað. Að ég vildi láta málið sæta venjulegri meðferð, var ekki bara til þess, að ég gæti borið fram brtt., heldur líka til þess, að hægt væri að fá álit þeirra, sem bezt tök hafa á að dæma um þetta, sem sé bankanna og fiskútflutningsnefndar.

**Forseti (JörB):** Væntanlega er umr. um þetta atriði senn lokið. Vona ég, að hv. sjútvn. taki til greina óskir þær, er fram hafa komið, og taki málið til meðferðar á sameiginlegum fundi.

ATKVGR.
Brtt. 450,1 felld með 17:13 atkv.
1. gr. samþ. með 17:11 atkv.
Brtt. 450,2 felld með 17:12 atkv.
2. gr. samþ. með 17:9 atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 450,3 (ný 4. gr.) samþ. með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM.
nei: JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.

Brtt. 450,4 felld með 17:14 atkv.
5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 450,5 felld með 17:12 atkv.
8. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 450,6 samþ. með 24 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 450,7 (ný 10. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
11.—14. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:12 atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 611, 618, 632).

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Ég get verið stuttorður. Ég hefi lagt fram brtt., sem fer í sömu átt og brtt. frá minni hl. n., sem hér hefir áður komið fram, en að vísu í öðru formi, þess efnis, að heimila hækkun á útborgun áætlunarverðs síldar, á þann veg, sem í brtt. greinir. Ennfremur ákvæði til bráðabirgða, sem leiða að mestu af þeim breyt., sem samþ. hafa verið um stj. verksmiðjunnar.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Ísaf., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 650]. Verður að þeita afbrigða fyrir þessari brtt.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég hefi lagt fram brtt. um það, að formaður síldarverksmiðjustj. skuli kosinn til jafnlangs tíma og hinir stjórnarnefndarmennirnir. Upphaflega var svo til ætlazt, að atvmrh. skipaði stj. síldarverksmiðjanna, en því var breytt á þann veg, að fjórir stjórnarnefndarmannanna skuli kosnir af Alþ. hlutbundnum kosningum. Það þykir æskilegt, að stj. sé þannig skipuð, að hún sé í samræmi við stj. landsins á hverjum tíma, en þetta er ekki tryggt, eins og frv. er nú úr garði gert, enda þótt formaðurinn sé ekki skipaður nema til eins árs í senn. Ég tel óheppilegt að skipa formanninn til svo skamms tíma, því að mest starf og ábyrgð hlýtur að hvíla á honum, og er því nauðsynlegt, að hann hafi nokkurt öryggi í stjórninni. Tel ég því heppilegast, að allir stjórnarnefndarmennirnir séu kjörnir til jafnlangs tíma, bæði þeir þingkosnu og sá, sem ráðh. tilnefnir.

**Hannes Jónsson:** Ég held, að betra hefði verið að athuga þetta mál allt frá upphafi, ef nauðsynlegt þykir að koma því svo fyrir, að verksmiðjustj. sé jafnan í pólitísku samræmi við ríkisstj. En úr því sem komið er held ég, að réttast sé að láta sitja við þá tryggingu, sem fyrir þessu er í frv. eins og það er nú. Það liggur í hlutarins eðli, að ef nauðsyn er nú fyrir hendi á lagabreyt. til þess að tryggja núv. stj. meiri hl. í verksmiðjustj., þá verður nákvæmlega sama nauðsyn fyrir hendi, ef núv. ríkisstj. skyldi einhverntíma fara frá völdum. Menn verða að gæta þess, að svona aðfarir hafa þær sjálfsögðu afleiðingar, að aðrir gera slíkt hið sama, þegar þeir fá aðstöðu til. Ég fyrir mitt leyti legg til, að látið sé sitja við það, sem komið er. Ég tel það ábyrgðarhluta að stofna til pólitísks ófriðar um jafnmikilvægar stofnanir fyrir sjávarútveginn eins og þær, sem hér er um að ræða.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Ég skal víkja nokkrum orðum að brtt. þeim, sem hér liggja fyrir. Það er rétt hjá hv. þm. Ísaf., að fyrri brtt. hans á þskj. 618, um greiðslu til síldareigenda, er í samræmi við till. minni hl., og tel ég hana til bóta. Hún gerir síldareigendum hægara fyrir að láta vinna úr síldinni, en með hinni minni útborgun skapaðist það ástand, að eigendur urðu að selja verksmiðjunni aflann og töpuðu þannig ágóðavoninni af að láta vinna úr síldinni. Um brtt. nr. 2, sem er í sambandi við nr. 3, um að verksmiðjustj. sé kosin á þessu þingi, verð ég að segja það, að mér þykir þar kenna nokkuð mikils bráðræðis, að láta mennina ekki enda út kjörtíma sinn. Það er ekki gott að gera ráð fyrir kosningu verksmiðjustj. samkv. l., sem ekki eru komin í gildi. En það er alls ekki stórt atriði.

Þá kem ég að brtt. hv. þm. V.-Ísf. um að form. sá, sem skipaður verður af ríkisstj. samkv. frv., skuli skipaður til jafnlangs tíma og hinir stjórnarmeðlimirnir, sem þingið á að kjósa. Það ákvæði, að form. sé aðeins kosinn til eins árs í senn, stafar af því, að upphaflega var ætlazt til þess í frv., að ríkisstj. skipaði alla mennina. Það eru einskonar sárabætur. Nú er það svo, að ríkisstj. vill gjarnan hafa form. slíkrar stofnunar sem næst sér, og það er ekki nema sanngjarnt, enda hafa núv. stj.flokkar gert mikið að því að ráða sem flesta af sínum mönnum til fyrirtækjanna. Okkur fannst það ekki svo óeðlilegt, að ríkisstj. vildi hafa sem beinastan og greiðastan aðgang að þeim manni, sem skipaður verður stj.form., og þess vegna var þetta ákvæði sett í frv. og þessi breyt. borin fram af minni hl. sjútvn. Mér finnst þetta ekki vera stórvægilegt atriði, en þó er það að sjálfsögðu eðlilegt.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að það fengist engin trygging með þessu fyrir því, að meiri hl. verksmiðjustj. væri alltaf í samræmi við meiri hl. Alþ. Ég álít, að svo muni oftast og jafnvel alltaf verða. Það má gera ráð fyrir, að stj. ráði oddamanninn, og þannig fæst vitanlega samræmi í þetta. Það gæti að vísu komið fyrir, eins og hv. þm. V.-Húnv. tók fram, að ósamræmi gæti orðið frá þeim tíma, sem stjórnarskipti yrðu og til þess tíma, er kjörtímabil form. væri útrunnið. En það yrði ekki langur tími. Þetta er því ekki veigamikið atriði, en ég tel þó, að það fari betur eins og það er í frv. mínu. Þótt ég tali um þessar brtt. og þær brtt., sem þar eru

fólgnar, breytir það ekkert þeirri skoðun minni, að það beri að fella þetta frv. Sú skoðun mín, sem fram kom við 2. umr. málsins, hefir ekki breytzt, að það sé óeðlilegt, eins og tekið er fram í 1. gr. frv., að banna útgerðarmönnum að stofna síldarverksmiðjur, nema því aðeins, að leyfi ríkisstj. fáist til. Stefna frv. er sú, að þessi atvinnurekstur sé settur undir vald og stj. ríkisins. Þessi stefna brýtur algerlega í bága við þann upphaflega tilgang, sem l. um síldarverksmiðjur höfðu, sökum þess, að þá var samþ. af Alþ. að leggja fé í stofnun síldarverksmiðja, til þess að hjálpa útgerðarmönnum. Það á að leggja bönd á síldarútgerðarmenn í sjálfsbjargarviðleitni þeirra í þeim eina tilgangi, að vernda þessa stofnun, sem ríkið hefir sett á fót sem hagsmunafyrirtæki á kostnað útgerðarmanna. Það er ekki hægt að hafa meiri endaskipti á hlutunum en þetta. Þess vegna legg ég eindregið á móti því, að frv. þetta verði samþ.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég tel það mjög eðlilegt, að núv. atvmrh. og flokkur hans vilji eiga fulltrúa í síldarbræðslustj., og er ekkert við það að athuga. En jafnframt og séð er fyrir því í frv., að svo verði, þá er öllum aðalflokkum þingsins tryggð íhlutun, og þarf því enginn að kvarta.

Ég hefi gert till. um, að formaður verði skipaður til þriggja ára eins og aðrir stjórnarnefndarmenn, og er það tvímælalaust réttara en að láta skipa alla stj. til eins árs í senn. En milli þess tvenns átti ég að velja, að gera till. um, að öll síldarbræðslustj. yrði skipuð til þriggja ára, eða til eins árs. Getur það vart orkað tvímælis, að hinn fyrri kosturinn er beztur og gefur stj. verksmiðjunnar mest öryggi.

**Hannes Jónsson:** Ég verð að þakka hv. þm. V.-Ísf. fyrir þann kost, sem hann gaf á því að ná því takmarki, sem hér um ræðir. Það eru litlar líkur til þess, að þingflokkar, sem hafa sína menn í verksmiðjustj., fari að breyta til um menn, nema sérstök ástæða sé fyrir hendi, og það væri e. t. v. gott fyrir síldarverksmiðjurnar, ef svo óheppilega tækist til um val, að flokksmönnum þess manns, sem kjörinn væri, þætti óhjákvæmilegt að skipta um og gerðu það. Annars á þetta ekki að koma til mála. Á þessu sést, að hér er í rauninni verið að setja löggjöf um síldarverksmiðjur, án þess að raunverulega sé verið að stefna að öðru marki en því, að ná meiri hluta í stj. Það getur vel farið svo, að stj. sé ekki sama um, hver verður formaður síldarverksmiðjustj., og það er ekki víst, að hlutaðeigandi stj. eða ráðh. uni vel við þetta atriði, enda þótt hann eigi fulltrúa í n., sem er ekki eins valdamikil og formaður, því að vitanlega hefir formaður mest að segja í verksmiðjustj., sem eðlilegt er.

Annars vil ég taka það fram, að varla er hægt að segja með sanni, að atvmrh. hafi ekki fulltrúa í stj. Að vísu er hann ekki með reglulegu flokksmarki, en hann er náinn samstarfsmaður; a. m. k. trúa þessir tveir flokkar hvor öðrum og treysta hér á þingi.

Ég vil að lokum mælast til þess, ef hv. þm. V.-Ísf. vill vel gera í þessu máli og draga síldarverksmiðjurnar út úr „pólitískri“ togstreitu, að hann breyti till. sinni á þann hátt, að n. verði skipuð til 1 árs. Á þessu er engin hætta, því að flokkurinn styður vitanlega sinn mann áfram við kosningu á næsta þingi, og svo áfram á meðan hann þykir starfi sínu vaxinn og gerir engar skyssur.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Það er ómögulegt að verða við ósk hv. þm. V.-Húnv., enda get ég ekki séð, hvernig hægt er að draga síldarverksmiðjurnar út úr „pólitískri togstreitu“ með því að kjósa stjórnina frekar til 1 árs en 3ja ára. Með því móti er þessi „pólitíska togstreita“ háð árlega, en aðeins þriðja hvert ár, ef farið verður eftir minni till.

En ég er hv. þm. sammála um það, að ekki sé heppilegt að fara eingöngu eftir „pólitík“ um stjórn verksmiðjunnar, enda verður það ekki, því þegar til framkvæmdanna kemur, hafa allir stjórnarmennirnir, af hvaða flokki sem er, sömu hagsmuni og sama markmið, að reksturinn gangi sem bezt.

**Hannes Jónsson:** Ég vil enn reyna samkomulag við hv. þm. V.-Ísf. og aðra, sem honum fylgja í þessu máli. Ég vil spyrja þessa menn, hvort þeir geti fallizt á það, að núv. form. síldarverksmiðjunnar haldi áfram sínu formannsstarfi, þangað til hans tími er útrunninn.

Ef þessir hv. þdm. vilja fallast á þetta, skal ég viðurkenna, að einhver réttlætiskennd liggi á bak við þetta, en annars ekki.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég legg til, að hv. þm. V.-Húnv. láti Alþfl. og Framsfl. um frekari samkomulagstilraunir í þessum efnum, og að ég, sem er utan flokka, og hann, sem er í Bændaflokknum, skiptum okkur ekki af þeim hlutum.

ATKVGR.

Brtt. 632 samþ. með 16:11 atkv.
— 618,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 618,2 samþ. með 20:1 atkv.
— 650 samþ. með 18 shlj. atkv.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég get ekki séð, hvernig hægt er, lögum samkv., að kjósa í stj. samkv. þessu ákvæði, áður en lögin eru samþ.

**Forseti (JörB):** Með samþ. l. eru eldri l. numin úr gildi samkv. ákvæðum 13. gr. frv. Það er gert ráð fyrir því, að þessi nýju l. hljóti konungsúrskurð — ef þau verða samþ. — áður en kosning fer fram.

Ég skil þetta bráðabirgðaákvæði þannig.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Þessi ákvæði eru samhljóða ákvæði, sem samþ. var í l. um útvarp í hv. Ed., og ég hefi borið þetta undir lögfróðan mann, og hann heldur því fram, að það geti ekki komið til mála, að þetta stangist neitt á, enda þótt hv. 8. landsk. geti ekki fallizt á það.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég skil þetta svo, að ef bráðabirgðaákvæðið verður samþ., þá gangi

kosning þessara manna í gildi, þegar l. fá staðfestingu, ef þau verða staðfest eftir kosninguna.

Brtt. 618,3 svo breytt, samþ. með 18:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:7 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 53. fundi í Ed., 5. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 651).
Á 54. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Ed., 11 des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Ed., 12. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 651, n. 729, 742).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég skal hafa framsöguræðu mína stutta. N. er sammála um frv. í aðalatriðunum og vill samþ. það óbreytt, en einn af nefndarmönnum hefir þó skrifað undir það með fyrirvara, og liggja fyrir brtt. frá honum á þskj. 742, sem meiri hl. n. getur ekki fallizt á.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, því að ég er ósamþ. 1. og 2. gr. frv. og kem með brtt. við þessar gr. á þskj. 742.
Þetta frv. er að sumu leyti endurbót á núgildandi l., en það er sá galli á því, að nýjar verksmiðjur má ekki byggja samkv. því nema með leyfi ráðh., né heldur stækka þær verksmiðjur, er nú eru til, án hans leyfis. Það getur verið, að þeir, sem eiga verksmiðjur nú, þurfi að skipta um vélar eða vélasamstæður og stækka verksmiðjuna í sambandi við það, svo að hún geti t. d. unnið úr 800 málum á sólarhring í stað 500 mála. Mér finnst engin meining í því, að þeir þurfi að leita til ráðh. til þess að fá leyfi til þess, sem alltaf er þó undir hælinn lagt, að fáist.
Þá álít ég, að 2. gr. frv. sé óþörf, því að ríkisstj. getur tekið stöðvarnar eignarnámi samkv. gildandi l. um eignarnám.

ATKVGR.
Brtt. 742,1, aðalt., felld með 9:7 atkv.
— 742,1, varat., felld með 9:7 atkv.
1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Brtt. 742,2 felld með 9:7 atkv.
2. gr. samþ. með 9:5 atkv.
3.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 817).

---

## 61. Byggingarfélag Reykjavíkur.

Á 53. fundi í Ed., 5. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um lán úr byggingarsjóði handa Byggingarfélagi Reykjavíkur, samvinnuhlutafélagi í liquidation** (þmfrv., A. 648).

Á 54. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Baldvinsson)** [óyfirl.]: Í raun og veru gæti ég látið mér nægja að vísa til grg. frv., því að þar eru þær upplýsingar, sem hægt er að flytja í málinu. Ég vil þó bæta því við, að þegar stofnað var Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur, var vöxtur bæjarins einna örastur. Gátu ekki aðrir en þeir, sem voru vel kunnugir í bænum, gert sér grein fyrir þeirri húsnæðisþörf, sem þá var. Félagið fékk upphaflega stuðning bæjarstj. Rvíkur til þess að koma upp húsum, og reisti það 3 timburhús eftir beinni áskorun bæjarstj. Það voru víst hin þyngstu hús, sem félagið hefir reist, og þykir því sanngjarnt, að þessi hús njóti góðs af lánum þeim, sem nú er verið að stofna til úr byggingarsjóði. Lán félagsins hafa yfirleitt verið slæm, mest víxillán með miklum vöxtum. Ef félagið hefði upphaflega verið látið búa við svipuð kjör og verkamannabústaðirnir, hefði ekki þurft að koma til þessa.
Fjhn. þessarar d. hefir stutt frv. Hefir orðið samkomulag um þetta milli mín og borgarstjóra Rvíkur. Myndi félagið komast aftur á réttan kjöl, ef það fengi þá upphæð, sem hér er farið fram á, og með svo vægum kjörum sem frv. gerir ráð fyrir. Vona ég, að málið gangi greiðlega gegnum þingið, því að ég geri ekki ráð fyrir, að það muni mæta verulegri mótspyrnu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Ég get ekki betur séð en að þetta frv. sé algerð misnotkun á

byggingarsjóðnum. Eftir því frv. um verkamannabústaði, sem hér hefir legið fyrir þinginu og er nú orðið að l., á að stofna byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Þó þessi fjárhagslega aðstoð verði veitt þessu gamla byggingarfélagi, þá miðar það á engan hátt til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna. Þessi hús félagsins verða vitanlega notuð jafnt hvort sem þetta lán er veitt eða ekki, og það fé, sem veitt væri, gæti ekki komið að haldi annarsstaðar, og verður þess vegna varið gagnstætt því, sem l. um verkamannabústaði ætlast til. Mér finnst óviðkunnanlegt, að á sama þingi, sem gengið er frá þeirri löggjöf, skuli hún vera misnotuð á þennan hátt, og greiði ég því atkv. móti þessu frv.

**Frsm. (Jón Baldvinsson)** [óyfirl.]: Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. 2. þm. Rang., að það sé verið að misnota byggingarsjóðinn, þó þetta frv. sé samþ. Þetta byggingarfélag var stofnað *til þess að bæta úr ennþá brýnni* húsnæðisþörf heldur en nú á sér stað, og þetta mundi verða til þess að bæta úr húsnæðisvandræðum með því að bæta í húsin ýmsum þeim nýjungum, sem nú þykja nauðsynlegar. Ég get ekki betur séð en að það þjóni fullkomlega þeim tilgangi, sem gert er ráð fyrir með byggingarsjóðunum, og mér skilst, að þetta félag hefði og átt að verða þeirra lánskjara aðnjótandi, sem Byggingarfél. verkamanna hefir nú fengið. Það er langt síðan farið var að tala um, að þetta félag fengi lán úr byggingarsjóði, en stjórn sjóðsins hér í Rvík hefir ekki talið sig hafa heimild til þess í l., nema því aðeins, að sérstök ákvæði væru sett um það, og þess vegna er þetta frv. flutt. Borgarstjórinn í Rvík hefir fyrir nokkru farið fram á það við stjórn sjóðsins, að hann veitti þessu félagi svo hagstæð lán, að það gæti starfað áfram. En fáist ekki slíkt lán sem hér er um að ræða, þá mun þetta félag verða áfram byrði á bænum, en það mundi geta með slíkum lánakjörum bætt hús sín, sem voru byggð á dýrum og erfiðum tímum og að sumu leyti af vanefnum. Væri hægt að laga húsin þannig, að þau gætu staðið undir sér sjálf, mundi vera þjónað tilgangi l. um byggingarsjóð, með því að bæta þau hús, sem reist voru í sama tilgangi og verkamannabústaðirnir, en undir ennþá erfiðari kringumstæðum.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Það má náttúrlega segja það um þessi hús Byggingarfél., að þau hafi orðið til þess að bæta úr húsnæðisþörf bæjarins, en það má segja það sama um öll hús, sem hér hafa verið reist. Allar húsabyggingar miða að því að bæta úr húsnæðisvandræðum. En ég vil benda hv. þm. á, að 1. gr. l. um verkamannabústaði segir, að stofna skuli byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Það verður ekki lagður annar skilningur í þetta en að nota eigi sjóðinn til þess að koma upp nýjum byggingum til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna. En það er viðurkennt, enda augljóst, að það fé, sem lánað yrði þessu byggingarfélagi, miðar ekki að því að bæta úr húsnæðisþörfinni, þar sem ekki yrði komið upp nýjum húsum fyrir þetta fé.

**Frsm. (Jón Baldvinsson)** [óyfirl.]: Það er útúrsnúningur hjá hv. þm., að öll hús, sem byggð eru, séu til þess að bæta úr húsnæðisvandræðum. En þegar talað er um byggingarfélög, þá er veitt sérstakt fé til þess að koma upp ódýrum verkamannabústöðum. Einstakir menn, sem byggja hús fyrir verkamenn, verða náttúrlega líka til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum, en það er ekki í þessu sambandi verið að tala um að styrkja þá. Byggingarfélögunum, sem nú eru stofnuð, er tryggt, að húsaleigan geti verið hæfileg, þannig, að menn geti nokkurn veginn staðið undir kostnaðinum við byggingarnar. En þetta var ekki tryggt, þegar Byggingarfél. Rvíkur var stofnað á erfiðum tímum, en það hafði þó mikil áhrif á, að húsaleiga lækkaði á sínum tíma. Að vísu er það satt, að bæjarsjóður Rvíkur gæti staðið straum af þessum húsum, en mér finnst *rétt, að byggingarsjóður einnig* styðji þetta félag, enda hefir það verið viðurkennt af stjórn sjóðsins, ef heimild væri til þess í l.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 55. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 648).

Á 56. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Það fer e. t. v. betur á því, að einhver grein sé gerð fyrir frv. í þessari hv. d., en það er eins og hv. dm. vita, komið frá hv. Ed., var þar flutt af fjhn. fyrir forgöngu hv. 4. landsk. Ég get upplýst það, að frv. er fram komið í samráði við borgarstjóra og bæjarstj. Rvíkur. Þetta félag, sem hér um ræðir, er fyrsta tilraunin til verkamannabústaðabygg*inga, sem* gerð hefir verið hér á landi. Félagið hóf starfsemi sína á dýrum tíma, svo að þessi hús, sem það reisti, urðu mjög dýr, og lánið, sem

til þeirra fékkst, óhentugt, sem sé vixillán og þar af leiðandi dýrt og óhentugt. Lauk svo starfsemi félagsins í bili, að það komst í fullkomin fjárþrot og varð að leita til bæjarsjóðs, sem var í ábyrgð fyrir láninu, og með þessu, að fá lán úr byggingarsjóði til þess að greiða skuldir félagsins, mun það vera tilætlunin að reyna að koma því aftur á réttan kjöl. Þetta var gert í samráði við báða aðalflokkana í bæjarstj., og ætti ekki að vera ágreiningur um málið í sjálfu sér, og mæli ég því með því, að frv. verði samþ., þótt það hafi ekki farið hér til n. Það er að mínu áliti óþarfi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 837).

## 62. Dragnótaveiðar í landhelgi.

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 52 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi** (þmfrv., A. 213).

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Frsm. (Páll Þorbjörnsson):** Sjútvn. hafa borizt áskoranaskjöl frá ýmsum sjómönnum við Faxaflóa og víðar, m. a. frá sjómönnum í Reykjavík, Keflavík og Vestmannaeyjum, um að framlengja undanþágu þá, sem nú gildir um dragnótaveitar í landhelgi, á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um að Látrabjargi. Telja þeir, að hér sé um arðvænlegan atvinnuveg að ræða, sem nauðsynlegt sé fyrir þá að mega stunda framvegis. Frv. það, sem hér liggur fyrir og sjútvn. hefir flutt, felur því í sér að heimila dragnótaveiði í landhelgi á þessu svæði um tveggja ára bil ennþá. Aðrar breyt. á hinum gildandi lögum um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi felur frv. þetta ekki í sér. Að sjútvn. flytur frv. þetta, er því sakir þess, að hún treysti sér ekki til að ganga á móti hinum mjög svo almennu kröfum sjómanna í þessu efni. — Óska ég svo frv. vísað til 2. umr.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég verð að segja það, að mér þykir töluvert fyrir, enda þótt svo tækist til á síðasta þingi, að lög þau, sem hér er farið fram á að framlengja, næðu fram að ganga, að nú skuli vera farið að ónáða hið nýkosna þing með að framlengja þau. Hvernig sem menn líta á dragnótaveiðar yfirleitt, þá er það svo eftir gildandi lögum, að þeir sjómenn, sem telja þær hentugar og arðvænlegar, hafa aðstöðu til þess að stunda þær ákveðinn tíma á árinu. En í þeim tilfellum, þar sem þeir telja hana óhentuga og óheppilega, hafa þeir heimild til þess að fá vissum svæðum lokað fyrir þessari veiðiaðferð. Heimild þessa hafa því ýmsir hreppar notað sér. En nú á að taka þennan rétt af nokkrum mönnum, þeim, sem búa á svæðinu frá Hjörleifshöfða að Látrabjargi. Mér finnst því harla nærgöngult og langt gengið, að fara nú fram á það við þetta nýkosna þing, að það lögfesti enn um árabil þennan órétt, sem skerðir réttindi nokkurra manna. Ég vil því fara fram á það við hv. þdm., að þeir láti undan falla að framlengja þessi lög, svo hinn sanni réttur megi gilda fyrir alla landsmenn í þessu efni. Að menn álíta þessa veiðiaðferð skaðlega, sést bezt á því, hversu víða gerðar hafa verið samþykktir til þess að útiloka hana. Hvað menn gera í þessu efni á svæðinu frá Hjörleifshöfða að Látrabjargi, fer að sjálfsögðu eftir því, hvað þeir álíta sér og atvinnurekstri sínum fyrir beztu. Ég vildi því bera fram þá ósk, að þeir sjómenn, sem búa á því svæði, fái að njóta sama réttar og aðrir sjómenn á öðrum stöðum þessa lands, svo að þeir fái að haga atvinnurekstri sínum eftir því, sem þeim bezt hentar.

**Finnur Jónsson:** Það er svo með ýmsar veiðiaðferðir, að þeir, sem ekki nota þær eða þekkja þær, telja þær ónothæfar og til spillis. Þannig var t. d. þegar byrjað var að nota þorskanet. Það var talið, að þau eyðilegðu þorskastofninn, að ég ekki tali um botnvörpuveiðarnar. Þær voru taldar af ýmsum eyðileggjandi fyrir fiskistofninn, einkum meðan þær komu útlendingum einum að notum. Það hefir og verið töluverð andúð gegn dragnótaveiðunum; þær eru taldar eyðileggjandi fyrir fiskistofninn, eins og botnvörpuveiðarnar. En eins og kunnugt er, þá hafa fiskifræðingar gert ýtarlegar rannsóknir á þessu, og er álit þeirra, að dragnæturnar séu alveg skaðlausar fyrir fiskistofninn, þegar höfð sé sú möskvastærð, að ungviðið komist í gegn. Eins og kunnugt er, þá hefir nú í seinni tíð risið upp töluverður atvinnuvegur í sambandi við þessar veiðar. Þannig hafa þær t. d. töluvert verið stundaðar hér við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum, og ég hefi heyrt, að eitt skip hafi aflað síðastl. sumar fyrir 27 þús. króna og hásetarnir haft á þriðja þús. kr. í tekjur yfir þennan stutta tíma, en það eru hæstu tekjur, sem vitanlegt er, að sjómenn hafi haft fyrir jafnstuttan tíma. Verði nú horfið að því ráði að eyðileggja þessa nýju atvinnugrein, þá myndu sjómenn þeir, sem hana stunda, hverfa að því að veiða fisk í salt, en eins og kunnugt er, þá er saltfiskmarkaðurinn mjög þröngur eins og nú standa sakir, svo þröngur, að í alvöru hefir verið talað um að takmarka saltfiskframleiðsluna. Það sjá því allir, sem um þessi mál vilja hugsa, að það er stórt atriði fyrir afkomu sjávarútvegsins að gera hann sem fjölbreyttastan, og þessi dragnótaveiði er einmitt stórt spor í þá átt. Það væri því mjög illa farið, ef horfið yrði að till. hv. þm. Borgf., að láta frv. það, sem hér liggur fyrir, ekki ná fram að ganga. Með því væri ekki aðeins verið að svipta allmarga sjómenn sæmilega góðri atvinnu, heldur og að koma í veg fyrir það, að létt verði að nokkru á saltfiskframleiðslunni. Að slík till.

sem till. hv. þm. Borgf. skuli koma fram nú, er þeim mun undarlegri, þegar þess er gætt, að sérstök nauðsyn er á að beina fiskiveiðunum inn á það svið, að gera þær sem fjölbreyttastar, og aðrar þjóðir eru t. d. að koma fiskiveiðum sínum inn á þá braut, að afla þess fiskjar, sem verðmestur er samanborið við þyngd. Slíkt þykir nauðsynlegt sakir þeirra innflutningstakmarkana, sem alstaðar eru að verða að lögum, einkum af því að innflutningsleyfi eru miðuð við ákveðna þyngd fiskjar.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég kem ekki auga á, hvað almennar umr. um dragnótaveiði koma frv. þessu við, þar sem í því felst ekki annað en að beita þá menn ranglæti, sem búa á svæðinu á milli Hjörleifshöfða og Látrabjargs. Annars skil ég ekki afstöðu hv. þm. Ísaf., að hann, sem er búsettur á því svæði, sem menn eru frjálsir í þessum efnum, skuli geta beitt sér fyrir því, að aðrir séu misrétti og rangindum beittir, til þess m. a., að sýslubúar hans geti hagnazt af því. Það er nú sem betur fer sýnilegt, að ýmsir menn, sem búsettir eru kringum þennan hv. þm., líta öðruvísi á þetta mál en hann, því að þar vestra hafa þegar verið gerðar samþykktir um að banna dragnótaveiði á vissu svæði. Ég er því hissa á, að þessi hv. þm., sem virðist telja það réttmætt, að menn búsettir á milli Hjörleifshöfða og Látrabjargs megi ekki hafa ákvörðunarrétt í þessum efnum, skuli ekki hafa borið fram frv. um að meina sýslubúum sínum að fá friðuð svæði hjá sér fyrir hinni illræmdu dragnótaveiði. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að það sé hreinasta gerræði af Alþingi að gera svo mjög upp á milli manna eins og átt hefir sér stað, og á að halda áfram að gera, ef frv. verður samþ., úr því á annað borð sumir eiga að hafa ákvörðunarvald um það, hvort dragnótaveiði skuli leyfð eða ekki. Ég gæti farið út í það við hv. þm. Ísaf. að ræða um kosti og galla á dragnótaveiði í landhelgi og eins hitt, hvað yfirleitt er mikið leggjandi upp úr áliti og umsögn sérfræðinganna í þessu efni, og hinsvegar reynslu sjómannanna, en ég ætla ekki að fara út í þá sálma að þessu sinni, af því þetta frv. gefur ekki sérstakt tilefni til þess, að þetta mál sé rætt almennt nú. Hér á aðeins að greiða atkv. um það, hvort á að lofa öllum landsmönnum að hafa sama rétt í þessu máli. Hvort á að lofa mönnum hér sunnan- og vestanlands að ákveða fyrir sig, hvort þeir vilja leyfa þessa veiði, eins og Austfirðingar og Norðlendingar fá að ráða þessu hjá sér. Það er til þess vitnað í grg. frv. og endurtekið af þeim flm., sem talaði, að margar áskoranir hefðu borizt sjútvn. um að leyfa þessa veiði. Ein slík áskorun er prentuð með frv. frá nokkrum mönnum í Reykjavík. Ég hefi gengið eftir form. sjútvn. með að fá að sjá fleiri slíkar áskoranir, sem eiga að hafa borizt úr Keflavík, Vestmannaeyjum og víðar, en hv. form. n. hefir sagzt ekki vita til þess, að neinar slíkar áskoranir væru fyrir hendi frá öðrum en þessum mönnum í Reykjavík. Hitt er alkunnugt, að hér við Faxaflóa er mikil óánægja fyrir hendi með þessa veiði, eins og hv. 3. landsk. hefði átt að geta fundið á fundi þeim, sem við vorum báðir á hér suður með sjó fyrir skömmu síðan. Ég held, að það skiptist nokkuð á um það, hvort menn, sem hlut eiga hér að máli, vilja láta veiða eða ekki veiða, en eins og ég hefi áður sagt, er ekki ástæða til að ræða þá hlið málsins að þessu sinni, heldur hitt, hvort menn eiga að hafa mismunandi rétt í þessum málum í ýmsum landshlutum.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 3. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Finnur Jónsson:** Ég tel ekki þörf á að lengja meira umr. um þetta mál, en vildi bara segja það út af því, sem hv. þm. Borgf. vék að mér í gær, að ef hann vill flytja till. um það að afnema allt dragnótaveiðabann hér við land til þess að allir geti verið jafnir, þá skal ekki standa á mér að styðja þá till. Viðvíkjandi því, sem hann var að segja, að menn væru yfirleitt með dragnótabanni á Vestfjörðum, þá skal ég upplýsa það, að menn eru þar bæði með og móti. Þeir, sem ekki hafa kynnt sér þetta veiðarfæri, eru á móti því, en þeir, sem hafa reynt það, vilja, að landhelgin sé opnuð fyrir dragnótaveiði. Það hefir farið með þetta veiðarfæri eins og annað, sem gott er og vel reynist, að þeir, sem hafa reynt það, vilja ekki sleppa því. Þó svo sé, að yfirleitt er lokað landhelgi hér við land fyrir dragnótaveiði nema á vissum tímum árs, þá er það hin mesta fjarstæða að vilja láta loka landhelginni á þeim stöðum, þar sem menn eru vanir þessari veiði og menn hafa fengið sannanir fyrir því, að veiðibannið er hrein fjarstæða og bábilja.

Þær áskoranir, sem hv. þm. var að spyrja eftir, voru ekki í mínum höndum við byrjun þessara umr., en nú hafa þær borizt sjútvn. Þær eru frá mörgum mönnum bæði í Keflavík og Vestmannaeyjum. — Ég lofaði að teygja ekki úr þessum umr., en ég verð að benda á það, að þegar þörfin er svo brýn á að takmarka saltfisksútflutninginn, og hinsvegar að hafa sem verðmestan þann fisk, sem við flytjum til Bretlands, vegna innflutningstakmarkana þar, þá sýnist ekki ástæða til að vera að spilla fyrir því, að sjómenn hér við Faxaflóa fái að njóta þessarar veiði. Það er því full ástæða til að gefa það leyfi, sem í frv. felst.

**Frsm. (Páll Þorbjörnsson):** Hv. þm. Ísaf. hefir að nokkru leyti tekið fram það, sem ég hafði að segja, en í sambandi við það, sem hv. þm. Borgf. var að spyrja um út af þeim áskorunum, er ég gat um í framsöguræðu minni frá öðrum stöðum en héðan úr Reykjavík og Akranesi og prentaðar eru sem fskj. með frv., skal ég geta þess, að þessar áskoranir komu til n. eftir að búið var að prenta frv., og bárust þær beint til mín, af því að ég hafði framsögu í málinu. Eins og sést á grg. frv., fylgir því áskorun frá umboðsmönnum fyrir 21 mótorbát í Reykjavík og Akranesi um að framlengja veiðileyfið. Í Vestmannaeyjum er sagt, að 11 bátar hafi stundað dragnótaveiði síðastl. sumar, með frekar góðum

árangri. Á þessum bátum hafa unnið 50 til 60 manns. Þaðan hefir borizt áskorun undirskrifuð af 51 manni og úr Keflavík hefir borizt áskorun frá 81 manni, sem hafa stundað þessa veiði á síðastl. sumri. Ég veit, að í Gerðum í Garði er andstaða gegn þessu máli, en það þorp er rétt hjá Keflavík, og þar sem það er minna, ættu þessi tvö þorp að vega hvort á móti öðru, svo að Keflavík ætti a. m. k. ekki síður að vera tekin til greina.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég minntist víst eitthvað á það við síðustu umr., að þær almennu umr. um gildi og ókosti dragnótaveiða ættu ekki heima við þetta frv., en í tilefni af tilboði hv. þm. Ísaf. um að ræða mál þetta á breiðara grundvelli, þar sem hann var að tala um að opna landhelgina gersamlega, þá hefi ég því að svara, að ég er náttúrlega ekki tilbúinn að flytja till. um það, en hinsvegar er það ekki nema gott, að hann býðst til að fylgja minni forystu í þinginu, og þigg ég það með þökkum, að hann fylgi mér í öllum góðum málum og hafi mig fyrir vegvísi. — Hv. þm. var að segja, að menn vildu banna dragnótina þar, sem menn þekktu ekkert til veiðinnar. Það er undarleg framkoma þessa hv. þm. í ýmsum mikilsverðustu málum sjávarútvegsins, sem vafalaust stafar af vankunnáttu hans og þekkingarleysi á þeim. En það sætir undrum, að jafnþekkingarsnauður maður skuli blanda sér svo mikið inn í þessi mál sem hann gerir. Það er öllum kunnugt, að í ákvæðum 8. gr. l. frá 1928 er dragnótaveiði leyfð, en á einstökum stöðum eru sérstakar samþykktir gerðar um að banna þessa veiði, þar sem menn höfðu reynslu fyrir því, að þessi veiði stórspillti fyrir almennum fiskveiðum. Ég skal í því efni benda á samþykkt, sem gerð var í Norður-Þingeyjarsýslu og jafnvel í Suður-Þingeyjarsýslu líka; ég skal benda á samþykkt um þetta í Suður-Múlasýslu, samþykkt við Faxaflóa, ég skal benda á samþykkt, sem gerð var fyrir Vestfjörðum um að banna dragnótaveiði. Alstaðar voru þessar samþykktir gerðar af því, að þeir, sem að þeim stóðu, töldu dragnótaveiðina hafa stórskaðleg áhrif á afkomu sjávarútvegsins. Það er frámunaleg vanþekking að halda, að þessar samþykktir hafi verið gerðar fyrir það, að engin reynsla hafi verið fyrir hendi um þessa veiði. Nei, það var þvert á móti.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að fara út í almennar umr. um það mál út af þessu frv. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég benti á í síðustu ræðu minni, að hér er eingöngu um það að ræða, hvort sjómenn á svæðinu frá Hjörleifshöfða til Látrabjargs eigi að fá að hafa sama rétt og aðrir til þess að nota ákvæði löggjafarinnar í þessu efni eða ekki, eins og þeir menn hafa, sem við strendur landsins búa annarsstaðar, ef þeim sýnist að gera héraðssamþykktir um þetta efni. Ef mönnum sýnist hinsvegar að hafa allt opið, þá skil ég ekki í því, að það sé svo mikil hætta á, að Vestmannaeyjar t. d. fari að loka sínu landhelgi, eftir því hve samhuga þeir eru, að því er sagt er, um að veiðin sé óskaðleg. Það er því engin hætta á því, að gripið verði fram fyrir hendurnar á þeim, sem vilja veiða með dragnót, ef menn þar álíta það óskaðlegt og hagkvæmt. — Ég vil svo vænta, að atkvgr. verði eingöngu miðuð við frv. sjálft, þ. e. a. s. efni þess. Eins og stendur hafa menn misjafna aðstöðu og misjafnan rétt í þessu efni, og það á að greiða atkv. um það, hvort svo á að vera framvegis eða ekki, hvort þetta tiltekna svæði á að verða svipt sínum rétti. Ég vona, að Alþingi sjái sóma sinn í því að framlengja ekki slík lög, hvernig sem hv. þm. annars líta á dragnótaveiðina í sjálfu sér.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Það var fyrir nokkru reynt að fá breytingar á dragnótaveiðalöggjöfinni í þá átt, að breyta orðalagi 8. gr. l. frá 1928, sem heimilar héruðum eða sveitarfélögum að banna algerlega þessa veiði á vissum svæðum þrátt fyrir það, þó almennt væri þessi veiði leyfð yfir vissan tíma ársins. Þessu átti að breyta þannig, að gefa líka einstökum héruðum leyfi til að opna landhelgina hjá sér á þeim tímum, þegar hún væri almennt lokuð. Það átti m. ö. o. að gera þessi ákvæði gagnkvæm með því að leggja valdið yfir landhelginni svo mikið sem hægt var í hendur hvers einstaks byggðarlags. Hv. þm. Borgf. barðist mjög á móti þessari breyt., þó hér væri farið fram á fyllsta jafnrétti, sem mögulegt var að koma við, með því að láta byggðarlögin sjálf ráða um það, hvort þau vildu nota veiðina eða loka landhelginni. Mér finnst framkoma þessa hv. þm. nú vera í mótsögn við aðstöðu hans áður gegn þeirri breyt. á l., sem ég nú hefi talað um. Það er að vísu rétt, sem hv. þm. segir, að það væri skemmtilegast, að sömu lög giltu alstaðar um dragnótaveiðina, en það var nú svo, að þegar löggjafinn vildi leyfa veiði almennt takmarkaðan tíma úr árinu, mig minnir í 3 mánuði, þá hljóp kergja í þennan hv. þm. og aðra, sem fengu því til vegar komið, að héruðunum var leyft að banna veiðina jafnvel á þeim tíma, sem löggjöfin ætlaðist til, að hún væri opin, en þegar farið er fram á gagnkvæm réttindi í þessu efni með því að leyfa héruðunum einnig að opna sína landhelgi, eins og þau máttu loka henni, og gefa þeim þannig fullt sjálfsforræði í þessu efni, þá var það ekki leyft og ekki tekið tillit til þess, þó sjómennirnir sjálfir gerðu kröfu til þessa jafnréttis, heldur var valin sú leið, sem er harla óviðkunnanleg og Alþingi til lítils sóma, að afgr. þetta mál á síðasta þingi með því að auka misréttið. Ég skal að vísu játa það, að þessi hv. þm. átti ekki hlut í því, að það fráleita ákvæði var þá sett í l., að í landhelgi við Breiðafjörð og Faxaflóa mættu ekki veiða önnur skip en þau, sem skrásett væru í héruðunum kringum flóann, en aftur á móti máttu þau skip líka veiða við Vestmannaeyjar, þó skip frá Eyjunum mættu ekki veiða á Faxaflóa eða Breiðafirði. M. ö. o., Vestmannaeyingum var bannað á sama tíma að veiða í landhelgi þeirra manna, sem höfðu fullkomið leyfi til þess að veiða í landhelgi Vestmannaeyja. (PO: Frv. er ekki annað en tómt misrétti; þess vegna á að fella það). Þessu sérstaka misrétti var komið inn í l. í hv. Ed. á

elleftu stundu, og reyndar seinna en það, svo að engin tók voru að leiðrétta það. Ég mun nú reyna á réttlætistilfinningu hv. þm. Borgf. með því að koma með brtt. við 2. umr. um að lagfæra þetta misrétti, og ég ætla að vona, að hann sýni þá þann þegnskap að hjálpa til að samþ. hana.

Ég ætla ekki að fjölyrða um dragnótaveiði yfirleitt að þessu sinni. En það er auðséð á þeim áskorunum, sem fyrir liggja, að sjómennirnir hvorki vilja eða geta misst þessa veiði, og þó ekki sé enn komin full reynsla í þessum efnum, þá er það alveg augljóst, að hér er um framtíðaratvinnuveg að ræða, enda er ég viss um, að hv. þm. Borgf. er nú farinn að sjá þetta með sjálfum sér. Sjómennirnir eru nú smám saman að læra að nota þessi ágætu og þó ódýru veiðarfæri, til þess að hagnýta sér auðæfi úr djúpi hafsins. Þess vegna eru kröfurnar um að fá að nota þessi auðæfi háværari nú en þær hafa verið á undanförnum þingum.

**Finnur Jónsson:** Ég þakka hv. þm. Borgf. fyrir það, að bjóða mér sína forystu í sjávarútvegsmálum, þó ég geti ekki orðið við hans ósk og tekið tilboðinu. Hann óskaði eftir því, að ég fylgdi sér að málum, þegar hann fylgdi góðum málstað. Það má nærri geta, hvernig sá málstaður yfirleitt er, þegar hv. þm. sjálfur efast jafnvel um, að hann sé stundum góður. Hv. þm. var að minnast á það, að Þingeyingar hefðu gert samþykktir um að útiloka dragnótaveiði. Ég man eftir því, að ég hefi heyrt getið um eina slíka samþykkt úr Ljósavatnshreppi, en ég man ekki um Bárðdælahrepp og Mývatnssveit, þó það geti vel verið, að þar hafi líka verið gerðar samþykktir um að banna dragnótaveiði þar. Hv. þm. Borgf. vildi með þessu afsanna þau ummæli mín, að þeir hefðu mest á móti dragnótaveiði, sem minnsta reynslu hefðu á henni, og hann sannaði mitt mál rækilega, því hvenær hafa Þingeyingar notað þetta veiðarfæri? Það eina, sem þeir vita um það, er, að menn í öðrum landshlutum hafa sópað upp miklum afla með þessu veiðarfæri, og það er alkunnugt, að þeir, sem ekki geta notað sér veiði þessa, eru öfundsjúkir yfir því, að aðrir nota veiðina, og finnst, að þeir þurfi að varna því, að nokkrir veiði fyrir þeirra landi. Það er fjarri því, að ég sé með þessu að sneiða Þingeyinga nokkuð.

Það sýnir, hvað skoðun hv. þm. Borgf. er fráleit, að hann segir, að ekki megi tala um þetta mál almennt. Ég vil nú einmitt tala um það nokkuð almennt. Því hefir ekki verið á móti mælt, að um 2 hundruð manna hér á landi hafa þegar stundað dragnótaveiði með ágætum árangri um nokkurt skeið, og það verður óhjákvæmilegt að sjá þessum mönnum fyrir einhverri annari atvinnu, ef þeir eru sviptir þeirri, sem þeir hafa nú, með því að fella þetta frv. Ég skora á hv. þm. Borgf. að benda á leið til að útvega öllum þessum mönnum atvinnu, ef hann vill greiða atkv. á móti frv.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Það er náttúrlega rétt af hv. þm. Ísaf. að bregða fyrir sig útúrsnúningum í þessu máli, því það er nú einasta leiðin, sem hann á til. Ég er nú búinn að sýna hér og sanna, hvað það ber vott um frámunalega vanþekkingu og glópsku hjá honum að vera að tala um, að héraðabönnin hafi verið sett á þar, sem engin reynsla var fengin á þessu sviði, þar sem þau eru einungis byggð á þeirri slæmu *reynslu, sem fengizt hefir af dragnótaveiðunum*. Hv. þm. vill gera lítið úr Þingeyingum í þessu máli. Það sé ekki mikið takandi mark á því, sem sveitamenn norður í Bárðardal eða Ljósavatnshreppi segi um þetta efni. Mér er nú ekki kunnugt um, að áskoranir hafi komið frá mönnum úr þessum hreppum, en hitt er mér kunnugt, að áskoranirnar, sem fram komu og urðu þess valdandi, að banni gegn dragnótaveiðum var komið á, þær komu vitanlega frá þeim mönnum, sem verið var að taka lífsbjargarmöguleikana frá, að meira eða minna leyti, með þessum hamslausu dragnótaveiðum, sem aðallega voru stundaðar af útlendingum. Það var ekki af því, að þeir öfunduðu þá, sem dragnótaveiðina stunduðu, af aflanum, heldur af því, að þessar veiðar höfðu svo skaðlegar afleiðingar fyrir þeirra eigin möguleika til fiskveiða, að þeir töldu sér hagsmunaatriði, að lokað væri fyrir þær, og það þó um leið væri lokað fyrir veiði þeirra manna sjálfra á þessum slóðum, sem kynnu að vilja nota dragnætur. Það er því alveg þýðingarlaust fyrir hv. þm. að reyna að gera lítið úr Norður-Þingeyingum í sambandi við þetta mál, eða öðrum, sem hafa komið á hjá sér slíku héraðabanni.

Ég skal benda á það í þessu sambandi, að hv. þm. Barð., sem á einhvern undarlegan hátt hefir gerzt flm. að þessu frv., segir, að það sé stefna í sinu kjördæmi að loka öllum fjörðum fyrir dragnótaveiðum, og ef með þessu ætti á einhvern hátt að skerða framkvæmdamöguleika sinna kjósenda í þessu efni, þá mundi hann snúast hart og ófluglega á móti því. Mér þykir þessi afstaða hans til sinna kjósenda réttmæt, en hitt er ekki rétt af honum, að vilja taka samskonar rétt af mönnum í öðrum héruðum landsins.

Hv. þm. Ísaf. virðist ekki gera mikið úr þekkingu nábúa sinna, Vestur-Ísfirðinga, í þessu máli, og því, sem þeir hafa gert til þess að styrkja sína aðstöðu til fiskiveiða, frekar en annara, sem farið hafa inn á þessa braut. Það er annaðhvort, ef hv. þm. er alvara að vilja vaka svo yfir hag einstakra manna sem hann lætur, að hann hefir vanrækt að opna augu þessara nábúa sinna fyrir skaðsemi þess að loka fyrir dragnótaveiðar, eða að þeir hafa ekki viljað leggja mikið upp úr ráðleggingum hv. þm. í þessu efni, og það þykir mér líklegra.

Hv. þm. sagði, að ég hefði haldið fram, að ekki mætti tala um málið almennt. Ég sagði ekkert um, að það mætti ekki, heldur að það ætti ekki við í sambandi við þetta frv., sem **ekkert** felur annað í sér heldur en að skapa mismunandi rétt manna til þess að gera ráðstafanir, innan þeirra takmarka, sem löggjöfin setur, sér og sínum til hagsbóta.

Hv. þm. talaði um, að mér bæri skylda til, þar sem ég væri að tala á móti þessu frv., að sjá 200 manns fyrir atvinnu, sem töpuðu atvinnu sinni, ef frv. væri fellt. Ég hefi bent á

það hér áður, að meginþorri þeirra áskorana, sem fram hafa komið um flutning þessa frv., er víst frá Vestmannaeyjum. Og ef Vestmannaeyingar vilja endilega halda öllu galopnu upp á gátt, þá held ég þeir hafi fulla heimild til að stunda dragnótaveiðar framundan Vestmannaeyjum, þó frv. verði ekki samþ. En hv. þm. finnst e. t. v. ekki réttlátt, að til sé heimild fyrir menn hér við Faxaflóa til þess að sporna gegn því, að heilir herskarar af skipum komi frá Vestmannaeyjum eða jafnvel útlöndum til þess að skafa hér upp í varir og landsteina hjá þeim. Með því að fella frv. er skapaður möguleiki til þess að sporna við því, og Færeyingar og Danir komi hingað í hópum og trolli í landhelgi. Það hafa þeir gert og geta það jafnt ennþá, ef allt er látið standa opið fyrir þeim. Það voru einmitt veiðar Dana og Færeyinga við strendur Þingeyjarsýslu. sem urðu til þess, að þar var lokað algerlega fyrir dragnótaveiðar. Og það er alveg víst, að þar, sem lokað er fyrir dragnótaveiðarnar, skapar það mönnum á þeim svæðum bætta aðstöðu til annara fiskiveiða, sem nema miklu meiru heldur en þeir ímynduðu hagsmunir, sem dragnótaveiðarnar eiga að skapa.

Hv. þm. Vestm. fór að minnast á gang þessa máls á undanförnum þingum. Það er rétt, að það hefir verið fellt á mörgum þingum að rýmka ákvæði laganna um dragnótaveiðar. Og þingið hefir gert svo rækilega hreint fyrir sínum dyrum, að þegar einu sinni hafði tekizt á undarlegan hátt að safna undirskriftum nokkurra þm. í þinglokin undir áskorun til stj. um að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, þó fellt væri á þinginu samskonar frv., og stj. hafði gengið á lagið og gefið slík bráðabirgðalög út, þá var það fyrsta verk næsta þings að fella þau úr gildi. Þessi hefir verið afstaða þingsins til dragnótaveiðamálsins yfirleitt. Það var fyrst þegar þeir, sem búa við ¾ af strandlengju Íslands, máttu búa við löggjöfina um bann gegn dragnótum óbreytta, að hægt var að fá samþ., að þeir, sem búa við þann ¼ strandarinnar. sem eftir var, skyldu sviptir þeim rétti, sem meiri hl. átti að fá að halda. Þá kom þetta undarlega fram, að þeir, sem búnir voru að bjarga hagsmunum sínna kjósenda, létu til leiðast að fylgja þeim, sem vildu leyfa að trolla við strendurnar hjá hinum. Það var með hliðsjón af þessu, sem ég beindi þeim orðum til hv. d. í gær, að ég treysti því, að hið nýkosna þ. léti ekki eftir sig liggja að framlengja slíka löggjöf sem þessa, eins og hún er úr garði gerð og eins og hún er til komin. Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði áðan, að þessi löggjöf er ekkert annað en misrétti; misrétti hvað það snertir, að menn á tilteknu svæði eru sviptir þeim rétti, sem aðrir hafa til þess að setja héraðabönn. Það er líka misrétti, miðað við það, sem er annarsstaðar, að hér á Faxaflóa og Breiðafirði megi ekki fiska nema þau skip, sem gerð eru út af þessum stöðvum. Hv. þm. boðaði, að hann mundi koma fram með brtt. við þetta ákvæði. Ég skal geta þess, að ég átti engan þátt í að koma því inn í lögin. Till. um það kom fram í Ed. og var gerð til þess að reyna að bjarga málinu. Hv. þm. kvaðst ætla að reyna þegnskap minn í þessu efni. Ég vænti, að hann þurfi ekki að reyna neitt í því efni, því ég treysti svo þegnskap þessarar hv. d., að hún felli það frv. þegar í stað, sem ekkert er annað en misrétti frá upphafi til enda, svo hv. þm. Vestm. losni við það ómak og amstur að koma með brtt., sem engin bót yrði á þessu máli.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti, að hv. d. veiti frv. þá einu meðferð, sem því hæfir og þinginu er samboðin, og felli það umsvifalaust.

**Gísli Guðmundsson:** Ég skal lofa því að lengja ekki mikið þessar umr. En ég get ekki látið ómótmælt því, sem fram kom í ræðu hv. þm. Ísaf. áðan, að samþykktir þær, sem gerðar hafa verið í Norður-Þingeyjarsýslu um bann gegn dragnótaveiðum á fjörðum inni, væru ekki á rökum byggðar. Þær eru vitanlega á miklum rökum byggðar, því í þessu héraði eru margir sjómenn, sem þekkingu hafa á þessum hlutum. Og ég hefi heyrt það á þeim, að þeir telja, að dragnótaveiðarnar hafi þarna m. a. haft mikil áhrif í þá átt að spilla þorskveiði inni í fjarðarbotnum.

Annars get ég sagt það, að í raun og veru hefi ég ekki ástæðu til þess sem fulltrúi míns kjördæmis að láta mig þetta mál sérlega miklu skipta, því það skiptir ekki beinlínis nema suðvesturhluta landsins. En ég hefi verið þeirrar skoðunar, að eðlilegt væri, að héruðin réðu talsvert miklu um þetta sjálf, og því mun ég mjög hlusta eftir því, sem fram kemur úr þeim héruðum, sem hér er um að ræða. Sakna ég að hafa ekki heyrt álit hv. þm. G.-K., þar sem hans kjördæmi er eitt af þeim, sem þarna eiga hlut að máli.

**Finnur Jónsson:** Hv. þm. N.-Þ. segir, að Norður-Þingeyingar hafi ekki sett bann gegn dragnótaveiðum hjá sér af þeim sökum, að þeir þekktu ekki þessi veiðarfæri. En ég hélt því fram, að þeir, sem ekki hefðu ennþá farið að stunda dragnótaveiðar sjálfir, vildu yfirleitt banna dragnótaveiðar, en hinir, sem farnir væru að nota dragnætur og kynnu með þær að fara, vildu hafa landhelgina opna fyrir slíkri veiði. Ég held fast við þetta, og vil því til sönnunar benda á þá reynslu, sem fengin er í þessu efni.

Hv. þm. Borgf. vildi halda fram, að lokun landhelginnar fyrir dragnótaveiðum skapaði bætta aðstöðu til annara fiskiveiða. Ég vil spyrja hann: Hvaða fiskiveiðar eru stundaðar hér á Faxaflóa þann tíma, sem talað er um að opna fyrir dragnótaveiðum, og hvaða fiskiveiðar telur hann, að hægt væri að stunda með góðum árangri þá? Hvers vegna stunda ekki þeir, sem nú stunda dragnótaveiðar, þær arðsömu fiskiveiðar, sem hann er að tala um?

Hv. þm. Borgf. vildi halda því fram, að þessi lög breyttu engu fyrir þau héruð, sem ekki vildu hafa bann á dragnótaveiðum hjá sér. Ég vil leyfa mér að benda honum á, að í 1. gr. l. nr. 55 frá 1928 er sagt, að dragnótaveiðar skuli bannaðar frá 1. jan. til 31. ágúst og frá 1.—31.

desember ár hvert. En í l. þeim, sem sjútvn. leggur hér til, að séu framlengd, er veiði leyfð á þar til teknu svæði frá 15. júní, og er þannig veiðitíminn lengdur um 2½ mánuð. Á þetta jafnt við Vestmannaeyjar sem aðra staði, og er því alrangt, að þetta frv. breyti engu fyrir þau héruð, sem vilja leyfa dragnótaveiðarnar.

Hv. þm. Borgf. var að tala um, að mér hefði *gengið illa að opna augu nágranna minna fyrir* nytsemi dragnótaveiðanna. Ég hefi ekkert prédikunarstarf tekizt á hendur í þessu efni, og hefir því ekkert reynt á, hvernig mér gengi. En í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að af sjómönnum vestanlands eru Önfirðingar þeir einu, sem farnir eru að stunda dragnótaveiðar, og þeir vilja fyrir hvern mun halda fjörðunum opnum, en hinir, sem ekki eru enn farnir að stunda dragnótaveiðar, vilja hafa firðina lokaða fyrir slíkum veiðiskap. Ég held, að hv. þm. Borgf. gerði betur í því að beita sér fyrir, að menn í hans byggðarlagi taki upp dragnótaveiðar þann tíma árs, sem þeir hafa ekki tækifæri til að stunda aðra veiði, heldur en að berjast á móti því hér á Alþ. með hnúum og hnefum, að þetta mál nái fram að ganga.

Hv. þm. Borgf. er orðinn svo staurblindur í þessu máli, að í fyrra skiptið, sem það var á dagskrá hér í d., virtist hann ekki sjá neinn til að beina orðum sínum að annan en hv. þm. Vestm. Þetta sýndi betur en nokkuð annað, hvað litla stund hann leggur á að reyna að horfa á málið frá almenningssjónarmiði, þegar hann er orðinn svo blindur, að honum finnst ekki muni vera neinn annar til í þinginu, sem haldi uppi þessum „vonda málstað", en hv. þm. Vestm.

Ég benti á það áðan, að ef þingið felldi þetta frv. um að framlengja undanþágu frá l. um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, þá yrði það að sjá þeim mönnum fyrir annari atvinnu, sem við það misstu atvinnu sína. Og ég held fast við áskorun mína til hv. þm. Borgf. um það, að hann ábyrgist þeim 200 mönnum, sem hér er um að ræða, ekki lakari atvinnu, ef hann verður til þess að fella frv. hér í d., sem ég vona, að ekki verði. Enda er áreiðanlega þörf á nokkurri viðsýni í þessu efni, en ekki þeirri fádæma þröngsýni, sem þessi hv. þm. gerir sig sekan um.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. var að kvarta yfir því, að hann hefði ekki getað vakið eins mikla athygli á sér með málflutningi sínum við fyrri hluta þessarar umr. eins og hann hefði viljað, og hugur ýmsra, sem hlustuðu, hefði hvarflað meira til hv. þm. Vestm. heldur en hans, þó hann væri nú að tala um málið. Ég get ekkert að því gert, þó hv. þm. tækist nú ekki betur í þessu efni að láta menn leggja hlustirnar við því, sem hann var að segja. En ég vil taka það fram, að ég beindi ekki orðum mínum til hv. þm. Vestm., af þeirri einföldu ástæðu, að hann tók ekkert til máls. Það litla, sem fram kom til meðmæla frv. auk framsöguræðunnar, var frá hv. þm. Ísaf., og hann getur ómögulega farið að kenna mér það, þó lítið kunni að hafa verið á hann hlýtt; það var ekki mér að kenna.

Hv. þm. Ísaf. talaði um, að hann hefði ekki haft með höndum neina prédikunarstarfsemi um þetta mál þarna fyrir vestan. Hann prédikar nú einna mest um það hér í d., ef prédikun skyldi kalla, og úr því að hann sýnir þennan brennandi áhuga á því, að hér syðra verði ekki komið á héraðabanni gegn dragnótaveiðum, þá var ekki undarlegt, þó ég minntist á, *því hann ekki beindi orðum sínum til sinna* næstu nábúa á sama tíma sem hann ber svo mikla umhyggju fyrir sjómönnum annarsstaðar.

Út af því, sem hv. þm. var að segja, að ég ætti að snúa mér til þeirra á Akranesi og hvetja þá til að fara að stunda dragnótaveiðar, skal ég geta þess, að þeir hafa fyrir löngu síðan gert út á dragnótaveiðar, en það borgaði sig svo illa, að *þeir hættu við það aftur. Það er aðeins einn bát*ur, sem til skamms tíma hefir eitthvað fengizt við dragnótaveiðar, og hjá honum mun hafa staðizt nokkuð á tekjur og gjöld, en hjá öllum öðrum varð tap af þessum veiðum, og lögðust þær þar af leiðandi niður. Ennfremur var mönnum vel ljóst, að öðrum fiskiveiðum stóð hætta af þessari veiðiaðferð.

Eins og kunnugt er, hafa dragnótaveiðarnar einnig verið reyndar suður í Garðsjó, en þær gáfu einungis tap. Þar er mjög eindregin andstaða gegn því, að dragnótaveiðar séu leyfðar, eins og bezt kom fram á fundi, sem haldinn var nýlega í Gerðum, þar sem 200 manns voru saman komnir og samþ. var með hverju einasta atkv. ályktun um að banna dragnótaveiði. — Getur hv. þm. Ísaf. ekki verið kyrr í d. augnablik? (**FJ**: Ég þarf í síma). Jæja. Ég held það sé þá sama, *hvorum megin hryggjar hann liggur.* — Reynslan hefir líka orðið sú, að þeir, sem fiskveiði stunda þar með öðrum veiðitækjum, þorskaneti, línu og handfæri, hafa tapað sínum lífsbjargarmöguleikum vegna dragnótaveiðanna, — og er þá undarlegt, þó þeir, sem byggja framtíðar-lífsmöguleika sína á fiskiveiðum, snúist öndverðir gegn þessari veiðiaðferð?

Hv. þm. Ísaf., sem nú er farinn í síma, bað mig að benda sér á, hvort nokkrar aðrar fiskiveiðar hefðu farið fram hér við Faxaflóa á þeim tíma, sem dragnótaveiðar væru nú leyfðar. Þarna kemur nú fram hið frámunalega þekkingarleysi hv. þm. á því, hvernig til hagar um fiskiveiðar við strendur landsins. Hér við Faxaflóa, t. d. í Garðsjónum, var mesti uppgripaaflinn, þegar frá er talin vetrarvertíðin, einmitt á þeim tíma, sem dragnótaveiðarnar eru leyfðar nú, seinni part sumars og framan af hausti. Auk þess sem menn veiddu þorsk í net, veiddu menn aðrar verðmætari fisktegundir, svo sem smálúðu og ýsu, á lóðir. Svipað má segja af fiskveiðunum hér við innanverðan Faxaflóa, þegar nokkurt hlé varð á ágangi togaranna, var þar æfinlega nokkur slík veiði. Þá ætlar ég, að Snæfellingar hafi ekki síður sömu sögu að segja. Við vestanvert Snæfellsnes og inn undir Ólafsvík hafa togararnir einkum lagzt að og togað nætur og daga. Má nærri geta, hver áhrif það hefir haft á fiskiveiðar þar yfirleitt. Ég ætla þess vegna, að ég hafi gert þessu máli full skil.

Ég vil aðeins endurtaka það, að hv. þm. Ísaf.

er frámunalega ófróður um það, hvernig tilhagað er fiskiveiðum hér við Faxaflóa. Ef hann vildi afla sér upplýsinga um það efni, sem hann ætti að gera, þótt ekki væri í sambandi við þetta mál, þá mundi ég verða manna fúsastur til að veita honum fræðslu um þetta, ef hann vill gerast minn lærisveinn í þessu efni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Nd., 5. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19:5 atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 213, 315).

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég skal ekki fara langt út í þetta mál. Það virðist vera farinn að réna áhuginn hjá þeim mönnum, sem ekki láta sjá sig til að mæla fyrir sínum brtt., enda er við því að búast, því ef samþ. yrðu, væri það til þess eins að ryðja Dönum og Færeyingum braut inn í Faxaflóa. Mér þykir því ekkert undarlegt, þó flm. till. kveinki sér við að mæla henni bót, en ég skal ekki fara langt út í það nú. Ég hefi áður minnzt á þann mismunandi rétt, sem héruðunum er gefinn með frv. þessu, og tel það algerlega óhæfilegt. Ég legg því til, að málið verði afgr. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá, er ég með leyfi hæstv. forseta vil lesa hér upp:

**„Með því að ekki þykir sæmandi að gera misjafnan sjálfsákvörðunarrétt landsmanna um fiskveiðar, eins og gert er í þessu frv., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."**

**Forseti (JörB)**: Hv. dm. hafa heyrt þessa till. til rökst. dagskrár, og tel ég ekki þurfa að lesa hana upp aftur. Er rökst. dagskráin þá einnig hér til umr.

**Finnur Jónsson**: Ég heyrði því miður ekki ræðu hv. þm. Borgf. fyrir hinni rökst. dagskrá, því ég var kallaður í landssímann í sömu svipan. En ég vil mótmæla dagskrártill. og bendi á í því sambandi, að við þurfum að leggja mikla áherzlu á, að sá fiskur, sem við flytjum í kvóta til Englands, sé sem allra verðmestur miðað við þyngd. Auk þess vil ég minna á, að hér er um atvinnu að ræða fyrir nokkur hundruð manns. Dragnótaveiðin hefir aukizt, hún er t. d. nú að koma upp við Eyjafjörð, og það hefir ekki lítið að segja á þessum tímum, hvert handtakið. Ég mun því greiða atkv. móti dagskrártill., en samþ. brtt. hv. þm. Vestm.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. til að leiðrétta villu, sem slæddist inn í l. á síðustu stundu, eða hv. 3. þm. Reykv. kom inn í Ed. Var þá slegið föstu, að bátar frá Vestfjörðum og Faxaflóa mættu veiða við Vestmannaeyjar, en bátar frá Vestmannaeyjum mættu ekki veiða á Faxaflóa. Sjá allir, hvaða vit er í þessu, enda lýsti hv. þm. Borgf. því með sterkum orðum, hvílíkur óskapnaður þetta væri. (**PO**: Frv. í heild, já). Nei, þessi breyting. (**PO**: Nei, áður en þessi breyt. var gerð. Frv. með haus og sporði). Mér þótti það líka, en þótti svo mikið við liggja að eyðileggja ekki alveg þennan atvinnuveg, að ég taldi réttara að hleypa því áfram, en það var komið alveg í eindaga og ekki hægt að lagfæra sem þurfti. Ég heyri sagt, að hv. þm. Borgf. hafi komið með rökst. dagskrá um að vísa frv. frá. Við, sem að málinu stöndum, höfum hér í höndunum ótal mörg áskorunarskjöl, undirskrifuð af hundruðum sjómanna og smáútgerðarmanna, bæði frá Vestmannaeyjum, Keflavík og annarsstaðar af Suðurnesjum og víðar að, um að leyfa þessar veiðar áfram. Ég veit ekki, hvort hv. 3. landsk., frsm. þessa máls, hefir lesið þessi bréf upp eða ekki, en ef það er ógert, vil ég eindregið mælast til þess, að hann geri það, því það hafa aldrei komið fram jafnsterk rök í þessu máli og nú, svo ég viti. Það er hreint og beint óvitaháttur að vilja eyðileggja atvinnu fyrir fleiri tugum manna.

Þegar menn eru að mótmæla þessu leyfi, tala þeir um, að verið sé að opna fyrir Dönum. En þetta er hinn mesti misskilningur. Það er hvorki verið að opna né loka fyrir Dönum. Þessir fáu bátar, sem þeir eiga hér við land, fá að veiða óhindrað jafnt innan sem utan landhelgi. Danir hafa svo fullkomin tæki á sínum bátum, að þeir geta vel verið langt innan við landhelgislínu með veiðarfæri sín, þó skipin séu fyrir utan. Ég veit ekki, hvort þm. hafa gert sér þetta ljóst, en ég er þessu kunnugur af viðtali og náinni kynningu við fiskimenn víðsvegar um land, og veit það líka af því ég hefi sjálfur verið í förum, hvernig dönsku bátarnir hagnýta sér að geta haft veiðarfærin langt frá. Mér finnst ekki vera gerandi leikur að því að bægja trillubátum og öðrum skipum frá að stunda þessar veiðar og stöðva þannig atvinnu fjölda manna. Þegar ég hefi barizt fyrir þessu máli og hefi verið að reyna að vinna bug á bábiljunum, hefir mjög verið vitnað í, að menn bæru lítið úr býtum við þessa veiði. Þetta var satt. Íslendingar voru lítið kunnugir dragnótaveiði og kunnu ekki með að fara. En þeir eru farnir að læra það af reynslunni. Meðferð dragnóta krefst nákvæmni, sem ekki næst strax. En það er auðséð á aflanum, að sjómennirnir íslenzku eru farnir að læra handtökin, og útkoman er miklu betri en var. Ég hefi hér með höndum nokkur skjöl, þar sem eru tölur í þessu efni. Ég skal aðeins taka sem dæmi 3 báta héðan úr Rvík, eða rekstrarreikninga þeirra í sumar, þar sem sýnir sig, hvað þessi atvinnugrein gefur í aðra hönd. Einn bátanna hefir aflað fyrir 4000 kr. og haft í ágóða 800 kr. Annar báturinn hefir aflað fyrir 6500 kr. og ágóði orðið 3000 kr., og þriðji báturinn aflaði fyrir rúml. 7500 kr. og ágóði hans varð 1800 kr. Þess háttar dæmi eru mörg. Í fyrra sumar höfðu Vestmannaeyingar betri vertíð við dragnótaveiði en á vetrarvertíðinni. Ég skal taka það fram, að útkoman er betri, ef ekki eru allt of margir bátar, sem stunda þessar veiðar. Í sumar voru fleiri bátar, sem stunduðu dragnótaveiðar, en í fyrra, og útkoman er góð,

þó hún sé ekki eins glæsileg og í fyrra. Ég veit ekki, hversu sterk rök hv. þm. Borgf. hefir flutt með dagskrártill. sinni. En ég get fullvissað hv. þdm. um, að með því að samþ. hana gerðu þeir hundruðum sjómanna þann mesta ógreiða, sem hægt væri, því að það er nauðsynlegt að leyfa dragnótaveiðar næsta sumar.

Eins og allir vita, hefir það komið fyrir, að bátar hafa verið teknir í landhelgi og dæmdir í háar sektir, en enginn hefir getað borgað, og dómsmálaráðherrar, hverjir sem það hafa verið, hafa orðið að gefa eftir sektina og þagga málið niður. — Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en skora á hv. d. að ganga ekki undir það jarðarmen, sem hv. þm. Borgf. vill láta ganga undir hér, og með því taka atvinnu af mörgum sjómönnum, sem annars gætu haft sæmilega atvinnu, ekki einungis hér við Faxaflóa, heldur um allt land, þar sem einhver mannskapur er í mönnum að bjarga sér. Það væri hreinasti óvitaháttur að samþ. þessa dagskrá, og ég skal benda á eitt dæmi enn. Eins og kunnugt er, brjóta togarar landhelgislögin, og t. d. enskir togaraskipstjórar, sem þekkja botninn og gullnámuna í grennd við Vestmannaeyjar, hafa skafið botninn þar, án þess varðskipin fái að gert, enda geta þau ekki séð við því nema vera alveg á sömu stöðum að staðaldri. En síðan dragnótabátarnir fóru að vera á þessum stöðum, hafa togararnir ekki haldizt við, þeir hafa hætt ásóknum sínum af ótta við klögumál þessara mörgu báta.

Vinningurinn við veiðar þessara báta er því tvöfaldur, um leið og þeir hafa hagnýtt sér auðæfi hafsins á þessum slóðum hafa þeir bægt lögbrjótum frá skemmdarstarfi þeirra. Með því að kippa að sér hendinni um leyfi til dragnótaveiða er því togurum gefið undir fótinn um að nota landhelgina, og með því væri lífsframfærið tekið frá fjölda manns.

**Forseti (JörB):** Með því að sýnilegt er, að umr. ætla að verða nokkrar um þetta mál, þá er umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 13. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hv. þm. Vestm. var eitthvað að tala um það, að inn í þau lög, sem hér er farið fram á að framlengja, hefði komizt einhver meinloka í Ed., þegar þetta mál var afgr. þar á þinginu 1933. Ég þykist vita, að hv. þm. hafi átt þar við það ákvæði, að á Faxaflóa og Breiðafirði skyldi eingöngu heimilt að veiða þeim skipum, sem lögskráð væru í þeim lögsagnarumdæmum, sem að þessum fjörðum liggja. En þetta ákvæði var vitanlega sett í l. í ákveðnum tilgangi og út frá ákveðnum forsendum. Eins og menn vita, er mikið um það deilt, hvort dragnótaveiðar skuli leyfðar í landhelgi eða ekki. Ef svo er, að þessar veiðar valdi skaða þeim, sem stunda aðrar fiskiveiðar á þeim svæðum, þar sem þær eru stundaðar, þá eru það fyrst og fremst þeir, sem búa kringum þá firði og flóa, sem fyrir skaðanum verða, og er því eðlilegt, ef undanþága er veitt frá þessu banni, þá sé hún aðeins veitt íbúum þeirra héraða, sem að viðkomandi fjörðum liggja. Þar við bætist, að sé heimildin veitt almennt, þá eru það ekki einungis landsmenn, sem heimilt verður að veiða á þessum svæðum, heldur njóta erlendar þjóðir sömu hlunninda.

Í sambandi við brtt. hv. þm. Vestm. á þskj. 315 vil ég taka það fram, að þó ég hafi verið á móti því að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi fram að þessu, þá geri ég ráð fyrir, að ég sjái mér ekki fært að greiða atkv. á móti framlengingu laganna nú, vegna þess að menn hafa nú í mörg ár stundað þennan veiðiskap og aflað sér veiðarfæra og þekkingar á veiðiaðferðinni, svo að menn eru nú færari um að stunda hann sér til gagns heldur en í fyrstu.

Ég get að vissu leyti viðurkennt réttmæti brtt. hv. þm. Vestm. En ég mundi þó hiklaust greiða atkv. gegn frv. svo breyttu. Hv. þm. talaði um misrétti það, sem kæmi fram í því, að skip, sem skrásett eru á Faxaflóa eða Breiðafirði, skuli mega veiða fyrir sunnan land, en að hinsvegar skuli skip, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum eða annarsstaðar við Suðurland, ekki mega stunda veiðar á Faxaflóa eða Breiðafirði. Ég myndi fúslega ljá lið hverjum þeim, sem vildi koma inn í l. þannig löguðum ákvæðum, að þeir einir, er hefðu skráð skip sín í Vestmannaeyjum eða við suðurströndina, mættu stunda þar dragnótaveiðar í landhelgi. Veit ég því ekki, nema réttara kynni að vera að taka málið af dagskrá að þessu sinni, ef hægt yrði með því að fá fram slíkt samkomulag. Að öðrum kosti held ég, að málinu gæti verið hætta búin. Ef till. hv. þm. Vestm. yrði samþ., er hætt við, að margur myndi greiða atkv. á móti frv. í blóra við það, og gæti þá svo farið, að það yrði fellt.

Ég tek undir þá ósk hv. þm. Borgf., að málið verði tekið af dagskrá. Það getur ekki tekið langan tíma að ljúka umr., og ætti það að vera sama þó málinu yrði frestað til morguns.

**Forseti (JörB):** Ég veit ekki, hvað hv. sjútvn. segir um þessar óskir, og svo hv. þm. Vestm.

**Jóhann Jósefsson:** Ég sé enga ástæðu til að taka málið af dagskrá, nema þá, sem þeir hafa, er tefja vilja framgang l. Hér hrúgast nú sýnilega að svo mikið af málum, að vandséð verður um afgreiðslu þeirra allra. Er ég því mótfallinn þeirri till., að málið verði tekið af dagskrá.

**Forseti (JörB):** Mér er ekki ljóst nema málið kunni að vera í nokkurri hættu, þar sem svo eindregnar óskir hafa komið um, að það verði tekið af dagskrá, ef þeim óskum er ekki sinnt. Finnst mér fara vel á því, að leitað sé samkomulags um málið.

**Jóhann Jósefsson:** Mér skildist á hæstv. forseta, að hann ætlaði að ljúka málinu, en afgreiða það sem önnur mál í kvöld og fresta atkvgr. Ef þetta er misskilningur hjá mér, horfir málið öðruvísi við.

**Forseti (JörB):** Það er réttur skilningur hjá hv. þm., að ég ætlaði að fresta atkvgr., þó að umr. yrði lokið. Mér sýnist sem meðhaldsmenn frv. ættu að fallast á, að atkvgr. yrði frestað til morguns, til þess að hægt sé að reyna að fá sættir milli manna um brtt.

**Jóhann Jósefsson:** Ég skil þetta sem ósk og vilja hæstv. forseta, og jafnframt sem loforð hans um, að málið verði aftur tekið fyrir á morgun. Get ég þá fallizt á, að því verði frestað til næsta dags.

**Forseti (JörB):** Hv. þm. veit, að ég hefi ætíð verið þessu máli velviljaður, og má honum því finnast líklegt, að ég muni gera mitt til að koma því fram.

Umr. frestað.

Á 36. og 37. fundi í Nd., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 16. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég á ekki sök á því í umr. um þetta mál, að þær hafa verið leiddar á víðara svið en þetta frv. gefur tilefni til. Það eru fyrst og fremst þeir hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Vestm., sem hafa leitt umr. inn á það svið að ræða almennt um málið. En ég verð að segja, að þegar þeir eru búnir að halda ákaflega langar ræður um málið almennt og fara svo fram á það við hæstv. forseta að knýja umr. í gegn á mjög naumum tíma, svo að litlum andsvörum verði við komið, þá bendir það ekki til þess, að þeim sé sérlega kærkomið, að ræður þeirra verði gagnrýndar, heldur kjósa þann kost fremur að hafa síðasta orð um þessa hluti. Að gefnu tilefni frá þeim mönnum, sem hér hafa talað á undan mér, við fyrri hl. þessarar umr., finn ég mig knúðan til að fara nokkuð inn á almennar umr. um málið, sem liggja fyrir utan aðalefni frv. Mun ég þó ekki fara þar lengra en eftir því, sem þeir hafa stofnað til, en leitast við að gera ræðum þeirra skil eftir því, sem rétt er og sjálfsagt. — Ég vil segja þeim, sem ekki sjá ástæðu til að hlusta, að þeir geta lyft sér upp á meðan, hinir sitja kyrrir, því ef fresta á fundi kl. 4, sé ég þess engan kost, að þeir þurfi að bíða eftir atkvgr.

Hv. þm. Ísaf. virtist vilja taka mjög að sér handleiðslu og herradóm yfir miðunum hér við Faxaflóa, eða helzt við Suðvesturland frá Ingólfshöfða að Látrabjargi, og álítur sig bærari að dæma um þörfina á að stemma stigu fyrir dragnótaveiðum en mennina sjálfa, sem búa á þessu svæði. Ég vil benda á, að það virðist vera lítið vit í því, að taka ákvörðunarvaldið um þessa hluti af þeim mönnum, sem á þessum svæðum búa, nema þeir menn, sem það vilja gera, áliti sjálfa sig miklu dómbærari en þá. — Ég get gjarnan frestað minni ræðu, ef forseti óskar. — Ummæli hv. þm. Vestm. og hv. þm. Ísaf. hljóta því að byggjast á því, að þeir telja sig dómbærari í þessu máli en þá menn, sem á svæðinu búa. Mér virðist eðlilegt og líklegt, að þessir menn geri það í þessum efnum, sem þeir telja, að sé sínum hagsmunum fyrir beztu. Ef t. d. hv. þm. Vestm. álítur betur henta gagnvart fiskiveiðunum að nota dragnætur, kemur ekki til mála, að þeir banni dragnótaveiði kringum Vestmannaeyjar. En það er alger óþarfi af hv. þm. Vestm. að sækja þetta svo fast að setja þann leiðinlega stimpil á sjómenn við Faxaflóa, að taka af þeim þann sjálfsagða ákvörðunarrétt, sem öðrum er trúað fyrir. Ég skil ekki annað en Vestmannaeyingar gætu látið sér nægja að veiða á sínum eigin miðum, ef hv. þm. Vestm. ber ekki í brjósti ótta um það, að þrengt verði þar að veiðiskap, ef lögin gilda þar, en ekki hægt að halda sig á öðrum miðum. Og ætli Vestmannaeyingar yndu því vel, að þeir væru stimplaðir ódómbærir um þessa hluti, þegar um væri að ræða þeirra eigin veiðistöðvar? Og viðvíkjandi veiði hér við Faxaflóa verð ég nú að segja, að það er svo frá mínu sjónarmiði, að þeim, sem hér búa og geta haft áhrif á þessa hluti, sé miklu betur trúandi til að ákveða, hvað sé heppilegt fyrir fiskveiðarnar og byggðarlögin, sem þær stunda, en mönnum úr öðrum kjördæmum, að ég ekki tali um hv. þm. Ísaf., sem hefir sýnt fádæma vanþekkingu á fiskveiðunum hér við Faxaflóa. Mátti segja, að við umr. kæmi hann gersamlega eins og álfur út úr hól. Ég sé enga ástæðu til annars en leyfa þeim, sem búa við Faxaflóa og Breiðafjörð, að ráða því sjálfir og úrskurða, hvað þeirra atvinnugrein er hagkvæmast og bezt í þessum efnum. Það er hrein móðgun við þessa menn að setja þá skör lægra en aðra um þessi mál, eins og hér er gert. Það verður því að teljast algerlega óforsvaranlegt af löggjafarvaldinu að ganga svo á rétt þessa fólks, að fella úrskurð um, að það sé ekki dómbært um, hvað því hentar bezt í þessum hlutum. Það er því bein skylda Alþ. að afmá þann smánarblett, að það sé ekki jafndómbært um þessi mál eins og fólk annarsstaðar á landinu. Ég vil benda á, að hér við Faxaflóa er mikill meiri hl. þeirra manna, sem búa við sjávarsíðuna, sem þykir sér misboðið. Sama er að segja um Breiðafjörð, og þó þm. Snæf. hafi ekki enn látið til sín heyra í þessu máli, þykir mér ekki ólíklegt, að hann telji þörf að láta heyra rödd úr sínu kjördæmi, því fyrrv. þm. þeirra hafa mótmælt þeim ósóma, sem þetta er, að þeir séu ekki dómbærir um að hagnýta sér innstu og grynnstu fiskimiðin við Snæfellsnes og Breiðafjörð, þar sem dragnótin er notuð uppi í landsteinum, inn á víkum og vogum. Dragnæturnar spilla þar mjög fyrir og eyðileggja annan veiðiskap miklu meira en sem veiðinni nemur. Er alkunnugt, að dragnætur draga upp og tortíma ungviði allskonar nytjafiska, sem mikið er af á þessum tíma og kemur því í næturnar í stórum stíl. Það, sem þessir hv. þm. Ísaf. og Vestm. hafa haldið fram, að ef höfð væri nægileg möskvastærð, þá skriði ungviðið út, er í algerðu ósamræmi við reynslu allra, sem þekkja — það er stráðrepið og eyðilagt. Enda er það svo um alla friðun, bæði fyrir botnvörpu og dragnót, að hún byggist á því, að þessar veiðiaferðir séu stórskaðlegar fyrir alla nytjafiska, einkum ungviðið, og eiga þær verulega stóran þátt í að hefta og eyðileggja þá öru

viðkomu, sem atvinnuvegurinn byggist á. Það er því gagnslaust og þýðingarlaust að slá því fram hér, að dragnæturnar eyðileggi ekki ungviðið, því það er öllum vitanlegt, sem nokkra þekkingu hafa á þessu, að öllu, sem í dragnót kemur, er búinn aldurtili, hvort sem það er stórt eða smátt.

Af þessum sökum eru veiðar með dragnætur uppi í landsteinum hættulegar, og einhver skaðlegasta ránskaparveiði, sem notuð hefir verið.

Mér virtist hv. þm. Vestm. tala þannig um þetta mál, að frekar bæri að færa út kvíarnar, og hans skoðun væri, að bezt væri að afnema allar hömlur á landhelginni. Er það ekki rétt? (**JJós:** Nei). Það skal gleðja mig, ef hann hefir skipt um skoðun. En mér skildist, að hann, eftir að hafa þaulhugsað þetta mál, vildi fella niður allar hömlur á dragnótaveiðinni, og fannst mér þá, að hitt væri bara í fullu samræmi og eðlilegt áframhald, að afnema alla landhelgisgæzlu. En eftir málflutningi hv. þm. að undanförnu, — og ég gat engin batamerki fundið á honum nú —, þá gat ég satt að segja ekki betur skilið en þessi útfærsla og rýmkun á þessu sviði væri inngangur að því að afnema landhelgina og glenna allt upp á gátt. Hv. þm. hélt því einnig fram, að ekki þýddi að ætla sér að loka fyrir Dönum og Færeyingum, sem vitanlega hafa sama rétt til dragnótaveiði og við. Skildist mér, að þeir notuðu landhelgina þrátt fyrir það bann, sem nú er. Kom hv. þm. þeim orðum að því, ef ég man rétt, að þeir hefðu einhverjar þær tilfæringar, að þeir gætu haft nótina langt inni í landhelgi og dregið hana þó bátar þeirra flytu fyrir utan línu. Ég hefi nú ekki heyrt um þennan leyndardóm við þeirra veiðiskap, en ég vil þá segja, að því meiri ástæða er til að opna ekki allt upp á gátt, en gjalda heldur varhuga við slíkum veiðibrellum og þrengja fremur en slaka til. Er þetta enn ný ástæða til þess að binda ekki svo hendur manna eins og gert hefir verið hér við Suðvesturland, að þeir megi ekki bera hönd fyrir höfuð sér, hvað miklum skaða sem þeir eru ofurseldir af dragnótaveiðinni.

En svo ber hv. þm. Vestm. hér fram brtt. um að leyfa Dönum og Færeyingum að nota kúnstir sínar hindrunarlaust hvar sem er um Faxaflóa og Breiðafjörð, og útiloka þá litlu vörn, sem lögin um bann gegn dragnótaveiðinni hafa veitt mönnum. (**StJSt:** Og þetta getur sjálfstæðismaður sagt). Þetta getur hv. 1. landsk., þessi Danaundirlægja, sagt, sem ekki þorir að segja það orð, sem hann heldur, að Dönum misliki, eða stíga á þeirra strá. En ég vil segja, að það sé sjálfsagt að sporna við því, að þjóð, sem er 30 sinnum fólksfleiri en Íslendingar, fái aðgang að auðlindum landsins. (**StJSt:** Hv. þm. er sjálfstæður í fávizkunni). Það er bezt fyrir hv. þm. að vera ekki að grípa meira fram í, heldur fá orðið og standa upp. Mun ég þá svara honum a. m. k. eftir því, sem hann ræðst á mitt sjálfstæði. (**Forseti:** Ef hv. þm. á mikið eftir, þá væri bezt að fresta umr.). Það stendur mætavel á fyrir mér að hætta, því ég er einmitt nú kominn að kapítulaskiptum í minni ræðu.

Umr. frestað.

Á 39., 40., 41., 42., 43., 44. og 45. fundi í Nd., 17., 19., 20., 21., 22., 23. og 24. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 27. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 213, 315).

**Thor Thors:** Ég hefi ekki kvatt mér hljóðs fyrr við þessa umr., af því að ég hefi álitið, að hv. þm. Borgf. hafi haldið svo kröftuglega á málinu, að ég hefði þar engu við að bæta. En þar sem hann nú hefir skorað á mig að taka til máls, þá geri ég það. Mér hafa líka borizt ákveðnar kvartanir úr kjördæmi því, sem ég er fulltrúi fyrir, vegna yfirgangs af völdum dragnótanna. Kvartanir hafa mér borizt frá hreppsnefnd Eyrarsveitar og frá Landi og Ólafsvík um það, að dragnótin hafi valdið mönnum mikilla búsifja. Ég vil því taka undir hin almennu rök hv. þm. Borgf. og vekja athygli á hinum alvarlegu umkvörtunum frá sjómönnum á Snæfellsnesi.

**Jóhann Jósefsson:** Ég hafði flutt brtt., sem gekk út á það, að Vestmannaeyjar nytu sama réttar og aðrir, sem koma til greina að því er snertir veiðar með dragnót. Þessi brtt. hefir verið talin hættuleg af sumum, og jafnvel verið haft við orð, að ef hún kæmist inn í frv., þá myndu sumir leggjast á móti því, sem annars myndu lofa því að fljóta. Mér og öðrum sjútvn.mönnum er kunnugt um, að hér ræðir um atvinnuspursmál fjölda manna, sérstaklega við Faxaflóa. Þeir hafa sent okkur bréf og reikninga yfir útkomu á bátum sínum. Það er hart aðgöngu að þurfa að setja kjósendur sína á lægra bekk en aðra landsmenn. En mér er kunnugt um, að mörgum hér syðra er heitt innanbrjósts út af því, að málið gangi fram, af því að þeir binda við það atvinnuvonir sínar. Hér er þess vegna vandi á ferðum hvað þetta mál snertir, og vil ég því draga brtt. mína til baka við þessa umr., svo að hún spilli ekki fyrir því, að málið gangi fram.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Úr því að farið er að ræða um málið almennt, þá sé ég enga ástæðu til þess að sitja hjá. Ég hafði að vísu gefið hæstv. forseta loforð um að vekja ekki deilur um málið, en ég vona, að hann skoði það ekki nein brigðmælgi af minni hálfu, þó ég taki nú til máls úr því farið er að ræða málið.

Hv. þm. Vestm. sagði, að það væri hart að þurfa að setja kjósendur sína á lægra bekk en aðra landsmenn. Það var gott að heyra þetta frá honum, því að það, sem felst í frv., er einmitt það, að gera sjómönnum, sem búa í nokkrum hluta landsins, lægra undir höfði en öðrum. Þ. e. a. s., að þeir sjómenn, sem búa á svæðinu frá Ingólfshöfða að Látrabjargi, eru gerðir réttlausir um sum atriði, þar sem aðrir hafa full réttindi. Það er gott að fá viðurkenningu á þessu hjá hv. þm. Vestm. Hann finnur nú auðvitað ekki til þessa ranglætis, nema hvað það snertir hans kjósendur, og sýnir það bara þröngsýni hans. Það er líka gott að fá viðurkenningu á þessu, því að það varpar ljósi yfir þann grundvöll, sem þetta mál hefir hvílt

á, og er þetta ólíkt því, sem á að fara að þegar verið er að semja l. á hv. Alþ. Að segja, að þetta sé atvinnuspursmál, er rangmæli. Ef þeir, sem búa á þessu svæði, álíta þetta atvinnuspursmál fyrir sig, þá á að leyfa það. En ef það skerðir atvinnurekstur þeirra á annan máta, þá á að banna það. En það er eitt, sem á að gera, og það er að halda áfram á þeirri braut, sem hv. þm. Vestm. er kominn inn á með því að taka aftur brtt. sína. Það á að halda þar áfram og fella frv.

ATKVGR.
Brtt. 315 tekin aftur.
Rökst. dagskráin frá þm. Borgf. felld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HannJ, JS, JG, MT, PO, TT, ÞorbÞ, EystJ, JörB.
**nei:** HV, JakM, JJós, JÓl, ÓTh, PZ, PÞ, PHalld, SE, SK, StJSt, BJ, BB, EmJ, FJ, GÍ.
ÁÁ, GG, GSv, GTh greiddu ekki atkv.
Fjórir þm. (JónP, SigfJ, BÁ, GÞ) fjarstaddir.
Frvgr. samþ. með 16:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:4 atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:6 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 213).
Á 55. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 58. og 59. fundi í Ed., 11. og 12. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Ed., 13. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 213, n. 728).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)** [óyfirl.]: Nefndin hefir ekki getað komið fram heilsteypt í þessu máli, því að eins og sést á þskj. 728, hafa tveir nm. skrifað undir nál. með fyrirvara. En ég vænti þess, að hv. þdm. sjái, að nauðsynin bak við framlengingu þessara laga er svo brýn, að frv. verður að ná samþykki.

Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þá breyt., sem gerð var á þinginu 1933, um að aftan við 2. gr. l. um dragnótaveiðar í landhelgi frá 1928, bættist sem hér segir:

„Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert. Á Breiðafirði og Faxaflóa skal slík veiði þó aðeins heimil skipum, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæma, er að þeim liggja, öðrum hvorum eða báðum."

Það, sem farið er fram á með frv., er að framlengja þessi ákvæði, og samkv. frv. er ætlazt til, að framlengingin nái til áramóta 1936. Ég skal viðurkenna, að í hinum ýmsu landshlutum er nokkur deila um það, hvort eigi að leyfa þessar dragnótaveiðar á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir í frv. En þar sem þessi heimild gildir ekki nema fyrir nokkurn hluta landsins, þá get ég ekki skilið, að hinir aðrir landshlutar þurfi að vera á móti því, því að það snertir þá í raun og veru ekkert. En nauðsynin fyrir því, að þetta sé leyft, sýnist okkur a. m. k. hér í Sunnlendingafjórðungi vera mjög fyrir hendi. Það er fengin nokkur reynsla fyrir því, að einmitt yfir þennan tíma, sem dragnótaveiðar eru stundaðar, er allmikill hluti báta, sem engar líkur eru til, að verði starfræktir á annan hátt en að gera þá út á dragnótaveiðar, og því skiptir það miklu máli fyrir stóran hóp sjómanna, hvort þessi heimild verður í gildi eða ekki. Þetta veit ég, að á sérstaklega við allmikinn hluta af hinum smærri bátum hér í Reykjavík og á ýmsum stöðum hér við Faxaflóa, þar sem þeir bátar eru gerðir út á öðrum tíma ársins. Þeir taka þessar veiðar upp að vetrarvertíð lokinni, því að þá er yfirleitt hér við Suðurland ekki afla að vænta á grunnmiðum, og tæplega að farið sé á þessum bátum á djúpmiðin hér fyrir suðurströndinni. Er þá ekki í annað hús að venda fyrir þessa báta en að stunda þessar veiðar. Árangurinn af þessu síðastl. ár hefir orðið allgóður, og er það kannske meðfram því að þakka, að þau skilyrði eru nú fyrir hendi, að sæmilegt verð er á þessum fiski, sem er aðallega koli; að vísu er einnig dálítið af smáfiski, sem á þessum tíma er góð markaðsvara fyrir Reykjavíkurbæ. Á þeim tíma er venjulega tregt um soðfisk annarsstaðar frá, enda þarf langt að sækja hann, og kemur sá fiskur ekki eins nýr á markaðinn eins og fiskurinn, sem veiddur er í dragnætur í Faxaflóa. Það má því segja, að þeir hafi líka nokkurn markað fyrir annan fisk heldur en kola, sem er mestmegnis útflutningsvara og er fluttur út í frosnu ástandi eða í ís, af þeim, sem kaupa þennan fisk af þeim.

Ég hefi hér hjá mér reikninga frá nokkrum bátum, sem hafa stundað þessar veiðar síðastl. ár. Ég skal ekki þylja upp alla reikningana, en vildi aðeins drepa á, að hlutur skipverjanna við þessar veiðar er betri heldur en við margan annan veiðiskap. Og þetta er á þeim tíma árs, sem eru litlar líkur til, að þeir hinir sömu menn gætu skapað sér atvinnu. Það er því hvorttveggja í senn, atvinnuspursmál og um leið skapast útflutningsvara, sem á þessum tíma árs er mjög mikilsvert.

Fyrstu reikningarnir, sem liggja hér fyrir mér, eru yfir bát, sem hefir skilað til fjögurra manna 2887 kr. samtals. Annar bátur, þar sem hásetarnir voru fimm, skilaði til þeirra 3933 kr.

samtals. Veiðitími þessa báts var nokkru styttri en hins bátsins. Svo hefi ég hér reikninga frá þriðja bátnum. Þar er tímabilið frá 20. júní til 30. september. Hefir hlutur hvers manns orðið þar 797 kr. Að lokum eru hér reikningar frá fjórða bátnum, en hann er úr Keflavík. Á þeim bát hefir hlutur hvers manns orðið 1170 kr., en þar er veiðitíminn nokkru lengri, eða frá 1. júní til 4. nóvember.

Ég held, að óþarfi sé að telja upp, hver útkoman hefir orðið á fleiri bátum, því að hún er þessu lík hjá flestum, betri heldur en við nokkurn annan veiðiskap. Það er því allmikið í húfi fyrir mikinn hóp sjómanna, sem stunda veiðar á smærri mótorbátum, ef á að banna að stunda dragnótaveiðar á þessum tíma árs.

Ég skal þá lauslega drepa á þá mótbáru móti þessu, sem komið hefir fram utan þings, og það er m. a., að dragnótaveiðarnar eiga að hafa svo mikla eyðileggingu í för með sér, að þær fæli burt fiskinn o. s. frv. Ég fyrir mitt leyti er á skoðun þeirra manna, sem álíta, að þetta hafi ekki við rök að styðjast. Ég vil aðeins benda á skýrslu, sem lá fyrir þinginu 1929 eða 1930. frá Árna Friðrikssyni fiskifræðingi, þar sem hann færði með tölum skýr rök að því, að af öllum þeim kola, sem veiðist hér við land, eru 9/10 hlutar hans veiddir af útlendum veiðiskipum, mestmegnis enskum togurum, en aðeins 1/10 er veiddur af Íslendingum sjálfum. Fiskifræðingurinn heldur því fram, að ef við veiðum ekki kolann þar, sem við eigum þægilegast með að ná honum og á þeim tíma, sem menn geta ekki notfært sér annað, þá verði hann að mestu leyti útlendingum að bráð, og að kolinn muni, hvort sem hann gengur til þurrðar fyrr eða seinna, gera það alveg jafnt, þó að við bönnum okkar landsmönnum að veiða hann eða ekki innan landhelginnar. Mér finnst, að þessi skýrsla fiskifræðingsins sé svo þung á metunum, að við eigum sjálfir að reyna að notfæra okkur þennan fisk á þeim tíma, sem við eigum þægilegast með að veiða hann. Og hér er um þann fisk að ræða, sem á erlendum markaði er talinn verðmætastur allra fiskiteg., sem við getum flutt út.

Ég hefi ekki orðið var við hér í nágrenninu neina verulega óánægju með þessi lög, nema helzt í einu héraði, Garðinum, og hefi ég þó komizt að raun um, að sú skoðun, jafnvel innan þessa héraðs, er ekki eins almenn eins og menn halda. Það er meira trúaratriði, sem mér skilst, að liggi á bak við hjá einstökum mönnum, heldur en að það sé eins mikil hætta að þessu eins og þeir vilja vera láta. Ég vildi því vænta þess, að hv. deild liti á nauðsyn þessa máls, en ekki á þær mótbárur, sem blásið er upp gegn þessum lögum, af ástæðum, sem ég áðan skýrði frá, að væru ef til vill meira trúarlegs atriðis heldur en að við veruleg rök hefðu að styðjast. Hér er um verulega mikið fjárhagsmál að ræða fyrir þá menn, sem að þessum veiðum standa, og landið í heild, því að þessi verðmæti fiskur yrði ekki nema að mjög litlu leyti veiddur af okkur, ef þessi heimild, sem hér er farið fram á, væri ekki fyrir hendi, því að eins og fiskifræðingurinn benti á, yrði kolinn erlendum fiskimönnum að bráð.

Ég tel svo ekki þörf á að hafa lengri formála fyrir þessu máli, en vænti, að hv. þdm. kynni sér þær ástæður, sem að því liggja, áður en þeir greiða atkv. á móti framgangi þess.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 838).

---

## 63. Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands.

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands** (þmfrv., A. 719).

Á 56. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Frv. þetta, sem er flutt af fjhn., fer fram á það, að framlengd verði gildandi lög um skattgreiðslu Eimskipafélags Íslands og skyldu þá, sem í nokkur ár hefir hvílt á félaginu um að láta af hendi til ríkisins nokkra farseðla. Fjhn. leggur til, að lögin verði framlengd óbreytt, eins og gert hefir verið undanfarin tvö ár.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 719).

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 719, n. 819).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Þetta frv. er flutt af fjhn. Nd., og fjhn. Ed. hefir farið yfir það og mælir einróma með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 849).

---

## 64. Lántaka fyrir ríkissjóð.

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um lántöku fyrir ríkissjóð** (þmfrv., A. 722).

Á 56. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. fjhn. hefir flutt þetta frv. eftir beiðni minni. Það þykir nauðsynlegt, að slík heimild sem þessi sé fyrir hendi, ef tækifæri gæfist til að breyta þeim lánum, sem í frv. greinir, í hagkvæmari föst lán. Ég skal lýsa því yfir, af því að ekki er tilgreint í frv. sjálfu, til hvers eigi að verja þessu láni, að stj. mun ekki verja því á annan veg en þann, sem gert er ráð fyrir í grg. frv. Slík yfirlýsing ætti að nægja, þó að ekki séu sett nein ákvæði um þetta í frv. sjálft, en þetta form getur verið þægilegra gagnvart þeim, sem leitað er lántöku hjá.

**Pétur Halldórsson:** Mér þætti fróðlegt að heyra hjá hæstv. fjmrh., hvaða vaxtakjör eru á þeim lánum, sem hér á að endurgreiða. Ennfremur vildi ég vekja athygli á því, að hér er um að ræða 3 innlend lán, sem ætlazt er til, að verði breytt í erlend lán með þessum hætti, og virðist mér þá, að lánsmöguleikar ríkissjóðs innanlands muni vaxa að sama skapi, en væri sá möguleiki notaður, yrði þetta vitanlega til þess að auka skuldir ríkissjóðs.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er sjálfsagt að verða við þessum tilmælum hv. þm. Um þessi erlendu lán er það að segja, að um þau hefir verið samið frá ári til árs og bankanum gefið í skyn, að þau yrðu fljótlega greidd. Vextir af þessum lánum eru nú 4—4½%, og má búast við, að ríkissjóður hefði einhvern kostnað af því að fá lán til lengri tíma til greiðslu þeirra. Ég tel þó rétt að búa sig undir að breyta þessum lánum. Bankinn vill áreiðanlega, að það sé gert, og honum hefir verið gefið í skyn, að það mundi verða gert. — Um skuldirnar við innlendu bankana er það að segja, að ætlazt var til, að þær yrðu greiddar við fyrsta tækifæri. Það er svo um þetta víxillán í Landsbankanum, að þó að það sé innlent á pappírnum, hefir bankinn vitanlega fest í því hluta af lánstrausti sínu erlendis, og getur verið óþægilegt fyrir bankann, að það standi svo lengi. Annars kom þetta allt til athugunar í fjhn., og fékkst samkomulag um að flytja málið vegna þessarar aðstöðu Landsbankans. Hinsvegar hafði einn nm. aths. að gera, ef ætlunin væri að taka nýtt erlent lán til þess að greiða skuldir, sem raunverulega væru innlendar.

**Pétur Halldórsson:** Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar. En mér fannst nauðsynlegt, að það kæmi fram, að ef ætlunin væri að breyta innlendum lánum í erlend lán, þá væru möguleikar til þess að auka skuldir ríkissjóðs að sama skapi. — Þá vil ég aðeins benda á það, að gert er ráð fyrir nokkru hærra láni en nemur þeim skuldum, sem taldar eru í grg. frv. En ég geri ráð fyrir, að sá mismunur fari að einhverju leyti í kostnað við lántökuna, og hæstv. ráðh. hefir lýst því yfir, að þó að heimildin sé svona, þá verði hún ekki notuð til annara þarfa en að greiða þessi tilgreindu lán.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af orðum hv. þm. vil ég taka það fram, að ég gleymdi að minnast á það áðan, að þó að Landsbankinn fái þetta lán greitt, mundi það ekki auka á lánsmöguleika hans innanlands, því að hann mun hafa þörf fyrir að létta af sér þessu erlenda láni. Um mismuninn á lántökuheimildinni og skuldum þeim, sem gert er ráð fyrir að greiða, er það að segja, að nokkuð mun þurfa í kostnað við lántökuna, og svo er þægilegra að hafa nokkuð sléttar tölur í frv. Vænti ég, að stj. verði trúað til þess að nota ekki þetta fé til annars en þess, sem fram er tekið í grg. frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:1 atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 722).
Á 61. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 722, n. 827).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson:** Það er eiginlega ekkert um þetta frv. að segja annað en það, að n. hefir farið yfir það og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. — Eins og segir í grg. frv., er þetta ætlað til þess að greiða upp nokkrar skuldir, sem á ríkissjóði hvíla. — Grg. skýrir annars alveg frá því, sem þetta mál snýst um, og mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 850).

---

## 65. Ríkisborgararéttur (frv. allshn. Ed.).

Á 40. fundi í Ed., 16. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa** (þmfrv., A. 460).

Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Eins og sést á grg. frv., hefir allshn. flutt það fyrir tilmæli dómsmrh. Í grg. kemur ennfremur greinilega í ljós ástæðan fyrir því, að þetta frv. er fram komið, og þarf ég því ekki miklu við það að bæta.
Nú liggja fyrir þinginu umsóknir frá 16 mönnum, sem sækja um ríkisborgararétt. Ég álít þessar umsóknir nokkuð misjafnar, og sé ég ekki betur en að það geti komizt í óefni með veitingu ríkisborgararéttar, ef ekki eru settar sterkar skorður þessu viðvíkjandi. Þess vegna er tímabært, að lögin um þetta atriði séu fullkomnuð.
Ég vil mælast til þess, að þetta frv. fái að ganga til 2. umr., svo að n. hafi málið til athugunar til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 44. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 460, 546).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Allshn. hefir athugað þetta frv. og borið fram við það nokkrar brtt. á þskj. 546. Eru þær allar, að einni undantekinni, aðeins leiðréttingar. Það hefir viljað til með þetta frv. eins og stundum hefir komið fyrir áður, að þess hefir ekki verið gætt að vitna í rétt lög. Hygg ég, að það stafi af því, að farið hafi verið eftir lögbókinni, en þess ekki gætt að athuga tilvitnanirnar neðanmáls. Þessi mistök eru leiðrétt með brtt n. Aðeins ein þeirra er efnisbreyt., 1. brtt. undir staflið b. N. þótti varhugavert að láta það standa undantekningarlaust í lögunum, að skilyrði fyrir ríkisborgararétti væri 15 ára dvöl í landinu. Það má náttúrlega deila um tímatakmarkið, en ég hygg, að þetta fari nærri lagi og ekki sé ástæða til að veita þessi hlunnindi fyrir skemmri tíma. Að því er snertir skilyrðið í frv. sjálfu um 15 ára landsvist, taldi n. ekki ástæðu til að breyta því. Þetta mun vera svo í flestum nágrannalöndum okkar, og ég hygg, að í flestum tilfellum sé rétt að hafa skilyrðin nokkuð ströng. Það má kann-

ske segja, að þessi undantekning, sem hér er farið fram á, sé ekki fullnægjandi og að til greina gæti komið að veita annari tegund nýrra ríkisborgara linari skilyrði, en þar á ég við Íslendinga, sem misst hafa ríkisborgararétt sinn hér af því að þeir hafa öðlazt slíkan rétt í öðru ríki. N. hefir þó ekki flutt brtt. um þetta að þessu sinni, en það væri rétt að athuga þetta fyrir 3. umr.

**Magnús Guðmundsson:** Ég get mjög vel gengið inn á, að rétt sé að herða á kröfunum um skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, þó að ég geti ekki að öllu leyti tekið undir aths. í grg. frv. um þetta efni. En ég stóð upp af því að mér þykir aldurstakmarkið nokkuð hátt til'þess að gilda jafnt fyrir alla. Það er til bóta að vísu, ef samþ. verður brtt. um styttri tíma fyrir þá menn, sem hér starfa í þjónustu ríkisins. En það er annar flokkur manna, sem ég teldi rétt, að hefði nokkra sérstöðu, en það eru Íslendingar, sem fengið hafa ríkisborgararétt í öðru landi, en flytja síðan alfarnir heim. Það er nokkuð algengt, að Íslendingar, sem dvalið hafa vestan hafs, hverfi heim aftur, og ég álít rétt að vera ekki eins kröfuharður gagnvart þeim eins og óviðkomandi mönnum. Ég vil skjóta því til hv. n., hvort hún vildi ekki athuga fyrir 3. umr., hvort ekki væri hægt að setja svipuð ákvæði gagnvart Íslendingum, sem verið hafa langdvölum erlendis, en flytja alfarnir heim, eins og lagt er til í brtt. að því er snertir erlenda menn í þjónustu ríkisins.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég þarf ekki miklu að svara, því að ég tók það fram áðan, að ástæða gæti verið til að veita þessum mönnum, sem hv. 1. þm. Skagf. talaði um, linari kjör en öðrum, og ég gat þess um leið, að allshn. mundi athuga þetta fyrir 3. umr.

Hv. þm. getur því verið rólegur. N. mun athuga þetta, og mér þykir líklegt, að hún beri fram brtt. í þessa átt. N. hafði opin augu fyrir þessu, en tími hennar var takmarkaður og einn nm. bundinn við önnur störf. En þetta skal sem sagt verða athugað áður en málið kemur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 546,1.a samþ. án atkvgr.
— 546,1.b samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 546,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 546,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 15. júní 1926, um breyt. á l. nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.**

---

Á 47. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 569, 575).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Skv. því, sem fram kom við 2. umr. þessa máls, flytur allshn. brtt. við þetta frv. í þá átt, að rýmka skilyrði fyrir því að öðlast ríkisborgararétt, séu menn fæddir af ísl. foreldrum. Ég þarf ekki að tala fyrir þessari brtt. Ég minntist á það við 2. umr., að n. mundi athuga, hvort ekki væri rétt að rýmka þessi skilyrði; sömuleiðis óskaði hv. 1. þm. Skagf. eftir því. Vona ég, að brtt. fullnægi óskum hv. þdm.

ATKVGR.
Brtt. 575 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 13. fundi í Sþ., 26. nóv., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 584).

Á 47. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 584, n. 755).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

**Frsm. (Thor Thors):** Allshn. hefir haft málið til athugunar og er sammála um að leggja til, að frv. gangi fram, þó með brtt. um, að fyrir 15 ár í frv. komi 10 ár. Það hefir verið svo undanfarið, að þeir, sem hafa sótt um ríkisborgararétt, hafa fengið hann án sérstakra skilyrða. Nú eru ákveðin þau skilyrði, að sá, sem sækir um ríkisborgararétt, skili hegningarvottorði, að hann hafi ekki þegið styrk hér á landi og að hann hafi haft búsetu hér á landi nokkur ár. Þessi skilyrði hafa ekki verið áður, en virðist rétt að taka þau upp, vegna þeirra hlunninda, sem ríkisborgararétturinn veitir. Er algengt erlendis að hafa 15 ára búsetuskilyrði fyrir ríkisborgararétti. En þó að nauðsynlegt sé, að maðurinn hafi átt hér nokkra dvöl og fest rætur þykir ekki ástæða til að hafa ákvæðið eins strangt og víða annarsstaðar, vegna þess, hve hér er fámennt og strjálbyggt, en atvinnumöguleikar miklir. Það er annað viðhorf hjá þjóðum, sem stynja undir atvinnuleysi og þéttbýli. Vildi ég mælast til, að hv. þdm. fallist á brtt. n., en í heild er frv. til bóta.

ATKVGR.
Brtt. 755 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 781, 785).

**Emil Jónsson:** Á þskj. 785 hefi ég borið fram brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, og ætla

ég að leyfa mér að fara nokkrum orðum um hana.

Í frv. er þess getið, að skilyrði fyrir því, að menn öðlist ríkisborgararétt hér á landi, sé að hlutaðeigendur hafi „aldrei notið fátækrastyrks um þann tíma“, sem þeir þurfa að hafa verið búsettir hér á landi til þess að geta fengið ríkisborgararétt, en það eru 10 ár. Ég vildi leyfa mér að gera að till. minni, að í stað þessa orðalags kæmi: „standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk“. Mér þykir nokkuð hart að gengið, að það sé beinlínis gert að skilyrði, að hlutaðeigandi maður hafi aldrei þurft á styrk að halda, því að það getur vel verið ýmissa orsaka vegna, að hann hafi þurft þess, og alls ekki að honum sjálfráðum. Ef hann hefir greitt styrkinn að fullu eða hlutaðeigandi sveitarstjórn hefir gefið honum skuldina eftir, álít ég, að hann verðskuldi ekki, af þeim orsökum, að hafa einu sinni þurft á styrk að halda, að verða án þessa réttar. — Ég tel ekki þörf á að fara frekari orðum um þetta, það er svo augljóst mál.

Ég veit um góða og gegna menn, sem mundu geta komið til greina á þennan hátt, og þess vegna er till. framkomin. Vænti ég svo, að hv. dm. taki henni vel og sjái sér fært að samþ. hana.

ATKVGR.

Brtt. 785 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 822).

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er aftur komið hingað frá Nd. og hefir tekið lítilsháttar breyt., sem er í því fólgin, að búsetuskilyrðið til þess að geta orðið íslenzkur ríkisborgari hefir verið fært úr 15 árum niður í 10 ár. Allshn. þessarar d. getur fallizt á þessa breyt. og leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 851).

## 66. Vátryggingar opinna vélbáta.

Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um vátryggingar opinna vélbáta** (þmfrv., A. 282).

Á 28. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 282).

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 282, n. 558).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið frá Nd. og var flutt þar af sjútvn. þeirrar hv. d. En mþn. sú, sem skipuð var til þess að athuga ástæður sjávarútvegsins, hefir samið frv. og gert aths. þær, sem frv. fylgja.

Frv. þetta er þess efnis, eins og hv. dm. mun kunnugt, að það mælir fyrir um vátryggingu opinna vélbáta. Er í því tekin upp ný stefna í tryggingarmálum, sem sé sú, að ákveða skyldutryggingar. Það er öllum ljóst, sem nokkuð til þekkja, að vátryggingar á smærri fiskiskipum og fiskibátum er í megnasta ólagi. Opnir vélbátar og smærri vélbátar hafa yfirleitt alls ekki verið vátryggðir. En þeir bátar, sem hafa verið það stórir, að hægt hefir verið að nota þá sem veð, hafa verið vátryggðir, a. m. k. eitthvað af þeim. Að það hefir verið undir hælinn lagt, hvort bátarnir hafa verið vátryggðir eða ekki, sést bezt á því, að í haust hafa blöðin og útvarpið flutt fregnir af tveimur bátstöpum fyrir Norðurlandi, og í bæði sinnin hefir það fylgt fregninni, að bátarnir hafi verið óvátryggðir.

Það er hægt að segja, að það sé í rauninni eðlilegt, að smábátar hafi ekki verið vátryggðir hér á landi. Íslendingar hafa frá alda öðli stundað fiskiveiðar á opnum bátum, og menn hafa verið gamla laginu svo vanir, að hafa bátana óvátryggða, að þeir hafa ekki breytt um. Þó að bátarnir séu nokkuð dýrari nú en þeir voru áður, vegna vélanna, þá virðist það vera alvanalegt, að þeir séu ekki tryggðir. Hitt er hverjum manni ljóst, að það er alltaf mjög mikil hætta í því fólgin að hafa þennan flota óvátryggðan. Mþn.

í sjávarútvegsmálum telur, að til séu 400 opnir vélbátar á öllu landinu. Ég hefði hugsað, að þeir væru fleiri, og mér er a. m. k. kunnugt um, að það er til mikill fjöldi af yfirþiljuðum bátum á svipaðri stærð og opnu bátarnir, svo að ef þeir eru taldir með, þá er þessi floti miklu stærri.

Það mun vera öllum ljóst, að hér er um talsvert mikið alvörumál að ræða, og ég tel vel farið, að þetta frv. hefir komið fram, þó að ég hinsvegar telji þá tryggingu, sem hér er verið að stofna til, aðeins lítið brot af því, sem gera þarf á þessu sviði. En mér er það mikið gleðiefni, að með þessu frv. er gengið inn á þá braut, sem ég hefi þótzt sjá fyrir löngu síðan, að væri sú eina leið, sem árangurs mætti vænta af. En það er sú leið, að lögbjóða þessar tryggingar. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að ég hefi nú fyrir skömmu átt tal við hr. Jón Gunnarsson, forstjóra Samábyrgðarinnar, og hann hefir sagt mér það, að hann af sinni löngu reynslu væri orðinn sannfærður um það, að tryggingar á fiskiflota okkar kæmust aldrei í sæmilegt horf, fyrr en þær yrðu lögboðnar.

Þó að ég hafi nú látið í ljós ánægju mína yfir þessu frv., þá hefir sjútvn. Ed. komizt að raun um það, að ástæða sé til þess að breyta frv. að nokkru. Í fyrsta lagi leggur n. til, að 2. gr. frv. falli burt. Í þeirri grein eru tryggingarskilyrði og vátryggingargjald ákveðin, en n. lítur svo á, að slík skilyrði og ákvæði eigi að vera og verði að vera ákveðin með reglugerð, og sérstaklega af þeirri ástæðu, að menn eru hér að þreifa sig áfram um það, hvernig skuli haga iðgjöldunum. Það er alveg sjálfsagður hlutur að hafa um þetta reglugerð, en ekki að fastbinda það með l., enda munu slík ákvæði sem þessi vera sett með reglugerð í öllum vátryggingarfélögum. Ég skal taka það fram, að þetta atriði var sérstaklega borið undir Jón Gunnarsson, forstjóra Samábyrgðarinnar, og að hans áliti á þessi grein tvímælalaust að falla niður.

*Önnur aðalbreyt., sem n. hefir lagt til,* að gerð yrði, er sú, að upp í frv. eru teknir ekki einungis opnir bátar, heldur líka yfirþiljaðir bátar, allt að 6 tonna stærð. Ástæðan til þess, að n. hallaðist að þessu, er sú, að hún lítur svo á, að þegar skipa á þessum málum, þá verði að skipa þeim eftir flokkum. Og n. lítur svo á, að þennan lægsta flokk sé hæfilegt að miða við 6 smálestir. Þetta atriði hefir einnig verið borið undir forstjóra Samábyrgðarinnar, og hann áleit, að takmörkin mættu ekki vera neðar en að miða við 6 smálestir. Ef frv. er látið ganga fram eins og það nú er, þá ná ákvæði þess aðeins til opinna vélbáta, en það er vitað, að mikill fjöldi er til af yfirþiljuðum bátum af svipaðri stærð, og er eigendum þeirra ekki gert að skyldu að tryggja þá í þessum samábyrgðarfélögum. En það er eitt hið mesta mein tryggingarfélaganna, að ekki er hægt að fá alla hlutaðeigendur til þess að ganga í sama félagið, og á því hefir strandað víðast hvar úti um landið. Það hafa einstaka menn, og þá einkum þeir, sem hafa haft mikið um sig og verið vel efnum búnir, talið sér ávinning í því að tryggja ekki báta sína. Þess vegna er það augljóst af þeirri reynslu, sem fengin er, að það eina, sem dugir í þessum efnum, er að lögbjóða tryggingarnar. Að þessu athuguðu virðist það vera næsta fráleitt að setja lög um nokkurn hluta af þessum smærri bátum, en sleppa öðrum. Af þessum ástæðum verð ég að telja, að þessar brtt. sjútvn. séu ekki aðeins til mikilla bóta, heldur líka séu þess eðlis, að frv. nái ekki fyllilega tilgangi sínum, ef þessi breyt. verður ekki samþ. Til þess að rökstyðja mál mitt frekar en orðið er, get ég t. d. bent á það, að í einu héraði, þar sem ég þekki til, munu vera um 40 svonefndir trillubátar. Þeir eru allt að því 4 til 5 smálestir að stærð. Meira en helmingurinn af þessum bátum eru yfirþiljaðir. Eftir frv., eins og það nú liggur fyrir, eru eigendur þessara báta ekki skyldaðir til þess að vera í ábyrgðarfélagi, en það mundi valda því, að erfiðleikarnir við að koma slíkum félagsskap á stað, eins og hér um ræðir, yrðu meiri, hversu mikil þörf, sem er annars fyrir hann.

Aðrar breyt. hefir n. ekki lagt til, að gerðar verði á frv., nema hún leggur til, að fyrirsögnin verði orðuð á annan veg, bæði vegna þeirrar breyt., sem hún leggur til að gerðar séu, og með því að hún telur, að fyrirsögnin sé betur orðuð, ef henni er breytt á þennan veg.

Ég vænti þess svo að endingu, að hv. d. taki breyt. vel og samþ. þær, og svo að lokum frv. sjálft.

ATKVGR.

Brtt. 558,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 558,2 (2. gr. *falli burt*) *samþ. með 9 shlj.* atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 558,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

4. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 558,4 (*ný* 5. gr., verður 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 558,5 (*ný fyrirsögn*) *borin undir atkv.*, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

*já:* BSt, GL, HermJ, IngP, SÁÓ, EÁrna.

*nei:* ÞÞ, PM.

MG greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (HG, JAJ, JBald, JJ, MJ, PHerm, ÞBr) fjarstaddir.

Þar sem eigi tók meiri hl. dm. þátt í atkvgr., lýsti forseti brtt. fallna.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 589, 592).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég varð fyrir því óhappi við 2. umr. að flytja hér brtt., sem hneykslaði svo málfræðiskennd menntamanna þessarar hv. d., að þeir sáu sér ekki annað fært en að fella hana. Ég ætla ekki að ræða um það frekar, en ég hefi verið að hugsa um það stundum síðan, að oft er þetta orðalag notað í almennu máli, og hygg, að ef orðteknar væru daglegar ræður þeirra heldri manna, sem ekki sáu sér annað fært en fella brtt. mína, þá mætti finna þar hliðstæða meðferð á máli. En hvað

um það, af þessu leiðir, að fyrirsögn frv. verður að breyta, hún getur ekki staðizt eins og hún er. Og til þess að fara varlega legg ég aðeins til, að aftan við fyrirsögnina verði bætt „og fleira". Má e. t. v. eitthvað að þeirri till. finna, en ég hygg nú samt, að hún geti staðizt.

Ég flyt aðra smábrtt. við 4. gr., og er hún frá mínu sjónarmiði þýðingarmeiri, því mér er ljóst, að reglugerðin, sem þar um ræðir, þarf staðfestingu stjórnarráðsins, en í gr. er svo komizt að orði, að stjórnarráðið skuli samþ. hana. Því fer brtt. fram á, að fyrir orðið „samþykki" komi „staðfesting". Ég vona, að allir hv. þdm. geti áttað sig á því, að þó þetta sé í raun og veru aðeins orðabreyt., þá hefir hún mikla raunverulega þýðingu.

ATKVGR.
Brtt. 592,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 592,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 47. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 597).

Á 49. og 50. fundi í Nd., 30. nóv. og 4. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 6. des., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 597, 652).

**Jóhann Jósefsson:** Þessu máli hefir algerlega verið umturnað í Ed., og þarf sjútvn. því að fá tóm til að athuga það. Hefir mér verið falið að gagnrýna breyt. þær, sem á því hafa verið gerðar, og reyna að kippa því í lag. En ég hefi ekki haft tíma til þess að koma því í verk. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. enn tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 11. des., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 597, 652, 692).

**Jóhann Jósefsson:** Það er í stuttu máli sagt, að hv. Ed. færði þetta frv. mjög úr horfi, en sjútvn. hefir fært það aftur í sama horf og var að mestu leyti, en hefir þó tekið upp í frv. till. frá hv. þm. V.-Ísf., sem gerir frv. að vísu rýmra, eða ekki eins harða kröfu um skylduvátryggingu og var í frv.

**Pétur Ottesen:** Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að hv. sjútvn. hefir tekið upp till. hv. þm. V.-Ísf., því þá kemur berlega fram, að ekki er um skyldutryggingu að ræða, heldur fer það eftir fullu samkomulagi á útgerðarstöðunum, hvort komið skuli á tryggingu eða ekki. Ég vildi undirstrika þetta, og tel réttara að afgr. frv. í þessu horfi heldur en það var í upphafi.

**Finnur Jónsson:** Ég hélt, að hér hefði mál verið tekið út af dagskrá ekki til að ræða önnur mál, heldur til þess að slíta þingfundi, og vildi ég eindregið mælast til, að það yrði gert strax.

**Forseti (JörB):** Mér þykir undarlegt, ef menn mæla gegn því, að reynt er að koma málum áfram, sem eru ágreiningslítil. Verð ég að segja, að það fer ekki að verða vandalaust að hafa á hendi fundarstjórn í þessari hv. deild, ef líka á að finna að þessu.

**Jóhann Jósefsson:** Það er rétt skilið hjá hv. þm. Borgf., að ekki er eins skýlaust ákvæði um skyldutryggingu og var. Ég tel það rétt, úr því ekki er hægt eins og nú standa sakir að fá trillubáta tryggða með viðunandi kjörum, og er því rétt að reyna að koma því í kring án þess að það sé fyrirskipað. En ef það reynist ókleift að koma tryggingunum á án þess að það sé beint fyrirskipað, er alltaf hægt að herða á ákvæðunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið einni umr. um frv.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Þar sem hv. sjútvn. hefir tekið upp í sínar till. varatill. mína, tek ég brtt. mínar á þskj. 652 aftur.

ATKVGR.
Brtt. 652 teknar aftur.
— 692,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 692,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 692,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 692,4 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 60. fundi í Ed., 13. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 777).

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er orðið að deilumáli milli þd. Það var upphaflega borið fram í Nd., en þegar það kom hingað til Ed., fékk sjútvn. það til meðferðar og gerði á því nokkrar breyt., aðallega þær, að hún bætti inn í frv. yfirþiljuðum vélbátum af svipaðri stærð og opnum vélbátum. Önnur breyt., sem n. gerði á frv., var sú, að fella úr því 2. gr. — Nú hefir Nd. ekki getað fallizt á þessar breyt. Ed. og tekið þær út með öllu, að undantekinni einni lítilsháttar lagfæringu á 5. gr. Sjútvn. er það ljóst, að miklir ágallar eru á frv., og þá sérstaklega, að það skuli aðeins ná til opinna vélbáta, en yfirþiljaðir vélbátar komast ekki undir lögin. Og það er jafnvel spursmál um, hvort þeir geta komizt að í það ábyrgðarfélag, sem ráðgert er að stofna eftir þessu frv. Þegar opnir vélbátar upp í 8 smálestir að stærð eru teknir í tryggínguna, þá virðist það dálítið einkennilegt, að ekki skuli mega gilda hið sama um yfirþiljaða vélbáta. Ég tel nauðsynlegt, að stofna verði samtrygging vélbáta, eða ábyrgðarfélag, sem allir þessir vélbátar heyri undir og séu tryggðir í. Þessir vélbátar munu flestir vera ótryggðir, bæði opnir og þiljaðir. Það hefir verið gerð tilraun til að tryggja þá, en mér er sagt,

að hún hafi ekki gefizt vel og að það hafi orðið að færa vátryggingargjaldið upp í 10% af verði bátanna. Nú munu vera yfir 400 vélbátar af þessari stærð í landinu, og af þeim eru allmargir ótryggðir.

Þó að sjútvn. sé mjög óánægð með frv. í því formi, sem það nú er, þá sér hún sér ekki fært að breyta því aftur, af því hún telur hættu á, að það nái þá ekki fram að ganga á þessu þingi, og af tvennu illu vill hún þó heldur, að það nái lögfestingu, þó það sé mjög gallað.

Ég vil líka geta þess, að sjútvn. er fullviss um, að ákvæði 2. gr. frv. um tryggingargjaldið o. fl. er ákaflega vafasamt að hafa bundið í lögum. Eins og ég benti áður á hér í þd., þegar þetta frv. var hér til meðferðar, þá eru þessi ákvæði sjálfsögð reglugerðarákvæði. Það er mjög varasamt og óhyggilegt að hafa þetta í lögunum. Því ef tryggingargjaldið er ákveðið of lágt, þá leiðir auðvitað til þess, að tryggingarfélagið getur ekki staðið undir skuldbindingum sínum. Því að það er hvergi gert ráð fyrir því í lögum, að hlaupið verði undir bagga með þessum félagsskap, ef hann ber upp á sker. En sem sagt, Nd. virðist ekki hafa séð annað fært en að hafa þessi ákvæði í lögunum; og sjútvn. þessarar d. verður að neyðast til að fallast á það.

Snemma á þessu þingi flutti ég í Sþ. þáltill. um að skora á stj. að láta endurskoða lögin um samábyrgðina o. fl. Sú þáltill. hefir ekki enn verið tekin fyrir til umr. í þinginu; en ég vil þrátt fyrir það beina því til hæstv. ríkisstj., þó að till. verði ekki rædd eða samþ., þá láti hún rannsaka þetta samt sem áður og gera till. um það og leggja fyrir næsta þing árangurinn af þeirri rannsókn. Ekki sízt vegna þess, að sjútvn. þessarar d. er það ljóst, að þetta frv. er meingallað. Ég vil mælast til þess, að stj. láti rannsaka þetta, hvort sem þáltill. verður samþ. eða ekki. Ég vildi láta þessa aths. fylgja áður en þetta frv. er afgr. frá þinginu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 852).

---

## 67. Kreppulánasjóður (frv. PM o. fl.).

Á 8. fundi í Ed., 11. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð** (þmfrv., A. 59).

Á 13. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Pétur Magnússon):** Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá að þessu sinni. Ég býst við að geta verið tilbúinn með framsöguna á morgun.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Ed., 18. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Pétur Magnússon)** [óyfirl.]: Þegar lögin um Kreppulánasjóð voru samin á þinginu 1933, voru það vafalaust margir meðal þingmanna, sem sáu, að á þeim var einn verulegur ágalli. En þó að þeir sæu þennan ágalla á l., þá treystu þeir sér ekki til á því stigi málsins að koma á leiðréttingu á honum, en töldu réttara að bíða í þessu efni, þar til nokkur reynsla væri fengin um framkvæmd laganna. Þessi ágalli er í 15. gr. l., þar sem ákveðið er, að skuldaskilasamningur haggar eigi heimild ránardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á skuldunaut.

Eins og allir sjá, heimilar þessi grein skuldareigendum, hvort sem þeir eru einstakir menn eða lánstofnanir, að gera gildandi kröfur á hendur ábyrgðarmönnum, þó þær séu felldar úr gildi á aðalskuldara.

Það kom til orða við afgreiðslu l. að fella niður allar slíkar kröfur með lagaboði, en meiri hl. þm. taldi ekki þessa leið færa. Í fyrsta lagi gat það verið ranglátt af þeim ástæðum, að sá, sem ábyrgðin hvíldi á, gat verið færari um að greiða kröfuna heldur en skuldareigandi að missa hana, og í öðru lagi var það viðsjárverð braut, sem lagt var út á með því að ógilda gerða samninga með lagaboði. Hefði slíkt getað valdið tortryggni manna á meðal og óvissu í þessum efnum í framtíðinni, sem óvíst er um, hverjar afleiðingar hefði haft.

Það er misskilningur, að á þinginu 1933 hafi nokkur tilraun verið gerð til þess að laga þennan ágalla. Till. 1. þm. Skagf. á því þingi var í aðra átt. Hún var um það, að verja 1 millj. kr. til þess að rétta hlut þeirra stofnana, sem yrðu að gefa eftir af skuldum, en ekki til þess að létta af ábyrgðum.

Eftir að starfsemi Kreppulánasjóðs hófst kom það í ljós, að ekki óverulegur hluti af skuldunum var tryggður með sjálfskuldarábyrgðum. Þó er það svo, að þær kröfur, sem eftir eru gefnar og tryggðar eru með sjálfskuldarábyrgðum, nema ekki nema rösklega ¼ af öllum kröfum, sem gefnar hafa verið eftir. Þetta er vitanlega mjög mismunandi í hinum einstöku héruðum. Í Árnessýslu er langmest af slíkum kröfum. Aftur er hverfandi lítið af þeim í sumum sýslum, eins og t. d. í Austur-Skaftafellssýslu. Eins og getið er um í grg. þessa frv., er nú búið að veita í Kreppulánasjóði á 17. hundrað lán — eru þau í dag 1654 að tölu. Þær kröfur, sem niður hafa verið felldar af þessum lánum, nema 3½ millj. kr., en af þeim eru 929629 kr. ábyrgðarkröfur. Þar af eru 670809 kr. tryggðar með sjálfskuldarábyrgðum, en 258820 kr. með ábyrgðum hreppsfélaga. Þó lesið sé hér í krónum, má tæplega ganga út frá því, að þessi útreikningur sé nákvæmlega réttur. Þetta hefir verið tekið upp nú á fáum dögum, og geta verið í því einhverjar villur, en þó ekki sem máli skipta.

Nú er gert ráð fyrir því eftir þeim umsóknum, sem fyrir liggja, að veitt verði úr sjóðnum um 2500 lán, og lætur þá nærri, að búið sé að veita um ⅔ allra lána. Náttúrlega geta bætzt við fleiri umsóknir, en það verður ekki svo verulegu muni. Ef ganga mætti út frá sömu hlutföll-

um um ábyrgðarkröfur í þeim lánum, sem eftir er að afgr., og í þeim, sem afgr. eru, þá mundu þær ábyrgðarkröfur, sem falla á þriðja aðila, nema samtals röskl*ega* 1,4 millj. kr. Það mætti nú kannske spyrja, hverrar stéttar menn það eru, sem kröfur þessar falla á. Því er fljótsvarað. Yfirgnæfandi meiri hl. þessara ábyrgðarmanna er í bændastéttinni; það eru menn, sem eiga aðgang að Kreppulánasjóði. Aðeins dálítil upphæð af þessum kröfum er á kaupstaðarbúa, en það er hverfandi lítið. Þá liggur næst að spyrja, hvaða möguleika þessir menn hafi til að greiða þessar kröfur. Þar til er því að svara, að ég hygg, að þessir menn séu allt frá því að eiga naumlega fyrir skuldum og upp í það að *teljast sæmilega* eða vel stæðir. En jafnvel þó einstöku menn séu vel stæðir, þá er það öldungis víst, að yfirleitt eru þessir ábyrgðarmenn ekki færir um að taka á sig kröfur fyrir aðra, því það er einnig svo um langsamlega *flesta þessa menn*, að *á þeim hvílir ekki* einungis ein krafa, heldur margar. Það má segja, að í Árnessýslu sé ábyrgðarflækjan mest. Þar hafa einstakir menn heilan hóp af kröfum, þetta 20—30 og upp í 50 kröfur á einn mann, upphæðir, sem nema tugum þúsunda. Nú eru í Árnessýslu ekki greidd nema 33% af kröfum á lántakendur í Kreppulánasjóði, og má af því sjá, hve gífurlegur hluti það er, sem heimtaður er af ábyrgðarmönnunum, ef þá nokkur leið er til þess að heimta þessar kröfur. Afleiðingin af innheimtu þessara krafna mundi annarsvegar verða sú, að fjöldi þessara manna neyddist til að sækja um kreppuhjálp. En þó útlit sé fyrir dálítinn afgang nú af lánsfé Kreppulánasjóðs, mundi vafalaust vanta fé til þess að lána öllum þeim, sem vegna ábyrgðanna yrðu að sækja um kreppulán.

Það stríðir auðvitað algerlega á móti kreppulögunum að draga menn þannig niður vegna skuldbindinga fyrir aðra. Tilgangur laganna er sá, að hjálpa mönnum til að standa á eigin fótum. Önnur afleiðing af þessu ástandi yrði sú, að lántakendur úr Kreppulánasjóði, sem eftirgjafir hafa fengið, mundu streitast við af fremsta megni að greiða upp í þessar kröfur, fram yfir það, sem þeim væri mögulegt. Afleiðingin yrði sú, að þessir menn, sem átti að vera búið að bjarga, sykkju aftur niður í nýtt skuldafen. Það er því mikil tvísýna á því, hvort þessir menn eru þá betur settir en áður en þeir fengu kreppulán.

Frv. á þskj. 59 er flutt af sex þm. Ed. og er fram komið í því skyni að bæta úr þessum ágalla á kreppulöggjöfinni. Það haggar ekki þeim grundvelli, sem byggt var á, að gerðir samningar skuli gilda, heldur er hin leiðin farin, að semja við þá aðila, sem eiga kröfurnar, um að greiða einhvern hluta þeirra gegn því að þær falli niður. Ég játa, að það er erfitt að segja fyrirfram, hvernig þeir samningar muni ganga, en ég hygg, að hinar opinberu lánstofnanir verði mjög fúsar til samninga. Það er augljóst, að það er ekkert skemmtilegt fyrir lánstofnanir að elta hundruð manna með málshöfðunum og aðförum, og ég ætla, að það geti líka verið mjög vafasamt, hvort slík innheimta svarar kostnaði. Að þessu athuguðu álít ég, að lánstofnanir gætu staðið við að gefa eftir meiri hlutann af kröfunum, og að sú greiðsla, sem *stofnanirnar fengju* upp í kröfurnar, yrði meira til málamynda. Ég veit ekki heldur, hvort eðlilegt er, að þessi töp komi frekar annarsstaðar niður en á lánsstofnanirnar. Ég veit ekki, hvort þjóðfélagið bíður minni halla við það, að þau komi annarsstaðar. Hér verður að vísu um töluverða afskrift að ræða, en ekki þó svo, að hún hafi áhrif á framhaldsrekstur stofnananna. Ég hygg, að erfiðast verði að komast að samningum við sparisjóði. Þeir mega verst við því að gefa eftir af sínum kröfum, af því þeir eiga svo lítla varasjóði, en yfirleitt er það svo, að þeir eiga ekki miklar ábyrgðarkröfur; þess vegna ættu einnig að nást samningar við þá.

Það mætti nú kannske spyrja, fyrir hverja á hér að semja. Fyrst og fremst fyrir þá, sem aðgang eiga að Kreppulánasjóði eða tekið hafa lán úr sjóðnum. Hinsvegar er ljóst, að það má ekki í þessu efni ganga á hlut þeirra, sem ekki stunda landbúnað. Sumstaðar eru í sömu ábyrgð bændur og kaupstaðabúar, og yrði þá auðvitað að semja við hvorutveggju á sama grundvelli. Æskilegast væri að semja um allar ábyrgðir í einu lagi. Ég er ekki undir það búinn að gera grein fyrir því, hvernig samningarnir ættu að vera í einstökum atriðum, en ég hygg, að byrjað yrði á því að semja skrá yfir allar ábyrgðir, þar næst yrði athugað, hvers virði ábyrgðarkröfurnar væru, þar næst yrði svo gengið til samninga. Það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að þetta frv. nái jafnt til þeirra ábyrgðarkrafna, sem þegar eru fram komnar, og hinna, sem síðar koma til. Það má vera, að einhverjum þyki varhugavert að fela stjórn Kreppulánasjóðs þetta vald, vald sem vitanlega er hægt að misbrúka, og hefði ég ekkert við það að athuga, þó ríkisstj. yrði falið að úrskurða um meðferð þessa fjár. En ég álít praktiskast að fela stjórn Kreppulánasjóðs að standa fyrir *þessum samningum*, því hún hefir til þess betri aðstöðu heldur en nokkur annar. Hún hefir kynnzt þessum verkefnum meira en aðrir, og ætti þess vegna að hafa þá þekkingu og þau gögn fyrir því, hvers virði hinar einstöku kröfur eru, að því *mætti* treysta, að hún færi ekki vill vegar í þeim efnum.

Fyrir mér er þó aðferðin alveg aukaatriði. Það má vel vera, að hv. þm. sjái betri ráð til úrlausnar málinu heldur en stungið er upp á í frv., og er þá ekki nema gott og sjálfsagt að taka því. En hitt er ég sannfærður um, að þetta þing má ekki láta hjá líða að koma einhverri skipun á þetta mál. Það má alls ekki láta það dankast.

Óska ég svo, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

**Bernharð Stefánsson:** Ég gerðist meðflm. þessa frv. sökum þess, að mér var ljóst, að það þyrfti nauðsynlega að gera einhverjar ráðstafanir í þessu máli, og ennfremur sökum þess, að ég gat fallizt á meginstefnu frv. En á hinn bóginn var það svo, að ég tók ekki þátt í samningu frv., þótt ég gerðist meðflm. að því fullbúnu.

Að því leyti hefi ég sömu aðstöðu og hver annar af hv. þdm.

Ég vil þá láta það í ljós þegar, og það lét ég einnig í ljós við hv. aðalflm. frv., þegar hann sýndi mér frv. upphaflega, að það fé, sem ráðgert er að verja í þessu skyni, er að mínu áliti allt of lítið til þess að það komi að verulega gagni. Eftir þeim upplýsingum, sem hv. aðalflm. gaf í ræðu sinni, er gert ráð fyrir, að það verði um 1400000 kr., sem falla á ábyrgðarmennina, og er þá hér farið fram á, að ¼ af þessu fé verði greiddur úr Kreppulánasjóði. Ég býst við, að það skipti lánstofnanirnar í raun og veru fremur litlu, hvort þær fá þennan ¼ hluta eða ekki.

En aðaltilgangurinn fyrir mér með því að kveðja mér hljóðs var sá, þó undarlegt megi virðast, að bera upp lítilsháttar fyrirspurn til hv. aðalflm. Mér skilst á 1. gr. frv., að skilyrði þess, að þetta fé verði greitt, sé það, að lánstofnanirnar semji um að láta ábyrgðarkröfurnar falla niður með öllu í hverju tilfelli. Nú vil ég spyrjast fyrir um það, hvort þetta sé réttur skilningur hjá mér. Ég lít svo á, að í mörgum tilfellum geti komið til mála að semja um miðlun milli ábyrgðarmanna og lánstofnananna, þannig að nokkur hluti ábyrgðarinnar sé látinn falla niður gegn þessari greiðslu úr Kreppulánasjóði, þó ábyrgðin væri að einhverju leyti gerð gildandi gagnvart ábyrgðarmönnunum. Það kemur náttúrlega oft ósanngjarnlega niður að innheimta ábyrgðarkröfur, en þó eru til mörg þannig tilfelli, að það er alls ekkert ósanngjarnt. Það kemur fyrir, að það eru einmitt ábyrgðarmennirnir, sem útvega lánið, og að það er tekið að einhverju leyti í þeirra þágu. Slík dæmi þekki ég æðimörg. Ef það er réttur skilningur hjá mér, sem ég hygg vera, að það sé meining frv., að öll ábyrgðarkrafan falli niður, ef styrkur er veittur á annað borð, þá vildi ég nú þegar skjóta því til hv. n., hvort henni sýnist ekki athugandi að breyta frv. þannig, að semja mætti um niðurfærslu ábyrgðar án þess hún félli niður með öllu. Við skulum segja, að einhver hluti ábyrgðarkröfunnar væri greiddur með þessum styrk, sumt af henni félli niður með öllu og sumt greiddi ábyrgðarmaðurinn. Ég hugsa, að í ýmsum tilfellum gæti það orðið sanngjörn leið. Ef til vill er þetta heimilt eins og frv. er, og ef ég get sannfærzt um, að svo sé, er þessi aths. mín vitanlega óþörf.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Það er sjálfsagt rétt hjá hv. 2. þm. Rang., sem er kunnugur framkvæmdum Kreppulánasjóðs, að það þorfi til stórra vandræða þessi ábyrgðarmannaflækja, sem allir kannast við, en nú kemur sérstaklega fram, þegar gera á upp skuldirnar. Er líklegt, að hér þurfi nauðsynlega einhverra lagfæringa við, og er þá eðlilegast að gera það með beinum fjárframlögum. Ég skil frv. svo, að ætlazt sé til, að það verði frjálsir samningar um þetta milli Kreppulánasjóðs og þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, að ekki eigi að þvinga neina til að fella niður ábyrgðirnar.

En í þessu sambandi vil ég geta um það, að ábyrgðarflækja er víðar en hjá bændum. Hjá sjávarútveginum er samskonar ástand, og að ég ætla ekki betra nú orðið. Mér þykir sennilegt, að fram komi frá sjávarútvegsmönnum kröfur um svipaða aðalhjálp eins og bændum var veitt með Kreppulánasjóði og síðan um þessa viðbótarhjálp líka. En getur ríkissjóður annað þessu öllu? Getur hann, ef hann veitir landbúnaðinum fullkomna hjálp, veitt öllum hinum atvinnuvegunum svipaða hjálp, þegar þeir eru í nauðum staddir, eins og sjávarútvegurinn er nú? Það er að vísu rétt, ef fara á út í málið almennt, að lánstofnanirnar, og þá um leið ríkissjóður, hafa orðið fyrir stórtöpum vegna sjávarútvegsins, en sama og ekkert hefir komið til afskrifta hjá bændum fram til þessa. En nú hefir líka ríkissjóður orðið að taka á sig stórkostlegar skuldbindingar vegna bænda, sem óvíst er nema hann þurfi að standa undir á sínum tíma.

Ég vil þá líka benda á, að þetta kemur allþungt niður á lánstofnununum. Í fyrsta lagi verða þær að gefa lántakendum Kreppulánasjóðs meira og minna eftir af skuldunum, til þess að þeir geti fengið kreppulánin. Í öðru lagi verða þær að taka við vaxtalágum bréfum upp í óveðtryggðar skuldir, sem eru með miklu hærri vöxtum. Og í þriðja lagi gerir útgáfa þessara bréfa það að verkum, að þau verða að einhverju leyti í umferð manna á milli og eru lánstofnanirnar skyldar til að taka þau upp í skuldir annara manna heldur en þeirra, sem taka kreppulán, ef þær eru nógu gamlar og óveðtryggðar.

Það er þannig nú þegar búið að leggja þungar byrðar á lánstofnanirnar og ríkissjóð, þó ekki sé enn um að ræða nema alveg sérstakan stuðning til annars af höfuðatvinnuvegum landsmanna. Ef fara á lengra inn á þessa braut, verður Alþingi að athuga, hvaða möguleikar eru á því að hjálpa öðrum aðþrengdum atvinnuvegum á sama hátt og landbúnaðinum. Ef til vill er það naumast rétt að ganga lengra heldur en þegar hefir verið gert í því að hjálpa landbúnaðinum, þó talsvert öngþveiti sé þar um að ræða, áður en eitthvað hefir verið létt undir með öðrum jafnaðþrengdum atvinnuvegum í landinu. Ég geri ráð fyrir, að mþn., sem rannsaka átti hag sjávarútvegsins, skili áliti sínu þá og þegar og komi þá jafnframt fram með viðtækar till., sem þetta þing fær a. m. k. til athugunar. Ég vil því, án þess ég sé beinlínis að leggja á móti þessu máli, biðja hv. þm. að athuga vel, hvort vert er að ganga lengra á þessari braut, fyrr en séð er, hvaða skuldbindingar ríkissjóður verður að taka á sig vegna hins aðalatvinnuvegar landsmanna. Það virðist ekki eðlilegt að styðja annan atvinnuveginn svo mikið, að ekkert sé hægt að láta af mörkum til hins. Að vísu er ekki beint ætlazt til, að ríkissjóður leggi fram það fé, sem hér er um að ræða, en það er fé, sem ríkissjóður ber ábyrgð á, og fari svo, sem mig grunar, að hann þurfi að taka stóran þátt í greiðslum þess að lokum, þá verður þetta allt til þess að þyngja meir og meir á ríkinu. Ég vil því biðja hv. n. að íhuga vandlega, hvort tiltækilegt er að fara inn á þá braut, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vildi láta þessar almennu aths. koma

fram nú, þar sem ekki eru komnar fram — en sennilega rétt aðeins ókomnar — till. um stórfellda og að mörgu leyti sjálfsagt nauðsynlega hjálp til handa sjávarútveginum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Ég hygg, að óhætt sé að segja, að það, sem farið er fram á í þessu frv. að gert sé, sé mjög nauðsynlegt. En ég hefi enn ekki athugað málið svo til hlítar, að ég hafi þar mikið til að leggja.

Mig langar til í þessu sambandi að bera fram litla fyrirspurn, þó ef til vill þyki það ekki eiga vel við af mér að leita upplýsinga á þessum vettvangi. En mér þætti fróðlegt, ef hv. 2. þm. Rang., sem er starfsemi Kreppulánasjóðs mjög kunnugur, gæti upplýst hv. d. um, hvað starfsemi sjóðsins liður, og sérstaklega hvort það reiðufé, sem sjóðurinn hefir undir höndum samkv. lögum, muni reynast nægilegt til þess að sinna þeim peningalánveitingum, sem honum er ætlað að sinna. Mér finnst nefnilega þetta, hvernig sjóðurinn stendur sig með reiðufé, vera atriði, sem þarf að athuga í sambandi við þetta frv., þar sem farið er fram á, að hann leggi fram peningaupphæð til þess að greiða fyrir því, að úr ábyrgðarflækjunni verði leyst. Hafi hv. þm. þessar upplýsingar ekki á reiðum höndum, sem e. t. v. er tæplega hægt að búast við, þá vona ég, að hann komi fram með þær síðar, t. d. til hv. n., sem málið fær væntanlega til athugunar. Frá minu sjónarmiði er það töluvert þýðingarmikið atriði, hvernig þessu er varið, því eins og menn vita, er þröngt í búi hjá ríkissjóði til nýrra framlaga. Ef svo væri, að ekki yrði um afgang að ræða hjá Kreppulánasjóði, eða ef mönnum sýndist nauðsynlegt að hækka framlagið frá því, sem frv. stingur upp á, þá dettur mér í hug sú leið, hvort ekki sé hægt að bjarga þessu við með bréfaútgáfu. Ég skýt þessu aðeins fram til íhugunar.

Hv. 1. þm. Eyf. talaði um, að upphæðin, sem tiltekin væri í frv., mundi verða allt of lág. Ég vil einmitt í sambandi við þetta benda á, að í fljótu bragði virðist mér, að það hefði mátt taka fram í frv., að framlög úr Kreppulánasjóði kæmu ekki til greina nema þar, sem kringumstæður ábyrgðarmannanna væru sérstaklega slæmar, að dómi þeirra, sem með þessi mál fara. Að ákvæði frv. nái ekki til allra ábyrgða, heldur aðeins til þeirra, sem sérstök þörf er á að losa menn við.

Annað atriði vildi ég mega spyrjast fyrir um hjá hv. 2. þm. Rang. Mér skildist á honum, að sumir þeirra, sem nú þegar hafa fengið lán úr Kreppulánasjóði, væru í ábyrgðum fyrir allháum upphæðum, sem ekki væri enn búið að gera upp. Ég hefi ekki fylgzt svo vel með starfsemi Kreppulánasjóðs, að mér sé kunnugt um þetta, og vildi gjarnan fá nánar fram, hvort ég hefi skilið hv. þm. rétt. (PM: Nei, ábyrgðirnar hafa verið gerðar upp jafnframt). Þá hefi ég misskilið þm., og þykir mér vænt um, að svo er. Ákvæði frv. eru þá gagnvart ábyrgðum þeirra manna aðeins, sem ekki hafa sótt um kreppulán.

**Flm. (Pétur Magnússon)** [óyfirl.]: Ég skal fyrst svara hæstv. fjmrh. Hann spyr um, eins og eðlilegt er, hvort tryggt sé, að Kreppulánasjóður hafi nægilegt reiðufé til þess að standast útgjöld samkv. þessu frv. Þar til er því að svara, að ef lánbeiðnir til Kreppulánasjóðs aukast ekki mikið fram yfir það, sem nú er gert ráð fyrir og útlit bendir til, sem ég hygg varla að geti komið fyrir, nema því aðeins, að ný vandræði hljótist út af ábyrgðarkröfum, þá held ég, að það sé nokkurnveginn víst, að það verði þó nokkur afgangur af reiðufé sjóðsins, þannig að það þurfi ekki allt að ganga til þeirra lánveitinga, sem það var ætlað til. Nú er eins og kunnugt er svo, að þetta fé á að greiðast til sjóðsins á fimm árum, og er því fjarri því, að hann hafi nægilegt fé fyrirliggjandi sem stendur. Hann er nú í nokkurri skuld við Búnaðarbankann, sem útlit er fyrir, að fari vaxandi, og er ekki óliklegt, að það komi að því, að lántökuheimild kreppusjóðslaganna verði notuð. Það hefir ekki verið leitazt fyrir um lántöku ennþá, en mér þykir sennilegt, að a. m. k. í þeim tilgangi, sem hér er um að ræða, væri hægt að fá nægilegt lánsfé.

Hæstv. ráðh. talaði um, að komið gæti til mála að setja ákvæði í frv. þess efnis, að framlög samkv. því kæmu aðeins til greina, þegar efnahagsástæður ábyrgðarmannanna gerðu það nauðsynlegt. Það má vera, að slíkt ákvæði gæti komið til greina, og ég mun hafa drepið á það þegar ég gerði grein fyrir frv. En sannleikurinn er sá, að langsamlega yfirgnæfandi meiri hl. ábyrgðarmannanna er svo settur, að þeim er um megn að taka á sig að greiða verulegan hluta ábyrgðarkrafnanna. Hitt getur komið til greina, sem hv. 1. þm. Eyf. benti á, að samtímis og samningar eru gerðir við lánstofnanirnar sé samið við einstaka ábyrgðarmenn um einhver framlög til þess að losa þá við ábyrgðina, eftir því sem geta þeirra leyfir. Og ég sé ekki neitt í frv., sem útilokar, að sú leið sé farin. En ég geri ráð fyrir, að hvað bændur snerti geti þetta ekki orðið nema í mjög smáum stil. Hv. þm. þekkir náttúrlega betur en ég, hvernig þetta er í hans héraði, en þar sem ég þekki til, gæti ekki orðið nema um óverulegar upphæðir að ræða, sem ábyrgðarmenn sjálfir legðu fram til þess að losna við frekari skuldbindingar. Hinsvegar álít ég æskilegt, að lánstofnanirnar sýni þann skilning og þá sanngirni, að þær spenni bogann ekki of hátt hvað snertir kröfur á ábyrgðarmenn. Mér finnst svo fráleitt að láta þessa kreppuhjálp leiða til þess, að jafnvel fleiri séu dregnir niður í skuldafenið heldur en þeir, sem lyft er upp úr því. En sú gæti raunin á orðið, ef yfirleitt ætti að fara að ganga harkalega að ábyrgðarmönnunum.

Þá spurði hæstv. ráðh. um það, hvernig hagað væri í Kreppulánasjóði afgreiðslu ábyrgðarkrafna á lántakendur. Aðalreglan er sú, að ýmist er samið við hlutaðeigandi ábyrgðareigendur, að ábyrgðarkrafan falli niður án nokkurs endurgjalds, eða hluti af henni er færður sem skuld hjá viðkomandi lántakanda, sem sá, sem ábyrgðina á, fær svo greidda að sömu prósentutölu og aðrir skuldeigendur. Í nokkrum tilfellum hafa ábyrgðirnar verið látnar standa, en því aðeins, að stj. Kreppulánasjóðs hafi þótzt vera búin að

ganga úr skugga um, að hlutaðeigandi lántakanda stafaði ekki hætta af þeim. Þegar lántakendur hafa verið vel stæðir menn, sem átt hafa meira en fyrir skuldum, hefir ekki þótt ástæða til að losa þá úr öllum ábyrgðum. Hinsvegar er ekki ósennilegt, að í ýmsum tilfellum losni þeir samt, því það er náttúrlega svo, að flestir, sem taka lán úr Kreppulánasjóði, veðsetja um leið allar eigur sínar, og má þá búast við, að lánstofnanirnar reyni að skipta um ábyrgðarmenn og fá aðra í staðinn. Sem sagt held ég, að af þeim hluta ábyrgðanna, sem lántakendur Kreppulánasjóðs hafa staðið í, stafi ekki mikil hætta. Að því er þær snertir mun þetta mál verða leyst með samkomulagi að óbreyttri löggjöf.

Ég hefi þá, að svo miklu leyti sem ég get, svarað fyrirspurnum hæstv. ráðh. Ég get ekki sagt um, hvað mikill afgangur verður af reiðufé Kreppulánasjóðs, en ég held mér sé óhætt að fullyrða, að það verði talsvert, og væntanlega meira heldur en sú upphæð, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að lagt sé fram.

Þá skal ég loks drepa á það, sem hv. 1. þm. Eyf. minntist á og ég gleymdi að geta um þegar ég mælti fyrir frv., nfl. að sú upphæð, sem frv. gerir ráð fyrir, að lögð sé fram til þess að semja um ábyrgðarkröfur, muni verða of lítil. Ég skal játa, að það verður sennilega ómögulegt að leysa málið með ekki meiru fé heldur en tiltekið er í frv. Í grg. frv. er tekið fram, að upphæðin sé aðeins eftir ágizkun; þá var ekki farið að athuga, hvað miklar þessar kröfur myndu vera. Nú veit maður dálítið, hverju þetta kemur til með að nema, og ég hefi alltaf gengið út frá því, að þessi upphæð yrði að hækka til muna við meðferð málsins. Mér þótti skynsamlegra að tilnefna í frv. þá lægstu upphæð, sem ég gat hugsað mér, því að hægurinn er hjá að hækka framlagið. Ég vil ekki á þessu stigi málsins koma fram með neinar ráðagerðir um það, hver sé sú minnsta upphæð, sem nægði til þess að koma á samningum um þessar kröfur, en þó má gera ráð fyrir því, að hún verði allt að tvöföld sú upphæð, sem nefnd er í frv. Mér þykir það undarlegt, ef allur þorri lánstofnana getur ekki gert sig ánægðan með það að fá inn þetta 10—20% af þessum kröfum, því að það er alveg óvíst, hvort þær hefðu meira af þeim, þótt gengið væri að með mestu hörku. — Hv. 4. landsk. gat þess, að víðar væri um ábyrgðarkröfur að ræða en hjá bændum, og væri full þörf á því að hlaupa víðar undir bagga. Þetta má vel vera, en það er ekki tímabært að ræða það mál í sambandi við þetta frv. Um þessar ábyrgðarkröfur stendur alveg sérstaklega á. Þær eru orðnar til fyrir ráðstafanir hins opinbera. Og í mörgum tilfellum hafa ábyrgðarmennirnir ekki verið um það spurðir af ábyrgðareigendum, hvort þeir ætluðust til, að kröfurnar væru samþ. eða ekki. Og þó þeir séu um það spurðir, hafa þeir oft og tíðum enga aðstöðu til þess að dæma um það. Flestir þeirra búa í fjarlægð og geta því ekki myndað sér skoðanir á því, hvort betra sé fyrir þá, að samningarnir séu samþykktir. Þetta gerir það að verkum, að þeir eiga réttmæta kröfu á því, að hlutur þeirra sé ekki fyrir borð borinn og þeim ekki sýnd harka í því að ganga eftir þessum kröfum.

Hv. þm. gat þess, að framlagið kæmi þungt niður. Það fer auðvitað eftir því, hvað hátt það verður. En ég játa, að mér var óljúft að fara þessa leið, en taldi annað ekki fært en að leggja til, að þetta yrði greitt sem óafturkræft framlag úr Kreppulánasjóði. Ég vildi óska þess, að Kreppulánasjóður gæti sem allra mest staðið undir sínum skuldbindingum sjálfur. Og ef allt væri með felldu um þann atvinnuveg, sem honum er ætlað að styrkja, ætti ekki að vera vonlaust um, að hann færi langt með það. En sjóðurinn verður auðvitað fjær því marki, ef hann þarf að leggja þessa upphæð fram. Samt sá ég mér ekki fært að leggja til, að þetta fé yrði greitt beint úr ríkissjóði; þó að það komi á ríkissjóð á endanum, kemur það allt öðruvísi fyrir, að greiða þessa upphæð út alla í einu, í stað þess að mega endurborga hana á 40 árum. Það sér lítið á fjárl. hvers árs, þó að fertugasti hluti þessarar upphæðar verði færður þar til, en stærri framlög úr ríkissjóði treysti ég mér ekki til þess að fara fram á nú, eins og hag hans er komið. En ég áleit alveg óverjandi að gera ekkert í þessu núna á þinginu. Ef viðunanleg lausn fæst nú á þessu máli, er engin hætta á ferðum, því að fáar lánstofnanir munu vera farnar að innheimta þessar ábyrgðarkröfur. Hv. 4. landsk. gat þess, að ýmsar lánstofnanir hefðu fengið þó nokkrar búsifjar af því að verða að taka vaxtalánsbréf upp í kröfur sínar. Ég held, að lánstofnanirnar hafi enga ástæðu til að kvarta yfir þessu. Ég er sannfærður um það, að þær hafa haft betra af því að taka vaxtalánsbréf upp í kröfur sínar en að láta allt danka í sama feninu sem það var í. Mér er nær að halda, að skuldheimtumennirnir hafi yfirleitt bætt hag sinn vegna þessara ráðstafana hins opinbera, og hefi því enga sérstaka tilhneigingu til þess að hlífa þeim óþarflega mikið.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Ég var nú ekki fyrst og fremst að tala um það, hve þungum búsifjum lánstofnanirnar yrðu fyrir með því að taka bréf upp í skuldir, heldur það, að þær hafa orðið að gefa talsvert eftir, og komi nú krafa um að fella niður ábyrgðirnar, verður það ekki svo lítil fjárupphæð, sem þær neyðast til að afskrifa. Hér er farið fram á að fella niður talsvert af kröfum þeim, sem lánstofnanirnar hafa á þá menn, sem lán hafa fengið úr Kreppulánasjóði, eða ábyrgðarmenn þeirra. Og hv. 2. þm. Rang. tók þetta eina atriði út úr af þeim fjórum, sem ég nefndi. En þetta er talsvert mikið tap, og þótt reynslan sýni, að oftast verður eitthvert tap á lánveitingum, hefir það verið í nokkuð stórum stíl í Kreppulánasjóði. Hv. þm. sagði, að ábyrgðarmennirnir væru yfirleitt komnir í þetta ástand án þess að þeir hafi vitað um, að búið væri að gera upp hina eiginlegu skuldara. Það má vera, að sumir hafi ekki verið spurðir ráða um þetta, enda er það í flestum tilfellum þýðingarlaust, því eins og hv. 2. þm. Rang. benti á, hafa fæstir ábyrgðarmannanna færi á því að kynna sér, hvað raunverulega er um að ræða. En það er annað, sem

ég vildi minnast á í þessu sambandi, og það er sá slæmi mórall, sem með þessu kemst inn í viðskiptin. Ef maður fréttir, að náunga hans hafa verið gefnar eftir 200 kr., fer hann að hugsa sér til hreyfings líka. Og þessi mórall er hættulegri en það, að veita 100 þús. kr. úr ríkissjóði. Ég held, að það væri miklu affarasælla, að ríkið veitti í eitt skipti fyrir öll ríflega upphæð til Kreppulánasjóðs, segjum nokkrar milljónir, svo að hægt væri að gera allt þetta upp algerlega, og ekki þyrfti árlega að vera að krukka í sama farið með auknar fjárveitingar til sjóðsins, o. s. frv.

Ég fellst ekki á þau ummæli hv. 2. þm. Rang., að ekki sé tímabært í þessu sambandi að tala um hjálparráðstafanir til handa öðrum aðþrengdum stéttum. Þess er full þörf, enginn getur neitað því. Og taki ríkissjóður á sig stórfelldar skuldbindingar vegna landbúnaðarins, er alls ekki ótímabært að athuga það, hvort hann reisir sér þar ekki hurðarás um öxl, eigi hann að geta gert hinum aðalatvinnuvegi landsmanna sömu skil. — Ég mun ekki verða á móti því, að frv. fái að ganga til n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 677).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Pétur Magnússon)** [óyfirl.]: Þegar málið var til 1. umr. hér í d., gerði ég grein fyrir þörfinni á þessari löggjöf. Landbn., sem haft hefir málið til athugunar, varð sammála um að leggja til, að það væri látið ná fram að ganga. Þó hefir hv. 4. landsk. skrifað undir nál. með fyrirvara.

N. ber fram tvær brtt. við frv., báðar við 1. gr. Sú fyrri er í því fólgin, að landsstj. verði gefinn íhlutunarréttur um samninga þá, sem gerðir kunna að verða um ábyrgðir, svo að stj. Kreppulánasjóðs hafi samningana með höndum, en beri þá þó undir landsstj., áður en frá þeim er gengið. Þar sem gera má ráð fyrir, að fjárframlög til þessara hluta lendi að öllu leyti á ríkissjóði, þótti þetta nauðsynlegt.

Hin brtt. er þýðingarmeiri. Hún fer fram á, að fjárframlag úr Kreppulánasjóði hækki úr 100 þús. kr. upp í 250 þús. kr. Rannsókn hefir leitt í ljós, að ábyrgðir þær, sem einstakir menn eru í fyrir lántökum úr Kreppulánasjóði, nema meira en 1 millj. kr., auk hreppsábyrgða, sem hér eru ekki taldar með, en þær er þó heimilt að semja um, ef fé hrekkur til. Ef þetta væri hækkað upp í 250 þús. kr., mætti gera ráð fyrir, að greiðslur þær, sem hægt væri að inna af hendi, næmu 20—25% af ábyrgðarkröfunum. Er ekki vert að spá neinu um, hverjar líkur séu til, að samningar náist um þessar greiðslur, en ég tel ólíklegt, að lánstofnanir teldu sig ekki fullsæmdar, ef þær fengju 25% greiðslu upp í skuldina, svo að ekki yrði þörf á að ganga að ábyrgðarmönnunum. Legg ég því til f. h. meiri hl. n., að þetta verði samþ.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég fór á fund landbn., þegar málið var rætt þar. Má segja um þetta frv., að nauðsyn er á því að setja l. sem þessi. Það hefir komið í ljós við framkvæmd l. um Kreppulánasjóð, að ábyrgðarmenn verða sérstaklega hart úti. Þetta misrétti verður að leiðrétta, og þýðir lítið að létta hag skuldunauta, ef ábyrgðarmenn komast í sama fenið.

Ég hefði kosið, að fyrir n. hefðu legið upplýsingar um það, hversu miklar þessar ábyrgðir væru og hvernig þeim væri fyrir komið. Vandinn í málinu er að finna meðalhófsreglu um uppgerð þessara skulda, svo að ekki séu greiddar ábyrgðir fyrir þá, sem færir eru um að standa undir þeim sjálfir.

Ef þessar brtt. ná samþ., er frv. nokkuð breytt frá því, sem upphaflega var. Samt hefði ég kosið, að hægt hefði verið að hafa í l. reglur um það, hvernig skuldirnar skyldu gerðar upp.

Þá er annað atriði, sem ekki er minna um vert, hvort Kreppulánasjóður er fær um að standa undir þessum ráðstöfunum. Væri fróðlegt að heyra það frá hv. 2. þm. Rang., hvað hann álítur um þetta, því að ef sjóðurinn getur ekki staðið undir þessum byrðum, þá koma þær yfir á ríkissjóð.

Ég get mælt með frv. í heild. Mætti athuga fyrir 3. umr., hvaða breytingar hægt væri að gera á því til þess að finna þá meðalhófsreglu, sem ég gat um áðan, en það er vandasamt að koma slíkum ákvæðum fyrir.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Ein aðalástæða hv. 2. þm. Rang. til meðmæla með frv. var sú, að kreppuhjálpin væri eyðilögð, svo að hún kæmi að engu gagni, ef ekki væri bætt úr þeim miklu ábyrgðarflækjum, sem enn væru til. Mér skildist á ræðu hv. þm., að meðan þetta væri ekki gert upp, yrðu þeir, sem fengið hefðu kreppuhjálp, að leggja á sig mikið af skuldum ábyrgðarmannanna, sem drægju þá niður í sama fenið aftur.

Nú er ekki ætlazt til, að greiddur verði nema nokkur hluti þessara ábyrgða, sem eru yfir 1 millj. kr., því að eftir frv. á að verja 100 þús. kr. til þessara hluta, en eftir brtt. 250 þús. Myndu þá nokkrir verða að halda áfram að greiða þeim lánstofnunum, sem ekki væri fullnægt með þessum ¼ hluta. Það má að vísu segja, að þetta létti nokkuð á mönnum, en ég er ekki viss um, að það yrði eins mikið og hv. þm. vill halda fram. En aðalástæðuna gegn því að samþ. þetta tel ég þó þá, að þarna á að verja miklu fé til hluta, sem ekki eru til beinna hagsmuna fyrir bændur. Ennþá er ekki farið að verja neinu til að bæta úr þeim miklu erfiðleikum, sem sjávarútvegurinn á nú í, þó að um það liggi fyrir ýmsar till. En mér finnst, að jafnar væri skipt milli þessara aðila, ef nokkru fé væri varið til hjálpar sjávarútveginum, í stað þess að veita stórfúlgur til greiðslu á dauðum ábyrgðarskuldum. Mun ég því greiða atkv. á móti hækkun þessari. Ég sé, að meira eða minna af þessu hlýtur að lenda á ríkissjóði. Það má

reyndar segja, að 250 þús. sé ekki mikill hluti þeirra 11 millj., sem ríkissjóður ábyrgist. En mér finnst þó ekki rétt af löggjöfinni að fara að gera upp þessar dauðu skuldir landbúnaðarins, áður en sjávarútveginum er nokkur hjálp veitt. Sjávarútvegurinn á rétt á slíkri hjálp, og hans kröfur verða því háværari, því lengra sem gengið hefir verið í því að styrkja bændur.

**Frsm. (Pétur Magnússon)** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. hreyfði því, að æskilegt hefði verið, að frv. innihéldi ákvæði um það, hvernig málunum skyldi hagað í framkvæmdinni. Ég er þessu samþykkur, og hefi ég nokkuð hugsað um það. En ég hefi ekki getað komið auga á, að hægt sé að setja slík ákvæði, sem ekki yllu því, að of bundnar yrðu hendur þeirra, sem að samningunum standa. Þeir yrðu að hafa að allmiklu leyti óbundnar hendur.

Hæstv. ráðh. taldi ekki nauðsyn á, að greitt yrði fyrir þá, sem sjálfir geta staðið í skilum. En um það munu verða skiptar skoðanir, hverjir geti greitt. Nokkrir eiga þarna eignir umfram skuldir, en eru þó í greiðsluerfiðleikum og eiga fullt í fangi með að standa í skilum fyrir sjálfa sig. Þó að hægt væri að ná ábyrgðinni inn með því að ganga að þessum mönnum og selja eignir þeirra, sem ekki væri æskilegt, eða með því að veita þeim greiðslufrest og láta þá greiða þetta á nokkrum árum með afborgunum, þá held ég, að sá hagnaður, sem af því yrði, ætist upp von bráðar. Þessir menn myndu komast í sömu kröggur og hinir, sem reisa átti við. Myndi þá allur þorri bænda falla inn undir þessa kreppulöggjöf. En þar að auki hvíla nokkrar ábyrgðir á mönnum, búsettum í kaupstöðum, og eru ýmsir þeirra svo settir, að þeir geta ekki tekið á sig þessar skuldbindingar án þess að þeim verði það mjög tilfinnanlegt. Geri ég ráð fyrir, að þeim mönnum yrði þá haldið utan við þessa samninga. — Annars verður þetta að vera komið undir áliti samningsaðila í hverju tilfelli.

Hæstv. ráðh. óskaði eftir frekari upplýsingum um, hve miklar þessar ábyrgðir væru, hvar þær væru og hvernig þeim væri fyrir komið. Ég hefi nú gefið þær upplýsingar, að þær eru samtals, einstaklinga og hreppsfélaga, 1200000 kr. Þetta má þó ekki taka of bókstaflega. Nokkuð eru áætlunarupphæðir, þar eð ekki er búið að veita öll lánin. Frekari upplýsingar er ekki hægt að gefa um það atriði. Um það, hvar þær eru, hefir ekki verið samin nákvæm skrá, en ef hæstv. ráðh. óskar þess, geri ég ráð fyrir, að hægt verði að útbúa hana fyrir þinglausnir. En mestar eru ábyrgðirnar í opinberum lánstofnunum, bönkunum, og þá aðallega í Landsbankanum og Búnaðarbankanum, miklu minna í Útvegsbankanum. Talsvert er í sparisjóðum, en flestar eru þær upphæðir þó lágar. Ábyrgðir í eigu einstakra manna eru hverfandi.

Þá spurði hæstv. ráðh., hvernig Kreppulánasjóður yrði fær um að standa undir þessum greiðslum. Ég þori ekki að gera ráð fyrir, að hann yrði einfær um það. Þegar gengið var frá l. um Kreppulánasjóð, var miðað við, að sjóðurinn stæði undir eigin skuldbindingum, ef hann yrði ekki fyrir því meiri töpum. En um það er erfitt að segja, hversu mikil töpin verða. Ég geri ráð fyrir, að þau verði nokkur. Reynslan sker úr um það. Það veltur á því, hvernig tekst að veita landbúnaðinum þá aðstöðu, að hann verði lífvænlegur atvinnurekstur. Ef hlutfallið milli afurðaverðs og bústilkostnaðar verður líkt og nú er, þá verða mikil töp á þessum lánum. Þó að almennt sé álitið, að stj. Kreppulánasjóðs hafi sýnt varfærni í lánveitingum, og frekar hafi verið kvartað um, að hún skæri niður lánin en hitt, að hún væri of örlát, verður varla hjá því komizt, ef ástand það, sem nú er, helzt. En ef landbúnaðurinn skyldi lyftast aftur, mætti vona, að þessi töp yrðu ekki mikil, og er þá líklegt, að sjóðurinn yrði fær um að inna af hendi aftur nokkurn hluta þessarar fjárhæðar a. m. k. Annars hefir alltaf verið ráð fyrir því gert, að ríkissjóður yrði að hlaupa undir bagga með sjóðnum að meira eða minna leyti. Og þó að ríkissjóður yrði að taka á sig allar þessar greiðslur, þá ber þess að gæta, að þær skiptast á 40 ár, og sýnist þetta þá ekki skipta svo miklu máli, út af fyrir sig, um fjárhagsafkomu hvers einstaks árs.

Þá er ræða hv. 4. landsk. Hann sagði það, sem ekki er alveg rétt, að það hefði verið fært fram sem aðalröksemd fyrir frv., að ef ekkert yrði aðhafzt, þá yrðu þeir menn, sem lán hafa fengið úr Kreppulánasjóði, að taka á sig skuldir vegna ábyrgðarmannanna, og yrði það til þess að draga þá niður í sama fenið aftur. Ég hefi fært þetta fram sem rök fyrir frv. ásamt öðrum. Ég veit nokkur dæmi þess, að menn, sem fengið hafa þessi lán, hafa orðið að samþ. víxla á þennan hátt, svo að þeir lenda í skuldum á nýjan leik vegna þess fjár, sem átti að hjálpa þeim. Ef þetta yrði almenn regla, þá væri allt saman orðið að hlægilegum skripaleik. Það er verið að ausa fé úr ríkissjóði þessum mönnum til viðreisnar, og svo skyldi það enda með því, að þeir sætu eftir sem áður í sama feninu. En hitt eru þó sterkari rök, að á þorra ábyrgðarmannanna, sem lánstofnanir verða að halda sér að, hvílir svo mikið, að þeir geta ekki innt af hendi þessar greiðslur, nema með því að taka það mjög nærri sér, svo að það myndi ríða þeim að fullu í mörgum tilfellum, eða þeir yrðu að leita kreppuhjálpar. Væri það einkennileg aðferð, að vera að reyna að lyfta hinum verst komnu með því að draga þá, sem betur eru settir, niður í sama fenið.

Það er ekki verið að gera þessar ráðstafanir vegna einstaklinganna, heldur þjóðfélagsins. Það hefir verið talið nauðsynlegt vegna þjóðarinnar að koma lagi á landbúnaðinn; hefir verið álitið hættulegt þjóðfélaginu, hve þeir menn, sem landbúnað stunda, hafa búið við erfið kjör síðustu árin. Þetta eru í mínum augum aðalrökin fyrir frv., og ég get ekki hugsað mér, að ég skipti um skoðun í þessu efni. Þetta ástand eða tilhögun, ef helzt til lengdar, getur leitt landbúnaðinn í ennþá verra öngþveiti en hann er í nú.

Hv. þm. sagði, að í þessu frv. væri ekki gert ráð fyrir að greiða nema örlítinn hluta af skuldinni, og mundi því leiða til hins sama, að lánstofnanirnar gengju að ábyrgðarmönnunum,

og hlutuðust til um, að þeir greiddu áfram; bændurnir færu svo að greiða þeim og allt færi í sama sukkið. En hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því, að sett mundu þau skilyrði í samningana, að ábyrgðarkröfurnar verði látnar niður falla. Og er gert ráð fyrir því, að lánstofnanirnar sjái sinn hag í því að taka þann hluta af skuldinni, sem hægt er að fá, og gefa hitt eftir. Er það áreiðanlega betra fyrir þær en að eltast við ótrygga ábyrgðarmenn. Ég er sannfærður um, að í mörgum stöðum munu lánstofnanirnar ekki fá meira frá ábyrgðarmönnunum — þó að beitt verði fullkominni hörku og gengið að þeim — en hér er gert ráð fyrir, 20—25%, a. m. k. á það við þá staði á landinu, þar sem ábyrgðarflækjan er mest. Ég held, að hv. þm. þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir því, að lántakendur eða ábyrgðarmenn þurfi að greiða þetta eftir sem áður, og lendi áfram í sama skuldanetinu. Það mun verða reynt að ganga svo frá því, að lánstofnanirnar noti sér það ekki. Þegar ég segi 20—25%, miða ég við hækkunartill. nefndarinnar. Hv. þm. var að tala um, að sér þætti það misjafnt skipt, ef enn ætti að fara að veita bændunum styrk, áður en farið yrði að styrkja sjávarútveginn. Það er alveg rétt, að sjávarútvegurinn þarfnast hjálpar, og ég býst ekki við því, að ég verði þrándur í götu fyrir þeirri hjálp hér á Alþ. Mér er það alveg ljóst, hve sjávarútvegurinn hefir geysilega þýðingu fyrir þjóðfélagið, og það er þjóðarnauðsyn að styrkja þann atvinnuveg. En því er til að svara, að þó þessar 250 þús. kr. væru teknar og veittar til sjávarútvegsins, þá er það fjárupphæð, sem segir ekki mikið til viðreisnar þeim atvinnuvegi, þó hann fengi þetta fé. Annars verð ég að segja það, að úr því komið er inn á þessa braut, sem lagt var inn á með Kreppulánasjóði, þá verður að sjá svo um, að sú hjálp, sem með honum var veitt, komi landbúnaðinum að gagni. Annað væri hin mesta óhagsýni, að láta ekki það fé koma að notum, sem búið er að veita í þessu skyni, og þessi viðbótarhjálp er örlítill liður í þjóðarbúskapnum. Þetta frv. er sjálfsögð afleiðing af því, sem gert var á síðasta þingi, beint áframhald af kreppulánalöggjöfinni. — Ég held, að ég hafi þá drepið á allar aðalaðfinnslurnar, er fram hafa komið.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Rang. hefir ekki sannfært mig um það, að ekki beri allt að sama brunni, jafnvel þó brtt. sú, er fyrir liggur, verði samþ. Í frv. er verið að ræða um þá, sem eiga kröfur á ábyrgðarmenn fyrir lántakendur úr Kreppulánasjóði. Ég geri ráð fyrir, að það séu ekki allt lánstofnanir, heldur muni sumt vera einstakir menn. (**PM**: Það er alveg hverfandi og hefir enga praktiska þýðingu). Margir bændur eru þannig gerðir, að þeim mun þykja leiðinlegt að láta aðra taka á sig ábyrgðir þeirra vegna, aðra menn, sem eru þá oft kunningjar og venzlamenn, og þeir reyna oft að borga þessum ábyrgðarmönnum, eða bæta þeim upp skakkaföllin. Mér þykir þetta sennilegt, að svo sé, enda benti hv. 2. þm. Rang á, að þetta væri svo.

Ég veit, að hv. þm. meinar það, að þessir ábyrgðarmenn, sem hér um ræðir, fái eftir gefið hjá bönkunum. Ég veit ekki, hvort bönkunum þykir rétt að gefa eftir 75%; ég er ekki viss um það eftir að hafa gefið eftir af lánum lántakenda sjálfra, sem hlýtur að hafa hreinsað eitthvað til, þegar það var gert upp og kreppulánin voru veitt. (**PM**: Þetta eru sömu lánin). Við skulum gera ráð fyrir, að það sé t. d. 1000 kr. víxill, sem ábyrgðarmaður er látinn taka á sig hjá lánstofnun og álízt, að ábyrgðarmaður geti borgað, en sá maður, sem tók kreppulánið og hinn var í ábyrgð fyrir, tæki samt sem áður á sig að greiða ábyrgðarmanni sínum víxilinn. Nú mundi verða eftir gefið 750 kr., skulum við segja, en standa eftir 250 kr. Er þá nokkur trygging fyrir því, að ekki verði haldið áfram að borga þessar 750 kr., sem voru eftir gefnar, á sama hátt og hinn upphaflegi lántakandi greiðir ábyrgðarmanni sínum? Ég er alls ekki viss um, að þetta gengi á þann hátt, sem hv. þm. vill vera láta, um eftirgjöf frá hálfu bankanna. Þeir hafa þegar gefið eftir stórar fjárupphæðir til kaupmanna, sem voru þeirra viðskiptavinir, en urðu að fá eftirgjöf vegna þess, að strikaðar voru út skuldir bændanna hjá þeim. Ég er hræddur um, að þetta geti ekki gengið í það óendanlega. Það er náttúrlega rétt, að þessar 250 þús. kr. mundu jafna eitthvað í bili, eða létta undir, en ég sé ekki, að það sé svo mikilsvert, að þetta mál gangi fram nú á þessu þingi, þegar bíða úrlausnar jafnmikilsverð mál og vandamál sjávarútvegsins. Hv. 2. þm. Rang. segir, að það muni ekki miklu þessi upphæð. En þó það sé ekki hærri upphæð en 250 þús. kr., sýnist það ekki muna svo litlu, þegar litið er í skýrslu mþn. í sjávarútv.málum, þá sýnist mega gera eitthvað með kvart milljón. Ég trúi því auðvitað vel, sem hv. þm. sagði, að hann mundi ekki verða þrándur í götu fyrir málum sjávarútvegsins.

Ég sé ekki, hvaða þýðingu þessi hjálp getur haft um að koma rekstri landbúnaðarins á heilbrigðan grundvöll, og það er einmitt verkefni til viðreisnar, sem skiptir máli, en þó skal ég viðurkenna, að það er skemmtilegra að losna við þessa ábyrgðarflækju. Það þarf miklu stærri átök og fjárfrekari til að koma sjávarútveginum á réttan kjöl, en það er að því leyti meira áríðandi, eins og nú standa sakir, þar sem ríkið byggir afkomu sína miklu meira á sjávarútveginum, og að honum steðja nú miklir örðugleikar. Þó ég viti, að ríkið byggir líka á landbúnaðinum, þá sé ég enga ástæðu nú til að veita honum þessa hjálp, þó að það væri skemmtilegra, ef efni væru til þess, að gera upp þessar gömlu og dauðu ábyrgðarskuldir.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég skal ekki vera langorður. Ég vil aðeins taka það fram, að það mun byggt á misskilningi hjá hv. síðasta ræðumanni, að þetta sé ekki annað en afborgun, sem hér um ræðir. Ábyrgðarmönnunum verður fyrst og fremst gefið eftir, og leiðir af sjálfu sér, að bankarnir yrðu að gefa eftir stóran hluta þessara ábyrgðarlána, en ábyrgðarmenn hinn hlutann, jafnframt því sem þetta

yrði gert upp. Þetta kemur fram viðvíkjandi ákvæði 1. gr. frv., og virðist því á misskilningi byggt hjá hv. 4. landsk., að bændurnir taki sjálfir þessar skuldir að sér. (**JBald:** Það er þó samkv. upplýsingum, sem hv. 2. þm. Rang. gaf um þetta atriði). Ég vil stinga upp á því við hv. 2. þm. Rang., að það gildi ekki önnur regla um lánveitingar þessar eða eftirgjafir en þær, sem giltu við eftirgjafir skulda samkv. kreppulánasjóðslögunum, þannig að þeim, sem búa í kaupstöðum, sé haldið utan við, og greinin breytist þá samkv. því, þannig að hún nái yfir þá ábyrgðarmenn, sem landbúnað stunda. Þetta frv. nær að vissu leyti yfir stærri hring en kreppulánasjóðslögin gera ráð fyrir. Aðalatriðið með þeim er að hjálpa þeim bændum, sem stunda landbúnað, og sama á að vera með þessu, en það kemur bændastéttinni lítið til góða, þó gefið sé eftir ábyrgðarmönnum, er búa í kaupstöðum.

Hvað því viðvíkur, að nokkuð sé algengt, að bændur taki að sér ábyrgðarskuldirnar, sem þeir í rauninni eru lausir við, hygg ég, að það séu fremur undantekningar, enda er engin lögmæt krafa fyrir því að innheimta skuldir, sem búið er að gefa eftir. Aftur á móti er ekki hægt að neita því, að þeir ábyrgðarmenn, sem landbúnað stunda, hafa sterka siðferðilega kröfu á hendur þeim mönnum, er stunda sömu atvinnu, en þeir voru í ábyrgð fyrir. Því það atriði kemur hér til athugunar, að þessir menn eru að vissu leyti háðir sömu kringumstæðum og þeir, er lán hafa fengið úr kreppusjóði, og mundi hafa verið látið niður falla, enda er aðalatriðið að bjarga þeim bændum, sem kreppulán hafa fengið, frá því að halda áfram að borga þessi ábyrgðarlán, og bjarga ábyrgðarmönnunum, svo þeir komist ekki í sama fenið. En það er ég hræddur um, að geti komið fyrir, ef framkvæmd laganna verður frv. eins og nú er.

Ég get gengið inn á, að erfitt er að binda það í lögunum, að hjálpin nái ekki yfir stærri hring en kreppulánasjóðslögin ná yfir, en það má athuga þetta nánar fyrir 3. umr. En það er vitanlegt, að margir kaupstaðabúar standa í ábyrgð fyrir bændur.

**Frsm. (Pétur Magnússon)** [óyfirl.]: Það er í rauninni ekki mikið, sem á milli ber mín og hæstv. ráðh. Mér skilst, að við séum sammála um það, að hjálpin til ábyrgðarmanna eigi ekki að vera veitt nema þar, sem þeir verða að ganga mjög nærri sér. Það má vel vera, að rétt sé að lögbinda það, að þessi hjálp nái til sömu stéttar eða manna og kreppulánasjóðslögin ná yfir. Það er ekkert við því að segja, þó hringurinn sé ekki stækkaður, en það er þó ekki af hendingu, að þetta er látið óbundið í frv. Ég álít það skynsamlegt að geta hlaupið undir bagga með fleirum en þeim, sem landbúnað stunda, vegna þeirrar staðreyndar, að skuldirnar vilja færast á sama stað aftur og þær voru upphaflega, þ. e. a. s. á hendur þeim mönnum, sem eru lántakendur úr Kreppulánasjóði. Mér skilst líka, að við séum sammála um það, að Kreppulánasjóður komi þá að litlu gagni.

En ég held, að það sé misskilningur, að ábyrgðarmenn eigi lagalega kröfu á hendur lántakendum. Í lögum um Kreppulánasjóð er skýrt fram tekið, að skuldir þær, sem eftir eru gefnar, séu fallnar niður. Það er því ekki annað en siðferðisleg krafa eða skoðun að láta ekki aðra borga skuldir sínar. (**JBald:** En þegar þeir eru búnir að viðurkenna þær?). Já, það er alveg rétt, ef sönnun liggur fyrir því. (**Forsrh:** Niðurstaðan verður sú sama fyrir því). Já. Þess vegna segi ég, að nokkur ástæða sé til að víkka hringinn, því það mundi hafa þá praktisku þýðingu fyrir kreppulánasjóðslántakendur, að þessar ábyrgðir yrðu endanlega niður felldar.

Hv. 4. landsk. var að tala um það, að þó þessi lög kæmu til framkvæmda, þá myndu ábyrgðarmenn þurfa að greiða allmikinn hluta ábyrgðarskuldarinnar. Það er ekki min tilætlun, heldur að þær verði látnar falla niður, og ég ætlast til, að skakkaföllin lendi á lánstofnunum blátt áfram af þeirri einföldu ástæðu, að ég álít, að þau séu þegar lent þar. Þó að gengið yrði að þessum mönnum, mundi reynslan verða sú, að bankar og aðrar lánstofnanir fengju aldrei nema lítinn hluta greiddan. Í því liggur það, að töpin eru nú þegar lent á lánstofnunum, enda eiga þau að lenda þar, — því hverjir eru færari um að bera þau? Ég held, að það sé heppilegast fyrir þjóðfélagið, að svo fari. Ég segi þetta hiklaust, þó bregða megi mér um það, að ég eigi stöðu minnar vegna að bera hag bankanna fyrir brjósti, og þetta er alveg hræsnislaust frá minni hendi.

Ef hv. þm. álítur, að þessi lán séu öll svo vel tryggð í bönkunum, að þeim sé tap í því að gera samninga um greiðslu á þeim gegn vissum hundraðshluta upphæðarinnar, þá falla þessi lög niður, og enginn aðili er verr settur en nú, og engu á glæ kastað nema fyrirhöfninni við lagasetninguna.

Hv. 4. landsk. sagði, að þrátt fyrir þau ákvæði, sem felast í frv., myndu margir lántakendur taka skuldirnar á sig, því að mörgum þætti leiðinlegt að láta aðra borga fyrir sig. Þetta er nú einmitt ein af aðalástæðunum fyrir því, að þetta frv. er fram komið. Frv. á að varna því, að þeir, sem verið var að hjálpa með kreppulánasjóðslögunum, sökkvi aftur ofan í sama dikið við það, að greiða ábyrgðarskuldir sínar. Frv. á einmitt að verða til þess að leysa menn undan þeirri siðferðislegu skyldu, að láta ekki aðra líða fyrir sig.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Það má líta á það, þegar rætt er um þetta frv., sem ætlast til, að lánstofnanirnar gefi eftir mestan hluta þeirra ábyrgðarskulda, sem hér ræðir um, að ríkið sjálft á allar þessar lánstofnanir. Við skulum segja, að Kreppulánasjóður greiði 250 þús. kr. á móti 750 þús. frá ábyrgðareigendum. Þessar eftirgjafir mundu að næstum öllu leyti lenda á Landsbankanum, Útvegsbankanum og Búnaðarbankanum, sem allir eru ríkisstofnanir. Það er því í rauninni ríkið sjálft, sem gefur upp skuldirnar, gegn því að það sjálft greiði ¼ þeirra.

Ég vil benda á það, að nýbúið er að gera upp lánin í Kreppulánasjóði með tilliti til þess, hvaða ábyrgðarmenn geta borgað. Nú á að pína

lánstofnanirnar með nýju skrúfstykki til þess að gefa eftir lán, sem þá voru talin trygg. Verður þó ekki ætlað, að ástandið hafi breytzt mikið síðan í fyrra. Er nú ekki hætt við, að lánstofnanirnar segi, að slík löggjöf sem þessi eigi ekkert erindi nú, þar sem alveg nýbúið sé að ganga frá eftirgjöfum á lánunum?

Hv. flm. sagði, að engu væri á glæ kastað nema lagasetningunni, ef samningar tækjust ekki. En ef búizt er við, að allt standi við sama og áður, eins og mér heyrðist hv. flm. í raun og veru gera, þá er alveg þýðingarlaust að vera að setja slík lög og kasta þeirri fyrirhöfn á glæ.

Annars var það mín skoðun, þegar Kreppulánasjóður var stofnaður, að ríkið ætti ekki á þennan hátt að vera að takast margra millj. byrði á herðar, heldur útvega með lántöku hæfilega upphæð í peningum í einu lagi og greiða með þeim skuldir bænda gegn mjög ríflegum eftirgjöfum, í stað þess að neyða upp á lánardrottna þessum óvinsælu kreppulánasjóðsbréfum, sem öll lenda að lokum í bönkunum. En ég skal ekki fara frekar út í þá sálma hér.

Ég er andvígur frv., sem hér liggur fyrir, af því að ég álít, að eins og nú árar, hafi ríkissjóður ekki ráð á að leggja fram 250 þús. kr. í þessu skyni, né lánstofnanir ríkisins gefa eftir 750 þús. kr. af kröfum sínum.

**Frsm. (Pétur Magnússon)** [óyfirl.]: Auðvitað þýddi ekki að mæla með þessari löggjöf, ef búizt væri við, að allt stæði við sama og áður. Ég geri einmitt ráð fyrir, að frv., ef að lögum yrði, myndi bera ávöxt, þótt hinn möguleikinn sé auðvitað til.

Annars er það misskilningur hjá hv. 4. landsk., að bankarnir séu búnir að gefa eftir mikið af skuldum bænda. Bankarnir hafa enn engar skuldir gefið upp, nema smáupphæð, þar sem veðlán hafa verið umfram fasteignamatsverð, en 9/10 af öllum skuldum bænda er ábyrgðarskuldir, og þeim halda bankarnir öllum enn gagnvart ábyrgðarmönnunum. Það má víst öllu fremur benda á dæmi þess, að bankarnir hafi grætt á því, að veðskuldir bænda hafa verið greiddar upp í fasteignamatsverð. Ég held, að bankarnir hefðu oft og tíðum mátt sætta sig við minni greiðslur, ef þessar jarðir hefðu verið seldar á nauðungaruppboði.

Hv. þm. segir, að samkv. frv. sé ætlazt til þess, að bankarnir gefi upp 750 þús. kr., en þess er að gæta, að stórar upphæðir af þessum skuldum eru hjá sparisjóðum úti um land, og auk þess er gert ráð fyrir, að eitthvað komi frá ábyrgðarmönnunum, því að vitanlega eru þeir menn til, sem geta tekið á sig eitthvað af lánunum. Það er tilætlun frv., að Kreppulánasjóður taki á sig nokkurn hluta skuldarinnar, ábyrgðarmennirnir nokkurn eftir getu, og hitt gefi lánstofnanirnar eftir.

Hv. 4. landsk. var að tala um það, að hagur ríkissjóðs væri erfiður á þessum tímum, og skal ekki mælt á móti því, en hér er þess að gæta, að þetta framlag hans á að skiptast á 40 ár. Hér er því ekki um að ræða nema 12500 kr. á ári fyrir ríkissjóð. Það má auðvitað segja, að þetta sé há upphæð, en ekki held ég, að sagt verði, að það marki hag ríkissjóðs, þótt þetta verði gert, og víst er um það, að oft hefir ekki verið horft í slíkar fjárveitingar, þótt til óþarfari hluta væri.

Hv. þm. sagði, að ríkið ætti lánstofnanirnar. Þetta má til sanns vegar færa um bankana, en það er einmitt búizt við því, að samningar samkv. frv. geti orðið til sameiginlegra hagsmuna ábyrgðarmönnum og lánstofnunum. Það er með öllu vafasamt, að lánstofnanirnar fengju meira af skuldum sínum greitt á annan hátt en þennan.

Hv. 4. landsk. var að tala um, að einstakir menn væru eigendur sumra þessara ábyrgðarskulda. En mér er óhætt að fullyrða, að þær upphæðir nema örlitlu, — eru líklega ekki nema um 10 þús. kr. á öllu landinu.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Okkur hv. 2. þm. Rang. og mig greinir lítið á um þetta frv. Það er þá einkum það, hvort ákvæði 1. gr. nái aðeins til þeirra ábyrgðarmanna, sem landbúnað stunda, eða allra yfirleitt. Ég hallast að hinu fyrra, en eigi að framkvæma lögin þannig, tel ég nauðsyn á, að slíku ákvæði sé bætt inn í greinina skýrum stöfum, og vildi ég æskja þess, að hv. n. vildi taka það til athugunar fyrir næstu umr.

En þótt ég sé sammála hv. flm. um tilgang frv., þá er ég samt hræddur um, að stundum geti þessi lög orðið erfið í framkvæmd og örðugt að ná samningum eftir þeim. Við skulum taka það dæmi, að maður standi í ábyrgð fyrir 16 þús. krónum, en eigi eignir, sem eru 10 þús. kr. virði. Samkv. frv. á nú Kreppulánasjóður að greiða 25%, eða 4000 kr., af þessu og ábyrgðin þar með að falla niður. Ég held, að þetta geti orðið erfitt í framkvæmd, vegna þess að lánstofnanirnar myndu líta svo á, að þar sem maðurinn ætti 10 þús. kr. upp í 16 þús. kr. ábyrgð, þá væri skaði fyrir þær að taka við einum 4000 kr. sem fullnaðarborgun. Ég veit, að hv. flm. hefir gert sér grein fyrir því, að svona gæti staðið á, og vildi því gjarnan heyra álit hans um þetta.

**Frsm. (Pétur Magnússon)**: Í þessu dæmi geng ég út frá því, að Kreppulánasjóður greiði 4000 kr. En ég tel líka alveg víst, að ábyrgðarmaðurinn gengi glaður að því að taka á sig nokkurn hluta ábyrgðarinnar, enda er ætlazt til þess í frv., ef svo stendur á. En langsamlega mestur hluti ábyrgðarmannanna getur ekkert tekið á sig. Hér er gert ráð fyrir samningi og samkomulagi í hverju tilfelli. Fyrirfram er ekki hægt að vita nákvæmlega, hvað hægt er að hafa upp úr hverjum einstökum ábyrgðarmanni. Fulltrúar Kreppulánasjóðs og ábyrgðarmennirnir verða í hverju einstöku tilfelli að semja við ábyrgðareigendur um eftirgjöf á lánunum.

ATKVGR.

Brtt. 677,a samþ. með 11 shlj. atkv.

— 677,b samþ. með 11:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 707).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 54. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 707).
Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 707, n. 760).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Ég lít svo á, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, sé eitt af þýðingarmestu málum fyrir bændastétt landsins, sem fyrir þessu þingi liggja, og má það undarlegt heita, þar sem ekki er hér um stórmál að ræða. Grundvöllurinn fyrir því, að svo er, felst í því, að það hefir komið í ljós, sem var enda fyrirfram sjáanlegt, að horfa mundi til stórvandræða, þegar farið væri að gera upp eftirgjafir á ábyrgðarskuldum bænda samkv. þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru í sambandi við skuldauppgerð bænda. Eins og ákvæðið um þetta er í núgildandi lögum verkar það bæði á þann hátt að draga stórlega niður þá menn, sem einhverra hluta vegna ætla sér ekki að leita hjálpar af þessum ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, og jafnframt, að lánin, sem lántakendur fá, tryggja þeim ekki þá hjálp, sem ætti að vera. Og það er af þeim sökum, að allir samvizkusamir menn berjast við það í lengstu lög að borga eftirgjafir á ábyrgðarskuldum til hins ýtrasta. Þess vegna er það mikil nauðsyn frá sjónarmiði mínu og landbn., að mál þetta verði afgr. frá þessu þingi. En eins og menn sjálfsagt hafa tekið eftir í nál. landbn., hefir hún viljað láta í ljós þá skoðun sína, að þeir menn eigi að sitja fyrir þeirri hjálp, sem hér um ræðir, er lakasta hafa lífsaðstöðuna, — að upphæðinni, sem hér er farið fram á að veita, sé varið á þann hátt að koma í veg fyrir röskun á atvinnu þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli. — En sannleikurinn er sá, að sú upphæð, sem hér er til tekin, er of lág til þess að koma að fullu gagni í þessu efni, en hlýtur þó að verða til stórra bóta frá því, sem nú er, og sníða af verstu annmarkana hvað ábyrgðum við kemur.

Einn nm., hv. 2. þm. N.-M., skrifaði undir nál. með fyrirvara, og mun hann sennilega gera grein fyrir, í hverju sá fyrirvari felst. En við vildum afgr. málið án brtt., til þess að það þyrfti ekki að ganga til hv. Ed. aftur, og hafa það nokkurnveginn tryggt, að það yrði samþ. í því formi, sem það nú er í, þrátt fyrir það, þó að sumra áliti veiti það ekki fullnægjandi úrlausn. Ég vil því f. h. landbn. mælast til, að hv. dm. samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

**Páll Zóphóníasson:** Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari var í því fólginn, að ég óskaði heldur eftir því, að inn í sjálft frv. kæmu ákvæði, sem tryggðu, að þessu fé, sem ætlazt er til, að kreppulánasjóðsstjórnin fái til umráða til þess að mæta þeim töpum, sem ábyrgðarmenn lántakenda í Kreppulánasjóði verða fyrir, verði ekki varið til þess að greiða þeim ábyrgðarmönnum, sem sýnilega eru svo vel staðir, að þeir geta staðið undir sínum ábyrgðum án þess að finna neitt verulega til þess. Ég kynnti mér þetta mál uppi í Kreppulánasjóði og komst að raun um, að það er kringum 1 millj., sem búið er að færa af lántakendum yfir á ábyrgðarmenn, og þar af er um ¼ millj. hreppsábyrgðir. Og búizt er við, að þessi upphæð verði um 1½ millj., sem færð er af lántakendum yfir á ábyrgðarmenn, þegar öll lán verða afgreidd. Nú eru margir af þessum ábyrgðarmönnum prýðilega staðir fjárhagslega og geta því vel staðið undir sínum ábyrgðum, og það styrkir mig í þeirri trú, að rétt sé að taka þetta ákvæði upp í frv. — Þegar ég talaði við kreppulánasjóðsstjórnina, kom þar hinsvegar í ljós, að hún hafði hugsað sér þetta framkvæmt þannig, að láta búa til skrá yfir hverja einustu lánstofnun, sem ætti ábyrgðarkröfur á menn og hve ábyrgðarkröfurnar væru háar á hvern einstakan, og þegar það væri búið, væri reynt að meta, hvað hver þessara ábyrgðarmanna gæti staðið undir miklu af sínum ábyrgðum, og að því búnu væri reynt að ná samkomulagi við viðkomandi lánstofnun um að gefa eftir af ábyrgðarkröfum, eftir því sem nauðsynlegt þætti, til þess að þeir, sem ábyrgðirnar féllu á, gætu þó haldið atvinnu áfram án verulegs hnekkis.

Stjórn Kreppulánasjóðs sagði mér, að hún mundi taka fullt tillit til þeirra manna, sem gætu sjálfir staðið undir sínum ábyrgðum, og í trausti þess, að það verði gert, fell ég frá því að koma með brtt. við sjálft frv. og mun fylgja því óbreyttu gegnum þingið, því að það miðar til bóta, þó að æskilegt hefði verið að fá því breytt eins og ég hefi lýst. En þar sem stjórn Kreppulánasjóðs mun taka þetta til greina við framkvæmd málsins, þá get ég fallið frá því að bera fram brtt. við frv.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég hefi að vísu ekki undirritað þetta nál. með fyrirvara eins og hv. 2. þm. N.-M., en ég er þó sömu skoðunar og hann. En ég vil geta þess, að ástæðan fyrir því, að ég ritaði ekki undir nál. með fyrirvara, var sú, að sett var í nál., að lögunum skyldi framfylgt á þann hátt, að sæmilega staðir menn, sem gætu borgað sínar ábyrgðir, nytu ekki góðs af þessu framlagi ríkissjóðs. Og hv. frsm. n. og aðrir nm. létu í ljós þá skoðun, að nægilegt mundi

vera að taka þetta fram í nál., því að þá mundi eftir því verða breytt í framkvæmdinni. Til þess að flækja málinu ekki til hv. Ed. og í trausti þess, að þetta mundi nægja, féllst ég á að undirrita nál. án fyrirvara og flytja ekki brtt. við það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 858).

---

## 68. Áfengislög.

Á 12. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:
**Frv. til áfengislaga** (þmfrv., A. 110).

Á 14., 15., 16., 17. og 18. fundi í Nd., 19., 20., 22., 23. og 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Nd., 25. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Þetta frv. er flutt af allshn. eftir tilmælum hæstv. dómsmrh. Allir hv. nefndarmenn hafa talið rétt að flytja frv., en hafa áskilið sér óskoraðan rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, eða bera sjálfir fram brtt. við einstök atriði frv.

Til þess að gera grein fyrir því, hvers vegna frv. þetta er fram borið og undirbúið af hæstv. ríkisstj., vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upphaf grg.:

„Hinn 29. maí 1928 var í sameinuðu Alþingi samþykkt svo hljóðandi þingsályktun með 26:2 atkvæðum:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram þjóðaratkvæði á þessu ári meðal kjósenda í málefnum sveitar- og bæjarfélaga um það, hvort afnema skuli bann það gegn innflutningi áfengra drykkja, er felst í gildandi áfengislöggjöf".

Samkvæmt þingsályktun þessari lét ríkisstjórnin fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu fyrsta vetrardag 1933. Greiddu 15884 kjósendur atkvæði með afnámi bannsins, en 11624 á móti. Í tilefni af úrslitum atkvæðagreiðslunnar var á aukaþinginu 1933 samþykkt í sameinuðu Alþingi svo hljóðandi dagskrártillaga með 26:16 atkvæðum:

„Sameinað Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það lítur svo á, að þjóðaratkvgr., sem fór fram 1. vetrardag síðastliðinn, skeri úr um það, að áfengislöggjöf landsins beri að breyta samkv. þeim þjóðarvilja, sem þá kom fram, og í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi slíka lagasetningu fyrir næsta reglulegt þing, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá".

Samkvæmt þannig yfirlýstum þings- og þjóðarvilja hefir verið undirbúin breyting sú á áfengislöggjöfinni, sem felst í frumvarpi þessu. Sökum samninga vorra við Spánverja og afstöðu vorrar gagnvart þeim, hefir ekkert verið hreyft við núgildandi ákvæðum um sölu Spánarvína. Að því er snertir aðalbreytinguna, leyfi til innflutnings og sölu sterkari drykkja en hingað til hefir verið heimilt, skýrir frv. sig sjálft".

Ég mun ekki fara út í einstakar gr. frv. að svo stöddu. Brtt. eru vitanlega engar fram komnar enn, en þær, sem kunna að koma, mun allshn. að sjálfsögðu telja sér skylt að athuga fyrir 2. umr. málsins.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég hafði satt að segja búizt við því, að þar sem hv. frsm. allshn., sem flytur þetta mál fyrir hönd ríkisstj., gerði enga grein fyrir efni og innihaldi þessa frv. aðra en þá, að lesa hér upp þál., er samþ. var á síðasta Alþ., um að fela stj. að undirbúa málið, þá myndi hæstv. dómsmrh. inna þessa skyldu af hendi, þar sem ekki er um óverulegra mál en þetta að ræða. Ég verð því að segja það, að eins og þessu máli mun á undirbúningsstigi hafa verið næsta lítill sómi sýndur, hefir heldur ekki verið mikil viðleitni frá hálfu þeirra manna, sem að flutningi þessa standa, að sýna þinginu þann sóma að gera einhverja grein fyrir aðstöðu sinni til frv., og fyrir því, að frv. er nú flutt á þennan en ekki annan veg. Það má líta á þetta frv. frá tveimur hliðum aðallega. Fyrst og fremst er gengið út frá því, að bannið sé gersamlega afnumið. En í sambandi við afnámið er önnur hliðin, að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru og hljóta að fylgja í kjölfar afnáms bannlaganna. Það er sú hliðin, sem ég á við, þegar ég átel, að ekki skuli frekari grein gerð fyrir frv. en raun hefir nú orðið á við flutning þess. Að vísu er í grg. dálítið komið inn á þessi atriði, en í mjög stuttu máli og ekki meira en það, sem nauðsynlegt er til að uppfylla það þingskapaatriði, að frv. fylgi grg. Ég skal hér minnast á nokkur atriði á framkvæmdahlið þessa frv., og sem þá getur orðið til athugunar fyrir hv. allshn., sem nú hefir lofað öllu góðu, að því er mér virtist, um að bæta nú úr ágöllum frv. Ég fékk ekki betur heyrt af framsöguræðu hv. þm. Barð., sem er mikill ákafamaður í því að fá bannið afnumið, en að í raun og veru væru allir nm. óánægðir með frv. eins og það er, og það sé af þægð við hæstv. ríkisstj., að þeir flytji frv. í þessari mynd, til þess að þingið fengi þó að sjá mark stj. á því, áður en þessi fjarstæða er mörkuð upp með brtt. Það virðist því svo, enn sem komið er, að hæstv. dómsmrh. standi einn að frv. í þessari mynd, en allir 5 flm. hreinsa sig fyrirfram af nokkurri ábyrgð á því. Ég geri nú ráð fyrir því, að sú stund, sem allmörgum mönnum í þessu landi hefir verið langþráð, sé nú í nánd, að hinir sterkari drykkir, sem þjóðin hefir orðið að neita sér um að nota leyfilega um nokkurra ára skeið, streymi inn í

landið, svo að hægt verði um hönd að „gleðja“ sig og „hressa“ með neyzlu þeirra. Ég skal játa fyrir mitt leyti, að eins og þessum málum er nú komið, verður sjálfsagt ekki hjá því komizt, að þingið gangi endanlega frá afnámi bannlaganna í þeirri mynd, sem þau nú eru, og þess vegna hvílir þung skylda á um það, að setja eins hagkvæma löggjöf og framast er unnt um þessi mál, jafnhliða afnámi bannsins. En mér virðist mjög linlega að því gengið í frv. Og það sýnir ekki mikla alúð við málið frá hálfu hæstv. dómsmrh., að hann skyldi við undirbúning málsins ekki vilja notfæra sér bendingar þeirra manna í landinu, sem standa fyrir bindindismálunum og vitanlega voru fúsir að veita alla sín aðstoð. Ég á hér við stórstúku Íslands. Það tókst sem sé ekki betur, þegar hæstv. dómsmrh. snéri sér til þessara manna, og gerði það á þann hátt, að stórstúkan hlaut að álíta sér stórlega misboðið, því að hæstv. dómsmrh. hafði gert það með þeim hætti að gefa stórstúkunni kost á að láta einhvern einn af þrem mönnum, sem sátu í n., fylgjast með í samningi þessa frv. Fyrst og fremst mátti stórstúkan ekki ráða því óskorað, hver maður yrði ráðinn til þessa starfs. Og starfið sjálft var heldur ekkert annað en að lesa úr penna þess manns, sem stj. hafði falið undirbúning málsins. Hæstv. dómsmrh. spillti því þannig gersamlega, að stórstúkan gæti tekið þátt í undirbúningi málsins. Þetta verð ég að álíta, að feli í sér alveg óviðeigandi lítilsvirðingu fyrir þessum sterka félagsskap í þessu landi, sem starfar að því að draga úr ofdrykkjunni í landinu. Því þeir menn, sem þar standa í fararbroddi, þekkja bezt, hvar skórinn kreppir að í þessu efni, og auk þess, fyrir sín miklu afskipti af þessu máli, hafa þeir sérstaklega góða aðstöðu til þess að geta bent á heppilegar leiðir til að sporna við þeim háska, sem afnámi bannsins hlýtur að fylgja. Ég ætla, að enginn sé svo harðsvíraður andbanningur til í landinu, að hann viðurkenni ekki, að hætta getur stafað af afnámi bannl., þó að andbanningar hinsvegar álíti, að þetta beri að gera. Ég vil því ekki láta hjá líða að bera hér fram fyrir mína hönd og annara bindindismanna hér á landi, sem fengizt hafa við bindindisstarfsemi, sterka ávítun til hæstv. dómsmrh. fyrir það, að hann hefir gengið á bak við þá miklu liðsemd um undirbúning þessa máls, sem hægt var að fá hjá stórstúku Íslands.

Það á ekki við, eftir þingsköpum, að tala um einstakar gr. frv. við þessa 1. umr. málsins. En þegar talað er um stefnuna, sem fram kemur í frv., þá er auðvitað ekki hægt að gera það öðruvísi en að vitna nokkuð til þeirra einstöku gr. frv., sem sérstaklega marka stefnu þess. Ég ætla því að vænta þess, að hæstv. forseti átelji það ekki, þó að ég vitni í einstakar gr. frv. í sambandi við það, sem ég vil bera saman stefnu frv. og stefnu andbanninga á undanförnum Alþ., og einnig þá stefnu, sem felst í löggjöfinni frá 1899 um þetta efni, og sem þessi mál hvíldu á þangað til bannið var lögleitt í landinu.

Fyrst vil ég þá athuga þá stefnu, sem kemur fram í 2. gr. frv. Þegar sú gr. er skoðuð í ljósi 7. gr. frv., þar sem skýrt er tekið fram, að tilbúningur áfengis í landinu sé gersamlega bannaður, — en í 2. gr. er gert ráð fyrir, að komið geti til mála að leyfa tilbúning áfengs öls í landinu — , þá held ég, að ekki finnist meiri hortittur í nokkru kvæði en finnst í þessu, þegar þetta er borið saman. Hvað þýðir að vera að taka ákvæði 2. gr. inn í frv. annað en það, að sýna þá stefnu hæstv. dómsmrh., að hann mun við fyrsta tækifæri ráðast á ákvæði 7. gr. um fortakslaust bann gegn framleiðslu áfengis, og smeygja því inn í löggjöfina, að hér á landi megi brugga áfengt öl, og náttúrlega mun hann svo færa sig upp á skaftið. Þó að ekki sé tekið stærra til í frv. en þetta, þá markar það þó stefnu frv. og varpar ljósi yfir þann hug, sem hlýtur að liggja á bak við. Hv. flm. þurfa að taka þennan hortitt út úr þessu kvæði, sem þeir eru að yrkja. Þeir þurfa að lagfæra þetta óburðuga fóstur hæstv. stj. Ekki mun það verða of burðugt samt.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, að þær útsölur, sem nú eru á Spánarvínum, haldi áfram, og að því leyti vil ég ekki átelja stj. neitt, því að við stöndum í hálfleiðinlegum samningum við þjóð, sem þröngvaði upp á okkur þessum vínum, og þennan samning er auðvitað sjálfsagt að halda þangað til við verðum menn til að segja honum upp.

En hæstv. dómsmrh. vill þarna bæta nokkuð gráu ofan á svart, því að hann vill með samþykkt þessa frv. fá þær heimildir lögfestar að mega láta þessar útsölur líka taka að sér sölu sterkra drykkja, án þess að álits viðkomandi bæjarstj. sé leitað. Hér kemur fram nokkur stefnubreyt. frá því, sem var í frv. því, sem andbanningar hafa flutt hér á undanförnum Alþ. og sem sannarlega mátti álíta á engan hátt kostagrip hvað snertir áfengisbannið í landinu. En þeir góðu menn, sem að því stóðu, gerðu þá ráð fyrir því, að atkvgr. færi fram um málið meðal þjóðarinnar, en ekki að sterkum drykkjum yrði laumað fortakslaust inn í útsölurnar án þess að þjóðin yrði um það spurð.

Þá er ákvæðið um að heimila ríkisstj. að setja á stofn nýja útsölustaði fyrir áfengi í kaupstöðunum. Það er að vísu gert ráð fyrir því í frv., að þessir útsölustaðir séu ekki settir á stofn nema því aðeins, að ⅔ hlutar greiddra atkv. þeirra manna í viðkomandi kaupstað, sem kosningabærir eru, greiðist með því við opinbera atkvgr. Ég vil benda á það, að með þessu er dregið töluvert úr þeim varnarráðstöfunum, sem fólust í frv. andbanninga þá, því að þeir gerðu ráð fyrir, að slík leyfi gætu ekki átt sér stað í kaupstöðum, sem hafa færri en 300 íbúa. Í frv. þessu er engin slík varnarráðstöfun sett. En hinsvegar er þar gengið nokkru lengra í öðru atriði, þar sem nú þarf atkv. ⅔ hl. kosningabærra manna í viðkomandi kaupstað til þess að samþ. geti orðið í þessu efni, en áður þurfti aðeins hreinan meiri hl. atkv.

Ennfremur vil ég benda á það, að þessi ákvæði frv. standa líka að baki ákvæðum löggjafarinnar frá 1899 um þetta efni, því að í þeirri löggjöf er gert ráð fyrir, að atkvgr. um þetta skuli því aðeins verða talin gild, að ⅓ hluti kosningabærra manna á viðkomandi stað sæki kjörfund. En hér í frv. er ekki um slíkt að ræða.

Það er þess vegna hægt að segja, að með þessum ákvæðum frv., sem ég nú tók fram, er hreint og beint um undanhald að ræða hjá hæstv. stj., hvort sem heldur er miðað við áminnzt frv. andbanninga á síðustu Alþ. eða löggjöfina um þetta efni frá 1899, sem við bjuggum við áður en bannið var lögfest. Með tilliti til þess, hvernig ástandið er nú hér á landi í þessum efnum, þá er óhætt að segja það, að það er miklu slælegar og óvarkárnislegar gengið fram hjá stj. heldur en maður hefði mátt búast við og átt hefði að vera.

En þó að óforsvaranlega illa sé frá þessu atriði gengið í frv. hjá hæstv. stj., þá tekur þó fyrst steininn úr, þegar kemur að þeim heimildum, sem stj. vill lögfesta sér til handa um vínveitingar í landinu. Hér er gengið svo langt aftur á bak frá ákvæðum áðurnefnds frv. andbanninga og löggjöfinni um þetta frá 1899, að þar er ekki neinn samanburður mögulegur.

Að því leyti, sem stefna frv. um þetta efni kemur fram í 12. gr. frv., þá er þar ákveðið, að með sama hætti eins og er um útsölu Spánarvínanna, þar sem leyfðar eru veitingar þeirra á veitingahúsum, megi dómsmrh. leyfa sölu á þeim vínum áfram. Og svo segir ennfremur í frvgr., með leyfi hæstv. forseta: „Hann“ (þ. e. dómsmrh.) „getur og leyft veitingar annara vína“. M. ö. o.: Hann getur leyft veitingar annara vína, án þess að honum séu nokkur takmörk sett um það, hverjum eða hvar slíkt leyfi sé í té látið. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að í frv. því, sem andbanningar báru fram á undanförnum Alþ., var þó gert ráð fyrir því, að ekki væri gengið lengra í þessu efni heldur en það, að til þess að setja á stofn vínveitingahús þyrfti að fá samþykki allrar bæjar- eða sveitarstjórnar óskiptrar. Annars gæti slíkt leyfi ekki komið til greina.

Ef maður aftur á móti ber frv. saman við l. frá 1899 um þetta, þá er svo ákveðið í þeim, að til þess að veita slíkt leyfi þurfi fyrst að fá umsögn viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstj., síðan samþykkt meiri hl. kjósenda á almennum kjörfundi, og að síðan þurfi, eftir þetta allt saman, sýslunefnd að gefa sitt samþ. til þess, svo að þetta geti orðið leyft. Menn sjá gleggst með því að bera þetta saman við starfsaðferð hæstv. núv. ráðh. í þessu frv. — því að eins og ég gat um, þá er þetta frv. ekkert annað en fóstur hæstv. stj. —, hversu gálauslega hér í frv. er gengið frá þessu atriði, ákvæðunum um vínveitingaleyfin. Það var því ekkert undarlegt, þó að þeir menn, sem tóku að sér að flytja þetta mál eins og það liggur fyrir hér nú, þegar þeir nú flytja það á ný á Alþ., nokkuð krossuðu sig um leið og þeir horfðust í augu við hv. þdm., þegar flm. voru að rétta þetta frv. að þeim hér í þingsalnum. En bitt er undarlegt af frsm. þessara missmíða, að hann skyldi ekki nokkuð afsaka það fyrir sína hönd og sinna meðflm., að þeir flytja þetta mál óbreytt inn í þingið á ný.

Ég vænti nú þess, að af þessu, sem ég hefi nú sagt um stefnu þessa frv. um þau atriði, sem ég hefi minnzt á, hljóti öllum hv. þdm. að vera það ljóst, að það er allmikið verk fyrir hendi í því að endurbæta frv. þetta, svo að það sé forsvaranlegt að afnema innflutningsbannið. Afnám þess er hreint og beint óforsvaranlegt án mikilla endurbóta á frv. Ég býst við, að allir geti orðið mér sammála um það, að það er ekki ástæða til nú, eins og ástandið er hjá þjóð vorri í þessum efnum, að ganga skemur í varnarráðstöfunum í þessu efni heldur en þeir vísu löggjafar 1899 gerðu. Því að nú er miklu meiri háski á ferðum, sem þarf að fyrirbyggja, heldur en þá var, þó að hann þá væri ærið mikill.

Það eru náttúrlega ýms fleiri atriði þessa frv., sem þarf að athuga, en sem ekki eins marka stefnu frv., og koma því frekar til greina við 2. umr. Í því sambandi vil ég aðeins benda á eitt atriði. Það eru ákvæðin í 17. gr. frv. Þar er tekið fram, að lögreglumönnum landsins skuli vera heimilt að gera skoðun á farartækjum, svo sem skipum, bátum og bifreiðum. Þetta er mjög nauðsynlegt ákvæði. En eitt þykir mér á skorta í þessari gr. Það er, að þessum lögreglumönnum, svo sem hreppstjórum og öðrum löggæzlumönnum í umboði sýslumanns, þeim er ekki veitt nein heimild til að gera húsrannsókn vegna gruns um brot á þessari löggjöf. Ég held, að einmitt í baráttunni við heimabruggið sé slíkt ákvæði nauðsynlegt. Það hefir margsýnt sig í framkvæmdinni, að þegar hreppstjórar hafa þurft að sækja um leyfi til slíkra rannsókna til sýslumanna, sem hafa verið miður áhugasamir um framkvæmd áfengisl., þá hefir verið kippt burt möguleikanum til þess, að hreppstjórar gætu hafið slíka rannsókn, einmitt með því að þetta ákvæði hefir vantað í l. Þetta ákvæði er því nauðsynlegra að setja inn í frv., sem mér finnst, að með frv. að öðru leyti sé stefnt að því að hlynna nokkuð mikið að bruggurum í landinu, ef ég skil rétt ákvæði þess um álagningu á vínum, en ég hefi þó ekki haft ástæður til þess að kynna mér nóg það atriði.

Nú fyrir nokkru kom fram kæra á hendur stj. áfengisverzlunarinnar, að ólöglega mikið væri lagt á vínin. Kom þá í ljós, eftir því sem mér er tjáð, að á Spánarvínin er lagt allt upp í 180%, en meðalálagning mun vera 150—160%. Nú er það eitt sagt í þessu frv. um álagningu á sterku vínin, að á þau skuli leggja eftir styrkleika og gæðum. Ég skal viðurkenna, að ég stend illa að vígi til að leggja grundvöllinn í þessum efnum hvað gæði snertir, en eftir því, sem mér er sagt um styrkleika vínanna, þá mun styrkleiki Spánarvínanna vera um 30%, en venjulegur styrkleiki brennivíns 40—45%, en í whisky og koniaki kannske eitthvað meira. Um áfengi í spiritus er kunnugt, að það er 100%. Ef á nú að leggja á þessi vín eftir styrkleika og miða þar við Spánarvínin — eftir öðru er ekki hægt að fara, og um gæðin er það að segja, að ef miðað er við það kapp, sem lagt er á að fá sterku vínin inn í landið, þá má ætla, að þau þyki ekki lakari en þau, sem nú eru flutt inn —, þá verður álagningin á brennivín og aðra drykki álíka sterka um 360%, en álagningin á spiritus getur farið upp í 720%. Ef á að byggja á þessum grundvelli, og þetta er sá eini grund-

völlur, sem er lagður í frv. og það eina, sem ráða má af, hvað mikla álagningu stj. vill hafa, þá má sannarlega segja, að með þessu frv. sé bruggurunum vel borgið. Sem dæmi vil ég benda á það, að í því frv., sem andbanningar hafa flutt á undanförnum þingum, vildu þeir ekki gefa stj. heimild til að hafa álagninguna meiri en 100%, eða ½ af því, sem stj. samkv. þessu ákvæði getur haft heimild til að leggja á ómengaðan spíritus.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég get verið fáorður, þó að ég hafi nokkru að svara. Það, sem ég vil sérstaklega taka fram og alveg sérstaklega, er það, að það, sem hv. þm. Borgf. lagði megináherzluna á, að þetta frv. sé flutt af stj., er algerður misskilningur, og fellur þá um leið niður mest af þeirri ádeilu, sem hann kom með á mig sem dómsmrh. og á stj. í heild. Það stendur enginn úr stj. að þessu frv. nema ég. Í öðru lagi er þess að gæta, að samkv. þjóðaratkvgr., sem fór fram um þetta mál, og samkv. þáltill., sem samþ. var á síðasta þingi, var stj. skylt að undirbúa frv. um afnám bannsins og leggja það fyrir næsta þing. Það væri því ástæða fyrir hv. þm. að deila á stj., ef hún hefði ekki komið með þetta frv., því að henni bar skylda til að láta bera það fram.

Þá vænti ég, að hv. þdm. hafi tekið eftir því, að frv. er ekki flutt af stj., vegna þess, að stj. vildi ekki á neinn hátt gera þetta frv. að sínu máli. Stj. hefir á þessu mismunandi skoðanir, og ég býst við, að sumir úr stj. séu frv. andvígir og muni greiða atkv. á móti því. Þess vegna var frv. undirbúið af þeim mönnum, sem ég taldi vel færa til að gera það, og síðan var frv. skilað til allshn., eingöngu til þess að inna af höndum þá skyldu, sem lögð var fyrir mig með þeirri þál., sem samþ. var á haustþinginu. En ég dreg þó ekki dul á það, að þetta frv. er í samræmi við mína skoðun á áfengismálunum í höfuðatriðunum, en það er óviðkomandi stj. sem slíkri.

Viðvíkjandi því, að framsöguræðan hafi verið stutt og ekki nógu ýtarleg, þá vil ég benda á það, að allshn. tók flutning þessa frv. að sér, og ég býst við, að hv. frsm. hafi ekki þótt ástæða til að hafa langa framsöguræðu, þar sem málið hefir verið þrautrætt á undanförnum þingum, meira en flest önnur mál, og síðast á haustþinginu varð að skera niður umr. eftir langt þóf, og voru þá 14 þm. á mælendaskrá, og þá var ekki heldur ástæða fyrir mig að taka til máls um þetta frv. frekar en önnur mál, sem lögð eru fyrir n. Það er ekki vani, þegar einhver n. tekur að sér að flytja mál, að stj. sé að flytja ræður við framsögu.

Ég skal þó nú svara nokkrum orðum þeim helztu atriðum, sem hér hafa komið fram. Ég vil þó taka það fram, áður en ég svara einstökum atriðum í ræðu hv. þm. Borgf., að ég býst við, að ég og hv. þm. Borgf. séum sammála um það, að áfengið er mikið böl — eitt okkar mesta —, og því þurfi að afstýra eftir því sem unnt er. Ágreiningurinn verður um það eitt, á hvern hátt þessu böli verði afstýrt. Þar má búast við, að leiðir skilji. Ég segi það fyrir mig, að ég hefi fengizt meira við áfengismálin en flestir aðrir hér á landi. Ég dreg ekki dul á það, að þegar bannlögin voru sett, var ég þeim fylgjandi. Ég hefi haft með höndum framkvæmd þessara laga hér í Reykjavík, þar sem flest mál hafa komið fram í sambandi við þau, og þeim hefir verið framfylgt á sama hátt og öðrum lögum, þannig, að þau hafa hvergi á landinu verið framkvæmd strangara en hér í Rvík. Ég hefi nú séð árangurinn af þessari látlausu baráttu hér og annarsstaðar, og hann er sá, eins og við báðir vitum, að ölvun er nú engu minni en áður en aðflutningsbannið var sett. Ég hefi ekki við hendina nú skýrslur um þetta atriði, það verður ef til vill hægt við næstu umr., en það mun vera svo, að hér í bæ eru árlega sektaðir á annað þúsund menn fyrir ölvun, með því fyrirkomulagi, sem nú er. Ég hika því ekki við að láta í ljós þá skoðun mína, og mun greiða atkv. samkv. því, að nú er ekki um annað að ræða en að afnema það, sem eftir er af bannlögunum. Hinsvegar skal ég af heilum hug styðja hverja þá skynsamlega till., hvort sem hv. þm. Borgf. eða aðrir bera hana fram, ef hún gengur í þá átt að fyrirbyggja áfengisbölið.

Ég get vel fyrirgefið hv. þm. Borgf. það, þó að hann talaði um þetta mál af nokkrum hita. Þetta er honum mikið hitamál, enda var það svo, þegar hann fór að tala gegn frv., þá lagði hann megináherzluna á, að benda á það í þessu frv. — eins og eðlilegt var —, þar sem honum þótti of skammt gengið til varnar áfenginu, en benti ekki á þau ákvæði, þar sem lengra er gengið til varnar en nokkru sinni áður.

Hv. þm. sagði, að öll allshn. væri óánægð með frv. Ég held, að þetta sé ofmælt. A. m. k. skyldi maður ætla, að þegar n. hefir mál svona lengi til meðferðar, þá muni hún bera fram till. um verulegar breyt., ef hún er öll óánægð með frv. Það hefði heldur ekki verið óeðlilegt, því að menn hafa alla tíð verið ósammála um, hvað gera skyldi til varnar áfenginu. Sjálf stórstúkan er gersamlega klofin í því máli. Því hefir jafnvel verið haldið fram, að minni hl. hennar fylgi afnámi bannsins. Ég skal ekki fullyrða, hvort þetta er satt, en hitt er þó víst, að það verður alls ekki fullyrt, að þeir séu þar fleiri, sem halda vilja við bannið, en hinir, sem vilja afnám þess.

Hann sagði, að varnir gegn áfenginu væru ákaflega litlar í þessu frv. Vil ég þar benda á nokkur atriði, og þá fyrst og fremst refsiákvæðin. Þeim er haldið að miklu leyti óbreyttum, og ég býst jafnvel við, að refsingar við brotum á þessum l. séu að ýmsu leyti strangari en áður, og ég trúi ekki öðru en að hv. þm. Borgf. kannist við, að refsingar gegn áfengislagabrotum séu yfirleitt strangar.

Þá minntist hv. þm. á það, að ég hefði undirbúið þetta frv. án þess að stórstúkan hefði nokkuð fengið um það að segja. Ég verð að segja það, að þessi ádeila kemur mér mjög á óvart. Hann sagði, að það væri sérstök móðgun við stórstúkuna að láta þessa 3 menn, sem til þess voru valdir, undirbúa frv. Þessa ásökun tel ég ekki heldur réttmæta. Fyrsti maðurinn, sem

til þessa var valinn, var Þórður Eyjólfsson, sem hefir samið frv. um þetta efni nú fyrir 2 árum. Annar var Guðbrandur Magnússon, sem var sérstaklega valinn vegna þess, að hann hefir nú að undanförnu haft á hendi yfirstjórn áfengisverzlunarinnar, og sá þriðji var fyrir hönd templara. Þessir menn voru vitanlega allir jafnréttháir. Meira að segja var það svo, að þegar gengið hafði verið frá þessu frv., þá skýrði einn af allra áhugasömustu templurunum, Felix Guðmundsson, frá því, að hann teldi sig ekki hafa getað fylgzt nægilega með þessu máli, og skipaði ég þá svo fyrir, að fresta skyldi prentun frv., vegna þess, að það átti að leggja það fyrir sem vinnu frá stj. hendi, og bað ég þá um að koma sér niður á einstök atriði, sem ágreiningur væri um, en ef það væri ekki, þá vildi ég láta samt bíða með frv., svo að Felix Guðmundsson gæti athugað það og látið í ljós skoðun sína á því, og sú umsögn yrði prentuð með sem grg. fyrir frv. Af þessu ætti þá hv. þm. að vera ljóst, að hér var á engan hátt gengið framhjá templurunum.

Þá minntist hv. þm. Borgf. sérstaklega á nokkur atriði þessa frv. Hann taldi framda mikla goðgá í 2. gr. frv., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Veiti Alþingi með sérstökum lögum heimild til tilbúnings áfengs öls á Íslandi, skal það að því leyti sem þau lög ná til, vera undanþegið ákvæðum þessara laga um tilbúning, sölu og veitingar í landinu.“ — Í 7. gr. er hinsvegar bannaður tilbúningur áfengis í landinu. Þegar menn finna sér þetta sérstaklega til, þá er langt leitað, því að vitanlega er svona tekið til orða eingöngu til þess, að ekki sé ósamræmi í frv. innbyrðis. Þó að hér sé gert ráð fyrir, að veita megi leyfi til að brugga öl í landinu, þá er þó ekkert gert í þá átt hér. Það liggur alveg í valdi þingsins, og í frv. er ekkert gert í þá átt að veikja þá aðstöðu þingsins til þess máls á sínum tíma. Annars verð ég að segja, að þegar búið er að veita brennivíni og öðrum sterkum drykkjum inn í landið, þá er einkennilegt, ef á að banna ölið. Ég segi þetta aðeins sem mína skoðun, en annars kemur það til kasta þingsins að gera sérstakar ráðstafanir um meðferð öls, ef til þess kemur. (PO: Hvaða gagn er þá í þessu ákvæði?). Það er það gagn, að með því er bent á, að setja þurfi sérstök l. um meðferð öls, ef leyft verður að framleiða það, en þær varnarráðstafanir, sem hér eru gerðar gegn áfengum drykkjum, duga ekki viðvíkjandi öli. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í það hér, hverjar þær ráðstafanir ættu að vera, en hv. þm. Borgf. veit, að víða eru gerðar aðrar ráðstafanir gegn öli en víni.

Þá minntist hv. þm. á það, að samkv. 10. gr. væri stj. heimilt, þar sem útsala væri á Spánarvínum, að selja einnig sterk vín án þess að spyrja hlutaðeigandi kaupstaði um leyfi. Þetta taldi hann mikla goðgá í frv. Viðvíkjandi því er það að segja, að þessar „local“ákvarðanir um veitingu víns, að ekki megi flytja vín inn í bæi og kaupstaði án þess að þar hafi áður farið fram atkvgr. um það í viðkomandi kaupstað, þær hafa verið settar inn í frv. vegna þess, hvernig þjóðaratkvgr. fór um áfengislögin. Fylgi með og á móti var mismunandi í ýmsum sýslum og kaupstöðum, og er full ástæða til að sýna öllum þessum aðilum fulla sanngirni, svo að hvert bæjarfélag geti ráðið þessu sjálft. Um þetta varð samkomulag allra í n., en þó að þetta sé gert, þá álít ég þetta ákvæði mjög vafasamt. Þegar þetta frv. var samið, þá hafði n. sú, sem með það fór, sérstaka hliðsjón af þeirri reynslu, sem aðrir hafa í þessu efni, og þá einkum Norðmenn. Hjá þeim hafa áfengislögin verið afnumin fyrir nokkru, og þar var bæjum og kaupstöðum leyft að banna sölu víns með atkvgr. Þar hafa þessar „local“-ákvarðanir reynzt ákaflega illa. Þessir bæir hafa komið upp leynisölu á víni, sem er ákaflega erfitt að ráða við, þar sem vín er á næstu grösum og flutt með leynd inn í bæina. Það hefir því reynzt mjög örðugt að framfylgja þessu banni. En þar sem við vildum vera í sem mestu samræmi við þjóðaratkvgr., þá treystum við okkur ekki til að ganga svo langt, að leyfa að selja áfengi í öllum kaupstöðum án þess að hlutaðeigendur væru spurðir að. Því var ákveðið í frv., að atkvgr. skyldi fara fram í þeim kaupstöðum, þar sem Spánarvínin hafa ekki verið seld. Það má auðvitað um það deila, hversu langt hefði átt að ganga hér, en ég álít, að það hefði verið óheppilegt og rangt að ganga lengra í atkvæðagreiðslunni en hér er gert.

Ég vil ekki fullyrða, en mig minnir — og skal það verða leiðrétt, ef reynist rangt —, að sá templari, sem var með við samningu þessara frv., hafi ekki viljað láta fram fara atkvgr. um sölu sterkra drykkja á þeim stöðum, þar sem Spánarvínin hafa verið seld, hafi álitið það of flókið til að blanda því saman.

Þá minntist hv. þm. á það, að í þessu frv. væri gengið lengra en áður hefði verið gert, að heimta ekki nema ⅔ greiddra atkv. með því að leyfa áfengissölu, en heimta ekki neina lágmarkstölu atkvæðisbærra manna. Ég álít nú, að ef áhuginn í bæjarfélagi er ekki meiri en það, að menn taka ekki þátt í atkvgr. þrátt fyrir boðaða auglýsingu, þá er ekki fyrir hendi sá mótþrói, sem þarf að vera til þess, að bannað verði að selja vín þar á staðnum; því að reynslan er sú, að eigi slíkt bann í einstökum kaupstöðum að koma að gagni, verður að vera fyrir því sterkur vilji bæjarbúa.

Viðvíkjandi því, sem tekið er fram í frv., að dómsmrh. hafi leyfi til að leyfa veitingu á fleiri vínum en þeim veikari, þá skal ég taka það fram, að slíkt leyfi má vitanlega því aðeins veita, að áður sé heimild til samkv. þessum l. að selja vín í þeim kaupstað.

Það var merkilegt, að það kom fram í umr. hjá þessum hv. þm., að nú ætti að gera viðvíkjandi áfenginu ráðstafanir, sem að ýmsu leyti væru lélegri en þær, sem áður hafa verið. Hann minntist á það, að þörfin til að verjast áfengi væri nú miklu meiri en nokkru sinni áður. Er þetta ekki einmitt viðurkenning fyrir því, að áfengislögin hafi ekki náð tilgangi sínum?

Þá setti hv. þm. út á 17. gr., að þar væri löggæzlumönnum gefið víðtækt vald til þess að hefja rannsókn út af áfengislagabrotum. Eftir þessu frv. er lögregluþjónum, hreppstjórum og

sérstökum löggæzlumönnum heimilt að stöðva farartæki og leita í þeim. Það hefir þótt einna örðugast að leita í farartækjum úti á þjóðvegunum. Þar er ekki hægt að fá úrskurð sýslumanns, hvort leita megi. Í þessu efni er farið lengra en áður. En ég sé enga ástæðu til að heimila húsleit án úrskurðar sýslumanns. Væri það gert, álít ég, að of langt væri gengið í því að raska húsfriðnum. Að það sé erfitt að ná úrskurði sýslumanns, er rangt. Reynsla undanfarinna ára sannar hið gagnstæða. Þegar til þeirra hefir verið leitað, hafa þeir oft getað gefið úrskurð, sem heimilar leit á fjölda heimila í einu, og svo er leitað á þeim. Löggæzlumaður bendir sýslumanni á, hvar grunur sé um, að áfengi sé bruggað, og færir fram þær ástæður, sem hann byggir þennan grun sinn á; síðan getur sýslumaður fellt marga úrskurði í einu. En að heimta húsleit úrskurðarlaust er of langt gengið.

Hv. þm. sagði, að með þessari löggjöf væri hlynnt að bruggurunum; þeim væri gefið undir fótinn með álagningunni. En í þessu efni eru templarar mjög ósammála. Það skal viðurkennt, að atriðið um álagninguna er hið mesta vandamál. Það er mjög erfitt að rata meðalhófið. Álagningin má ekki vera svo lítil, að hún auki neyzluna, og hún má ekki vera svo mikil, að hún hlynni að brugguninni. Ég er þeirrar skoðunar, að það verði að stilla álagningunni í hóf til að byrja með. Sumir álíta, að taka beri hér tvö stig. Hafa álagninguna hóflega fyrst, og hækka hana síðan, þegar búið er að útrýma bruggurunum. Ég býst við, að mestu erfiðleikarnir séu í því fólgnir að losna við bruggið. Í Noregi hefir það t. d. reynzt hin versta plága að losna við bruggarana.

Ég skal svo ekki fara öllu fleiri orðum um þetta. En ég tek það fram viðvíkjandi þessu frv., að það stendur sem önnur frv. til bóta við nánari athugun. Ég skal taka undir það með hv. þm. Borgf. og hverjum þeim öðrum, sem kemur með skynsamleg ráð til þess að varna ofneyzlu áfengis.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Borgf., að bezt sé að minnka áfengisnautnina með ströngum lagaákvæðum. Það er fyrst og fremst hægt með því að fræða fólkið um það, hvílíkt böl áfengisnautnin sé. Að fræða fólkið um það, hvaða bölvun leiði af áfengisnautninni, er áreiðanlega bezta vörnin, og það ráð hefir einmitt verið tekið upp af stórstúku Íslands með góðum árangri. Ríkisstjórnin er sammála stórstúku Íslands í því, að taka eigi upp þessa vörn. Lagaákvæði geta aldrei verið höfuðvörn. — Síðustu orð mín núna skulu vera þau, að ég skal fúslega taka undir hverskonar breytingar til bóta, sem hv. þm. Borgf. eða aðrir koma með.

Ég vil svo mælast til þess við hv. þm. Borgf., — en ég veit, að honum er það hið mesta áhugamál og tilfinningamál að sporna gegn áfengisnautn —, að hann fresti aðfinnslum sínum, þangað til n., sem fær þetta mál til meðferðar, hefir haft tíma til að athuga það í ró og næði, og ræða um þær breytingar til bóta, sem fram koma. Umræður geta auðvitað verið til bóta, en aðalatriðið er, að málið sé athugað rækilega í n. Ég veit, að margir í þessari hv. d. eru fúsir að taka til yfirvegunar allar þær leiðir, sem bent er á til varnar ofneyzlu áfengis í landinu.

**Pétur Ottesen** (óyfirl.): Ég get orðið við þeim tilmælum hæstv. forsrh., að fara ekki langt út í ræðu hans. Og það því fremur, sem hann tók ekki ólíklega í það, að styðja þær breytingar, sem hljóta óhjákvæmilega að vera bornar fram í sambandi við frv. Mér virtist hann nú vera fullur viðurkenningar á því, að þetta frv. skorti mjög á nauðsynlegan undirbúning. En hæstv. ráðh. ætlar að varpa öllum áhyggjum um rannsókn þessa máls upp á allshn. Ég verð nú að segja það, að ég er ekki jafntrúaður á það, að þar þurfi ekki fleiri nærri að koma. Sú skoðun mín styðst við þau skil, sem hv. allshn. hefir gert málinu við þessa umr.

Það getur vel verið, að það hafi verið nokkuð ofmælt hjá mér í ummælum mínum um hæstv. ríkisstj. Það er kunnugt um einn ráðh., að hann er andvígur ýmsu því, sem er í frv., og það er líklega ástæðan fyrir því, að þetta er ekki borið fram sem stjórnarfrv. En mér er ekki eins kunnugt um afstöðu hæstv. fjmrh. Ég verð því í ádeilum mínum að undanþiggja aðra en hæstv. dómsmrh., enda virtist mér svo, sem hann vildi taka allt á sitt bak. Hæstv. ráðh. vildi bendla einn mann frá stórstúku Íslands við þetta frv. Ég skal síðar sýna fram á, að hann getur ekki kennt honum um neitt, sem áfátt er í flutningi máls þessa. Hæstv. ráðh. var að tala um, að það væri ekki rétt, að allshn. flytti þetta frv. að tilhlutun ríkisstj., heldur aðeins að tilhlutun dómsmrh. Og það er víst af því, að hann hefir ekki fengið meðráðh. sína til að vera með í því að flytja þetta mál sem stjórnarfrv.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ofmælt hjá mér, að allshn. væri ósamþykk frv. Ég byggði þessa skoðun mína á því, að frsm. n. sagði, að n. hefði óbundið atkv. um brtt., og það stafar ekki af öðru en því, að þeir eru óánægðir með frv. Ég veit, að ýmsir munu bera fram brtt. Það skiptir auðvitað ekki svo miklu máli, hvernig hver einstakur nm. lítur á frv., heldur hvaða tökum Alþ. yfirleitt tekur á málinu. Hæstv. forsrh. talaði almennt um afnám bannsins. Það er ástæðulaust nú, þar sem málið er komið á það stig, að bannið er afnumið. Það var þarflaust að tala um klofning innan reglunnar um afstöðuna til afnáms bannsins. Ég gaf ekkert tilefni til þess í minni ræðu. Það verður að taka á málinu eins og það nú liggur fyrir. En stórstúka Íslands er óskipt í því máli. Hæstv. forsrh. vildi bera í bætifláka fyrir sig, vegna óheppilegrar framkomu gegnvart stórstúku Íslands við undirbúning málsins. En þar getur hann ekki þvegið hendur sínar. Það eina, sem hann bauð stórstúku Íslands upp á — en hún var auðvitað sjálfsagður aðili við undirbúning löggjafar um þetta efni —, var, að hún mætti láta einn mann fylgjast með starfi þeirra manna, sem búið var að fela undirbúning þessarar löggjafar. Það má lýsa þessu réttilega með því að segja, að honum hafi verið boðið upp á að lesa úr penna hinna nm. Enda var sá maður, sem stórstúkan út-

nefndi til þessa starfs, ekki látinn vita af einum einasta fundi, sem haldinn var um þetta mál. Hæstv. forsrh. þykist hafa gert yfirbót með því að leyfa stórstúkunni að láta fylgirit frá henni fylgja frv., þegar búið var að ganga frá því og láta prenta það. En stórstúka Íslands er ekki upp á það komin að láta prenta fylgirit. Það eru nógar leiðir aðrar opnar fyrir hana til þess að koma till. sínum á framfæri. Þrátt fyrir þennan kattarþvott er ljóst, að hann hefir skágengið stórstúku Íslands í þessu máli. Og við það liður frv. Ef tekinn hefði verið fulltrúi frá stórstúkunni, þá hefði áhrifa hans eflaust gætt í till. n., og þá einungis til góðs.

Það tókst ekki betur hjá hæstv. forsrh. að verja 2. gr. frv., um tilbúning áfengs öls. Hann talaði um, að þetta væri ákvæði í frv., sem á sínum tíma gæti gilt, en ef slíkur tilbúningur áfengs öls yrði leyfður, þá þyrfti að setja sérlög um það. En mér er spurn: Hvað á þetta þá að gera í frv.? Ég les ekki annað út úr þessu en það, að ákvæði 7. gr. um algert bann gegn tilbúningi áfengis eigi ekki að gilda lengi, ef sá vilji, sem markar stefnu hæstv. forsrh. í þessu máli, á að ráða. En þetta ákvæði um tilbúning áfengs öls á ekki heima í frv. Þetta mætti e. t. v. nota til þess að ganga á snið við 7. gr., um bann gegn tilbúningi áfengis í landinu.

Hæstv. forsrh. virtist ekki vera trúaður á íhlutunarrétt héraða um takmörkun útsölustaða. Hann virðist ekki vilja láta bæjarfélögin hafa neitt vald um það, hvort þau jafnframt Spánarvínaútsölu vilja hafa útsölu á sterkari vínum. En það er auðvitað sjálfsagt, að þau ráði í þessu tilfelli. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh., að það veltur mikið á því, hvern hug borgarar þjóðfélagsins bera til þessa máls. Og það, að ganga framhjá borgurum þjóðfélagsins í þessu tilfelli, getur orðið til þess að sljóvga tilfinningu þeirra fyrir því að sporna við þeim háska, sem leitt getur af áfengisnautninni.

Um veitingahúsasölu sagði hæstv. forsrh., að væru sömu takmarkanir og um útsölustaði í kaupstöðum og kauptúnum. En það er alls ekki rétt. Ég verð að biðja hæstv. forseta um að leyfa mér að lesa upp 12. gr., um þetta efni. Hún er svona: „Dómsmrh. hefir heimild til þess að leyfa veitingahúsum í kaupstöðum veitingar á vínum þeim, er um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923. Hann getur og leyft veitingar annara vína. Skal í veitingaleyfi eða reglugerð ákveða skilyrði fyrir veitingasölunni, þar á meðal um veitingastað og veitingatíma".

En það eru engin takmörk fyrir því, hvað dómsmrh. getur gengið langt í veitingu slíkra leyfa. Hæstv. forsrh. virtist hneykslaður á því, að ég áliti meiri hættu á ofnautn áfengis eftir að þessi l. kæmust á. Ég byggi þessa skoðun mína á þeim kringumstæðum, sem skapast, þegar bannið er afnumið. Ég ætla ekki að verja ástandið eins og það er núna. Ég veit, að erfiðleikar hafa verið miklir í þeim efnum um langt skeið. En hitt er ég sannfærður um, að það eru mestar líkur til þess, að við höfum aldrei horft framan í meiri vandræði í þeim efnum en þegar bannið er afnumið og sterku vínin fljóta inn í landið. A. m. k. verður það svo fyrst í stað.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri ekki fært að leyfa hreppstjórum eða öðrum lögreglumönnum að gera húsrannsókn án þess að undan væri genginn úrskurður sýslumanns. Ég skal fúslega viðurkenna, að heimilsfriðinn ber að vernda og á að vernda. En ég get ekki séð, að honum sé stefnt í voða frekar, þó ekki sé beðið eftir sýslumannsúrskurði. Sýslumaður framkvæmir sjaldnast sjálfur húsrannsóknina, heldur sá, sem um biður. Ég sé því ekki, að það sé sérstakur munur á, hvenær sá, sem um biður, framkvæmir skoðunina. Ég vil ganga út frá því, að þeim mönnum einum sé falið lögregluvald, sem skilja það, að ekki á að raska heimilisfriðnum, nema sterkur grunur leiki á, að í skjóli hans séu framin lögbrot.

Það er alkunnugt hver munur getur verið á því, að lögreglumaður eða hreppstjóri, sem er á ferð, sæti því heppilegasta tækifæri, sem býðst, eða verði að bíða eftir úrskurði langan tíma eins og gjarnan vill verða í sveitum, þar sem langt er til sýslumanns. Það getur margt gerzt á þeim tíma, og ég ætla, að borizt hafi til eyrna þeirra, sem rannsaka átti hjá, áður en framkvæmt var, t. d. var sagt, að eitt sinn hefði það birzt í útvarpinu. Þar að auki ganga þessar heimildir gegnum ýmsa hættulega milliliði.

Út af þessu, sem sagt var um álagningu á vínin, skal ég ekki segja margt, en ég byggði aðeins á þeim eina grundvelli, sem til var. Ég get vel tekið undir með hæstv. dómsmrh., að þar sé úr vöndu að ráða, að finna í því rétta leið, en það er algerlega ófært að fara þá leið, sem ég gat dregið út úr frv.

Hæstv. dómsmrh. lagði mjög ríkt á það og alveg réttilega í ræðu sinni, að framkvæmd þessa máls og þessarar löggjafar byggðist á fólkinu í landinu, og þar á meðal og ekki hvað síst á bindindisfélagsskapnum, sem er sprottinn upp af þjóðarnauðsyn hér eins og annarsstaðar, til að verja móti þeim vágesti og þjóðarböli, sem vínnautnin er. Félögin þurfa að finna, að löggjafinn skilur þeirra góða starf. Hæstv. dómsmrh. hafði góð orð um að styðja fjárframlög til bindindisstarfseminnar. En honum virðist hafa hrapallega missýnzt um það, hver er nauðsynlegur stuðningur í þessu efni, þar sem hann hefir skorið niður um helming í fjárl.frv. þann fjárstyrk, sem stórstúkan óskaði eftir. Hún það um hækkun upp í 30 þús. kr., en styrkurinn er áætlaður hjá stj. 15 þús. kr., eða aðeins 3 þús. kr. hækkun, á sama tíma og leyfa skal innflutning sterkra drykkja. Mér virðist þetta ekki benda til þess, að hæstv. dómsmrh. hafi, a. m. k. ekki þá, haft nægilegan skilning á þörfinni fyrir því að bæta aðstöðu félaganna til að leysa það hlutverk, sem þeim ber í baráttunni við þennan vágest. En ég er honum mjög þakklátur fyrir þessi orð, sem benda til þess, að nú hafi kannske runnið upp fyrir honum betri skilningur á því, að þörfin fyrir aukinn fjárstyrk yxi þegar bannið yrði alveg afnumið, heldur en þessi fjárveitingartill. stj. ber með sér, að hann hafi átt.

**Dómsmrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég vil byrja á því að svara hv. þm. Borgf. því, sem hann lét síðast falla orð um í ræðu sinni. Hann

sagði, að ég hefði haft ákaflega góð orð um að gera eins og ég get til að þjóðin hljóti sem minnst tjón af áfenginu, og það skal ég gera. (PO: Sagði ég ekki í sambandi við fjárlögin?). En ég ætla að segja það í fullkominni alvöru, að ég hefi gert alveg eins mikið og þessi hv. þm. í þeim efnum. Ég hefi gert eftir getu, og ég hefi allra manna mesta reynslu í þessum málum, er snertir áfengislögin, eins og ég hefi áður tekið fram, því enginn hefir fjallað meira um þau á síðustu árum en ég. Viðvíkjandi fjárlfrv. er það að segja, að það var samið áður en þetta frv. var fram borið, með tilliti til þess, sem áður var. Ég skal geta þess, að ekki var samið um, hvort leggja skyldi eitthvað af sektum í sérstakan sjóð til afnota fyrir stórstúkuna, og fjárlögin voru samþ. eingöngu með tilliti til ríkjandi ástands. Þeir góðtemplarar vildu greiða ákveðinn vissan hluta teknanna í sjóð, eins og ég tók fram, en því er ég persónulega mótfallinn, að tekinn sé sérstakur hluti tekna ríkissjóðs og myndaður sérstakur sjóður. Ef þetta frv. verður samþ., skal ég standa við mín orð að fylgja auknu framlagi til bindindisstarfsins vegna breyttra aðstæðna.

Ég vil ekki ganga inn á, að ekki hafi verið góður undirbúningur á þessu frv. Ég skal aðeins benda á það, án þess ég vilji teygja lengi umr., að við öfluðum gagna úr öllum nágrannaríkjum, og þó sérstaklega frá Noregi, þar sem reynsla er komin á um slíka löggjöf, því þeir hafa afnumið bannlög hjá sér. Í öllum atriðum í þessum lögum — og það ætti hv. þm. Borgf. að vera þakklátur fyrir — er gengið lengra en í norsku lögunum, t. d. að gefa bæjunum leyfi að ákveða sjálfir um sölu, þó reynslan í Noregi hafi ekki gefizt vel, og þeir séu hættir við þessa aðferð. En við tókum þetta upp, án þess ég hafi sérstaka trú á því, — af því atkvæðagreiðslan var mjög misjöfn. Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að deila um þátttöku stórstúkunnar í undirbúningi þessa frv. Þegar ég skipa 3 menn í nefnd, þá skipa ég auðvitað ekki 1 sem ráðgefandi. Þeir eru allir skipaðir jafnréttháir og þeir bera allir jafna ábyrgð á frv. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, hvort öll nefndin hefir verið kölluð á fundi eða hvernig samstarfið hefir farið úr hendi. Um það get ég heldur ekkert sagt.

Um 2. gr. frv. er ekki ástæða til að ræða sérstakl., þó þar sé gert ráð fyrir undanþágu um innlent áfengt öl. Annars skal ég segja alveg blátt áfram sem mína skoðun, að mér finnst lítill munur á því, hvort áfengið er búið til hér á landi eða flutt inn, þegar búið er að leyfa sölu þess. Þessi gr. skiptir litlu máli; hún gefur engar upplýsingar um, hvort Alþingi muni síðar ákveða eitthvað í þessu máli.

Þá er að minnast á 10. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að ráðh. sé heimilt að gefa vínveitingaleyfi. Þetta er að vísu ekki greinilega orðað, en gengið að sjálfsögðu út frá því, að þurfi leyfi viðkomandi bæjarfélags. Það getur vel verið, að þetta sé ekki nægilega vel orðað, en það er enginn vafi á því, að samkv. venju í lögum má álykta þarna frá meira til minna og minnu til meira, eins og oft er gert. Hv. þm. Borgf. hefir skilið sem svo, að með útsölustaði væri átt við búðir, þó að deila megi um, hvort ekki má skilja útsölu sem alla sölu. Ég tel, að þegar á að leyfa veitingar, sé verið að ganga lengra en að leyfa útsölu, og til þess þarf leyfi bæjarbúa, og því miklu fremur um veitingastofu. Það er því tvímælalaust rétt, að það þarf samskonar leyfi bæjarbúa fyrir veitingastofu og útsölu, en það má orða þetta um, svo ekki valdi misskilningi. (PO: Ég er hræddur um, að það sé vissara).

Þá minntist hann á húsrannsóknir, að hann teldi rétt, að lögreglumenn mættu framkvæma þær án sýslumannsúrskurðar. Ég held mig við það, að það hafi ekki komið að sök, þó þurft hafi að leita til lögreglustjóra. Hann benti á, að ekki væri meira að leita á heimilum en t. d. í bifreiðum. Ég verð að segja, að í því verðum við að vera miklu varkárari, og að á því er reginmunur ger í okkar löggjöf, að leita í bifreiðum, skipum eða öðrum flutningatækjum, eða raska heimilisfriðnum. Á því tvennu er stórmunur, og mér finnst ekki óeðlilegt að halda þeim takmörkunum. Hv. þm. minntist á, að það væri hart, ef heimilisfriðurinn væri notaður til lögbrota. Ég vil benda honum á, að það er engin löggjöf, sem heimilar lögregluþjóni að gera húsrannsókn t. d. fyrir þjófnað eða aðra glæpi, sem grunur leikur á um, að framdir séu í húsinu. Svo ríkur er heimilisfriðurinn í okkar löggjöf, og sé ég því enga ástæðu til, að öðruvísi sé í þessari löggjöf.

Viðvíkjandi einstaka atriði skal ég viðurkenna, að þau þarf að taka til rækilegrar athugunar, og það er sjálfsagt að taka allar góðar bendingar til greina. Ég endurtek enn einu sinni, að ég tel ekki frv. „absolut" það rétta í málinu. Hv. þm. Borgf. var eitthvað að tala um, hverjir flyttu frv. Eins og þm. veit, er það borið fram af skyldu. Það er ekki stjórnarfrv. og ekki borið fram af minni hendi; það er eingöngu fram komið vegna þál., sem samþ. var á síðasta þingi. Þetta var því skylda stj., sem hún gat ekki brugðizt. Ég bað engan þm. að flytja frv. Ég lét prenta það sem handrit, og lagði fyrir allshn., en út af fyrir sig var mér sama, hvort hún flutti það eða ekki.

**Finnur Jónsson:** Það er nú orðið upplýst af ræðu hæstv. dómsmrh., að þetta frv. er föðurlaus aumingi, sem illu heilli hefir villzt hér inn á Alþingi. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa óánægju minni yfir útbúningi þessa frv. Atkvæðagreiðslan, sem fram fór í okt. 1933, var ekkert annað en skrípaleikur, skrípamynd af þjóðaratkvæði, þar sem ¼ hluti þjóðarinnar gr. atkv.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði þessa frv., en vildi aðeins benda á, þar sem hæstv. dómsmrh. talaði um skýlausan rétt bæjarfélaganna að ákveða um söluleyfi, að þetta er alls ekki rétt. Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að leyfa útsölu sterkra drykkja alstaðar þar, sem útsala Spánarvína er nú. Ég veit ekki betur en Spánarvínaútsala sé í öllum kaupstöðum landsins, nema Neskaupstað. Sjálfsákvörðunarréttur bæjarfélaganna nær því í þessu tilfelli aðeins til 1 kaupstaðarins, þrátt fyrir það, að ýmsir hinna kaupstaðanna, t. d. sá kaupstaður, sem ég er hér þm. fyrir, Ísafjörður,

hafi lýst sig ákveðið mótfallna sterkum drykkjum. Ég vænti þess, að taka megi orð hæstv. dómsmrh. trúanleg um, að hann muni fylgja hverri till., sem til bóta er flutt í þessu máli, og vænti því, að hann muni fylgja till., sem ég mun flytja um, að sjálfsákvörðunarréttur bæjarfél. fái að njóta sín einnig í þessu tilfelli.

Ég skil ákvæði frv. svo, að ráðh. megi veita veitingahúsum vínveitingaleyfi í þeim kaupstöðum, þar sem Spánarútsölur eru, en það er vitanlega líka brot á sjálfsákvörðunarrétti bæjarfélaganna, því þegar fyrst var farið að flytja Spánarvínin inn, var það vegna öflugra mótmæla bæjarstjórnanna, að veitingahúsin fengu ekki vínveitingaleyfi, nema í Rvík.

Ég hefi veitt því eftirtekt, að bílstjórar og flugmenn missa réttindi samkv. frv. þessu, ef þeir eru ölvaðir einu sinni, en skipstjórar mega vera ölvaðir við verk sitt allt að 3 sinnum án þess að missa réttindi. Ég horfði á það í sumar, að bát hvoldi á Ísafjarðardjúpi með 8 eða 9 mönnum, en fyrir sérstaka heppni og af því stillilogn var, þá björguðust allir, nema ein gömul kona. Slysið vildi til, skilyrðislaust, vegna þess að skipstjórinn, eða sá, sem stýrði bátnum, var undir áhrifum víns. Samkv. þessu frv. er ekki hægt að svipta þennan stýrimann formannsréttindum. En ef það hefði verið bílstjóri, sem hefði sent gömlu konuna inn í annan heim, hefði hann misst ökuleyfi æfilangt. Í þessu er geysilegt ósamræmi, sem verður að breyta, ef nokkurt samræmi á að vera í hegningarákvæðum þessara laga.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Út af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að frv. þetta væri ekki hans verk, vil ég leyfa mér að benda á það, sem hv. allshn. hefir sett í upphaf grg. með frv., því að þar standa þessi orð, með leyfi hæstv. forseta: „Frumvarp þetta er, eftir tilmælum dómsmálaráðherra, flutt af allsherjarnefnd“ o. s. frv. Það er kunnugt, að upptök þessa máls voru þau, að síðasta Alþ. fól ríkisstj. að undirbúa frv. um þetta efni, en lagði engar hömlur á það, hvernig það yrði gert, t. d. tók ekkert fram um framkvæmdaatriði frv. Það, að hæstv. dómsmrh. vann ekki sjálfur að samningu frv., skapar honum þó enga aðstöðu til að neita faðerni þess. Ef hann hefði ekki tekið það að sér sem sitt frv., þá hefði hv. allshn. ekki getað flutt það. Því að ef hæstv. dómsmrh. hefði verið óánægður með frv., þá hefði hann getað látið allshn. breyta því. Þetta er það, sem alltaf hefir gilt á okkar þingi.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það kemur þessu máli út af fyrir sig ekki við, hvort frv. þetta er stjfrv. eða ekki, og get ég því ekki farið að karpa neitt um það. Ég hefi lýst því yfir og mun standa við það, að ég er því í höfuðatriðum fylgjandi. Það stendur öðruvísi á um þetta frv. en mörg önnur, því að það var beinlínis lagt fyrir stj. að búa frv. út um þetta efni. Stj. hefir ekki haft önnur afskipti af þessu máli en að skipa n. til að semja frv.

Hv. þm. Ísaf. minntist á sjálfsákvörðunarrétt bæjanna og hélt því fram, að það væri eðlilegast að láta þá hafa ákvörðunarrétt um það, hvort sala sterkra drykkja skyldi vera leyfð í þeim eða ekki. Þetta er atriði, sem deila má um. En mín skoðun um þetta efni er sú, að ef leyfa á útsölu Spánarvína í einhverjum kaupstað, þá mundi það verða vatn á mylnu bruggaranna í þeim sama bæ og skipa, sem þangað koma. Ég álít, að ef á að verja bæina fyrir heimabruggun, þá væri bezt að leyfa þar hvorki sölu Spánarvína eða sterkra drykkja.

Viðvíkjandi útsölum á vínum í kaupstöðum mun það vera réttur skilningur á ákvæðum frv. hjá hv. þm. Ísaf., að dómsmrh. sé heimilt að ákveða vínsölustaði í kaupstöðum, þar sem fyrir eru leyfilegar veitingar Spánarvína.

Um hitt atriðið mætti deila talsvert, hvort það er réttlátt að láta bæina hafa ákvörðunarrétt um það, hvort vín mætti selja í þeim eða ekki án samþykkis bæjarstj. Þetta atriði málsins tel ég rétt og sjálfsagt, að athugað verði í n.

Í 20. gr. frv. er nýmæli, sem hefði átt að vera búið að lögfesta fyrir löngu, að hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins, eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skuli sæta refsingu, og að þriðja brot varði frávikningu úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef um miklar sakir er að ræða, og að læknir í síðastnefndu tilfelli missi embætti sitt og lækningaleyfi. Þetta hefi ég sett inn í frv., því að það er mín skoðun, að þeir, sem vín drekka að staðaldri, eigi ekki að vera í opinberum stöðum. Þetta ákvæði í frv. er náttúrlega nokkuð strangt.

Hv. þm. minntist einnig á 22. gr. frv., sem kveður á um refsingar vegna ölvunar skipstjóra, stýrimanna, bátaformanna og vélstjóra við störf þeirra. Það getur auðvitað verið álitamál, hve strangt þetta ákvæði skuli vera. Það mætti athuga, hvort ekki væri rétt, að þessir menn misstu stöðuna við annað brot. En um samanburð hv. þm. á störfum þessara manna og á störfum bifreiðastjóra er það að segja, að hvergi er nálægt því eins hættulegt, að menn séu ölvaðir við sín störf eins og við bifreiðastjórn, og í löggjöf annara þjóða, t. d. Englendinga, eru ákaflega ströng refsiákvæði gegn ölvun við það starf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:4 atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 110, 276, 411).

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Þegar frv. þetta var flutt af allshn., þá óskildu nefndarmenn sér rétt til að gera brtt. við það, og við hv. 1. landsk. höfum komið fram með brtt. við það á þskj. 276, sem ég vil gera nokkra grein fyrir.

Brtt. okkar gerir ráð fyrir, að 2. gr. frv. falli burt. Þessi gr. hljóðar um það, að Alþingi geti með sérstökum lögum heimilað tilbúning áfengs öls á Íslandi. Við flm. brtt. álítum, að óþarft sé að lögfesta loforðagrein um, að Alþ. geti breytt áfengisl., sem það hefir hvort sem er rétt til að gera á hvaða tíma sem er. — 2. gr. brtt. er í samræmi við þetta.

3. gr. brtt. er sú orðabreyt., að í stað orðanna „og gæðum“ komi: og innkaupsverði. — Um gæði víns í einstökum tilfellum er kannske erfitt að segja, en innkaupsverð er ávallt hægt að ákveða.

Þá kemur allmikil brtt. við 10. gr. frv. Hún er í stuttu máli á þá leið, að heimilt er að selja þessa sterku drykki á þeim stöðum, þar sem einkasalan nú hefir útsölu vína, en annarsstaðar ekki. Í öðru lagi gerir þessi liður brtt. ráð fyrir, að gengið verði alveg framhjá því atkvæðagreiðsluákvæði, sem 10. frvgr. gerir ráð fyrir. Við lítum svo á, að frv. þetta til áfengisl. sé í raun og veru afleiðing af ástandi, sem skapazt hefir við það, að leyfður var hér innflutningur og sala Spánarvína, og að því sé ekki ástæða til að hafa útsölustaði vína annarsstaðar en þar, sem þeir eru nú. Svo hefir verið litið á af hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþ., að útsölustaði þessa verði að hafa þar, sem þeir nú eru. En að fara að setja upp slíka útsölustaði á fleiri stöðum, jafnvel þó samþykki til þess hafi fengizt með atkvgr., sem um getur í frv., það álítum við ekki rétt.

Þá eru brtt. við 11. gr. frv. Við 1. lið 11. gr. er gerð sú brtt., að smáskammtalæknar, sem lækningaleyfi hafa samkv. l., þurfi að láta fylgja pöntunum til áfengisverzlunarinnar meðmæli frá landlækni, auk þess, sem í frv. er gert ráð fyrir, að þeim pöntunum verði að fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra, til þess að þeim sé heimilt að selja smáskammtalyf með vínanda í.

Við 3. tölul. 11. gr. frv. er gerð sú brtt., að hann orðist um og verði þannig:

„Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annara verklegra nota“.

Aftur á móti er gert ráð fyrir því í frv., að sala slíks vínanda skuli lúta sömu reglum og um venjulegar verzlunarvörur gilda.

Við 13. frvgr. eru allmiklar brtt. Fyrsta brtt. við þá gr. er sú, að áfengisbúðir skuli vera lokaðar á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða, allan daginn, og til hádegis næsta virkan dag á eftir, í staðinn fyrir að í frv. er ákveðið, að áfengisbúðir skuli vera lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag.

2. liður þessarar 7. brtt., b-liður, er um, að lögreglustjórum skuli vera heimilt að loka útsölueða veitingastað vína fyrirvaralaust um einn eða fleiri daga, þegar þeim virðist ástæða til. Þetta álítum við nauðsynlegt, til þess að hægt sé að draga úr hættu á, að drykkjuskapur gangi svo úr hófi fram, að óspektum gæti valdið vissa daga, eins og t. d. kosningadaga. Þetta hefir verið framkvæmt, en okkur virtist rétt að setja í l. heimild til þessa.

Þá viljum við með c-lið 7. brtt., að fastákveðið verði það álag, sem á vínin er sett, og að dómsmrh. ákveði í reglugerð sölulaunin í útsölum, mismunandi í hinum ýmsu útsölustöðum og veitingastöðum eftir ástæðum, og sé þar miðað við, að sölulaunin fari ekki fram úr vissu hundraðsgjaldi á hverjum stað.

Þá er tekið fram í d-lið 7. brtt. okkar, að áfengisverzlun ríkisins og útsölustöðum hennar skuli vera óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu. Lánsverzlun með þessar vörur álítum við ótilhlýðilega.

8. tölul. brtt. er orðabreyt., um að í stað orðanna „um óleyfilega sölu áfengis“ í 14. frvgr. komi: um óleyfilega sölu eða aðra óleyfilega meðferð áfengis.

Þá er 9. tölul. brtt. við 23. frvgr., um að ef slys verður af völdum ölvaðs flugmanns eða bifreiðastjóra á öðrum mönnum, þá skuli það jafnan varða missi flug- eða ökuskírteinis fyrir fullt og allt. Þessi ákvæði viljum við þannig herða frá því, sem nú er. — Hv. 3. landsk. hefir einnig komið með brtt. við þessa 23. gr. frv., á þskj. 411, sem hann mun gera grein fyrir og ég er samþykkur.

Þá kemur hér ný gr., sem við vildum setja í l., um það, að ef vafi leikur á því, hvort sakborningur samkv. þessum kafla, 23. gr., hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar slysið vildi til, þá skuli úr því skorið með blóðrannsókn, er læknir framkvæmi. Sú aðferð er óruggust, því að á annan hátt er ekki hægt að vita fullkomlega fyrir víst um þetta.

Loks viljum við bæta inn í áfengisl. kafla, sem er um áfengisvarnir, og að þar sé 24. gr. þannig:

„Ráðherra skal skipa sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum, að fengnum tillögum frá þeim bindindisfélögum, sem njóta opinbers styrks“.

25. gr. í þessum kafla er þannig:

„Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, 7 manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin skal skipuð 9 mönnum. Áfengismálaráðunautur skipar formenn nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndirnar kosnar af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum, með hlutfallskosningu. Kjörtími nefndarmanna er 4 ár í senn. Nefndarstarfið er ólaunað, en borgaraleg skylda að taka við kosningu yfir eitt kjörtímabil.

Verksvið nefndanna skal ákveðið með reglugerð, sem ráðherra gefur út. Áfengismálaráðunautur hefir umsjón með framkvæmd hennar“.

Þessi nefnd á svo að hafa svipað hlutverk á sínu sviði og barnaverndarnefndir hafa viðvíkjandi börnum, að vara menn á ýmsan hátt við ofnautn áfengis.

Þá er 26. gr. um, að ráðh. skuli með reglugerð setja ákvæði um fræðslu í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, um skaðleg áhrif áfengisnautnar.

Ég vil að síðustu geta þess, að þessar brtt., sem komnar eru hér fram frá okkur tveimur

þm., eru a. n. l. samdar í samráði við þá menn, sem sérstaklega hafa starfað að þessum málum innan okkar flokks, en þó er till. þeirra manna að sumu leyti breytt.

**Páll Þorbjarnarson:** Á þskj. 411 er brtt. við 23. gr. frv. til áfengisl., sem fer í þá átt, að aftan við 23. gr. bætist svo hljóðandi gr.:

„Verði slys af völdum ölvaðs flugmanns, bifreiðarstjóra, skipstjóra eða stýrimanns á öðrum mönnum, skal það jafnan varða missi flug-, öku-, skipstjóra- eða stýrimannsskírteinis fyrir fullt og allt."

Mér fannst rétt að taka nokkuð fleiri menn undir þetta ákvæði, sem líkt stendur á um og þá, sem um getur í brtt. á þskj. 276, tölulið 9, og þess vegna hefi ég komið fram með þessa brtt. á þskj. 411, sem tekur einnig skipstjóra og stýrimenn undir þetta ákvæði.

Þau dæmi, að bifreiðastjórar og flugmenn valdi slíkum slysum á mönnum, munu einnig vera til hliðstæð um þessa menn, og er því ástæða til þeirrar breyt., að þessir menn verði teknir undir sömu lög.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ég hafði búizt við því, að hv. þm. Barð., sem er frsm. allshn., myndi taka til máls. En þar sem hann er ekki í d., þá ætla ég að tala dálítið um þær brtt. við frv., sem fluttar hafa verið. Það eru brtt. hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk., sem ég ætla að minnast nokkuð á. Það er þá 1. brtt., sem er um það, að fella burt 2. gr. frv., en hún er um það, að ef sett eru l. um tilbúning áfengs öls, þá séu þau undanþegin ákvæðum þessara l. Ég sé enga ástæðu til að fella þetta burt. Þeir, sem eru hræddir við framleiðslu sterks öls, hafa ekkert að óttast, þó gr. standi. Hún tekur einmitt fram, að til þessa þurfi sérstök lagaákvæði, og þá leiðir það af sjálfu sér, að þau lagaákvæði eru undanþegin ákvæðum þessara l. Það er því eðlilegt, að gr. standi óbreytt, og á þá 2. brtt. einnig að falla.

3. brtt. er um verðlag á vínunum. Þeir vilja, að í stað orðanna „og gæðum" komi: og innkaupsverði. — Ég sé ekki, að neitt sé á móti því að ákveða verð á þessari vöru eins og annari eftir gæðum, og þá auðvitað líka eftir innkaupsverði. En hér finnst mér, að vanti í frv. ákvæði um hámarksálagningu. En það má e. t. v. koma því inn í frv. við 3. umr., hvað mikil álagning má vera á vínunum.

Í sambandi við 10. gr. er brtt. um það, að útiloka að settir séu á stofn útsölustaðir áfengra drykkja annarsstaðar en þar, sem þeir nú eru, og fella þá burt 2. og 3. málsgr. Mér finnst eðlilegt, að landsmenn hafi sjálfir ákvörðunarrétt um þetta. Þeir, sem hafa greitt atkv. um það, hvort afnema ætti bannlögin eða ekki, hafa látið skoðun sína í ljós á báðum stöðunum. Þessi l. eru í raun og veru áframhald af þeirri atkvgr., og því fullt samræmi í því að leyfa kaupstöðum eða sveitarfélögum að ákveða sjálf, hvort þau vilji leyfa, að útsölustaðir séu settir á stofn. Eftir frv. þarf ríflegan meiri hl., eða ⅗, til þess að leyfa útsölustaði. Ég sé ekki, hvers vegna á að banna útsölustaði sumstaðar, en leyfa þá annarsstaðar. Margir hafa komið með þau rök, að frjáls sala áfengra drykkja myndi útrýma heimabrugginu. En ég sé ekki, að það geti komið til greina, ef sala er eingöngu leyfð í örfáum kaupstöðum. Hinir landshlutarnir eru þá útilokaðir frá því að afla sér þessara drykkja, nema flytja þá langt að. Ég get ekki skilið, að þeir, sem búa utan útsölustaða, hafi ekki einhver ráð að ná í það, ef þeir hafa hug á því að afla sér þessara drykkja. En þetta gæti valdið því, að menn keyptu hættulega drykki og að heimabruggið legðist ekki niður. Mér finnst það eðlilegt, að sveitarfélög og kaupstaðir ráði þessu. Ég sé ekki neitt til fyrirstöðu því, að brtt. við 11. gr. sé samþ.

Viðvíkjandi brtt. við 13. gr. skal ég segja það, að mér finnst óþarft að taka það svona sundurliðað. Í gr. er dómsmrh. veitt heimild til þess að setja reglugerð um sölu vína. Honum er því heimilt að setja þær takmarkanir, sem þurfa þykir. Það getur orðið ágreiningur um, hvernig framkvæma eigi þau atriði, sem felast í brtt., og er því ekki rétt að setja löggjöf um það, heldur að veita dómsmrh. heimild til þess að setja reglugerð um það efni. 8. brtt. er ekki efnisbreyting, heldur einungis viðbót, og sé ég ekki, að það skipti neinu máli. 9. brtt. er við 23. gr. l. og er um það, að aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi: „Verði slys af völdum ölvaðs flugmanns eða bifreiðarstjóra á öðrum mönnum, skal það jafnan varða missi flug- eða ökuskírteinis fyrir fullt og allt." Ég verð að segja það, að við höfum reynslu fyrir því, hvernig þetta ákvæði getur komið niður. Í vissum tilfellum hefir það komið fyrir, að mönnum, sem sviptir hafa verið ökuleyfi æfilangt, hefir verið veitt náðun og þeir fengið réttindi sín aftur. Það er varhugavert að setja gr. eins einstrengingslega og gert er í brtt. Mér finnst eðlilegra að orða þetta eins og er í frvgr. Það á auðvitað að banna það algerlega, að bifreiðarstjórar séu undir áhrifum víns, og svo vil ég að verði hafður stigmunur á brotunum, og að 1. brot varði missi ökuskírteinis um ákveðinn tíma, og að fullu og öllu, ef um miklar sakir er að ræða. Þessi gr. gripur alveg yfir það, að ef slys verður á mönnum vegna ölvunar, þá verður það að teljast svo stórt brot, að sá bifreiðarstjóri, sem valdur er að því, hlýtur að missa ökuréttindi æfilangt. Mér finnst, að tilgangurinn náist betur, ef það er orðað eins og í frvgr. Hinsvegar skal ég játa, að ég veit um tilfelli, þar sem menn hafa verið dæmdir í þungar refsingar, þ. e. missi ökuskírteinis æfilangt — en það er þung refsing fyrir þann, sem ekki kann annað verk — einungis vegna þess, að þeir höfðu neytt dálítils víns, og ef til vill með þeim, sem þeir óku í bíl sínum. Þessir menn voru ekki drukknir, heldur voru þeir undir áhrifum víns einungis að því leyti, að þeir höfðu bragðað vín. Ég get nefnt eitt dæmi um þetta. Maður nokkur hér í Rvík tók tvo menn í bíl sinn, og var með þá frá kl. 9½ um kvöldið og þangað til kl. 5 um morguninn. Hann fór um nóttina inn til annars mannsins og neytti þar eins glass af víni. Hann var tekinn, og það af einstakri tilviljun, vegna þess að bíll hans var á óleyfilegum stað. Þetta

var annað brot hjá honum, og missti hann því ökuleyfi æfilangt. Ég varði þetta mál í hæstarétti og er því vel kunnugur. Þessi maður var giftur og átti 4 börn. Ég nefni þetta sem dæmi um það, að l. geta komið hart niður. Mér finnst því ekki ástæða til þess að samþ. brtt. og tel rétt að hafa það eins og er í frv.

Viðvíkjandi 10. brtt., sem er um það, að ef vafi leikur á því, að sakborningur sé undir áhrifum víns, skal úr því skorið með blóðrannsókn, sem læknir framkvæmir. Ég er samþ. þessari brtt., en álít, að hún gangi of skammt. Sá, sem ákærður er, á að eiga undir öllum kringumstæðum rétt á því, að hann sé leiddur til læknis, sem prófar, hvort hann er undir áhrifum víns eða ekki. Það hefir orðið ágreiningur út af þessu og vitnaleiðslur farið fram, þar sem sumir hafa svarið, að maðurinn hafi verið undir áhrifum víns, en aðrir aftur á móti, að hann hafi ekki verið það. En ég veit ekki um neitt tilfelli, þar sem farið hefir verið með manninn til læknis, til þess að láta hann skera úr um þetta. En það er auðvitað beinasta leiðin. Brtt. ganga of skammt. Það á að veita sakborningi skilyrðislausan rétt til þess að krefjast læknisskoðunar.

Um 7. kaflann skal ég ekki ræða. Það er afarviðkvæmt mál, hvernig bezt er að koma fyrir vörnum gegn því, að drykkjuskapur breiðist út, eða fræða menn um hættur þær, sem ofnautn áfengis hefir í för með sér. Ég tel, að margir menn hér í þessari hv. d., sem starfað hafa mikið að bindindismálum, séu færari en ég til þess að koma með viturlegar till. um það efni. En þó að ég sé fylgjandi löggjöf, sem heimilar sölu áfengra drykkja, þá vil ég styðja alla viðleitni í þá átt að varna því, að drykkjuskapur breiðist út.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Það eru nú komnar fram brtt. á þskj. 276, sem miða að því að bæta úr verstu agnúunum, sem ég drap á við 1. umr. að væri á frv., a. m. k. frá sjónarmiði bindindismanna. Ég skal taka það fram viðvíkjandi sumum þeim brtt., er liggja hér fyrir, að þó að þær stefni að því sama marki, sem ég taldi æskilegt, þá er það með öðrum hætti en ég taldi æskilegt. Sérstaklega á ég þar við brtt. við 10. gr., þar sem gert er ráð fyrir að ákveða með löggjöf, að útsölustaðir séu eigi settir nema þar, sem þeir eru nú. Það er vitanlega nauðsyn að reisa hér við rammar skorður, en ég taldi réttara að fara þá leið, að takmarkanirnar kæmu frá þeim mönnum, er búa á hverjum stað. Að þessu leyti var ég samþykkur þeim ákvæðum frv., er að þessu lúta, svo langt sem þau náðu. Ég taldi það rétt, að allir kosningabærir menn á útsölustöðunum fengju færi á að ákveða, hvort sterka drykki skyldi selja þar. Ég gat því sætt mig við þau ákvæði frv., er lutu að útsölustöðunum. Ég vil gera fólkið ábyrgt fyrir því, hvort útsölu skuli leyfa, og þá um leið ábyrgt fyrir afleiðingunum. Því hefir verið haldið fram, að takmarkanir í þessu efni leiddu af sér leynisölu, og skal ég játa, að nokkuð kann að vera til í því. En það leiðir engan veginn af sér, að eigi megi setja ákvæði til þess að hamla upp á móti hættunni, en slík ákvæði skortir enn bæði í frv. og brtt. Ég mun síðar minnast á það, er til verndar gæti orðið í þessu efni.

Ég álít þá leið, er farin er í frv. viðvíkjandi nýjum útsölustöðum, heppilegri en þá, að banna þá með lögum. Ég er viss um það, að með þeim meiri hl., sem frv. krefst — ⅔ hlutar greiddra atkvæða, til þess að útsala sé leyfð — verður það bannað í flestum tilfellum. Þar, sem útsala yrði leyfð, bera þeir menn um leið ábyrgðina, og sýna þá fremur viðleitni í þá átt að sporna við illum afleiðingum þessarar ráðstöfunar.

Með þessum brtt., er liggja hér fyrir, er bætt úr einum stærsta ágallanum, sem var á frv. eins og það kom frá n. og hæstv. stjórn, og á ég þar við ákvæðin í 12. gr. frv., þar sem engar hömlur voru settar við vínveitingaleyfi til veitingahúsa í kaupstöðum. Aftur á móti eru í brtt. reistar rammar skorður við þessu, þar sem ráðh. er aðeins veitt heimild til að leyfa einu veitingahúsi í Rvík veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja. Enda má það ekki ná lengra en þetta. Því að svo skaðlegar sem útsölur vínanna yrðu sjálfar á þeim stöðum, sem þær væru leyfðar, þá mundu ótal veitingaleiðir liggja út frá þeim, víðsvegar um landið, og skapa þeim mönnum óteljandi möguleika, sem vilja svala drykkjufýsninni og fá óskir sínar uppfylltar í þeim efnum. Þá eru ennfremur teknar upp í brtt. við 13. gr. frv. frekari varnir gegn þessu, þar sem svo er ákveðið, að ráðh. skuli í reglugerð setja fyrirmæli um ýms framkvæmdaatriði um útsölu og veitingu vína, og reisa því á þann hátt rammari skorður. Í frv. er þetta að mestu leyti lagt í vald ráðh., hversu langt eða skammt skuli farið í þessu efni. En samkv. brtt. er aftur á móti ákveðið, hvaða takmarkanir ráðh. skuli skylt að setja í reglugerð. Þær stefna yfirleitt allar að því að draga sem mest úr vinnautninni og reisa skorður við þeim nýja vínstraum, sem nú á að veita inn í landið og flestir munu sammála um, að hefir alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Ég býst við, að það myndi veita þjóðinni enn meira öryggi, ef tekin væru inn í frv. fleiri slík ákvæði, sem ráðherra væri skylt að setja í reglugerð, því að allt stefnir það í rétta átt, sem ákveðið er í brtt. En hvað c-lið brtt. snertir, þar sem tiltekið er, að sölulaun áfengis í útsölum og á veitingastað megi aldrei fara fram úr ákveðnu hundraðsgjaldi, þá álít ég fulla ástæðu til að ákveða í þeim lið hámarksálagningu, sem sett verði að skilyrði fyrir veitingaleyfi, og að veitingahúsin skuli bundin við að fylgja því.

Mér er sagt, að það veitingahús hér í Rvík, sem hefir vínveitingaleyfi, hafi fengið 33% afslátt á verði þeirra vína, sem það hefir til útsölu, og verð ég að telja það allt of langt gengið, að gefa svo há sölulaun og hvetja það á þann hátt til að selja sem mest af víni. Þar sem ⅓ af andvirði vína frá áfengisverzlun ríkisins fellur í skaut þeirra, sem hafa útsöluleyfi, þá tel ég, að með því sé óþarflega mikið dregið frá tekjum ríkissjóðs af víninu og auk þess ýtt óhæfilega mikið á eftir útsölumönnum að selja sem mest af vínum. Ég álít, að það megi í lög-

unum ákveða hámarksálagningu á heildsöluverð vína á útsölustöðum, sem þó væri hvergi eins hátt og viðgengizt hefir hér undanfarið, enda alveg þarflaust að skerða svo mjög tekjur ríkissjóðs af víninu, svo illt og bölvað sem það er, að ríkið hafi vínsölu að tekjugrein. Hér er um að ræða alveg áhættulaus viðskipti fyrir útsölumenn vínanna, þar sem afhending á þeim fer fram gegn staðgreiðslu út í hönd. Ég mun við 3. umr. flytja brtt. við þennan lið, sem ákveður hámark sölulauna til þeirra, sem hafa á hendi útsölu áfengis fyrir ríkissjóð.

Þá skal ég minnast á það, sem ég raunar drap á við 1. umr. málsins og engin brtt. hefir enn komið fram um, en það er, að löggæzlumönnum og hreppstjórum, sem eiga að hafa á hendi eftirlitið með framkvæmd þessara laga, sé veitt víðtækara vald en gert er í frv. til að gera húsrannsóknir, þar sem grunur leikur á um tilbúning og bruggun óleyfilegs áfengis. Ég deildi þá allmikið um þetta við hæstv. dómsmrh., og virtist mér engin gild rök koma fram frá honum gegn því, að löggæzlumönnum væri fengið víðtækara vald í þessu efni. Ég hélt því fram, að það væri ekki fær leið fyrir löggæzlumenn að koma upp um brot á áfengislögunum, ef þeir þyrftu um langan veg að sækja til hlutaðeigandi lögreglustjóra. Og engin rök hafa komið fram gegn því, að þessir menn fái að hafa fullkomið rannsóknarvald. Enda mun það sannast, að ekki verður síður ástæða til að eiga í höggi við heimabruggið og launsöluna eftir en áður, að slík lög, sem hér liggja fyrir, eru gengin í gildi. Reynslan mun leiða það í ljós, að baráttan við bruggarana verður mun erfiðari en áður. Og allar vonir andbanninga um, að með innflutningi og sölu sterkra drykkja verði auðveldara að uppræta bruggarana, munu fyrirsjáanlega gersamlega bregðast. Þess vegna mega þær ekki hamla löggjafarvaldinu frá að lögfesta hinar fullkomnustu öryggisráðstafanir til þess að halda áfram og styrkja baráttuna gegn bruggurunum.

Þá vil ég ennfremur benda á, að það vantar alveg inn í frv. ákvæði um, að haft sé eftirlit með vöruflutningum hinna ýmsu farartækja í landinu. Því hefir verið haldið fram, að því færri sem útsölustaðir vínanna væru, því meiri freisting væri fyrir menn að flytja vínið um langan veg og milli héraða, enda myndi það greiða fyrir launsölum. En þar sem allir virðast sammála um, að rétt sé að hafa ströng ákvæði um útsölu vínsins, þá vona ég, að einhver af hv. þdm. flytji brtt. við frv. um þetta efni. Í umr. um þetta frv. hér í þd. virðist engin rödd koma fram um að útsölu vína sé dreift sem víðast um landið, þó að það heyrist ótæpt í ræðum sumra manna utanþings, í útvarpinu og víðar. Af því mætti draga þá ályktun, að allir hv. þdm. vilji vera þátttakendur í því að reisa öflugar hömlur gegn launsölum vína í landinu. Og eitt fyrsta atriðið, sem þá kemur til greina, er, að haft sé strangt eftirlit með því, að vín verði ekki flutt óleyfilega í bílum út um land. Skortir mjög á, að í frv. séu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir í þessu efni. Að vísu er svo um mælt í 17. gr. frv., að sérstakir löggæzlumenn og hreppstjórar hafi vald til að rannsaka flutningatæki, þar á meðal bifreiðar og vagna. Þetta er að vísu gott, það sem það nær. En hér þarf frekari aðgerða við. Það verður beinlínis að stemma stigu fyrir því með reglugerðarákvæði, að vín verði flutt með bifreiðum, nema frá áfengisverzluninni til útsölustaðanna. Enda skulu þær vínsendingar vera í tryggum umbúðum og innsiglaðar með merki áfengisverzlunarinnar. Ákvæði um þetta vantar í frv. og þær brtt., sem fyrir liggja frá hv. minni hl. allshn., og verður því að koma því inn í lögin við 3. umr. Það verður einnig að athuga fleiri möguleika til að sporna við því, að launsölustaðir áfengis verði reistir úti um land.

Kem ég þá að öðru atriði, sem ekki eru reistar skorður við í frv., en það er, að skikkanlegir borgarar verði fyrir óþægindum og áreitni af ölvuðum mönnum, sem þeir eru máske neyddir til að ferðast með í bifreiðum eða öðrum farartækjum. Getur það oft valdið leiðindum og jafnvel slysum, ef mikið ölvaðir menn fá að ferðast í bifreiðum og verða bifreiðarstjórum til trafala, án þess að nokkur ráðstöfun sé gerð til þess að losa samferðafólkið við þá. Í frv. er engin ákvörðun um slíkt, en það verður að búa svo um, að ölvaðir menn geti ekki fengið far með öðru fólki í bifreiðum eða valdið þar óþægindum; því fremur sem það er eina öryggisráðstöfunin gegn því, að bifreiðarstjórum stafi hætta af þeim við sitt ábyrgðarmikla starf.

Það hefir mikið verið rætt um refsiákvæði gegn því, ef bílstjórar og þeir, sem stýra flugvélum, yrðu vegna ölvunar valdir að slysum og tjóni fyrir farþega, sem með þeim ferðast. Ég skal játa, að orðalag á brtt. hv. minni hl. allshn. um það atriði er sízt til bóta, og felli ég mig raunar betur við orðalag frvgr. um það efni. Það er vitanlega engu síður nauðsynlegt að lögfesta refsiákvæði gegn því, að ölvaðir menn stýri skipum og flugvélum, enda mun nú þegar vera fram komin brtt. um það frá hv. 3. landsk., að ég ætla.

Ég hygg það hafi verið hv. 8. landsk., sem talaði fyrir hönd þess hluta hv. allshn., sem ekki flytur neinar brtt. við frv. og virðist sætta sig við, að það verði samþ. óbreytt. Hann minntist á þá brtt. hv. minni hl., sem gerir ráð fyrir því, að 2. gr. verði felld úr frv. — Ég tók það skýrt fram við 1. umr. málsins, að þessi grein ætti alls ekki heima í frv., hvernig sem á málið væri litið. Það felst í henni nokkurskonar fyrirheit til þeirra manna, sem hafa áhuga á því að brugga áfengt öl hér á landi. Ég vil ekki gefa þeim neitt fyrirheit um það, og hvað sem um það mál má segja að öðru leyti, þá á þessi grein að falla úr frv. Það er sjálfsagt ekki meining þeirra, sem standa að þessu frv., að jafnframt því, sem leyft er að flytja sterka drykki inn í landið, skuli banna að flytja inn áfengt öl. Og þá er vitanlega engin ástæða til að brugga áfengt öl í landinu. Annars vil ég í þessu sambandi benda á, að reynslan hefir leitt það í ljós, bæði hér á landi og annarsstaðar, þegar öl hefir verið bæði á áfengu öli og sterkum drykkjum, að leiðin til vínhneigðar og drykkjuskaparóreglu var sú, að unglingarnir byrjuðu á

að drekka áfengt öl, og komust þannig í kynni við ölvunaráhrif vínsins. Svo leiddust þeir stig af stigi. Leiddist að bíða eftir áhrifum af öldrykkjunni, vildu njóta þeirra sem fyrst, og fóru þá að drekka sterku drykkina. En áfenga ölið vakti hjá þeim drykkjufýsnina. Með hliðsjón af þessari reynslu hafa bindindismenn hér á landi og annarsstaðar beitt sér á móti því, að áfengt öl yrði leyft til drykkjar. Þess vegna er það síður en svo æskilegt að fá það í stríðum straumum um landið, enda þótt það verði ofan á að leyfa innflutning á sterkum drykkjum. Mörgum hrís hugur við þeim afleiðingum, sem stafa af bruggun áfengs öls í landinu og innflutningi þess; það er því fullkomin ástæða til að reisa skorður við því, en þær vantar algerlega í frv. — Ég álít það mikinn galla á frv., en vitanlega má úr því bæta. Og vil ég beina því til hv. 8. landsk., ef hann vill vera sjálfum sér samkvæmur og sporna við því, að unglingar tælist til drykkjuskapar, þá hlýtur hann að vera mótfallinn innflutningi á áfengu öli, því að það er hættulegast, fyrst og fremst fyrir unga fólkið, eins og ég hefi áður lýst. Þess vegna vænti ég þess fastlega, að hv. 8. landsk. rétti mér hönd sína til stuðnings í þessu efni. (GÞ: Ég er til með að flytja brtt. með hv. þm. í þá átt við 3. umr.). Ég þakka kærlega fyrir og mun þiggja stuðning hv. þm.

Í brtt. hv. minni hl. allshn. er gert ráð fyrir að setja nýjan kafla inn í frv., sem felur það í sér m. a., að ráðh. skipi sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum, að fengnum till. frá þeim bindindisfélögum, sem njóta opinbers styrks. Í sambandi við þessa brtt. vil ég láta þá skoðun mína í ljós, að ég er síður en svo mótfallinn því, að skipaður verði ráðunautur til aðstoðar stj., ef hann er áhrifamaður á þessu sviði. Ég álít sjálfsagt að nefna þann aðila til þessa hlutverks, sem er fulltrúi þeirra bindindisfélaga, sem um ræðir í brtt., en það er vitanlega stórtemplar. Hann nýtur að sjálfsögðu hins mesta trausts hjá þeim einstaklingum og félögum, sem vinna á móti áfengisnautninni í landinu, og ætti hann því að vera sjálfkjörinn í þessa stöðu sem samverkamaður ríkisstj., ef Alþingi vill fallast á þessa ráðstöfun. Það er sú minnsta krafa, sem bindindismenn í landinu geta gert til löggjafans á Alþingi, að stórtemplar verði gerður að samstarfsmanni stj. á þessu sviði. Ég mun við 3. umr. flytja brtt. í þá átt, hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki.

Ég mun bera fram brtt. um það, að stórritara verði falið þetta starf, og að hann verði ráðunautur dómsmrh. í áfengismálum. Viðvíkjandi þeim n., sem gert er ráð fyrir í þessum sama kafla eftir brtt., að skipaðar verði í hreppum og kaupstöðum, þá má vera, að þær geti komið að nokkru gagni, en rétt er að athuga það einnig fyrir 3. umr., hvort ekki færi betur að tengja þetta eitthvað við bindindisstarfsemina, sem fyrir kann að vera á staðnum, þar sem til slíkrar nefndarskipunar kemur, og að þeim sé gefið nokkurt íhlutunarvald um það, hvaða menn veljast til starfans. Því að gagnið af starfi þessara n. fer eftir því, hvort mennirnir eru áhugasamir um málið og líklegir til að geta unnið því eitthvert gagn. Og um það eru engir bærari að dæma en þeir menn, sem standa í fararbroddi bindindisins á hverjum tíma, en það eru hinir félagsbundnu bindindismenn. Það er mín skoðun, að eftir að búið er að breyta áfengislöggjöfinni í það horf, sem gert er ráð fyrir í frv., þá sé það, sem fyrst og fremst verður að byggja á til varnar í vínflóðinu, hin félagslega starfsemi bindindismannanna í landinu. Er alveg sjálfsagt að búa þetta í hendur hennar frá löggjafans hálfu, þannig, að þessi starfsemi eigi stoð í lögunum til að vinna sitt verk, þjóðfélaginu til blessunar. Og að því miða þær brtt., sem hér eru komnar fram, og auk þess brtt. við eitt af þeim atriðum, sem ég hefi nú þegar minnzt á, og væntanlega koma fram við 3. umr.

Að svo stöddu skal ég ekki fara lengra út í þetta mál, en ég vænti þess, að við megum treysta því, að þegar það spor verður stigið að breyta áfengislöggjöfinni eins og hér er gert ráð fyrir, þá skerist þeir menn ekki úr leik, sem breyt. hafa knúð fram, með það, að setja nú skynsamleg og nauðsynleg höft á vínnautnina, og heldur ekki um það, að styrkja þá starfsemi, sem nú verður að taka til óspilltra málanna í þessu efni, en veiti henni þann fjárhagslegan stuðning, sem nauðsynlegur er til þess að starfið geti borið árangur. Þeir geta verið vissir um, að á móti þeim styrk verður lagt fram svo mikið af starfi og kröftum, sem allt er byggt upp á óeigingjörnum grundvelli, að ekki hefir annað framlag sterkara komið á móti neinu því fjárframlagi, sem varið hefir verið úr ríkissjóði til nokkurs hlutar hér í okkar þjóðfélagi.

**Finnur Jónsson:** Mín afstaða til þessa máls er sú, að verða fyrst og fremst á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga í þinginu, vegna þess, að ég álít annað nauðsynlegra en að fara nú að veita sterkum drykkjum lítt hindrað inn í landið. En ég geri ráð fyrir, að þeir séu svo mannmargir hér, sem hlíta vilja hinni lélegu atkvgr. sem fram fór um þetta mál, að það nái samþykki, og þá er hið eina, sem ég og aðrir bannmenn geta gert hér í þinginu, að vera með öllum þeim brtt., sem til bóta horfa til þess að draga úr vínnautninni. Þær brtt., sem þegar eru fram komnar, miða nokkuð til bóta, en ég mun þó í félagi við einhverja aðra leggja fram brtt. til viðbótar fyrir 3. umr. málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Nd., 14. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 110, 276, 411).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 276,1 (2. gr. falli burt) samþ. með 21:8 atkv.

3.—6. gr. (verða 2.—5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 276,2 kom ekki til atkv.

7.—8. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 276,3 samþ. með 17 shlj. atkv.

9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 276,4.a felld með 19:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, EystJ, FJ, HV, MT, PZ, JörB.

nei: PHalld, SigfJ, SK, TT, BJ, BÁ, EmJ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, JG, ÓTh.

BB, GG greiddu ekki atkv.

Brtt. 276,4.b tekin aftur.

10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 20:2 atkv.

Brtt. 276,5.a samþ. með 17:4 atkv.

— 276,5.b samþ. með 19:10 atkv.

11. gr. (verður 10. gr.) svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 276,6 (ný 12. gr., verður 11. gr.) samþ. með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HannJ, HV, JS, JG, MT, ÓTh, PZ, PÞ, PHalld, PO, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, FJ, GG, GSv, JörB.

nei GTh, JakM, JJós, JÓl, JónP, SK, TT, BJ, GÞ, GÍ.

Einn þm. (EystJ) fjarstaddur.

Brtt. 276,7 felld með 15:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, MT, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, HV, JörB.

nei: JS, ÓTh, PHalld, SK, TT, BJ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ,[1]) JakM, JJós,[2]) JÓl, JónP.

PZ, BÁ, GG greiddu ekki atkv.

13. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 17:7 atkv.

Brtt. 276,8 samþ. með 17 shlj. atkv.

14. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

15.—18. gr. (verða 14.—17. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

19.—22. gr. (verða 18.—21. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 411 samþ. með 17:9 atkv.

— 276,9, svo breytt, samþ. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB.

nei: ÓTh,[3]) PHalld, SK, TT,[4]) ÁÁ, BJ, BÁ, GÞ, GSv,[5]) GÍ, GTh, HannJ, JJós,[6]) JÓl, JónP. JakM, JS[7]) greiddu ekki atkv.

23. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 17:4 atkv.

**Forseti (JörB):** Þá er næst 10. brtt. á þskj. 276.

**Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Þar sem ákvæði þessarar brtt. yrði í praksis óframkvæmanlegt hér á landi, með því að ógerlegt er í öllum slíkum tilfellum, sem hér geta komið til, að ná til læknis í tæka tíð, er geti framkvæmt tilheyrandi blóðrannsókn, og þar sem hér er í efni máls einskonar kollvörpun á áður viðteknum meginreglum, sem sé að vafinn á rannsókn komi til góða sakborning — in dubio pro reo, eins og annar hv. flm. till. mun bera skyn á —, en málefnið að öðru leyti interessant, þá vildi ég leyfa mér að óska þess, að brtt yrði tekin aftur til 3. umr.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég get ekki tekið aftur till. Ég sé ekki annað en þm. geti flutt brtt. við næstu umr., ef þessi nær samþykki. (**PO:** Er umr. lokið? — **Forseti:** Já, henni var lokið).

Brtt. 276,10 (ný gr. verður 23. gr.) samþ. með 18:7 atkv.

— 276,11 (VII. kafli, 24. gr.) felld með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, MT, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BB, EmJ, FJ, HV, JakM, JörB.

nei: ÓTh, PHalld, SK, TT,[1]) BJ, BÁ,[2]) EystJ, GÞ,[3]) GG, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JJós, JÓl, JónP, JS.

Brtt. 276,11 (VII. kafli, 25. gr.) kom ekki til atkv.

— 276,11 (VII. kafli, 26. gr., sem verður 24. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

24.—37. gr. (verða 25.—38. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

38.—42. gr. (verða 39.—43. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PHalld, PO, SigfJ, SE, SK, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, JG, ÓTh.

nei: FJ, MT, PZ, JörB.

HV greiddi ekki atkv.

---

Á 39. og 41. fundi í Nd., 17. og 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 442, 443, 444, 468, 472, 473, 489, 502, 503, 507, 521, 527).

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég flyt hér brtt. á þskj. 468, þess efnis, að 2. málsgr. 2. gr. frv. falli niður. Efni 2. málsgr. 2. gr. frv. er það, að sendiræðismönnum erlendra ríkja skuli heim-

1) **HannJ:** Það er gersamlega ómögulegt að greiða atkv. með þessari brtt. úr því stafliðnum var ekki skipt; ég fylgi sumum, en ekki öðrum, og segi því nei.

2) **JJós:** Þar sem ég tel, að lokun búða fyrir helgar geti óleyfilegum vínsölum byr undir vængi, og því ekki rétt að lögbinda það ákvæði, er felst í a-lið, en till. hinsvegar borin upp í einu lagi, segi ég nei.

3) **ÓTh:** Ég tel sjálfsagt, að bifreiðarstjórar og flugmenn sæti refsingu, ef þeir eru ölvaðir við starf sitt, en þar sem greinin miðar ekki sérstaklega við þá, segi ég nei.

4) **TT:** Ég mun við 3. umr. flytja brtt., sem kemur viti í þessa grein, og segi því nei nú.

5) **GSv:** Herra forseti! Þar sem ég tel till. að efni til óþarfa, með tilvísun til sjálfrar frvgr. og nú einkum með áorðinni breyt. að orðalagi óhæfa, greiði ég atkv. á móti brtt., þótt ákvæði í þessa átt geti verið réttmætt Segi ég því nei.

6) **JJós:** Með tilvísun til raka hv. þm. V.-Sk. segi ég nei.

7) **JS:** Ég fyrir mitt leyti er samþykkur efni till. og tel rétt, að refsing liggi við, en býst við annari brtt. síðar og greiði því ekki atkv.

1) **TT:** Þar sem ég álít, að stórstúkan geti annazt þetta starf fyrir það fé, sem henni er veitt, segi ég nei.

2) **BÁ:** Ég segi nei með sömu rökum og hv. þm. Snæf.

3) **GÞ:** Ég segi nei með sömu rökum og hv. þm. Snæf., að því viðbættu, að ég sé ekki, að stj. hafi ráð á fleiri mönnum til bitlinga.

ilt að flytja inn frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna án tollgreiðslu og álagningar. Ég hygg, að þetta ákvæði eigi ekki heima í þessum lögum. Annaðhvort er það svo, að slíkir starfsmenn annara ríkja hafa rétt til þess að flytja inn nauðsynjar sínar án þess að greiða af þeim toll, eða þá, að þeir hafa ekki þennan almenna rétt. Ef þeir hafa hann ekki, þá sé ég ekki ástæðu til að gera sérstaka undanþágu með þessa vörutegund. Hvers vegna ætti sendiræðismönnum erlendra ríkja frekar að vera frjálst að flytja inn tollfrjálst áfengi en t. d. tóbak? Nú hafa þeir rétt til að flytja inn áfengi, en það er annað, sem þar kemur til greina. Það er vegna þess, að gömlu lögin bönnuðu innflutning, að þeim var gefin þessi heimild samkv. alþjóðalögum, að mega flytja inn það, sem þeir telja nauðsynjar sínar. En nú er innflutningurinn frjáls. Þeim er ekki meinað að landslögum að afla sér þessarar vöru frekar en t. d. tóbaks, og þess vegna fer þetta ákvæði 2. gr. frv. ekki fram á annað en það, að þeir skuli ekki greiða toll af þessari vöru. En ég sé ekki neina ástæðu til þess að undanskilja þá að greiða toll af þessari vörutegund, fyrst þeir eru ekki undanþegnir tollgreiðslum af öðrum nauðsynjum sínum.

Ég vil bara spyrja hv. n. eða þann hæstv. ráðh., sem komið hefir þessu frv. á framfæri, hver sé hin sérstaka ástæða til þess að undanskilja þessa menn tollgreiðslu af þessari einu vörutegund, ef þeir greiða toll af öðrum vörutegundum, sem þeir flytja inn. Það er ekki hægt að réttlæta þetta með því að vísa til þess, að slík undanþága hafi verið í þeim lögum, sem áður giltu, því sú löggjöf hafði almennt innflutningsbann inni að halda. Ef það er hinsvegar meiningin að veita þessum mönnum einhver friðindi umfram það, sem gert er í öðrum löndum, þá vil ég vekja athygli hv. þdm. á því, að þeim væri réttara að setja almenn lög þess efnis, að sendiherrar erlendra ríkja skuli ekki greiða toll af neinum vörum hér. (ÁÁ: Þeir gera það ekki). Þá þarf heldur ekki þetta ákvæði. Þá er það ekki annað en hortittur í lögunum, sem á þar ekki heima og á því að falla burt. Og annað fer brtt. ekki fram á.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það liggur hér fyrir mikill sægur af brtt., og mun ég aðeins minnast á sumar þeirra, því sumar skipta ekki miklu máli frá mínu sjónarmiði séð. — Fyrst er þá brtt. á þskj. 503, þar sem ákveðið er, að útsölulaun áfengis í útsölustöðum og veitingastöðum megi aldrei vera meiri en 10%. Ég álít óheppilegt að binda þetta sérstaklega með lögum, og legg því til, að brtt. verði felld.

Um brtt. á þskj. 502 sé ég ekki ástæðu til að segja mikið annað en það, sem kemur fram í 3. tölul., að heimiluð skuli húsrannsókn ásamt rannsókn á flutningatækjum. Ég mælti móti því við 1. umr., að slík húsrannsókn væri heimiluð, og færði fram ástæður fyrir því, sem ég sé ekki ástæðu til að endurtaka, en afstaða mín er óbreytt. Viðvíkjandi því atriði brtt., sem er undir 5. lið a, er það að segja, að mér finnst óheppilegt, að stórtemplar sé sjálfkjörinn ráðunautur stj. í áfengismálum með verksviði, sem honum er veitt samkv. b-lið sömu brtt. Ég álít, að heppilegra væri þá, að kjörinn væri sérstakur fulltrúi til þess að aðstoða ráðh. í þessum málum. Annars er ég þessu mótfallinn, því ég álít í flestum tilfellum til hins verra að flytja það vald, sem er í höndum ráðh. eða ríkisstj., í hendur annara manna, sem ekki standa Alþingi ábyrgð gerða sinna.

Brtt. á þskj. 489, þar sem gert er ráð fyrir, að orðin „eða annar kunnáttumaður“ falli burt, er ég mótfallinn. Það getur komið fyrir, að það sé ástæða til að fela öðrum en lækni þessa rannsókn, t. d. efnafræðingi á rannsóknarstofu ríkisins, því hún er aðallega efnafræðilegs eðlis. Hún fer fram á þann hátt, að rannsakað er, hvað mikið áfengismagn er í blóðinu, og það getur efnafræðingur jafnt og læknir.

Um brtt. á þskj. 473 er það að segja, að ég get fremur verið henni samþ. heldur en gr. eins og hún er orðuð í frv., því samkv. gr. óbreyttri er sú skylda lögð tvímælalaust á lögreglustjóra og rannsóknardómara að láta fara fram blóðrannsókn, þegar vafi leikur á, hvort sakborningur er undir áhrifum víns, en það getur verið undir sumum kringumstæðum slæm aðstaða til þess fyrir sýslumenn úti um land að láta slíka rannsókn fara fram. Helzt hefði ég kosið að hafa þetta skyldu, en bæta inn í gr. orðunum: „ef við verður komið“. En sennilega verður ekki við komið að bera fram slíka brtt., úr því sem komið er.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 472 get ég sagt það, að ég get fallizt á þær allar, því ég tel þær frekar til bóta.

Brtt. á þskj. 444 er ég aftur algerlega mótfallinn. Ég er því mótfallinn, að leyft sé í þessum lögum að flytja inn öl, þó ekki sé með nema 2¼% áfengismagn. Við höfum nóg með okkar peninga að gera á þessum tímum, og þessi innflutningur mundi sennilega verða helzt frá því landi, sem við flytjum miklu meira inn frá heldur en við seljum þangað. Það öl, sem menn eru vanastir hér af erlendu öli, er eins og menn vita danskt öl.

Þá er brtt. á þskj. 443. Hún er í raun og veru fremur leiðrétting heldur en efnisbreyting og virðist algerlega sjálfsögð. Með því að vísa til síðustu málsgr. yrði refsingin allt of ströng.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég drepa á ákvæði 6. gr. frv. Þar er, eins og hv. þm. sjá, tekið þannig til orða, að bannað sé að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar. Í sambandi við þetta vil ég taka fram, að það gæti þótt heppilegt að flytja áfengið þannig inn, að keyptur væri spíritus. Kæmi þá til þess, að það þyrfti að blanda hann með vatni og gera hann á þann veg drykkjarhæfan. Er mjög líklegt, að þetta þætti hagkvæmara með tilliti til farmgjalda. Vil ég því sérstaklega taka það fram, að ég legg þá meiningu í ákvæði 6. gr., og vil búast við, að þeim skilningi verði ekki mótmælt, að þetta verði fyllilega heimilt.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að lengja umr. Viðhorf mitt gagnvart áfengislöggjöfinni

er þannig, að ég tel ekki verulegu máli skipta um mikið af þessum brtt., hvort þær verða samþ. eða ekki. Mitt viðhorf til þessara mála er markað af því, að ég tel það fyrst og fremst höfuðatriðið, að eitthvað verði gert af hálfu hins opinbera til þess að koma mönnum í skilning um, einkum unga fólkinu, að menn eigi yfirleitt ekki að drekka áfengi. Mín skoðun, sem byggist á reynslu undanfarandi ára í þessum efnum, er sú, að ákvæði eins og þau, hvort loka skuli sölustöðum kl. 9 eða kl. 11 á kvöldin, hvort opið megi vera á laugardögum eða ekki og hvort selja skuli Spánarvín í kaupstöðum úti um land eða Spánarvín og sterkari drykki, skipti ekki miklu máli, heldur verði að gera ráðstafanir til þess að fá fólkið til að hætta að drekka af frjálsum vilja.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég er viðriðinn nokkrar brtt., sem ég vil stuttlega drepa á. — Brtt. á þskj. 443 er aðeins leiðréttíng, fram komin eftir leiðbeiningu skrifstofunnar, á rangri tilvísun í frv.

Á þskj. 473 er brtt., sem ég að vísu er ekki viðriðinn, en við fyrri umr. flutti ég brtt. við sama atriði. Ég er samþ. þessari till. hv. þm. V.-Sk. og mæli með henni.

Þá er brtt. á þskj. 545 frá meiri hl. allshn., sem ég vil stuttlega skýra frá, þar sem frsm. er ekki viðstaddur. Hún er komin fram eftir beiðni landlæknis. N. leitaði álits stj. læknafélagsins um hana, en hún lét það uppi, að hún vildi ekkert álit frá sér gefa, vegna þess, að ekki næðist til fundar í félaginu. Munu innan stj. sjálfrar hafa verið skiptar skoðanir um þetta efni. Till. gengur út á það, að dómsmrh. skuli setja með reglugerð ákvæði um áfengislyfjasölu lækna og lyfsala, sem engin ákvæði eru um í frv. nú. Sýnist eðlilegt, að sett séu ákvæði um það, hvað mikið megi afhenda hverri lyfjabúð af áfengislyfjum árlega, sem greina sundur drykkjarhæf og ódrykkjarhæf áfengislyf, að enginn lyfsali megi láta úti drykkjarhæf áfengislyf nema samkv. löglegum lyfseðli frá lækni, og að aðrir læknar skuli ekki geta gefið út þessa lyfseðla heldur en þeir, sem fengið hafa til þess leyfi ráðh. og hafa til þess sérstök eyðublöð. Það er litið svo á af mörgum læknum, að ekki sé nauðsynlegt fyrir þá að gefa ávísanir á lyf, sem innhalda áfengi, og vilja þeir jafnvel vera lausir við það vegna kvabbs um slíkt. Vona ég, að hv. d. fallist á þessa brtt.

Þá er varatill. á þskj. 507 við brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 502. Nú vil ég ekki að öllu leyti fallast á brtt. hv. þm. Borgf. En hann hefir hér tekið upp till. um áfengismálaráðunaut, þó þannig, að stórtemplar skuli ávallt vera áfengismálaráðunautur. Ég er samþ. hæstv. ríkisstj. um það, að heppilegra sé, eins og upphaflega var lagt til, að áfengismálaráðunautur þurfi ekki endilega að vera stórtemplar, heldur sé hann sérstaklega valinn eftir leiðbeiningu þeirra félaga, sem að bindindisstarfsemi vinna. En þar sem það hefir verið fellt, mun ég greiða till. hv. þm. Borgf. atkv. Ég tel mikils um vert, að tekið sé upp það fyrirkomulag, sem ræðir um í 5. lið b. á þskj. 502, og sem hv. 1. landsk. gerði till. um við 2. umr., en frestað var til 3. umr. Það er, að settar séu upp áfengisvarnanefndir í hreppum og kaupstöðum, kosnar að öðru leyti en því, að formaður átti að vera skipaður af áfengismálaráðunaut. Nú er í till. hv. þm. Borgf. lagt til, að formenn nefndanna séu skipaðir af stórtemplar; ég álít réttara, að ráðh. skipi þá, og um það er varatill. á þskj. 507.

Þá flytjum við hv. 1. landsk. brtt. á þskj. 472 við 12. gr. Það kom fram við umr. um þessa gr. um daginn, að ýmsir, sem til máls tóku, voru á móti a-lið brtt., sem þá var fram borin, þar sem ákveðið var, að útsölustaðir skyldu vera lokaðir til hádegis daginn eftir sunnudaga og stórhátíðir. Og þar sem allir liðirnir voru bornir upp í einu, hygg ég, að þetta hafi orðið til þess, að þessar brtt. féllu. Við höfum því borið fram þessar till. þannig breyttar, að útsölustaðina megi opna kl. 9 daginn eftir helgidaga, og ætlumst til, að hæstv. forseti þurfi ekki að bera upp till. út að b-lið, því þar er aðeins um orðabreyt. að ræða, eins og frv. er nú orðið, en beri síðan sérstaklega upp liðina b, c og d hvern fyrir sig, þar sem ætla má, að a. m. k. einhverjir þeirra verði samþ.

Að lokum vil ég aðeins minnast á tvær brtt. frá öðrum hv. þm. Þær eru á þskj. 521 og er hv. 11. landsk. fyrsti flm. Ég fyrir mitt leyti álít réttara að hafa álagningu á vínin óbundna, þannig að hægt sé að haga henni nokkuð eftir reynslunni, og greiði ég því atkv. á móti till. um það efni. 3. brtt. er ég einnig algerlega mótfallinn. Mér finnst nægilegt, eins og samþ. var við 2. umr., að leyfa veitingar vína aðeins á einum stað og engin ástæða til að veita dómsmrh. vald til að veita undanþágur hingað og þangað, þar sem hér virðist ekki átt við nein sérstök tilfelli, heldur megi koma upp vínveitingahúsum yfirleitt, ef dómsmrh. samþykkir. Einnig skal ég geta þess, að mér finnst ekki sanngjarnt, að útsölulaun séu ákveðin hin sömu á útsölustöðum og veitingastöðum, eins og hv. þm. Borgf. leggur til í brtt. á þskj. 503.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það eru aðeins tvær brtt., sem mér hafa borizt síðan áðan, er ég vil segja nokkur orð um. Það er fyrst og fremst brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 527 frá hv. allshn. Hún er við 2. málsgr. 22. gr. og hljóðar þannig: Verði slys á öðrum mönnum af völdum ölvaðs flugmanns, bifreiðarstjóra, skipstjóra eða stýrimanns, í starfi þeirra, skal það jafnan varða algerðum missi þessara atvinnuréttinda þeirra". Ég tel mjög hæpið, að hægt sé að samþ. þetta. Að vísu hefir nú verið bætt inn orðunum „í starfi þeirra"; áður var orðalagið ófært, þar sem ekki var tekið fram, að átt væri við slys, sem þessir menn yrðu valdir að við starf sitt. En í fyrsta lagi tel ég yfirleitt vafasamt, hvort rétt er að taka þessi ákvæði með hér að því er bifreiðarstjóra snertir. Hliðstæð ákvæði eru nú í bifreiðalögunum, og þar sem verið er að vinna að endurskoðun þeirrar löggjafar, hefi ég hugsað mér að breyta þeim um leið til samræmis við það, sem bezt hefir reynzt erlendis. Ég tel óþarft og óheppilegt að hafa slík ákvæði í tvennum lögum, enda hefir

það valdið deilum, eftir hverjum lögunum ætti að dæma. Í öðru lagi tel ég ákvæði brtt. enn of ströng, þó orðalagið hafi nú verið lagfært. Hvað lítilfjörlegu slysi, sem ölvaður bílstjóri veldur á öðrum mönnum, varðar það skírteinismissi æfilangt. Ekkert tillit er tekið til, hvernig atvikum er háttað að öðru leyti. Samkv. gildandi löggjöf hafa bifreiðastjórar ekki verið sviptir ökuskírteinum nema um veruleg slys hafi verið að ræða, og hefir þetta ákvæði þótt það strangt, að það hefir ekki verið talið meira en svo fært að framfylgja því. Fleiri tugir manna, sem ökuleyfi hefir verið dæmt af, hafa verið náðaðir og fengið ökuskírteini aftur. Mér hafa borizt margar beiðnir um náðanir síðan ég tók við, og hefi ég neitað þeim öllum. Eiga þó oft í hlut fjölskyldumenn, sem fara á vonarvöl, þegar þeir eru sviptir ökuréttindum. Ég er ekki málsvari þess, að vægilega sé í sakirnar farið, þegar um verulegar sakir er að ræða, en menn verða að athuga það, að betra er að fara hóflega í þessi mál heldur en dæma eftir ströngum ákvæðum og náða svo á eftir fyrir brotin.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 468 er það að segja, að ég get fallizt á, að síðari málsgr. 2. gr. falli burt, eins og þar er lagt til. Eftir því sem mér hefir verið skýrt frá, hefir ekki sú aðferð verið látin gilda erlendis, þar sem eins stendur á.

Um brtt. á þskj. 545 sé ég ekki sérstaka ástæðu að segja neitt verulegt. Mér sýnist hún frekar til bóta, og get ég fallizt á, að hún verði samþ.

Ég vil taka það fram viðvíkjandi brtt. á þskj. 444, að ég misskildi hana, og vil ég leiðrétta það. Eins og brtt. liggur fyrir get ég fallizt á, að hún verði samþ.

En það er sérstaklega viðvíkjandi breyt., sem till. er um á þskj. 502, að ég vil leggja áherzlu á það, sem ég tók fram áðan, að ég er verulega andvígur því, að einhver sjálfkjörinn maður, eins og stórtemplar, sem ekki ber ábyrgð gagnvart Alþ. á störfum sínum sem áfengismálaráðunautur, verði látinn sjá um framkvæmd þessara l. Það væri alveg rangt, vegna þess að þeir aðilar, sem fara með framkvæmd l., eiga að bera ábyrgð á því gagnvart Alþingi. Þess vegna er þessi till. stórum verri en það, að slíkur fulltrúi sé samþ. af ríkisstj. og starfi á ábyrgð Alþingis. Sú till. hefði getað orðið til bóta, en þessi till. á þskj. 502,5.a hlyti að verða mikið til hins verra, ef hún næði samþ.

**Ásgeir Ásgeirsson** [óyfirl.]: Ég vil geta þess um brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. á þskj. 468, við síðari mgr. 2. gr. frv., sem við kemur skattfrelsi eða tollfrelsi erlendra sendiherra í sambandi við innkaup á áfengi, að ég álít, að það sé rétt, að brtt. þessi verði samþ. Það þurfa menn þó að gera sér ljóst um leið, að þar með yrði ekki felldur niður réttur erlendra sendiherra til þess að flytja tollfrítt inn í landið til eigin þarfa tóbak, áfengi og annað, sem þeir mega nú flytja þannig inn. Það eru gagnkvæm réttindi, sem sendiherrar hafa nú í öllum löndum, og þarf því ekki að taka neitt fram um það í l. Ég læt þessa getið til þess að koma í veg fyrir þann misskilning, ef þessi brtt. verður samþ., að það taki að nokkru leyti þann rétt af sendiherrum, sem þeir nú hafa í þessu efni.

Þá vildi ég minnast á brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 502, 2. tölul., við 9. gr. Þessi brtt. er sennilega höfuðbrtt., sem komið hefir fram við frv. og flutt hefir verið við þessa umr. Þessi tölul. er í 3 köflum, en er þó ekki skipt í stafliði, og vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta og hv. tillögumann, að atkvgr. um þennan tölul. verði látin fara fram þannig, að hver mgr. sé borin upp til atkv. sér í lagi, eða a. m. k. að fyrsta mgr. verði borin upp sér. Sú mgr. er um það, að ef eigi að ákveða að setja upp útsölustaði áfengis í kaupstað, þar sem engin útsala þess er þegar fyrir, þá skuli greiða um það atkv., ekki eins og í frv. er gert ráð fyrir, aðeins í viðkomandi kaupstað eða hreppi, heldur í viðkomandi lögsagnarumdæmi. Það er mikið áhugamál margra manna um allt land, að takmörk lögsagnarumdæma skuli takmarka útsölusvæðin hér eftir, en ekki hreppatakmörk eins og var áður en bannlögin voru lögleidd. Liggja til þessa margar orsakir. Nú er svo komið samgöngum á þessu landi, að sölubann í hreppi samkv. l. þýðir kannske ekki með öllu það sama í framkvæmd, ef hreppurinn liggur nálægt kauptúni, sem fengið hefir söluleyfi um áfengi hjá sér. Það er svo víða á landinu, að það er afgerandi fyrir allt lögsagnarumdæmið, hvort áfengissala er leyfð í aðalkauptúni þess. Vegna þessarar aðstöðu, sem hreppar og sveitir hafa til eins eða fleiri kauptúna, þá er rétt, að lögsagnarumdæmið greiði allt atkv. um söluleyfið, en ekki hver hreppur út af fyrir sig, eins og lagt er til í frv. Ég vil því mælast til, að þessi fyrsta mgr. verði borin upp sér í lagi, af því að ekki er víst, að allir þeir, sem fylgja þessari fyrstu mgr., vilji fylgja hinum tveim síðari mgr.

Ég hefi svo ekki fleiri orð um þetta, en það mun vera mjög almenn krafa í flestum lögsagnarumdæmum landsins, að þau verði hvert sölusvæði fyrir sig, en ekki hver hreppur, eins og í frv. er gert ráð fyrir.

**Gunnar Thoroddsen**: Við hv. 8. landsk. þm. flytjum hér á þskj. 521 þrjár brtt. við áfengislagafrv. Fyrsta brtt. er við 8. frvgr., um að í stað þess, að nú er ákveðið í frv., að ríkisstj. ákveði álagningu á vín með tilliti til áfengisstyrkleika, þá verði tiltekið hámark fyrir því, hve mikið megi leggja á þau. Við leggjum til, að álagningin sé 25—100%, miðað við verð vínanna, kominna í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Það er enginn efi á því, að ef verði vínanna er haldið allt of háu, eftir að bannið verður afnumið, þá heldur sú vínsmyglun og bruggun áfram, að meira eða minna leyti, sem mikil brögð hafa verið að undanfarið. Ef álagningin á vínin verður mjög há, þá geta menn fengið miklu ódýrari ólögleg vín, og freistast þá til að spara sér fé með því að kaupa þau. Mér finnst þess vegna nauðsynlegt að setja í áfengisl. ákvæði, er takmarki, hver álagningin megi vera hæst. Ég hygg, að álagningin yrði ekki of lág samkv. brtt. okkar, því að tollurinn er mjög hár. Þegar svo 100% álag bætist við, samkv. brtt., þá hygg ég, að verðið á vínunum

verði nógu hátt til þess að ríkissjóður fái þær tekjur, sem æskilegt er.

Ennfremur vil ég benda á, að ég tel mjög vafasamt, hvort það brýtur ekki í bág við 35. gr. stjskr., að láta alveg ótiltekið í lögunum hve mikil álagningin megi vera. Þar stendur: „Engan skatt má á leggja, né breyta, né af taka, nema með lögum“ o. s. frv. Ef einkasala hefir ótakmarkaða heimild til að leggja á vöru, þá er með því farið í kringum 35. gr. stjskr., um að sérstakt lagaboð þurfi til þess að leggja megi á skatt. A. m. k. er höggið nærri þessu ákvæði stjskr., ef heimildin um þetta er ótakmörkuð, því að þessi álagning er í rauninni ekkert annað en skattur á landslýðinn.

Í öðrum einkasölulögum eru dæmi þess, að slík hámarksálagning sé ákveðin. T. d. má benda á Tóbakseinkasöluna, þar sem ákveðið er, að álagningin skuli vera 10—75%, miðað við verð vörunnar að viðbættum tolli.

Önnur brtt. okkar er sú, að aftan við 2. mgr. 9. gr. bætist, að atkvgr. skuli fram fara, ef tíundi hluti þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, óskar þess. Í 2. mgr. 9. gr. er svo ákveðið, að fjölga megi útsölustöðum, ef ráðh. ákveður og atkvgr. fellur svo sem í gr. getur. Í þetta ákvæði vantar alveg, hverjir geti krafizt þess, að atkvgr. fari fram. Ég held, að rétt sé að tiltaka það, og ekki fjarri lagi að ákveða, að 1/10 kjósenda geti heimtað atkvgr.

Þriðja brtt. okkar er við 11. gr. Í frv., eins og það var lagt fyrir þingið, var ákveðið, að dómsmrh. gæti veitt kaupstöðum og sveitum vínveitingaleyfi. En við 2. umr. málsins var þessu breytt þannig, að nú er heimildin bundin við eitt veitingahús hér í Reykjavík. Við leggjum til, að þessu ákvæði verði enn breytt, að það orðist svo, að bannað sé að veita áfenga drykki í veitingahúsum og öðrum opinberum stöðum, en að þó geti dómsmrh. veitt undanþágu frá þessu í kaupstöðum. M. ö. o., þetta er að efni til fært nokkuð í sama horf eins og það var ákveðið í frv. upphaflega. Við teljum ekki rétt að hlynna svo sérstaklega að einu veitingahúsi hér í Rvík, þegar fleiri slík hús geta komið til mála. Ennfremur sjáum við ekki ástæðu til þess, að í kaupstöðum utan Rvíkur sé lagt blátt bann við vínveitingum. — Ef þessar brtt. verða felldar, þá er vitanlega eitt spor stigið enn í þá átt að auka ólöglega vínsölu í landinu. Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þessar brtt., en vænti þess, að þær verði samþ.

Um aðrar brtt., sem fyrir liggja allmargar, skal ég ekki ræða á þessu stigi málsins. Þó eru fram komnar þær brtt. við áfengislagafrv., sem full ástæða væri til að vara hv. þingdeildarmenn við að samþ. En þar sem ekki er enn búið að tala fyrir þeim öllum, skal ég ekki að þessu sinni fara út í þær.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem hér liggja fyrir, og eru það þá fyrst brtt. þeirra hv. 11. landsk. og hv. 8. landsk., sem ég vildi taka til athugunar. Ég lít svo á, að það sé mjög varhugavert og reyndar alveg ófært að samþ. þær till., af þeim ástæðum, að fyrst og fremst er mjög óhentugt og erfitt í framkvæmd að stjórna fyrirtæki eins og áfengiseinkasölunni með því móti að hafa það stranglega bundið í l., hvað megi mest leggja á vínin. Sérstaklega er það óheppilegt og með öllu ófært að samþ. slíkar till. um hámarksálagningu án þess að færð séu fram rök fyrir því, til hvaða verðlags slík ákvæði mundu leiða. Ég hefi spurt hv. flm. brtt. um það, hvað verðlagið á vínunum mundi verða eftir brtt. þeirra, eftir núv. innkaupsverði og tolli, en þeir sögðust ekki hafa athugað það. Það er nú svo stutt síðan brtt. þessi kom fram, að jafnvel þó að ég vildi ganga inn á hennar princip, sem ég þó vil ekki gera, þá get ég ekki sagt um, til hvaða verðlags á vínum hún mundi leiða. Ég býst líka við því, að hv. þdm. vilji ekki samþ. það, sem þeir vita ekki, hvernig muni verka.

Hv. flm. talaði um, eins og líka er rétt, að tollur á þessum drykkjum væri hár hlutfallslega. En hann er þó ekki ýkjamikill að krónutali. Þó er hann nokkuð hár, vegna þess að sum vín, sem hér eru seld, eru mjög ódýr í innkaupi. Mér liggur nær að halda, að með því að miða við, að álagningin mætti ekki vera meiri en 100%, miðuð við verð vínanna að viðbættum tolli, þá mundi verðið verða hlægilega lágt á sumum víntegundum. Mér finnst þess vegna ekki geta komið til mála að samþ. till., sem menn vita ekki, hvernig muni verka.

Hv. 11. landsk. sagði, að þessi brtt. væri flutt með tilliti til þess, að ef áfengisverð yrði sett of hátt í landinu, þá mundi það leiða til þess, að smyglun og brugg mundi halda áfram, vegna þess að menn mundu fremur kaupa ódýr ólögleg vín heldur en vín frá áfengisverzluninni. En mín skoðun er í þessu efni sú, að aldrei verði verð vína sett svo lágt í opinberri sölu, að vín, sem á að flytja inn undir þessum l., geti keppt við bruggið. Þess vegna mun það verða svo, að þó að áfengisl. verði samþ. og byrjað að selja þessi sterku vín, þá mun efnaðra fólkið í bæjum verzla við einkasöluna, en hinir fátækari menn, sem vilja drekka áfengi, og eins þeir, sem brugga sjálfir, munu halda áfram að drekka heimabruggað vín, og ekki telja sig hafa efni á því að kaupa dýru vínin. Hitt kann að vera rétt, að mögulegt sé að setja verðið svo hátt, að það verði til þess að auka brugg í landinu. En ég er því miður hræddur um, að mikill hluti bruggsins haldi áfram, þrátt fyrir afnám bannsins, og að sérstaklega haldi þeir áfram, sem bruggað hafa til eigin nota.

Um það atriði, hvort það sé rétt princip að ákveða hámarksálagninguna með l. vegna þess, að í stjskr. sé bannað að leggja nokkurn skatt á, nema með lögum, þá lít ég svo á, að þetta stjórnarskrárákvæði geti ekki byggt fyrir það, að frjáls álagning verði á því, sem ríkið verzlar með. Að leggja á áfengi í verzlun, sem ríkið rekur, er annað en að leggja á almenna skatta, vegna þess að enginn maður er skyldaður til þess að kaupa áfengi, hver maður getur látið það vera, sem vill, en það er aðeins boðið til sölu með ákveðnu verði. Þetta á þess vegna ekki skylt við að leggja á skatta, enda er það vitanlegt, að svo hefir ekki verið litið á, að það

væri stjórnarskrárbrot, þó að ríkið ákvæði álagningu á vöru, sem það verzlar með.

Vegna þess, að ég er á móti þessu principi, að ákveða slíka hámarksálagningu, og sérstaklega vegna þess, að óransakað er, til hvers þessi hámarksákvæði mundu leiða, og í þriðja lagi vegna þess, að við erum hér að þreifa okkur áfram með að verzla með vöru, sem enn hefir lítið verið verzlað með í einkasölu hér á landi, vil ég eindregið mæla á móti því, að till. þessi verði samþ.

**Thor Thors:** Hér liggja nú fyrir tvær sameiginlegar brtt. frá allshn., sem mér hefir verið falið að skýra frá með nokkrum orðum, og eru þær á þskj. 527. Sú fyrri varðar 22. gr. frv. og er í raun og veru fyrst og fremst orðabreyt., en í öðru lagi eru þrengd ákvæði frvgr. Hún fjallar um það, að ef ölvaður flugmaður, bifreiðarstjóri, skipstjóri eða stýrimaður í **starfi sínu** veldur slysum á öðrum mönnum, þá skuli það varða missi réttinda þeirra til þessara starfa. Sú takmörkun er nú sett inn í frv., að þennan réttindamissi skuli miða við þá ölvun í starfi þessara manna, er veldur slysum, en það var ekki gert áður. Það er því misskilningur hjá hæstv. forsrh., að hér sé um varhugaverða nýjung að ræða. Hér er aðeins að ræða um leiðréttingu á því, sem þegar var áður komið inn í frv., en svo aftur breytt. Ég get að mörgu leyti tekið undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, að ákvæði um þetta efni eigi frekar að vera í l. um bifreiðaakstur. En ég vil bara benda hæstv. forsrh. á það, að í því frv., sem hann hefir lagt fyrir allshn., var einmitt sérstakt ákvæði um bifreiðarstjóra og ölvun þeirra í sambandi við bifreiðaakstur. Það er þess vegna á engan hátt n., sem komið hefir þessu inn í frv.

Ég skal fúslega viðurkenna, að það getur verið nokkurt óréttlæti í því að taka fastari tökum á einni stétt þjóðfélagsins heldur en öðrum. Ég vil t. d. benda hæstv. forsrh., sem verður nú að teljast aðalábyrgðarmaður þessa frv., þar sem hann hefir ráðið því, hver samdi það, á það, að í 25. gr. þess er tekin upp alveg ný og sérstök tegund refsinga, sem á einungis að bitna á sjómönnum. Þeir eiga að missa atvinnuréttindi sín um langan tíma, en menn annara stétta, sem sekir eru um samskonar brot, eru algerlega lausir við þessa tegund refsingar. Ég tel þetta óréttlátt og vil skora á hæstv. forsrh. að beita áhrifum sínum í Ed. til þess að lagfæring fáist á þessu.

Síðari brtt., sem allshn. ber fram, er þess efnis, að l. þessi skuli öðlast gildi 1. febr. næstk. Í frv. er ekkert ákvæði um það, hvenær l. skuli öðlast gildi. Færi svo, að engin sérstök ákvæði væru sett um þetta í l. þessum, þá mundi sú regla gilda um þau, að þau öðluðust gildi 12 vikum eftir tilkynningu í B-deild stjtíð. um birtingu þeirra. Það er nú orðin tízka, að í hverju frv. sé ákveðið, hvenær það öðlist gildi sem l., og viljum við, að í þessu tilfelli sé einnig svo ákveðið. Það hafa heyrzt raddir um, að l. þessi ættu að öðlast gildi um áramót. N. hefir ekki tekið undir það, meðfram vegna þess, að hæstv. fjmrh. upplýsti, að áfengisverzlun ríkisins hefði talið heppilegt, að nokkur frestur yrði á gildistöku þeirra, vegna birgða, sem áfengisverzlunin nú hefir.

Út af brtt. meiri hl. allshn. á þskj. 545 vil ég geta þess, að hv. 8. landsk. og ég höfum ekki getað gerzt meðflm. hennar. Hér er um það að ræða, að rétti lækna til áfengissölu skuli skipað með reglugerð. Í þessari brtt., sem samin er af landlækni, er sagt nákvæmlega fyrir um það í ýmsum atriðum, á hvern hátt þetta skuli ákveðið í reglugerðinni. Ég tel það alveg nægilegt, eins og nú er ákveðið í frv., að dómsmrh. sé falið að skipa þessum málum með reglugerð, án þess að lagaákvæði séu fyrir því, hvað í henni eigi að standa. Þetta mál hefir verið borið undir Læknafélag Rvíkur, og ýmsir meðlimir þess eru á móti því, að slík ákvæði sem þessi komist inn í l. Hinsvegar hefir þetta mál ekki verið nægilega rætt hjá þeim.

Ég býst við, að sanngjörn lausn þessa máls fáist miklu fremur með því, að ákveðið sé, að dómsmrh. ákveði þetta einn með reglugerð, því að hann mundi að sjálfsögðu leita álits landlæknis og lækna yfirleitt í þessu efni. Ég er ekkert hræddur um, ef þeir hafa tíma til að bera ráð sín saman, að þá fáist ekki góð lausn þessa máls.

Að öðru leyti skal ég ekki blanda mér inn í þessar umr. eða aðrar brtt., sem fram eru komnar við frv.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Hv. þm. Snæf. var að tala um, að þessi brtt. á þskj. 527, sem fer í þá átt að svipta bifreiðarstjóra, flugmenn, skipstjóra og stýrimenn öku-, flug-, skipstjóra- eða stýrimannsskírteini, ef slys verði á mönnum vegna ölvunar þeirra í starfi þeirra, hafi verið a. n. l. sett inn í frv., sem ég stóð að. Það var ekki aðallega það, sem ég fann að brtt., að hún væri nýjung. Hitt þótti mér skipta mestu máli, að ekki sé ósamræmi á milli þeirra ákvæða, sem um þetta gilda í þessum l. og í l. um bifreiðaakstur. Ég benti sérstaklega á það, að ég álít, að ákvæðin um þetta í l. um bifreiðaakstur séu nægilega ströng, a. m. k. hefir reynslan sýnt, að þau eru það ströng, að það hefir reynzt næsta erfitt að framkvæma þau. Ég var þá að vara hv. þd. við því að vinna að því, að samþ. yrðu tvennskonar l. um þetta efni, önnur í bifreiðaakstursl. og hin í áfengisl. Ég get gengið inn á, að þótt ákvæðin yrðu samræmd, væri rangt að hafa þau á tveim stöðum.

Ég vil vekja athygli á því, að eins og þessi brtt. er, kemur fram í henni mikið ranglæti. Það er tekið fram, að verði slys á öðrum mönnum af völdum bifreiðastjóra, eigi tvímælalaust að svipta hann ökuleyfi æfilangt. Við, sem höfum fengizt við þessi mál, vitum, að ekki þurfa alltaf að verða slys á öðrum mönnum, þótt slys verði, og að brot, sem ekki veldur slysi á öðrum mönnum, getur stundum verið stórum meira en annað, sem ekki veldur slíku slysi. Hugsum okkur, að bifreiðarstjóri aki hér inn eftir einhverri götunni og svo takist til, að hann aki yfir tær einhvers vegfaranda. Þá á að svipta hann ökuleyfi æfilangt. En annar drýgir e. t. v. miklu meira brot, hann ekur t. d. um

koll bifreið með fjölda farþega og hefir þar að auki farið með geysilegum hraða, en svo heppilega tókst til, að ekki varð slys að. Hann missir samt ekki ökuskirteinið æfilangt. (TT: Þá tekur fyrri liður gr. til hans). Það er rétt, að búið er að samþ. önnur ákvæði, sem eru þessu enn verri. Ég hefi hugsað mér að koma með brtt., sem bæti úr þessu. Ákvæði það, sem um er að ræða, miðar við það, hvort slys verður á öðrum mönnum eða ekki. En það er engan veginn rétt að miða alltaf við það. Okkur, sem höfum fengizt við slík mál sem þessi og dæmt í þeim, eru þau viðkvæm. Okkur þykir fyrir því að þurfa að dæma eftir l., sem koma jafnóréttlátlega niður og þessi.

Í 25. gr. er ákveðið, að tekinn skuli af sjómönnum réttur til að vera skráður á skip hér við land, ef þeir hafa brotið gegn l. Þetta ákvæði er sett í ákveðnum tilgangi. Það er reynsla undanfarinna ára, að þegar menn á millilandaskipum hafa brotið af sér og sætt miklum sektum, þá brjóta þeir vanalega bráðlega aftur, til þess að afla sér fjár upp í sektina. Sum skipafélög hafa séð við þessu með því að láta afskrá mennina, því að þau vita um freistinguna. — Í sömu málsgr. er þó jafnframt tekið fram, að þegar þessi refsing er lögð á, þá sé heimilt að draga úr annari refsingu eða láta alveg niður falla, ef brot er smávægilegt. Ég álít, að þetta ákvæði styðjist við undangengna reynslu og eigi að vera þarna.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Þegar atkvgr. fór hér fram eftir 2. umr., voru svipaðar till. og þær, sem eru á þskj. 472, bornar upp allar í einu lagi.

Till. var í 4 liðum, og er það svo með mig, að ég hefði getað greitt sumum þeirra atkv., en ekki öllum. Held ég, að sjálfsagt hefði verið að bera a. m. k. upp fyrsta lið sér. Þetta liggur nú enn fyrir, og mælist ég til þess við hæstv. forseta, að hann beri upp a-lið brtt. 472 sérstaklega. Hann er um það, að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða. Ég sé enga bót í því að opna þannig möguleika fyrir þá, er selja vilja vín á laun, til að auðgast á vínhneigðum mönnum.

Hitt ákvæðið, að lögreglustjórum skuli heimilt að loka útsölu- eða veitingastöðum víns fyrirvaralaust, ef þörf gerist, er vafalaust nauðsynlegt stundum.

Í brtt. frá allshn. á þskj. 527 stendur, að hún sé við 2. gr., en á sýnilega að vera við 22. gr. Þessi brtt., sem samþ. var við 2. umr. og komin er inn í frv., (síðari hluti 22. gr.) er svo fávísleg, að ekki nær nokkurri átt annað en gr. verði breytt, ef ekki hér, þá í hv. Ed. Þar er hvorki meira né minna ákveðið en það, að ef slys verður af völdum flugmanns, bifreiðarstjóra, skipstjóra eða stýrimanns, þá skal hann missa atvinnuréttinn æfilangt. Þetta er hneyksli, sem ekki nær nokkurri átt. Hv. allshn. hefir viljað bæta úr þessu með því að taka það fram, að slysið verði að koma fyrir við starfið. Hæstv. forsrh. álítur að hér sé enn of langt gengið, svo að óframkvæmanlegt sé. Ég er honum sammála. Er ekkert vit í að setja slík ákvæði, sem allir sjá, að ekki geta orðið annað en pappírsákvæði. Hæstv. ráðh. boðaði, að hann mundi koma með skrifl. brtt. Vænti ég þess, að hún verði svo skynsamlega orðuð, að hægt verði frekar að halda sér að henni en þeim brtt., sem nú liggja fyrir. Hér eru miklar skorður settar við öllum hlutum. Það á nú að kosta atkvgr. enn á ný í kaupstöðum landsins, hvort þar megi selja Spánarvín það, sem flutt verður inn eftir þessum l. Sé ég ekkert gagn að slíku ákvæði, því að þegar heimilt er, eins og nú, að flytja sterka drykki til sumra staða landsins, þýðir lítið að sporna við þeim á öðrum stöðum, og getur það ekki orðið til annars en auka ólöglegt athæfi.

Um brtt. á þskj. 521 er það að segja, að þar skortir á, að gerð sé skýrari grein fyrir því, hvernig þetta muni verða í framkvæmdinni. Þó að þarna séu gefnar hundraðstölur, er erfitt að átta sig á því, hvað áfengið myndi kosta með þessari álagningu.

Um brtt. hv. 3. þm. Reykv. er það að segja, að ekki verður séð, að hún geri annað en undanskilja ræðismenn erlendra ríkja þeirri skyldu, er á þeim hvílir samkv. frv., að gera áfengisverzluninni grein fyrir þeim innflutningi á vínum, er þeir kunna að hafa með höndum. (**JakM**: Það kemur fram við tolleftirlitið). Hinu þýðir ekki að sporna á móti, að þeir flytji inn vín tolllaust, enda hygg ég, að það út af fyrir sig hafi ekki orðið til skaða bannl. Þetta hefir að vísu verið misnotað í blóra við þá, en ég hefi ekki heyrt, að ræðismennirnir hafi misnotað þetta. Þessi brtt. gerir því ekkert gagn, og held ég, að hún ætti ekki að koma til atkv.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég á, ásamt öðrum hv. þm., brtt. á þrem þskj. Vil ég fyrst minnast á brtt. á þskj. 502. Er sú fyrsta við 7. gr. frv. Í 7. gr. er gert ráð fyrir því, að andvirði áhalda, sem notuð hafa verið við bruggun áfengis, skuli renna í Menningarsjóð. Mér finnst ekki ástæða til að breyta þessu frá því, sem nú er, en nú er það svo, að þetta fé rennur í ríkissjóð. Bæði er það, að hér mun jafnaðarlega ekki vera um mikið verðmæti að ræða, og svo hitt, að naumast verður það talið viðkunnanlegt að byggja starfsemi Menningarsjóðs á þannig fengnu fé. Vil ég því hafa um þetta sömu ákvæði og þau, er nú gilda.

2. brtt. á sama þskj. er við 9. gr. frv. Brtt. er í samræmi við það, sem ég hefi haldið fram við umr. um þetta mál. Ég álít, að nýir áfengisútsölustaðir eigi að lúta sömu l. og þeim, er nú gilda um útsölustaði Spánarvína. Að því leyti sem útsölur þær, er nú eru til, eiga að bæta við sig sterkum drykkjum, á það að vera háð vilja þeirra, er á þessum stöðum búa. Hvort sem um það er að ræða að stofna nýja útsölu eða bæta við sölu sterkra drykkja á útsölustöðum, sem fyrir eru, þá á það að vera háð því skilyrði, að ⅔ hlutar kosningabærra manna í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi samþ. það. Ég hefi þannig gert ráð fyrir því, að svið það, sem atkvgr. nær til, sé fært út. Frv. gerir ráð fyrir, að hún tæki aðeins til þess hrepps eða kaupstaðar, sem útsalan er í. En þar sem gera má ráð fyrir, að áfengisútsalan nái út yfir þetta þrönga svið, er

réttara að miða þetta a. m. k. við lögsagnarumdæmi.

Þá er 3. brtt. á sama þskj. Hún er við 16. gr. frv. Í frv. er gert ráð fyrir, að menn með lögregluvaldi megi rannsaka bifreiðar og önnur flutningatæki, hvort þar leynist ólöglegt áfengi. Ég hefi viljað bæta því við, að þeir megi líka gera húsrannsókn, ef grunur leikur á, að einhversstaðar sé framið brot á áfengislöggjöfinni. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr., að það gæti orðið mikill þáttur í því að sporna við heimabruggun og öðru ólöglegu athæfi, ef jafnan væri hægt að vinda bráðan bug að slíkri húsrannsókn, þegar þörf væri talin á. Í mörgum tilfellum hafa brotlegir menn getað skotið sér undan, af því að dráttur hefir orðið á rannsókn, þar sem þurft hefir leyfi bæjarfógeta eða sýslumanns, en þeir aðilar eru oft fjarlægir og illt að ná til þeirra nema með löngum fyrirvara. Oftast eru það hreppstjórar eða löggæzlumenn, sem húsrannsóknina framkvæma, og er það þá einungis formsatriði að fá leyfi bæjarfógeta eða sýslumanns. Hér í Rvík er það svo, að lögregluþjónar gera þegar húsrannsókn, ef þeir hafa grun um, að hennar þurfi við. Brtt. felur í sér, að það sama gildi úti um land og í Rvík. Og utan kaupstaðanna er mest þörf á þessu ákvæði, af því að þar er erfiðast að ná til sýslumanns. Vænti ég, að hv. d. ljái því lið, að framkvæmd laganna verði að þessu leyti gerð greiðari en ella myndi.

Þá er brtt. á sama þskj. við 18. gr. frv. 18. gr. kveður svo á, að hver, sem vegna ölvunar veldur óspektum eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hér við land, skuli sæta ábyrgð samkv. l. þessum. Ég vil bæta því við, að hann skuli sæta sömu ábyrgð, ef þetta athæfi fer fram í bifreiðum eða öðrum farartækjum. Má vera, að slíkt hefði mátt heimfæra undir óspektir eða hneyksli á almannafæri, en það ætti samt ekki að skaða, þótt þetta væri tekið fram þarna.

5. brtt. er um það, að bætt verði nýjum kafla á eftir 24. gr. og að þar komi tvær nýjar greinar, sem verða 25. og 26. gr. Eins og menn muna, var við 2. umr. borin fram brtt. um sérstakan ráðamann ríkisstj. í áfengismálum. Fyrrihluti þeirrar till. var felldur, en síðari hlutinn, sem var um áfengisvarnir í kaupstöðum, var tekinn aftur. Nú hefi ég bent á þá tilhögun, að stórtemplar sé ráðunautur ráðh. í áfengismálum. Ég benti á það við 2. umr. þessa máls, hversu mikilsvert það væri í baráttunni við ofdrykkjuna, að starfsemi bindindismanna væri nátengd þeim mönnum, sem eiga að framkvæma löggjöfina um varnir til þess að hamla móti drykkjuskaparóreglu. En þetta verður ekki betur tengt saman en á þann hátt, að kveða svo á, að stórtemplar sé ráðunautur ríkisstj. í áfengismálum. Með því ætti að vera tryggt, að stj. hefði sér við hlið mann, sem sérstakan áhuga hefði á þessum málum, en á því veltur allt um gagnsemi þessa starfs. En það verður að ganga út frá því sem gefnu, að til þess að vera aðalforingi í bindindismálum sé ekki valinn annar maður en sá, sem sýnt hefir yfirburði í þeim efnum og getur verið öruggur ráðunautur stj. Ég vænti þess, að þeir menn, sem á annað borð geta fallizt á það, að stj. fái slíkan ráðunaut í áfengismálum, séu sammála um það, að bezt sé að skipa í það starf þann mann, sem falið er það virðingastarf að vera stórtemplar á hverjum tíma. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir því, að stórtemplar skipi formenn nefnda þeirra, sem eiga að starfa í kaupstöðum og hreppum landsins, ef brtt. verður samþ. Það þarf líka að tengja þá starfsemi við samstarf bindindismanna og ráðh. Ég sé, að hv. 2. þm. Reykv. hefir flutt þá brtt., að ráðh. skipi formenn nefndanna. En ég skildi hann svo, að það væri varatill., ef mín till. yrði felld. Mér skildist svo sem hann ætlaði að greiða atkv. með minni till. viðvíkjandi stórtemplar, og hefði aðeins borið sína fram til vara, ef mín yrði felld. Það er gert ráð fyrir því í brtt., að verksvið nefndanna sé ákveðið með reglugerð, sem ráðh. gefur út, og á stórtemplar að hafa umsjón með framkvæmd þeirrar reglugerðar.

Ég ætla að minnast lítillega á brtt. á þskj. 503, en hún er stíluð við brtt. á þskj. 472, frá hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk., og er hún við c-liðinn í brtt. þeirra. En í c-liðnum er gert ráð fyrir, að sölulaun áfengis í útsölum og veitingastað megi aldrei fara fram úr ákveðnu hundraðsgjaldi, mismunandi fyrir útsölur og veitingastað. Það er heppilegra að taka það þannig upp í l., að ákveðið sé, að þetta hundraðsgjald fari ekki fram úr ákveðinni upphæð. Ég legg til, að það verði aldrei meira en 10% af útsöluverði. Ég ætla, að með þessu sé séð fyrir sæmilegri greiðslu til þeirra, sem taka að sér útsölu, hvort sem það er í útsölum eða veitingastöðum. Það er kunnugt, að hið eina veitingahús hér í bænum, sem hefir vínsölu, fær 33% í sölulaun, og er það óhæfilega mikil borgun og er ástæðulaust að skerða svo tekjur ríkissjóðs, auk þess, sem það herðir á hvöt útsölumanna til þess að gera umsetninguna sem mesta. Ég hefi því lagt til, að það ákvæði væri tekið upp í l., að sölulaun væru ekki nema 10% af útsöluverði, og að c-liðurinn sé orðaður eins og gert er ráð fyrir í brtt. minni.

Þá á ég brtt. ásamt þrem öðrum hv. dm. á þskj. 404, og er hún um það að gera þá breytingu á 2. gr. frv., þar sem ríkisstj. er heimilað að flytja til landsins áfenga drykki, að það nái ekki til þess að flytja inn áfengt öl með meiri styrkleika en gert er ráð fyrir í brtt. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr. þessa máls, að mest skaðsemi væri fólgin í því að drekka áfengt öl, því að þar í lægi oft rótin til almenns drykkjuskapar, sérstaklega hvað snerti hina yngri menn. Þeir byrja á því að drekka áfengt öl, en það vekur aftur löngun hjá þeim til þess að neyta sterkari drykkja, og getur áfenga ölið þannig leitt menn inn á þá braut að verða ofdrykkjumenn. Það er því sjálfsagt að banna að flytja inn áfengt öl, og sé ég ekki ástæðu til að fara lengra út í það mál, þar sem ég hefi rætt um það áður.

Ég skal ekki fara langt út í að ræða einstakar brtt. frá öðrum hv. þdm. Ég get þó ekki leitt hjá mér að minnast á brtt. á þskj. 521, frá hv. 11. landsk. og hv. 8. landsk. Brtt. er við 11. gr. og

er um það, að skerða ákvæði gr. um veitingaleyfi áfengra drykkja. Eins og gr. er í frv., þá hefir dómsmrh. heimild til þess að veita einu veitingahúsi í Rvík leyfi til vínsölu. Lengra nær ákvæðið ekki. En með þessari brtt. er þetta allmjög fært út og er gert ráð fyrir að veita ráðh. heimild til þess að veita öllum kaupstöðum landsins slíkt leyfi. Ég vil benda á það, að það er ósamræmi í því að veita ráðh. heimild til þess að gefa slíkt leyfi samtímis og bannað er að setja á stofn útsölu, nema það sé leyft með miklum meiri hluta atkv. Samkv. till. frá mér er bannað að setja á stofn útsölu sterkari drykkja þar, sem Spánarvínaútsala hefir verið, nema það sé samþ. með miklum meiri hl. atkv. Ég tel varhugavert að ganga inn á þessa braut án þess að veita kosningabærum mönnum kost á því að greiða atkv. um það. Þetta er í ósamræmi við önnur ákvæði í frv., og ræð ég því frá að ganga inn á þessa braut.

Ég sé, að þeim, sem samdi frv., og einnig okkur, sem höfum verið að gagnrýna það, hefir sézt yfir, að í frv. vantar ákvæði viðvíkjandi heimild þeirri, sem læknar hafa til þess að gefa út lyfseðla. Hér er brtt. á þskj. 545, sem bætir úr þessu, og ætla ég, að það sé ekki að ástæðulausu, þó slíkar skorður séu settar inn í frv. Við höfum hjá sumum læknum fengið miður góða reynslu á meðhöndlun þeirra á áfengi á undanförnum árum, og leiddi misnotkun þeirra á lyfseðlaleyfinu til þess, að það varð að reisa sterkari skorður en gert var upphaflega í bannl. og síðar í áfengisl. — Ég held það sé ekki fleira, sem ég þarf að minnast á.

Hv. þm. Vestm. minntist á nokkur atriði viðvíkjandi brtt. þeim, sem fram hafa komið. Ég ætla aðeins að minnast á eitt atriði, af því að það snertir mínar till. Hann taldi, að það væri ekki heppilegt að leggja það undir áhrifavald kosningabærra manna, hvort leyfa ætti útsölu sterkra drykkja þar, sem nú eru Spánarvínaútsölur. Ég vil benda á, að það er eingöngu vegna þess, að við erum bundnir með samningum við Spánverja, að ekki er hægt að hagga við Spánarvínaútsölunum. Hitt er auðvitað á valdi okkar, hvort við viljum bæta gráu ofan á svart og leyfa útsölu sterkari drykkja. Það er ómögulegt fyrir okkur að þurrka Spánarvínin burt á meðan við erum bundnir með samningum.

Hv. þm. sagði, að heimildin, sem konsúlar hafa haft, hafi ekki komið að sök. En það hefir nú verið svo, að það hefir verið hneykslunarhella frá upphafi, að verða að hafa þennan fleyg í áfengisl. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að hann hefir á ýmsan hátt haft miður góð áhrif á löggjöf okkar um þetta efni. En þessi fleygur hefir verið í l. af því að það hefir ekki verið hægt að komast hjá því að hafa hann. En það er víst viðtekin regla, að konsúlar búi að nokkru leyti við löggjöf þeirrar þjóðar, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Og menn hafa ekki séð sér fært að svipta þá þessum rétti. En það er síður en svo, að þetta hafi ekki orðið til skemmda fyrir löggjöf okkar. Ég mun því fylgja brtt. hv. 3. þm. Reykv. um þetta, þó að það sé ekki hægt að leggja í hana eins róttækan skilning og orðalag hennar gefur tilefni til.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. þm. Borgf. Hann sagði, að lögregluþjónar í Rvík mættu framkvæma húsrannsókn án leyfis. En þetta er ekki rétt. Eins og hv. þdm. er ef til vill kunnugt, þá er tekið fram í 13. gr. áfengisl., „að sé maður sterklega grunaður um ólöglegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis í hagnaðarskyni, eða sakborningur hafi áður verið dæmdur fyrir brot á áfengislöggjöfinni, þá má lögreglustjóri gera heimilisrannsókn hjá honum án dómsúrskurðar". Þetta hefir verið framkvæmt þannig, að lögreglustjóri hefir leyft lögregluþjónum að framkvæma húsrannsókn, ef maðurinn er sterklega grunaður og hefir verið dæmdur áður fyrir brot á áfengislöggjöfinni. En sé maðurinn aðeins grunaður og hafi ekki verið dæmdur áður, þá hafa lögregluþjónarnir ekki leyfi til þess að gera húsrannsókn. Í núv. áfengisl. er það greinilega tekið fram, að það er eingöngu lögreglustjóri, sem hefir leyfi til þess að láta gera húsrannsókn án þess að úrskurður falli um það. En ef brtt. verður samþ., þá verður þetta svo, að löggæzlumenn eða lögregluþjónar mega framkvæma húsrannsókn, ef maður er grunaður, án leyfis lögreglustjóra. Þetta er alveg stórkostleg breyting frá því, sem verið hefir. Nú hefir lögreglustjóri heimild til þess að láta fara fram húsrannsókn án úrskurðar, ef maður er sterklega grunaður og hefir verið dæmdur áður, en ef brtt. er samþ., þá mega lögregluþjónar ganga í hvaða hús sem er og framkvæma rannsókn, ef maður er grunaður. Samkv. löggjöf okkar má ekki gera húsrannsókn, nema rökstudd grein hafi verið gerð fyrir því, að sú rannsókn þurfi að fara fram. Þetta væri að ganga stórum lengra en ég álít viðeigandi.

Viðvíkjandi brtt., sem ég hefi hugsað mér að koma með við 22. gr., skal ég geta þess, að ég mun leggja hana fram á morgun, því að umr. mun ekki verða lokið í kvöld, eftir því sem hæstv. forseti hefir tjáð mér. En brtt. fer í þá átt, að um skipstjóra, stýrimenn og bátaformenn eða vélstjóra gildi svipað ákvæði og um flugmenn og bifreiðastjóra. Ég mun leggja þessa brtt. fram á morgun, og vænti þess, að hv. d. samþ. hana. En eins og nú er, er mjög illa gengið frá þessu í frv.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., 22. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 442, 443, 444, 468, 472, 473, 489, 502, 503, 507, 521, 527, 545, 567).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 567. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Gísli Sveinsson** [óyfirl.]: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs í gær, og verð ég því að taka upp þráðinn þar, sem umr. var slitið í gær. Hv. þdm. hafa nú talað um brtt., sem fram eru komnar, og gert grein fyrir þeim. Ég skal leyfa mér að segja álit mitt á örfáum atriðum, og stend ég jafnframt upp til þess að gera grein fyrir brtt., sem ég flyt ásamt öðrum hv. þdm. á þskj. 473. Eins og ég gat um við atkvgr. við 2.

umr., er þetta atriði, eins og það var samþ. við 2. umr., að minum dómi varhugavert nýmæli. Það eru að sönnu sérstök atriði, sem læknar fjalla um og skera úr með blóðrannsókn, en greinin má ekki vera svo orðuð eins og brtt. sú, sem lá fyrir við 2. umr. og var samþ. sem 23. gr. laganna. Þar segir:

„Leiki vafi á um, hvort sakborningur samkv. þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal úr því skorið með blóðrannsókn, er læknir framkvæmir".

Þetta ákvæði getur vitanlega ekki staðizt óbreytt, m. a. vegna þess, að læknar almennt hafa ekki tök á að láta blóðrannsókn fara fram, af þeirri einföldu ástæðu, að til þess þarf sérstakan útbúnað, sem aðeins er til á einum stað hér á landi, í rannsóknarstofu háskólans. Má því furðu vekja, að till. kom til atkv., af því svo er ástatt, sem ég gat um. Svo er það til komið, að flokksbróðir þessara hv. þm., landlæknirinn, bar á sínum tíma fram brtt. við áfengisl. í þessu efni, og í grg. fyrir till. játar hann, að þetta sé ekki hægt að framkvæma, þó hann vonaði, að ekki liði á löngu þar til það yrði hægt. Hann talaði líka um það, landlæknirinn, sem þá átti sæti hér á þingi, að úr því mætti skera með rannsókn, sem kunnáttumenn væru látnir gera. Ég held, að úr þessu sé skorið með minni till., að við bætist: „eða annar kunnáttumaður". Nú hefir komið fram brtt. frá fyrri flm., um að niður falli þessi orð í till. minni. Það get ég ekki fallizt á, að efnafræðingur megi ekki framkvæma þessa rannsókn, enda hefir hæstv. forsrh. tekið fram, að sú sé hans skoðun, og endurtekur það, að hún sé ekki framkvæmd annarsstaðar en á rannsóknarstofu háskólans. Nú er það undanskilið með orðunum „ef tök eru á". Þá er það heimilt annarsstaðar, svo er um hnútana búið. Ég vil því eindregið mælast til þess, að brtt. á þskj. 473 verði samþ. í heilu lagi, enda hafa dómbærir menn í þessu efni — eins og hæstv. forsrh. — fallizt á, að hún væri réttmæt.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að því, sem umr. í gær gáfu tilefni til út af brtt. þeirra hv. 11. landsk. og hv. 8. landsk. á þskj. 521. Án þess að ég að öðru leyti ætli að leggja dóm á þessa till., þá vil ég geta þess, að erfitt mun að finna, hvar takmörkin má setja um álagningu vinanna, hvað hún megi vera hæst og lægst. Aðaltilgangurinn er að hafa álagninguna ekki of harkalega, og ekki sé hverjum sem er leyft að leggja á þessa vöru, með því að það getur valdið miklu að leggja ekki á hana úr hófi fram, eins og nú er ástatt.

Annar tilgangur þessara laga af hálfu ríkisins er að sporna móti þeirri öldu, sem risin er hér á landi og stafar af svonefndu bruggi, sem löggjafinn hefir ekki fengið rönd við reist. Hæstv. fjmrh. andmælti till. minni, væntanlega út frá þeirri stöðu, sem hann nú hefir, og hefir viljað hafa óbundnar hendur um álagningu vinanna, því væntanlega hefir hann aldrei lagzt svo lágt, að þau rök, sem hann færði fram — að ekki væri hægt að útrýma brugginu — séu aðalatriði. Þetta má ekki heyrast úr ráðherrastóli, að ómögulegt sé að útrýma ólögum, og við verðum að trúa því, að það sé útrýmanlegt, og það er hægt. Þess vegna er ekki rétt að komast svo að orði eins og hæstv. ráðh. gerði, að þetta sé ómögulegt. Og ég tel, að eitt höfuðatriðið í útrýmingu bruggsins sé að selja sterku vínin, og þá sérstaklega brennivínið, vægu verði. Ég get sagt það berum orðum, að ég tel alveg víst, að með því takist að útrýma bruggun áfengis, a. m. k. til sölu. Það getur vel verið, að umbótamenn — sérfræðingar á þessu sviði — mótmæli þessu, en kostnaður er þó nokkur við að brugga, og að öðru leyti áhætta of mikil að brjóta löggjöfina. Því að það er skiljanlegt, að menn vilji heldur kaupa eina flösku af leyfilegu brennivíni, ef hún er ekki of dýr, en að kaupa brugg og eiga heilsu- og fjörtjón yfir höfði sér.

Það er almennt viðurkennt — og kemur úr hörðustu átt, ef hæstv. fjmrh. mótmælir því —, að brennivínið er drykkur almennings, og er það eina, sem útrýmt getur brugginu og útrýmt því siðferðislega broti og niðurdrepi, sem því fylgir. Það er langt frá, að það sé rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að ekki sé hægt að keppa við bruggið, þó það sé ekki hægt með þeim hætti, sem viðgengst. Hitt er annað mál, þó menn bruggi til eigin nota, og það er minna mein, þó menn sulli eitthvað ofan í sjálfan sig, eða minna verður gerandi út af því. Höfuðatriði löggjafarinnar og tilgangur er að útrýma brugguðu áfengi af markaðinum. En frá þessu sjónarmiði eru till. réttmætar, þó að gæta verði varúðar um að stilla álagningunni í hóf. En ég skal játa, að það er vandi að gera áfengislögin svo úr garði, að allir geti vel við unað.

Þá eru brtt. á þskj. 472, frá þeim hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. Ég er ekki á móti þeim, nema c-lið. Ég tel, að a- og b-liðir fari í rétta átt og mun ekki greiða atkv. móti þeim, en c-liðinn tel ég óhæfilegan. Ég tel ekki, að þessi lög eigi að vera löggjöf um bann, heldur um að útrýma banninu í eiginlegum skilningi. Heldur er hér um að ræða að leyfa innflutning sterkra drykkja, og það má ekki blanda inn í þessi lög ýmsum ákvæðum um að sporna við óleyfilegri meðferð áfengis, þó sjálfsagt sé að sporna við því, að allt siðgæði fari út um þúfur.

Mér finnst varhugavert að leyfa lögreglustjórum að loka veitingahúsum fyrirvaralaust í 1 eða 2 daga, þegar þeim finnst ástæða til. Þetta finnst mér of langt gengið, því eins og gefur að skilja, þó ég hafi trú á lögreglustjórum, þá geta þeir misbeitt valdi sínu, og það er ekki rétt að gefa þeim ótakmarkað vald í þessu efni. Það er hætt við, að það þyki misnotað bæði víða og oft. Það þarf ekki annað en persónulegar ástæður komi til greina. Við þurfum að gæta þess, að þeir eru menn, og breyzkir eins og aðrir, og það gæti verið, að þeim fyndist ástæða til að loka einum sal til að gera einhverjum lífið „brogað" — eins og það er kallað á Rvíkurmáli. Ég vil því ekki leiða þetta í lög og vona, að þetta atriði fái ekki byr í þessari hv. deild, heldur verði þessi stafliður felldur.

Um brtt. á þskj. 527, frá allshn., skal ég ekki ræða, vegna þess að fram er komin brtt. á þskj. 567, frá hæstv. forsrh., sem nemur hana burt, og við hana mun ég fella mig. Sú till. fjallar um

að sameina 21. og 22. gr. frv. og gerir þær skipulegri eða aðgengilegri, svo ég tel, að við megi hlíta. En þessi löggjöf á ekki að vera refsilöggjöf, og það er braut, sem verður að ganga varlega inn á. Það má samþ. þessa till., en undir engum kringumstæðum þá till., sem lá hér fyrir í gær. — *Þá skal ég ekki lengja mál mitt meira*, og láta afskiptalausar aðrar brtt., sem hér liggja fyrir, og láta atkvgr. skera úr. Aðeins skal ég geta þess, og taka í sama streng og hæstv. dómsmrh., að 3. liður í brtt. á þskj. 502, frá hv. þm. Borgf., er að mínum dómi óaðgengilegur og allskostar óhæfur. Virðist þar kenna mikils misskilnings á því, sem lagt er til í 6. gr. l. um rannsókn á flutningatækjum. Þess verða menn vel að gæta, eins og ég gat um við fyrri umr. þessa máls, að blanda ekki saman húsrannsókn og rannsókn flutningatækja. Hér er ekki um bannlög að ræða lengur, heldur lög, sem leyfa innflutning alls áfengis. Þar er talað um að gefa löggæzlumönnum, lögreglumönnum og hreppstjórum svo mikið vald, að þeir megi fara í hús manna til rannsóknar. Það er rétt að gefa þeim heimild til að rannsaka flutningatæki; til þess er fullkomin ástæða, því með þeim er flutt *áfengi á sölustaði, og mér finnst eðlilegt*, að þeir hafi vald til þess á vegum úti. En hitt, að löggæzlumaður eða hreppstjóri megi, hvar sem hann er á vegi staddur, ryðjast inn í hús manna, það er að raska heimilisfriðnum meira en leyft er nokkursstaðar annarsstaðar í okkar löggjöf.

Eins og ég sagði áðan, að lögreglustjórar gætu verið misjafnir menn, þá gefur að skilja, að í öllum þeim urmul löggæzlumanna, lögreglu- og hreppstjóra sé misjafn sauður, sem sé ærið varhugavert að hleypa of langt, og finnst mér rétt að láta sömu lög gilda hér um eins og annað. Það hefir verið vitnað í lögregluþjónana hér í Rvík, að þeir framkvæmdu húsrannsóknir; það hefir verið upplýst af hæstv. dómsmrh., eins og vænta mátti, að það er ekki rétt, að þeir geri það upp á eigin býti, heldur aðeins eftir úrskurði lögreglustjóra. Ég ætla, að með brtt. sé átt við, að þessir menn geti hlaupið eftir lauslegum grun eða kviksögum og gert húsrannsókn, er þeim býður svo við að horfa. Þetta má ekki eiga sér stað. Hvað er þá orðið um heimilishelgina, ef hver óbreyttur löggæzlumaður má vaða inn á heimili manna, er honum býður svo við að horfa? *Þetta er það, sem hv. 9. landsk. mundi kalla* — ef hann hneykslast ekki — skott á löggjöfinni, og ég vildi mælast til þess, að flm. taki þessa till. aftur, þó ég voni, að hún fái ekki byr hér á Alþ., jafnvel ekki eins og það nú er skipað. Það er margt, sem orkar tvímælis, hvort leyfa skal eða ekki leyfa, en það má í engu brjóta sjálft höfuðprincipið í refsilöggjöfinni. Eins og mönnum er kunnugt, hefir árangurinn af áfengislögunum ekki orðið eins ríkur og menn hafa óskað og ætlazt hefir verið til, því eftir því, sem hert hefir verið á refsiákvæðunum, *hafa menn gerzt ósvinnari* um að brjóta þau og brotunum hefir fjölgað. En menn mega ekki þar fyrir láta leiðast til að fara inn í þau helgu vé, sem hingað til hafa verið friðhelg. — Loks skal ég geta þess, að ég er því ekki sammála, að stórtemplar sé skyldugur til að vera umboðsmaður eða ráðgjafi ráðh., og það er ekki hægt að skylda hann til þess, en tel að formenn áfengisvarnanefnda geti verið ráðunautar hans, hver á sínum stað. — Ég skal svo ekki orðlengja frekar, en býst við, að senn líði að því, að menn fái að greiða atkv., því brtt. eru margar.

**Gunnar Thoroddsen:** Hæstv. fjmrh. tók til máls í gær og andmælti till. okkar hv. 8. landsk. Hann lét svo um mælt, hvort við flm. hefðum athugað, *hver álagningin yrði í einstökum tilfellum* eftir till. okkar. Ég skal fyrst geta þess, að í till. okkar er gert ráð fyrir 25—100%, svo segja má, að gefnar séu rúmar hendur um álagninguna. Ég skal upplýsa, hvaða verð mundi verða á ýmsum víntegundum með þessari álagningu, og miða ég þá innkaupsverð *vínanna* við það verð, sem gefið er upp í nýútkomnum verzlunarskýrslum fyrir árið 1932.

Fyrst er þá vínandi, sem samkv. nefndum skýrslum kostaði 0,75 kr. pr. lítra, tollur er kr. 6,25, samtals kr. 7,00, og með 100% álagningu kr. 14,00. Nú selur áfengisverzl. ríkisins lítrann á kr. 9,60. Ég skal ennfremur upplýsa, að kognak kostar — samkv. sömu skýrslum — kr. 3,25 lítrinn, tollurinn er kr. 5,00. Eftir okkar till. mætti því selja lítrann á kr. 16,44, en er seldur nú á 8—10 kr. flaskan. Whisky kostar ca. kr. 3,50 l. í innkaupi, tollur er 5,00 kr.; eftir brtt. okkar mætti selja flöskuna á kr. 17,00. Ef við snúum okkur að Spánarvínunum eða léttu vínunum, þá kostar t. d. sherry í innkaupi kr. 2,40 l., tollur er kr. 2,50, og mætti því selja það á kr. 9,80, en söluverð er nú 7—8 kr. Hvítvín kostar kr. 3,37 lítrinn, en tollur er 1,25, og mætti skv. till. okkar selja það á 9,24 kr., en er nú selt í áfengisverzluninni á 5—6 kr. Ég bendi á þetta til að sýna verðlagið, sem nú er, og það verðlag, sem mætti verða samkv. okkar till. Það virðist ekki vera hlægilega lágt, eins og hæstv. ráðh. sagði, nema hann vilji halda því fram, að það sé hlægilega lág álagning að selja á 14—15 kr. lítrann af vínanda, sem kostar kr. 0,75 í innkaupi.

Ég tel þetta nægilegt til að sýna, hvort álagning sú eða verð, sem ákveða má á vínunum samkv. okkar till., sé hlægilega lágt.

Þá talaði hæstv. ráðh. af vandlætingu um, að við legðum fram till. án þess að gera okkur *grein fyrir*, til hvers þær mundu leiða fyrir ríkissjóð. Það situr nú sízt á hæstv. ráðh. að tala um það, sem sjálfur hefir lagt fram fjölda frv. til tekjuauka án þess að hafa getað gert nokkra grein fyrir, hverju þær tekjur mundu nema.

Jafnframt taldi hann óeðlilegt að setja hámarksálagningu á þessa vöru. Ég skil ekki, hvað er óeðlilegt við það. Til samanburðar má geta þess, að nú er ákveðin hámarksálagning t. d. á tóbak, 75%, og úr því að sett er hámarksverð á munaðarvöru eins og tóbak, þá held ég, að ekki sé úr vegi að setja svipuð ákvæði um áfengið.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að það hefði engin áhrif á smyglun og bruggun að selja vínin við vægu verði. Ég þarf ekki að svara þessu, því að hv. þm. V.-Sk. hefir þegar gert það. Það

er flestum ljóst, að því hærra verð, sem er á vínunum, því meiri tilhneigingu hafa menn til þess að brugga áfengi og smygla því inn í landið.

Þá vék hæstv. ráðh. að þeim rökum mínum, að það væri jafnvel brotið í bága við stjskr. að hafa enga hámarksálagningu í lögunum um vín. Í 35. gr. stjskr. stendur, að engan skatt megi leggja á, nema með lögum. Þar sem talað er um skatt, er átt við opinber gjöld, og þá einnig tolla. Ég hefi haldið því fram, að álagning ríkisins með einkasölu vörutegunda væri í raun inni sama og tollur. Þessi álagning á fyrst og fremst að renna í sama sjóð og tollgreiðslan, og er auk þess miðuð, eins og hún, við þá vörutegund, sem um er að ræða. Þegar ríkið einokar einhverja vöru, liggur því nærri að telja, að skylt sé að ákveða í lögum, hve álagningin megi vera há, eins og gert er um skatta og tolla. Með þessu ákvæði stjskr., að ekki megi leggja skatt á menn nema með lögum, er verið að tryggja Alþ. þetta vald, sem ríkisstj. getur ekki hrifsað úr höndum þess. Þess vegna er nauðsynlegt að ákveða hámark fyrir álagninguna.

Með því að setja upp ríkiseinokun á mörgum vörutegundum, án þess að álagningin sé ákveðin, er hægt að fara í kringum þetta ákvæði stjskr. Þá getur stj. hagað álagningunni eftir eigin vild og tekið þessa skatta af mönnum án þess að spyrja þingið.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé allt öðru máli að gegna um álagning vörutegundar og um skatta, því að enginn sé skyldugur til þess að kaupa þessa vöru. En það er alveg sama að segja um álagninguna og tollinn. Það er heldur enginn skyldugur til þess að kaupa tollaðar vörur.

Ég hefi nú svarað rökum hæstv. fjmrh. gegn þessari till. Deilan út af þessari till. stendur um tvennt. Annarsvegar um það, hvort eigi að ákveða verðlag á vínið, þegar bannið verður afnumið, svo hátt, að smyglun haldi áfram. Ég tel tvímælalaust rétt að ákveða verðlagið með tilliti til útrýmingar á smyglun.

Hitt atriðið er það, hvort hv. Alþ. ætlar að afsala sér réttinum til þess að ákveða skattaálagninguna.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Ég vil svara því, sem fram hefir komið í tilefni af aths. þeim, sem ég gerði við 1. brtt. á þskj. 521. Ég ætla að byrja með því að víkja nokkrum orðum að hv. 11. landsk. Hann gaf upplýsingar um það, hvernig það myndi verka að hafa álagningarákvæði. Viðvíkjandi því, sem ég sagði, að ef þessi till. yrði samþ., þá væri hætta á því, að verð sumra vintegunda yrði lágt, vil ég taka þetta fram:

Hv. þm. upplýsti það, að þá yrði 1 lítri af víni seldur á 14 kr. í útsölu. Væri sú aðferð viðhöfð, að keypt væri hreint vín, það væri blandað og búið til úr því brennivín, mætti komast að betri kjörum. Ef vínflaskan kostaði 14 kr., eins og hv. 11. landsk. telur, þá væri hæfilegt að blanda þannig, að á móti 1 af hreinu víni kæmi 2 af vatni. Það þykir gott vín. Sé þannig reiknað, má fá 4 fl. af brennivíni úr 1 lítra af hreinu víni. Útsöluverð ætti þá að vera kr. 3.50. Sé aftur á móti reiknað með því, að brennivínið verði sterkara, þá verður útsöluverð kr. 4.66. Þetta sýnir, að það var rétt, sem ég sagði, að það væri of lágt verð á þessari tegund víns.

Það má vera, að verðið á „whisky“ og „koníaki“ þyki nógu hátt með þeim tölum, sem hv. þm. nefndi.

Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki gert grein fyrir því, hver áhrif ýms tekjuaukafrv. hefðu á tekjur ríkissjóðs. Þetta er ekki rétt. Ég hefi nú upplýst, hvað þessi frv. gefa ríkissjóði. Það er ekki mín sök, þótt hv. sjálfst.menn hér á þingi troði upp í eyrun og vilji ekki hlusta á rök í þessu efni. Það eru viss frv., eins og t. d. stimpilgjaldsfrv., sem ómögulegt er að reikna út. Það getur enginn gert. Allt annað, sem hægt hefir verið að reikna út, hefi ég gefið upplýsingar um hér í þessari hv. deild.

Hv. þm. V.-Sk. talaði hér um það, hvort það ætti að selja vínin svo dýr, að bruggið héldi áfram, eða svo ódýr, að bruggið hætti. Það er ekki það, sem hér um ræðir viðvíkjandi þessari till., heldur það, hvort álagningin skuli takmörkuð, og hvort sú takmörkun sé ekki of mikil, þannig að álagningin geti ekki orðið svo mikil, að menn geti sætt sig við það. Enginn sættir sig við það, að vínið sé selt á kr. 3.50. Það er ekki rétt, að hægt sé að selja vínið svo ódýrt, að það geti keppt við bruggið.

Ég tók það fram, að ef ekki er haft mjög hátt verð á brennivíninu, þá minnkaði bruggið, sem selt er til kaupstaðanna.

Ég ætla ekki að fara út í langar umr. um það, hvort rétt sé að hafa slíkar hömlur á álagningu vara sem þessi till. fer fram á. Ég álít það ekki rétt. En ég gæti fallizt á einhverjar slíkar hömlur, ef hægt væri að hreyfa þetta til, eftir því sem reynslan sýndi, að þyrfti að gera. Verðlagning þessarar vöru er svo mikið vandamál, að ég hygg, að enginn okkar, sem hér erum inni, sé tilbúinn til þess að leysa úr því.

Það þarf að athuga verðlagið erlendis og reynslu annara þjóða í þessum efnum. Forstjóri Áfengisverzlunarinnar er nú erlendis til þess að kynna sér þessa reynslu. Ég held, að við ættum að koma okkur saman um að bíða eftir þeirri reynslu og heyra hana, áður en sett verða ákvæði í frv., sem gætu orðið til ills. Ef einhver hv. þm. hefir þá eitthvað sérstakt við þetta að athuga, þá getur hann borið það fram.

Ég get ekki fallizt á það núna, að slíkt álagningarákvæði sé haft í þessu frv., þótt ég sé því „principielt“ fylgjandi að hafa slík ákvæði.

**Stefán Jóhann Stefánsson** óyfirl.: Ég ætla að segja nokkur orð, til þess að leiðrétta þann misskilning, sem risið hefir upp út af brtt. minni á þskj. 489. Einn ræðumaður telur ekki rétt, að orðin „eða annar kunnáttumaður“ falli niður. Till. mín miðar að því, að eingöngu þeir framkvæmi þessa blóðrannsókn, sem vissa er fyrir, að hæfir séu til þess verks. Það eru vitanlega aðeins læknar. Það sama verður ekki sagt um efnafræðingana, en þeir eru þeir einu, sem komið geta til mála í þessu tilfelli, fyrir utan læknana sjálfa, og svo hjúkrunarkonur. Læknarnir eiga að ráðstafa blóðinu til rannsóknar, og

þó það sé rétt, að þessa rannsókn þyrfti stundum að framkvæma á rannsóknarstöð, þá yrði að gera það á rannsóknarstofu háskólans, sem læknisfróður maður veitir forstöðu.

Aðalatriði þessarar brtt. er það, að þeir einu sönnu kunnáttumenn, læknarnir, framkvæmi þessar blóðrannsóknir. Annað vakti ekki fyrir mér, þegar ég bar þessa brtt. fram. Ég held því, að andmælin gegn henni séu byggð á misskilningi. (GSv: Ég hélt mér eingöngu við það, sem landlæknir sagði).

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Það er aðallega eitt atriði í þeim brtt., sem ég hefi flutt, er andmælum sætti hér. Það er ákvæðið um, að lögregluþjónar og löggæzlumenn hafi heimild til þess að framkvæma húsrannsókn upp á eigin ábyrgð. Ég átti tal um þetta í gær við núv. lögreglustjóra. Hann sagði mér, að þessu væri þannig hagað núna, að lögregluþjónar framkvæmdu húsrannsókn þar, sem þeir hefðu grun um, að ólöglegt áfengi væri haft um hönd, án þess að neinn úrskurður hefði verið felldur um þetta. Þessu hefir hæstv. forsrh. og fyrrv. lögreglustjóri mótmælt. Hann segir, að þetta hafi einungis átt sér stað, þegar um var að ræða menn, sem áður höfðu gerzt brotlegir í þessu efni. Út af þessum ágreiningi, sem virðist vera milli hæstv. forsrh. og núv. lögreglustjóra, hefi ég aftur átt tal við lögreglustjórann um þetta mál. Hann staðfesti einungis það, sem hann hafði áður sagt um þetta.

Ég get ekki séð neinn raunverulegan mun á því, að lögregluþjónar og löggæzlumenn framkvæmi þessa húsrannsókn upp á eigin spýtur, eða þeir þurfi að sækja um leyfi til þess til yfirvaldanna, vegna þess að það eru þessir menn, sem framkvæma húsrannsóknina. Þeir leggja fyrir lögreglustjóra eða sýslumenn grun sinn um, að ólöglegt áfengi sé á þessum og þessum stað. Framkvæmd húsrannsóknarinnar er því byggð á áliti löggæzlumannsins, enda þótt sækja þurfi um leyfi til hlutaðeigandi yfirvalds til þess að fá að framkvæma rannsóknina.

Hitt er annað mál, að það er alkunnugt, að það er mikill munur á því, til þess að ná einhverjum árangri, hvort sú leið er farin, að leyfa löggæzlumönnum að framkvæma húsrannsóknina upp á eigin spýtur, eða að þeir verði að sækja um leyfi til sýslumanna og lögreglustjóra til framkvæmdarinnar, því að þótt sýslumaður sé ekki mótfallinn slíkum rannsóknum, getur samt liðið svo langur tími, unz leyfið er fengið, að tækifæri það, sem um var að ræða, sé liðið hjá. Hinsvegar er það líka kunnugt, að sýslumenn hafa reynzt mjög staðir í því að veita slík leyfi. Það atriði út af fyrir sig nægir eitt til þess að gera það að verkum, að mjög miklum örðugleikum getur verið bundið að framfylgja þessum lögum í þessu efni.

Þegar þetta allt er athugað, get ég ekki séð annað en að það sé fullkomlega forsvaranlegt, fyrst lögin heimila á annað borð húsrannsóknir, að þessum löggæzlumönnum sé falið að framkvæma þær. Það er engin ástæða til þess að væna þessa menn um, að þeir beri ekki ábyrgð gerða sinna í þessu efni, eins og fram kom hjá hv. þm. V.-Sk. Það kom fram hjá hv. þm., sem haldið hefir verið fram af andbanningum, að með því að gera þetta, þá væri úrýmt bruggi og smyglun til landsins. Ég er hræddur um, að fullyrðingar þessara manna rætist ekki í þessu efni, því að það er kunnugt, að í þeim löndum, sem ekkert bann hafa, en hinsvegar háa tolla á öllu áfengi, er sterk tilhneiging til þess að smygla víninu inn í landið og losna á þann hátt við greiðslu tollsins. Þessi vín verða nógu dýr til þess að sumir menn hafi hvöt til þess að reyna að komast undan tollgreiðslu við innflutning vína til landsins. Þess vegna er það ekki rétt hjá hv. þm. V.-Sk., að nokkur verulег breyt., verði í þessu efni, eftir að þessi nýja áfengislöggjöf fær staðfestingu hér á hv. Alþ. Nei, það er sama nauðsyn að útrýma bruggi og smyglun eftir sem áður, og er því ekki hægt að gera ráð fyrir beinni breyt. í þessu efni.

Að því leyti sem nauðsynlegt er að halda uppi löggæzlu viðvíkjandi ólöglegri meðferð áfengis, þá er sama nauðsyn eftir, og það slær engri rýrð á það, að nauðsynlegt sé að taka upp í þetta frv. þau ákvæði, sem ég hefi lagt til, að eftirlitið sé gert hæft til þess að koma upp lögbrotum, með því að leyfa löggæzlumönnum að ljósta upp lögbrotum þar, sem um þau er að ræða.

Ég skal nú ekki fara lengra út í þetta mál. Ég vil að lokum minnast á það sérstaklega, sem kom fram hjá hv. þm. V.-Sk. þessu máli viðvíkjandi. Hann er því andvígur, að stórtemplar verði ráðunautur í áfengismálum. Hann segir, að hann sé ekki sjálfkjörinn embættismaður þess opinbera. Í minni till. er þetta þannig orðað, að hann sé ráðunautur stj. í þessum málum. Fái ríkisstj. ráðunaut í þessum málum, þá get ég ekki betur séð en að sá maður, sem bindindisfélögin í landinu hafa gert að forustumanni í sínum málum, sé manna sjálfsagðastur og hæfastur til þess að gegna því starfi. Það, sem hér er um að ræða, er vitanlega ekkert annað en það, að viðkomandi ráðh. eða stj. sé aðstoðuð í því að sporna á móti þeim háska, sem allir hljóta að viðurkenna að stafar af vínnautn og ofdrykkju í þessu landi. Fyrst þetta er viðurkennt, þá get ég ekki séð neina ástæðu gegn því, að þessi maður sé ráðunautur stj. í þessum efnum. Það verður því í áframhaldi af þessu og í samræmi við það, að skipa forystumenn þeirra nefnda, sem gert er ráð fyrir að settar verði á fót í hverjum hreppi á landinu, til þess að bein áhrif hans á starfsmenn þessarar nefndar í baráttunni við ofdrykkjuna geti notið sín sem bezt.

Af því, sem nú var sagt, tel ég tvímælalaust rétt, að hv. deild samþ. till. mína um það, að stórtemplar verði gerður að ráðunaut stj. um þessi mál.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það er sérstaklega eitt atriði í brtt. hv. þm. Borgf., sem ég vil taka til athugunar, en það er viðvíkjandi húsrannsókninni. Ég álít, að þetta ákvæði megi alls ekki komast í gegn og tel það ekki vansalaust fyrir þingið, ef það verður samþ. Eins og ég gat um í fyrstu ræðu minni, er ég talaði um

þetta, er húsrannsókn eigi leyfð án dómsúrskurðar. Aðalreglan er sú, að það má ekki fara inn á heimili neins manns, nema fyrir liggi rökstuddur úrskurður dómara þar um. Þessi regla gildir hjá okkur og er varin með stjskr., til þess að vernda friðhelgi heimilisins, persónufrelsi manna. Ef till. hv. þm. Borgf. verður samþ., leiðir það til þess, að fjöldi manna getur gengið inn á heimili manna, leitað þar og farið um allt og brotið þá reglu, sem stórvægilegustu afbrot leyfa ekki. Ég tala ekki þannig vegna þess, að ég sé eigi móti drykkjuskap. Ég held, að ég hafi staðið þannig í stöðu minni sem lögreglustjóri í þessum bæ, að ég geti talað um þessi mál af fullri hreinskilni. Ég get ekki gengið inn á það, að þegar aftur er leyft að flytja inn sterk vín, svo að brot gegn áfengislögunum verða aðeins brot á tollalögum og einkasölulögum, þá sé gengið svo langt í þessu atriði, að það sé langt fram yfir stórkostlegustu afbrot á öðrum sviðum, t. d. þjófnað, svik semi o. s. frv. Út af slíku er ekki leyfilegt að gera húsrannsókn nema rökstuddur úrskurður dómara komi til, nema maður bókstaflega standi manninn að verki og elti hann inn í hans eigið hús.

Í raun og veru kemur hv. þm. Borgf. með sterk rök, er hann hefir það eftir núv. lögreglustjóra í Rvík, að húsrannsóknir séu framkvæmdar í þessum málum án þess að fyrirskipun lögreglustjóra komi til. Ég efast ekki um, að lögreglustjórinn vill segja satt um þetta, og að þetta er aðeins misskilningur hjá honum. Hann hefir ekkert haft með áfengismálin að gera, heldur hafa þau svo að segja algerlega verið í höndum fulltrúans, Jónatans Hallvarðssonar, sem haft hefir sjálfstætt dómsvald í þessum málum. Ég talaði um þetta við einhvern skýrasta lögregluþjóninn, og um leið áhugasamasta í þessum málum, Svein Sæmundsson. Hann hefir framkvæmt svo að segja allar húsrannsóknir, er gerðar hafa verið í þessum málum. Hann sagði, að húsrannsókn væri ekki gerð nema eftir fyrirskipun lögreglustjóra, og venja væri að hafa rökstuddan húsrannsóknarúrskurð með. Þetta væri reglan, nema þar, sem um áður uppvísa og brotlega menn væri að ræða. Þar væri húsrannsókn gerð með fyrirskipun lögreglustjóra í eitt skipti fyrir öll.

Hann sagði mér einnig, að dómsmálaráðuneytið liti svo á, að allar húsrannsóknir væru gerðar eftir fyrirskipun lögreglustjóra, líka hjá þeim mönnum, er áður hefðu orðið uppvísir að brotum. Það er lögreglustjórans að gefa úrskurð um húsrannsókn, því enda þótt lögregluliðið sé vel skipað, er varhugavert að veita mörgum mönnum þetta vald. Lögreglustjóri á að taka við upplýsingum um málið og meta þær og byggja úrskurð sinn síðan á því. Hann hefir ekki leyfi til þess að framselja öllum sínum lögregluþjónum þetta vald.

Mér er það áhugamál að þessi till. verði felld, því að hún heimilar hverjum einasta lögregluþjóni, sem er á vakt, að ganga inn í hús manna og gera þar húsrannsókn, án þess jafnvel, að grunur hvíli á um óleyfilega meðferð áfengis. Að fara að taka húsrannsókn inn í sambandi við ákvæðin um flutningatæki er og fráleitt. Það kemur ekki að sök, þótt leitað sé úrskurðar um húsrannsókn; það þekki ég vel. Þar er venjulega um brot, sem standa yfir í lengri tíma, að ræða, á heimilum lögbrjótanna. Öðru máli gegnir um flutningatæki, sem sleppa mundu úr höndum lögreglunnar, ef leita þyrfti úrskurðar áður en rannsókn færi fram. Það er nóg, að húsrannsókn í þessum málum hliti sömu reglum og í öðrum málum, og langt gengið að leyfa rannsókn á farartækjum án úrskurðar, og nær þeim tilgangi, er ná má í þessari löggjöf. Ég tel nú, að ég hafi svarað þessu nægilega og geri að till. minni, að þessi brtt. verði felld.

Viðvíkjandi ákvæðinu um það, að stórtemplar sé sjálfkjörinn ráðunautur ríkisstj. í þessum málum, vil ég benda á það, að það getur hent og hefir komið fyrir, að hann sé búsettur utan Rvíkur. Verður þá að haga kosningu hans samkv. þessu ákvæði. Annars er ég á móti því, að ríkið sé að fá einstökum mönnum í hendur vald sitt, eða fela þeim það. Ég tel rangt að dreifa þessu valdi í svo litlu þjóðfélagi sem okkar, er, og tel, að búið sé að gera of mikið að því.

Þá skal ég minnast lítið eitt á brtt. við 21. og 22. gr. Þar er um það talað, að þeir, sem greinin ræðir um, flugmenn, bifreiðarstjórar o. s. frv., og eru undir áhrifum víns við atvinnu sína, skuli **jafnan** missa réttinn til að stjórna flugvél, bifreið o. s. frv. Þ. e. a. s., dómarinn er ekki algerlega bundinn við að svipta þá þessum rétti við fyrsta brot. Þetta tekur einnig til niðurlags gr., er ræðir um æfilanga sviptingu. Þetta er í samræmi við hina nýrri refsilöggjöf vorra tíma, að dómarinn hafi nokkurt svigrúm til þess að meta ástæðurnar og ástæður manna, og virðist það vera rétt og sjálfsagt.

Nú eru alltaf að berast beiðnir um náðanir, sökum þess hve lögin eru ströng í þessu efni. Í morgun barst mér t. d. ein beiðni um náðun. Ég hefi ekki náðað neinn, því að ég tel, að þegar löggjöf hefir verið sett, beri að hlýða hanni, og óleyfilegt sé því að náða. Þá er síðari málsgr., um að sömu refsingu skuli framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum stjórn farartækisins, ef þeir eru sjálfir í farartækinu og áttu að stjórna því, en hafa vanrækt starf sitt þar sökum ölvunar, og verulegt slys hlotizt af því. Ég skal gefa þær upplýsingar viðvíkjandi þessu, að mér finnst það eigi að vera refsivert, ef skipstjóri er ölvaður á hættulegum augnablikum, svo ólærðir menn verði t. d. að stjórna skipinu. Þetta hefir komið fyrir, bæði með skip og bifreiðar, og hefi ég persónulega orðið þrisvar sinnum að dæma menn í slíkum tilfellum seka, sem ég þó fann, að raunverulega báru ekki sökina. Það má minna á í þessu sambandi eitt af stórkostlegustu slysum, er orðið hafa hér í nánd við bæinn, þar sem bifreiðinni var stjórnað af ungling, er eigi hafði ökuskirteini. Eins og menn sjá, er ekki of viðtækt að orði kveðið um þetta í brtt., þar sem þeir verða að vera sjálfir í fararbroddi og hafa átt að stjórna því, en vanrækt það. Þetta er svo bundið, að það er eigi ósanngjarnt, en hinsvegar til stórra bóta frá því, sem nú er. Vænti

ég þess, að hv. d. samþ. brtt. eins og þær liggja fyrir.

**Thor Thors:** Ég býst við, að allir geti verið sammála um það, að refsingar úr hófi fram geti komið til með að verka gagnstætt við það, sem ætlunin var. Það leiðir til þess, að menn af miskunnsemi kæra ekki sökudólgana. Slíkt verður ekki til þess að bæta réttarvörzluna, því að takmark hennar er, að hvert afbort sé kært og refsingum komið fram samkvæmt ákvæðum l. Flestir munu sammála um, að refsiákvæði áfengislaganna nú séu nógu ströng, en þau hafa verið látin haldast í þessu frv., þótt kannske væri ástæða til þess að draga úr þeim við það, að eðli brotsins breytist. Áður fyrr voru þetta brot gegn því banni, er var á innflutningi sterkra vína; bönnuð vara var flutt inn, en nú verður þetta brot á tollalöggjöf og einkasölulöggjöf, eins og hv. forsrh. tók réttilega fram. Þótt ástæða hafi verið til þess að draga úr refsingunum, hefir það ekki verið gert. Í einu tilfelli er hinsvegar hert svo óheyrilega á refsingunum, að ég og aðrir þm. höfum komið með brtt. við það. Þetta er viðvíkjandi 25. gr. frv., þar sem ræðir um áfengisinnflutning til þess að selja eða veita fyrir borgun. Við þessu broti er í l. sett 5000 kr. sekt í fyrsta sinn, en ef verulegt brot er um að ræða, þá fangelsi, og skal jafnan svo, ef um ítrekað brot er að ræða. En við þetta er bætt einu nýju ákvæði, sem ekki er í núgildandi lögum. Það er ekki sett í frv. af lögfræðingi þeim, sem samdi það, heldur er það sett inn síðar af einhverjum öðrum. Þetta ákvæði snertir eingöngu sjómennina og hljóðar þennig: „Gerist skipstjóri eða skipverji á íslenzku skipi sekur um brot samkv. þessum lið, skal hann skráður úr skiprúmi og sviptur rétti til skipstjórnar eða lögskráningar á íslenzkt skip um tiltekinn tíma, ekki skemur en 6 mán. eða fyrir fullt og allt, ef um mjög stórfellt eða margítrekað brot er að ræða.“ — Hér er tekin upp sérstök tegund refsingar, aðeins gagnvart einni stétt manna í þjóðfélaginu, sjómönnunum. Ofan á þunga sekt eiga þessir menn að ganga atvinnulausir í 6 mán. minnst. Ég fæ ekki séð, hvernig hægt er að réttlæta annað eins og þetta. Því hefir verið skotið að mér, að þetta sé gert sakir þess, að hætta sé á því, að sjómenn, sem sektaðir hafa verið fyrir brot, haldi áfram á eftir að selja áfengi til þess að ná upp sektinni. En ég vil nú spyrja: Er ekki eins mikil hætta á þessu eftir að búið er að láta þá ganga atvinnulausa í 6 mán. til viðbótar sektinni? Ég held einmitt að það sé því meiri hætta á, að þeir haldi áfram að smygla, eftir því sem þeir verða fyrir meira tjóni. Hjá ýmsum skipafélögum hefir það tíðkazt, að láta þá menn fara úr skiprúmi, sem brotlegir hafa gerzt um þessa hluti, og það held ég, að ætti að nægja ofan á sektina.

Þá vil ég ennfremur benda á, að sá, sem gerist brotlegur samkv. þessari grein, má einu sinni ekki leita sér atvinnu á mótorskipi, sem stundar fiskiveiðar kringum landið. Ætti þó ekki að vera hætta á, að hann gæti flutt inn og selt áfengi. Þetta ákvæði verkar bæði óeðlilega og ranglátlega. Ég skal taka sem dæmi, að íslenzkur togaraháseti hefði orðið brotlegur fyrir smyglun og verið auk sektarinnar dæmdur til atvinnumissis í 6 mán. Það gæti farið svo, að þessi maður, sem ef til vill hefði fyrir þungri fjölskyldu að sjá, gæti ekki komizt á „vertíð“, og yrði jafnvel að ganga atvinnulaus. Mætti þá gera ráð fyrir, að fjölskylda hans lenti á vonarvöl. Getur því svo farið, að þetta komi til með að valda þjóðfélaginu miklu tjóni. Sama gegnir og um skipstjóra, sem yrði fyrir þessu. Það gæti farið svo, að hann yrði að sitja í landi alla vertíðina. Slíkt lagaákvæði sem þetta getur því komið illa niður á margan hátt. Þess vegna berum við fram brtt. um að fella þetta ákvæði niður úr frv. Sjómennirnir hafa yfir sér hin þungu sektarákvæði og refsiákvæði, sem í löggjöfinni eru, og virðist slíkt næsta nóg. Ég vænti því, að hv. þdm. sjái, að hér er um sanngjarnt mál að ræða, og samþ. brtt. okkar.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Snæf., hv. 6. landsk. þm. og hv. þm. Barð., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 573, II].

Þar sem brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifleg, þarf að leita afbrigða til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Okkur hv. 11. landsk. kemur ekki saman um, hve brennivínið eigi að vera sterkt. Hann telur, að í því eigi að vera 40% af hreinum vínanda, en ég hafði haldið, að blanda mætti 3 flöskur úr 1 fl. af spíritus, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið síðast, mun vera fullsterkt brennivín á 3 flöskum úr 1 lítra af hreinum vínanda. Jafnvel þó að þetta sé nú svona, þá er ég samt eindregið á móti brtt. hans, því að ég álít, að 6 kr. verð á brennivínsflöskunni sé ekki nægilega hátt, og ég býst ekki við, að hv. dm. séu tilbúnir til að greiða atkv. um það nú, að brennivínið skuli selt fyrir 6 kr. flaskan, en það verður ekki meira samkv. till. hans, og blöndunarkostnaðurinn, sem hann var að tala um, mun verða hverfandi lítill. Þá sagði hv. þm. núna fyrst, að svo væri smásöluálagningin eftir, en ég hafði skilið brtt. hv. þm. svo, að hér væri átt við útsöluverð, það verð, sem almenningur á að greiða. Eigi hann við heildsöluverð, þá átti hann eðlilega að taka það fram strax. Annars ber allt að sama brunni með þetta, hvað gera eigi nú með álagningu brennivínsins. Þó aldrei nema átt sé við heildsöluálagningu, þá er ég samt á móti till., því að ég tel svo mikinn vanda að ákveða álagningu á vínin, að þar verðum við að fá reynslu annara þjóða til þess að byggja á, en engar slíkar upplýsingar liggja fyrir nú. Ég hefi aðeins heyrt, að brennivínsflaskan væri seld á 10 kr. í nágrannalöndunum, en eins og ég hefi tekið fram, þá getur hún ekki orðið hér nema 6 kr., en það álít ég of lágt. Annars tel ég ekki forsvaranlegt að slá neinu föstu um verð vínanna yfirleitt á þessu stigi málsins; það er með öllu ótímabært.

Það hefir verið talað um bruggun í þessu sambandi og talið eina ráðið til að útrýma henni að selja brennivínið nógu ódýrt. Í sambandi við það vil ég benda á, að enda þótt brennivínsflaskan væri seld á 10 kr., þá væri hægt að fá meiri vinanda í henni heldur en í öðru víni fyrir sama verð, eftir því sem vín er selt nú. Þannig hefi ég t. d. heyrt, að í einni flösku af sherry, sem seld er á 18 kr., sé ekki eins mikill vinandi og í 1 fl. af brennivíni. Þá verður það og að takast með í þessu sambandi, að menn eru vanir að kaupa vínin dýrt, og þarf því ekki að óttast, að þau seljist ekki, enda þótt verðið sé sett nokkuð hátt.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Út af deilu hv. 11. landsk. og hæstv. fjmrh. um brennivínið verð ég að segja það, að ef brennivínið á aðeins að vera sprittblanda ein, þá er ég hræddur um, að landsmenn verði fyrir nokkrum vonbrigðum, a. m. k. þeir, sem gert hafa sér von um að fá þá vöru eins og hún er framleidd í verksmiðjum. En eigi að búa þessa vöru til hér, svo að hún geti jafnazt á við þá vöru, sem venjulega er átt við þegar talað er um þessa vöru, þá fyndist mér ekkert undarlegt, þó að verðið komist upp úr 6 kr. á flösku.

Annars var það ekki þetta, sem gaf mér tilefni til að standa upp, heldur voru það ummæli hv. þm. Vestm. í gær um brtt. mína á þskj. 468, um að fella niður síðari málsgr. 2. gr. frv. Hann fann ástæðu til þess, hv. þm., að brýna það fyrir dm., að undanþága sú, sem veitt er erlendum sendiræðismönnum um að flytja inn áfenga drykki, væri aldrei misnotuð af þeim. Út af þessum ummælum vil ég taka það fram, að mér kemur ekki neitt slíkt til hugar, og það var ekki sú ástæða, sem kom mér til að flytja brtt. þessa, jafnvel þó að það hafi komið fyrir, að þessi aðstaða hinna erlendu þjóðfulltrúa hafi verið misnotuð, enda þótt það hafi ekki verið gert af þeim sjálfum.

Mér virtist alleinkennilegur sá skoðanamismunur, sem kom fram á milli hv. þm. V.-Ísf. og hæstv. forsrh. Hv. þm. V.-Ísf. sló því föstu, að sendimenn erlendra ríkja hefðu rétt til þess að flytja inn tollskyldar vörur án þess að greiða toll af þeim. Í þessari deilu þeirra virtist mér hæstv. ráðh. hafa á réttu að standa, og þær upplýsingar, sem ég hefi aflað mér um þetta síðan, styrkja þá skoðun mína. Það, sem því hér er um að ræða, er það, hvort eigi að veita hinum erlendu sendimönnum þessi fríðindi með þessum lögum. Ég sé enga ástæðu til þess, að það sé gert. En sé það aftur á móti rétt, sem hv. þm. V.-Ísf. heldur fram, að þeir hafi þennan rétt samkv. alþjóðalögum, þá gerir ekkert til, þó að þetta ákvæði sé fellt úr frv., þeir halda sínum rétti í þessum efnum eftir sem áður. Ég vænti því, að hv. dm. geti fallizt á, að rétt sé að samþ. þessa brtt.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Að ég hefi beðið um þessa aths. er eingöngu sakir þess, að hæstv. forsrh. leggur sig allmjög fram um það, að framkalla þá mynd af brtt. minni um húsrannsóknina, sem skjóti hv. dm. skelk í bringu með að samþ. hana. Ég hefi hreint og beint ekki orðið var við öllu meiri málafylgju hjá honum en þessa tilraun hans að knésetja þessa brtt. Hann seilist svo langt, að hann telur, að í till. geti jafnvel falizt brot á stjskr. Í tilefni af þessu vil ég benda hæstv. ráðh. á 61. gr. stjskr., sem hljóðar svo: „Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild". Í þessari grein er beinlínis gert ráð fyrir, að húsrannsókn skuli heimil með sérstöku lagaákvæði, án dómsúrskurðar. Þetta tel ég nægilegt til þess að sanna, að það brýtur ekki í bága við stjskr., þó að brtt. mín verði samþ.

Hæstv. forsrh. mótmælti því enn, sem ég hafði eftir núv. lögreglustjóra, að komið hefði fyrir, að lögregluþjónarnir hér framkvæmdu húsrannsókn án dómsúrskurðar. Ég skal að sjálfsögðu ekki fara að blanda mér inn í þann ágreining, sem er um þetta atriði á milli hæstv. ráðh. og núv. lögreglustjóra, og það því síður, þegar mér virtust ummæli hæstv. ráðh. falla síðast þannig, að hann tæki ekki fyrir, að þetta hefði átt sér stað, þó að hann tæki það fram, að lagaheimild væri ekki til fyrir því, að láta fara fram húsrannsókn án dómsúrskurðar. Ég vil nú benda á, að þegar það getur komið fyrir hér, þó kannske í einstaka tilfelli sé, að svo mikil nauðsyn sé á, að húsrannsókn fari fram í fljótu bragði, að ekki er talið tækilegt að ná til lögreglustjóra í næsta húsi, til þess að tækifærið gangi ekki úr greipum lögreglunnar, hvernig mundi þetta þá vera úti á landi, þar sem langt og erfitt er að ná til lögreglustjóra, og hver áhrif gæti það haft á uppljóstranir í þessum málum að þurfa jafnan að bíða eftir úrskurði lögreglustjóra, og þegar svo þar við bætist, að oft er beinlínis ekki hægt að fá þá til þess að leyfa þetta. Enda hefir tregða þeirra í þessu oft leitt til þess, að ekki hefir verið hægt að ná í þá brotlegu. (GSv: Hvar hefir slíkt átt sér stað?). Hv. þm. þarf ekki að spyrja. Hann veit vel, að slíkt hefir víða átt sér stað, og það meira að segja í nágrenni hans.

Hæstv. ráðh. talaði og um það, að frágangurinn á brtt. minni væri mjög losaralegur, þar sem ekki þyrfti einu sinni að liggja fyrir sterkur grunur, svo gera mætti húsrannsókn hjá mönnum. Þessu er því fyrst að svara, að mér finnst ærin trygging í því fólgin, að rannsókn þessa mega aðeins framkvæma þeir menn, sem falin hefir verið löggæzlan, menn, sem taldir eru hafa þann manndóm, að óhætt sé að trúa þeim fyrir slíku ábyrgðarstarfi. Það út af fyrir sig virðist mér ætti að nægja til þess að tryggja það, að ekki væri rasað fyrir ráð fram í þessu efni, og yfirleitt held ég, að segja megi, að þessir menn standi ekki að baki sumum sýslumönnunum, a. m. k. hvað áhuga og skyldurækni snertir um þessi mál. En til þess nú að ekki sé hægt að segja það með neinum rétti, að losaralega sé frá þessu ákvæði gengið í brtt. minni, þá vil ég bera fram skrifl. brtt., sem hljóðar svo: „Húsrannsókn slíka má þó því aðeins framkvæma, að sterkur grunur leiki á um óleyfilega meðferð áfengis, enda telji löggæzlumaður hættu á, að

dráttur á framkvæmd rannsóknarinnar geti orðið þess valdandi, að sönnunargögnum verði undan skotið". Þegar nú þetta er komið til viðbótar því öryggi, sem ég tel að felist í löggæzlumönnunum sjálfum, er tæplega hægt að fella till. mína um þetta atriði fyrir það, hve losaralega sé frá henni gengið.

Þá minntist hæstv. forsrh. á það, að stundum hefði komið fyrir, að stórtemplar hefði verið búsettur norður á Akureyri, og væri því engin trygging fyrir því, að hann væri jafnan búsettur hér. Þetta hefir aðeins einu sinni komið fyrir, að stórtemplar hefir ekki verið búsettur hér, en það var fyrir misklíð, sem nú er löngu jöfnuð. Ég held því, að hæstv. ráðh. geti reitt sig á, að hann geti jafnan haft hann við hlið sér hér sem ráðunaut í þessum málum, ef brtt. mín verður samþ.

**Forseti (JörB)**: Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Borgf. Till. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, og þarf því tvöföld afbrigði til þess að hún megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 573,I) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég skal vera fáorður og ekki lengja umr. mikið úr þessu. Ég vil aðeins út af því, sem hv. þm. Borgf. hefir haldið fram, að með þessum lögum mætti heimila löggæzlumönnum að framkvæma húsrannsókn án dómsúrskurðar, segja nokkur orð. Ég hefi tvisvar áður hér í þessari hv. þd. fært fram svo sterk rök fyrir mínu áliti, og gegn þessu atriði í brtt. hv. þm. Borgf., að ég býst ekki við, að þörf sé á að endurtaka þau fyrir þeim, sem á annað borð vilja taka nokkuð til greina rök í þessu máli. Ég vil þó aðeins benda á það, að hv. þm. Borgf. hefir nú orðað um fyrri brtt. sína við 16. gr., og með því hefir hann viðurkennt, að það hafi verið gersamlega óhæfilegt að setja hana inn í þessi lög. Að ætlast til þess, að löggjafarvaldið fái hinum og öðrum löggæzlumönnum óskorað vald til þess að framkvæma húsrannsókn á heimilum, jafnvel án þess að nokkur grunur hvíli á þeim, það er svo mikil óhæfa, að slík till. ætti alls ekki að ræðast, hvað þá koma til atkv. á Alþingi. (**PO**: Það er nú búið að bæta úr því og breyta till.). En lögin verða ekki bætt með því, ef þessari breyt. verður smeygt inn í þau. Ég vil bara spyrja hv. þingheim, hvernig hann hugsar sér að beita þessari húsrannsóknarheimild, ef það á að innleiða hana yfirleitt í almenna löggjöf? Áfengislögin eru tollalög, samkv. þeim á að greiða tolla í ríkissjóð af því áfengi, sem leyfður er innflutningur á. Ef þessi áfengislög verða brotin, þá verður það að teljast tolllagabrot. Hvers vegna á að gefa löggæzlumönnum vald til þess að framkvæma húsrannsókn án dómsúrskurðar, aðeins samkv. þessum lögum, en ekki þó að framin séu brot á öðrum tolllögum, og meira að segja, þegar löggjafarvaldið hefir ekki treyst sér til að veita lagaheimild um húsrannsókn án dómsúrskurðar, þó að um stórglæpi sé að ræða. Hvers vegna á að setja slíka heimild í þessi lög, en engin önnur, og brjóta þannig þá reglu, sem fylgt hefir verið til þessa samkv. 61. gr. stjskr.?

Ég sagði ekki í minni fyrri ræðu, að það væri brot á stjskr. að fleyga þetta ákvæði inn í frv., heldur sagði ég, að það hyggi nærri þeirri lýðræðisreglu, sem tryggð væri með 61. gr. stjskr. En sú gr. er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild". Það veit hver maður, sem þekkir uppruna þessa stjskr.ákvæðis, að með þessum orðum: „eða eftir sérstakri lagaheimild", er ekki átt við almenna lagaheimild, heldur lög, sem taka yfirleitt ekki til heimila. Því að til hvers væri að ákveða heimilunum þennan rétt í stjskr., ef það mætti svo taka hann aftur með einföldum, almennum lögum, eins og hv. þm. Borgf. hyggst að gera með þessari brtt.? Það er a. m. k. mjög hæpin lagaskýring, að telja slíkt leyfilegt. Ég hygg, að það hafi ekki verið of djúpt tekið í árinni hjá mér, þegar ég sagði, að með þessari brtt. væri höggið mjög nærri ákvæði stjskr.; ég vil nú kveða fastar að orði og halda því fram, að hún sé brot á anda stjskr., sem kveður svo á, að heimilið sé friðheilagt.

Ég býst ekki við, að þeir verði margir í þessari hv. þd., sem greiða atkv. með því, að heimiluð verði skilyrðislaus húsrannsókn fyrir brot á tolllögum, þegar löggjafinn hefir hingað til ekki treyst sér til að heimila það, þó að um stórglæpi hafi verið að ræða. — Hitt væri eðlilegra, annaðhvort að nema þetta ákvæði úr stjskr., eða að heimila slíka húsrannsókn almennt með sérstökum lögum, því alltaf má búast við, að óeðlilega ströng refsiákvæði geri lögin óvinsæl og spilli stórum fyrir framkvæmd þeirra.

Í stórfelldasta glæpamáli, er ég hefi sem lögreglustjóri haft með höndum til rannsóknar, beið ég í sólarhring eftir að sterkar líkur voru komnar fram í málinu og vakti heila nótt með allri lögreglunni til þess að fá fullkomnari sönnunargögn í hendur, gegn þeim manni, sem grunur hafði fallið á, áður en ég lét snerta við honum. Og þó hafði maðurinn framið þann stærsta glæp, sem komið hefir fyrir í þessum bæ. En ef þessi maður hefði nú ekki reynzt brotlegur, átti lögreglan þá að láta fara fram rannsókn í hverju húsi í bænum?

Hvaða vit er svo í því, að ætla að innleiða þetta ákvæði um húsrannsókn í tollalög? Ég sé ekkert réttlæti og enga skynsemi í því. Þessu ákvæði 61. gr. stjskr. um friðhelgi heimilisins hefir aldrei verið raskað, nema að litlu leyti í sambandi við framkvæmd áfengisbannslaganna eins og þau voru, en að gera till. um að raska því að fullu eftir að búið er að breyta þeim lögum í tollalög að mestu, það er fyrst og fremst alveg þarflaust, og nær raunar engri átt, fyrst löggjafarvaldið hefir ekki treyst sér til að gera það áður, þegar meira hefir legið við. — Nú má enginn lögreglustjóri gera húsrannsókn nema eftir dómsúrskurði.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði lagt óvenjulega mikið á mig til að sporna við því, að þessu ákvæði, sem felst í brtt. hans, yrði komið inn í

áfengislögin. Það er satt. Ég hefi sagt alveg eins og mér finnst. Það skiptir miklu máli, að þessu ákvæði verði ekki smeygt inn í almenn einföld lög. Ég mundi telja það til stórlýta, og þess vegna legg ég það á mig að hrinda því með rökum. Tel ég mig nú hafa gert því full skil.

Það voru einnig nokkur smáatriði í ræðu hv. þm., sem ég hafði hugsað mér að gera aths. við, um sjálfkjör stórtemplars til þess að vera ráðunautur í áfengismálum o. fl., en ég hefi andmælt þeim áður og fært fullkomin rök fyrir mínu máli, sem ég sé ekki ástæðu til að endurtaka.

**Finnur Jónsson:** Ég hefi ekki tekið þátt í þessum umr. En mér finnst, að það hafi lítið komið fram um það í umr., hvort þjóðaratkvæðagreiðslan, sem fór fram um bannlögin á síðastl. ári, hafi gefið fullkomið tilefni til þess, að þetta frv. er fram komið á Alþingi; en það er aðalatriðið í forsögu þessa máls, sem ástæða er til að rökræða. Annars lítur út fyrir, að bannmenn séu yfirleitt búnir að gefa upp sín stefnumið í þessum áfengismálum, en að andbanningar hafi framfylgt sinni stefnu til fullkomins sigurs, og að hér á landi eigi eftirleiðis að vera allskonar vín á boðstólum eftir þeirra óskum. Ég lít svo á, að þjóðaratkvgr. hafi ekki gefið tilefni til slíkrar lagasetningar, sem hér er í uppsiglingu á Alþingi, þar sem 14 af 27 kjördæmum landsins sögðu nei við afnámi bannlaganna, og í fimm af þessum 13 kjördæmum, sem greiddu atkv. á móti bannlögunum, var aðeins 103 atkv. meiri hl. samtals. Það eru því ekki nema 8 kjördæmi á landinu, sem hafa verulegan meiri hl. með afnámi bannlaganna. Og fer því fjarri, að þessi atkvgr. sýni rétta mynd af vilja þjóðarinnar í þessu máli. Þeir hv. þm., sem sérstaklega halda fram rétti kjördæmanna, ættu að athuga þennan samanburð.

Nú má ef til vill segja, að nokkuð sé gengið á móti hinum einstöku héruðum í þessu efni, þar sem gert er ráð fyrir, að íbúar einstakra héraða og bæjarfélaga greiði atkv. um það, hvort stofnað verði þar til útsölu á áfengi, og að þau geti þannig ráðið því sjálf. En frá þessu er allverulega undantekning í frv., þar sem lögákveðið er, að áfengissala verði í öllum kaupstöðum landsins, nema Neskaupstað í Norðfirði. Hinum kaupstöðunum er öllum gert að skyldu að taka við sterku drykkjunum, á móti vilja meiri hl. í flestum þeirra, ofan á Spánarvínin, sem þeir mótmæltu líka á sínum tíma. Nú er hér brtt. á þskj. 502, frá hv. þm. Borgf., þar sem lagt er til, að kjósendum í þeim kaupstöðum, sem nú hafa áfengisútsölur, skuli veittur sjálfsákvörðunarréttur, eins og öðrum sveitarfélögum, til þess með atkvgr. að samþ. eða hafna því, að þar verði bætt við útsölu á sterkum vínum. Ég vil mæla með því, að þessi till. verði samþ., enda sé ég ekki, að hv. þd. geti sóma síns vegna neitað kaupstöðunum um þennan ákvörðunarrétt, sem aðeins sveitarfélögum og kauptúnum er veittur í frv., að viðbættum einum kaupstað, Neskaupstað í Norðfirði. Ég fæ ekki séð, að þó Spánarvínunum væri áður þröngvað upp á kaupstaðina, þá þurfi endilega að þröngva sterku drykkjunum líka upp á þá, að þeim sárnauðugum. Hvaða réttlæti er í því?

Hæstv. forsrh. talaði mikið um þennan sjálfsákvörðunarrétt héraðanna við fyrstu umr. málsins, og lofaði mjög þann kost á þessu frv.; ég vænti því, að hann beiti áhrifum sínum til þess, að kaupstöðunum verði veittur þessi réttur í lögunum, áður en málið fer út úr þessari þd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Nd., 23. nóv., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 442, 443, 444, 468, 472, 473, 489, 502, 503, 507, 521, 527, 545, 567 573).

ATKVGR.

Brtt. 444 samþ. með 21:2 atkv.
— 468 samþ. með 23:2 atkv.
— 502,1 felld með 22:8 atkv.
— 521,1 felld með 17:8 atkv.
— 502,2 felld með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BB, FJ, HV, JakM, JJós, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, JörB.
nei: TT, BJ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, GTh,HannJ, JÓl, JónP, JS, JG, MT, PHalld, SK.
Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

Brtt. 521,2 felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, PHalld, SigfJ, SK, TT, BJ, BÁ, GÞ, GSv.
nei: HV, JG, MT, PZ, PÞ, PO, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.
Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

Brtt. 545 samþ. með 21:7 atkv
— 521,3 felld með 21:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SK, TT, BJ, GÞ, GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS.
nei: PO, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, GSv, HannJ, HV, JG, MT, PZ, PÞ, PHalld, JörB.
Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

Brtt. 472,a kom ekki til atkv.
— 472,b samþ. með 19:5 atkv.
— 503 felld með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, ÞorbÞ, FJ, GÍ, GTh, JakM, JJós, JónP, JS, JG, PZ.
nei: PHalld, SigfJ, SE, SK, StJSt, TT, ÁÁ, BJ, BÁ, EmJ, EystJ, GG, GSv, HannJ, HV, JÓl, MT, PÞ, JörB.
BB og GÞ greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

Brtt. 472,c samþ. með 17:3 atkv.
— 472,d samþ. með 21 shlj. atkv.
— 502,3 felld með 20:2 atkv.
— 573,I tekin aftur.
— 502,4 samþ. með 17:4 atkv.
— 567,1—2 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 527,1 tekin aftur.
— 489 felld með 18:11 atkv.
— 473 samþ. með 23:1 atkv.
— 502,5.a felld með 17:9 atkv.
— 502,5.b felld með 20:5 atkv.
— 507 samþ. með 18:9 atkv.

Brtt. 573,II samþ. með 22:4 atkv.
— 443 samþ. án atkvgr.
— 567,3 samþ. án atkvgr.
— 527 samþ. með 19:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JónP, JS, JG, PÞ, PHalld, SigfJ, SK, StJSt, TT, ÁÁ, BJ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, GTh, HannJ, HV, JakM, JJós, JÓl.

**nei:** MT, PZ, PO, SE, ÞorbÞ, BB, FJ, JörB.

Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 47. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A 581).

Á 48. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Ingvar Pálmason** [óyfirl.]: Ég geri ráð fyrir því, að engum hv. þdm. komi á óvart afstaða mín til þessa máls. Ég hefi verið það lengi á þingi, að flestir hv. þdm. munu þekkja skoðun mína á hliðstæðum málum, sem fyrir því hafa legið. En þar sem málið ber nú að með nokkuð öðrum hætti en áður, þykir mér rétt að fara um það nokkrum orðum til glöggvunar á því, að afstaða mín er óbreytt, þó að málið horfi nú nokkuð öðruvísi við.

Ég trúi ekki öðru en alla hugsandi menn undri það, að tíma þingsins skuli vera varið í afgreiðslu slíks frv. sem þessa. Við höfum heyrt þær dökku lýsingar, sem gefnar eru á ástandi atvinnuvega okkar, afkomu þeirra manna, sem lifa á launum frá því opinbera, o. m. fl., og þykist ég ekki þurfa að endurtaka þær. Og úrræðið, sem þingið gripur til gegn öllum þessum aðsteðjandi vanda, er það, að leyfa innflutning á sem mestu af sterkum vínum. Yfir því er oftlega kvartað, að erfitt sé og óaðgengilegt að þurfa að hækka tolla og skatta til ríkisins, í því skyni að mæta ráðstöfunum, sem þing og stj. sjá sig neydda til að gera vegna ástandsins. Það er því einkennilegt, hve samhuga menn virðast um það, að leggja nú einn skatt á enn með þessu frv., og það þann ægilegasta skatt, sem ég get hugsað mér. Því að voðalegri skattur á þjóðina en verkanir áfengisflóðs er ekki til. Og annað er undarlegt við þetta mál. Það er ekki flokksmál, langt frá því. Maður skyldi því ætla, að það væri mikilvægara en flest þau mál önnur, sem þingið hefir með höndum, því að yfirleitt fá þau á sig keim af flokkaskiptingunni. Þetta og ýmislegt fleira vildi ég taka fram nú. — Ég veit, að menn halda því fram, að hér standi sérstaklega á, þarna sé ekki um annað að ræða en framkvæmd þjóðarviljans; með atkvgr. um bannið hafði þjóðin óskað eftir slíkri löggjöf. En ég er óhræddur að láta það álit mitt í ljós, að Alþ. eigi að hafa vit fyrir þjóðinni, ef hún óskar sér slíks. Ég lít svo á, að í þessu nýja flóði sterkra drykkja inn í landið liggi þjóðarvoði, og Alþ. sé skylt að vera á verði gegn slíku. Ég mun því hvergi hvika frá sannfæringu minni í þessum efnum, hvað sem svonefndum þjóðarvilja líður. Ég segi svonefndum þjóðarvilja, og til þess að færa þeim orðum mínum stað, ætla ég lítillega að athuga þessa afsökun um þjóðarviljann, sem andbanningar skjóta sér nú á bak við. Sannleikurinn er sá, að undanfarin ár, þegar ýmprað hefir verið á afnámi bannlagaslitranna, hafa menn gert það með hálfum huga og varla þorað við það að kannast. Nú koma þessir sömu menn óhræddir fram í dagsljósið og flagga með þjóðarviljanum, sem þeir segja, að sé sín megin. En hver er svo þessi þjóðarvilji? Ég hefi fengið útdrátt úr skýrslu hagstofunnar um atkvgr. Hann er að vísu ófullkominn, en þó má ýmislegt af honum sjá, og skal ég nú benda hv. þdm. á nokkur þau atriði.:

Í 13 kjördæmum af 27 vill meiri hl. kjósendanna ekki láta afnema þau bannslitur, sem felast í núv. áfengislöggjöf. Fylgið við afnámið má heita alveg staðbundið, það er langmest í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Svo fer það þverrandi, eftir því sem fjær dregur Reykjavík, og á útkjálkum landsins sýnir atkvgr., að fólkið vill halda í það, sem eftir er af banninu; vill ekki, að ofan á léttu vínin sé bætt flóði af sterkum drykkjum. Eftir því sem mér telst til, er mjög lítill atkvæðamunur í 8 kjördæmum af þeim 14, sem vildu afnámið, á einum staðnum er eins atkv. og á tveimur er tveggja atkv. munur. Ég sakna þess, að ekki skuli vera sýnd í skýrslunni þátttaka kvenþjóðarinnar í þessari atkvgr. Ég er viss um, að þá hefði komið í ljós, að það var kvenfólkið úti um land, sem sat heima og tók lítinn þátt í henni. Ekki af því, að konur úti um land séu áhugalitlar um þessi efni, heldur af hinu, að atkvgr. fór fram á þeim tíma, sem verst er að sækja mannfundi fyrir sveitafólk. Okkur framsóknarmönnum mætti vera þetta minnisstætt síðan alþingiskosningarnar fóru fram fyrsta vetrardag. Og bæði sjálfstæðismenn og jafnaðarmenn sýndu sanngirni með flutning kjördagsins, þótt þeir ættu hægara um vik, vegna fylgis síns í kaupstöðunum. En atkvgr. um bannið er látin fara fram að hausti, og þar með öllum þorra kvenþjóðarinnar úti um land meinað að neita atkvæðisréttar síns. Enda var málið svo fram borið, að ekki var gott að átta sig á því, um hvað átti eiginlega að greiða atkv. Ég hefi t. d. aldrei vitað það, að þyrfti að greiða neikvætt atkvæði. Og menn fengu ekkert að vita um það, hvað bak við þessar spurningar lá. Ég játa það, að flestir hugsandi menn muni vera óánægðir með núv. ástand í þessum efnum. En þjóðinni var ekki gert það ljóst við atkvgr., hvað við tæki, nema það eitt, að leyfður yrði innflutningur sterkra vína, öll önnur atriði löggjafarinnar voru þjóðinni hulin.

Af 53 þús. kjósenda, sem á kjörskrá voru, greiddu samkv. skýrslunni aðeins 27000 atkv., eða rúmlega 50%. Af þessum 27000 greiddu 16000 atkv. með afnámi bannsins, en rúmlega 11000 á móti. Sem sjá má af þessu, vilja 42% þeirra, sem atkv. greiddu, ekki leyfa innflutning sterku drykkjanna, en 58% eru með því. Og þegar þess er gætt, að einungis 50% af kjósendum neyttu atkvæðisréttar síns, fer það að verða undarlega útlítandi þjóðarvilji, sem andbanningar skjóta sér nú sífellt á bak við. Eins

og ég hefi sýnt fram á, eru það aðeins um 30% af kjósendum, sem mynda þennan þjóðarvilja þeirra andbanninga. Ég veit, að því verður borið við, að hinir hafi jafnt átt kost á því að neyta atkvæðisréttar síns. En svo var ekki. Þetta hefði mátt segja, ef kosningin hafði farið fram á þeim tíma árs, sem öllum er hentugur til þess að sækja mannfundi. Og ég fullyrði, að miklu minni hluti kvenþjóðarinnar hefir tekið þátt í þessari atkvgr. en t. d. alþingiskosningum. (**BSt:** Bannl. voru sett á áður en kvenfólk fékk kosningarrétt til Alþ.). Ég held, að ráðlegra væri að flíka því ekki, ef einhverjir eru hér innan veggja, sem eru andvígir eins sjálfsagðri réttarbót og kosningarrétti kvenna. En ég mundi leggja sérstaklega mikið upp úr því, að hægt væri að fá álit kvenþjóðarinnar um þetta mál. Þetta er engin hræsni fyrir kvenþjóðinni, það er vitað, að hjá henni hefir bannið alltaf átt hauk í horni, og er það skiljanlegt. Afleiðingar ofdrykkjunnar koma ekki hvað síst niður á konunum, og þær eiga því heimtingu á því að fá að hafa þann íhlutunarrétt um þessi mál, sem þeim ber samkv. l., óskertan. Að þessu öllu athuguðu þykist ég hafa fulla ástæðu til þess að leggja ekki mikið upp úr atkvgr. Ég hefi sýnt fram á, að hún var hreinasta kák, sem ekki sýndi neinn þjóðarvilja, og mun ég því greiða atkv. gegn frv. þessu. Við erum daglega að brýna það hver fyrir öðrum, hvað mikil ábyrgð hvíli á okkur og mikið ríði á því að gera vel og gera rétt. Ég held, að þetta mál sé prófsteinn á það, hvort við viljum gera vel og gera rétt. Og það er engin afsökun í því að ætla að skjóta sér bak við þá þjóðaratkvgr., sem ég hefi lýst.

Þá á ég eftir að athuga þá hlið þessa máls, sem mætir mönnum oftast hjá andbanningum. Rök þeirra munu flestum hv. þdm. ljós frá umr. um samskonar mál á undanförnum þingum. Ég skal nú rifja ofurlitið upp af þeim. Kostina við afnám bannsins og innflutning sterku vinanna telja þeir aðallega tvo. Í fyrsta lagi muni þá smygl og brugg leggjast niður. Ég dreg ekki dul á það, að hvorttveggja þetta, sem nefnt var, er blettur á þjóðinni. En ég fullyrði, að lækningin er ekki sú, að bæta við sterku drykkjunum. Ég skil ekki í því, að nokkur geti haldið því fram í alvöru, að unnið verði á smyglinu með því að leyfa innflutning sterkra vína. Nú eru sterkir drykkir alstaðar bannaðir innan landhelginnar, nema til erlendra sendiherra eftir vissum reglum. En með því að sterkir drykkir eru lögleyfðir, verður allt eftirlit erfiðara, því að ekki verður gott að þekkja það löglevfða frá því bannaða. Og ég skil alls ekki, hvernig sterku drykkirnir eiga að geta útrýmt smyglinu; ég held þvert á móti, að það muni blómgast í skjóli þeirra. — Hvað bruggið áhrærir, þá þykir mér sennilegt, að eitthvað mundi úr því draga, ef sterku drykkirnir yrðu seldir svo ódýrt, að þeir gætu keppt við bruggaða vínið. En er það nú meiningin? Og væri æskilegt að selja þessi sterku vín sérstaklega ódýrt? Ég dreg enga dul á það, að ég tel það afaróheppilegt. — Eftir því sem mér er tjáð, er bruggið nú orðið svo útbreiddur atvinnuvegur, að svo að segja í hverri sveit eru til menn, sem stunda þessa atvinnu. Og framleiðslukostnaðurinn er ekki nema 1,50—2,00 kr. á flöskuna, eftir því sem mér er sagt. Ég skal ekki ábyrgjast, að þetta sé hárrétt, en hitt er víst, að allmargir munu hafa efnazt á bruggi. Og ekki er ég trúaður á það, að innflutningur lögleyfðra sterkra vína gæti tekið fyrir hvöt manna til þess að afla sér fjár á þennan hátt. Mér skilst, að flaskan af þessu sterka víni verði ekki seld ódýrar en 6 kr., það sé það minnsta, sem til mála gæti komið. Og með því verði gæti það ekki keppt við bruggaða áfengið. Ég játa það, að til geti verið menn, sem hafi haft um hönd ólöglega sterk vín, en myndu heldur kjósa að fá þau á löglegan hátt. En þetta held ég, að séu undantekningartilfelli, og þá helzt í Reykjavík. Það er vitanlegt, að bæði smyglið og bruggið er rekið í fjáröflunarskyni, og fyrir þá hvöt er ekki hægt að komast með lagabreytingum. En með lögleyfðum sterkum drykkjum er létt undir með smyglinu, því að þá er hægara að koma inn ólöglegu sterku áfengi í blóra við það löglega. — Ein ástæðan, sem færð hefir verið fyrir nauðsyn á innflutningi sterkra drykkja, er fjárhagsástand ríkissjóðs, því að þessi innflutningur muni gefa drjúgar tekjur í ríkissjóðinn. Ég sé ekki, að svo verði, nema þá með því móti, að við hugsum okkur eitthvert ógurlegt áfengisflóð. Ég geri ráð fyrir, að áhrif einnar flösku af sterkum vínum samsvari áhrifum tveggja flaskna af léttari vínum. Ég verð þó að biðja velvirðingar á því, að hér tala ég ekki af reynslu, en ég dreg þessa ályktun af daglegum störfum, þegar ég blanda fóður handa kúnum mínum og hefi fóður, sem inniheldur 20 fóðureiningar, þá veit ég, að ég þarf helmingi meira af því en fóðri, sem inniheldur 40 fóðureiningar. Ég játa, að ég hefi ekki reynslu í þessum efnum eins og margir aðrir, eins og e. t. v. hv. sessunautur minn. (**BSt:** Já, sem betur fer hafa margir meira vit á þessu).

Mér virðist alveg óhugsandi að fá jafnmiklar tekjur af 1 flösku af sterkum drykkjum og af 2 af léttari vínum. Annars geta aðrir hér í deildinni, sem eru fagmenn, upplýst um það, og vænti ég þess, að þeir geri það. Ef svo er, að ekki eru meiri tekjur af einni flösku af sterkari drykkjum en af 2 flöskum léttari vína, þá fæ ég ekki skilið, hvernig tekjur ríkissjóðs eiga að aukast, nema áfengisnautnin vaxi stórkostlega. Ég hygg, að enginn maður hér innan veggja óski þess, að áfengisnautnin fari vaxandi, og vona, að það sé ekki tilgangurinn. Ég skal þá athuga þessa tekjumöguleika ríkissjóðs, sem eru af því að kaupa erlendis og flytja inn vöru, sem gerir ekki annað en illt, láta menn síðan kaupa þessa vöru, drekka frá sér vitið, gera sig að hálfvitum og aumingjum, missa kannske heilsuna og atvinnuna. Mér þykir þetta hryggileg aðferð, að afla tekna á þennan hátt, og held, að flestir telji þessa aðferð ekki heppilega. Ég hefi heyrt menn segja, að það væri ekki óeðlilegt, þó lægri stéttirnar í landinu njóti einhvers af þeim nautnum, sem fylgja því að neyta áfengis, og þá helzt verði því við komið, að sterkir drykkir flytjist inn,

því af þeim þurfi minna. Ég veit, að lægri stéttirnar í landinu hafa ekki ráð á að fara á bíó, hafa ekki ráð á að veita sér sömu nautnir og betur launuðu stéttirnar, og fara því margs á mis. En ég held, að það sé hefndargjöf að gefa þeim kost á að veita sér þessa nautn. Eg held, að það sé svo, hvort sem telja má frekar kost eða löst, að áfengisnautnin sé miklu meiri — sem betur fer — hjá þeim, sem hafa betri kaupgetu. Ég er talsvert kunnugur verkamönnum úti um land og hefi ekki orðið var við, að drykkjuskapur sé algengur meðal þeirra, en miklu frekar hjá þeim, sem hafa mesta kaupgetu. Það er ekki neitt sérstaklega ánægjulegt, en er þó betra eða skárra — ef ég má nota það orð — skárra ástand heldur en ef með þessari ráðstöfun, með afnámi bannlagasliturs ins, á að velta vínínu yfir fátækari stéttirnar. Ég held, að þá fengju menn það böl, sem erfitt er að bæta. Ég skal taka það fram strax, að ég mun ekki beita neinu málþófi við afgreiðslu þessa máls, en ætla hér við 1. umr. að færa rök fyrir mínu máli og skýra mína afstöðu. Og ég vil segja það, að ég legg óhræddur mína afstöðu undir dóm sögunnar, og vildi óska þess, að allir alþm. gætu fengið sama dóminn. Þegar þetta spor er stigið á þingi 1934, þá er komizt svo að orði, að atvinnuvegirnir séu í rústum og ekki séu fundin nógu kröftug ráð til að bæta úr, einmitt þá eru bannlagaslitrin afnumin. Þetta er ekki sagt út í bláinn; það er sagt vegna reynslu, — vegna reynslu, sem fengin er við baráttu í 40 ár gegn þessum vágesti þjóðarinnar. Ég greiði því hiklaust atkv. móti afnámi bannlagaslitranna og er óhræddur við dóm kjósendanna, og þó mínir kjósendur hefðu verið svo ólánssamir að greiða atkv. með afnámi bannsins, hefði ég greitt atkv. á móti; en sem betur fer voru þeir svo lánssamir að neita afnámi bannlaganna. 1908, þegar þjóðaratkvgr. fór fram um bannið, var S-Múlasýsla sú sýsla, þar sem flestir greiddu atkv. móti bannlögum. Nú var hún með þeim kjördæmum, sem greiddu flest atkv. gegn því, að bannlagaslitrin væru afnumin. Þetta gefur mér vonir um, að hin litla viðleitni mín og annara sýni nokkurn árangur. Ég veit, að þó okkur sýnist afturkippur í starfinu og oft gangi seint, þá er ég viss um að sigur næst. Ég er ekki í vafa um, að mannkynið kemst á það þroskastig að banna og meðhöndla áfengið eins og önnur eiturlyf. Alveg eins og ég er sannfærður um, að öll góð málefni sigra að lokum.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Ég vildi ekki láta fara svo fram 1. umr., að ég gerði ekki grein fyrir afstöðu minni til málsins, sérstaklega þó vegna þess, að það er hér fram komið fyrir tilstuðlan nokkurs hluta stjórnarinnar. Ég skal strax geta þess, að ég greiði atkv. móti frv.

Það er talið af forvígismönnum þessa máls, að frv., eða afnám bannlaga, hafi þrjá kosti. Í fyrsta lagi útrými það bruggi, í öðru lagi útrými það smygli, og í þriðja lagi auki það tekjur ríkissjóðs, og þá loks í fjórða lagi sé frv. fram komið vegna þjóðaratkvgr. Um þrjár fyrstu ástæðurnar, sem ég nefndi, er það að segja, að ég tel allar vonir manna, er þeir kunna að hafa í þær áttir, munu reynast tálvonir. Ég tel það hreint og beint barnalegt að láta sér detta í hug, að innflutningur sterkra drykkja útrými bruggi. Eftir þeim umr., sem fram hafa farið um málið í Nd., er þessi vara hugsuð sem álagningarvara, og þá helzt gróði bruggaranna eftir sem áður. Sama er að segja um smyglið; hvorttveggja þrífst betur í skjóli sterku drykkjanna.

Hv. 2. þm. S.-M. benti á, hve litlar væru tekjuvonirnar af þessu. Menn mundu fá ódýrara „fylliríi“ — ef svo má að orði kveða — og borga því lægri skatt fyrir að fylla sig, og þó að salan aukist eitthvað, er það híræfni að gera ráð fyrir aukningu, svo verulegur tekjuauki verði að. Um þjóðaratkvgr. er það að segja, að hún sýnir ekki þjóðarviljann og það er ekkert upp úr henni leggjandi. Málið var illa undirbúið, mikill hluti manna vissi ekki, hvað verið var að greiða atkv. um, var óánægður með ríkjandi ástand og vildi þess vegna fá breytingu. Og mikill þorri manna sat hjá, sem hefði greitt atkv., ef málið hefði legið skýrt fyrir.

Ég teldi réttasta afgreiðslu á þessu máli, eins og nú er komið, að lög þau, sem sett verða, nái ekki staðfestingu fyrr en þeim hefir verið skotið undir dóm þjóðarinnar með atkvæðagreiðslu. Ég hefi verið að þreifa fyrir mér um fylgi við þessa hugmynd hér innan þingsins, og ég hefi ekki von um, að það sé mikið, og veit því ekki, hvort ég kem með till. um að bæta þessu ákvæði inn í lögin. En ég endurtek það, að atkvgr. er þannig úr garði gerð, að ekkert er leggjandi upp úr henni. — Ég mun láta þetta nægja við þessa umr., en kem með mínar aths. við frv. við síðari umr.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hafði frá öndverðu ákveðið að láta þetta mál ekki koma svo til 1. umr. í þessari hv. deild, að ég ekki lýsti skoðun minni á því.

Ég get ekki komizt hjá því að vikja nokkrum orðum að hæstv. dómsmrh. til að byrja með, sem mér skilst, að sé sá ráðh., sem tekið hefir á sínar herðar þá ábyrgð að leggja þetta frv. fyrir þingið, en sem ég veit ekki, hvort honum er ljúft að gera eða ekki. Ef marka má ummæli hans í útvarpinu um daginn, hljómaði það í mínum eyrum sem rök gegn því, að málið kæmist fram. Öll hans ræða var rökstuðningur fyrir skaðsemi áfengra drykkja. Ég verð því að draga þá ályktun, að hann sé heldur á móti málinu, þótt hann gerist talsmaður þess hér á Alþingi. Ella er framkoma hans í málinu utan þings hreinn skollaleikur, sem ég á erfitt með að skilja, hvað hann meinar með. En ég vildi því fá hjá honum upplýsingar um, hvað það er, sem kemur honum til að leggja málið fyrir þetta þing, og að mér skilst fylgja því svo fast eftir, að það nái lögfestu á þessu þingi. Ég verð að segja, að eftir þeim kynnum, sem ég hefi haft af hæstv. dómsmrh. og stefna hans sem lögreglustjóra hér í bænum í áfengismálum yfirleitt, þá hefir hann markað hana í líka átt og okkar Alþýðuflokksmanna, með því að fylgja fram gildandi ákvæðum áfengislaganna, sem miða að því einu, að draga úr áfengisbölinu,

sem er skaðsamlegt öllum, er þess neyta, og ekki sízt láglaunastéttunum, er allra sízt mega við því að verja fé sínu í áfengi. Sé hann nú sem ráðh. kominn á aðra skoðun, þá er það orðin mér hrein ráðgáta og um leið sorgleg vonbrigði í jafnþýðingarmiklu máli sem þessu, því mér skilst, að með þessu frv. sé hann að taka með annari hendinni það, sem hann hefir ætlað að gefa með hinni. Verði lögleyfður innflutningur sterkra drykkja, þá er um leið dregið úr þeim umbótum, sem verið er að reyna að koma á fyrir hinar vinnandi stéttir í landinu. Á ég þar við þá baráttu, sem hafin hefir verið fyrir hærra kaupi, betri húsakynnum, tryggingum, sjúkra-, slysa-, elli- og atvinnuleysis. Það fjármagn, er fólkið öðlast fyrir tilverknað slíkrar löggjafar eða á annan hátt, sem það næst, á svo að taka aftur inn í ríkissjóðinn með sölu áfengra drykkja. Ég skil ekki slíkan hugsunarhátt hjá þeim mönnum, sem þykjast vilja vel í þjóðfélagsmálum; mér finnst þetta rekast hrapallega á. Undirbúningur þessa máls virðist hafa verið þannig, að kastað hafi verið til hans höndunum. Mér er sagt, og mun rétt vera, að ráðherrann hafi fengið glöggan lögfræðing til þess að semja þetta frv. En honum hefir nú ekki tekizt betur en það, að eftir meðferð málsins í Nd. stendur varla steinn yfir steini af hinu upprunalega frv. Það vantaði sem sé allt, sem til öryggis gæti talizt um meðferð og sölu áfengis, sem hver sæmilega hugsandi þm. taldi sjálfsagt, að stæði í frv. Enda var ekki við góðu að búast, því að mér er vel kunnugt um, að þeir menn, sem vilja draga úr áfengisbölinu eins og hægt er, fengu þarna ekki nærri að koma við samningu frv. Ég á hér við fulltrúa góðtemplara í framkvæmdarnefnd stórstúku Íslands. Þessu þýðir ekkert að mótmæla, því ég hefi sannanir í höndum fyrir þessu frá þeim manni, sem ákveðinn var sem fulltrúi stórstúkunnar, og hann fullyrðir, að hann hafi ekki fengið nærri að koma samningu þessa frv. Það lítur því svo út, sem hv. ráðh. hafi af ásettu ráði gengið framhjá þeim þúsundum karla og kvenna í landinu við undirbúning málsins, sem andstæðir eru vininnflutningi til landsins.

Þá ætla ég að drepa á, hver er hinn raunverulegi undirbúningur um að frv. er fram komið, og að meiri hl. Alþ. virðist ekki sjá sér annað „samboðið“ en að leyfa innflutning sterkra drykkja, eða allar tegundir áfengis, hverju nafni sem nefnast. Allt frá því að aðflutningsbannið var sett 1908, þá er það vitanlegt, að yfirstéttin í þessu landi hefir heimtað afnám þess. Fyrsti andróðurinn gegn banninu kom frá yfirstéttinni, þ. e. þeim mönnum, sem ráða fjármagni landsins, og öðrum, sem nægilegt hafa handa á milli sér og sínum til lífsframfæris, að nokkrum örfáum heiðarlegum undantekningum. Og síðan hafa það verið aðalblöð yfirstéttarinnar, Mbl. og dílkar þess, sem hafa reynt að gera bannlögin tortryggileg og haldið því að þjóðinni, að þau væru skaðleg, jafnvel gengið svo langt að kenna mönnum að brugga áfengi sjálfir. Má því þangað leita að orsökunum fyrir þeirri bruggunarhreyfingu, sem orðin er og margir standa ráðalausir gegn. Þá hafa hin sömu blöð talið það mestu lífsnauðsyn að hafa sem mest áfengi til í landinu, og jafnvel gengið svo langt að ýta undir og verja smygl, að ógleymdri brugguninni, sem ég áðan minntist á, og ég gæti fært fram mörg dæmi þessu til sönnunar. Ég endurtek það, að Morgunbl. og dílkar þess eru feður að brugginu hér á landi, því að í þeim blöðum eru fyrst gefnar upplýsingar um, hvernig brugga skuli. Aftur á móti eru blöð Alþfl. og blöð Framsfl. blöð frjálslyndra manna í landinu, sem hafa barizt móti áfenginu inn í landið, hafa varið bannstefnuna í lengstu lög, barizt gegn bruggi og smyglun og óleyfilegri sölu þess innanlands. En íhaldsöflin í landinu virðast nú ætla að sigra í þessu máli. Ég óska þeim mönnum úr andstöðuhópi íhaldsins til hamingju með stuðninginn þeim til handa. (MG: Eru ekki jafnaðarmenn meðflm. frv.?). Ég skal svara hv. þm. því, að það er talin sjálfsögð kurteisisskylda að flytja frv. þau, sem stj. fer fram á við nefndir að flytja. (MG: Hverjir greiddu atkv. móti frv.? Voru það jafnaðarmenn?). Engir þm. eins flokks eru jafnhvítir í Nd. af afskiptum sínum af þessu frv. og Alþýðufl.þm. Fulltrúar flokksins í allshn. Nd. unnu manna mest að því að umbæta frv. og flestar till. þeirra voru samþ. Hafi þeir greitt atkv. með frv. að lokum, verða þeir sjálfir að svara fyrir það.

Þetta er í stórum dráttum undirbúningur málsins, auk þess sem ég kem síðar að, sem sé atkvgr. um bannlögin. En nú virðist Framsókn, sem áður var andvíg afnámi bannsins, vera runnin frá stefnu sinni í þessu máli og gengin beint í það Ginnungagap að flytja allt áfengi inn án nokkurra takmarkana. Það má segja, að nýir síðir koma með nýjum herrum, en ég tel þó vafasamt, að framsóknarmennirnir — ég meina þar kjósendur flokksins — séu fallnir frá fyrri stefnu sinni í bann- og áfengismálunum. Ég þykist vita, að eina vörn þeirra manna, sem flytja þetta frv., sé þjóðaratkvgr. Hv. 2. þm. S.-M. og hæstv. atvmrh. drápu á, hvað mikið er að marka þá atkvgr. og þar með hjá hv. forsrh. ein af þeim rökum, sem tala móti þessu frv. hans. Ég vil minna á, hverjir það voru, sem unnu af lífi og sál að því, að flest yrðu jáin. (BSt: Unnu ekki templarar?). Því miður unnu þeir ekki eins og þurfti, og var það sökum fjárskorts. Þeir höfðu ekki nægilegt fé til umráða til að vinna gegn auðmagninu, sem stóð bak við andbanninga. Það sýndi sig, hvar þeirra byr var mestur, sem sé hér í Rvík, þar sem íhaldið og auðmagnið er mest. Hér höfðu þeir 70—80 bíla í gangi til að smala saman fólki, sem búið var að berja inn í þá skoðun, að afnema þyrfti bannið. Templarar höfðu engin tök á slíku. Raunin varð líka sú, að það varð Rvík, sem réð, hún gerði mismuninn. Erlent áfengisauðmagn og hjálparlið þeirra hér heima sigraði. Þess minni ástæða er fyrir þá menn, sem skoða sig sem fulltrúa hinna dreifðu byggða, að hlaupa eftir þessari atkvgr., sem íhaldið og auðmagnið í Reykjavík réð úrslitum á. Ég býst við, að í hverju öðru máli en áfengismálinu hefðu fulltrúar Framsfl. sagt, að ekki væri takandi til greina

sú atkvgr., sem kjósendur í sveitum landsins sýndu sig andvíga með miklum meiri hl. Mér þykir dálítið undarlegt, að hæstv. dómsmrh. skuli taka þennan meiri hl. til greina, eins og hann er fenginn, og skoða sig skyldan til að fara eftir honum. Ég mundi hafa gaman af að sjá, í hvaða máli öðru hann mundi gera það. Ég fyrir mitt leyti lít ekki eingöngu á þetta mál sem þjóðhags- og siðferðismál; sem jafnaðarmaður skoða ég áfengismálið sem stórt mál í þróun og þroska verkalýðsins og fjárhagslegri aðstöðu hans. Ég lít svo á, að hvergi sé hættan meiri en í lægst launuðu stéttunum, er versta eiga aðstöðuna og vantar flest af lífsins gæðum. Þeim hættir mest við að leitast við að svæfa sorgir sínar í áfengisnautn og eyða fé og fjörvi frá lífsins nauðsynlegustu þörfum. Ég er ekki einn um þessa skoðun; hún er uppi og viðurkennd um allan hinn menntaða heim, og jafnaðarmenn vinna alstaðar gegn áfengisbölinu með aðferðum, sem hentugastar þykja í hverju landi. Ég skal viðurkenna það, að fæstar þjóðir hafa séð sér fært að útrýma áfengi algerlega. Vegna hvers? Vegna þess, að þar er um stóran atvinnurekstur að ræða, sem þjóðirnar sjá sér ekki fært að kippa burtu eins og sakir standa. Út frá þessu sjónarmiði lít ég á málið sem eitt hið mesta menningarmál þjóðanna, og þá fyrst og fremst hinna vinnandi stétta, og tel, að ekki sé hægt að gera verkamönnum meiri ógreiða en þann, að hleypa öllum tegundum áfengis inn í landið án nokkurra takmarkana. Því með því er verið að setja hina menningarlegu þróun nokkur stig aftur á bak, það er verið að gera marga einstaklinga að vesalingum og jafnvel glæpamönnum innan þjóðfélagsins, og aðra að máttarminni eða veikari stoðum í uppbyggingu þjóðfélagsins. Út frá þessu sjónarmiði er það, að ég sem jafnaðarmaður tel mér skylt að reyna að bægja voðanum frá þeim stéttum, sem ég er fyrst og fremst fulltrúi fyrir og vil hefja upp til meiri vegs og virðingar innan þjóðfélagsins. Og þessi stefna fer eins og eldur í sinu um alla verkamannaflokkana, t. d. hér á Norðurlöndum og víðar. Þeir mynda félagsskap til að vinna að bindindismálum meðal allra stétta í þjóðfélaginu, og uppfræða fólkið sem gleggst um skaðsemi áfengis á menningarlega og efnalega afkomu þeirra. Þegar aðrar þjóðir sækja fram í þessum efnum, þá eru leiðandi menn okkar þjóðfélags að stiga skrefið aftur á bak. Og það sorglega er, að það eru yngri mennirnir, sem það gera.

Nú er önnur spurning, sem ég býst við, að hafi nú vaknað upp fyrir mörgum manninum: „Hver er okkar reynsla af því, hvort Íslendingar kunna að fara með áfenga drykki?“ Ég hefi nú lifað full 50 ár. Ég hefi lifað upp þann tíma, meðan nóg áfengi var á boðstólum, og líka þann tíma, þegar það var takmarkað, sem við þekkjum öll, að var aðeins fólgið í því að banna sterkari vín. Einnig þá tíma, þegar ekkert áfengi var fáanlegt. Samanburð á ástandinu á þessum tímum er vel hægt að gera, og hefir verið gert af öðrum en mér. Mér dettur ekki í hug að neita því, að núv. ástand sé — því miður — verra en það ætti að vera, en ástandið var þó ennþá verra á þeim tímum, er frjáls innflutningur var leyfður, allt þangað til bannið komst á, og ástandið verður ennþá verra en það, sem við búum við nú, þegar sterku vínunum verður hleypt inn aftur. Ég hefi þá skoðun á þjóðareðli okkar Íslendinga, að okkur muni seint lærast að fara með vín að siðaðra manna hætti og nota það í hófi, eins og sumar aðrar þjóðir eru sagðar að gera. Annars legg ég lítið upp úr þessari hófsemdarkenningu, sem sumir menn hafa svo mikið á orði og telja fólki trú um, að sé eitthvert lífsins balsam gegn kenningum bindindis- og bannmanna. Ég minnist orða eins íslenzks stjórnmálamanns, sem nú er látinn, og það eftirtektarverða var, að hann var andbanningur. Hann sagði eitt sinn við mig: „Ég hefi ekki trú á því, að Íslendingar kunni nokkurntíma með vín að fara. Það er of mikið af þessu grófa víkingseðli í þeim til þess að þeir geti haft þá „gentle“-mennsku, sem aðrar þjóðir hafa til að bera í meðferð vins.“ Og það er ef til vill mikill sannleikur í þessum orðum þessa látna stjórnmálamanns. Vínið verkar yfirleitt svo á okkur Íslendinga, að við verðum æstari og grófari í framgöngu og gleymum að viðhafa þá háttprýði, sem yfirleitt er óölvuðum, sæmilega siðuðum mönnum eiginleg. Við eyðileggjum fyrir okkur skemmtanir okkar og ef til vill heimilisfriðinn, svo að ég ekki nefni það, þegar við jafnvel spillum eða jafnvel eyðileggjum heilsu okkar og alla gæfu. Við höfum yfirleitt þá sorglegu sögu að segja, að það sé eins og allt önnur þjóð, sem byggir þá staði, þar sem vín er mjög haft um hönd, eða þar, sem þess er alls ekki neytt. Ef til vill má segja svipað um aðrar þjóðir, en ég hygg þó, að djúpið sé þó minna þar en hjá okkur, hvað sem veldur.

Þá get ég ekki látið hjá líða að minnast á það, þó að hv. 2. þm. S.-M. tæki það að nokkru leyti fram í sinni ræðu, að það er sorgleg reynsla, að á þessum tímum, sem við nú lifum á, þegar við verðum að gera ýmsar ráðstafanir til þess að tryggja okkur það, að við getum keypt lífsnauðsynjar okkar frá öðrum löndum, þá skuli vera til nógur gjaldeyrir til að kaupa fyrir sterk vínföng til að gera okkur að hálfgerðum skepnum í mörgum tilfellum. Þetta er sorglegt tákn þeirra tíma, sem við lifum á. Það virðist svo, að sumir álíti það einskonar kreppuráðstöfun, að gera slíka ráðstöfun sem þessa. Ég get ekki skilið þá menn, og ég veit ekki, hvernig menn geta varið það á tímum eins og þessum, að það eigi að verða almenningi til bjargar að fara nú að flytja inn sterk vín.

Er þetta þá í raun og veru rétt frá sjónarmiði þeirra manna, sem líta á þetta sem tekjuöflun fyrir ríkið? Þetta er auðvitað órannsakað mál. En ég lít svo á, að svo muni fara, að við innflutning sterkra vína muni sala veikari vína minnka að miklum mun. Ég byggi það á þeirri reynslu, sem ég hefi yfirleitt á mönnum í þessum málum, að þetta muni verða tvieggjað sem tekjuauki fyrir ríkissjóð. Því að eins og hefir verið bent á, þá þarf miklu minna af sterku drykkjunum, til þess að menn verði ölvaðir, heldur en af þeim veiku vínum. (**BSt**: Eru sterk

vín ekki drukkin nú?). Ég veit, að hv. þm. á við smygl. En hv. 2. þm. S.-M. benti á það með rökum, að það eru engar líkur til, að smygl minnki, þó að sterk vín verði flutt inn á löglegan hátt, því að þegar vínin eru til, er ekki gott að dæma um, hvernig þau eru flutt inn, jafnvel þó að stimpill áfengisverzlunarinnar sé á flöskunum, því að það er ekkert annað en að hella úr „bokkunum“ af hinu smyglaða víni á þær merktu flöskur áfengisverzlunarinnar — og hver getur svo dæmt um, hvaðan vínið er fengið?

En viðvíkjandi brugginu er það að segja, að það er enginn vafi, að sú stefna er uppi í þinginu að hafa talsvert hátt verð á víninu. Það hefir þær afleiðingar, að bruggararnir geta framleitt ódýrara vín í landinu sjálfu, og það vín drekka menn svo sumpart eins og það kemur fyrir, og sumpart blandað með kjarnbetri vínum, sem seld eru á löglegan hátt. Ég hefi heyrt fjölda manna tala um það, að ef koniak eða romm væri haft saman við landann, þá væri hann góður, og það er enginn vafi, að menn geta drýgt mjöðinn verulega á þann hátt. Það eru því engin líkindi til, að bruggið minnki við innflutning sterku vínanna. Ástæðan til þess, að menn brugga, er líka sú, að mönnum hefir verið kennt þetta, eins og ég hefi áður minnzt á, og síðan freistast margir menn til að reyna að afla sér tekna á þennan ólöglega hátt, og sú tilhneiging verður alveg eins hjá mönnum, þó að leyfður verði innflutningur á sterkum vínum. Atvinnukreppan hefir rekið margan manninn út í bruggunina, og meðan henni linnir ekki, er mjög hætt við að sama verði uppi á teningnum áfram.

Um smyglið er það kunnugt, að það verður ekki unnt að taka fyrir það, því að það er ómögulegt að hafa nægilega sterkt eftirlit á allri okkar löngu og vogskornu strönd og þeim mörgu skipum, sem þangað koma og ýmist hafna sig eða hafna sig ekki. Það mundi útheimta svo mikla tollgæzlu, að við værum þess ekki megnugir að halda henni uppi, vegna kostnaðar. Og hver er þá reynsla annara þjóða í þessum efnum? Hvernig er það í Finnlandi, Noregi eða jafnvel í Danmörku? Hefir smygluninni verið útrýmt þar? Nei, smygl hefir ekki minnkað þar, þó að leyft sé að flytja inn sterk vín, — síður en svo. Þar er víninu smyglað inn og selt með góðum árangri. Vínandi mun ekki dýr í innkaupi hjá þeim þjóðum, sem framleiða hann í stórum stíl. Þær þjóðir, sem hafa leyft innflutning sterkra vína, eiga því í harðri baráttu við smyglarana, og samskonar baráttu eigum við fyrir höndum, ekkert síður þó að bannið verði nú afnumið heldur en áður.

Þá vil ég beina því til hæstv. dómsmrh., sem hafði á hendi lögreglustjórn og dómgæzlu hér í Reykjavík, að það er ekki gleðileg tilhugsun fyrir hann að hafa stuðlað að því, að hér aukist lögbrot og verði kannske að taka harðari tökum á þessu en nokkurntíma áður, m. ö. o. að skapa sér sem embættismanni ríkisins mikla örðugleika og vandkvæði út af þessu eina máli. Ég veit ekki, hvað hann kann að hugsa, en ég hygg, að margur mundi hugsa til þess með sorgblandinni meðaumkun, þeir, sem vilja honum vel, að einmitt hann skyldi verða til þess að skapa meiri örðugleika og lögbrot hjá sinni eigin þjóð en nokkurntíma hefir áður verið. Hinir, sem vilja hann feigan á pólitiskri braut sinni, telja hann þess vel umkominn og vel maklegan ávaxtanna af starfi sínu. Þessum mönnum hefir nú hæstv. ráðh. rétt hendina í þessu máli.

Ég hefi nú í stórum dráttum lýst minni skoðun, hvers vegna ég er á móti þessu frv. Ein ástæðan er þó enn, sem ég vil nefna. Ég hefi alltaf lifað með þá veiku von í brjósti, að þjóðfélag vort ætti eftir að lifa þá tíma, og það ekki innan langs tíma, að því mætti auðnast að losna við léttu vínin og þar með öll vín úr landinu. Mér er ljóst, að eins og nú er högum okkar háttað við þá þjóð, sem við höfum mest viðskipti við, þ. e. Spánverja, þá eru nú engar líkur til, að svo geti orðið fyrst um sinn. En möguleikarnir til að losna við léttu vínin aukast ekki með því að auka innflutning sterku vínanna. M. ö. o., ef Íslendingar nú leyfa innflutning sterkra vína, þá seinkar það fyrir því, að þeir geti losnað við vín yfirleitt. Ég er svo bjartsýnn, að ég trúi því, að mannkyninu muni einhverntíma takast að losa sig undan bölvun áfengisins, og það er í nánu samræmi við skoðun hinna nýju tíma. En ef hæstv. dómsmrh. er með þessari stjórnarathöfn sinni að hefta okkur á þeirri braut, þá tel ég miður farið og tel hann hafa stigið stórt ógæfuspor.

Þá vil ég nefna eitt atriði enn, sem er ekki hvað þýðingarminnst, og það er það, að unga kynslóðin hefir lítið haft að segja af bölvun áfengisnautnarinnar og er því ekki fullkomlega vitandi vits um það tjón, er áfengisnautnin veldur bæði andlega og líkamlega. Hún varð þess valdandi, sérstaklega í kaupstöðum landsins, að þessi litli meiri hl. kom fram við atkvgr. Við, sem tilheyrum eldri kynslóðinni, vissum, hvað það var að biðja um sterk vín. Við þekktum bölvun áfengisnautnarinnar. Ungu kynslóðinni í landinu bar að hlíta ráðum sér reyndari og eldri manna í þessu efni, en trúði betur falsspámönnum í þessu máli, og vantaði lífsreynslu til þess að dæma í jafnþýðingarmiklu máli. Ég fyrir mitt leyti álít, að nú eigi þeir reyndu og ráðnu menn á Alþingi Íslendinga að skera úr og dæma um, hvort það sé hollt hinni ungu kynslóð að hafa nóga áfenga drykki sér til skaða og leiðinda. Ég vil, að Alþingi svari þeim hluta ungu kynslóðarinnar, sem var með afnámi bannsins, sem svo: „Það er ekki hollt að fá þessa drykki, af því að þeir eyðileggja fé þitt og fjör, og þeir skaða líf þitt. Þú hefir ekki reynt, hvað mikið böl fylgir því að drekka áfengi. Ég vil þess vegna ekki leyfa þér að neyta sterkra vína.“ — Þannig talar góður faðir og góð móðir til barns síns. Þannig tel ég, að löggjafinn eigi að tala til þeirrar kynslóðar, sem bráðum verður að taka á sig veg og vanda af því, hvernig menningu og velmegun þjóðarinnar ferst. Okkar er að skila næstu kynslóð landinu okkar í sem mestum menningarblóma. Afnám áfengra drykkja er einn áfanginn á þeirri leið.

Ég get sagt eins og hv. 2. þm. S.-M., að ég

ætla ekki að tefja fyrir þessu máli með málþófi. Örlög Karþagóborgar munu þegar vera séð, þó að það veki undrun mína. En ég vildi láta það koma fram, hvers vegna ég er á móti þessu máli. Og ég vil taka undir þau orð hv. 2. þm. S.-M., að dómur sögunnar mun á sínum tíma verða kveðinn upp um það, hvort það hafi verið rangt af þeim mönnum á Alþingi Íslendinga 1934, sem voru á móti því, að leyfa innflutning sterkra vína. Ég hefi þá trú, að hvert það mál, sem í sér hefir fólgið siðgæði og réttlæti, fái fyrr eða síðar að sigra, og ef það er rétt, þá er ég viss um, að dómurinn verður sá, að við, sem nú stöndum á móti þessu máli, sem hér liggur fyrir, höfum verið á réttri braut.

Ég skal að síðustu taka það fram, að ég teldi rétt, að þar sem atkvgr., sem fram fór um aðflutningsbannið með öllum sínum ágöllum, fór eins og kunnugt er, þá teldi ég réttu aðferðina þá, að þessu máli yrði skotið til þjóðarinnar á ný til almennrar atkvgr., eins og þingið gengur frá því, og þar verði sagt annaðhvort já eða nei um það, hvort þjóðin vildi slíka löggjöf eða ekki. Ég legði mikið upp úr því, að slíkt yrði gert. Ég veit, að því verður svarað, að þetta sé óvanaleg aðferð. Það er satt, en þetta er líka óvenjulegt og þýðingarmikið mál, sem varðar alda og óborna. Ég hefi orðið var við það, að ýmsir þeir, sem eru taldir meðal framsýnustu manna þjóðfél., hafa talið þetta eina hina réttustu leið úr því sem komið er, og að atkvgr. verði þá ekki látin fara fram á þeim tíma, sem er að dómi bæði framsóknarmanna og annara sá óhentugasti fyrir mikinn hluta fólks um land allt með tilliti til kjörsóknar.

Ég skal að síðustu lýsa því yfir, að ég mun fylgja öllum þeim umbótatill., sem fram kunna að koma við þetta frv. eins og það nú liggur fyrir frá Nd., en þrátt fyrir það mun ég þó að síðustu greiða atkv. móti þessu frv., því að ég þykist nú hafa fært rök fyrir því, hvers vegna ég er því mótfallinn, en ég vil þó með atkv. mínu hafa áhrif á það, að inn í frv. komist ákvæði, sem takmarka meir en orðið er frjálsan og óhindraðan aðgang hverjum einum að sölum Bakkusar konungs og torveldi þegnum hans dygga þjónustu.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Þessu frv., sem hér liggur fyrir, hefir nú verið andmælt af tveimur hv. þm. Þeir hafa fært fram að sínu áliti þau rök, sem liggja til þess, að ekki eigi að samþ. þetta frv., eða yfirleitt frv., sem gangi í þá átt að afnema það bann, sem nú er. Það hefir verið dregið sérstaklega fram og beint gegn mér, að það væri undarlegt, að ég skyldi flytja á Alþingi frv. eins og þetta, þar sem það væri í ósamræmi við aðra starfsemi mína í sambandi við þessi mál. Ég skal nú svara þessu óbeint um leið og ég geri grein fyrir afstöðu minni til bannsins.

Fyrst vil ég minna á það, að það hefir farið fram þjóðaratkvgr. um þetta mál, og ég hefi þá afstöðu gagnvart henni, fyrst og fremst af því að ég lít svo á, að ef slík atkvgr. hefir farið fram, þá sé það varhugavert fordæmi, ef ekki er farið eftir þeirri atkvgr. Það þýðir ekki að færa fram þau rök, að atkvgr. hafi farið fram á óhentugum tíma og hafi verið illa sótt. Það er efalaust, að þegar atkvgr. fór fram, þá gátu þeir sýnt vilja sinn á þessum málum, sem höfðu áhuga á því. Ég lít svo á, að jafnvel þótt einstakir menn séu nú á móti afnámi bannins, þá beri ekki að fara eftir því, þar sem meiri hl. hefir við þessa atkvgr. látið það í ljós, að hann vilji afnám bannsins. Þeirri reglu, að fara þannig eftir vilja meiri hl., hefir verið fylgt í okkar þjóðfélagi í tvö skipti, um áfengislögin og um sáttmálann við Dani.

Ég hefi áður látið þá skoðun mína í ljós, að þótt þetta frv. sé flutt vegna þessarar atkvgr. og vegna þess, að það hefir verið lagt fyrir stj. að flytja frv. um þetta mál, þá verð ég að segja, að ég hefði, þótt slík atkvgr. hefði ekki legið fyrir, greitt atkv. með afnámi bannsins. Þessa yfirlýsingu hefi ég gefið löngu áður, þegar almennar umr. hafa farið fram um þetta mál. Skal ég nú reyna að rökstyðja lítilsháttar þessa skoðun mína, án þess að vera of langorður.

Það, sem ég fyrst og fremst vil nefna sem rökstuðning fyrir minu máli, er það, að við höfum nú við að búa þá undanþágu, að leyft sé að flytja inn Spánarvín, sem hafa allt að 21% alkohol eftir rúmmáli. En þegar ég, sem hefi haft á hendi framkvæmd þessara l. í 10 ár, hefi verið að framkvæma bannlögin, þá hefi ég sannfærzt alltaf betur og betur um það, að það, sem verður að vera meginatriðið í hverjum refsilögum, er það, að undir þeim sé einhver siðferðisgrundvöllur. Hugsunin, sem liggur til grundvallar fyrir allri refsilöggjöf, og þar með þeirri löggjöf, sem gilt hefir hjá okkur um aðflutningsbann á áfengi, er, að það sé siðferðislega rangt að neyta áfengis og drekka sig ölvaðan. Það sé brot bæði gagnvart sjálfum sér og öðrum.

Ég skal segja ykkur það, að eitt stærsta atriðið í minum augum viðvíkjandi Spánarvínaundanþágunni, sem við búum nú við, er það, að ég hefi hvað eftir annað rekið mig á það, þegar ég hefi rætt um þetta mál við þá menn, sem hafa verið sektaðir fyrir að drekka óleyfileg vín, að þeir hafa sagt sem svo: „Að hverju leyti er það rangara að drekka sterk vín en Spánarvín? Hvers vegna er mér refsað fyrir að drekka mig ölvaðan af sterkum vínum, þegar ríkið leyfir mönnum að drekka sig ölvaða af veikum vínum? Hvaða siðferðislegur munur er á þessu?“ — Ég játa, satt að segja, að erfitt sé að halda uppi löggjöf, sem greinir aðeins um það, hvort áfengið sé veikt eða sterkt, refsa þeim, sem drekka sig ölvaða af sterkum vínum, en segja það löglegt að drekka sig ölvaða af því áfengi, sem er nefnt hin veikari vín. Við sjáum sannarlega daglega afleiðingarnar af drykkju veikari vína. Afleiðingarnar eru þær sömu og af að drekka hin.

Mér hefir alltaf virzt, að í sambandi við flutning þessa máls hér á þingi, og eins við atkvgr., hafi ekki verið nógu mikil einlægni hjá einstökum hv. þm. Mér dettur ekki í hug að beina þessu til þeirra hv. þm., sem nú hafa talað hér á móti þessu frv., því að ég veit, að

þeir eru sannfærðir um, að afnám bannsins muni leiða til hins verra. En mér dettur ekki í hug að halda fram, hvorki í þessu máli né öðrum, öðru en því, sem ég er sannfærður um, að sé satt og rétt, og það er sannfæring mín, að þessu máli sé þannig komið, að nú sé ekki um annað að gera en að afnema bannið. Við höfum hér fyrir framan okkur reynslu undanfarinna ára. Og hvernig er hún? Reynslan er sú, að nú er í Rvík drukkið meira en í nágrannalöndunum, þar sem bannið hefir verið afnumið. Hér eru sektaðir fyrir ölvun á almannafæri nokkur hundruð manns á hverju einasta ári, stundum upp undir eitt þúsund manns. Og ef við lítum jafnframt á það, að við Íslendingar, sem höfum alveg sérstaklega slæma aðstöðu til að framfylgja bannlöggjöf, eins og hv. 4. þm. Reykv. tók fram, vegna þess að við búum á eyju, þar sem mjög auðvelt er að smygla víni í land —, þá er augljóst, hversu fjarstætt það er að halda við þessu bannlagaslitri. Og reynsla annara þjóða, sem hafa þó miklu betri aðstöðu til að verjast smygli, sýnir, að þær hafa allar orðið að láta undan og afnema bannlögin hjá sér. Reynsla bannlagalöggjafarinnar hefir skorið úr um þetta og beygt aðrar þjóðir til þess að láta undan, og þar erum við Íslendingar síðastir í röðinni. Það er með þessi lög eins og alla aðra refsilöggjöf, að það er með öllu þýðingarlaust, að löggjöfin sé á undan sínum tíma. Ég skal fúslega játa það með hv. 4. þm. Reykv., að það er ákaflega skaðlegt að neyta mikils áfengis, og það er alveg rétt að hafa þá von, að það megi takast að venja þjóðirnar af því. Ég hefi aldrei þótt svo sérstaklega sólginn í áfengi, og get þess vegna staðið alveg hreinn að því leyti í þessu máli, að ég hefi sem lögreglustjóri gengið hart fram í því að framkvæma bannlögin eins og hver önnur lög, enda hefir enginn dirfzt að finna að þeirri framkvæmd. Ég hefi alltaf haft þá skoðun, að áfengislögunum eigi að framfylgja rækilega og þess vegna hefi ég framkvæmt þau alveg eins stranglega og önnur refsilög. Af þessari ástæðu þykist ég hafa efni á að greiða atkv. í þessu máli eins og ég tel réttast og eftir því sem reynslan hefir bent mér í lögreglustjórastarfi mínu. Engin þjóð getur framfylgt þeirri löggjöf, sem er á undan sínum tíma. En það má vel vera, að fólkið verði orðið svo þroskað eftir 100 ár, að þá megi takast að setja lög um aðflutningsbann á áfengi og framfylgja þeim. Og það er svo um hverskonar refsilöggjöf, að hún getur alls ekki staðizt til lengdar, nema hún hafi almenningsálitið í landinu að bakhjalli. Menn forðast ekki að brjóta refsiákvæði laganna vegna refsingarinnar sjálfrar, sem á eftir kemur, heldur vegna almenningsálitsins og þeirrar sannfæringar og réttlætismeðvitundar, sem býr þeim í brjósti. Það, sem hamlar því, að menn steli og gerist t. d. sauðaþjófar, er sú móralska sannfæring, sem búið er að koma inn hjá þeim, að þetta sé rangt. En það er ekki refsingin sjálf eða óttinn við hana, sem heldur mönnum frá því að stela. Og svo er það annað, sem er enn verra; refsiákvæði hafa engan mátt, nema staðið sé við þau og að nægilega þroskað almenningsálit standi á bak við þau. Menn geta framið bannlagabrot og komið út úr fangahúsinu á eftir og litið framan í hvern mann, þrátt fyrir refsinguna, án þess að fyrirverða sig nokkuð, vegna þess að almenningsálitið er ekki nægilega sterkt til að fordæma þessi brot. Við þekkjum ótal dæmi þess í okkar eigin sögu, hversu refsiákvæðin hafa mátt sín lítils gegn almenningsálitinu. Það þótti ekki fært á Alþingi þegar kristni var í lög tekin árið 1000, að banna með lögum útburð barna. Vegna hvers? Af því að hið ríkjandi almenningsálit þeirra tíma taldi það ekki glæpsamlegt, og þó var hér um stórglæp að ræða. Hinir vísu menn þeirrar aldar vissu, að það var þýðingarlaust að banna þetta með lögum, og við vitum, að það var þá skoðun merkustu borgara í þjóðfélaginu, að þetta væri fyllilega leyfilegt. En síðar breyttist almenningsálitið, svo að á þetta var litið sem svívirðilegasta glæp í þjóðfélaginu. Sagan sýnir okkur, að það er svo með hvert atriði, sem snertir siðferðismálin, að það verður að koma þróun, sem göfgar almenningsálitið og stendur á bak við löggjöfina í landinu. Þjóðirnar geta ekki haft fullkomnari löggjöf en þær eru sjálfar, þegar á reynir. Hitt hefði náttúrlega verið ákjósanlegt, ef þjóðin hefði viljað þýðast þá löggjöf, sem bannar mönnum neyzlu skaðlegra drykkja og annara heilsuspillandi vörutegunda.

Það hefir áður verið minnzt á það í þessum umr., að fyrir nokkrum árum var hér ákveðin hreyfing fyrir því að stofna til aðflutningsbanns á tóbaki hér á landi; það var um það bil, sem ég kom fyrst hingað til Rvíkur í skóla. En svo féll hún aftur niður. Ég er viss um, að sú skaðsemi, sem stafar af notkun tóbaks, slagar langt upp í skaðsemi af áfengisneyzlu. Vera má, að það sé ekki heppilegt að leiða þetta efni inn í umr., en ég vil geta þess, að þó ég hafi ekki sjálfur neytt tóbaks, þá hefi ég talað við marga tóbaksmenn, og ég er viss um, að tóbaksneyzlan hefir takmarkað starfsþrótt þeirra margra um þriðjung, þannig að þessir menn eru ekki nema brot af því, sem þeir gætu verið. Þetta á sérstaklega við um vissar tegundir af tóbaksreykingum. Þess vegna væri það vitanlega ákjósanlegt, að menn neyttu ekki tóbaks, og má það teljast blátt áfram refsivert að lama svo sína eigin orku sem gert er með notkun tóbaks. Vera má, að eftir nokkur ár verði ég kominn á þá skoðun, að réttast muni að banna innflutning á tóbaki. En því verr er grundvöllur almenningsálitsins ekki nægilega sterkur til þess enn, fremur en til þess, að reistar verði með lögum skorður við innflutningi áfengis. Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að drykkjuskapurinn er meiri hér á landi heldur en hjá þeim þjóðum, sem enga áfengislöggjöf hafa haft. Þess vegna er ég sannfærður um, að rétt hafi verið að afnema aðflutningsbannið. En jafnframt og því er aflétt og samhliða hafin öflug starfsemi gegn vínd rykkjunni, skal ekki standa á mér að setja í áfengislöggjöfina ýms ákvæði, sem eiga að vinna gegn áfengisbölinu, t. d. um að haldið verði uppi almennri fræðslu um skaðsemi áfengis o. fl. Eftir minni reynslu er ég

sannfærður um, að það er sú eina vörn, sem dugir á móti áfengisnautninni.

Síðan Spánarvínin fóru að flytjast til landsins hafa menn getað drukkið sig ölvaða af þeim, og það hefir eins og bannlögin dregið mikið úr þeirri bindindisstarfsemi, sem áður var búin að vinna mikið á í baráttunni við áfengisnautnina. Þegar talað er um, að hinar dreifðu byggðir — sveitirnar — séu yfirleitt á móti áfenginu og að fólkið þar vilji ekki neyta þess, þá er það ekki fyrir áhrif bannlaganna; það verða ekki færð gild rök að því. Hitt liggur ljóst fyrir, að viðasthvar úti um sveitir landsins, þar sem minnst hefir verið drukkið af áfengi og samkv. atkvgr. er ákveðnast fylgi við bannlögin, þar eru og hafa verið ótal möguleikar til að smygla inn áfengi og næstum því engin löggæzla. Bannlögin hafa ekki verndað fólkið fyrir áfenginu á þessum stöðum. Þessi afstaða fólksins stafar eingöngu af því, að það er komið lengra og er þroskaðra í þessum efnum en annarsstaðar. Má sérstaklega benda á Vestfirði þessu til sönnunar. Þar er ákaflega lítil áfengisnautn, sama sem ekkert bruggað, en miklir möguleikar til að smygla inn áfengi og að heita má engin löggæzla. — Þetta er eingöngu því að þakka, hvað fólkið er þroskað á þessum slóðum, og að því marki verður að stefna um allt land. Ég hefi ekki trú á því, að við Íslendingar séum svo mikið lakari en aðrar þjóðir, að áfengisneyzlan þurfi að vera meiri hér en annarsstaðar og geti ekki komizt niður í það mark, þar sem hún er lægst í nágrannalöndunum. Þetta frv. er því ekki flutt til þess að veita meira vinflóði yfir landið, heldur í fullri von um, að það leiði til minnkandi drykkjuskapar í landinu, og ennfremur með tilliti til niðurstöðunnar af atkvgr. um afnám bannlaganna.

Ég vil, að færð séu skýr rök að því, hvers vegna við stöndum svo mikið lakar í áfengismálunum en aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, Svíar og Danir. Ég vil, að þeir hv. þdm., sem tala á móti afnámi bannlaganna, ræði jafnframt um það, hvers vegna þau leiddu til stóraukins drykkjuskapar í Finnlandi, og hvers vegna bannlögin voru afnumin þar og hjá öðrum þjóðum, þar sem þau höfðu verið í gildi um nokkurt árabil. Ég vil, að þeir geri grein fyrir því, hvort reynslan af bannlögunum hafi ekki orðið hin sama hér á landi og hjá öðrum þjóðum, sem hafa neyðzt til að afnema þau. — Það er algerlega rangt af andstæðingum þessa frv. að flytja mótmæli sín á þeim grundvelli, að ég sé því fylgjandi, að áfengisnautnin aukist í landinu; þetta er algerlega rangt hvað mig snertir. Ég er einmitt fylgjandi útrýmingu áfengisneyzlunnar. — Það, sem deilt er um, er blátt áfram: hvort betra sé fyrir þjóðina að viðhalda þeim bannlagaslitrum, sem nú eru, með því ástandi, sem ríkt hefir, eða afnema bannlögin. Og í öðru lagi: hvort drykkjuskapurinn muni aukast í landinu, þó að bannlögin séu að fullu afnumin, ef reynt er að vinna á móti áfengisnautninni, eins og áður var gert, með bindindisstarfsemi og fræðslu um áhrif og afleiðingar áfengisneyzlunnar. Þetta er aðalumræðuefnið, og ég óska að rætt sé um málið á þessum grundvelli.

Ég vil svo að lokum geta þess viðvíkjandi sterku vínunum, sem nú á samkv. frv. að flytja inn í landið, að viðhorf þjóðarinnar hefir gerbreytzt á síðari árum, sérstaklega gagnvart sterku vínunum. Síðan 1927 hafa orðið svo stórfelld umskipti í þessu efni, vegna framleiðslu sterkra drykkja í landinu („landa“bruggunar). Þetta sést bezt, ef athugaðir eru þeir dómar, sem kveðnir hafa verið upp hér í Rvík í bruggunarmálum: árið 1931 voru þeir 16, 1932 41 og 1933 46 dómar. En jafnframt hafa miklu færri dómar verið dæmdir fyrir ólöglega sölu á Spánarvínum. Útkoman er því þannig, að um leið og afbrotum fjölgar í stórum stíl fyrir bruggun og sölu sterkra drykkja í landinu, þá fækkar þeim að sama skapi fyrir ólöglega sölu á Spánarvínum. En eitt vil ég segja þeim, sem vilja hafa á móti því, að hin væntanlegu áfengislög rými burt ólöglegu áfengi, og eru óánægðir með okkur, sem fylgjum þessu frv., að það má nú heita óviðráðanlegt fyrir löggæzluna í Rvík að verjast smyglun áfengis hingað til bæjarins. Það er flutt í stórum stíl utan af landi í bílum til Rvíkur. Fyrst og fremst er hér um að ræða áfengi, sem bruggað er í landinu, og í öðru lagi það, sem smyglað er inn á höfnum víðsvegar um land utan Rvíkur; það er að mestu flutt í bílum til Reykjavíkur og á að seljast þar. Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um, að það er selt og drukkið nálega eins mikið af óleyfilegum sterkum drykkjum í landinu eins og lögleyfðum vínum. Þetta fullyrði ég samkv. nánum kunnugleika í þessum efnum og nokkurra ára reynslu. Þannig er útlitið nú. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um málið að sinni, og býst helzt ekki við að taka aftur til máls við þessa umr.

**Bernharð Stefánsson:** Það hefir verið ríkjandi venja, að þegar mál hafa komið frá Nd. hingað í d., þá hafa vanalega verið litlar umr. um þau, og frumvörpin hafa verið send til n. án þess að talað hafi verið um þau svo teljandi sé við 1. umr. En nú hefir sú nýlunda skeð, að risið hafa upp þrír hv. þdm., hver á fætur öðrum, við 1. umr. og haldið langar ræður til mótmæla þessu frv., sem fyrir liggur, sérstaklega tveir þeirra. Þetta er því undarlegra, sem þessir hv. þdm. eiga báðir sæti í þeirri nefnd, sem búast má við, að fái þetta mál til meðferðar, og eru þeir þar í meiri hl.

Ég hefði nú látið þessar umr. afskiptalausar, þó að hv. 2. þm. S.-M. flytti sína ræðu, ef fleiri hefðu ekki komið þar á eftir. En mér finnst, að úr því að umr. eru orðnar svona langar, þá sé ekki úr vegi fyrir mig að minnast á örfá atriði, sem komið hafa fram í umr.

Það, sem einkenndi ræður þessara þriggja hv. ræðum., sem hafa andmælt frv. hér í d., er það, að þeir töluðu allir eins og nú væri með þessu frv. verið að steypa nýju vínflóði yfir landið, og ætti nú loks fyrir alvöru að kenna þjóðinni að drekka áfengi. Ég skal nú segja þessum hv. þdm., sem andæfa frv., það, að ef þetta væri svo, þá mundi ég leggjast á sveif með þeim. Þó að ég væri ekki orðinn atkvæðisbær kjósandi 1908, þegar þjóðaratkvgr. fór fram

um það, hvort setja skyldi aðflutningsbann á áfengi til landsins, þá gerði ég mér þó fullkomna grein fyrir því máli og umr. um það í blöðum og á þingmálafundum. Og ef ég hefði þá haft atkvæðisrétt, þá hefði ég greitt atkv. með banni. En þó að ég gæti það ekki, þá vann ég talsvert fyrir málið og studdi þannig að því, að atkv. yrðu greidd með banninu. Ég trúði því þá, eins og fjölmargir aðrir, sem greiddu atkv. með bannlögunum, að takast myndi að útiloka áfengið úr landinu. En ég hygg, að það þurfi ekki að leiða rök að því nú, það er öllum ljóst, að þetta hefir algerlega mistekizt: að útiloka áfengið. Þess vegna eru það að því leyti algerlega rangar forsendur hjá þessum hv. andmælendum frv. og einnig hæstv. atvmrh., að hér sé um það að ræða, hvort rétt sé af löggjafarvaldinu að stuðla að því með samþykkt þessa frv., að þjóðin fái meira áfengi til drykkjar eða ekki. Hér er alls ekki um það að ræða, heldur hitt, hverskonar löggjöf muni eiga hér bezt við og vera líkleg til að koma að mestu gagni til þess að eyða drykkjuskapnum í landinu. Það er ósennilegt, að þetta frv. leiði til aukins innflutnings á vínum. Allir vita, að Íslendingar drekka nú mikið af áfengi, og að það liggja engir möguleikar fyrir til þess að útiloka áfengið úr landinu. Hv. 2. þm. S.-M. vék að því, að ástandið í þessum efnum væri ekki gott sem stæði. Og nú myndi það vaka fyrir ýmsum hv. þm., að eina ráðstöfunin til bjargar, sem Alþ. gæti gert til að bæta þetta ástand, væri sú, að leyfa innflutning á sterkum vínum til landsins. Og vildi hv. þm. telja það ægilegasta skattinn, sem hægt væri að leggja á þjóðina. En eins og ég hefi vikið að áður, þá hygg ég, að það sé alveg ósannað, að af samþykkt þessa frv., óbreytts eða lítið breytts, leiði meiri innflutning á áfengi til landsins en nú er. Og hitt er a. m. kosti ósannanlegt, að af því leiði meiri áfengisnautn hér á landi en nú er. Það er vitað, að af því áfengi, sem nú er drukkið mest í landinu, fær ríkissjóður engar tekjur — þvert á móti — hann verður að greiða kostnað við eftirlit og upplýstrun óleyfilegrar áfengisbruggunar. Hitt er aftur á móti víst, að ríkissjóður fær ágóða af því áfengi, sem löglega er með farið í landinu. Og þess vegna veit ég ekki, hvort það muni reynast svo mikil fjarstæða, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, að ýmsir þm. mundu vilja telja innflutning á sterkum drykkjum til bjargráða að einhverju leyti úr því ófremdarástandi, sem nú ríkir í áfengismálum þjóðarinnar.

Hv. 2. þm. S.-M. vildi gera lítið úr þjóðaratkvgr. um afnám bannlaganna. Ég þarf lítið um það að segja; hæstv. forsrh. hefir vikið að þessu og tekið af mér það ómak að svara því. Hv. þm. gerði mikið úr því, hversu fáir hefðu tekið þátt í atkvgr. og taldi, að þess vegna væri ekkert á henni að byggja; en ég held, að þeir hafi þó verið æðimiklu fleiri, sem greiddu atkv. um bannmálið í fyrrahaust heldur en 1908. Og þó veit ég ekki betur en að bannmenn hafi löngum byggt sínar kröfur í þessu máli á þeirri atkvgr. Þá hélt hv. þm. því einnig fram, að af því atkvgr. var að haustlagi, hafi miklu færri tekið þátt í henni þess vegna; og það kann að vera rétt. En það hafa nú oft farið fram almennar alþingiskosningar á haustin og opinber atkvgr., svo að þetta er engin undantekning í því efni. Samkv. ályktun hv. þm. ætti þá að vera vafasamt um gildi þeirra laga, sem sett hafa verið á þeim þingum, er kosið hefir verið til á haustin.

Hæstv. forsrh. benti réttilega á, að alþjóðaratkvgr. hefði verið látin fara fram að haustlagi um annað mjög þýðingarmikið mál, sambandslög Íslands og Danmerkur, sem allt stjórnarfar okkar er byggt á.

Hv. þm. sagði, að Alþ. ætti að hafa vit fyrir þjóðinni. Það er nú svo. Ég hygg, að það verði ekki svo auðvelt, meðan alm. kosningarréttur er í landinu og þingið kosið af kjósendum landsins, og mun ekki geta gengið nema eitt kjörtímabil, að þingið hafi vit fyrir þjóðinni. Þjóðin tekur vitanlega til sinna ráða og kýs ekki aðra á þing en þá, sem eru í samræmi við hennar vilja. Alþ. á að hafa vit fyrir þjóðinni eins og foreldrarnir fyrir börnunum, segir hv. þm. Foreldrarnir beita oft misjöfnum uppeldisaðferðum við börnin. Sumir foreldrar reyna að sannfæra þau um hið rétta í hverju máli og veita þeim virkilegan skilning á þeim siðferðisspursmálum, sem þau verða að leysa úr. Aðrir foreldrar álita bezt að hýða þau, og það duglega. Það átti að kenna þjóðinni og venja hana af þeim ósið að drekka áfengi með þessari síðartöldu uppeldisaðferð, hýðingunni. Að hafa vit fyrir þjóðinni, það á þingið að gera að áliti hv. 2. þm. S.-M.; það á að hýða og hýða duglega þá, sem eru óþægir. Hann vildi ekki telja mikið að marka atkvgr. um bannið, vegna þess, að af 27 kjördæmum hefði í 13 verið meiri hl. með afnámi bannsins. En í þeim 13 kjördæmum, sem voru með afnáminu, senda kjósendurnir meiri hl. alþm. á þing, svo að ef miða á við það, hvernig farið hefði, ef þetta hefði jafnframt verið alþingiskosning og kosið eftir þessu máli, þá hefði niðurstaðan orðið nákvæmlega hin sama. Og að þessi 13 kjördæmi kjósa miklu fleiri alþm. en hin, er af því, að þau eru miklu fjölmennari. Hann var að fimbulfamba um það, hv. þm., að kvenfólkið hefði tekið lítinn þátt í þessari atkvgr. En það tók alls engan þátt í atkvgr. 1908, sem bannl. voru byggð á. Ég greip fram í fyrir honum, og snéri hann þá út úr því og vildi gefa í skyn, að ég teldi eftir atkvæðisrétt kvenna. Það var nú ekki mín meining. Hann sagði, að það lægju engar skýrslur fyrir um þátttöku kvenna í atkvgr. Hafi kjörsókn kvenna verið lítil, sem ég efa, þá hefir það einungis verið af því, að þær hafa ekki haft verulegan áhuga á málinu. Það var ekkert forátttuverður kosningadaginn, a. m. k. hvorki á Suður-, Norður- eða Vesturlandi. Þá sagði hann ennfremur, að menn hefðu ekki vitað, um hvað menn greiddu atkv. Þetta er hinn mesti misskilningur. Ég held, að fólk hafi ákaflega vel vitað um það, því að á 2—3 undanförnum þingum lágu fyrir frv. um nýja áfengislöggjöf, og flestir kjósendur í landinu munu hafa gert sér grein fyrir því, að þau frv. voru svipuð og þessi löggjöf mun verða. Ég veit, að hv. 2. þm. S.-M. er sannfærður í þessu máli, og ekkert um það að segja, þótt hann

haldi við sína sannfæringu. Hann kvaðst leggja þetta mál óhræddur undir dóm sögunnar. Ég þykist vita, að hann geri það, og sagan á sínum tíma gefi honum rétt, en öðrum rangt, eftir hans hugmyndum. En ég ímynda mér líka, að Páll Stígsson höfuðsmaður hefði getað sagt hið sama á sínum tíma, þegar hann árið 1564 kom hér á Stóradómi. Það átti að uppræta lauslætið í landinu. Þeir menn, sem að því unnu, voru sannfærðir á svipaðan hátt og hv. 2. þm. S.-M., og töldu lauslætið ákaflega skaðlegt fyrir þjóðina siðferðislega og það bæri undir öllum kringumstæðum að uppræta það. Svo voru sett l. um það að viðtaka nýjar, þungar refsingar við lauslæti. Menn voru drepnir fyrir hórdóm, kvenfólki drekkt og annað þess háttar. En hver varð árangurinn? Ég skal ekki fullyrða, að aldrei hafi meira lauslæti verið á Íslandi en þá, en ýmislegt bendir þó til þess, að svo hafi verið, því að furðulega mörg eru brotin, sem upp komust, og má nærri geta, að yfir margt og mikið hefir verið hilmað, þegar slíkar refsingar lágu við. Þessir menn hafa sjálfsagt — ég efa það ekki — staðið í þeirri trú, að þeir væru að vinna þjóð sinni gagn, eins sannfærðir og hv. 2. þm. S.-M. er um það, að það sé bezt að hafa sem strangastar hegningar og ströngust fyrirmæli í l. viðvíkjandi áfenginu. Sama má segja um galdrabrennur og annað slíkt. Galdur var ógurlegur glæpur í áliti þeirra manna, og ég er viss um, að þeir, sem bezt gengu fram í ofsóknunum, hafa getað sagt eins og hv. 2. þm. S.-M., að þeir væru að vinna eftir sannfæringu sinni og myndu hljóta góðan dóm hjá sögunni. — Það hefir verið sagt af andmælendum þessa frv., að ekki myndi hafast miklar tekjur upp úr þessu fyrir ríkissjóð, því að fylliríið yrði bara ódýrara og þar af leiðandi minna rúmmál víns drukkið, þótt fylliríið yrði sama eða meira. Þetta kynni að vera rétt hjá hv. andmælendum frv., ef þeir gengju út frá því, að ekkert væri hér til að drekka nema Spánarvín, sem eru tolluð og verzlunarágóði af til ríkisins. Þetta er bara ekki svona. Það vita allir, að hér er dukkið mikið af smygluðu whisky, bæði hér í Rvík og víða annarsstaðar. Og það eru ekki tómir bandíttar, sem þess neyta, og þegar þessir menn gætu fengið það á löglegan hátt, myndu þeir fremur kjósa það. (SÁÓ: Þeir fá það ódýrara smyglað). Já, en það eru margir svo, að þeir smygla ekki vegna auranna, heldur vegna þess, að varan er ófáanleg, og þótt um nokkurn verðmun væri að ræða, myndu þessir sömu menn heldur kjósa að útvega sér áfengið á löglegan hátt. Þá talaði hv. 4. þm. Reykv. um það, að undirbúningur atkvgr., sem fram fór um málið, hefði verið einhliða. Skildist mér helzt, að þjóðin hefði ekki fengið aðra fræðslu en þá, sem Morgunblaðið hefði látið í té. Mbl., sem gefið væri út af auðvaldinu í Rvík, hefði flutt einhliða prédikanir um afnám bannlaganna. Ég get verið hv. þm. sammála um það, að þjóðin hafi fengið heldur einhliða fræðslu um þetta mál, en upplýsingarnar og fræðslan hefir undanfarin ár aðallega verið frá templurum og bannmönnum. Það eru fá blöð, sem yfirleitt hafa skrifað mikið á móti banninu. Mbl. kann að hafa skrifað eitthvað á móti því rétt fyrir atkvgr., en Templar og Sókn o. fl. o. fl. templarablöð hafa í mörg ár hamast í þessu máli, og templarar hafa fengið styrk úr ríkissjóði og honum einkum verið varið til blaðastarfsemi og „agitationar“ fyrir banninu. Þjóðin hefir þar átt við að búa einhliða málflutning. Ég vissi til þess, að í mínu kjördæmi hreyfðu andbanningar ekki hönd eða fót fyrir atkvgr., en templarar héldu fundi í hverjum einasta hreppi og víðar til að „agitera“ fyrir banninu. Annars má á það benda, hver hin eiginlega reynsla er í þessum efnum. Það hafa fleiri þjóðir en við Íslendingar reynt bannið. Og allar hafa þær afnumið það aftur. Við urðum fyrstir allra þjóða til að setja á aðflutningsbann á áfengi og síðastir allra þjóða til að afnema það. En það er sýnilegt, að við erum neyddir til þess að afnema það eins og allar þær þjóðir, sem það hafa reynt. Hv. þm. sagði, að það væri skylda sín sem jafnaðarmanns að bægja þessum voða frá þjóðinni, einkum fátækari stéttunum. Þetta vil ég taka undir, að sé skylda okkar allra, ef það væri hægt. En hvernig ætlar hann að bæja „landanum“ frá þjóðinni? Með nýjum, þungum refsingum, væntanlega. Það er þrautaráðið, en það er eins og það dugi ekki neitt, því að fyrir hvern bruggara, sem tekinn er, kemur nýr í staðinn. Ég gat um það í upphafi minnar ræðu, að ég hefði haft ákveðnar skoðanir í þessu máli 1908, þegar atkvgr. fór fram. Og ég hefði að sjálfsögðu greitt atkv. með því, að bannl. kæmust á, hefði ég haft kosningarrétt. En það hefir því miður farið svo, að mér sýnist allar hrakspár andbanninga hafa rætzt, en engin af vonum bannmannanna. Reynslan sýnir ótvírætt, að það er ekki til neins að vera að halda í þessa tilraun, sem við Íslendingar gerðum 1908. Ég skal ekkert um það segja, hvernig farið hefði, hefðum við ekki verið neyddir til að veita Spánarundanþáguna. Má vera, að þá hefði skár farið. En þegar svo var komið, var þegar fyrirsjáanlegt, hvert stefndi. Mér virtist hv. 4. þm. Reykv. vilja afsaka suma bruggarana. Hann sagði, að þetta væri viðleitni bláfátækra barnamanna til þess að geta lifað. (SÁÓ: Er það ekki rétt?). Getur vel verið, en þá sú mannúð, sem löggjafarnir sýna þessum fátæku mönnum, sem kynnu að hafa leiðst út í þetta til þess að veita sér brauð! Það er stutt síðan það kom fyrir í þeim bæ, sem ég á nú að heita má orðið heima í, að teknir voru 11 bruggarar. Ég þekki suma þeirra, og allt eru þetta sárfátækir menn. Einn þeirra t. d. fékk fangelsisdóm og 1500 kr. sekt. Þetta er fullkomin eyðilegging á hans framtíð. Það er auðvitað ekkert við því að segja: Lögunum ber að fullnægja og refsingum samkv. þeim. Ég er ekkert undan þessu að kvarta, en það er einkennilegt að rifja þessi atvik o. fl. slík upp í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Reykv. var að minnast á, að bannl. ættu að vernda fátæku stéttirnar. Refsingarnar fyrir brot á áfengisl. hafa verið ákveðnar harðar, mér liggur við að segja villimannlega harðar. Við engu broti liggja nú þyngri refsingar, að manndrápi einu undanskildu. En refsingarnar voru settar svo að vilja bannmanna. Þeir trúðu því, að með

nægum refsingum væri hægt að reka þennan djöful, áfengið, úr landinu, alveg eins og þeir, sem forðum ofsóttu galdramennina og hugðust að uppræta galdurinn með brennum. Páll Stigsson vildi líka afnema lauslætið í landinu með Stóradómi, drekkingum og aftökum. Það er sami hugsunarhátturinn, sem gengur aftur hvað eftir annað í okkar sögu, og alltaf hefir farið á sömu leið. Eins og hæstv. forsrh. vék að, bera villimannlegar refsingar fyrir brot, sem þjóðin almennt viðurkennir ekki sem brot, aldrei góðan árangur. Þetta er e. t. v. ekki hvað sízt orsökin til þess, að nú er komið sem komið er, að ekki er annað eftir en afnema bannlögin. Ég get vel hugsað mér, að ef um mannlegar refsingar hefði verið að ræða, hefði mátt halda eitthvað lengur í bann. — Ég geri ráð fyrir því, að þeir hv. þm., sem ég einkum hefi beint máli mínu til, muni svara mér einhverju, en ég mun geyma að svara þeim aftur til 2. umr. Vil ég ekki verða til þess, að málþóf takist áður en málið kemst til n.

**Guðrún Lárusdóttir:** Þegar leitað var þjóðaratkvæða um afnám bannlaganna, var málið þannig lagt fyrir þjóðina, að mönnum gafst aðeins tækifæri til að segja annaðhvort já eða nei. Ég býst við, að margir hefðu óskað að geta gert nánari grein fyrir skoðun sinni á ýmsum hliðum málsins. Það er kunnugt, að mjög margir eru óánægðir með ástandið eins og það er nú, bruggið, lögbrotin og allt það fargan, sem af þeim leiðir. Margir eru óánægðir með hin ströngu refsiákvæði, sem valda því, að ýmsir kinoka sér við að vinna að því, að lögunum sé beitt, vegna þeirrar harðleikni, sem hinir brotlegu verða fyrir. Ég býst við, að ef mönnum hefði verið gefinn kostur á að segja meira en já og nei við atkvæðagreiðsluna, þá hefðu margir látið í ljós þá skoðun, að órétt væri að beita mjög ómannúðlegum refsingum. Og ég hygg, að allmargir, sem hlynntir eru þó bannhugmyndinni, fordæmi bannlögin m. a. vegna þessara hörðu refsiákvæða. Það vill oft verða svo, að griðarlega harðar refsingar hafi neikvæð áhrif. Heilbrigðar leiðbeiningar og réttlát umvöndun reynist oft sigursælli til þess að skýra hugmyndir manna um mismun góðs og ills og styrkja löngun manna til þess að breyta vel og skynsamlega. Þetta er nú almennt viðurkennt, og heilbrigt almenningsálit styðst fyrst og fremst við réttlætistilfinningu einstaklinganna. Hæstv. forsrh. vék að þessu áðan, og mynd sú, sem hann dró upp af ástandinu, var ekki fögur. Það er sjálfsagt að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru, því að jafnan er betra að vita rétt en hyggja rangt. En þó að hæstv. forsrh. vildi sanna, að bannlögin hefðu ekki orðið til neins góðs, sannaði það ekki, hvernig ástandið verður, þegar numin væru úr gildi þau slitur bannlaganna, sem enn eru eftir. Það er óreynt, hvort sú breyting verður til hins verra eða betra. Mér er það ljóst, að þessi lög eru borin fram í þeim tilgangi að bæta úr því ástandi, sem nú er, og er ekki nema gott um það að segja. Hann komst inn á það, að þegar gerðar væru of háar kröfur til óþroskaðrar þjóðar, þá hefði það illt eitt í för með sér, og hann nefndi í því sambandi hinn heiðna sið að bera út börn, sem eigi var úr lögum numinn þegar kristni var lögtekin í landinu. En sú saga ber vott um, að þeir, sem báru fram kristna trú á Alþingi, hafa þekkt og haft trú á hinum umskapandi mætti þessa nýja siðar og því lagt það á vald landsmanna sjálfra, hvort þeir vildu halda þessu hryllilega ákvæði um útburð barna. Þeir hafa gert það með það fyrir augum, að siðbótin yrði þess megnug að uppræta úr hugum manna réttmæti slíks verknaðar. Og sagan hefir sannað, að þeir fóru ekki villir vegar. Smám saman mildaðist hugsunarhátturinn og barnaútburður hvarf síðan úr löggjöfinni af sjálfu sér. Nú er svo komið fyrir löngu, að útburður barna er álitinn hryllilegur glæpur af öllum almenningi. Hér hefir því verið farin sú rétta leið til betrunar og fullkomnara uppeldis meðal þjóðarinnar. Saga bindindismálsins er nú orðin gömul hér á landi, talsvert eldri en goodtemplarareglan, þó að hún hafi markað dýpst spor á meðal þjóðarinnar og mestu komið til leiðar. Goodtemplararegian hafði andbyr í upphafi, en nú er svo komið, að allir hugsandi menn þjóðarinnar viðurkenna hennar þarflega starf, og hefir það verið viðurkennt af Alþingi með því að úthluta henni meiri og meiri styrk til bindindisstarfsemi í landinu. Hún hefir barizt fyrir heilbrigðis- og siðgæðismálum, og takmarkið mun hafa verið að útrýma öllu áfengi úr landinu, enda þótt sú krafa kæmi ekki fram í upphafi og ekki fyrr en á síðari árum. En þegar starfsemi reglunnar óx fiskur um hrygg, var eðlilegt, að þessi krafa væri borin fram, enda var hún studd af mörgum ötulum bindindismönnum; má þar t. d. nefna Guðm. Björnson landlækni, sem barðist ötullega fyrir því á Alþingi, að komið væri á vínbanni. Ég ætla ekki að fara að rekja sögu málsins, því að hún er öllum kunn. Það var eðlilegt, að þeir, sem fremstir stóðu í baráttunni gegn áfengisbölinu, vildu ganga sem lengst í þessu efni. Þeir höfðu manna bezt kynnt sér það böl, sem áfengið hafði leitt yfir þjóðina í heild og einstaklinga hennar. Það var því engin furða, þó að þeir vildu taka djúpt í árinni. Svo var bannið iögleitt, og ég held, að mér sé óhætt að segja, að allt hafi gengið sæmilega meðan bannið var meira en nafnið tómt. Þá heyrðist ekkert talað um brugg og smygl, sem síðan hefir dunið yfir þjóðina. Síðan fór sem fór, fyrir ástæður, sem margir þekkja, og loks kom að því, að þjóðin var látin kveða upp úr með það, hvort hún vildi afnema bannið eða ekki. En þá fór svo, að mikill hluti þjóðarinnar greiddi atkv. með lögunum og margir sátu hjá. Það virðist nú bera vott um litinn áhuga að sitja hjá og skipta sér ekkert af úrslitunum, en vera má, að ástæðan hafi verið sú, að bannlögin hafi orðið mörgum vonbrigði, sem þó voru hugmyndinni hlynntir, og er það sorglegur þáttur í sögu bindindismálsins, að svo skyldi takast til.

Hæstv. forsrh. minntist á skaðsemi tóbaksins. Ég vil taka undir það, því að ég álít, að hinir meinleysislegu vindlingar í silfuröskjunum séu oft upphaf að öðru verra. Það er vissulega rétt, að börn og ungar stúlkur, sem fara

að reykja, svipta sig miklu af því, sem þarf til uppbyggingar líkama og sálar, og að tóbakið hefir skaðleg áhrif á taugakerfið, heilann og hin fíngerðari líffæri. Það eru ekki nema fáir dagar síðan kona ein lét í ljós við mig undrun sína yfir því, að því skyldi aldrei hreyft á Alþ., hve tóbak væri skaðlegt og hve neyzla þess færi ískyggilega mikið í vöxt. En það er nú svo komið, að varla er hægt að fá sér kaffibolla á kaffihúsi fyrir reykjarsvælu unga fólksins, og ég álít, að þessar reykingar séu upphaf margra óheilla miklu meir en menn almennt gera sér grein fyrir.

Ég veit, að þetta frv. er borið fram til þess að ráða bót á því böli, sem stafar af bruggi og smygli, einkum brugginu, og ég mundi manna fyrst greiða atkv. með því, ef ég hefði trú á, að það kæmi að tilætluðu gagni og yrði til þess að útrýma brugginu og öllum þeim óheillum, sem því fylgja. En ég verð að segja, að ég er vonlaus um þetta, og það hefir ekki neitt komið fram hér, sem vakið hefir þá von hjá mér, að slíkt mætti verða. Ég sé ekki neina skynsamlega ástæðu til að ætla, að það geti komið í veg fyrir brugg, þó að inn sé flutt meira vín og sterkara en verið hefir. Eina leiðin væri víst sú, að selja vínið svo ódýrt, að bruggið stæðist ekki samkeppnina. En þá kemur til greina annað alvarlegt atriði, og það er aukinn drykkjuskapur í landinu. Það hefir verið játað, að allmikið væri um drykkjuskap á meðal þjóðarinnar, og má sízt á það bæta. Það er óþarfi að ræða hér um það böl, sem allajafna leiðir af áfengisnautninni, því að það er öllum kunnugt, að þar er um að ræða hina alvarlegustu hluti. Það hefir verið bent á, að það kæmi illa heim á þeim neyðartímum, sem nú standa yfir vegna atvinnuleysis og vandræða, að löggjöfin færi að rýmka um vinnautnarmöguleika manna í stað þess að takmarka þá. Það hefir réttilega verið bent á óheill þá, sem leitt hefir af innflutningi Spánarvinanna, hvernig þau hafi kennt unga fólkinu að drekka. Ég vissi um margar mæður, sem báru ugg í brjósti, þegar þessi sæti og girnilegi drykkur var leyfður til sölu, og það er ekkert leyndarmál, að þessi sakleysislegi drykkur hefir leitt bæði sonu og dætur margra hinna áhyggjufullu mæðra til áfengisnautnar. Það er talað um, að nú orðið sé varla hægt að halda dansskemmtun án þess vín sé haft um hönd, og það þykir ekki lengur tiltökumál, þó að ungar stúlkur flækist þar fullar innan um piltana meira og minna ölvaða. Reynslan er oftast sú, að þó að byrjað sé í smáum stíl, fer löngunin í nautnina vaxandi. Það ætlar sér enginn í byrjun að verða ofdrykkjumaður. En hvernig fer? Er það ekki lítla glasið með sæta vökvanum, sem oft og tíðum veldur því, að neytandi þess verður þræll þeirrar ástríðu, sem veldur svo ósegjanlegri óhamingju? Ég get því ekki með neinu móti greitt atkv. með neinni rýmkun á innflutningi og sölu áfengis. Hinsvegar mundi ég fúslega veita stuðning sérhverri viðleitni til að koma í veg fyrir bruggið í landinu, en ég hygg, að þetta frv. komi þar ekki að gagni eins og það er nú borið fram. Ég mun því a. m. k. ekki geta fylgt því óbreyttu.

Og þó að ég kunni að standa hér ein míns liðs, veit ég, að ég styðst við mikinn hluta minna kjósenda, sem líta eins á málið. Ég veit, að allir hv. þdm. eru mér sammála um, að þeirri reglu verður að fylgja, enda þótt menn geti greint á um leiðirnar, sem fara má.

Ég vona svo að lokum, að þessu máli verði tryggð þau úrslit, sem verða þjóð vorri til blessunar, en ekki bölvunar.

**Ingvar Pálmason** (óyfirl.): Ég býst við, að hv. 1. þm. Eyf. þurfi ekki að óttast málþóf af minni hendi, enda lagði hann áherzlu á, að ekki yrði beitt málþófi í þessu máli. Ég tók það strax fram í fyrri ræðu minni, að ég myndi ekki gera það, en hinsvegar tel ég þetta mál þannig vaxið, að sjálfsagt sé, að það verði vel rætt við 1. umr. og verði þá rætt í heild. Samkv. þingsköpum er gert ráð fyrir, að farið sé út í einstakar gr. frv. við 2. umr. málsins, og mun ég því ekki gera það að þessu sinni. Ég þarf ekki að vera langorður. Ég þarf aðeins að svara nokkrum atriðum í ræðu hæstv. dómsmrh. og ræðu hv. 1. þm. Eyf., og í mörgum tilfellum get ég svarað þeim báðum í einu. Báðir hafa viljað bera brigður á þau rök mín, að atkvgr. sú, sem þetta mál var byggt á, hafi verið þannig, bæði hvað undirbúning og framkvæmd snertir, að hún væri röng mynd af þjóðarviljanum í þessu efni. Ég skal taka það fram, að þar var sérstaklega eitt atriði, sem ég varð undrandi yfir, að þeir skyldu vefengja, og það var, að ég sagði, að kosningatíminn hefði ekki verið heppilegur. Báðir þessir hv. þm. hafa haldið því fram, annar hér á þingi a. m. k. og hinn utan þings, að þessi tími væri einhver sá óheppilegasti fyrir fundahöld í sveitum. Hvorugur þeirra reyndi að hnekkja þeim rökum, að samkv. skýrslu um atkvgr. hefir þessi meiri hl. í kosningunum verið um 30% af öllum kjósendum landsins. Ég verð því að telja það nægileg rök, sem ég hefi fært fyrir því, að þessi atkvgr. hafi farið þannig fram og verið þannig vaxin, að hún sé ekki nægileg afsökun til þess að réttlæta fylgi hv. þdm. við þetta frv. Hitt er annað mál, að þeir, sem áður voru ákveðnir í því, að þessa leið bæri að fara, þurfa ekki á atkvgr. þessari að halda sem afsökun. Þannig er um báða þessa hv. þm., hygg ég. Það breytir engu um það, sem ég hefi haldið fram, að ekki sé hægt að gera tilraun til þess að breyta skoðun manna í þessum efnum á þeim grundvelli, að þeim bæri að virða vilja þjóðarinnar.

Ég vil leyfa mér að draga þá fullyrðingu hæstv. dómsmrh. í efa, að meira sé drukkið hér á landi en í öðrum sambærilegum löndum, t. d. á Norðurlöndum. Ég hefi því miður ekki skýrslu um þetta hér við hendina, en hún er ábyggileg. Hún er frá 1930. Hún sýnir m. a., að þrátt fyrir það, þótt mikið hafi verið drukkið hér á landi, var þó minna drukkið hér heldur en annarsstaðar á Norðurlöndum. Þetta getur að vísu hafa breytzt síðan.

Það getur verið, eins og hæstv. dómsmrh. segir, að það þurfi að eiga sér stað undirbúningur, áður en slík löggjöf geti komið að fullum notum. Það átti sér stað undirbúningur,

áður en þessi löggjöf var sett. Annað mál er það, að bæði er það ógætni okkar Íslendinga, ekki sízt á löggjafarþingum, sem hefir gert það að verkum, að þessi löggjöf hefir frá byrjun verið með þeim annmörkum, að fyrirsjáanlegt var, að hún mundi ekki að öllu leyti geta fullnægt, og svo bætist það einnig við, að undanþága á Spánarvínum hefir komið til sögunnar. En þrátt fyrir allt þetta er það þó víst, að þau bannlagaslitur, sem gilda ennþá, hafa samt hamlað upp á móti ofdrykkjunni, því að allir vita, að það þarf miklu minna af þeim sterku drykkjum, sem útilokaðir hafa verið, til þess að áhrif komi í ljós. Í þessu liggur nytsemi þessa bannlagasliturs. Nokkuð getur og legið í því, hvað slík vín eru dýr. Því verður alls ekki með rökum mótmælt, að þrátt fyrir allt, er stuðningur í þessu bannslitri, sem er. Svo ég tali nú ekki um það, að svo lengi sem við höfum bann, þá er frekar von um, að hægt sé að styðja að hömlum á ofdrykkju en þegar við erum búnir að koma því fyrir kattarnef, þá verðum við að reisa á nýjum grunni.

Ég vil minna þá hv. þdm., sem eru á svipuðu reki og ég, á að gera samanburð á ástandinu hér í Rvík, sem nú hefir um 33 þús. íbúa, og árið 1890. Engum, sem vill segja satt og rétt frá, dettur í hug að mótmæla því, hvílíkur geysimunur er á ástandinu hvað áhrif áfengis snertir nú og þá. Ég kom fyrst til Rvíkur 1890 og var hér á lokadaginn. Ég vil taka það fram, að þetta er ekki sagt Rvík til lasts, en ég hefi aldrei augum litið meira fyllirí en þann dag. Hvernig ætli ástandið væri hér í Rvík í þessum efnum núna, ef áfengisnotkunin hefði aukizt í hlutfalli við mannfjöldann? Það væri ægilegt. Hvernig sem menn velta þessu fyrir sér, þá er áreiðanlega mikið gagn að þessu banni, þrátt fyrir alla galla.

Ég hygg, að sú verði raunin á úti um land, að ástandið breytist innan skamms til hins verra, þegar búið er að opna flóðgáttina og veita straumi hinna sterku drykkja inn í landið. Sumir segja, að menn geti aflað sér sterkra drykkja hvenær sem er. Ég hygg, að þetta sé fullmikið sagt. Ég álít að hér í Rvík sé það svo, að viss flokkur manna geti aflað sér sterkra drykkja. Ég ímynda mér, að ekki sé hægt að segja um verkamenn hér í Rvík, að þeir geti fengið sér áfengisflösku hvenær sem er. (**BSt**: Það er áreiðanlegt, að þeir geta hvenær sem er fengið sér landa). Mér þykir ótrúlegt, að þetta sé rétt. Ég skal ekki deila um það. En ég hefi aldrei um nokkurra ára skeið séð verkamann drukkinn hér á götum Rvíkur. (**BSt**: Ég sagði, að þeir mundu geta fengið sér áfengi, en ekki að þeir gerðu það).

Hæstv. dómsmrh. minntist á tóbaksnautnina í sambandi við þetta mál. Ég er honum fullkomlega sammála um það, að það sé heppilegt og nauðsynlegt, að stuðlað væri að útrýmingu tóbaksnautnarinnar. En ég er ekki sammála hæstv. ráðh. um það, að skaðsemi tóbaks sé sambærileg skaðsemi áfengis. Ég hefi sjálfur kynnzt áfenginu lítilsháttar, enda þótt ég hafi ekki notað það, en tóbakinu hefi ég aftur á móti kynnzt af eigin notkun. Ég tel tóbaksnautnina löst á hverjum þeim manni, sem tóbaks neytir. (**JAJ**: Löst? Nei, ekki löst!). Jú, löst. Að vísu kemur sá löstur aðallega fram á þeim, sem tóbakið notar. Það veikir hann smátt og smátt bæði andlega og líkamlega. Áhrifin ná ekki til konu og barna, nema að því leyti sem efnahagur allrar fjölskyldunnar skerðist við tóbaksnotkun heimilisföðursins.

Hvað áfenginu viðvíkur, hefir það ekki aðeins spillandi áhrif á andlegt og líkamlegt heilbrigði þeirra, sem þess neyta, heldur ná áhrifin einnig að mjög miklu leyti til allrar fjölskyldunnar, og jafnvel einnig út fyrir heimilin. Þess vegna er nauðsynlegt að setja einhverjar skorður við skaðsemi áfengis. En mér er ókunnugt um, að nokkur ákvæði séu til í löggjöf annara þjóða viðvíkjandi tóbaksnotkun. Þó að tóbakið sé óþarfavarningur, er það samt ósambærilegt við áfengið hvað skaðsemi áhrærir.

Ég mun nú ekki fjölyrða frekar um ræðu hæstv. forsrh. Mér skildist hann líta svo á, að nú væri eina ráðið í þessum efnum að efla bindindisstarfsemina í landinu og breyta hugsunarhætti landsmanna. Þá leið ætti að fara, taldi hæstv. ráðh. Hæstv. forsrh. er þessari leið víst nokkuð kunnur. Ég vil taka það fram, að það mun aldrei standa á mér, þegar um það er að ræða, að útrýma böli áfengisins. Ég hygg að hv. 1. þm. Eyf. hafi látið orð falla á sömu leið, að nú væri ekki um annað að ræða en að leggja allt kapp á að breyta hugsunarhætti fólksins og boða bindindi. Samt fannst mér vera hægt að grilla í það bak við orð hv. 1. þm. Eyf., að hann hefði ekki óbifanlega trú á þeirri bindindisstarfsemi, sem höfð hefir verið um hönd síðustu hálfa öld. (**BSt**: Alveg rétt). Hann lét það jafnvel í ljós, að þessi starfsemi ætti nokkurn þátt í því, að örlög bannlaganna urðu þau, sem raun ber vitni um. Ég skal ekki fara út í rökræður um það atriði. Þeir menn, sem halda því fram, að það beri að gera þjóðina bindindissama og eigi að breyta almenningsálitinu í þessum efnum, en segja svo í hinu orðinu, að góðtemplararreglan eigi ekki að gera það, þeir verða að benda á einhverja aðra leið og einhverja aðra starfsemi, sem á að taka við. Þrátt fyrir allt og allt er það templararreglan, sem hefir staðið af sér öll straumhvörfin. Önnur bindindisstarfsemi hefir liðið undir lok að meira eða minna leyti. Ég skal ekki bera á móti því, að reglan kunni að hafa starfað of slælega, en þeir, sem ekki bera traust til hennar þrátt fyrir þetta, eiga þá að benda á aðra leið, sem fær er um að taka það hlutverk að sér að leysa betur úr þessu vandamáli. Ég er sannfærður um það, að það heldur því enginn fram í fullri alvöru, að eigi beri að halda uppi og hlúa að bindindisstarfsemi í landinu. Það er óskandi, að öllum þeim, sem nú eru ákveðnir í að greiða atkv. með þessu frv., gefist kostur á að sýna, hversu mikil alvara liggur á bak við það hjá þeim að boða bindindi í landinu. Ef þeir sýna þennan áhuga sinn í verkinu, þá dregur það mikinn brodd úr þeim ásökunum, sem ég hefi beint að þeim.

Hv. 1. þm. Eyf. fór að tala um uppeldismál, og tók hann fram, eins og rétt er, að bann- og

bindindismál væru yfirleitt uppeldismál. Hann tók það fram, að tvær aðferðir væru notaðar í þessum efnum. Önnur væri frjáls aðferð, en hin hýðingar, eins og hann orðaði það. Hv. þm. virðist hafa haft eitthvert sérstakt uppeldi með höndum. (**BSt**: Kennari í 15 ár). Ég hefi ekki komizt svo langt ennþá, en samt hefi ég dálítið haft af uppeldismálum að segja. Það er mín reynsla, að báðar þessar aðferðir þurfi að viðhafa, ef uppeldið á að vera gott. Það þarf bæði að uppfræða og aga. Ég skal ekki um það dæma, hvernig reynsla hv. þm. hefir verið frá hans kennslustörfum, en ég geri ráð fyrir, að hún hafi verið eitthvað á þessa leið.

Hv. 1. þm. Eyf. virðist vera allsögufróður. Hann vitnaði í Pál Stígsson og Stóradóm. Stóradómi átti að beita á mig, ekki samt með því að drekkja mér, heldur með því að líkja mér við Pál Stígsson. Ég er nú ekki svo sögufróður, að ég vilji fara langt út í þetta mál. En ég vil samt taka það fram, að þegar Stóridómur var afnuminn, voru ekki neitt sérstaklega rýmkuð þau ákvæðin, sem þar voru bönnuð, heldur aðeins refsingarnar. Mig minnir, að svo hafi þetta verið, en ég vil samt biðja velvirðingar á því, að ég er ekki vel að mér í sagnfræði.

En hvernig er þetta í þessu frv.? Mér sýnist Stóridómur eiga að haldast þar. Ég get ekki séð, að neitt sé dregið úr honum. En þar er gefið tækifæri til þess að lenda undir Stóradóm. Þess vegna er þessi tilvitnun og samanburður hv. 1. þm. Eyf. ekki eins mikið vopn og hann ætlaðist til í upphafi. Ef það er rétt, að líkja megi bannlögunum við Stóradóm, þá á ekki að fara eins að og gert er í þessu frv., heldur á að draga úr refsingunum, ef þær eru of strangar, eins og forfeður vorir gerðu. (**BSt**: Bannmenn hafa nú helzt verið á því hingað til að draga úr refsingunum!). Það kemur þessu máli ekki svo mikið við. Ef við eigum að nota fordæmið í Stóradómi, þá eigum við einnig að draga sömu ályktanir. Ég hefi ekki komið inn á það, hvort draga beri úr refsiákvæðum þessa frv. eða ekki. En ef það hefir verið svo, að einn aðalgalli áfengislöggjafarinnar hafi verið sá, að refsiákvæðin hafa, eins og einhver nefndi það, verið ómannúðleg, þá eigum við líka að lækna á réttum stað. Það á að draga úr því, sem er skaðlegt. Hv. 1. þm. Eyf. drap á undirbúning fyrir atkvgr. Hann svaraði hv. 4. þm. Reykv., og ég geri ráð fyrir, að hann svari fyrir sig. En ég vil þó ekki ganga framhjá þeim orðum hv. 1. þm. Eyf., að fræðsla sú, sem þjóðin hefði fengið í sambandi við undirbúning atkvgr. bannlaganna, hefði verið mjög einhliða og eingöngu frá templurum. Eitt af því, sem ég tel, að mætti ámæla templurum fyrir, er það, að þeir höfðu allt of lítinn undirbúning undir þessa atkvgr. Eins og Sókn bar með sér, voru skiptar skoðanir um það innan reglunnar, hvort hún ætti að skipta sér nokkuð af málinu. Niðurstaðan varð sú, að ákveðið var, að reglan skipti sér ekkert af þessu máli, nema að því leyti, sem hún gaf út blað sitt, sem sent var til kaupendanna, sem eru, eftir því sem ég bezt man, ekki nema á annað þúsund á öllu landinu. Í því blaði var haldið fram þeim sömu vörnum eins og gert hefir verið alla tíð, og ekkert meira. Þá má vera, að einstakir templarar hafi haldið fundi. En á þá fundi komu andstæðingarnir yfirleitt ekki. Það er þeirra sök. Ég get ekki séð, að þetta hafi verið neitt einhliða, þar sem andstæðingarnir gáfust óbeinlínis upp. Aftur á móti er mér kunnugt um það, að hér í Rvík var gefið út andbanningablaðið „Andbanningur". Það kom að vísu ekki nema eitt tölublað af þessu blaði. Í því var ávarp frá fjölda manna í Rvík til landsmanna. Í því ávarpi er minnzt á það, hversu nauðsynlegt það sé fyrir þjóðina að losna við bannlögin. Þetta blað var sent inn á hvert heimili í mínu kjördæmi. Það var sent trúnaðarmönnum félagsins í Rvík, sem voru dreifðir út um alla hreppa í landinu. Þeir útbýttu því svo. Það mátti kalla einhliða „agitation". Þúsundir manna geta vitnað, að rétt er frá sagt.

Bæði hæstv. forsrh. og 1. þm. Eyf. vitnuðu í reynslu annara þjóða. Við Íslendingar höfum orðið fyrstir til þess að setja bannlög og síðastir til þess að afnema þau. Það er gleðilegt fyrir Íslendinga. En hver er sú reynsla? Víða er hún svo stutt, að ekkert verður af henni ráðið. En alstaðar annarsstaðar er hún sú, að drykkjuskapur hafi aukizt stórkostlega við afnám bannlaganna. Sú reynsla er ekki til fyrirmyndar. Og ég er þess fullviss, að ef við hefðum reynt að þreifa fyrir okkur um bættar áfengisvarnir í gildandi lögum, hefðum við staðið stórum betur að vígi í því að verjast áfengisflóðinu, vegna þess hve landið er afskekkt og umflotið sæ, heldur en hin löndin, sem áföst eru meginlandinu. En í stað þess að taka þetta ráð, á nú að fara að bæta(!) áfengislöggjöfina með því að veita sterkum drykkjum inn í landið í viðbót við þá, sem fyrir eru! Hinsvegar á að láta refsiákvæði laganna og allt það, sem andbanningar hafa talið mest spillandi í lögunum, haldast alveg eins og áður.

Ég geri nú ráð fyrir, að örlög þessa máls séu ráðin hér í hv. deild. En ég vil þá vænta þess, að þeir, sem vilja fara þessa leið í áfengismálunum, geri um leið einhverjar ráðstafanir gegn drykkjuskaparbölinu, því að ég veit, að þeir trúa því ekki sjálfir, að þessi breyting út af fyrir sig bæti ástandið frá því, sem það er nú. Þótt mér sé ljóst, hver ógæfa leiðir af samþykkt þessa frv., er mér hitt ljóst líka, að mikið mætti draga úr þeirri ógæfu með því að lögbjóða t. d. fræðslu um skaðsemi áfengis í öllum skólum og tryggja það, að ekki væru aðrir kennarar en þeir, sem vildu og gætu veitt slíka fræðslu og gengið sjálfir á undan með góðu eftirdæmi, og taka hart á embættismönnum, sem vín hafa um hönd o. s. frv. En ef fylgismenn þessa frv. vilja ekkert gera annað en bæta við hinum sterku drykkjum, þá er þeim líka bezt að hætta þeim fullyrðingum sínum, að þeim sé annt um að efla bindindi meðal þjóðarinnar.

**Sigurjón Á. Ólafsson**: Ég lofaði því í fyrri ræðu minni, að ég skyldi ekki halda hér uppi neinu málþófi. En hér er svo stórt og mikilsvert mál á ferðinni, að ég tel ekki rétt að láta

ræðu hæstv. forsrh. ósvarað, því að mér kom afstaða hans mjög kynlega fyrir sjónir.

Hæstv. forsrh. talaði að vísu rólega um málið, eins og vera ber, en komst ekki inn að kjarna þess. Hann leit næstum eingöngu á eina hlið málsins, refsilöggjöfina. Inn á þá hlið málsins hefi ég ekki farið, en má vera, að ég geri það við 2. umr. Hann kvaðst beita sér fyrir flutningi þessa máls af tveim ástæðum. Önnur ástæðan væri þjóðaratkvgr., sem fram hefði farið um áfengislögin, en hin sú, að hann tryði því, að ástandið myndi fara batnandi við þá breytingu, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Þessi síðari ástæða kemur nokkuð merkilega fyrir sjónir hjá manni, sem sjálfur hefir verið lögreglustjóri árum saman og séð, hvílíkur meginþorri afbrota og glæpa stafar af áfengisnautn. Það virðist ákaflega ólíklegt, að brotunum fækki við það, að sterkari vínandi en áður verði leyfður í landinu. Og þessi trú hans er því svo mikil, að hann segist mundu hafa verið með afnámi núgildandi áfengislaga, þótt engin þjóðaratkvgr. hefði farið fram.

Ég er að vísu ekki kunnugur dómarastörfum, en ég hefi þó lesið sænska bók um þetta efni, áfengi og afbrot, eftir sænskan dómara, og ég held, að hann sé ekki á því máli, að meiri notkun víns myndi leiða til minni afbrota. Hæstv. ráðh. sagði ennfremur, að erfitt væri að halda uppi áfengislögum þar, sem veik vín eru leyfð. Ég skal fúslega játa, að það er auðvitað miklu erfiðara heldur en ef engin vín væru leyfð í landinu, en það sannar þó a. m. k. það, að ekki verði auðveldara að halda uppi reglu, ef sterk vín verða leyfð líka, og minni skammtur og ódýrari af víni en áður veldur meiri ölvun.

Hæstv. ráðh. sagði, að meira væri drukkið hér á landi en í nágrannalöndunum. Ég hefi að vísu ekki gögn í höndum til að afsanna þetta, en eins og hv. 2. þm. S.-M. hefir bent á, sýna síðustu skýrslur um þetta efni, frá 1930, aðra niðurstöðu.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að önnur lönd hefðu afnumið bannið hjá sér. Hér heldur hæstv. ráðh. uppi svörum háborgaralegrar auðvaldsstefnu. Á bak við afnám bannlaganna erlendis stendur sterkasta auðvald heimsins, áfengisauðvaldið. Enginn sannur umbótamaður getur því fagnað þeirri stefnu eða tekið sér hana til fyrirmyndar. Og ég vil benda á aðra mótsögn hjá hæstv. ráðh. Hann er íþróttamaður hinn mesti og íþróttavinur og trúir því, að íþróttavinir geti spornað á móti áfengisbölinu. En reynslan hefir sýnt, að íþróttamenn falla fyrir víninu eins og aðrir. Og því er það mótsögn hjá leiðandi manni hinnar ungu kynslóðar, eins og hæstv. ráðh. mun vilja láta telja sig, að vilja stuðla að því með afstöðu sinni til þessa máls, að gera hinni uppvaxandi kynslóð greiðari aðgang að heilsuspillandi og mannskemmandi eitri heldur en nú er.

Mér er sagt, að jafnvel í Bandaríkjunum sé nú vöknuð sterk hreyfing í þá átt, að banna aftur sölu vínanda, sem fyrir stuttu var lögleyfð, og hvert ríkið á fætur öðru ætli sér nú að fara þá leið aftur að banna sölu og innflutning alls vínanda. Og þetta er mjög eðlilegt. Þar í landi er nú hafin sterk hreyfing í þá átt að bæta hag hinna vinnandi stétta. En þetta er alveg í mótsögn við það, sem hér er að gerast, þar sem formaður „stjórnar hinna vinnandi stétta“, sem kölluð hefir verið, berst fyrir því að veita víninu inn í landið og rífa þannig niður það, sem hann er að hjálpa til að byggja upp.

Nei, við skulum ekki vera að vitna í bráðabirgðasigra áfengisauðvaldsins, heldur sjá, hverju fram vindur. Og hvernig gengur svo með áfengislöggæzluna í þeim löndum, þar sem bannlögin hafa verið afnumin? Þar eru vopnaðar snekkjur fram með öllum ströndum, vegna þess, að freistingin til að smygla er jafn mikil eftir sem áður.

Hvað refsiákvæði laganna snertir, þá skal ég játa það, að ég er yfirleitt ekki trúaður á, að strangar refsingar bæti menn. En einkennileg er sú þjóð, sem vill draga úr borgaralegu velsæmi með löggjöf sinni og otar því að einstaklingnum, sem honum er refsað fyrir á eftir. Þetta er að auka tilefni refsingaðna. Þá talaði hann um, að almenningsálitið tæki ekki hart á bruggi og smygli, og þeir menn, sem gerðu sig seka um líkt, bæru höfuðið jafnhátt á eftir. Þetta má vel vera, en er ekki svo um fleiri afbrotamenn? Hefir hæstv. ráðh. t. d. ekki virzt, að margir sem sekir hafa orðið um fjárdrátt, og þá einkum þeir, sem standa í efri tröppum þjóðfélagsins, gætu borið höfuðið nógu hátt á eftir? Það má vel vera, að þjóðfélagið sé ekki nægilega sterkt siðferðislega, enda vafasamt, hve heppilegt eða rétt það er, að almenningsálitið troði þá menn undir fótum, sem brotlegir hafa gerzt, eftir að þeir hafa tekið út refsingu sína. Með löggjöf eins og þessari er mjög hætt við, að refsilöggjöfin þurfi endurskoðunar með, því þessi löggjöf skapar nóg brot.

Hæstv. ráðh. var að bera saman skaðsemi víns og tóbaks og taldi lítinn mun þar á. Ég ætla ekki að fara deila við hann um slíka fjarstæðu, til þess er þessi staðhæfing of fráleit.

Þá vék hæstv. ráðh. að grundvellinum undir þessu frv., þjóðaratkvæðagreiðslunni í fyrra. Allir vita, að þessi atkvgr. fór fram á hinum óhentugasta tíma, svo að kvenþjóðin, sem yfirleitt er þroskaðri í bindindismálum en karlmennirnir, átti erfitt með kjörsókn, sérstaklega í sveitunum, og sótti því mjög illa. Aðeins 30% af kjósendum hafa æskt breytinga á núgildandi löggjöf, og í slíku stórmáli sem þessu væri fjarstæða að taka tillit til slíkrar atkvgr. Þjóðaratkvæðagreiðslan er engin röksemd í þessu máli.

Hæstv. ráðh. er einn af fulltrúum hinna dreifðu byggða og ætti því að taka tillit til vilja þeirra í þessu máli. Og atkvgr. í fyrra sýndi það ljóslega, eins og reyndar var áður vitað, að í sveitunum er meiri andúð gegn víninu en í kaupstöðunum. Það er gleðilegur vottur um það, að sterk og heilbrigð sveitamenning sé enn við lýði. Sum héruð landsins, t. d. Vestfirðir, tjáðu sig með yfirgnæfandi meiri hl. andvíg afnámi bannsins. Þetta stafar af því, að leiðandi menn í þessum héruðum hafa fram til þessa barizt gegn vínnautn um langt skeið. Embættismanna-

og yfirstéttavaldið hefir ekki náð slíkum tökum þar sem víða annarsstaðar. Hæstv. ráðh. segir, að eftir 1927 hafi bruggun og smyglun aukizt. Þetta er mjög eðlilegt. Þegar kreppan eykst, og fræðsla um bruggun er látin riflega í té í mörgum sjálfstæðisflokksblöðum landsins, þá er ekki furða, þótt einhverjir verði til þess að reyna að afla sér fljótfengins gróða með misjöfnum meðulum. Jafnvel merkir menn og lærðir hafa orðið til þess að útbreiða fræðsluna um bruggið og þannig gengið erinda erlendra víngróðafélaga, til að koma bannlögunum á kné. Annars liggja auðvitað engar skýrslur fyrir um brugg í landinu, og ekki smygl heldur. En þó ætla ég, að talsvert meiri hemill hafi verið hafður á smygli eftir 1930 en fyrir þann tíma. Og ég vil í þessu sambandi nota tækifærið til að þakka hæstv. fyrrv. dómsmrh. fyrir það, hve rösklega hann gekk fram í því í sinni stjórnartíð að uppræta bruggið.

Ég skal svo láta úttalað við hæstv. forsrh., af því að mér skildist, að hann mundi ekki taka til máls aftur.

Þá kem ég að þeim höfuðberserk, sem Bakkus konungur hefir fengið í lið með sér í þessari hv. d., hv. 1. þm. Eyf. Hv. þm. vildi gera mikið úr því sérstaka fyrirbrigði, að hér skyldu fara fram miklar umr. um málið við 1. umr. þess hér í hv. d., þar sem það hefði verið afgr. frá hv. Nd. Ég vil benda hv. þm. á, að annað eins hefir nú skeð í öðrum málum og í öðru lagi að hv. þm. Nd. tala fyrir sig og þm. Ed. fyrir sig.

Hv. þm. sagði, að við bannmenn töluðum eins og steypa ætti einhverju nýju áfengisflóði yfir landið. Það er rétt; ég sé ekki annað en nýtt áfengisflóð eigi að koma yfir þetta land. Ég hefi þegar bent á, hvað það er þýðingarmikið fyrir okkur að draga enga dul á það, að hér er verið að steypa nýju áfengisflóði yfir landið. Ég er ekki að tala um bann eða ekki bann, heldur hvort á að bæta við lögleyfðum sterkum vínum, og það er búið að færa rök að því, að þau munu auka drykkjufýsnina og áfengisnautnina, og þess vegna köllum við þetta áfengisflóð. Jafnvel þótt Alþingi tækist að hafa einhver takmörk á því, hvernig þessu sterka áfengi verði úthlutað, þá býst ég við, að a. m. k. til að byrja með verði eftirsóknin það mikil eftir þessum víntegundum, að það verði sannkallað flóð.

Hv. þm. upplýsti fyrir nokkru, að þegar hann var barn, hefði hann verið með banni á víni. (**BSt**: Ég var ekki barn 1908, heldur fullorðinn maður). Hv. þm. virðist hafa gengið frá sinni barnæsku, því að þá var hann á réttri braut, og hefur því tapað hinu bezta úr barnseðlinu, því þá fór hann eftir áliti sér vitrari og reyndari manna. Þá valdi hann hið betra hlutskipti, en nú lokar hann augunum fyrir því, sem er að gerast, og nú ætti hann að fara að ráði sér vitrari manna eins og hann gerði fyrr. Gamall málsháttur hljóðar svo: Blindur er hver í sjálfs sín sök.

Hv. þm. vildi leggja mikla áherzlu á, að þetta væri svo mikið fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð. Ég minnist þess, að hæstv. fjmrh. komst að þeirri niðurstöðu um daginn, og fær hann orð fyrir að vera heldur glöggur á tölur, að ríkissjóður mundi ekki græða svo mikið á þessu þegar allt kæmi til alls. M. ö. o., að neyzla léttu vínanna mundi minnka og neyzla sterkra vína aukast, en af þeim þarf minna að drekka til þess að verða jafnglaður, eins og hv. þm. mundi vilja kalla það.

Ég býst við, að hann hafi haft nokkuð rétt fyrir sér, að tekjurnar muni ekki aukast, en bölið af áfengisnautninni aukast þeim mun meir.

Þá vildi hv. þm. færa þau rök fyrir sínu máli, að miklu af vínum væri smyglað inn í landið, sem ríkissjóður fengi engan toll af. Það er rétt, að ríkissjóður græðir ekkert á smygluðum vínum. En hv. þm. gerði mikið úr því, hvað miklu væri smyglað inn í landið af sterkum vínum. Ég get upplýst hv. þm. um það, að meðal almennra verkamanna er yfirleitt ekki smyglað vín á borðum. Þau munu aðallega vera á borðum þeirra, sem meira hafa úr að spila, og eftir því, sem ég hefi komizt næst, þá er það mjög takmarkað, sem þeim tekst að hafa á borðum sínum af þessum margumtöluðu smygluðu vínum, þó að það mætti vera minna en er. Hins vegar er það ein af aðferðum andbanninga að ýkja smyglunina sem mest, til þess að gera það bann, sem nú er, tortryggilegt.

Þá minntist hv. þm. á refsiákvæði frv. Hann sagði, að við bannmenn vildum innleiða hýðingar. Ég verð að segja það, að fyrst verið er að setja lög, sem þjóðfélagið vill að sé hlýtt, þá verður að setja einhver viðurlög, sem tryggja það að þau séu ekki brotin, en hvað þau eiga að vera ströng, verður ávallt álitamál. Sumir vilja ströng refsiákvæði og aðrir væg. Um þetta atriði út af fyrir sig má lengi deila, og sérfræðingar á þessu sviði eru heldur ekki á eitt sáttir. En ég skal taka það fram, að eins og frv. var úr garði gert þegar það var lagt fram í Nd., þá voru þar refsiákvæði, sem vörðuðu atvinnusviptingu næstum æfilangt, fyrir það eitt að brjóta viss ákvæði laganna, en það er sú þyngsta refsing, sem hægt er að leggja á nokkurn mann. Það er sama og taka brauðið frá honum og skylduliði hans. En sem betur fer var þetta fellt úr frv. í hv. Nd. En við, sem erum á þeirri skoðun, að það sé rangt að bjóða mönnum upp á þessa óhollu drykki, viljum ekki láta löggjöfina gera leik að því að hvetja menn til lögbrota. En það gerir löggjöf sem þessi, því miður. Þá vildi hv. þm. snúa út úr mínum orðum, þegar ég var að tala um hinn einhliða áróður, sem hafinn var við atkvgr. síðast. Ég leyfi mér að segja, að því miður voru bannmenn ekki svo vel á verði sem vera þurfti, því að áróðurinn var að miklum mun sterkari af hálfu andbanninga, eins og vitanlegt var, þar sem þeir höfðu nóg fjármagn efnamannanna í þessum bæ á bak við, til þess að kosta þennan áróður. En ég vil þó undanskilja þá góðu menn innan efnastéttar bæjarins, sem ekki eru á þeirri skoðun, að ganga eigi þessa braut, en þeir eru í stórum minni hluta. Kosningahitinn var svo mikill hér í bænum eins og við grimmustu bæjarstjórnarkosningar eða alþingiskosningar. Andbanningar höfðu fjölda bifreiða í þjónustu sinni, til þess að smala fólkinu á kjörstaðinn. (**BSt**:

Hvað höfðu bannmenn margar bifreiðar?). Þeir höfðu örfáar í samanburði við andstæðingana. Sami ákafinn og hér í bæ hafði verið hjá andbanningum víðsvegar úti um land. En fyrir hvað voru þessir menn að vinna? Fyrst og fremst voru þessir menn að vinna fyrir sínar eigin nautnir, og ef til vill hafa einhverjir staðið í sambandi við erlendar áfengisverksmiðjur, í von um hagnað, ef markaður ykist hér á landi.

En það er komið sem komið er í þessum efnum. Atkvæðagreiðslan er látin gilda, svo ófullkomin sem hún er, og afleiðingunum verðum við að taka. En ekki kæmi mér á óvart, þó að þessi herforingi Bakkusar konungs hér í hv. d. sæi eftir því síðar, og máske fyrr en hann grunar, hve mikið kapp hann hefir lagt á þetta mál á því herrans ári 1934, því að ekki ætla ég að væna hann um, að hann vilji ekki þjóð sinni vel í hverju máli, er hann fjallar um, en mönnum getur missýnzt í þessu sem öðru, og í þessu tilfelli hefir hent hann skynvilla.

Þá var hv. þm. að tala um, hvernig við ættum að draga úr „landa"flóðinu. Ég drap lauslega á það áðan, að „landinn" er að mínu viti orðinn til sem hver önnur verzlunarvara, vara, sem menn hafa lært að framleiða og hafa hagnað af að selja, vitanlega á ólöglegan hátt. Og hver er munurinn á því, að menn drekki innlenda framleiðsluvöru eða þá, sem flutt er til landsins? Verða menn ekki jafnglaðir á mælikvarða hv. þm., hvors drykksins sem neytt er? Nú er þessum vesalings mönnum bannað að brugga, sem er sjálfsagt og rétt, en jafnframt er erlendum bruggunarverksmiðjum leyft að flytja vín til landsins. Mér finnst ekkert samræmi í þessu hjá þeim mönnum, sem berjast fyrir innlendri framleiðslu. Það, sem gera þarf, er að banna bruggun, banna innflutning sterkra vína, og næsta stigið er að gera landræk hin léttari vín, sem við höfum búið við undanfarin ár okkur til skaða og skammar. Þetta er takmarkið, sem verður að vinna að, en ekki það, sem hér er farið fram á, að uppræta bruggunina eina, en leyfa svo innflutning erlendra vína. Þetta er sá meginstefnumunur, sem er á milli okkar, sem hér höfum talað.

Svo sagði hv. þm., að allar hrakspár andbanninga hefðu rætzt í þessu máli. Það er rétt að ég minnist þess, að Hannes Hafstein sá ef til vill lengra en margur annar, þegar var verið að innleiða bannið. Hann þekkti embættismannastétt landsins og vissi, hvað hún var þung í skauti gegn öllum umbótum. Hann þekkti einnig löghlýðni hennar og nautnasýki. En það var rétt stefna þrátt fyrir allt, sem tekin var 1908, og þeirri stefnu var hægt að halda uppi, ef þjóðin hefði verið á verði og ekki hefðu komið fram svo margir Júdasar sem raun varð á, því að það var júdasarstefnan, sem fyrst reyndi að veikja bannið og síðan að afnema það með öllu. Nú kveður við siguróp hjá andbanningum, því að Alþingi er þann veg skipað nú, að það getur látið kenningar þeirra rætast, að hér sé ekki hægt að halda uppi þessum bannlagaslitrum, sem eftir eru. En þeir hinir sömu menn eiga kannske eftir að sjá, hve mikla giftu afnám bannsins muni leiða yfir þjóðina. Fyrst svona er komið, sem raun er á orðin, þá er það mín einasta von, að erlendar þjóðir ryðji okkur braut í þessum efnum. Að nýir erlendir straumar skelli á okkur eins og bylgja úthafsins upp á ströndina og kenni okkur að reka þennan ófögnuð úr landi aftur. En slík bylgja er nú risin upp vestur í Bandaríkjum, og ef til vill á hún eftir að fara sigurför um heiminn, og þá mun hún brotna við Íslandsstrendur, eins og öldur Atlantshafsins berast oss að hendi, og færa yfir okkur nýtt líf, nýjan yl, nýtt þjóðlíf.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.]: Ég ætlaði ekki að taka til máls aftur, en vegna þess að komið hafa fram nokkur ummæli, sem mér finnst vert að taka til athugunar, þá hefir það nú orðið úr.

Það er þá fyrst og fremst staðhæfing beggja þeirra hv. þm., sem hafa talað á móti þessu frv., að sterku vínin væru útilokuð með þeim bannlagaslitrum, sem við hefðum nú. Þetta er hinn mesti misskilningur. Sterku vínin eru flutt inn í landið alveg eins þrátt fyrir bannið, sérstaklega á hafnir utan Reykjavíkur, en svo eru þau flutt hingað á bifreiðum. Þessu hefir ekki verið reynt að mótmæla með neinum rökum.

Það hefir verið minnzt á, að ástandið sé ólíkt nú eða var, áður en bannlögin voru sett, og að öðruvísi líti út hér í Reykjavík nú. Í þessu sambandi vil ég benda á, að 1908 höfðum við engar bifreiðar, og það er staðreynd, að sá drykkjuskapur, sem nú á sér stað í Reykjavík, fer að mestu leyti fram í bifreiðum, og er þess vegna ekki sjáanlegur nema að litlu leyti þeim vegfarendum, sem um götur bæjarins fara. Þetta stafar af því, að talsvert strangt eftirlit er haft með því, að ölvaðir menn sjáist ekki á götum úti.

Ég skal ekki minnast mikið á tóbak, en benda vil ég á, að þeim rökum hefir ekki verið hnekkt, að ef við ætlum að ganga sérstaklega inn á þá leið að hafa bannlög gegn öllum þeim nautnum, sem skaðlegar eru heilsu manna, þá mætti eins taka tóbakið með. Og það er viðurkennt af báðum hv. andmælendum þessa frv. hér í d., að tóbak sé skaðlegt. Það er ekki stefnumunur í þessu tilfelli, sem skiptir máli, heldur að hvorttveggja gerir skaða, enda hefir það verið rætt af mörgum, einkum fyrir 10 til 20 árum.

Viðvíkjandi refsingunum vil ég taka það fram, að ég álít, að réttmætt sé að halda þeim að nokkru leyti, þó að bannið verði afnumið, og kannske fremur fyrir það. Í þessu sambandi vil ég benda á, að það er allra manna álit, að það brot sé refsivert, og að dómi almenningsálitsins sviverðilegt, að svíkjast undan tolli. Tollsvik eru miklu meira fordæmd af almenningsálitinu heldur en innflutningur á áfengi, þó að benda megi á, að með því að flytja inn áfengi sé verið að svíkjast undan tolli. En það er eins og almenningsálitið hafi skapað sér um það einhverja þá skoðun, sem gerir það að verkum, að innflutningur áfengis er ekki talinn nærri því eins sviverðilegt brot og að svíkjast undan tolli. Menn taka miklu meira eftir því, að sagt er frá tollsvikum, heldur en þótt talað sé um innflutning áfengis, og fordæma það miklu harðara. Þess

vegna er réttmætt að halda við refsiákvæðum, en þau verður að miða við almenningsálitið í landinu. Refsing er ekki annað en það, að maður hefir brotið á móti almenningsálitinu. Það er í raun og veru sá eini mælikvarði á refsingar, og þess vegna hefir víða verið tekinn upp sá siður, að dómar eru dæmdir af almennum borgurum (kviðdómar), til þess að dæmt sé í sem beztu samræmi við almenningsálitið.

Það hefir verið á það minnzt, að við, sem viljum afnema bannið, trúum því, að ástandið muni batna við það. Ég vil ekki láta þessu ómótmælt. Ég trúi því alls ekki, að afnám bannsins verði allra meina bót. Ég álít, að fyrsta og annað árið muni engu síður verða erfitt heldur en áður en bannið var afnumið. En síðan hefi ég þá trú, að ef vel er unnið, þá muni ástandið batna frá því, sem nú er.

Jafnframt hefir verið á það minnzt af hv. 2. þm. S.-M., að hann hefði getað fylgt þessari löggjöf, ef ströng ákvæði væru um, að embættismenn mættu ekki neyta áfengis við embættisstörf. Hann lét þá skoðun í ljós, að hann teldi, að þetta væri ljóður á frv., og ennfremur að ekki væri lögboðin fræðsla í skólum landsins um skaðsemi áfengisnautnar. Ég vil nú benda á, að í 19. gr. frv. er það sérstaklega tekið fram, að það er refsiverður verknaður af hálfu embættismanns og varðar frávikningu, ef hann er ölvaður við embættisstörf. Skal ég lesa þessa gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar frávikningu úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sé um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir læknisleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis."

Það er síður en svo, að ekki sé tekið strangt á þessu. Jafnframt er í 23. gr. ákveðið, að sett skuli reglugerð um fræðslu á skaðsemi áfengisnautnar í öllum skólum, er opinbers styrks njóta. Og í 24. gr. er ákveðið, að skipuð sé sérstök nefnd, áfengisvarnarnefnd, í hverjum bæ og hreppi á landinu. Ég hefi þá trú, að þessi starfsemi geti með tíð og tíma, ef vel tekst, unnið á móti áfengisbölinu meira en sú áfengislöggjöf, sem við nú höfum, sem hefir reynzt eins og staðreyndirnar sýna. Þær staðreyndir eru svo augljósar og á þann veg, að ég skil ekki í þeim mönnum, sem einhverja reynslu hafa af framkvæmd áfengislaganna, að þeir geti verið með þeim lengur. Þetta er reynsla mín.

Það hefir ennfremur verið tekið fram af hv. 4. þm. Reykv. — og lagði hann sérstaka áherzlu á það —, að ég hefði brugðizt honum mjög í þessu máli, því að með þessu virðist ég vera að þjóna yfirstéttinni, því að yfirstéttin vildi leyfa áfengisnautn, m. ö. o. afnema bannið. Mér er ekki umhugað að mótmæla þessu að öðru leyti en því, að ég vil láta koma fram það, sem rétt er í þessu máli, og benda hv. þm. á, að t. d. í Svíþjóð er ekkert bann, en þar eru samt jafnaðarmenn við stjórn. Og í Danmörku er ekkert bann; þó er jafnaðarmannastjórn þar. Þessar þjóðir hafa sjálfsagt þá trú, að betra sé með öðrum hætti að vinna gegn áfengisbölinu en að hafa bann.

Svo vil ég sérstaklega benda á eitt land, sem ætti að vera talandi tákn þess, að þar hefði yfirstéttin ekki ráðið um afnám bannlaganna, og það er Rússland. Þar voru bannlögin afnumin fyrir löngu síðan, og Rússar hafa tekið upp þá aðferð, að vinna sérstaklega kröftuglega móti áfengisnautninni, eins og ég er að benda á, að við eigum að gera í þessu máli og taka upp í staðinn fyrir þau bannlagaslitur, sem við nú höfum. Með þessu þykist ég nægilega hafa bent á, að það, hve skoðanir manna eru skiptar í þessum málum, fer ekki eftir því, hvaða stefnu í þjóðmálum þeir eru taldir þjóna.

Þá minntist hv. 4. þm. Reykv. á, að hann væri ekki fylgjandi því, að lagðar væru á þyngri refsingar en er. Í þessu sambandi vil ég benda á, að það er ekki hægt að neita því, að einmitt þeir, sem hafa verið fylgjandi bannlögunum, hafa einnig verið því fylgjandi, að refsingar væru þyngdar. Og sem sönnun þess má benda á, að nær allar endurbætur á áfengislöggjöfinni á síðustu árum hafa gengið í þá átt að þyngja refsingarnar. Í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Reykv. minntist á, að þeir mundu vera fleiri, sem bæru höfuðið hátt þrátt fyrir refsingu fyrir ýmsar yfirsjónir, en þeir, sem brjóta áfengislögin, vil ég staðhæfa það sem mína reynslu í þessum efnum, að það er ómögulegt að neita því, að flest brot önnur en áfengislagabrot eru meira og minna fordæmd af fólkinu. Fjöldi manna hefir brotið áfengislögin án þess að almenningsálitið virðist hafa fordæmt það. Þetta er ekki annað en það, að fólkið er ekki orðið nægilega þroskað í þessu til þess að hægt sé að taka upp löggjöf í þessu efni, því að það er ómögulegt að taka upp í löggjöf refsingar fyrir verknað, sem ekki er fordæmdur af almenningsálitinu, vegna þess, að refsingin er fyrst og fremst almenningsálitið. Manni, sem er sauðaþjófur, er ekki refsað með að vera lokaður inni í nokkra mánuði, heldur með því að vera dæmdur sannur að sök, sem fordæmt er af almenningsálitinu.

Það hefir verið talað um, að það, hvernig farið hefði, sannaði ekki um, að ekki hefði verið tekin upp rétt stefna viðvíkjandi áfengislöggjöfinni þegar bannið var sett, því að hvernig komið er, væri að kenna embættismönnum og ýmsum öðrum, sem stóðu að því leynt og ljóst að vinna á móti áfengislöggjöfinni. Þessi röksemdafærsla er ekki rétt, vegna þess, að alla löggjöf, hvort sem það er áfengislöggjöf eða önnur löggjöf, verður að miða við það ástand, sem er í þjóðfélaginu yfirleitt, bæði hjá embættismönnum og öðrum.

Þeir, sem fyrir sig hafa vilja til þess að fylgja þeim reglum, sem bannlögin settu í upphafi, hafa áfram rétt til þess að fylgja þeirri stefnu. Sá réttur verður ekki tekinn frá þeim með

neinum l. En það skiptir ekki mestu máli í þessu sambandi, hverjum er um að kenna, að bannlögin hafa verið brotin, því að eins og ég hefi tekið fram, verður að miða löggjöfina við allt ástandið, sem í þjóðfélaginu er.

Það er mín trú, að ef við afnemum þá áfengislöggjöf, sem nú er eftir að nafni til, þá munum við ekki geta bætt ástandið í þessum málum hjá okkur á fyrsta eða öðru ári. En ef vel er unnið, þá á ástandið að fara batnandi eftir það og verða með tímanum betra en það er nú. Þetta hefir a. m. k. verið gangur málsins meðal annara þjóða, sem farið hafa inn á þessa braut, m. a. hjá þeirri þjóð, sem unnið hefir af mestum dugnaði á móti áfengisbölinu, Rússum. Þeir hafa afnumið áfengisbann hjá sér, en í þess stað tekið upp kröftuga baráttu á móti ofnautn áfengis, og eru þeir að mörgu leyti til fyrirmyndar í því efni.

Af því að ég hefi þá trú, að með þessu móti geti ástandið í þessum efnum hér hjá okkur farið batnandi undir þeim áfengisl., sem hér liggur fyrir frv. um, þá mun ég greiða atkv. með því að afnema það, sem eftir er af bannlögunum.

**Páll Hermannsson:** Mér finnst ekki laust við að hv. ræðumenn hafi teygt nokkuð lopann um þetta mál. Ég undrast það ekki, þótt hér hafi farið fram um málið nokkrar umr. og vil ég ekki beinlínis bregða hv. þdm. um málþóf í þessu máli ennþá. En langar þykir mér ræður manna gerast.

Í þessari hv. d. var á aukaþinginu síðast borið fram frv., sem gekk í sömu átt og þetta, sem hér liggur nú fyrir. Ég var með í að hjálpa því til 2. umr. Lengra ætla ég, að það hafi ekki komizt. Menn voru þá í nokkrum vafa um það, hvaða afstöðu ég mundi hafa til frv. En af því að það komst ekki nema til 2. umr., þurfti ég ekki frekar en aðrir að sýna lit í því máli, þannig að ég þyrfti að gera grein fyrir, hvernig ég hygðist að snúast við málinu.

Mér hefir skilizt, að ástandið í þessum málum undanfarið hafi verið þetta í aðalatriðum: Árið 1908 fór fram atkvgr. meðal þjóðarinnar um það, hvort banna skyldi innflutning á vínum hingað til landsins, og féll sú atkvgr. þannig, að þetta skyldi gert. Í samræmi við þá atkvgr. voru svo sett bannlög árið 1909. Ég lít svo á, að setning bannlaganna hafi í byrjun slegið töluvert niður drykkjuskap hér á landi. En nokkru eftir 1920, mig minnir árið 1923, var Spánarundanþágan veitt, og þegar búið var að veita hana, þá ætla ég, að vonlaust hefi verið orðið, eða a. m. k. vonlítið um árangur af bannl. hér á landi. Hvernig þessi Spánarundanþága verkar, geta menn fengið töluverða hugmynd um af því, að í síðasta landsreikningi, sem hér liggur fyrir, frá árinu 1933, eru tekjurnar af víninu fjórði hæsti tekjuliður ríkissjóðs og sem gefur 1¼ millj. kr. í ríkissjóð á ári. Þessar tekjur eru vitanlega aðeins af leyfilega innfluttum vínum. Ef maður auk þessa athugar það, að eftir kunnugra manna sögn er hér í Reykjavík hægt að fá öll vín, sem menn girnast, þá er það líka vitanlegt, að öll vín, sem hægt er að fá hér á landi, eru óleyfileg, nema Spánarvín. Þegar því er svo bætt við, að víða á landinu eru brugguð vín, meira og minna óholl og háskaleg, ekki aðeins til neyzlu fyrir bruggarana og nágranna þeirra, heldur einnig til þess að flytja þau hingað til Reykjavíkur og í aðra kaupstaði í stórum stíl, eins og kunnugt er, þá verð ég að líta svo á, að þeirri blessun, sem ætla mátti í byrjun, að kynni að stafa af bannl., sé nú algerlega varpað fyrir borð. Svo endar þetta þannig, að á síðasta ári fór fram, að tilhlutun Alþ., atkvgr. hjá þjóðinni um það, hvort halda skyldi í þessar áfengisbannsleifar eða ekki, og atkvgr. féll þannig, að meiri hl. greiddra atkv. var með því að afnema bannlagaslitrin, sem enn eru til. Ég játa það, að e. t. v. er ekki að öllu leyti rétt að taka mikið mark á þessari atkvgr. Ekki nema röskur helmingur atkvæðisbærra manna í landinu greiddi atkv. um málið og ekki nema 30% atkvæðisbærra manna í landinu greiddu atkv. með afnámi bannlaganna. Mér skilst þó, að þá ályktun megi af þessu draga, að þar sem meiri hl. þeirra, sem atkv. greiddu, vildi afnema bannið, þá sé þar með fallin síðasta stoðin undan því, að bannlögunum verði haldið uppi, og þar sem þetta er orðið viðurkennt, að meiri hl. þeirra, sem greiddu atkv. um þau, vildi afnema þau, þá ættu þeir, sem vildu bera bannl. uppi, að gefast upp — **(IngP:** Það er misskilningur.) af því að þeir eru sigraðir. Það er ekki hægt að halda uppi l. eins og bannl., þegar hægt er að vitna í það, að þjóðin við atkvgr. hefir dæmt þau til dauða. Að þessu leyti læt ég þessa atkvgr. mér að kenningu verða. Ég álít, að hún sýni, að bannl. verður ekki haldið uppi lengur í landinu. Ég álít, að með þessari atkvgr. hafi fallið síðasta stoðin undan því, a. m. k. í bili, að mögulegt sé að halda uppi bannl. hér á landi, og virðist mér þetta eðlilegur gangur málsins. Það hefir smátt og smátt verið reynt að búa bannl. þannig úr garði, að lið yrði að þeim. En það hefir ekki lánazt.

Ég ætla, að templarar hafi verið kvaddir til ráða, þegar áfengisl. voru sett árið 1930, og að það hafi þá verið tekið inn í löggjöfina, sem þeir ætluðust til að í slíkri löggjöf stæði. Þó hefir ástandið alltaf versnað. Mun ég því greiða atkv. með frv. Vera má, að einhverjar breyt. þurfi að gera á því. Ég hygg einnig, að erfitt verði að setja áfengisl. þannig, að ekki þurfi, og það kannske fljótt, að breyta þeim.

Vil ég benda á það — sem þýðir nú kannske ekkert að benda á —, að það verður sjálfsagt erfitt að halda í heiðri því ákvæði frv., að ekki megi selja vín yngra fólki en 21 árs. Ég geri ráð fyrir, að betra sé, að eitthvert slíkt ákvæði standi í l. En þessu ákvæði verður samt ekki hægt að halda uppi bókstaflega.

Ég vil einnig benda á, að í 27. gr. frv. eru fyrirmæli, sem ég hygg, að ekki eigi fullkomlega við þá gr. l., sem í frvgr. getur, 6. gr. Geri ég ráð fyrir, að n. sú, sem fær þetta mál til meðferðar, vilji íhuga þetta.

Skal ég svo að lokum benda á, að af þeim, sem hér hafa haldið uppi einna harðvítugustum vörnum fyrir bannl., eru tveir í n. þeirri, sem ætla má jafnvel, að fengi þetta mál til meðferðar,

samskonar n. og hafði málið til meðferðar í Nd. Ég tel alveg víst, að menn úr þeirri n., sem málið fær til meðferðar, telji sér leyfilegt að tala fyrir sinni skoðun á hvaða stigi málsins sem er. Fremur virðist mér það óviðkunnanlegt, að þeim, sem í byrjun meðferðar málsins hér í hv. þd. hafa sýnt svona harðsnúna og einhliða andstöðu gagnvart frv., verði falið að vinna að því í n. Ef fram kæmi till. um að vísa þessu máli til annarskonar n. en þeirrar, sem málið hafði til meðferðar í Nd., þá væri athugandi, hvort það væri ekki rétt. Ég álít, að þetta atriði geti heyrt undir þau ákvæði þingskapa, sem tiltaka, að að jafnaði skuli málum vísað til samskonar n. í báðum þd., en gera þó ráð fyrir því, að út af því megi breyta, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

**Forseti (EÁrna):** Þar sem ég hefi ætlað mér að reyna að ljúka þessari umr. í dag og þar sem klukkan er nú orðin rúmlega 7, vildi ég spyrja hv. þdm., hvort þeir geti ekki fallizt á, að þessari umr. verði lokið nú þegar, því að ef hv. þdm. geta ekki fallizt á það, þá mun ég fresta fundi þangað til seinna í kvöld.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti! Ég gat þess í ræðu minni í dag, að ég mundi ekki svara miklu meiru, þótt einhverju yrði beint til mín við þessa umr. Auk þess álít ég þetta kerlingaröldur þeirra hv. 2. þm. S.-M. og hv. 4. þm. Reykv. ekki svara vert. Ég fell því frá orðinu. En ég hefi ekki tekið eftir því, að stungið hafi verið upp á, að málinu yrði vísað til n. Vil ég skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki sé rétt að vísa málinu í nefnd.

**Forseti (EÁrna):** Um leið og hv. 1. þm. Eyf. byrjaði ræðu sína, kvaddi hv. 2. þm. S.-M. sér hljóðs. En mér skildist, að hv. 1. þm. Eyf. vildi falla frá orðinu með því skilyrði, að allir aðrir hv. þdm. væru ásáttir um að slíta umr. um málið nú þegar. Vil ég því spyrja hv. 2. þm. S.-M. hvort hann fallist ekki einnig á að falla frá orðinu, ef aðrir hv. þdm. vilja nú hætta umr.

**Ingvar Pálmason:** Ég get fallizt á að geyma til 2. umr. það, sem ég á enn ósagt um þetta mál, með því skilyrði, að umr. haldi ekki áfram nú.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég sting upp á því, að þessu máli verði vísað til fjhn., af því að ég tel þetta mál vera ekki lítið fjárhagsmál, enda þótt það væri í allshn. í Nd. Ég get ekki séð, að slíkt brjóti neitt á móti þingsköpum, þó að þar sé talað um, að að jafnaði skuli vísa málum til samskonar n. í báðum þd.

**Forseti (EÁrna):** Mér skilst, að hv. þdm. séu ásáttir um, að þessari umr. sé nú lokið, og vil ég því lýsa því yfir, að 1. umr. um þetta mál er lokið.

Í þingsköpum er það tekið fram, að vísa skuli sama máli að jafnaði til samskonar n. í báðum þd. Nú skilst mér það þó ekki á móti þingsköpum að vísa máli þessu til annarskonar n. en þeirrar, sem hafði málið til meðferðar í Nd., sem var allshn. Ber ég því fyrst upp til atkv. þá till., sem fyrr kom fram, um að vísa málinu til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:2 atkv. og til fjhn. með 7:4 atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 581, n. 714, 718).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 718. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég lít svo á, að aðalatriði þeirrar löggjafar, sem hér um ræðir, nefnilega afnám núverandi banns, sé útrætt mál. Ég lít svo á, að þjóðaratkvæðið í fyrrahaust hafi skorið úr þessu til fulls. Það var Alþ. sjálft, sem vísaði þessu máli til þjóðarinnar, og þjóðin svaraði því þannig, að mjög mikill meiri hluti þeirra, sem greiddu atkv., óskuðu eftir því, að áfengisbanninu yrði af létt. Það voru nálægt 16 þús. kjósendur, sem greiddu þannig atkv., en ekki nema 11624, sem sögðu nei. Og auk þess hefir nú þegar sú atkvgr. farið fram á Alþ., að það er sýnilegt, að Alþ. ætlar sér að verða við þessari kröfu þjóðarinnar. Frv. það til áfengislaga, sem hér liggur fyrir, var samþ. í Nd. með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. Við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d. urðu nokkrar deilur um þetta aðalatriði þess, og má á því nokkuð marka vilja hv. d. á því, sem fram kom, þegar málinu var vísað til 2. umr., þar sem mótatkvæði komu þar fram, en eins og menn muna, þá var það mikill meiri hl. d., sem samþ. að málið gengi áfram. Ég álít því, að það sé tímatöf ein að ræða þetta grundvallaratriði, og mun því sleppa öllum umr. um það, enda heyra slíkar umr. frekar til 1. eða 3. umr. heldur en 2. umr. Þá mun ég einnig láta það niður falla, sem ég hafði þó að nokkru leyti ráðgert, að svara þeim tveimur hv. þm., sem beindu til mín orðum sérstaklega við 1. umr. málsins. Ef nauðsyn ber til, mun ég frekar taka upp umr. við þá um málið á þeim grundvelli við 3. umr.

En þó að svo megi líta á, eins og ég sagði áðan, að það sé útrætt mál, að afnema beri bannið, þá er hitt annað mál, að það þarf vitanlega að gera áfengislögin svo vel úr garði sem kostur er á. Og þá er í því efni einkum tvenns að gæta, að því er mér finnst og sjálfsagt mörgum fleirum. Í fyrsta lagi þarf að taka upp í löggjöfina allar þær varnir gegn misnotkun áfengis, sem skynsamlegar geta talizt og framkvæmanlegar, og í öðru lagi að varast þó að fara út í öfgar í því efni með því að setja t. d. ákvæði í l., sem ekki er hægt að framfylgja, eða sem koma algerlega í bága við réttarmeðvitund þjóðarinnar.

Það má segja, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé mjög vel undirbúið, eftir því sem vant er að vera um þau frv., sem lögð eru fyrir hið háa Alþ. Mér er fullkunnugt um það, og það er sjálfsagt kunnugt öllum hv. þm., að það var vandað vel til samningar frv., áður en það var lagt fyrir þingið, og auk þess hefir það fengið mjög rækilega athugun í Nd. Þær breyt., sem

gerðar hafa verið á frv. í Nd., hafa flestar miðað að því að skerpa þau ákvæði, sem eiga að koma í veg fyrir misnotkun áfengis, og verður að telja það til bóta, en það mun þó í flestum efnum vera svo rækilega gert, að lítið verði nú um bætt eftir að Nd. hefir gengið frá málinu, ef grundvellinum er á annað borð haldið, sem sé þeim, að afnema bannið.

Fjhn., sem hefir haft þetta mál til meðferðar, hefir því ekki séð ástæðu til þess að bera fram margar brtt. við þetta frv. Brtt. hennar eru aðeins 5 að tölu og eru að finna í nál. hennar á þskj. 700.

Fyrsta brtt. n. er við 2. mgr. 9. gr. frv., og er um það, að fyrir orðin „hreppi þeim eða kaupstað" komi: „því sýslu- eða bæjarfélagi". Þetta er um atkvgr. þá, sem fram á að fara meðal kjósenda, áður en áfengisútsala er sett á stofn á nýjum stað. Eins og frá frv. er gengið nú, gæti farið svo, að jafnvel fámennt kauptún, sem væri sérstakur hreppur, gæti sett á stofn áfengisútsölu hjá sér, þó að nærliggjandi sveitir væru því algerlega mótfallnar að hafa áfengisútsölu, og þó að þessar sveitir sæktu verzlun í kauptúnið. Þetta verður n. að telja ósanngjarnt, því að ef á annað borð er höfð atkvgr. um þetta atriði, hvort eigi að setja áfengisútsölur á stofn eða ekki, þá sýnist eðlilegt, að allir þeir kjósendur, sem málið varðar, fái að greiða atkv. um það. En það er ekki hægt að neita því, að nærliggjandi sveitir og íbúa þeirra, sem sækja verzlun í kauptúnið, varðar það alveg eins miklu og þá, sem í kauptúninu búa, hvort þar er áfengisútsala eða ekki. Þess vegna er það till. n. í þessu efni, að atkvgr. þurfi að fara fram í allri hlutaðeigandi sýslu, þegar svo stendur á, að um það er að ræða að setja á stofn áfengisútsölu í kauptúni.

Þá vill n. fella úr 1. málsgr. 13. gr. orðin „eða aðra óleyfilega meðferð áfengis", og er önnur brtt. n. um það. Eins og menn vita, er í 3. gr. frv. tiltekið, hvaða mönnum eigi að banna að selja áfengi. Hún bannar t. d. að selja ölvuðum mönnum áfengi, þeim, sem eru yngri en 21 árs, og ennfremur þeim, sem gerzt hafa sekir um ólöglega sölu áfengis og önnur stærri brot á áfengislöggjöfinni. N. telur, að öll þessi ákvæði séu rétt, en svo bætir greinin við þessum orðum, sem ég nefndi áðan, að n. vill fella niður. Eftir frv. og þessari fyrirhuguðu áfengislöggjöf verður það nú æðimargt, sem talið er með ólöglegri meðferð áfengis. Það er t. d. ólögleg meðferð áfengis að neyta þess í veitingastofum, sem ekki hafa vínveitingaleyfi, og margt fleira, sem almenningur telur nú ekki stórsaknæmt, er ólögleg meðferð áfengis eftir frv. Og við sumu af þessu liggur aðeins 25 kr. sekt. N. sýnist nú engin meining í því, ef banna á að selja öllum þeim mönnum áfengi, sem kynnu að hafa að einhverju leyti, ef til vill fyrir gáleysi, verið sektaðir fyrir slíka smávægilega yfirsjón, og hún telur líka, að þetta ákvæði frv. sé alveg óframkvæmanlegt. Það verður ekkert nema pappírsgagn, þó að slíkt væri haft í l., því að vitanlega væri ekki nema tilviljun ein, að áfengisverzlun væri það kunnugt, þegar maður kæmi í búð til þess að kaupa sér flösku, hvort hann hefði einhverntíma verið sektaður fyrir einhverja slíka smáyfirsjón. Hvað ætli menn vissu það t. d. á Akureyri, ef þangað kæmi maður úr Reykjavík og keypti þar flösku í áfengisverzluninni, þó að hann hefði verið sektaður um 25 krónur fyrir að súpa á flösku annarsstaðar en leyfilegt var? N. telur skaðlegt, að slík ákvæði séu í l., sem bæði koma í bága við réttarmeðvitund almennings og auk þess eru með öllu óframkvæmanleg. Undir þetta heyrir ennfremur það, ef menn hafa flutt inn áfengi til eigin nota, t. d. keypt sér flösku í skipi, til þess að drekka hana sjálfir, ellegar þá bruggað handa sjálfum sér. N. sér ekki betur en að það ákvæði að banna algerlega að selja þessum mönnum áfengi, geti leitt til þess að hvetja og espa þá til áframhaldandi brota. Ef þeir eru útilokaðir frá því að geta eignazt áfengi á löglegan hátt, þá er vitanlega þeirra freisting miklu meiri til þess að halda áfram að eignast það á ólöglegan hátt. Aftur á móti, þegar menn hafa gerzt sekir um að brugga áfengi, eða smygla því inn í gróðaskyni, til þess að selja öðrum, þá er þar vitanlega um miklu alvarlegri brot að ræða og þeir menn færri, sem svo stendur á um, og þess vegna eðlilegt, að bannað sé að selja þeim áfengi í áfengisverzlunum ríkisins. Þeir væru þá vísir til þess að kaupa þar áfengi til þess að selja öðrum á ólöglegan hátt. Með þessu vill n. því gera skýran greinarmun á þeim, sem að einhverju leyti hafa orðið brotlegir fyrir að fara ólöglega með áfengi bara sjálfs sín vegna, og hinum, sem eru að meðhöndla áfengi í þeim tilgangi að koma því í aðra og hafa sjálfir af því gróða.

3. brtt. n. er aðeins leiðrétting, sem ekki þarf skýringar við. N. þykja nokkuð óljós ákvæði 2. málsgr. 21. gr. frv., sérstaklega með hliðsjón af orðalagi fyrri málsgr. þessarar greinar. Eftir síðari málsgr. er ekki beinlínis hægt að sjá, að vélstjórar eigi að sæta refsingu, þó að nokkuð mikil slys hafi hlotizt af því að þeir hafi verið ölvaðir, og aðrir menn, ef til vill fákunnandi, orðið af þeim sökum að gegna starfi vélstjóranna, því að í þessari málsgr. er aðeins talað um þá, sem hafa stjórn farartækjanna á hendi. En það er ekki beinlínis hægt að segja, að vélstjórar á skipum hafi stjórn skipanna á hendi, en vitanlega getur þó verulegt slys hlotizt af ölvun vélstjóranna, og ef til vill ekkert síður en af ölvun skipstjóranna. Þess vegna er rétt að taka það skýrt fram, að refsingin gildi um alla þá, sem fyrri mgr. gr. talar um. Þessi brtt. n. mun reyndar vera leiðrétting, því að meining frv. mun vera sú sama og n. vill vera láta, og þess vegna er 4. brtt. n. aðeins um það, að orða þetta skýrara, svo að öll tvímæli séu tekin af í þessu efni.

5. brtt. n. er aðeins leiðrétting á frv., sem ekki þarf skýringar við, og get ég því látið úttalað um álit n. í þessu máli.

Ég sé, að það hafa komið fram nokkrar brtt. frá öðrum hv. þdm. við þetta frv., bæði á þskj. 714, frá hv. 2. þm. S.-M. og hv. 4. þm. Reykv., og eins á þskj. 718, frá hv. 4. landsk. Ég mun ekki ræða þessar till. að sinni a. m. k., en skal þó geta þess, að n. hefir átt nokkurt tal um þær

og hefir tekið ákvörðun um afstöðu sína til sumra þeirra, en aftur um aðrar þeirra hafa einstakir nm. óbundnar hendur.

**Ingvar Pálmason** [óyfirl.]: Það virðist vera eins og hv. þdm. séu ekki eins ákafir eftir því að hlusta á umr. um þetta mál eins og fylgi þeirra er tryggt, eftir því sem hv. frsm. lýsti. Hann lýsti því yfir, að það væri tryggt, að málið gengi fram hér í d. En ef marka mætti fylgi við frv. eftir tölu þeirra hv. þdm., sem nú eru viðstaddir, þá hygg ég nú, að það sé heldur dauft hér í d. Það er kunnugt, að af þeim fáu hræðum, sem hér eru nú í d., þá hefir meira en helmingurinn lýst því yfir, að hann væri andvígur frv. En þrátt fyrir það, þó að hv. þdm. óski ekki eftir að ræða frv., vildi ég samt sem áður, eins og þingsköp heimila, fara nokkrum orðum um það nú við 2. umr.

Ég átti ýmsu ósvarað við 1. umr., sem fram kom eftir að ég talaði; ég féll þá frá orðinu vegna þess, að mér skildist á hv. þdm. að þeir óska, að málið fengi að ganga undir atkv. án frekari umr., og þó ekki sízt vegna þess, að mér virtist afarmikill uggur í sumum um það, að við hv. 4. þm. Reykv. hefðum í hyggju að beita hér málþófi og hindra þannig framgang þessa máls. Við gáfum þó enga ástæðu til, að slíkt væri álitið, en að nokkur uggur var í hv. dm., má m. a. ráða af því, að d. brá út af þeirri föstu þingvenju að vísa málum til sömu n. í báðum d. Var auðheyrt á sumum hv. dm., að þetta var af ótta við það, að við hv. 4. þm. Reykv., sem báðir eigum sæti í þeirri n., sem málið að réttu lagi heyrði undir, mundum gera því einhvern ógreiða. Þetta ber vott um, að hv. þm. finnst, að þeir séu með þetta „þjóðþrifamál" í svo brothættu keri, að þeir eru hræddir um, að jafnvel ekki meiri garpar heldur en við hv. 4. þm. Reykv. erum e. t. v. brjótum það. Ég vildi náttúrlega gjarnan vera svo mikill garpur, en ef fylgi hv. d. við þetta þarfa frv. er svo öruggt, að því sé fyrirfram tryggður framgangur, eins og haldið er fram, þá er gefin sök, að það þarf meira en meðalmann til þess að draga það úr höndum hennar. Og ég skal bæta því við, hv. dm. til hughreystingar, að ég mun láta niður falla frekari umr. um málið almennt, þó þarflegt hefði að vísu verið, ekki vegna hv. þm., sem vilja ekki einu sinni hlusta á umr. um málið, heldur vegna þeirra, sem kynnu að líta einhverntíma í Alþt., að færa fram ennþá ýtarlegri rök heldur en gert var við 1. umr. gegn þessu frv., sem undir öllum kringumstæðum verður að teljast allt annað en þjóðnytjamál.

Ég get þó ekki látið hjá líða, þar sem tilefni gafst til þess við þessa umr., að fara örfáum orðum um undirbúning þessa máls. Hv. frsm. sagði, að frv. væri vel og rækilega undirbúið. Það má vel vera, að mikill viðbúnaður hafi verið hafður og mikil vinna lögð í verkið, en árangurinn er sáralítill. Því ekki einu sinni þeim ákvæðum gildandi áfengislaga, sem mest hneyksluðu hv. frsm. við 1. umr., hefir verið breytt. Ég man ekki betur en hv. frsm. likti refsiákvæðum áfengislaganna við Stóradóm, en þó er varla hægt að segja, að í þeim sé haggað nokkrum staf með þessu frv. Hvað mikla elju, sem andbanningar hafa lagt fram, og hvað mikla peninga sem hinn mikli undirbúningur hefir kostað, þá hefir hann ekki borið annan árangur en þann, að koma inn sterku drykkjunum. Og það voru hv. þm. búnir að bera fram till. um á undanfarandi þingum undirbúningslaust.

Nei, ég get ekki annað séð en undirbúningur þessa máls sé að öllu leyti mjög lélegur, sérstaklega vegna þess, að í frv. vantar algerlega ákvæði um það, sem hv. andbanningar þó viðurkenna að nú eigi fyrst og fremst að vinna að, en það er að fyrirbyggja misnotkun áfengis og efla sem mest bindindisfræðslu í landinu. Þetta er það, sem vantar í undirbúning málsins; það hefir alltaf vantað og vantar ennþá. Andbanningar lofa öllu góðu í þessu efni, en það vill minna verða um efndirnar. Þeir segja, að það sé ekki til neins að beita hörðu og hræða fólkið með hörðum refsingum, það eigi að efla frjálsa bindindisstarfsemi og leggja áherzlu á bindindisfræðslu. En hvað margir af þessum mönnum ganga í bindindisfélög? Og hvað gera þeir til þess að efla bindindisfræðslu? Ekkert.

Ég skal svo ekki þreyta hv. d. með meiri umr. um málið almennt, en vil víkja nokkrum orðum að brtt. okkar hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 714.

1. brtt. er við 3. gr. og er þess efnis, að niður falli niðurlagsorð 2. málsgr. Við gerum nefnilega ráð fyrir, að það sé algerlega óþarft að ætla skipum, sem fara hér með ströndum landsins, að hafa skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum. Mig furðar á því, ef þeir þjóðhollu menn, sem eru að berjast fyrir því, að föðurlandið fái sem mestar tekjur af brennivíninu, sjá ekki, að það er eðlilegast, að ef skipverjar á skipum hér við land vilja fá áfengi, þá kaupi þeir það af áfengisverzlun ríkisins. Það er þeim frjálst. Úr því ekki má hafa um hönd annað áfengi innan íslenzkrar landhelgi heldur en það, sem áfengisverzlun ríkisins selur, þá virðist rétt, að þetta undanþáguákvæði falli einnig niður. Þar af leiðir b-lið brtt., þar sem við leggjum til, að 4. málsgr. sömu gr. falli niður, því ef ekki er leyfilegt að hafa óinnsiglað vín um borð í skipum, sem hafast við hér við land, þá þarf dómsmrh. vitanlega ekki að setja reglur um meðferð þess.

Þá kemur 2. brtt., við 9. gr. Það vill svo vel til, að meginhluti hennar fellur saman við brtt. n. Þó eru í brtt. okkar nokkuð viðtækari ákvæði. N. virðist okkur sammála um það, að ákvörðunarrétturinn um útsölu vína eigi ekki einungis að miðast við íbúa þeirra kauptúna, sem vínin yrðu seld í, heldur eigi hann einnig að ná til umhverfis þeirra. En við viljum ennfremur láta þennan ákvörðunarrétt að því er sterku vínin snertir ná til þeirra staða, þar sem nú eru útsölur léttra vína. Það virðist mjög ósanngjarnt, þar sem útsölur Spánarvínanna voru á mörgum stöðum settar upp þvert á móti vilja íbúanna, ef þar á ofan á að taka af þeim réttinn, sem öðrum borgurum landsins er veittur, til þess að ákveða, hvort útsala sterku vinanna skuli leyfð. (**JAJ**: Hvað segja Spánarsamningarnir?). Það er nú búið að hampa þeirri

grýlu svo mikið, að menn fara varla að óttast hana úr þessu. Hér er aðeins að ræða um, hvort bæta á útsölu sterku vínanna við, og Spánverjum er sjálfsagt engin þægð í því, þó farið sé að selja danskt kornbrennivín við hliðina á þeirra vínum. (JAJ: Ætli þeir vilji ekki gjarnan selja hér koníak og líkör líka?). Hv. þm. veit vel, að það er aðallega brennivín, sem inn verður flutt, og það er barnaskapur að álíta, að það verði Spánverjum til nokkurra hagsbóta, þó leyfðar verði útsölur sterkra vína.

Í síðari málsgr. 2. brtt. förum við fram á, að í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir, að þar, sem fellt hefir verið með atkvgr. að setja á stofn útsölu, megi ekki fara fram atkvgr. aftur fyrr en eftir tvö ár, þá skuli ekki endurtaka slíka atkvgr. fyrr en eftir fjögur ár.

Þá er brtt. okkar við 11. gr. Get ég hugsað mér, að ýmsum þyki þar nokkuð langt gengið, en þessi ákvæði hafa þann kost, að það eru engin vandkvæði á að framfylgja þeim. Það er enginn vafi á því, að ef einhver vilji er á því, þá er hægt að setja þau skilyrði fyrir vínveitingaleyfi, sem brtt. tiltekur, og sjá um, að þau séu uppfyllt. Að veitingar fari aðeins fram í veitingasölum og aðeins í sambandi við máltíðir, að veitingar fari aldrei fram eftir kl. 9 að kvöldi, og að veitingar fari aldrei fram í sambandi við dansskemmtanir. Ekkert af þessu er eins erfitt að framkvæma eins og ýmislegt, sem er fyrir í frv. og fylgismenn þess hafa ekki mikið við að athuga. En þetta er einmitt það, sem máli skiptir, sem tekur á kýlunum og reynir á heilindi þeirra manna, sem prédika allar mögulegar varnir gegn „misnotkun áfengis“. Menn eiga aðeins að nota þennan heilnæma drykk til þess að hressa sig og auka matarlystina, segja þeir; það á svo sem ekki að vera að fara á fyllirí. Þeir, sem greiða atkv. á móti þessum ákvæðum, sýna það, að þeim er engin alvara, þegar þeir eru að tala um, að þeir vilji draga úr áfengisbölinu.

Þá er brtt. við 12. gr. Hún er í tveimur stafl., og fer sá fyrri fram á, að ákveðið sé í l. hámark útsölulauna á útsölustöðum. Er það gert með það fyrir augum að minnka hvötina til þess að ota víni að fólkinu. Því minni sem hagsmunavon útsölumannsins er, því minna gerir hann til þess að koma vínunum út. Ég fyrir mitt leyti ætlast til, að þetta ákvæði geri það að verkum, að alls ekki verði samið um prósentur, heldur verði útsölumönnum greidd viss upphæð fyrir útsölustarfið. Það er vitanlegt hvað brugg og smyglun snertir, að hagsmunavonin hefir verið sterkasta hvötin. Það má segja Íslendingum til hróss, að það er ekki ílöngunin í áfengi, sem þar hefir verið mest að verki, heldur fjáröflunarhvötin. Og í samræmi við það viljum við takmarka útsölulaunin við 10%.

Þá er b-liðurinn, sem fer fram á, að ákveðið sé hámark þess áfengismagns, sem útsölur mega láta af hendi í einu. Því hefir verið haldið fram, ekki síður af stuðningsmönnum þessa frv. en andstæðingum þess, að geysimikið væri um brugg og smyglun úti um land. Skal ég ekki draga fjöður yfir, að töluvert sé um það. En hvað verður, þegar þetta frv. er komið í gildi? Það mun hvorki minnka bruggun né smyglun, en þriðji liðurinn bætist við, launsölurnar á löglega innfluttu áfengi. Það verður líklega stærsti árangur þessa frv. Einmitt til þess að hindra það, viljum við, að þetta ákvæði sé sett inn í frv. Ég býst nú við, að gamla viðkvæðið kveði við hjá hv. fylgismönnum frv., að það sé ekki til neins að setja þetta ákvæði, því það sé ekki hægt að framfylgja því. En það er þá ekki heldur til neins að setja neinar hömlur. Við getum þá strikað yfir þetta allt saman, allt veldur það fyrirhöfn, ef það á að koma að nokkru gagni, og það má segja, að það sé ákaflega erfitt að standa í öllu þessu bölvuðu stímabraki. Nei, við megum ekki horfa í fyrirhöfnina; það leiðir af sjálfu sér, að það verður að leggja eitthvað á sig til þess að framfylgja þessum lögum eins og öðrum.

Þá er 5. brtt. okkar, við 16. gr., um að aftan við gr. bætist ný málsgr. þess efnis, að óheimilt sé öllum öðrum en áfengisverzlun ríkisins að flytja áfengi um þau héruð, þar sem útsala áfengis hefir ekki verið leyfð. Ég hygg, að ef það á að vera nokkuð annað en yfirskin að veita héruðum þennan rétt til þess að halda sér þurrum eftir megni, þá sé nauðsynlegt að setja ákvæði sem þetta. Eigi að vera heimilt að flytja vín óhindrað um þessi héruð jafnt og önnur, þá sjá allir, hvað af því leiðir.

6. brtt. okkar er við 17. gr. Þar er farið fram á, að orðin „nema leyfi lögreglustjóra komi til“ falli burt. Þarna er um að ræða að banna að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum og á öðrum veitingastöðum og að ekkert félag megi hafa um hönd áfengisnautn í félagsskap eða félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annara. Ef nokkur alvara er í að banna þetta, þá eigum við að þora að banna það undantekningarlaust og ekki gera lögreglustjórum þann ógreiða að láta þá aldrei hafa frið fyrir nauði manna um undanþágur. Þetta eru undanþágur, sem engin þörf er á, en lögreglustjórar undir vissum kringumstæðum mundu illa komast hjá að veita, og þegar fordæmi væri gefið, er bágt að segja, hvar staðar yrði numið. Ég tel því sjálfsagt að samþ. þessa brtt., ekki einungis til þess að draga úr áfengisnautninni, heldur einnig til þess að fría lögreglustjóra við áleitni þeirra, sem undanþáguheimildina vilja nota sér.

Þá kemur 7. brtt., sem ég tel víst, að ekki þurfi að fara mörgum orðum um. Ef dæma á eftir allri þeirri velvild, sem kemur fram hjá hv. þm. í garð bindindismanna, hlýtur hún að verða samþ. Brtt. þessi hljóðar um það, að ríkisstj. skipi sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum, að fengnum till. frá þeim bindindisfélögum, sem styrks njóta af opinberu fé. Býst ég ekki við að þurfa að tala mikið fyrir henni, — hún er svo sjálfsögð, ef það er á annað borð ekki eini tilgangur frv. að fá sem mest brennivín inn í landið, sem ég vona að ekki sé. Því allar ræður hv. þm. ganga út á, hvað þeim sé bölvanlega við alla ofdrykkju og að frv. sé bara til þess að bæta úr ástandinu. Leggja þeir þá væntanlega ekki stein í götu þeirra manna, sem vilja hafa á og líklegastir eru til að koma með ráð, sem duga til þess að bæta úr því ástandi, sem er.

A-liður 8. brtt. er afleiðing af 7. brtt., um að leitað skuli till. áfengismálaráðunauts áður en ákveðið er verksvið áfengisvarnanefnda. — B-liðurinn er aftur á móti alveg sjálfstæður. Hann fer fram á það, að ríkisstj. láti auglýsa á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum. Það er fordæmi fyrir því, að ríkisstj. hefir látið auglýsa mikilsverð lög á viðeigandi stöðum, og það er sjálfsagt að kynna fólki svo vel þessi lög, að það geti ekki haft sér til afsökunar, að það hafi ekki vitað um ákvæði þeirra.

Þá átti ég eftir að drepa á örfá atriði í ræðu hv. frsm., þegar hann var að mæla fyrir brtt. n.; skal ég minnast á þær af þeim, sem ég hefi ekki þegar talað um.

Um 2. brtt. n. er það að segja, að ég sé ekki annað en þar sé verið að draga úr því litla öryggi, sem í frv. er. Það á sem sé að gera upp á milli þeirra, sem gerast brotlegir við lögin, og nota þá skilgreiningu, sem hv. frsm. dæmdi svo hart hér ekki alls fyrir löngu. Hann taldi ákaflega óviðeigandi að tala um meiri háttar og minni háttar embættisstörf, en nú vill hann greina brot gegn lögum þessum í meiri háttar og minni háttar brot og ekki láta minni háttar brot valda því, að ekki megi selja viðkomandi manni vín eftir sem áður. Ég tel, að frv. eigi að standa óbreytt hvað þetta snertir. Til glöggvunar skal ég lesa upp, hvernig þetta er orðað. Brtt. er við 13. gr., þar sem segir svo: „Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Einnig er bannað að selja þeim manni áfengi, er sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu eða aðra óleyfilega meðferð áfengis“. Nefndin vill fella niður orðin „eða aðra óleyfilega meðferð áfengis“. Mér skildist, að frsm. teldi, að þetta ákvæði myndi verða svo erfitt í framkvæmd, að það ætti ekki að vera í lögum. Það var líka á honum að heyra, að hann áliti það ekki svo saknæmt að brugga eða smygla handa sjálfum sér. Ég skal ekki neita því, að nokkur stigmunur sé á hinum ýmsu brotum gegn áfengislöggjöfinni, en allt eru það lagabrot, og tilgangurinn er sá, að þeir, sem hafa orðið brotlegir við lögin, fái ekki keypt áfengi.

3. brtt. er aðeins leiðrétting. 4. brtt. er til bóta. Hún er ákveðnari en orðalag frv. Það er fyllilega réttmætt, að bifreiðarstjóri, vélstjóri eða skipstjóri, sem vanrækir starf sitt sökum drykkjuskapar, fái refsingu. 5. brtt. er leiðrétting.

Ég hefi þá vikið nokkuð að brtt. okkar og nefndarinnar. Ég tel, að brtt. okkar við 9. gr. sé víðtækari en brtt. n. og eigi því að berast upp á undan.

Þá liggur fyrir brtt. frá hv. 4. landsk. við 9. gr. Ég er andvígur þessari till., þótt hún sé til bóta við frv. eins og það er nú. Efni hennar er það, að þeir kaupstaðir utan Rvíkur, sem nú hafa Spánarvínaútsölur, megi greiða atkv. um það, hvort þeir óski eftir sterku vínunum í viðbót. En till. hefir þann ókost, að ætlazt er til, að einfaldur meiri hluti ráði úrslitum. Auðvitað má um það deila, hvort réttara sé, að einfaldur meiri hl. ráði, eða viss lágmarkshluti kjósenda, eins og ákveðið er í frv. En ákvæðið er í frv. og Nd. hefir talið rétt, að það stæði þar, og ég vil ekki missa það þaðan, þótt auðvitað megi færa margt fram því til stuðnings, að einfaldur meiri hl. ráði í þessu sem öðru. Ég gæti þó gengið að þessari brtt. að okkar brtt. felldum, þótt ég telji sjálfsagt, að Rvík fái einnig þennan ákvörðunarrétt.

Ég vona, að hv. deild taki till. okkar hv. 4. þm. Reykv. vinsamlega, og frsm. n. einnig, því að mér heyrðist á honum, að hann og n. væru sammála um það, að að því bæri að vinna, að tjón af þessari löggjöf verði sem allra minnst.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Ég hefi flutt hér eina brtt., og er í henni fólgin sú breyting, sem ég tel mikilsverðast, að gerð sé á frv. Hún er sú, að heimila kaupstöðum utan Rvíkur, sem nú hafa útsölur á Spánarvínum, að greiða atkv. um það, hvort þeir vilji sterka drykki eða ekki. En ég geng þó ekki lengra en það, að einfaldur meiri hl. ráði úrslitum. Ég tel ekki rétt að krefjast mjög mikils meiri hl. til að leyfa hin sterku vín, því að sé mönnum neitað um vínin af minni hl. kaupstaðarbúa, er mjög hætt við, að á þeim stað veittist erfitt að halda uppi reglu, og slíkt myndi jafnan hafa óánægju í för með sér. Síðan 1922, er Spánarvínin voru leyfð, hefi ég litið á bannlögin sem gagnslaust flak, því að í skjóli hinna sterku vína hefir reynzt ómögulegt að halda þeim uppi. Við þetta bætist þjóðaratkvgr. sú, sem fram fór síðastl. haust, þótt ég skuli játa, að hún hafi verið slælega sótt. Auk þessa höfum við nú misst þá siðferðislegu stoð, sem við höfðum í bannþjóðunum í kringum okkur, nú, er þær hafa afnumið bannlögin hjá sér. Ég fæ því ekki skilið, að þeir, sem hafa vilja áfengismálin í sæmilegu horfi, sjái sér nokkurn vinning í því, að vera að halda lengur í þá ræfla, sem eftir eru af bannlögunum. Ég sagði 1922, er Spánarvínunum var hleypt inn í landið, að ég vildi heldur greiða atkv. með fullkomnu afnámi bannlaganna, enda myndi reynslan sýna, að þau væru raunverulega úr sögunni með þeirri breytingu, er þá var gerð á þeim.

Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, þar sem ég hefi ekki getað orðið sammála meðnm. mínum að öllu leyti. Ég álít það mikilvægustu breytinguna, sem beri að gera á frv., að kaupstaðirnir utan Rvíkur hafi sjálfsákvörðunarrétt um það, hvort þeir vilja sterku vínin eða ekki, eins og felst í brtt. minni, og því legg ég áherzlu á, að sú brtt. verði samþ. Hér mun vera um 7 kaupstaði að ræða, og mér er kunnugt um, að í sumum þeirra er mikill áhugi fyrir því meðal bindindissamra manna að fá þetta inn í lögin. Í gömu áfengislögunum var það lagt undir úrskurð íbúanna á hverjum stað, hvort áfengissala skyldi leyfð þar eða ekki. Þegar bannlögin voru sett, féll þetta niður af sjálfu sér, en nú, er þau eru afnumin, er sjálfsagt að taka það upp aftur.

Fjhn. hefir breytt því til batnaðar í frv., að einstakir hreppar, þ. e. kauptún, geti ekki sett upp áfengissölu gegn vilja héraðsins í kring.

Ég skal ekki vera að hræsna um það, að ég tel víst, að reynt yrði að hafa einhver undanbrögð til að koma sterku vínunum inn í þá kaupstaði, er kynnu að banna útsölu á sterkum drykkjum hjá sér, en slíkt bann yrði þó ávallt til þess að draga nokkuð úr drykkjuskap af völdum þeirra vína. Ég tel rétt, að einfaldur meiri hl. ráði, bæði til þess að forðast óánægju, og eins vegna þess, að það er demokratiskt, en hitt ekki.

Auðvitað er ætlazt til, að útsölur Spánarvínanna séu áfram í kaupstöðunum, því að það mun vera samningsbundið.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég vildi aðeins víkja nokkuð að efni 24. gr. Þar er svo ákveðið, að skipuð skuli áfengisvarnarnefnd í hverjum hreppi á landinu. Nú eru um 200 hreppar á landinu, svo að nefndirnar yrðu eftir því á þriðja hundrað. Ég held, að með þessum fjölda verði n. kraftminni og nm. finni síður til þeirrar skyldu, sem á þeim hvílir. Ég flyt því hér skrifl. brtt. þess efnis, að ein n. skuli vera skipuð í hverju sýslufélagi, en jafnframt sé nm. fjölgað upp í 5 úr 3, og séu kosnir af sýslunefnd hlutbundinni kosningu. Ég held, að þessar nefndir nægi fullkomlega til eftirlits, ef þessir menn eru nokkuð dreifðir um héraðið.

**Forseti (EÁrna):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Dal. við fyrri málsgr. 24. gr. frv., og þarf afbrigði frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 752) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hefi ekki kvatt mér hljóðs vegna þess, að hv. 2. þm. S.-M. hafi ekki gert fulla grein fyrir brtt. okkar, heldur fyrir það, að ég vil ekki láta 2. umr. um þetta frv. svo hjá líða, að ég láti ekki í ljós skoðun mína á ýmsum gr. frv. í sambandi við þær brtt., sem fyrir liggja.

Það merkilega fyrirbrigði hefir nú gerzt á Alþingi, að svo virðist sem allir flokkar þingsins hafi nú snúið bökum saman til varnar þessu frv. Ég veit ekki dæmi um jafnmikla einingu og bróðurkærleika í nokkru máli sem þessu hér á þingi. Áður en ég kem að einstökum brtt., vil ég víkja nokkrum orðum að hv. frsm. fjhn. Hann telur, að það, sem valdi því, að allir eigi nú að fallast í faðma og gera samtök um að leiða þá blessun yfir þjóðina, er hann telur í þessu frv. felast, sé atkvgr. um afnám bannsins, er fór fram á næst síðasta hausti. Vegna úrslita þeirrar atkvgr. eigi að samþ. þetta frv. Ég hafði við 1. umr. lýst þeim ástæðum, sem ég og allar þær þúsundir manna, sem greiddu atkv. móti afnámi bannsins, höfum fram að bera fyrir okkar skoðun. Ég skal ekki endurtaka þau rök, en ég vil segja það um málstað andbanninganna hér, að hann styðst við svo hæpin rök gagnvart þessu frv. sem framast getur verið. Þau 11 þúsund kjósenda, sem andmæltu afnámi bannsins, eiga rétt á því, að fyrir þeirra munn séu borin fram þau rök, sem við teljum vera fyrir hendi gegn þessu frv. Ég fyrir mitt leyti hefi þá skoðun, að öllum geti yfirsézt. Það eru allir þeim mannlega breyzkleika undirorpnir, að geta verið skammsýnir. Ég ætla mér ekki þá dul, að við getum ekki verið það líka, en ég hygg þó, að reynslan verði sú í framtíðinni, að afkomendur okkar blessi ekki þá menn, sem nú berjast af kappi miklu fyrir þessu þjóðþrifamáli, sem þeir telja þetta mál vera. Það mun koma á daginn, þó síðar verði, hvor stefnan í þessu máli er heilladrýgri.

Ég ætla mér ekki að nota þá aðferð gegn þessu máli, sem málþóf er kallað, þó hægt væri og fyllilega réttmætt að flytja langar ræður gegn því, og það af fullum rökum. Ég ætla mér ekki að nota þann rétt, þrátt fyrir það ofurkapp, sem nú er beitt við að koma frv. fram. Ég þakka hv. frsm. það, að hann sagði, að það ætti að reyna að gera áfengislögin svo góð sem kostur er á, þakka honum fyrir þau ummæli með tilliti til þess, á hvaða sjónarhól hann stendur í þessu máli, með tilliti til þess, að ég tel hann tæpast heilskyggnan í þessu máli. Hér er háskamál á ferðinni, en það bætir vitanlega úr, þegar um skaðsamlegar till. er að ræða, að viljinn sé góður. Ég hygg, að ég og minir skoðanafélagar getum ekki síður en hinir talað af reynslu margra ára um þetta mál, og till. þær, sem við hér berum fram, stefna að því einu að takmarka sem mest hina skaðlegu áfengisnautn. Þótt ég sé á móti innflutningi sterkra vína, ætla ég ekki að bregðast undan þeirri skyldu sem bindindismaður að reyna að vinna að endurbótum á frv., sem hægt væri að gera á því, og allar okkar brtt. miða í þá átt og eru sprottnar af því, að við höfum fulla þekkingu á því ástandi, samkv. eldri reynslu, sem frv. leiðir yfir þjóðina, ef það verður að l. Og það vil ég segja, að það bætir ekki ástandið að setja lög um þetta mál, sem eru gagnstæð réttlætismeðvitund þjóðarinnar. Það mætti kannske segja, að öðru máli væri að gegna um þetta frv., ef réttlætismeðvitund allrar þjóðarinnar væri því fylgjandi, en ég er sannfærður um, að réttlætismeðvitund meiri hl. þjóðarinnar er andvíg því, að boðinn sé velkominn inn í landið þessi gamli óvinur með þær afleiðingar, sem honum fylgja og allir vita, að eru til skaða, þó vínsins sé í hófi neytt, sem kallað er. Ég skal fúslega játa, að þær eru háværari þær raddir og sterkari þau völd, sem vilja láta samþ. þetta frv., heldur en hin, sem vilja fella það, en ef öll þjóðin væri spurð, konurnar væru spurðar og æskan, og þá fyrst og fremst í sveitum landsins, þá býst ég við, að meiri hl. væri á okkar máli.

Hv. frsm. sagði, að frv. þetta hefði verið ágætlega undirbúið. Hv. 2. þm. N.-M. sýndi nú fram á, hversu merkilegur sá undirbúningur hefir verið, og ég verð að taka undir það með honum, að frv. var mjög illa úr garði gert, er það var lagt fyrir þingið, enda hefir það tekið meiri stakkaskiptum og endurbótum í meðferð þingsins heldur en flest önnur mál. Annars hefi ég gert nokkra grein fyrir þessu við 1. umr. málsins. Þetta vildi ég segja hv. frsm. og bið hann að aðgæta, hvort ekki er rétt.

Ég læt þá lokið því að ræða um málið almennt og sný mér að hinum einstöku brtt., sem fyrir liggja. Skal ég þá fyrst snúa mér að brtt. okkar hv. 2. þm. S.-M. og fara um þær nokkrum orðum til viðbótar við það, sem hann sagði um þær. Við leggjum mikla áherzlu á það, að 1. brtt. verði samþ., en hún miðar að því að fella niður heimild til þess að hafa í skipum óinnsiglaðan vínforða til neyzlu handa skipverjum. Ég er búinn að fá nægilega reynslu fyrir því, að þetta vín er ekki notað á þann hátt, sem fyrir er mælt. Það er sumpart notað til þess að lauma því til þyrstra manna í landi, og sumpart til þess að halda uppi svokölluðum gleðskap í skipunum af hálfu þeirra, er stjórnina hafa á skipunum. Það er ekki haft handa skipshöfninni. Hér gildir engin reglugerð um fæði skipverja, þeir hafa hið sama og aðrir á skipunum, og þess vegna telst óþarft að setja nokkrar reglur um fæðið. Þetta skipavín er því ekki háð neinum reglum, og ég fæ ekki séð, að það sé til annars en að gera tollgæzluna erfiðari en hún annars þyrfti að vera. Ég skal upplýsa það sérstaklega, að það eru útlendu skipin, sem sérstaklega nota þessa heimild, og nær eingöngu til þess að selja vínið til manna í landi. Ég vænti því, að hv. þd. geti fallizt á þá takmörkun á frv., sem felst í þessari brtt. Ég hefi átt tal um hana við ýmsa meðal hv. þdm. og þeir hafa fallizt á, að hún væri réttmæt.

Næstu brtt. okkar hv. 2. þm. S.-M. talaði hann mjög rækilega um, og skal ég geyma mér að ræða um hana til 3. umr., þegar ég sé, hvernig hv. d. tekur í hinar brtt.

Þá kem ég að 3. brtt. Ég skal ekki draga neina dul á það, að ég var mikill hvatamaður að því, að sú till. var tekin með, enda munu margir líta svo á, að hún sé ekki síður nauðsynleg en fyrsta till. Hún ræðir um vínveitingar á því eina hóteli hér í bænum, sem hefir vínveitingaleyfi, og bannar það að vínveitingar fari fram annarsstaðar en í veitingasölunum, og aðeins í sambandi við máltíðir, en ekki á dansskemmtunum. Ég veit ekki, hvort þeir, sem hlýða á mál mitt, hafa kynnzt dansskemmtunum þar, þegar vín er haft um hönd. Sjálfur hefi ég ekki tekið þátt í þeim, en sagnir hefi ég af þeim, og það á þá leið, að slíkar skemmtanir séu ekki beint til sóma fyrir höfuðstað Íslands, heldur langt þar frá, og ég vil fastlega vænta þess, að hv. d. geti fallizt á að banna að veita vín við þau tækifæri. Það má geta þess, að það er fyrst og fremst æskan, sem sækir þessar skemmtanir, og henni er, eins og allir vita, hættast við falli, og fyrir æskuna er það gert að reyna að sporna við þessari hættu á þeim samkomum, þar sem hún skemmtir sér. Ég vil því sérstaklega skora á hv. þdm. að samþ. þessa brtt. Ég gæti sagt nokkur orð um b-lið 4. brtt., um það, að aldrei megi áfengisverzlunin selja einstaklingi meira en 5 lítra af áfengi í einu. Ég skal fúslega viðurkenna, að ég geng þess ekki dulinn, að erfitt verður að halda löggjöf þessari í heiðri. Það má búast við, að lausasala vína verði mikil og ekki minni en nú er, en þetta ákvæði mundi þó frekar takmarka hana, ef unnt verður að framfylgja því. Ég býst því við, að þessi till. verði samþ., því mér heyrist, að þó menn vilji fá vínið innflutt, ef þeir tala af heilum hug, þá vilji þeir koma í veg fyrir óhóf í vinnautn. Þess vegna ættu þessir menn að geta mætt okkur um þessa brtt., til þess að draga úr notkun vínsins, ekki sízt óleyfilegri notkun.

Svo eru það nokkur orð um 8. gr. b.-lið. E. t. v. finnst hv. þdm. ekki viðeigandi slíkar auglýsingar, sem þar er talað um. Ég er nú ekki viðförull maður, en þó hefi ég séð það í öðrum löndum, að löggjöf, sem mikið varðar heill almennings, er fest upp á sem flestum stöðum, þar sem fólk kemur saman, til þess að allir viti, hverju þeir eigi að breyta eftir. Slíkt er ekkert einsdæmi um þessa löggjöf. Það væri kannske frekar hægt að afsaka, að menn breyta á móti lagaboðum, með því að menn þekki þau ekki, ef ekki væri hægt að svara: þetta stendur alstaðar auglýst. Þetta er tilraun til þess að kenna fólkinu að vita, hvað það eigi að varast.

Ég vil svo lýsa afstöðu minni með örfáum orðum til hinna annara brtt., sem hér liggja fyrir. Brtt. fjhn. eru ekki ýkjamargar. (**BSt**: En góðar). Þær eru víst fjórar, og sumar eru nauðsynlegar, en ég verð að segja það, að þessi n., sem fékk þetta mál til athugunar, reiðilaust af mér, hefði átt að launa betur það mikla traust, sem henni var sýnt. En það virðist svo, sem tíminn, er hún tók til að athuga frv., hafi verið of stuttur fyrir n. og meira hafi verið hugsað um að hraða málinu heldur en að laga galla frv. — Fyrsta brtt. n. orkar tvímælis. Hv. 2. þm. S.-M. hefir andmælt henni. Það ákvæði í frv., sem hér á að fella burt, er svo afsleppt, að erfitt er að fóta sig á því, og ég sé ekki, að frv. verði að nokkru leyti lakara, þó þessi brtt. verði samþ. — 4. brtt. er til bóta; hún ákveður skýrar það atriði, sem hún fjallar um, heldur en gert er í frv.

Um brtt. hv. 4. landsk. verð ég að segja það, að ég hefði búizt við, að e. t. v. kæmi frá honum ýtarlegri till., þó hann segi, að við höfum nú ekki nema flak af bannlögum. Hann einn af þm. sá það 1921, hvert stefndi, er hann stóð með pálmann í höndunum og neitaði því, sem þá var að gerast. Ég efast ekki um, að þá sá hann langtum lengra en aðrir, en nú sér hann skammt, ef hann sér ekki þær afleiðingar, sem þessi lög munu hafa í för með sér. Eftir framkomu hans hefði ég búizt við, að hann yrði nú róttækari í varnaráttina; ég mun þó greiða atkv. með hans till., að hinum öllum föllnum. Hún segir ekki annað en það, að einfaldur meiri hl. eigi að fá að samþ. útsölurnar, jafnvel þó sá meiri hl. sé spólaður með því valdi, sem áfengisauðmagnið getur í té látið. Það eru ekki þeir, sem vilja verjast áfenginu, sem geta spólað upp þann meiri hl., heldur hinir, sem hafa áfengisauðinn að bakhjarli. Hann segir í þessu sambandi, að undirstaðan sé fallin, við séum að halda í þetta flak af bannlögum, sem löndin í kringum okkur hafi orðið að hverfa frá. Það er rétt, að í tveimur nágrannalöndum, Noregi og Finnlandi, hefir tekizt, fyrir atbeina auðvaldsins í þessum löndum, að gera það að verkum, að bannlögin hafa orðið að víkja þar, þrátt

fyrir andstöðu jafnaðarmanna. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að það eru jafnaðarmannaflokkarnir í þessum löndum, sem vinna leynt og ljóst að því þráða takmarki, að aftur verði hægt að útiloka alla vínsölu. Það er m. ö. o. hinn nýi tími, sem boðar nýja menningu og meira frelsi, sem vill útrýma þessum ófögnuði, sem er talinn eitthvert mesta bölið, sem þjáð getur hverja þjóð, og ein af undirstöðum hverskonar örbirgðar og eymdar. En við verðum að að taka afleiðingunum af því, hvernig komið er. Og ég er ekki að segja þessi orð hér af því, að ég búist við, að þau orki því að breyta málinu. Við eigum við of mikið þröngsýni að etja til þess, að nokkur skynsamleg rök fái þar nokkru um þokað. En einhverntíma verður saga þessa máls skrifuð, og þótt orð mín og minna samherja eigi ekki hljómgrunn hér nú og þyki e. t. v. ekki þess verð að vera töluð, þá lifa eftirkomendur okkar og rannsaka sennilega einhverntíma, hvað um þetta mál hefir verið sagt á þeirri síðustu stundu, þegar úrslitabaráttan var háð. Við eigum allir yfir okkur dóm hinna óbornu kynslóða.

Um frv. sjálft skal ég segja það, að eins og það liggur nú fyrir, hafa ýmsar gr. þess tekið stórum breyt. til bóta frá sjónarmiði okkar bindindismanna. Og það skal tekið fram og verða skjalfest í umr., að engir hafa dyggilegar að þeim umbótum unnið heldur en minir flokksbræður. En engu að síður er mér fyllilega ljóst, að hafi verið örðugt að halda uppi lögum og reglu í þessu landi með þeim áfengislögum sem í gildi hafa verið, þá verður það hálfu erfiðara eftir þá löggjöf, sem nú á að koma á. Og ég get hugsað mér, að ekki líði á löngu þar til breyta verður mörgu í þeim lögum, sem nú er verið að afgreiða. Því mér blandast ekki hugur um, að ef sá andi fær að drottna, sem nú virðist mjög ríkjandi, þá verður örðugt að halda uppi reglu á þann hátt, sem frv. ætlast til. En þó ég sjái þennan galla á þessu öllu saman, þá vil ég sem bindindismaður vera með því að gera allar tilraunir, sem miða að því að takmarka áfengisnautn, þó eitthvað af þeim kunni að bregðast á ýmsan hátt.

Að lokum vil ég minnast örfáum orðum á skrifl. brtt. hv. þm. Dal. Hann telur áfengisvarnanefndirnar óþarflega margar samkv. frv., en ég er þar á öðru máli. Ég býst við, að hann geti sýnt fram á, að ein n. mundi duga í hans héraði og öðrum litlum sýslum, sem þægilegar eru yfirferðar. En lega landsins er nú þannig, að óvíða getur ein n. haft nokkurt verulegt eftirlit í heilli sýslu. Tel ég því mjög misráðið að fækka þessum n. Bræður okkar Norðmenn hafa tekið upp þessa nefndaskipun hjá sér og fengið af henni svo góða reynslu, að ég veit, að jafnaðarmennirnir norsku leggja mikið upp úr að hafa slíkar n. sem víðast og verksvið þeirra ekki of stórt. Verkefni þeirra er mjög viðtækt; þær eiga ekki að vera neinir „snuðrarar", heldur eiga þær að veita fólkinu fræðslu um skaðsemi áfengisins og hafa áhrif á það til hins betra.

Í þær veljast hinir beztu og siðferðislega sterkustu menn hvers héraðs, sem vilja vinna þjóð sinni það gagn, sem þeir geta á þessu sviði.

Ég ætla svo ekki að lengja mál mitt miklu meira. Það, sem við gerum hér að lokum, hljótum við allir að gera með það fyrir augum, að innflutningur sterku vínanna valdi sem minnstum skaða. Þess vegna hljótum við að verða með þeim till., sem miða að því að draga úr vínnautninni og framkvæmanlegar eru. Mér skilst, að þeir, sem telja sig andbanninga, álíti þrátt fyrir allt vínnautnina bölvun, og ef það er sannfæring þeirra, þá finnst mér þeir eigi að vera með okkur hinum, sem sækjum fastast að hafa takmarkanirnar sem mestar, í því að samþ. þær till., sem miða að því að gera breytinguna sem minnst skaðlega, úr því svo á fram að fara sem raun ber vitni um. Það er að leyfa innflutning sterkra vína.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson)**: Ég skal nú f. h. n. fara nokkrum orðum um þær brtt., sem fyrir liggja frá einstökum dm., og jafnframt svara með fáeinum orðum þeim aths., sem gerðar hafa verið við ræðu mína áðan og brtt. n. Ég vil þó hafa einn formála að því er snertir svar mitt til þeirra hv. ræðumanna, er hér hafa talað. Hér liggja fyrir á þskj. 714 brtt. frá tveimur hv. dm. þeim 2. þm. S.-M. og 4. þm. Reykv. Hv. 2. þm. S.-M. talaði fyrir þessum brtt. allrækilega, en svo skeði sú nýlunda, að meðflm. hans hefir þótt grg. hans heldur ófullkomin, svo hann þurfti að standa upp á eftir honum og halda hér langa ræðu. Hélt hann upp aftur ræðu hv. 2. þm. S.-M., þó með heldur lakari rökstuðningi, það sem það var, heldur en fyrri ræðumaðurinn hafði haft. Ég mun því algerlega ganga framhjá hans ræðu, og að svo miklu leyti sem ég svara ummælum, sem hér hafa fallið, halda mér aðeins við ræðu hv. 2. þm. S.-M., því það er ekki til annars en tefja tímann að taka upp aftur svör við alveg sömu aths., sem fram hafa komið áður. Hið eina, sem ég tók eftir, að væri frumlegt í ræðu hv. 4. þm. Reykv., var það, að hann sagði, að till. þeirra væru komnar frá „okkur, sem höfum fullkomna þekkingu á þessu máli". Ég efa nú ekki, að þeirra þekking sé mikil, en að þeir séu alvitrir í þessu máli eða öðrum, get ég efast nokkuð um. En ég skal ekki fara frekar út í það. Sem sagt, ég geri þá hv. 2. þm. S.-M. ábyrgan fyrir því, sem báðir þessir hv. þm. hafa sagt, og held mér við ræðu hans, að svo miklu leyti sem ég þarf að svara þeim.

Hv. 2. þm. S.-M. byrjaði ræðu sína á því, að það hefði verið brotin þingvenja að því er þetta mál snerti, þar sem því hefði verið vísað til fjhn., en ekki til allshn. Það kann að vera, að þetta sé talsvert óvenjulegt, en það er líka nokkuð óvenjulegt, að meiri hl. n., sem búizt er við, að máli verði vísað til, rísi upp við 1. umr. þess og haldi hverja ræðuna á fætur annari á móti málinu. Það er venjulegt, að þeir menn, sem búast við að fá málið til meðferðar í n., séu ekki mjög margorðir um það við 1. umr. Annars var ég ekki tillögumaður að því, að því frv., sem hér liggur fyrir, var vísað til fjhn., og kærði mig ekkert sérstaklega um að fá það þangað, en ég býst við, að það hafi verið bein afleiðing af þessari framkomu þeirra hv. 4. þm. Reykv. og hv. 2. m. S.-M. við 1. umr.

Þá taldi hv. þm., að árangurinn af starfi fjhn. í þessu máli væri lítill. Það verður nú vitanlega álitamál. En mér virtist hann sjálfur fallast á, að sumt af því, sem fjhn. hefir að málinu unnið, væri til bóta. Ég geri ráð fyrir, að þetta mál sé búið að fá allmikla athugun áður, bæði utan þings og innan. Og ég hygg, að mælikvarðinn á það, hvort n. vinnur vel eða illa að málinu, sé ekki sá, hvað hún flytur margar brtt. við þau, heldur hvað þær eru nauðsynlegar og skynsamlegar.

Þá skal ég snúa mér að þeim brtt., sem þessir tveir hv. þm. flytja á þskj. 714. Fyrst er till. um það, að heimildin til þess að hafa óinnsiglaðan skipsforða af áfengi falli niður. Ég vil benda á, að ef þessi till. væri samþ., sem breytir bæði 2. og 4. málsgr. 3. gr., þá þyrfti einnig að breyta 3. málsgr. gr., því þar er líka minnzt á óinnsiglaðan skipsforða. N. sem heild hefir óbundin atkv. um þetta atriði, og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um það né leggja sérstaklega á móti till. Aðeins má benda á, að skip hafa þennan rétt nú, og sýnist eðlilegt, að þau hafi hann áfram, því sú lagabreyt., sem hér stendur til að gera, er nú ekki yfirleitt í þá átt að herða á böndunum.

Þá er 2. brtt., við 9. gr., sem er um það, að atkvgr. skuli fara fram á viðkomandi stöðum áður en nýjar áfengisútsölur eru leyfðar. Brtt. gerir ráð fyrir, að einnig á þeim stöðum, þar sem áfengisútsölur eru nú, skuli fara fram atkvgr. um það, hvort þar megi selja hinar nýju tegundir áfengis, sem gert er ráð fyrir að flytja inn. Fyrsta málsgr. þessarar till. fellur alveg saman við brtt. n., svo um hana þarf ekki að ræða af minni hálfu. Ég vil benda hv. flm. á, að í 2. málsgr. þessarar till. þeirra er skakkt vitnað til eldri laga, og þyrfti það leiðréttingar við, ef till. yrði samþ. Ég get nú sagt það, þó hv. 4. þm. Reykv. kallaði mig berserk Bakkusar við 1. umr., sem allir vita hvað á að þýða, þá hefi ég í raun og veru töluverða tilhneigingu til þess að vera með þessari brtt. Það höfðu allir staðir þennan rétt til þess að greiða atkv. um, hvort þar ætti að vera áfengisútsala eða ekki, fyrir árið 1909, og mér finnst sjálfsagt, að sá réttur haldist enn. En það er bara þetta, að það er ekki á okkar valdi að afnema áfengisútsölur á þeim stöðum, sem þær eru nú, eða svo hefir a. m. k. hver stj. fram af annari litið á. Og þegar útsölur vína eru á þessum stöðum á annað borð, þá sé ég ekki, að neitt sé unnið við það í sjálfu sér, þótt útilokaðar séu fáeinar tegundir áfengis, úr því hvort sem er er hægt að kaupa þar áfengi og hafa svo mikið fyllirí sem vera vill á löglegan hátt. Ennfremur er n. ekki alveg viss um, þegar á annað borð banninu er af létt, hvort öruggt sé að samþ. svona till. vegna samninga okkar við Spánverja. Skal ég ekki leggja dóm á það. Ég verð að segja, að mér þykir að sumu leyti aðgengilegri og rökréttari till. þessara tveggja hv. þm. heldur en till. hv. 4. landsk., því ég veit ekki, hvers Rvík ætti að gjalda eða njóta, hvorn skilninginn sem maður nú vill í það leggja, ef ákveðið er, að þar verði útsala sterkra vína, en atkvgr. fari fram um það alstaðar annarsstaðar í kaupst. landsins.

Þá er 3. brtt. á þskj. 714, við 11. gr., um hvaða skilyrði skuli vera fyrir vínveitingaleyfi, og er hún í þremur stafliðum. Fyrst er, að veitingar fari aðeins fram í veitingahúsunum og einungis í sambandi við máltíðir. Þetta hefir nú verið reynt, að ákveða, að vín væru aðeins veitt í sambandi við máltíðir, og ég held, að reynslan hafi sýnt, að það komi að sáralitlu gagni. Ég held þetta hafi verið praktiserað þannig, að beðið hefir verið um einhverja ögn af mat með víninu — menn eru ekki að sjá svo mjög í það —, og þar af leiðandi verður ákvæðið áhrifalaust. Menn geta t. d. fengið eitt egg og nokkrar flöskur af víni með því. Ég er ekki að segja, að það væri neitt skaðlegt að samþ. þetta ákvæði; ég er svo sem ekkert að berjast á móti því, en ákaflega þýðingarlítið finnst mér það muni vera.

B-liður þessarar brtt. er um það, að vínveitingar megi aldrei fara fram eftir kl. 9 að kvöldi. Þetta var regla á Hótel Borg, en þótti gefast illa og var því breytt til. Því var haldið fram af þeim, sem um þetta áttu að fjalla, sem ég held að séu engir sérstakir aðdáendur vínnautnar, að þetta leiddi aðeins til þess, að menn heltu í sig sem mestu fyrir kl. 9, og svo var náttúrlega hægðarleikur að fara eitthvað annað til þess að halda drykkjuskapnum áfram. Ég er ákaflega hræddur um, að þetta ákvæði geti verkað öfugt við það, sem ætlazt er til. Að það verði í mörgum tilfellum til þess, að menn drekki örar, verði drukknari og sjái þá síður í lögbrot eftir á til þess að fullnægja löngun sinni í meira áfengi. Enda er mér ómögulegt að skilja, að ef vín er sérstaklega hollt milli kl. 6 og 9, þá verði svo mikil breyt. á, þótt kl. slái 9.

Þá er c-liður sömu brtt., um að banna vínveitingar í sambandi við dansskemmtanir. Það væri nú auðvitað ágætt, því það er hinn mesti ósómi að því, þegar vín er mikið um hönd haft á dansskemmtunum og fylliri og allskonar óstand, sem af því leiðir. En ég er bara hræddur um, að það verði erfitt að koma í veg fyrir, að menn hafi þá vasapelann í staðinn, og er vandséð, hvort verra er. Þó skal ég ekkert mæla á móti þessum lið, því ég viðurkenni fyllilega þann tilgang, sem liggur til grundvallar fyrir því, að hann er fram borinn. Hv. 2. þm. S.-M. sagði einmitt um þessa 3. brtt. þeirra, að öll ákvæði hennar væru vel framkvæmanleg og þeim væri engin alvara með að vilja hafa varnir gegn áfengisbölinu, sem væru á móti þeim. En þrátt fyrir þessi ummæli hans verð ég mjög að draga í efa, að þetta sé framkvæmanlegt þannig, að það komi að nokkru verulegu gagni.

Þá kemur 4. brtt. á sama þskj. A-liður hennar er um, að útsölulaun áfengis megi aldrei fara fram úr 10%. Flm. till. rökstuddi þetta þannig, að því minni sem hagnaðarvon útsölumannsins væri, því minni hvöt hefði hann til þess að selja sem mest, og það er út af fyrir sig rétt. En hinsvegar má segja, að því lægri sem sölulaunin eru, því meira þarf að selja til þess að hafa sama hagnað, svo ég er ekki viss um, að þessi rök hans standist. Annars er ég honum alveg sammála um það, að útsölumenn áfengis ættu helzt enga prósentu að hafa af

útsölunni, heldur ákveðin laun, til þess þeir hefðu alls enga hagnaðarvon af því að selja sem mest. Ég er honum sammála um, að það væri bezta skipulagið í því efni. Að því er snertir útsölu í búðum, væri auðvelt að koma því við, að þeir, sem hefðu hana á hendi, hefðu fyrir ákveðna þóknun, en ekki prósentur. Ég myndi sízt hindra, að stj. reyndi að framkvæma þetta þannig. Aftur held ég, að erfitt yrði að koma þessu við á því eina veitingahúsi, sem vínsöluleyfi hefði.

Þá er b-liður þessarar till., um að ekki megi selja heim einstaklingum meira en 5 lítra áfengis í senn. Ég get viðurkennt hugsun þá, er liggur til grundvallar fyrir þessari till. Í Svíþjóð er mér sagt, að tekin hafi verið upp skömmtun á áfengi og gefizt vel. En eins og till. er orðuð af hv. flm., held ég, að hún muni koma að litlu gagni. Hversu oft má selja sama manninum? Það nefna þeir ekki. Hann gæti keypt vín hvað eftir annað á skömmum tíma. Að vísu má ekki finnast hjá honum meira en þetta, og bætir það nokkuð úr skák, en flestir myndu vafalaust geta fengið kunningja sína til að geyma fyrir sig áfengi. — Hitt væri annað, að ákveða, að ekki mætti láta til ákveðins manns nema ákveðið magn á ákveðnum tíma, T. d. á ári eða mánuði. Þessi till. þeirra á, eftir orðum hv. aðalflm., að koma í veg fyrir, að leynisala með lögleg vín komi upp. Ég held, að hún komi ekki í veg fyrir það, þó að ég viðurkenni tilganginn.

Þá er 5. brtt. þeirra á þskj. 714, við 16. gr., þar sem þeir vilja banna öllum að flytja áfengi innan takmarka þeirra lögsagnarumdæma, þar sem áfengissala hefir ekki verið leyfð. Þessi till. er þannig, að ég trúi því tæplega, að þeir hafi flutt hana í fullri alvöru. Hugsum okkur, að áfengissala væri leyfð hér í Rvík, en ekki t. d. í Árnessýslu. Svo er hér staddur maður úr Rangárvallasýslu, sem kaupir sér flösku á leyfilegan hátt. Ef till. nær samþykki, þá veit ég ekki, hvað þessi maður á að gera við flöskuna. Við verðum að hugsa okkur, að hann búi á veitingahúsi hér. Þangað inn má hann ekki hafa hana með sér, og hann má ekki flytja hana yfir Árnessýslu. Hvaða gagn er að því að setja svona löggjöf? Væri þá meira vit í að ákveða, að íbúum þeirra héraða, þar sem áfengisútsala væri ekki leyfð, mætti alls ekki selja áfengi, þótt þeir væru staddir á öðrum stöðum.

Ég býst við, að mér verði svarað, að áfengisútsalan geti sent mönnum vínið. En ég sé þá ekki betur en að hún yrði að senda það beint inn á heimili manna. Hún yrði þá helzt að senda það með pósti. En ég sé ekki, að viðtakandi mætti sækja sendinguna á pósthúsið, því að það væri að flytja áfengi um lögsagnarumdæmið. Nei, svona till. er ekki hægt að taka alvarlega. Hv. aðalflm. sagði, að ef öllum væri leyft að flytja áfengi um héruð landsins, þá sæju allir, hvað af því leiddi. Hann skýrði það ekki nánar. Ég þykist nú glöggt sjá, hvað af slíkri samþykkt sem þessari myndi leiða: Lögbrot.

Þá er 6. brtt. á sama þskj., að fella niður ákvæði um, að lögreglustjóri geti veitt leyfi til vínveitinga í félagsherbergjum o. s. frv. N. hefir óbundnar hendur um þetta atriði. Ýmislegt mælir á móti, t. d. það, að þá myndi oft verða leitað ólöglegra ráða. Vil ég ekki leggja á þetta neinn dóm að svo stöddu.

Þá er 7. brtt. þeirra, að ríkisstj. skipi sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum. Ég hefi ekki nema gott um þetta að segja, en þessi ráðunautur virðist reyndar vera til nú þegar, þar sem er yfirmaður góðtemplarastúkunnar. Virðist hann sjálfsagður til þessa. Væri því réttara að hafa till. svo, að stórtemplar skyldi spurður ráða. Hann er sá, sem álíta má, að bindindismenn landsins beri mest traust til.

Þá er a-liður 8. brtt., sem er aðeins afleiðing af 7. brtt. En b-liðurinn er þess efnis, að auglýsa skuli á skipum, veitingahúsum og pósthúsum aðalatriði þessara l. Er auðvitað ekki nema gott, að sem flestir séu l. kunnugir. En á hinn bóginn er þetta framkvæmdaratriði, sem stj. gæti gert án þess að það þyrfti að lögbjóða. Ég fyrir mitt leyti læti mér nægja yfirlýsingu frá hæstv. stj. um, að hún myndi gera þetta.

Að því leyti sem hv. 2. þm. S.-M. svaraði minni ræðu, virtist hann hafa fátt við hana að athuga. Þó var hann heldur á móti 2. brtt. n., fannst hún vera að draga úr ákvæðum frv. um meðferð áfengis. En mér virtist skoðanabróðir hans, hv. 4. þm. Reykv., vera á annari skoðun, og virtist mér hann mundu fallast á till. n.

Um þau orð, sem ég lét falla um daginn, þar sem ég taldi óviðeigandi að kalla hreppstjóra og slíka starfsmenn minni háttar embættismenn, er það að segja, að það er ekki hliðstætt því að tala um minni og meiri háttar lagabrot. Það er minni háttar lagabrot að kaupa sér vínflösku á óleyfilegan hátt, en aftur er það meiri háttar lagabrot að drepa mann. Ég sé ekki, að þetta skipti hér máli.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði ekki talið það gera mikið til, þó að menn smygluðu og brugguðu handa sjálfum sér. Því hefi ég ekki haldið fram. Slíkt gerir mikið til, en það gerir minna til en ef smyglað er og bruggað til þess að selja öðrum.

Þá sagði hann í lokin, að allir viðurkenndu, og við líka, að tjón myndi leiða af þessari lagabreyt. Ég hefi nú aldrei viðurkennt, að af lagabreytingunni myndi leiða tjón, heldur af misnotkun áfengis. Og ég held, að misnotkun áfengis verði minni með samþykkt þessarar lagabreyt. Út af þessum og öðrum ummælum hv. þm., sérstaklega við 1. umr., varð ég dálítið undrandi. Ég hefi þekkt þennan mann í mörg ár að því einu að vera prúðmenni og vandaður í öllum málaflutningi, nema þegar þetta mál hefir verið til umr. Því að bæði nú og eins um daginn hefir hann gert mér upp orð og lagt út af þeim. Ég tek það fram, að ég hefi aldrei annars heyrt hann viðhafa þesskonar málaflutning. Þetta sýnir aðeins, að þegar menn eru farnir að lifa í trú, en ekki í skoðun, þegar eitthvað er orðið trúaratriði fyrir þeim, hversu öll rök þeirra geta þá farið út í veður og vind. Ég veit, að Alþt. munu sýna þetta á sínum tíma, ef hv. þm. breytir þá ekki handritum skrifara. (IngP: Ég leiðrétti aldrei ræður). Ég get sýnt fram á

þetta hvenær sem er, en nú gefst ekki tími til þess.

Viðvíkjandi skrl. brtt. frá hv. þm. Dal., vil ég geta þess, að n. hefir ekki tekið afstöðu til hennar, þar sem hún er fyrst fram borin á þessum fundi. Get ég því ekkert um hana sagt f. h. n., en mitt álit mun ég sýna með atkv. mínu.

**Ingvar Pálmason** [óyfirl.]: Þó að svo sé, að hv. frsm. n. og flm. að till. á þskj. 414 virðist bera lítið á milli, verð ég að fara nokkrum orðum um þær aths., sem hv. frsm. gerði við brtt. okkar.

Ég kannast ekki við að hafa gert lítið úr starfi hv. fjhn. Ég sagði, að brtt. þeirra væru ekki mikilsverðar, en að öðru leyti veik ég ekki að því, hvernig starfið hefði farið þeim úr hendi.

Hv. frsm. sagði um 1. brtt., að sér fyndist eðlilegt, þar sem þau ákvæði væru í l., að skip mættu hafa óinnsiglað áfengi um borð, að þá héldi það áfram. Það eru engin rök út af fyrir sig. Ef ekki væru aðrar ástæður, þá ætti að sjálfsögðu að nema þetta úr gildi. Hann sagði líka, að ef brtt. næði samþykki, þá yrði líka að lagfæra orðalagið á 3. málsgr. 3. gr., og get ég fallizt á það.

Þá varð hv. þm. tíðrætt um 2. brtt. okkar og tók hana fyrir í stafliðum, sem eðlilegt er. En það þótti mér einkennilegt, sem hann sagði um a-lið, að hann væri í sjálfu sér góður, en þýðingarlítill. Sagði hann, að menn myndu þá fá sér egg eða eitthvað þess háttar, til þess að geta fengið vín, ef það mætti ekki veita nema með mat. Okkur er ekkert aðalatriði, að menn verði að kaupa jafnframt víninu mikinn mat, heldur hitt, að þessir veitingastaðir verði ekki sóttir eingöngu til að drekka vín. Andbanningar segja það hollt og gott að fá sér í staupinu með mat, og viljum við láta það eftir þeim að njóta þessa, en við treystum þeim aftur á móti til að misnota það ekki.

Um b-liðinn sagði hv. þm., að ákvæði þess efnis, að veitingar víns væru ekki leyfðar eftir kl. 9, hefðu áður verið í l. og gefizt illa. Menn hefðu bara hellt sig fulla fyrir kl. 9. Við því verður ekki gert, að menn drekki of mikið. En á því er þó mikill munur, hvort menn mega halda áfram fram yfir kl. 9 eða eru stöðvaðir þá. Ég skil ekki, að menn missi vínlöngunina eftir kl. 9, og ef svo er, þá er þeim þetta skaðlaust. Og ef setja á hömlur í þessu efni, þá er betra, að þær komi kl. 9 en 12. Hann gerði ráð fyrir, að þeir, sem illa er við að hætta kl. 9, myndu þá halda áfram annarsstaðar. Hvernig? Annarsstaðar á ekki að vera hægt að fá vín. Það er þetta, sem gengur gegnum allar ræður hv. þm., að þessi ákvæði muni ekki verða haldin. Þessum mönnum væri bezt að segja hreinskilnislega, að bezt væri að hafa engar varnir og selja vín sem víðast.

Um c-lið sagði, hann, að það væri að vísu gott, að ekki væri selt vín á dansleikjum. En svo sagði hann, að vasapelar kæmu í staðinn. Sjálfur lagasmiðurinn hefir ekki trú á því, að l. þau, sem samin eru, verði haldin. Ég get trúað, að hann greiði atkv. á móti þessu öllu saman, því að hann hefir enga trú á því. Hann endaði með því að segja, að þetta væru góðir liðir, en óframkvæmanlegir.

Ég sé ekki betur en að það sé í lófa lagið að sjá svo um, að vín verði ekki veitt eftir kl. 9 á veitingahúsum. Eins að hafa eftirlit með því, að vín verði ekki veitt nema með mat. Þetta fer allt fram á opinberum stöðum, þar sem lögreglumenn geta verið viðstaddir. Eins er um dansskemmtanir. Þessir liðir okkar eru því þær varnir, sem bezt er að framkvæma.

Þá sagði hv. þm. um brtt. við 12. gr., c-lið, að sú grg. væri rétt, sem ég hefði gert fyrir henni, að því meiri sem hagnaðarvonin væri, því meira myndi verða selt af áfengi, en svo bætir hann við: Ég býst ekki við, að þessi rök standi. Hvers vegna? Það skýrir hann á þann hátt, að þegar ekki eru greidd nema 10% sölulaun, þarf að selja meira en þegar greidd eru 30% sölulaun til að ná sömu tekjum, og hagnaðurinn því minni. Þetta veit ég ósköp vel. Það er áreiðanlegt, þegar hagnaðurinn er minni eða sölulaunin aðeins 10%, þá kæra veitingahúsin sig ekki um að hafa áfengið til sölu. Þetta er líka það, sem ég meina. Þess vegna vil ég hafa sölulaunin svona lág, að ég álít, að þá sé ekki gróðavon af að selja áfengi á veitingahúsum; ég veit, að það fylgja því óþægindi fyrir veitingahúsin að selja vín. Þegar þetta er skoðað í mínu ljósi, er brtt. sjálfsögð, þ. e. a. s. fyrir þá, sem ekki skoða vínveitingaleyfið sem nauðsynlegan stuðning fyrir viss veitingahús. Ef litið er á málið frá þeirri hlið, þá er réttmætt að hafa álagninguna meiri eða sölulaunin hærri. Þetta fer allt eftir því, hvað menn vilja. Þeir, sem vilja gera lögin þannig úr garði, að sem minnst tjón verði af, fylgja brtt. okkar tvímenninganna. Hinir, sem vilja gera áfengið að gróðalind fyrir einstaka menn, verða auðvitað ekki með því að minnka hagnaðarvonina af því að selja vínin. Hv. frsm. sagðist vera alveg sammála um, að á útsölustöðunum ætti að semja við útsölumenn um ákveðna þóknun, en ekki greiða hundraðshluta. Ég er honum þakklátur fyrir það, og ekki ber mikið á milli í þessum efnum. Það snýst þá helzt um, hvort vínið á að verða tekjulind fyrir einstöku veitingahús eða ekki. Ég geri nú fastlega ráð fyrir, að hæstv. stj., sem nú situr, muni semja við útsölumenn um ákveðna þóknun, en ekki miða við sölumagn.

Um 6. liðinn í brtt., sem kveður svo á, að ekki sé heimilt að selja einum manni meira en 5 lítra í senn, sagðist frsm. viðurkenna tilganginn, en efaðist um, að honum yrði náð með þessu ákvæði. Taldi hann réttara, að brtt. færi fram á þannig löguð ákvæði, að segja hvað mætti selja einstakling mest á mánuði eða ári. Ég skal geta þess, að ég er fús til samkomulags um þetta atriði, og er ekki hræddur um, að við munum ekki koma okkur saman um þetta, og vil ég bjóðast til að taka þennan lið aftur til 3. umr. og færa hann þá í það horf, sem frsm. sættir sig við.

Þá er það 5. brtt., við 16. gr. frv., sem er þess efnis, að öllum öðrum en áfengisverzl. ríkisins

og útsölustöðum hennar sé óheimilt að flytja áfengi inn í annað lögsagnarumdæmi. Mótbáran var sú sama og kom fram við aðrar brtt. okkar, að hv. frsm. taldi þetta óframkvæmanlegt. Og hann kvað sterkara að orði síðar í ræðu sinni. Hann tók dæmi, að maður úr Árnessýslu — (BSt: Ég sagði Rangárvallas.). Jæja, það getur vel verið, mig minnir samt, að frsm. tæki til Árnessýslu, en það skiptir litlu máli. Hann tók dæmi, að þessi maður keypti flösku hér í Rvík, hvernig ætti hann að fara að, ef hann mætti ekki flytja hana heim. (BSt: Hann má drekka úr flöskunni náttúrlega). Ég hélt, að hv. frsm. væri kominn til svo mikils skilnings, af því hann fékk nú heiðurinn af að fara yfir þetta frv. í nefnd, að hann skildi, hvað átt væri við með þessari till. Það, sem átt er við með brtt., er ekki annað en það, að reyna að fyrirbyggja það böl, sem andbanningar sjálfir hafa sagt og viðurkennt, að erfiðast væri að eiga við a. m. k. hér á Suðurlandi, sem sé áfengið í bílunum, og ég hefi gengið út frá, að það væri satt. (BSt: Það er bannað að neita vins). Það veit ég vel. En þar sem gengið er út frá, að ákvæði laganna verði ekki haldin, vildi ég gera sem tryggilegast ákvæði um, að þau yrðu ekki brotin, og þetta er einmitt tilraun til að draga úr þeirri hættu. Þetta torveldar ekki að verulegu leyti fyrir þeim, sem fjær búa, að ná í áfengi, en þeir mega bara ekki hafa það með höndum fyrr en á ákvörðunarstað. Ég tek ekki til greina fjarstæðu eins og það, að ekki megi taka móti flösku á pósthúsi og flytja heim. Það sjá allir heilvita menn, að hver einasti bíll getur verið fullur af áfengi, og sagt sem svo, að hann sé að flytja fyrir nágranna sinn. Ég verð að segja eins og er, að ef mönnum er alvara að setja ákvæði í lögin, er koma að gagni, þá geta þeir ekki fundið sig í því að nota hártoganir sem aðalrök. En það er heldur engum blöðum um það að fletta, að ef sent er áfengi á ákvörðunarstað, merkt viðtakanda, þá er honum heimilt að taka þar á móti því. Hitt er annað mál, að ég tel ekki heimilt, ef mér er sent áfengi til Seyðisfjarðar, að afhenda það öðrum en mér, því öðrum væri óheimilt að flytja það. Ef hv. nefnd athugar þessar till. og telur að það megi gera þessi ákvæði fyllri, þá er ég fús til samstarfs. En ég held, að ef ekkert er gert til að fyrirbyggja þann ósóma, sem mér er tjáð, að gerist í bílunum hér sunnanlands, þá muni afleiðingar þess sjást fljótlega.

Mér þykir óviðkunnanlegt, að jafnhygginn maður og frsm. er, skuli ekki taka alvarlega þessar brtt. Um 6. brtt. sagði hann það eitt, að nm. hefðu óbundnar hendur um atkv. sitt. En það fylgdi sá böggull skammrifi, að þó ekki væri mikið við hana að athuga, þurfti hann að geta þess, að þó afnumið yrði, að lögreglustjórum væri heimilt að veita leyfi, mundi áfengið notað eftir sem áður á ólöglegan hátt. Það er alltaf sama vantraustið á því, að ákvæði laganna verði haldin. Þetta kom alstaðar fram í ræðu hv. frsm.

Um 7. brtt. hafði hann ekkert nema allt gott að segja, en áleit hana óþarfa, því hvað væri eðlilegra en að stórtemplar væri ráðunautur ráðh. í áfengismálum. (BSt: Þetta er ekki rétt farið með, ef ég má grípa fram í og leiðrétta. Ég taldi, að eðlilegast væri, að stórtemplar hefði ráðgefandi rétt til ráðh.). Ég verð að segja, að það er erfitt að fara rétt með orð eftir þessum hv. þm. eða vandfarið, þegar hann segir, að það sé ekki rétt, sem ég skrifaði orðrétt niður eftir honum. (BSt: Ætli það hafi verið orðrétt? Ég sagði fleira). Já, það er alveg rétt, ég skrifaði ekki alla ræðuna. En ég vil spyrja: Hvernig stendur á því, að ekki má setja þetta í frv., úr því ekki er nema gott eitt um þetta að segja og þetta er eðlilegt? Ef það er þetta eitt, sem ber á milli, að hann vilji ekki lögfesta, að stórtemplar sé ráðunautur, því þá ekki að leita samkomulags um þetta, ef honum er þetta svo ríkt í huga, að hann telji það sjálfsagt? Ég teldi eðlilegt, að ráðunautirnn yrði skipaður að fengnum till. allra bindindisfélaga í landinu, og ef þeim finnst rétt, að stórtemplar verði það, þá er auðvitað allt það bezta um það að segja. Ég hefi heyrt, að sumir telja, að ekki sé víst, að reglan verði eilíf, og það gæti komið annar félagsskapur með sama markmiði, og þá tel ég réttara, að ekki væri bundið við stórtemplar. Um 8. brtt., a-liðinn, er það rétt, að hann er afleiðing eða beint áframhald af 7. gr. Þar um sagði hv. frsm. þetta sama, að ekki væri nema gott eitt að segja, en þetta væri bara framkvæmdaratriði. En fyrst það er gott, er þá nokkuð á móti því, að það sé sett í lögin? Ef það væri vont, þá skildi ég, að það mætti ekki koma í lögin, en mér finnst sjálfsagður hlutur, ef manni finnst eitthvað gott, að fylgja því fram.

Svo endaði hv. frsm. ræðu sína með því að láta uppi gremju sína yfir því, hvað ég hefði haft rangt eftir sér við 1. umr. — Ég skal ekkert um það segja, en nokkuð var, að hann leiðrétti mig ekki þá í þeirri ræðu, sem hann átti kost á að flytja. (BSt: Ég flutti enga ræðu þá á eftir). Ég sagði það heldur ekki, heldur að hann hefði átt kost á að flytja. Annars skal ég ekki pexa um það, en hann var ekki búinn að nota sinn ræðutíma, og virðist mér koma hér skýrt fram, að flutnings- eða meðhaldsmönnum þessa frv. er ekki vel við miklar umr. um málið, en hv. frsm. var búinn að kveðja sér hljóðs, en féll frá orðinu, sem ég gerði líka, því ég vildi fara að hans dæmi og hvíla deildina til þessarar umr.

Ég hefði ekkert haft á móti því, að hv. frsm. tæki upp þráðinn nú við þessa umr. Ég gat þess hér fyrr í dag, að af því ég hefði átt mörgu ósvarað, en frsm. minntist ekki á þetta, sá ég ekki ástæðu til að taka upp þráðinn aftur.

Hv. frsm. bar á mig mikið hól — og meira en ég á skilið —, en það fór um það eins og um brtt., að þegar hann hafði borið á mig mikið hrós, þá varð ekkert úr gæðunum. Vildi hann heimfæra, að það kæmi til af því, að ég hefði ekki rétta trúarskoðun, vildi hann tileinka það þessari sérstöku trúarskoðun, sem hefði leitt mig afvega í þessum málum. Það er satt, að ég hefi aðra trú í þessu máli en hv. frsm. (BSt: Ég hefi skoðun, en ekki trú). Hér getur ekki verið um skoðun að ræða, því hér er framtíðin;

sem við vitum ekki um, heldur verðum að trúa um.

Ég vildi mega vænta þess, að hv. þm. láti sinn betri helming — ekki konuna, heldur þann helming sinnar eigin persónu, sem sagði í ræðunni, að brtt. væru góðar, en ekki þann helming, sem hafði ýmislegt við þær að athuga og gat ekkert fengið út úr þeim — ráða, er hann greiddi atkv. Þá veit ég, að hann greiddi atkv. með þeim brtt., sem hann taldi, að ekkert nema gott væri um að segja.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 714,1.a felld með 8:5 atkv.
— 714,1.b tekin aftur.
3. gr. samþ. með 9:4 atkv.
4.—8. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 714,2 felld með 9:6 atkv.
— 718 felld með 9:7 atkv.
— 700,1 samþ. með 10:1 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 714,3a—c felld með 8:5 atkv.
11. gr. samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 714,4.a felld með 8:5 atkv.
— 714,4.b tekin aftur.
12. gr. samþ. með 9:3 atkv.
Brtt. 700,2 samþ. með 9:2 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
14.—15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 700,3 samþ. án atkvgr.
— 714,5 felld með 9:2 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 714,6 felld með 8:5 atkv.
17. gr. samþ. með 9:1 atkv.
18.—20. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 700,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 714,7 samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** SÁÓ, ÞBr, GL, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm.
**nei:** ÞÞ, BSt, JAJ, MG, MJ, PM, EÁrna.
Brtt. 752 felld með 9:7 atkv.
— 714,8.a samþ. með 9:1 atkv.
— 714,8.b samþ. með 9:4 atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 700,5 samþ. án atkvgr.
27. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
28.—38. gr. samþ. með 9:5 atkv.
39.—44. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsagnir frv. og kafla þessa samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 756, 770, 771, 773).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 770, 771 og 773. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Ingvar Pálmason** [óyfirl.]: Ég og hv. 4. þm. Reykv. höfum borið fram brtt. á þskj. 770. Sú fyrri er við 12. gr. og er að mestu leyti sama efnis og brtt. sú, sem ég tók aftur við 2. umr. þessa máls. Hún er eingöngu fram borin vegna þess, að mér fannst sennilegra, að hún næði frekar fram að ganga hér í hv. deild, þar sem hún er breytt að forminu til frá því, sem hún var. Eins og hv. þdm. sjá, er efni hennar það, að heimilað er, að í reglugerð megi ákveða hámark þess áfengis, sem áfengisverzlunin og útsölur megi afhenda einstaklingum, svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis. Ég hygg, að þær verði ekki færri en þrjár reglugerðirnar, sem setja þarf í sambandi við þessi lög. En að því er snertir efni brtt. þessarar, þá trúi ég ekki öðru en að hv. dm. geti fallizt á að gefa þessa heimild, því að vel getur komið til mála að taka upp slíkt fyrirkomulag hér, sem þar er bent til. Líkt fyrirkomulag sem þetta hefir að undanförnu verið notað í Svíþjóð og talið reynast vel. Vænti ég því, að hv. dm. samþ. þessa brtt.

Þá er hin brtt., sem er við 17. gr. Hún er þess efnis, að aftan við 1. málsgr. þessarar gr. bætist orðin: „Svo og í bifreiðum, er flytja farþega.“ Þessi fyrri málsgr. 17. gr. hljóðar svo: „Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram.“ Hér er því farið fram á, að bannað verði einnig að neyta áfengis í bílum, sem flytja farþega. Það hefir nefnil. komið fram undir umr., að ýmsir kunnugir telja, að mjög mikill drykkjuskapur fari fram í bifreiðum. Ég er sjálfur ekki kunnugur þessu, en þar sem þetta er fullyrt af skilgóðum mönnum, þá tel ég engan vafa geta á því leikið, að þetta sé rétt, og því tel ég sjálfsagt að reyna að koma í veg fyrir, að mikill drykkjuskapur sé látinn viðgangast í bifreiðum.

Samkv. 17. gr. er talið, að ölvun manna geti orðið til þess að raska samkomum, og því þykir rétt að banna mönnum að neyta áfengis í veitingastofum og veitingatjöldum í sambandi við þær, nema þar sem sérstakt vínveitingaleyfi er. Mér virðist nú engu síður ástæða til þess, að sett séu ákvæði um, að menn megi ekki neyta víns í farþegabílum, því að það getur haft margar miður góðar afleiðingar, ef menn verða ölvaðir í slíkum farartækjum. Ég hefi t. d. orðið fyrir því að vera í bifreið, þar sem áfengi var haft um hönd, og það verð ég að segja, að það hafði óskemmtileg áhrif á mig og suma aðra farþegana. (**BSt**: Hafði áfengið áhrif á þm.?). Í þessu sambandi vil ég minna á, að bifreiðarstjórum er bannað að neyta áfengis meðan þeir eru við akstur. Mér finnst því viðurhlutamikið af löggjöfinni að leyfa farþegum, sem með bifreiðum ferðast, að neyta áfengis, sem getur orðið til þess að freista bifreiðarstjóranna. Það virðist því liggja mjög beint við, að eins og ástæða þykir til þess að gera ráðstafanir í löggjöfinni til að tryggja öryggi þeirra, sem ferðast með þessum farkostum, svo þeim stafi ekki hætta af þeim, sem farartækjunum stjórna, þá þurfi líka að tryggja það, að þeim, sem farartækjunum stjórna, stafi ekki

heldur hætta af farþegunum sjálfum. Það mun t. d. venjulegt, að einn farþegi sitji við hlið bifreiðarstjórans; sé hann ölvaður, er ekki óhugsandi, að hann geti orðið valdur að slysi, með því t. d. að slangra utan í bifreiðarstjórann, svo hann missi stjórn á bifreiðinni og hún velti út af veginum. Á þessu ber farþeginn enga ábyrgð. Ég fæ því ekki annað séð en að brtt. þessi sé alveg ómissandi, svo framarlega sem á að fyrirbyggja það, að slys verði við bifreiðaakstur vegna ölvunar manna.

Þá vil ég með nokkrum orðum minnast á brtt. þær, sem fyrir liggja frá einstökum þm. Það er þá fyrst brtt. á þskj. 771. Fyrsta brtt. á þessu þskj. er þess efnis, að í staðinn fyrir það, að allar sektir fyrir brot gegn lögum þessum skuli renna í Menningarsjóð, þá er hér farið fram á, að þær skuli renna í ríkissjóð. Brtt. þessi mun fram komin sakir þess, að ýmsir hv. þdm. hafa mjög mismunandi skoðanir á því, hvort sektarfé þetta eigi frekar að ganga í Menningarsjóð en ríkissjóð. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að það fari vel á því, að fé þetta gangi í Menningarsjóð. Það hefir jafnan verið skoðun mín, að áfengisnautn og afleiðingar hennar ættu ekki að vera tekjugrein fyrir ríkissjóðinn. Ég tel því rétt, að úr því að svo er, að ekki verður hjá því komizt, að eitthvað falli til af sektarfé sakir þessara hluta, þá renni það í Menningarsjóð.

Um brtt. á þskj. 773 vil ég aðeins segja það, að ég tel eðlilegt, að þær komi fram, því að hv. flm. þeirra hefir allt önnur sjónarmið í þessum málum en við, sem viljum draga úr afleiðingum vínnautnarinnar. Ég skal játa, að bæði hv. flm. brtt. þessara og aðrir, sem hafa þá skoðun á þessum málum, að því minni hömlur sem settar eru um notkun áfengis, þess meiri líkur séu til, að koma megi í veg fyrir bruggið, hafi kannske eitthvað til síns máls, a. m. k. frá sjónarmiði sumra bindindissinnaðra manna. En ég fyrir mitt leyti lít svo á, að miklar líkur séu til, að bæði brugg og smygl haldist eftir að lög þessi ganga í gildi, og því beri að setja hömlur, sem geta orðið til þess að draga úr neyzlu áfengis, og því sé ekki rétt að ganga inn á þá leið, að allir séu sem frjálsastir með neyzlu og sölu þessa skaðræðisdrykkjar. Ég er því eindregið á móti þessum brtt., enda þótt ég þykist skilja, hvers vegna þær eru fram komnar.

Að ég hefi minnzt á brtt. þessar nú, áður en flm. hafa talað fyrir þeim, var sökum þess, að ég vildi ekki tefja umr. með því að fara að kveðja mér aftur hljóðs við þessa umr. málsins.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að flytja 5 brtt. við frv. þetta. Þær eru allar á þskj. 773, og vil ég með fáum orðum gera grein fyrir þeim. — Fyrsta brtt. er við 2. gr. Hún er þess efnis, að síðari málsl. gr., sem gengur út á bann á innflutningi öls, falli burtu, m. ö. o., að innflutningur öls verði heimilaður.

Með frv. þessu virðist eiga að hætta að gera mun á, hvaða áfengi flytjist til landsins. Hingað til hefir ekki verið leyft að flytja inn áfengi með meira alkoholi en 21%, en eftir að frv. þetta hefir öðlazt lagagildi, má flytja inn áfengi með ótakmörkuðum styrkleika. Þetta er skynsamleg breyt., því að það virðist tæplega hægt að heimila mönnum að drekka sig ölvaða af linu áfengi, en banna hið sterkara, sem hefir alveg sömu áhrif. En þegar nú, að búið er að leyfa að flytja inn sterka drykki, þá fæ ég ekki skilið, hvers vegna ekki á að vera heimilt að flytja inn það áfengið, sem minnstan hefir styrkleikann, eins og ölið, því eins og vitað er, þá hefir það ekki nema 5% styrkleika. Það er því hollur drykkur, enda í sumum sjúkdómstilfellum talið heppilegt læknislyf, þó að það sé ekki talið á íslenzkri lyfjaskrá. Það tekur sig því óneitanlega hálfeinkennilega út, þegar búið er að heimila að flytja inn áfengi, sem hafir kannske allt að 60% styrkleika, þá skuli vera bannað að flytja inn þennan meinlausa og heilsusamlega drykk.

Þá er og þess að gæta, að þetta gæti haft töluverða fjárhagslega þýðingu fyrir okkur, t. d. með því að leyfa tilbúning öls í landinu, og að ríkissjóður tæki einkasölu á því. Ég skal ekki neita því, að tilbúningur á óáfengu öli myndi eitthvað minnka við þetta, en ríkissjóður hefir hvort sem er frekar litlar tekjur af því, svo það út af fyrir sig ætti ekki að muna miklu. Hitt vita allir, að það er ekki nema lítill hluti af hinu áfenga öli, sem menn nota til þess að drekka sig ölvaða af, því að reynslan er líka sú, að þegar menn fara að venjast öldrykkju, þá verða þeir ekki ölvaðir af öli. Það kannast allir við söguna um vökumanninn hjá Carlsberg, sem aldrei sagðist hafa verið drykkjumaður, en þegar farið var með hann til læknis, þá leiddu rannsóknir í ljós, að hann hefði drukkið 70—80 bjóra á dag.

Þá hefir því verið haldið fram, að ölið væri hættulegt sakir þess, að menn vendust á áfengisnautn. við neyzlu þess. Það er kannske ekki hægt að neita því, að finna megi einstaka tilfelli, sem bendi til þess, að menn hafi leiðzt út í víndrykkju vegna ölneyzlu, en þau munu sannarlega vera fá. Annars er reynslan sú, að þeir menn, sem í raun og veru vilja drekka, ná sér alltaf í eitthvað. Það ætti reynsla okkar í áfengismálunum nú síðustu 20 árin að vera búin að færa okkur heim sanninn um.

Þegar búið verður að samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., og það orðið að lögum, þá er um leið búið að losa þjóðina við þá móðursjúku skoðun, að hægt sé að venja fólk af áfengisnautn með lögbanni. Það er því undarlegt að vera um leið að neita um innflutning á öli, sem er meinlausast allra áfengra drykkja. Það væri því mjög æskilegt, að hv. þm. gætu fengið þær firrur út úr höfðum sér nú þegar á þessu þingi.

Önnur brtt. mín á þessu sama þskj., sem er við 6. gr. frv., er bein afleiðing af 1. brtt. Í 6. gr. er bannað að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva. Við þessa grein vil ég bæta, að ráðh. geti þó veitt innlendum ölgerðarhúsum leyfi til ölbruggunar, enda hafi þau til þess fullkomin tæki. Ástæðan fyrir því, að ég flyt þessa brtt., er sú, að eigi að leyfa hér

sölu á áfengu öli, þá er hagfræðilega rétt að draga þann iðnað inn í landið. Við höfum líka hér starfandi ölgerð, sem virðist búa til frekar gott öl, enda þótt það hafi ekki nema 2½% styrkleika. Það er því sennilegt, að hún myndi fljótlega geta komið til með að búa til áfengt öl. Yrði nú horfið að því að leyfa hvorttveggja, að flytja inn áfengt öl og brugga öl í landinu, þá mætti vernda hina innlendu framleiðslu með því að hafa tollinn á innfluttu öli nokkuð háan. Annars má vera, að samhliða þessu þyrfti að breyta tollaákvæðunum eitthvað.

Svo er 3. brtt., við 8. gr., í raun og veru aðeins afleiðing af þessum 2 brtt., sem ég hefi nú talað um. Þar er sem sé gert ráð fyrir því, að ríkið annist ekki einungis sölu þess áfengis, sem flutt er inn, heldur og þess, sem bruggað kynni að verða í landinu löglega, þ. e. a. s. þess öls, sem innlend bruggunarhús fengju leyfi til að brugga. Ég tel eðlilegt, að áfengisverzlun ríkisins hefði sölu á þessari áfengistegund, þar sem af því mundi leiða mikill fjárhagslegur hagnaður fyrir ríkissjóð. Ég tel sjálfsagt, að það séu ekki nema ákveðin ölgerðarhús, sem fengju þetta leyfi, og að ráðh., sem áfengisverzlunin heyrir undir, verði falið að veita þau. Það verður vitanlega að vera trygging fyrir því, að hver og einn, sem við bruggun fæst, hafi ekki heimild til þess að brugga áfengt öl og því síður að hann hafi heimild til að verzla með það sjálfur, fyrst og fremst af því, að nauðsynlegt er að tryggja, að þau tæki, sem notuð eru, og hin faglega kunnátta sé í bezta lagi, og í öðru lagi af því, að annars væri hætt við, að þetta yrði misnotað. Hinsvegar hefi ég ekki ákveðið tölu þeirra, er leyfi mættu fá til að brugga áfengt öl. Ég býst ekki við, að það sé nema um eitt ölgerðarhús að ræða nú sem stendur, en fleiri gætu vitanlega risið upp, og þá gæti komið til álita, hvort ætti að veita þeim leyfi, ef þau fullnægðu settum skilyrðum.

Þessar 3 brtt., sem ég hefi nú talað fyrir, eru í raun og veru allar sama efnis, ganga allar út á að breyta frv. í þá átt að leyfa innflutning og tilbúning á áfengu öli og setja reglur um, hvernig skuli fara með sölu þess.

4. brtt. mín er við 9. gr. frv., þar sem svo er ákveðið, að ríkisstj. sé heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum, en áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvgr. um það í því bæjar- eða sýslufélagi, sem í hlut á, og þarf ⅔ greiddra atkv. til þess að útsalan sé leyfð. Ég sé enga ástæðu til að gera greinarmun á þeim sýslufélögum, þar sem kauptún eru, og hinum, þar sem engin kauptún eru. Það hagar nú svo til í mínu kjördæmi, að það er eina kjördæmið á landinu, þar sem ekkert kauptún er, og ég vil segja það, að ef ástæða er til að leyfa öllum öðrum sýslum á landinu að setja á stofn útsölustaði áfengis, þá sé engin ástæða til að undanskilja þessa einu sýslu réttinum til þess. Þar með er vitanlega ekkert um það sagt, hvort sá réttur yrði notaður eða ekki. Þessi sýsla er ein af þeim mörgu sýslum á landinu, sem hefir átt við mikla örðugleika að stríða út af heimabrugginu, og það væri því ekki óhugsandi, að hún vildi til þess að reyna að vinna á móti því setja upp áfengisútsölu, a. m. k. um stundarsakir. Ég get ekki séð neina skynsamlega ástæðu til þess, að þessi sýsla mætti ekki nota þessa heimild eins og aðrar sýslur á landinu. Það eru verzlanir í sýslunni, fleiri en ein og fleiri en tvær, svo það ættu ekki að vera neinir erfiðleikar með það fremur en annarstaðar að fá menn til þess að annast útsöluna. Þó þetta sé að vísu ekkert höfuðatriði fyrir mér, þá álít ég það heldur galla á frv., og vildi ég því vænta, að hv. þd. gæti fallizt á þessa brtt. mína.

Þá kem ég að 5. brtt. minni. Ég verð að segja eins og er, að ég er í ákaflega miklum vafa, hvort ekki sé farið inn á ranga stefnu með þessu frv. með því að setja jafnstrangar skorður með sölu áfengis eins og gert er ráð fyrir. Ég býst við, að allir óski þess, að þessi nýju áfengislög geti orðið til þess að losa landið undan því þjóðarböli, sem heimabruggunin er. Það hefir oft verið minnzt á það hér, hvert stefndi í því máli, og ég veit, að öllum þdm. er það ljóst, að hin síðustu ár hefir stefnt til hreinna vandræða með þetta, þar sem heimabruggunin hefir færzt út frá ári til árs. Það eru sennilega ekki margar sveitir á landinu, sem eru lausar við heimabruggið í einni eða annari mynd, og sú mikla hætta, sem stafar af þessum nýja atvinnuhætti, er einmitt sú, að þegar menn hafa komizt upp á lagið með að brugga áfengi sjálfir, þá fá þeir það svo miklu ódýrara heldur en þeir annars eiga kost á. En ég held, að það sé viðurkennt af öllum, að ein sterkasta hvötin til þess að halda mönnum frá áfengi sé einmitt það, hvernig það kemur við pyngju þeirra. Auk þess er það augljóst mál, að því víðar sem áfengi er framleitt í landinu, því auðveldara er fyrir menn að ná í það. Ég held því, að það sé mjög varhugavert að setja nokkur þau ákvæði í frv., sem geti gert það verkum, að síður verði náð einum af þessum aðaltilgangi löggjafarinnar, sem sé að stöðva heimabruggið. Vitanlega er enginn svo bjartsýnn að halda, að heimabruggið hverfi í einni svipan, þó þessi löggjöf verði samþ.; það tekur kannske marga áratugi. En samt sem áður ættu ákvæði áfengislaganna að geta haft mikil áhrif í þessu efni. Ég vil segja það, að því frjálslegri sem áfengislögin eru, því meira sem verðinu er stillt í hóf og því léttara sem mönnum er gert fyrir að ná í löglega innflutt áfengi, þess minni eru líkurnar til þess, að menn geti í framtíðinni gert sér að atvinnu að brugga áfengi til sölu. En í þessu frv. kennir þess mjög, sem kennt hefir í áfengislöggjöfinni undanfarin ár, að keppzt er við að setja sem allra mestar hömlur á möguleika manna til þess að ná í áfengi. Að þessu miða ákvæði 12. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða, sem ég hefi annars ekkert við að athuga, og að óheimilt skuli að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu, og hefi ég heldur ekkert við það að athuga. En svo kemur ákvæði í 13. gr., sem ég álít vera hreint og beint hættulegt, sem sé, að bannað skuli að selja manni áfengi, sem sekur hefir gerzt um óleyfilega

sölu. Þegar ég segi, að þetta ákvæði sé hættulegt, miða ég vitanlega við það, að því sé framfylgt, en ég býst við, að það verði erfitt. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að áfengisverzlanirnar heimti hegningarvottorð af hverjum manni, sem inn kemur, og jafnvel þó þær fengju tilkynningu um það, hverjir það væru, sem hefðu gerzt sekir við áfengislögin, þá gæti það skolazt í minni þeirra, sem áfengið ættu að láta úti. Það er mjög hætt við því, að þetta verði ekkert annað en bókstafurinn tómur, og þá er engin ástæða til að lögfesta þetta. En ef þessu ákvæði yrði framfylgt, mundi gangurinn verða sá, að þeir, sem sekir væru fyrir ólöglega áfengissölu, mundu bara fá aðra fyrir sig til þess að kaupa áfengið, og mundu því geta haldið áfram hinni ólöglegu sölu, ef þeir vildu. Hættan við þetta er sú, að sá maður, sem þannig hefir gerzt lögbrjótur fyrir annan, færi að vakna til umhugsunar um, hvort ekki væri betra fyrir hann að reka þessa verzlun á eigin spýtur. Afleiðingin gæti því orðið sú, að sá maður, sem upphaflega byrjar á þessum viðskiptum í greiðaskyni við annan mann, fær freistingu til þess að brjóta l. sjálfur og fellur fyrir henni, og því vil ég segja, að þetta sé hættulegt ákvæði. Auk þess er það að athuga, að í raun og veru er ekkert samband í milli þess brots, sem refsað hefir verið fyrir, og þess verknaðar, sem verið er að banna, því þó maður hafi einhvern tima gerzt sekur um óleyfilega áfengissölu, þá hefir hann í raun og veru siðferðislegan rétt til þess að fá keypt áfengi til neyzlu, því það er einungis áfengi til sölu, sem eðlilegt er að banna. Þetta væri það sama og að manni, sem staðinn væri að því að smygla inn tóbaki, væri bannað að fá keypt tóbak í tóbaksverzlunum. Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt og er ekkert rökrétt samband milli þessa tvenns, sem þarna er sett í samband hvað við annað. Ég hefi því flutt þessa brtt., um að þetta ákvæði verði fellt niður.

Ég hefi þá gert grein fyrir minum brtt. og skal ekki tefja málið frekar að þessu sinni.

**Guðrún Lárusdótir:** Ætíð þegar verið er að tala um áfengislöggjöfina, dettur mér í hug saga um fátæka verkamannskonu, sem fór til dómara til þess að biðjast vægðar fyrir mann sinn, en hann hafði verið dæmdur fyrir glæp, sem hann drýgði í ölæði. Hún stóð þarna fyrir framan þennan volduga fulltrúa réttvísinnar, sem hafði hneppt manninn hennar í æfilangt fangelsi fyrir að hafa drepið meðbróður sinn undir áhrifum þeirrar vöru, sem þjóðfélagið leyfir sölu á. Hún gerði grein fyrir því, hvernig heimilislif þeirra hefði verið og sagði, að maðurinn sinn hefði verið sá bezti maður, sem hægt var að hugsa sér, utan vins, en sá aumasti og argasti fantur þegar hann hafði drukkið sig fullan. Hann hefði að vísu ekki langað til þess að drekka sig fullan, en það væru margir menn, sem freistuðu slíkra manna, þegar þeir vissu, að þeim þætti sopinn góður, og hann hefði oft fallið fyrir þeirri freistingu. Og svo spurði konan að lokum: Hvernig stendur á því, að lög landsins skuli leyfa sölu og neyzlu á slíku eitri, sem svona getur farið með jafngóðan mann eins og maðurinn minn er? Dómaranum varð svarafátt, og hefir hann sjálfsagt fundið sem góður drengur, að hér var löggjöfinni nokkuð um að kenna. — Ég verð að segja, að það er erfitt að fást við málefni eins og þetta, þar sem annarsvegar varan er leyfð, og meira að segja ætlazt til þess, að landslýður noti hana, því margir gera sér miklar tekjuvonir af henni, en hinsvegar verið að reisa sem rammastar skorður við því, að þjóðinni verði skaði af þessari vöru. Það er erfitt að draga hreinar línur í slíku máli. Þessi löggjöf, sem hér liggur fyrir framan okkur, ber þess ljósan vott, að þrátt fyrir það, þó sumir vilji láta rýmka til um áfengið og veita því sem víðast, þá álita þó hinir sömu menn, að nauðsynlegt sé að setja sem öflugastar og beztar skorður, og ég verð að segja það, að það hefir tekizt vonum framar með þessu frv., enda þótt aðalatriði frv. standi mér og öðrum áhugasömum bindindismönnum þvert um geð.

Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við 7. gr. frv., sem gengur í þá átt, að ríkissjóður taki við sektarfénu, en ekki Menningarsjóður. Þetta er nú að vísu lítið atriði, en mér finnst enginn menningarbragur á því að láta Menningarsjóð, sem á að standa undir listum og visindum landsins, græða á þeim glæpum, sem framdir eru í þjóðfélaginu. Mér finnst því sjálfsagt að skipta um og láta ríkissjóð taka við þessu fé, en hann láti svo renna í Menningarsjóð sem svarar þeirri upphæð, sem áður hefir komið af þessum sektum. Og því fremur er ástæða til að breyta til, þar sem gera má ráð fyrir, að þessi l. verði þýdd á öll menningarmál álfunnar, svo það kemst út um allan heim, að við látum Menningarsjóð þjóðarinnar lifa á þessum stærstu glæpum, sem drýgðir eru í íslenzku þjóðlífi. Þess vegna hefi ég borið þetta fram, og ég vona, að hv. Ed. sé svo smekkleg, að hún samþ. þetta.

Þá kem ég að 2. brtt. minni, sem er við 9. gr. frv. Þar er talað um heimild fyrir ríkisstj. til þess að setja á stofn útsölustaði áfengis, ef fengizt hefir samþykki hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélags. En ef fellt hefir verið að setja útsölu á stofn, er gert ráð fyrir því, að atkvgr. skuli fara fram á ný að tveim árum liðnum, til þess að leitast fyrir um, hvort ekki muni nú fást leyfi til þess að setja á stofn útsölu. Mér fyndist samræmi í þessu, ef þar sem útsala hefir einu sinni verið leyfð skuli endurtaka atkvgr. á þriggja ára fresti. Þetta mundi gefa þeim, sem eru í andstöðu, kost á að ráða þessu, og fyndist mér þá báðum aðilum gert jafnt undir höfði. Ennfremur gæti þetta orðið hvöt fyrir bindindismenn til þess að starfa vel og ræklega að bindindismálum á þessum stöðum, og fyrir mér vakir það náttúrlega að hefta sem mest nautn áfengra drykkja, og þess vegna hefi ég borið þessa brtt. fram.

Næsta brtt. mín er aðeins orðabreyting. Við 2. umr. málsins voru felld niður eftir till. allshn. nokkur orð úr 13. gr., sem hefir valdið því, að niður hefir fallið orðið „áfengi", því þar stendur aðeins: „bannað er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefir gerzt um óleyfi-

*lega sölu", en ekkert tekið fram á hvaða vöru.* Þess vegna þótt mér rétt að bæta við orðunum: „eða bruggun áfengis". Í brtt. er smá-prentvilla, þar sem stendur „og" en á að vera „eða".

Ég hefi þá rætt minar brtt., því 4. brtt. er samskonar og sú fyrsta, eins og allir sjá. Ég ætla mér ekki að tala neitt um annara manna brtt. að þessu sinni, en vil aðeins segja það við hv. 2. þm. Rang., að við erum á svo öndverðum meið í grundvallarskoðunum, að það er varla hægt fyrir okkur að tala saman um þetta, því hann vill rýmka sem mest fyrir áfenginu og gera sem hægasta aðstöðuna til að selja það, en ég vil takmarka það sem allra mest, að þessar eiturtegundir komist til fólksins. Það er mín skoðun, að hér sé um að ræða stórhættulega vörutegund, sem verði undir flestum tilfellum til meira böls heldur en við getum gert okkur í hugarlund, og ég hefi enga trú á því, að þessi rýmkun verði til þess að koma í veg fyrir heimabruggið. En hitt skal ég játa, að frá skynsamlegu sjónarmiði getur verið, að þetta veika öl næði bezt þeim tilgangi að útrýma heimabrugginu. En verður ekki erfitt að hafa eftirlit með slíku bruggi? Ég óttast það. — Ég hefi áður tekið það fram við umr. þessa máls, að mér þætti vænt um allar þær uppástungur, sem gætu orðið til þess að draga úr heimabrugginu og yfirleitt þeirri skaðsemi, sem áfengir drykkir allajafna hafa í för með sér, og þegar hv. 2. þm. Rang. hefir komið með óræka sönnun fyrir þeirri skoðun, að þessi leið sé heppileg, mun ég ekki láta á mér standa að greiða atkv. með henni.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):*** *N. hefir ekki* gefizt tími til þess að athuga þær brtt. sameiginlega, sem fram eru komnar við þetta frv. Þar af leiðandi hefir n. óbundin atkv. um hverja einstaka af þessum till. Það, sem ég kann því að minnast á þessar till., geri ég fyrir eigin reikning.

Ég ætla þá að minnast á sumar af þessum brtt., en mun ekki telja mér skylt, þar sem, eins og ég sagði áðan, n. hefir ekki tekið þær til meðferðar, að minnast á þær allar, þó að ég sé frsm. n. Þá verður fyrst fyrir mér brtt. á þskj. 770, frá þeim hv. 2. þm. S.-M. og hv. 4. þm. Reykv. Fyrri brtt. á því þskj. er um það, að setja megi í reglugerð ákvæði um hámark þess áfengis, sem áfengisverzlun og útsölur hennar megi afhenda hverjum einstakling mánaðarlega eða árlega. Svo á að setja nánari reglur um meðferð áfengis. Flm. þessarar till. komu með svipaða till. þessari við 2. umr. málsins, en tóku hana þá aftur, ef til vill og sennilega vegna orða, sem ég hafði látið um þetta falla. Eins og ég sagði þá, finnst mér það töluvert annað mál, þó að þetta sé lögtekið, að setja þannig hámark þess, sem selja megi mönnum á mánuði eða ári, heldur en að hafa það eins og þessir hv. þm. lögðu hér til við 2. umr. málsins, sem sé, að sett væru ákvæði um það, hvað mætti selja mönnum í hvert skipti, sem þeir keyptu áfengi, því að eins og ég sýndi fram á, þá var sú till. algerlega þýðingarlaus og gagnslaus. Hvað þessa till. snertir, þá virðist mér þó, að það þyrfti að bæta við hana ákvæði, því að það er nú svo, að á meðan leyfð er sala á áfengi í landinu, þá eru það vissir menn, sem stöðu sinnar vegna geta ekki komizt af með þann áfengisskammt, sem allur almenningur ætti að geta komizt af með. Það eru menn, sem þurfa vegna hins opinbera að halda uppi risnu. Mér finnst, að þeir verði að verða undanþegnir a. m. k. þessari skömmtun. Þessir menn, sem ég á hér við, eru fulltrúar landsins, og ef til vill fulltrúar kaupstaða, eins og t. d. borgarstjórinn í Reykjavík. Ég skal reyndar ekki segja um það, hver risnuskylda hvílir á honum; ég þekki það ekki. Svo eru það sendiherrar erlendra ríkja, sem þyrftu að vera undanþegnir þessu, og ef til vill fleiri. Það nær ekki nokkurri átt að fara að skammta þessum mönnum áfengi, og það kannske mjög takmarkað. Þess vegna mun ég leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við brtt. á þskj. 770, þess efnis, að reglugerð þessi skuli þó ekki ná til þeirra, sem sökum stöðu sinnar verða að halda uppi risnu.

Þá kem ég að 2. brtt. þessara hv. þm., sem er á sama þskj. og er um það, að banna að neyta áfengis í bifreiðum, sem flytja farþega. Það er nú ekki vel ljóst, við hvað hv. flm. eiga með þessu. Ef þeir ættu við þær bifreiðar einar, sem flytja farþega þannig, að þær selja viss sæti, og það er því undir tilviljun komið, hverjir eru samferðamenn í þeim, þá gæti ég samþ. slíkt ákvæði sem þetta. En mér virðist þetta ákvæði eiga að taka til allra bifreiða, sem farþegar eru í, og ef ég t. d. leigði mér bifreið til Akureyrar, og væri aðeins einn með bifreiðarstjóranum í bifreiðinni, þá sýnist mér, að ég *megi ekki* súpa á flösku í henni. Þetta þykja mér nokkuð hörð ákvæði og vil ekki undir það gangast. Hitt getur verið eðlilegt, að þar sem fólk af hreinni tilviljun lendir saman í svona farartækjum, sé rétt að banna notkun áfengis. Um það, að áfengisnotkun farþega í bifreiðum *geti leitt til þess, að bifreiðarstjórar* drekki líka, er það að segja, að þeim er algerlega bannað að neyta áfengis við akstur, svo að það ætti ekki að koma að sök. Hv. flm. munu ef til vill segja sem svo, að bifreiðarstjórar muni brjóta þessi ákvæði, ef vín sé haft um hönd í bifreiðunum. En úr því að þeir eru þarna að gera ráð fyrir lagabrotum bifreiðarstjóranna, því má þá ekki alveg eins búast við lögbrotum farþeganna? Annaðhvort er að búast við því, að lagaákvæðum sé hlýtt eða ekki hlýtt.

Þá er brtt. á þskj. 771, frá hv. 5. landsk., og er um það fyrst og fremst, að tekjur, sem inn koma vegna lögbrota, vegna þessara l., renni beint í ríkissjóð, en ekki í Menningarsjóð. Það má nú búast við því, að einmitt þegar þessi nýju áfengislög koma, þá tapi Menningarsjóður tekjum, sem hann hefir nú, og ég hygg, að honum veiti ekki af þessum tekjum, sem honum eru ætlaðar samkv. þessu frv., enda mun það ekki vaka fyrir þessum hv. þm. að svipta Menningarsjóð tekjum, heldur skilst mér það vaka fyrir hv. þm., að þannig fengið fé vilji hann ekki þiggja fyrir hönd Menningarsjóðs, en vilji aftur á móti, að ríkissjóður leggi honum fé í fjárl. Ég er náttúrlega ekki eins viðkvæmur í

þessu efni eins og hv. þm., og ég vil líka benda á það, að það er alltaf undir hælinn lagt, hvað ríkissjóður mundi leggja fram til Menningarsjóðs, og ég sé ekki annað en að það sé a. m. k. hætta á því, ef þessi till. verður samþ., að Menningarsjóður missi við það tekjur. (GL: Getur ríkissjóður ekki lagt fram sömu upphæð til Menningarsjóðs?). Það gæti hann náttúrlega, en það er bara ekki víst, hvort hann gerir það.

Þá er önnur brtt. á sama þskj. frá sama þm. um það, að þar, sem útsölur hafa verið leyfðar samkv. atkvgr., skuli endurtaka atkvgr. á þriggja ára fresti. Mér virðist það óþarft, nema því aðeins, að komið hafi fram krafa frá hlutaðeigandi mönnum. En að vera að viðhafa slíka atkvgr. þriðja hvert ár, þó að ekki sé um það beðið, virðist mér vera óþarfi. Þá er á sama þskj. brtt. við 13. gr. frv., og skal ég játa, að það er lagfæring á frv., því að eins og 13. gr. er orðuð nú, þá er bannað að selja mönnum áfengi, sem sekir hafa gerzt um ólöglega sölu. Nú er ekki alveg augljóst, hvað er átt við með þessu, því að það gæti alveg eins átt við það, að bannað væri að selja öllum þeim áfengi, sem sekir hefðu gerzt um óleyfilega sölu á einhverju, t. d. mjólk samkv. mjólkurl., og það er náttúrlega ekki meining l. Þess vegna er rétt að laga þetta, og það mundi vera gert að nokkru leyti með 3. brtt. á þskj. 771, því að þar er skýrt tekið fram, hvað átt er við. En við 2. umr. málsins hér í d. var það fellt, að láta það varða þessu, þó að maður gerðist sekur um bruggun til eigin notkunar, og þess vegna er ég ekki viss um, að till. eins og hún er orðuð nú, geti komið til atkv. hér í d., því að þó að hún sé að vissu leyti lagfæring á frv., þá er í till. atriði, sem hér er búið að fella. (IngP: Gr. er allt öðruvísi orðuð). Að vísu er það öðruvísi orðað. Ég leyfi mér því að bera fram skrifl. brtt. við 13. gr. frv., og hún er þannig, að við fyrri málsgr. gr. sé aðeins bætt orðinu „áfengis“. Þá kemur full meining í gr.

Þá er hér till. frá hv. 2. þm. Rang. á þskj. 773. 3 fyrstu brtt. fjalla allar um það sama, sem sé, að leyfa innflutning á áfengu öli til landsins og ennfremur að leyfa að brugga það í landinu. Ég verð nú að segja það, að samkv. þjóðaratkvæðinu, þá hefði mér fundizt það miklu eðlilegra, að þau upprunalegu ákvæði frv. hefðu fengið að standa, sem yfirleitt leyfðu innflutning á öllu áfengi, en Nd. hefir sett þetta ákvæði inn í frv., að banna innflutning á öli., og ég get ekki neitað því, að ég hefi verið dálítið hissa á því, vegna þess, að Nd. veitti málinu mjög skynsamlega meðferð á margan hátt. Ég skil það ekki, að þegar áfengi á annað borð er leyft í landinu, þá skuli einmitt meinlausasta tegundin tekin út úr og bönnuð. Hinsvegar skal ég játa það, að ég legg ekki mjög mikla áherzlu á þetta atriði. Ástæðurnar fyrir því, að það hefir verið fellt niður úr frv., að öl mætti flytja til landsins, munu líklega vera þær, — eða svo hefir mér heyrzt á þeim, sem halda því fram, að slíkt beri að banna, — að menn læri einna helzt að drekka áfeng vín á því að byrja á öli, eða m. ö. o., að þeir byrji þá á ölinu, taki svo Spánarvínin og endi á sterkum drykkjum. Ég held, að þetta sé ekki rétt. Ég man vel þá tíma, áður en bannl. gengu til fulls í gildi, en ég man alls ekki eftir því, að unglingar sætu þá við öldrykkju.

Þá er 4. brtt. á sama þskj., þar sem lagt er til, að áfengisútsölur megi vera utan kaupstaða og kauptúna, og hefir það komið í ljós, að þetta er flutt með sérstöku tilliti til einnar sýslu, þar sem ekkert kauptún er til, en það er Rangárvallasýsla. Ég verð nú að segja það, að mér finnst óþarfi að setja áfengisútsölur annarsstaðar en í kauptún, og hvað Rangárvallasýslu snertir, þá er þaðan ágætt vegasamband til Rvíkur og svo miklar ferðir þar á milli, að ég held, að það sé tiltölulega lítlum vandkvæðum bundið fyrir þá menn, sem þar búa, að eignast áfengi, að fá það á löglegan hátt héðan úr Rvík. En ef till. þeirra hv. 2. þm. S.-M. og hv. 4. þm. Reykv. um að banna að flytja áfengi um landið hefði verið samþ. hér við 2. umr. málsins, þá hefði vitanlega verið óhjákvæmilegt að samþ. þessa till. En hún var nú felld, og þess vegna finnst mér óþarfi að samþ. þessa till. Ef eitthvað væri samþ. í þessa átt, þá vildi ég heldur ganga inn á það, að komizt væri svo að orði, að það mætti selja áfengi utan kauptúna í þeim sýslum, sem ekkert kauptún væri í, en annars ekki, og þessi sýsla mun vera sú eina, sem svo stendur á um.

Þá vill hv. 2. þm. Rang. einnig fella niður úr 13. gr. frv. það ákvæði, að setja bann við því, að þeim sé selt áfengi, sem gerzt hafa sekir um ólöglega sölu áfengis. Þessu er ég fyrir mitt leyti alveg mótfallinn, en veit þó ekki, hvernig meðnm. minir líta á það. Mér finnst, eins og ég gerði allrækilega grein fyrir við 2. umr. málsins, að það eigi að gera skýran greinarmun á því, hvort menn hafi á einhvern hátt orðið brotlegir við l. vegna þess, að þeir hafi freistazt til þess að útvega sér áfengi til að drekka sjálfir, eða hvort þeir hafi notað það í gróðaskyni. Auðvitað er ekki hægt að neita því, sem þessi hv. þm. benti á, að það má búast við, að þeir, sem hafa gerzt sekir um ólöglega sölu áfengis og eru þar með sviptir réttinum til þess að fá það keypt, hafi öll spjót úti til þess að ná í það samt. En þetta verður nú alltaf, að maður vonar, tiltölulega fámennur hópur manna. En ef leyft er að selja þessum mönnum áfengi áfram, sem gerzt hafa sekir um óleyfilega sölu áfengis, þá má náttúrlega ganga út frá því, að þeir kaupi áfengi í þessum sama tilgangi áfram, sem sé til þess að selja það. (MJ: Þetta nær líka til þeirra, sem brugga til þess að selja). Það er líka bannað samkv. frv. að selja þeim áfengi, sem hafa bruggað til þess að selja, og ég álít það alveg réttlátt, að auk annarar refsingar sé þeim mönnum, sem hafa bruggað áfengi til þess að selja það, refsað með því að fá áfengi ekki keypt. (PM: Því á þá ekki að banna að selja þeim kaffi, sem hafa smyglað kaffi inn í landið? Er það ekki rökrétt afleiðing af hinu?). Það er ekki hægt að neita því, að það sé að nokkru leyti rökrétt afleiðing, en það er bara svo, að það er litið öðrum augum á kaffið en á áfengið, þó að kaffið geri óneitanlega meiri skaða en af er látið, og sé ekki eins mikil nauðsynjavara og fram er hald-

ið, og áfengi aftur á móti geri minni skaða en fram er haldið, þá er það samt svo, að áfengi er svo miklu skaðlegra neyzlulyf heldur en kaffi, að ég held, að rétt sé að gera greinarmun á þessu tvennu.

Ég ætla þá að leyfa mér að afhenda forseta þær tvær skrifl. brtt., sem ég hefi getið um í ræðu minni.

**Varaforseti (IngP):** Mér hafa borizt 2 skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. Eyf., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 789,I].

Þessar brtt. eru skrifl. og of seint fram komnar, og þarf því tvennskonar afbrigði til þess að þær megi koma til umr.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hefi hugsað mér að lengja ekki þessar umr. um skör fram, en það er vegna brtt., sem fram hafa komið, og þeirrar stefnu, sem á bak við fær felst, að ég vil ekki sitja þegjandi hjá. Og það, sem markar þessa stefnu skýrast, eru sumar þær brtt., sem hv. 2. þm. Rang. hefir flutt. Ég get vel skilið hans rökfærslu í þessu máli frá hans sjónarmiði og þeirra, sem hugsa líkt og hann í þessum efnum, en okkar sjónarmið er þannig, sem yfirleitt viljum engin vín inn í landið, að ef það verður að vera, þá sé sem allra mest takmörkun viðhöfð. Að við getum ekki orðið honum sammála um að rýmka um möguleikana, sem fólkið cigi að hafa til þess að ná sér í vín, er af skiljanlegum ástæðum.

Það var annað mjög merkilegt atriði, sem hann hreyfði hér og reyndi að rökstyðja, og það var um ölið. Eftir því, sem ég hefi lesið um þetta í fræðibókum, þá hefir víðar verið deilt um þetta atriði en hér hjá okkur, og meira að segja herma nýjustu fregnir frá öllöndunum það, að hafin sé sérstök herferð einmitt á móti ölbruggun og öldrykkju, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að það er viðurkennt, að ölið er meðal til þess að menn leiðist út í að drekka sterkari drykki. Þetta er almenn reynsla, og menn sjá hættuna, sem af þessu stafar, og þess vegna er nú hafin barátta á móti öldrykkju og ölbruggun. Í öðru lagi er það að athuga í þessu efni, að þær stéttir þjóðfélagsins, sem hafa yfirleitt úr minnu að spila, sem hafa minni kaupgetu, þær halla sér vitanlega helzt að þeim drykkjum, sem ódýrastir eru, og þá verður fyrst fyrir þeim ölið. En eftir að menn eru búnir að neyta öls nokkuð lengi, þá er reynslan sú, að þeir fara að leita eftir sterkari drykkjum. Þá er annað atriði til í þessu sambandi, sem er þess vert, að það sé athugað, og það er, hvaða verkanir öldrykkjan hefir. Þessi rannsókn hefir sýnt það, að öldrykkja er ekki eins fljótdrepandi frá heilsufræðilegu sjónarmiði og neyzla sterkari vína, en hún drepur samt. Ég gætti þess því miður ekki að hafa með mér þær heimildir, sem ég vitna í, en þessi rannsókn fór fram á mönnum, sem um langt skeið höfðu neytt öls, og á bezta aldursskeiði höfðu þeir algerlega eyðilagt heilsu sína. Þessi rannsókn fór fram í Danmörku, þar sem menn eiga greiðan aðgang að öli og neyta þess óspart, þó að þeir drekki sig ekki ölvaða að jafnaði, en þó hefir það þessar verkanir. Frá sjónarmiði okkar bindindismanna er þetta mjög merkilegt atriði um áhrif ölneyzlu, og því leggjum við áherzlu á, að ekki sé leyfður innflutningur sterkra öltegunda eða leyft að brugga sterkt öl í landinu. Hitt skil ég vel frá sjónarmiði þeirra, sem álita hóflega vínnautn, eins og þeir kalla það, óskaðlega, að þeir vilji hafa ölið með. En þar stangast lífsskoðanir okkar um þetta merkilega mál. Ég get því alls ekki fylgt þessari till.

Þá er hitt atriðið, að heppilegt geti verið að leyfa vínsölu sem víðast, í því skyni að kveða niður bruggið. Í þessu felst sú merkilega játning, að með áfengislögunum sé bruggið ekki úr sögunni. M. ö. o., það eru ef til vill líkur til, að bruggið þróist í skjóli þessara laga, eins og það hefir gert í skjóli núgildandi áfengislaga. Út frá því sjónarmiði væri kannske réttasta leiðin að hafa útsölur sem allra víðast. En hér stangast enn skoðanir okkar. (**PM:** Er þá „landinn" hollari?). Ég get nú ekki dæmt um það af eigin reynslu, því að ég hefi ekki bragðað á þeim drykk. Ég veit að vísu, að talið er að „landinn" hafi skaðleg efni, sem aðrir sterkir drykkir, bruggaðir undir nákvæmu eftirliti, eru lausir við. En segjum, að svo sé, þá get ég ekki gengið inn á þá stefnu að dreifa þessum útsölum sem víðast, því að reynslan sýnir, að neyzla áfengis er að öllum jafnaði því minni sem erfiðara er að ná í það. En þegar svo er komið, sem reynslan mun sýna að verður, að ekki stærra þjóðfélag en okkar neytir áfengis fyrir 2 millj. kr. á ári eða meira, þá er nokkur alvara á ferðum. Það mun hafa verið selt áfengi fyrir 1600 þús. kr. til neyzlu í landinu 1933 samkv. reikningum áfengisverzlunarinnar, og það má víst gera ráð fyrir, að neyzlan aukist upp í 2 millj. En ég verð að segja, að mér þykir það nokkuð þungbær skattur fyrir þjóðina að greiða 20 kr. á hvert mannsbarn fyrir vín. — Það voru þessi tvö atriði í till. hv. 2. þm. Rang., sem ég vildi andmæla.

Hv. frsm. n. var að gagnrýna till. okkar hv. 2. þm. S.-M., og vildi ég svara því nokkrum orðum. Hann taldi það fjarstæðu að banna farþegum að hafa vín um hönd í bíl eða vera ölvaðir þar. En það er nú svo, að menn, sem hafa ógeð á vínnautn, vilja gjarnan vera lausir við að vera dæmdir til að sitja í þessum farartækjum með ölvuðum óróaseggjum. Á það má líka benda, að það hefir oft komið í ljós við rannsókn mála út af ölvun bifreiðarstjóra, að vínin hefir einmitt verið haldið að þeim af ölvuðum farþegum. En það er krafa allra gætinna manna, að bílstjórar aki ekki undir áhrifum víns. Nú getur hæglega svo að borið, að einn farþegi sé í bíl. Hann hefir flösku meðferðis og vill dreypa á, en flestum er svo farið, að þeir hafa litla ánægju af að drekka einir. Mætti þá vel svo fara, að farþeginn fengi bílstjórann til þess að drekka með sér unz báðir væru orðnir blindfullir. (**BSt:** Bílstjórar mega ekki drekka). Nei, en það væri nú hugsanlegt, að þeir brygðu út af því, þegar enginn sér til.

(BSt: Sama máli gegnir um farþega!). Þetta eru engar röksemdir. Hitt er annað mál, að hv. þm. finnst kannske hart að mega ekki hafa pyttlu með sér í svona ferðalög. En það er nú svo margt, sem við verðum að neita okkur um, og þetta er sízt meiri sjálfsfórn en margt annað, — Þá vildi hv. þm. leggja mikið upp úr því, að ekki mætti takmarka vín við þá, sem halda uppi risnu. Ég veit nú ekki, hvað þeir eru margir, sem þar kynnu að koma til greina. Það mun vera forsrh. og e. t. v. borgarstjóri og bæjarstjórar. En ég hefi þekkt þá menn í þessum stöðum, sem ekki hafa séð sig knúða til að hafa vín til risnu, og þeir hafa ekki verið verr séðir hjá þjóðinni en aðrir embættismenn, og ég teldi rétt, að þjóðfélagið setti einhver takmörk í þessu efni. Annars vil ég láta þess getið, að mér finnst það hálfgerður skollaleikur, þegar hv. þm. er að tala vingjarnlega um sumar brtt. okkar, en greiðir svo atkv. á móti þeim öllum. Það væri hreinlegri aðferð að tala á móti þeim og greiða atkv. á móti þeim. Hv. þm. var að tala um, að þetta hefði verið svo og svo þegar hann var um þrítugt. Ég held, að hann sé farinn að ruglast eitthvað í riminu. Hann mun vera fæddur 1889, en lögin komu í gildi 1912. (BSt: 1915!). Innflutningsbannið kom í gildi 1912, svo að ég held, að þetta tímatakmark í sögu þjóðarinnar sé eitthvað farið að ruglast í höfði þessa hv. þm. Ég skal svo ekki elta ólar við hans loðnu andmæli gegn okkur, sem viljum laga frv. Ég ætla, að það myndi árangurslítið, því að örlög frv. munu þegar vera ákveðin. Taka þeir nú höndum saman, sem annars geta ekki verið sammála um nokkurn hlut. Má segja um framgang þessa skaðsemdarmáls líkt og sagt var af öðru tilefni, að á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir.

**Jónas Jónsson** (óyfirl.): Ég ætla ekki að lengja mikið umr., sem eru nú þegar orðnar allýtarlegar. En af því að þetta er stórmál og þýðingarmikið, vildi ég segja nokkur orð um leið og það er afgr. út úr deildinni.

Þegar atkvgr. um bannið fór fram árið 1908, voru miklar vonir um það í landinu, að takast mætti að útrýma víninu, og úrslit atkvgr. má telja ávöxt af starfi templara og annara bindindisvina um 30 ára skeið. Það er enginn efi á því, að hægt hefði verið að láta rætast drauma þeirra manna, sem vildu útiloka vínið að fullu og öllu, ef ekki hefðu komið í ljós sérstakir örðugleikar í landinu sjálfu, og auk þess ytri örðugleikar. Hinir innri örðugleikar, sem gerðu vart við sig, lágu í því, að embættismannastéttin, eða mikill hluti þeirra manna, sem áttu að gæta laganna, voru þeim andvígir og sýndu hvorki áhuga né skilning á málinu. Maður nokkur, sem hér var staddur og kunnugur var í Bandaríkjunum, sagði, að óhugsandi væri, að slík lög þrifust í landi, þar sem embættismennirnir sætu æfilangt og væru ekki kosnir af þjóðinni sjálfri. En þar vestra eru embættismennirnir kjörnir til skemmri tíma og sjá sér því síður fært að standa á móti vilja almennings. (MG: Hvernig fór með bannið í Bandaríkjunum?). Það var af öðrum ástæðum, að bannið misheppnaðist þar. Auðmenn Bandaríkjanna grófu undan málinu, og með aðstoð bruggaranna tókst að eyðileggja það. Hér á landi komu svo ytri örðugleikar til sögunnar. Spánverjar settu okkur þung skilyrði í verzlunarmálum, og þegar greidd voru atkv. um Spánarundanþáguna hér á Alþingi, greiddu aðeins 2 þm. atkv. á móti, núv. formenn Alþfl. og Framsfl. Það hafði auðvitað ekki aðra þýðingu en að sýna, hve útlenda kúgunin var mikil, en á því þingi sagði núv. form. Alþfl., að hann vildi heldur afnema bannlögin með öllu en að gera það, sem þá var gert. En það, sem þá gerðist, var í raun og veru afnám bannlaganna og eftir það varla hægt að tala um annað en takmörkun á áfengissölu. Afleiðingar þessarar undanþágu komu líka brátt í ljós. Smygl og læknabrennivín færðist í aukana og skipin urðu að fljótandi vínbúðum. Stjórn sú, sem sat að völdum 1927—31, beitti sér fyrir allmikilli herðingu á áfengislöggjöfinni, og framkvæmd í því efni hafði þau áhrif, að skipin hættu að vera fljótandi áfengisbúðir og læknabrennivínið hvarf að miklu leyti. En að sama skapi var aukin mótstaðan af hendi þeirra manna og þeirra blaða, sem stóðu að stærsta stjórnmálaflokknum í landinu og vildu eyðileggja löggjöfina frá 1928. Af hendi þessara manna var logið upp á gæzlumenn laganna, bornar út sögur um, að á þá hefði verið ráðizt og þeim misþyrmt. Það var reynt að grafa undan málinu í stað þess að styðja það eðlilega aðhald, sem að var stefnt með löggjöfinni. Það má segja templurum til hróss, að þeir studdu stjórnina 1928 við þessa tilraun um breytta löggjöf til þess að halda opinberri ofdrykkju niðri. En þegar lögin komu til framkvæmda, bilaði sá hópur, og þeir, sem voru undir áhrifum þeirra blaða, sem reyndu að rífa áfengislöggjöfina niður, skárust úr leik. Þegar það varð ljóst, að templarar gátu ekki staðið með þeim lögum, sem þeir áttu helztan þátt í að voru sett, var mótstaða þeirra í raun og veru brotin á bak aftur. Svo kom að endalokum málsins á þann veg, að þegar tekizt hafði að draga úr skipabrennivíni og læknabrennivíni og ráðstafanir höfðu verið gerðar til þess að koma í veg fyrir, að fullir menn væru á slangri um götur höfuðstaðarins, þá reyndu andstæðingar málsins að kynda undir þá sterku löngun, sem margir Íslendingar hafa til víndrykkju. Þeir hvöttu menn til þess að brjóta lögin, og þá var farið að brugga. Áður en stj. fór frá, hafði hún samið við Björn Blöndal um löggæzlustarf, til þess að reyna að vinna á móti brugginu. Þessi maður hefir sýnt ákaflega mikinn dugnað í starfi sínu, og hann hefir sýnt það, að það væri hægt að halda brugginu í skefjum og láta það fara sömu leiðina og læknaog skipabrennivínið. En Björn Blöndal stóð nærri því einn í starfi sínu, og á sama tíma var sótt fram af þeim mönnum í landinu, sem alltaf hafa viljað bannið feigt. Í skjóli þeirrar sóknar fór atkvgr. í fyrra fram, þar sem nokkur meiri hl. þeirra, er atkv. greiddu, óskaði eftir afnámi bannsins að fullu og öllu. Í dag er nú verið að ljúka þessari tilraun í baráttunni við áfengið. Ég geri ekki ráð fyrir, að

þessi kapituli í sögu málsins verði talinn tilgangslaus. Íslendingar voru fyrsta þjóðin, sem gerði þessa djörfu tilraun, og við höfum a. m. k. safnað mikilsverðri reynslu. Við eigum minningar bæði um sigra og ósigra, og ég geri ráð fyrir, að byggt verði á þessari reynslu, sem við höfum aflað okkur.

Ég sé ekki ástæðu til að halda í leifar bannsins. Með atkvgr. í fyrra, þó að hún væri ekki fullkomin, hefir þjóðin lýst því yfir, að hún vildi ekki halda lengra á þessari leið. Ég þykist þess þó fullviss, að baráttan verði færð yfir á ný svið. Sá kapituli, sem við höfum skrifað í okkar sögu síðan 1908, er nú á enda. En þegar Alþingi fyrir 2—3 árum lagði inn á þá braut að styrkja templara og skóla landsins til þess að vinna á móti áfenginu, hófst nýr kapituli í sögu þessa máls. Mitt traust til skólanna hefir ekki brugðizt. Ég hefi nýlega talað við tvo drengi frá Akureyrarskóla, sem sótt hafa hingað fund um þetta mál, og fregnir, sem berast frá skólunum, eru þær, að viðast hvar er þátttakan í bindindisstarfinu mjög almenn meðal nemenda, og gefur það góðar vonir í þá átt, að unga fólkið í landinu ætli ekki allt inn á leið vinnautnarinnar, þó að nú sé breytt um tilhögun þessa máls. Ég geri ráð fyrir, að það væri ekki óhugsandi leið, að tekið væri t. d. upp sænska fyrirkomulagið um það að skammta áfengið. Ég hygg, að það væri alveg rétt af þeirri hæstv. stj., sem við þessari atkvgr. tók, en hún er ekki ánægðari með hana en það, að ég hygg, að allir ráðh. hafi helzt viljað, að þeir þyrftu ekki að koma nálægt þessu afnámi á banni á sterkum drykkjum, og einn þeirra mun sennilega greiða atkv. á móti því. En ég hygg samt sem áður, að þótt hæstv. stj. hafi flutt þetta sem nauðungarfrv., sem hún er skyldug til þess að flytja, þá hafi verið rétt að fara ekki strax inn á nýjar brautir, en gefa þjóðinni tækifæri til þess að átta sig á því, hvaða nýjar ráðstafanir þarf að gera til þess að leysa úr þeim vandræðum, sem hér eru á ferðinni. En ef við samþ. húsbyggingu góðtemplara, þá er það einskonar merki um það, að þjóðfélagið vilji styðja templara til þess að vinna á móti öfgafullri áfengisnotkun, eins og gert hefir verið áður.

Ég sé, að einn af hv. landsk. þm. hefir komið með þá till., að fellt verði niður, að áfengissektarfé renni til Menningarsjóðs. Þetta hlýtur að stafa af ókunnugleika, því að það mun mála sannast, að ekki þyki það horfa til menningar, að um leið og gert er auðveldara að drekka og búast má við að áfengið skoli enn fleirum ofan í rennuna en undanfarið, þá á að fara að klípa af þeim litlu tekjum, sem runnið hafa af sektarfé í Menningarsjóð. Ég vil tilkynna hv. 5. landsk. það, að ef þessi brtt. yrði samþ., þá mundi ég bera fram till. um það á næsta þingi, að þær 60 þús. kr., sem fást af áfengisgjöldum og sektarfé, renni allar til þeirrar menningar, sem studd er af þessum sjóði. Hv. þm. hlýtur að vita, að þessir peningar, þetta litla styrktarfé, hefir verið aðalstoð allra lista í landinu á undanförnum árum. Þessi hópur ungra og ágætra manna hefir jafnvel átt við hungur að stríða til þess að geta leyst af hendi ódauðleg listaverk. Þeirra aðalhjálp eru þessar litlu tekjur, sem teknar eru af áfengisgjöldum og sektarfé. Þegar menn hugsa um, að land okkar er að mestu leyti órannsakað náttúrufræðilega, þá liggur það í augum uppi, að það er ekki hyggilegt að taka þann litla hluta þessa styrks af vísindamönnum þeim, sem við þessar ransóknir fást, sem þeim er ætlaður.

Sama er að segja um þann hluta styrksins, sem gengur til bókaútgáfu í landinu. Vegna dýrtíðar og fámennis má segja, að þannig sé nú ástatt, að sárafáir bókaútgefendur treysti sér til þess að gefa út bækur. Þess vegna tel ég alveg ófært að fara að leggja þennan litla styrk niður. Ég veit að vísu, að þessar till. hv. 5. landsk. verða felldar, en það er ekki nóg, því að þessar tekjur, sem sjóðnum eru ætlaðar, eru svo rýrar, og sérstaklega hafa þær verið það síðustu 2 ár, sökum þess að áfengislögunum hefir verið slælega framfylgt og mikið hefir verið gefið eftir af sektarfénu. Þess vegna er ekki sízt nauðsynlegt, að landinu verði sómi sýndur í þessu efni einmitt núna. Ég er að vissu leyti þakklátur hv. 5. landsk. fyrir að hafa minnzt á þetta mál, enda þótt það hafi verið á annan veg heldur en æskilegt hefði verið. Að öllu athuguðu er það augljóst, að nauðsynlegt er að gera meira í þessu efni heldur en gert hefir verið.

**Guðrún Lárusdóttir** óyfirl.: Ég vil svara nokkrum atriðum, sem fram komu í síðustu ræðu hv. þm. S.-Þ. Hann taldi, að brtt. mín um, að fyrir Menningarsjóð komi ríkissjóður, væri byggð á misskilningi og þekkingarskorti á þessum málum. Ég hefi áður minnzt á það, að ríkissjóður ætti að vera milliliður, sem skammtaði nákvæmlega sömu upphæð til þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og fæst nú sem sektarfé. Þetta tók ég greinilega fram í þessari hv. deild, en hv. þm. S.-Þ. hefir víst ekki verið viðstaddur í það skiptið, eins og oft ber við, og því ekki heyrt mál mitt.

Svipað kom í ljós hjá hv. frsm. fjhn. Ræða hans gaf ótvírætt í skyn, að hann áliti, að ég ætlist til þess, að styrkurinn til Menningarsjóðs falli alveg niður. Þetta hefi ég aldrei sagt. Ég sagði aðeins, að mér þætti ósæmilegt, að sjóður, sem styður listir og vísindi landsmanna, væri byggður upp á glæpafé og sektum fyrir slæmt framferði. Ég sé því ekkert til fyrirstöðu, að þetta sektarfé renni í ríkissjóð, og hann miðli svo Menningarsjóði sömu upphæð, sem undanfarið hefir gengið til hans. En þar sem í ráði er að þýða þessi lög á dönsku, þýzku, ensku og frönsku, þá er þetta ákvæði laganna, sem ég hefi lagt til, að breytt yrði, varla til þess að efla menningarbrag íslenzku þjóðarinnar með erlendum þjóðum. Hitt tek ég alls ekki til mín, að ég sé að sparka í menningu landsins, þótt ég beri fram þessar brtt.

Hv. frsm. fjhn. fór nokkrum orðum um brtt. minar, sem ég vil leyfa mér að minnast lítilsháttar á. Hann sagði, að það ætti ekki við, að atkvgr. væri endurtekin nema því aðeins, að

fram kæmi ósk um það. Nú er það svo, að í 9. gr. þessara laga er talað um það, hvernig til skuli haga, þegar atkvgr. um stofnun útsölu hefir verið felld á einhverjum stað. Þá kemur ekki til óska íbúanna. Þá er gert ráð fyrir, að atkvgr. geti ekki farið fram fyrr en 2 árum seinna, þar sem gert er ráð fyrir atkvgr. Mér þykir réttmætara, að móti þessu komi það, að þeir staðir, sem hafa leyft vín, fái eingöngu tækifæri til þess að endurtaka þessa atkvgr. Það hefir ef til vill verið yfirsjón mín, að taka þetta ekki fram í brtt. minni, en mér fannst þetta svo augljóst mál, að ég taldi þess ekki þörf.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um 3. brtt. mína, við 13. gr. frv., um það, að orðin „og bruggun áfengis", bætist við. Hv. frsm. fjhn. taldi rangt að samþ. þessa brtt., vegna þess að hún hefði verið felld við 2. umr. málsins. Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. þm., vegna þess að við 2. umr. voru einungis felld burt orðin „eða ólögleg meðferð áfengis". Nú stóð aðeins, eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, eftir í frv. „ólöglega sölu". Hv. þm. sagði, að till. geri ekki grein fyrir, hvaða sölu átt sé við. Þess vegna fannst mér vanta í þessa setningu, að það, sem undir bjó, kæmi fram. Þess vegna bætti ég þessum orðum við.

Ég gleymdi áðan að minnast á skrifl. brtt., sem ég hefi borið fram við 3. gr. frv., þar sem talað er um, að fram skuli fara fræðsla við þá skóla landsins, sem opinbers styrks njóta, um skaðleg áhrif áfengis; í brtt. er bætt við orðunum „og tóbaksnautnar", þar sem kunnugt er, að tóbaksnautnin fer mjög í vöxt hér á landi, svo að til vandræða horfir. Ég hefi oft rekið mig á tiltölulega ung börn reykjandi. Kennarar við barnaskólana hafa kvartað undan því, hvað reykingar hafi skaðleg áhrif á andlega og líkamlega heilsu barnanna. Og það eru margir, sem telja, að vindlingurinn sé fyrsta sporið í áttina til áfengisnautnar. Reykingar hafa mjög skaðvænleg áhrif á taugakerfi barnanna og þar af leiðandi á mótstöðukraft þeirra yfirleitt. Af því, sem nú var nefnt, sýnist mér ekki úr vegi, að fræðslu um skaðsemi tóbaksnautnarinnar sé bætt við.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Það er þægilegt fyrir mig, áður en ég stend upp, að fá yfirlýsingu frá hv. 5. landsk. um það, að það sé vindlingurinn en ekki ölið, sem komi æskumanninum út á ofdrykkjubrautina. (GL: Ég talaði aðeins um vindlingana, en nefndi hitt ekki á nafn). Ég get vel tekið undir þetta með hv. þm. Margir unglingar hafa tilhneigingu til þess að neyta tóbaks og gera sér þá ekki grein fyrir afleiðingunum, frekar en þeir, sem drekka öl í óhófi.

Hvað fyrstu 3 brtt. snertir, get ég verið hv. frsm. þakklátur fyrir undirtektirnar. Hann lýsti því yfir sem sinni skoðun, en ekki n., að hann teldi till. réttmætar og það bæri því, samkv. sínu áliti, að samþ. þær. Aftur á móti hafa till. mætt andstöðu úr annari átt, sem sé frá hv. 5. landsk., sem fór lítið út í þetta atriði. Hann talaði af sanngirni og sagðist óttast, að erfitt yrði að framkvæma eftirlitið. Þessar áhyggjur hv. þm. eru ástæðulausar, því að ef þessi leið verður farin, sem hér er lagt til, að veita ákveðnum ölgerðarhúsum leyfi til bruggunar hér innanlands, þá ætti að vera tiltölulega auðvelt fyrir hæstv. ríkisstj. að setja eftirlit með þessum húsum, sem á að vera trygging fyrir því, að þessi heimild verði ekki misnotuð, þannig að ekki verði selt áfengi eða öl utan við ríkissöluna.

Hvað snertir innflutning og sölu hjá áfengisverzluninni, get ég ekki séð, að meiri hætta sé á misnotkun ölsölunnar en á sölu áfengisins. Það er alltaf nokkur hætta á misnotkun, því að reynslan er búin að kenna okkur, að salan hefir ekki nema að litlu leyti gengið í gegnum þær stofnanir, sem heimild höfðu til þess að selja áfengið, heldur farið í gegnum hendur lögbrjóta, bæði innlendra og erlendra. Þessa ástæðu á móti till. minum álít ég því mjög lítils virði.

Hv. 4. þm. Reykv. kom með enn aðra ástæðu á móti þessum till. Hann hélt því fram, að höfdrykkjan væri leið til annarar áfengisnautnar. Ég vil spyrja þennan hv. þm., hvernig þetta hafi verið undanfarið. Það hefir verið kvartað yfir því, og það með réttu, að áfengisnautnin væri að aukast hér á landi á síðustu árum, og flestir, sem nú eru miðaldra, verða að viðurkenna, að nú flæðir áfengið yfir stór svæði, sem voru „þurr", þegar þeir voru á unglingsaldri. Mjög margir þekkja þetta af eigin reynslu. Ég held, að varla verði ölinu kennt um þessa aukningu áfengisnautnarinnar hér á landi síðustu árin.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að meðan algert aðflutningsbann var á áfengi hér á landi, var landið samt aldrei „þurrt". Víðast hvar á landinu var auðvelt að ná í áfengi, ef menn aðeins kærðu sig um. En hér um bil eina tegundin af áfengi, sem fáséð var og næstum óþekkt hér á landi, þegar síðustu bannlög komu í gildi, var einmitt áfenga ölið. Það er mjög skiljanlegt, að bannaður hefir verið innflutningur á því alla tíma; það stafar af því, hve fyrirferðarmikið ölið er. Þess vegna er minna smyglað af því en af sterkum drykkjum. Það er vitanlega ólíkt hampaminna að smygla inn einni flösku af koníaki eða wisky heldur en einum kassa af öli, og þó mun vera meira áfengismagn í einni flösku af áðurgreindum áfengistegundum heldur en í heilum ölkassa. Þetta er ástæðan fyrir því, að ölið er horfið.

Reynsla sú, sem fengizt hefir í þessu efni, bendir sannarlega ekki í þá átt, að það hafi verið ölið, sem kenndi fólkinu að drekka, og nú er kvartað um það fyrst og fremst, að það sé unga fólkið, sem drekki. Áfengisnautnin er mikið algengari meðal þess heldur en hjá gömlu kynslóðinni, sem alin var upp við áfengi frá barnæsku.

Hv. þm. kom með aðra skýringu á þessu. Hann hélt því fram, að skiljanlegt væri, að menn byrjuðu á ölinu, vegna þess að það væri ódýrast. Þetta sýnir, hversu hv. þm. er gersneyddur því, að vera skynbær á málefni þau, sem hér um ræðir. Óáfengt öl er selt hér á 50

aur. fl. í heildsölu og dálitið dýrara í smásölu, en ég geri ráð fyrir, að áfenga ölið sé selt hærra verði, því að fyrst og fremst er tollurinn á því hærri, og svo kostar meira að búa það til, geri ég ráð fyrir, og svo er álagningin á því meiri, svo að það verður ekkert ódýr vara að lokum. Allir, sem eitthvert skyn bera á þetta mál, vita, að í öli er ekki nema ¼ af alkoholi til móts við sherry og portvín, svo að það þarf margfalt meira af ölinu til þess að það hafi jafnsterk áhrif og þessar víntegundir. Ef menn nota ölið ekki til þess að drekka sig hreyfa, þá eru engin líkindi til þess, að það komi þeim út á áfengisbrautina. Til sælgætis drekka menn ekki öl, heldur sem svaladrykk.

Það er önnur hlið þessa máls, sem gerir það að verkum, að ólíklegt er, að ölið verði jafnmisnotað hjá okkur Íslendingum eins og í sumum Suðurlöndum, vegna þess að loftslagið og hitinn þar suður frá hvetur menn til þess að neyta svaladrykkja meira en góðu hófi gegnir. Ölið er almennur drykkur í Þýzkalandi, en er samt ekki notað til þess að drekka sig ölvaðan af því. Menn þamba það bara við þorstanum. Vitanlega gildir sama um öl og allan annan drykk, að það er hægt að drekka of mikið af því. Ég er ekki viss um, að til sé nokkur drykkur, sem ekki getur skaðað heilsu manna, sé hans neytt um of. Það er jafnvel hægt að drekka sér til óbóta af okkur krystalstæra Gvendarbrunnavatni, svo maður tali nú ekki um kaffi og te.

Hv. þm. sagði í þessu sambandi, að hann gæti vel skilið, að þeir menn, sem ekki álitu vínið skaðlegt, og talaði hann þá til mín, að því er mér virtist, vildu líka hafa öl, og yfirleitt talaði hv. þm. í þeim tón, sem við teldum æskilegt að neyta víns sem mest. Ég fyrir mitt leyti hefi ekki látið í ljós neina skoðun í þessu efni, en hinsvegar get ég tekið það fram, að ég hygg, að enginn skoðanamismunur sé á milli mín og hv. 4. þm. Reykv. um það, að ofnautn áfengis sé stórskaðleg ungum sem gömlum. Okkur greinir á um allt annað. Fyrst og fremst um það, hvort líklegt sé, að áfengisnautn vaxi, þótt létt sé af þeim leifum, sem eftir eru af okkar 20 ára gömlu bannlögum. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að það sé síður en svo, að afnám bannlaganna muni verða til þess, að ofdrykkja aukist, heldur muni það þvert á móti verða til þess, að áfengisnotkun fari minnkandi. Ég hefi áður gert grein fyrir þessari skoðun minni hér í þessari hv. deild, þegar ég og hv. 1. þm. Reykv. fluttum hér frv. um afnám bannlaganna. Þá var rætt um þetta mál hér á hv. þingi, og mun ég því ekki endurtaka nú það, sem ég sagði þá.

Ástæðan til þess, að ég get ekki séð neinar líkur til þess, að áfengisnautn vaxi, þótt bannið verði afnumið, er sú, að hver, sem áfengis vill neyta, hefir átt kost á að afla sér þess bæði á löglegan og ólöglegan hátt. Svo að segja hver maður í landinu getur valið um, hvort hann vill láta eftir tilhneigingu sinni eða ekki. (SÁÓ: Mun hann ekki geta gert það áfram?). Jú, það er líklegt, að hann muni geta gert það. Vitanlega eru engin líkindi til þess, að brugg hverfi, þótt þessi breyting verði gerð.

Þeir hv. þm., sem vilja styðja að því, að þessi bannlög, ef bannlög skyldi kalla, haldist, verða ásamt öðrum skoðanabræðrum í þessum efnum að taka á sig ábyrgðina á því, hvernig komið er á þessu sviði. Brugg þekktist ekki hér á landi fram að 1915. Það var ekki fyrr en um það leyti, sem bannið var í rauninni afnumið, að bruggið gerir vart við sig hér. Við hefðum líklega aldrei komizt út í annað eins öngþveiti og raun beri vitni um, ef við hefðum ekki átt að búa við svona slæma áfengislöggjöf.

Hver sem er getur nú aflað sér áfengis, þegar hann vill, löglegs eða ólöglegs. Þeir, sem vilja neyta áfengis, gera það eins og engar hömlur væru. En það er önnur hlið á þessu máli, sem máske er erfitt að færa sönnur á, en allir vita þó, að er til. Það er sú togstreita, sem hefir verið um það, að ná í ólöglegar áfengistegundir, af því að meira hefir þótt varið í að geta boðið gestum sínum upp á hin sterkari vín, af því að þau þykja betri, og auðvitað jafnframt af því, að erfiðara er að afla þeirra. Ég er ekki að mæla þessum hugsunarhætti bót, heldur að segja frá staðreyndum. En ég er þess fullviss, að þegar hinar síðustu hömlur eru teknar burt, eins og nú á að gera, þá verður sú breyting á þessu, að mönnum, sem annars hafa vín um hönd, finnst að þeir geti vel boðið gestum heim til sín án þess að veita þeim ólöglegt áfengi, eða jafnvel nokkurt áfengi.

Þegar kyrrð er komin á þetta mál og óánægjan hjöðnuð, sem verið hefir á báða bóga, meðan á því hefir staðið að leggja niður þessa ræfla af bannlögunum, hljóta af sjálfu sér að skapast betri skilyrði fyrir heilbrigða bindindisstarfsemi heldur en áður. Það, sem okkur hv. 4. þm. Reykv. og mér ber á milli, er ekki það, að við séum ekki sammála um, að drykkjuskapur sé böl og bindindi æskilegt, heldur hvaða leiðir eigi að fara, og ef til vill hvað skuli drekka. Hv. 4. þm. Reykv. vill fyrst og fremst, að menn drekki hin heitu vín, eða Spánarvínin svo nefndu, og svo auðvitað landann. Ég þekki nú landann lítið af eigin reynd, en svo mikið veit ég, að hann er misjafn að gæðum, og víst er, að ýmsir hafa beðið skaða af honum, þótt hans hafi ekki verið neytt að neinum mun, að því slepptu, að menn hafa hér á ári hverju drepið sig á eitruðu áfengi vegna bannlaganna. En ég vildi gjarnan heyra hv. 4. þm. Reykv. færa rök að því, að landi og Spánarvín séu betri og hollari til drykkjar en hin sterku erlendu vín eða öl, sem er 4% að styrkleika. Ég skal óhræddur taka upp við hann viðræður um þetta, þegar hann hefir borið fram sín rök í málinu. Hann var að tala um einhverjar vísindabækur um skaðsemi öls, sem hann hefði lesið, en ég er hræddur um, að þau vísindi eigi við aðra staðhætti en hjá okkur eru. [Fundarhlé].

Ég held ég geti nú látið úttalað um ágreininginn milli okkar hv. 4. þm. Reykv. út af brtt. hans, og skal ég þá fara örfáum orðum um mótbárur annara hv. þm. gegn brtt. mínum. Hv.

frsm. andmælti síðustu brtt. minni, þar sem gert er ráð fyrir að leyfa sölu til manna, þó áður hafi gerzt brotlegir gegn áfengislögunum. Hann játaði þó, að erfitt mundi verða að framfylgja banni við slíkri sölu og það mundi verða lítt haldið, því að þessir menn mundu ciga auðvelt með að fá aðra til þess að kaupa vín fyrir sig, en hitt væri vandalítið fyrir lögregluna, að sjá um, að þessir dæmdu menn keyptu ekki vín sjálfir. Ég held nú, að lögreglan hafi annað að gera en að eltast við þá menn, sem dæmdir hafa verið fyrir áfengislagabrot, til þess að sjá um, að þeir kaupi ekki vín. Hitt er annað mál, að hún getur tilkynnt vínútsölunum, hverjir hafa verið dæmdir, en hinsvegar verður að sjálfsögðu erfitt fyrir útsölurnar að framfylgja því, að þessir menn fái ekki vín afhent.

En hv. frsm. lét eins og vind um eyrun þjóta höfuðröksemdir minar fyrir þessari till., sem sé þær, að þegar menn eru þannig *hæfilega* lengi búnir að kaupa vín fyrir aðra, þá geti farið svo, að þessir menn freistist til þess að fara að kaupa vín fyrir eigin reikning. Ég sé ekki betur en að þetta sé rökrétt hugsun hjá mér, og ég get ekki skilið, að menn vilji koma þessum mönnum þannig til þess að fara að brjóta áfengislögin. Mér er því óskiljanlegt, hvers vegna hv. frsm. talar á móti þessari brtt., og er jafnvel hræddur um, að það stafi af því, að n. var búin að taka afstöðu móti till.

Þá mælti hann einnig á móti 4. brtt. minni, þar sem lagt er til, að heimild til þess að stofna nýjar útsölur sé ekki skorðuð við kaupstaði og kauptún. Hann sagði, að hvað Rangárvallasýslu viðkæmi, þá væri ekki vorkun fyrir íbúana þar að ná víni frá Rvík, þar sem samgöngur væru svo örar á milli. Ég hefi ekki gefið neinar fullyrðingar um það, hvort Rangæingar mundu nota sér þennan rétt, þó brtt. yrði samþ., en það vil ég leggja höfuðáherzlu á, að eitt af því þýðingarmesta, sem vonað er, að náist með þessari löggjöf, er einmitt það, að heimabruggið verði kveðið niður. Það hefir verið játað, m. a. af hv. 4. þm. Reykv., að því *frjálslegri sem löggjöfin yrði*, því meiri von væri um, að hún gæti orðið til þess að útrýma heimabrugginu. Og ef við erum á annað borð sammála um, að það eigi að vinna á móti heimabrugginu og það verði frekast hægt með frjálslegri áfengislöggjöf, þá er það óskiljanlegt, hvernig hv. þm. geta verið á móti svo frjálslegri og sanngjarnri till. sem þessari 4. brtt. minni. Og ef þetta er vopn gegn heimabrugginu, hvers vegna á þá að neita sumum um að beita því vopni, bara fyrir það, að þeir búa ekki í þorpi eða kaupstað? Því hvað er hættulegra við að hafa útsölu í sveit heldur en í kaupstað? Þeir, sem telja það hættulegra, að menn eigi greiðan aðgang að útsölunum, ættu að sjá, að þá er sú hætta mest í þéttbýlinu. Það ætti því frá sjónarmiði þessara manna að vera *minni* hætta af útsölum þar, *sem* þéttbýlið er minna, heldur en þar, sem menn hafa útsöluna rétt við bæjarvegginn. Ég get því ekki séð, að hv. þm. hafi nein frambærileg rök fram að færa gegn þessari brtt. minni.

Ég skal svo minnast örfáum orðum á tvær aðrar brtt., sem fyrir liggja frá hv. 2. þm. S.-M. og hv. 4. þm. Reykv. og nokkrar umr. hafa orðið um. Hv. frsm. talaði um þær með velvild, og aðrir, sem hafa á þær minnzt, hafa yfirleitt tekið í sama streng. Nú vil ég benda á, að það er þegar búið að reyna þá leið að skammta mönnum áfengi. Það var gert með reglugerð, sem sett var 1922. Þar var settur viss hámarksskammtur, sem hver maður mátti fá af áfengi, en þetta ákvæði reyndist ekki betur en svo, að það var fellt niður næst þegar reglugerð var samin. Skömmtunin kom ekki að neinu liði, en olli erfiðleikum og tímatöf við afgreiðsluna. Ef einhver maður var búinn með sinn skammt, var hægurinn hjá að fá síðan skammt konunnar eða annara vandamanna, og ef þá leið þraut, var alltaf hægt að fara til kunningja, sem ekki notuðu sinn skammt.

Ég átti eitt sinn tal við mann, sem starfaði við *afgreiðslu í áfengisverzluninni*. Hann sagði mér, að hann væri ekki viss um nema einn mann, sem hefði verið svo löghlýðinn að nota aðeins sinn skammt, og ekki einusinni tekið út vín á nafn konunnar. Aðrir viðskiptamenn hefðu meira og minna farið í kringum þessi ákvæði reglugerðarinnar. Mér finnst ákaflega hæpið að fara nú aftur að taka upp þessi ákvæði, þegar nokkurn veginn er víst, að þau hafa engin áhrif.

Um 2. brtt. þeirra er það að segja, að þó ég sé þeim sammála um, að það eigi alls ekki að viðgangast, að ölvaðir menn séu í bílum, sem ætlaðir eru sem farartæki fyrir almenning, og þó bæði ég og aðrir hafi rekið sig á, að slíkt veldur oft ýmiskonar leiðindum fyrir aðra farþega, þá er ég sannfærður um, að till. þeirra mundi ekki hafa nein áhrif til að koma í veg fyrir þau leiðindi. Það segir í brtt., að ekki megi neyta áfengis í bifreiðum, sem farþega flytja. Nú er það, eins og hv. frsm. benti á, dálítið óeðlilegt að gera hér engan greinarmun á því, hvernig á farþegaflutningnum stendur, hvort tilteknir menn hafa slegið sér saman um bíl, eða hvort um er að ræða bíl, sem tekur hvern sem er, meðan rúm leyfir. Í sjálfu sér er ekkert fremur athugavert við það, þó menn neyti áfengis í bílum heldur en annarsstaðar, ef það er með góðu samkomulagi allra þeirra, sem í bílnum eru. Ég hefi ekki heyrt um, að slys hafi af því hlotizt, að farþegar hafi haft vín um hönd.

Svo er hitt, að þó það kæmist í framkvæmd, að áfengis væri ekki neytt í bílnum, þá væri hægurinn hjá að fá bílstjóra til þess að stöðva bílinn hæfilega oft og fara út til þess að súpa á flösku sinni þar. Ég skil ekki í öðru en áfengið hafi jafnt sín áhrif, hvort sem þess er neytt inni í bílnum eða úti á guðsgrænni jörðinni.

Ég held því, að það, sem gera þarf í þessu efni, sé það, að setja einhver viðtæk ákvæði um það, líklega helzt í bifreiðalögin, að bílstjórar megi ekki flytja ölvaða menn í bílum, sem ætlaðir eru almenningi, eða þá að setja um þetta nokkuð viðtækari ákvæði heldur en felast í till. þessara tveggja hv. þm. í áfengislögin.

Ég ætla ekki að fara að hjálpa hv. þm. S.-Þ. til þess að rekja raunasögu bannmálsins hér. Það geta allir verið sammála um, að þessi tilraun, sem gerð var í góðum tilgangi, hefir misheppnazt. Hinsvegar er ég sannfærður um, að það er ekkert annað en heilaspuni, að hægt sé að kenna nokkrum sérstökum flokki eða sérstakri stétt í landinu um það, að þessi tilraun hefir mistekizt. Ástæðan til þess, að svo fór, er vitanlega tvennskonar. Annarsvegar sú, að þessi lög hafa sjáanlega ekki verið í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar, hún hefir aldrei getað litið á það sem glæp að neyta áfengis. Hinsvegar gerir lega landsins og hin langa strandlengja þess það að verkum, að það hefir reynzt ákaflega erfitt að framfylgja hinum ströngu áfengislögum. Ef hér ætti að hafa svo fullkomið eftirlit með innflutningi áfengis, að það væri tryggt, að meiri eða minni smyglun ætti sér ekki stað, þá þyrfti til þess miklu meiri lögreglu heldur en við höfum tök á að hafa. Og þó hefir sýnt sig, að erfiðleikarnir á því að koma í veg fyrir heimabrugg eru ennþá meiri. Aðaltilraunirnar, sem gerðar hafa verið til þess að koma í veg fyrir áfengislagabrot, hafa verið í því fólgnar, að hafa sem hörðust refsiákvæði. Á þeim hefir verið hert ár frá ári. Gífurlegar sektir og auk þess fangelsisvistir hafa verið lagðar við fjöldamörgum tiltölulega smáum brotum. En að mín áliti er mjög vafasamt, hvort þessar hörðu refsingar hafa ekki verkað öfugt við það, sem ætlazt hefir verið til. Það er eðlilegt, þegar jafngífurlegar refsingar eru lagðar við yfirsjónum, sem menn telja yfirleitt ekki glæpsamlegar, að menn hlífist við í lengstu lög að kæra kunningja sína og nágranna, þó menn viti, að þeir hafi gerzt brotlegir.

Þessum hörðu refsiákvæðum er að miklu leyti haldið í því frv., sem hér liggur fyrir, þó nokkuð sé úr þeim dregið. Og þótt ég hafi ekki komið með brtt. um að nema þau burt, m. a. vegna þess, að ég álít rétt, að menn fái endanlega reynslu fyrir, að hvaða gagni þau mega verða, þá er ég mjög í vafa um, hvort við erum ekki á villigötum í þessu efni. Og ef það er réttur skilningur hjá mér, að þessar refsingar séu ekki í samræmi við almenningsálitið í landinu, þá þarf ekki að búast við, að þær dragi úr brotum, heldur eru líkur til, að betri árangur náist með því að hafa refsiákvæðin vægari.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég hefi ekki lengt mikið umr. um þetta mál síðan við 1. umr., og ætla heldur ekki að gera það að þessu sinni. Um þær brtt., sem hér liggja fyrir, vil ég aðeins segja þetta:

Brtt. hv. 2. þm. Rang. á þskj. 773 held ég að sé ekki rétt að samþ. Fyrst og fremst með tilliti til þess, að búast má við, að Nd. breytti þá frv. aftur, og þar sem mjög er áliðið þingtímans, gæti það orðið til þess, að málið næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Í öðru lagi álít ég, hvaða afstöðu sem menn síðar kunna að taka að því er snertir framleiðslu á áfengu öli, að þá sé ekki tímabært að taka ákvæði þar að lútandi inn í frv. nú, meðan ekki hafa verið sett sérstök ákvæði um nautn öls í landinu og sú hlið málsins lítið verið athuguð. Þó segja megi út af fyrir sig, að áfengt öl sé ekki skaðlegri drykkur en hvert annað áfengi, þá hefir reynslan samt sem áður sýnt, þar sem áfengt öl er leyft, að það hefir verið hættulegra ungu kynslóðinni, og einkum þó vinnandi stéttunum, heldur en annað áfengi.

Hvað snertir það, sem hv. 2. þm. Rang. var að tala um, að í Þýzkalandi, þar sem öldrykkja er afarmikil, væri ölið ekki almennt drukkið til nautnar, þá held ég sannast að segja, að það sé ekki rétt. Ég held, að þar, eins og annarsstaðar, þar sem áfengt öl er leyft, sé það notað ákaflega mikið til nautna. Það vill svo til, að ég hefi haft nokkurt tækifæri til að sjá, hvernig öl er drukkið einmitt í Þýzkalandi. Það tíðkast mikið þar og víðar, að menn hafa fast borð í ölstofunum, þar sem þeir koma tiltekna vikudaga og sitja að öldrykkju langt fram á nótt. Jafnvel líta margir svo á, að af því öl er sérstaklega mikið drukkið í Þýzkalandi og þykir þar óvenjulega gott, þá beri Þýzka þjóðin beinlínis merki um hina miklu öldrykkju og að hún hafi skaðleg áhrif á heilsufar þjóðarinnar. Víða í nágrannalöndum okkar er farið að vinna mikið á móti öldrykkju, og það er vegna þeirrar reynslu, sem ég nú hefi drepið á. Þess vegna held ég, að það sé ekki rétt að samþ. þessa till. nú, það verði að bíða nánari athugunar, hvort slíkt verður yfirleitt nokkurntíma tekið upp hér.

Brtt. á þskj. 761 er ég yfirleitt andvígur. Brtt. við 13. gr. finnst mér þó, að vel mætti samþ., því það er engin ástæða til að taka léttara á þeim, sem brugga í landinu og brjóta áfengislögin á þann hátt, heldur en öðrum, sem þau lög brjóta og sæta viðurlögum 13. gr.

Um brtt. á þskj. 770 hefi ég það að segja, að ég mun verða henni fylgjandi. Þó hún sé samþ., mun gr. ekki verða framkvæmd þannig, að það fari í bága við það, sem farið er fram á í skrifl. brtt. við sömu gr., sem ég tel líka áreiðanlega rétt að samþ. En hvað snertir brtt. við 17. gr., þá er það að mínu áliti rétt hjá hv. 2. þm. Rang., að ekki sé yfirleitt hægt að framfylgja ákvæðum hennar. Það er rétt, sem hann benti á, að farþegum væri leyfilegt að fara út úr bílunum, drekka þar áfengi og fara svo strax upp í bílana aftur, og sjá allir, að slíkt ákvæði nær ekki tilgangi sínum. En það er annað atriði í sambandi við þetta, sem er miklu hættulegra, og það er, að þegar drukknir menn eru í bílum, ber oft mikið á því, að þeir haldi vininu að bílstjórunum. Það hefir oft komið í ljós við rannsókn mála hér í Rvík, að bílstjórar hafa farið að drekka og orðið ölvaðir vegna þess, að farþegarnir hafa haldið áfenginu mjög stíft að þeim. Farþegunum finnst, þegar þeir eru sjálfir orðnir ölvaðir, að það sé eins og hver önnur greiðasemi að bjóða bílstjórunum áfengi, og finnst það jafnvel ákaflega ófélagslegt og þykkjast við, ef bílstjórinn vill ekki súpa á með þeim. Þeir eru ekki að hugsa um öryggið, sem við það tapast, ef bílstjórinn neytir áfengis, þegar þeir eru orðnir ölvaðir

sjálfir. Því hefði verið rétt að hafa hér í lögunum — og vil ég beina því til þeirra, sem fram komu með þessar till., hvort þeir vilja ekki koma fram með till. í þá átt —, að yfirleitt sé refsivert að halda víni að bílstjórum, sem eru við akstur. Slík ákvæði gilda sumstaðar í nágrannalöndum okkar; t. d. er það refsivert í Danmörku að bjóða bílstjóra, sem kemur inn á veitingahús, vín, ef veitingamaðurinn veit, að hann er við akstur. Held ég, að rétt væri að koma fram með skrifl. brtt. í þessa átt.

Viðvíkjandi refsiákvæðum þessa frv. vil ég aðeins segja það út af ummælum hv. 2. þm. Rang., að það er alveg satt, að þau eru nokkuð hörð. En þess ber jafnframt að gæta, að þegar einkasala á vínum er komin á og háir tollar og mikil álagning er á vínunum, þá getur verið stórkostlegur gróðavegur að brjóta lögin. En sektarákvæði eru jafnan miðuð við þann hagnað, er sá fær, er brýtur ákvæði laganna. Og ég er þeirrar skoðunar, að þegar búið er að taka upp það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, og brot gegn áfengislögunum verða þar af leiðandi eingöngu auðgunarbrot, brot á tollalöggjöf, þá verði refsiákvæðin í betra samræmi við álit fjöldans heldur en þau voru áður, meðan áfengislögin voru einkum brotin til þess að ná í nautnameðal, sem ekki var fáanlegt með löglegu móti. Yfirleitt lítur fólk hér svo á, að tollsvik sé miklu alvarlegra brot heldur en brot á áfengislögunum. Það vita allir, að það þykir miklu meiri tíðindum sæta, ef það kemur stór fyrirsögn í blaði: „Stórkostleg tollsvik“, heldur en þó sagt sé frá, að svo og svo margir menn hafi verið sektaðir fyrir áfengislagabrot. Þar liggur til grundvallar, að þegar um tollsvik er að ræða, eru lögin einungis brotin í hagnaðarskyni, og það er miklu svívirðilegra í augum fólksins.

Annars ætla ég ekki að orðlengja frekar um þessar brtt. Ég vil aðeins segja það að lokum, að það er mín skoðun í þessu máli, að nauðsynlegt sé að setja ýmiskonar ákvæði í svona löggjöf um varúðarráðstafanir viðvíkjandi notkun áfengis. En það má lengi deila um aftur og fram, hvaða öryggisráðstafanir séu hentugar, og aðalatriðið er að mínu áliti, að af ríkinu sé unnið að því að útrýma áfengisnautn með þeim ráðum að reyna að koma fólkinu í skilning um, að áfengisnautnin sé böl. Hefi ég lýst yfir áður, að ég myndi fylgja öllum till., sem kæmu fram í þá átt. Eins og minnzt hefir verið á, hefi ég nú gengið svo frá, að þessu þingi verði ekki lokið án þess lögð verði fram allveruleg upphæð úr ríkissjóði til þeirra manna, sem dyggilegast hafa unnið að útrýmingu áfengisnautnar á landinu. Er þetta í samræmi við það, sem ég hefi óskað eftir um afgreiðslu áfengismálsins á þessu þingi, og er mér gleðiefni, að vonir mínar í því efni virðast ætla að rætast.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Það er nú nokkuð liðið á daginn, en nauðsynlegt að ljúka þessu máli og afgr. það frá d. á þessum fundi, svo ég mun að mestu leyti falla frá orðinu, eða a. m. k. vera mjög stuttorður. Get ég það því fremur, sem tiltölulega litlu hefir verið til mín beint út af því, sem ég sagði hér síðast.

Í öðru lagi get ég nú látið niður falla kafla, sem ég hafði hugsað mér að hafa í ræðu minni um það, að telja fram kosti brtt. á þskj. 770, frá hv. 2. þm. S.-M. og hv. 4. þm. Reykv. Þann kafla get ég látið falla niður vegna þess, að það er eins og það særi þá mjög, ef ég sé nokkra kosti á þeirra till. Þeir virðast líta á þessar till. sínar svipað eins og ungur ástfanginn maður lítur á unnustu sína. Þeir þola ekki, að neinir aðrir en þeir sjálfir renni hýru auga til þeirra. Náttúrlega er það þó svo, að eins og manni getur þótt kona lagleg án þess endilega að vilja giftast henni, þá geta menn séð vissa kosti á till., sem fram eru bornar, án þess að geta algerlega fallizt á þær eins og þær liggja fyrir.

Annars var það algerlega rangt og ósatt, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ég hefði greitt atkv. móti öllum brtt. þeirra við 2. umr. Það gerði ég ekki. Og þó ég talaði vinsamlega um þann anda, sem fram kom í sumum till. þeirra, þá gat ég ekki gert að því, þó þær væru bornar fram í svo óhæfilegum búningi, að ómögulegt var að samþ. þær. Þannig er t. d. um till. þeirra, sem nú liggur fyrir um að banna nautn áfengis í bílum. Ég þarf ekki mikið að fara út í það efni, því bæði hv. þm. Rang. og hæstv. forsrh. hafa glögglega sýnt fram á, hversu mikil fjarstæða sú till. þeirra er, eins og hún er fram komin. Ég talaði vinsamlega um að banna vinnautn í almenningsbílum, bílum, þar sem tilviljunin ein ræður, hverjir eru ferðafélagar. En að banna vinnautn í bílum, sem einstakir menn leigja eða einhverjir í félagi, sem hafa vín meðferðis með allra samþykki, það er ekki annað en fjarstæða. En á þessu vilja þeir engan greinarmun gera og bera því till. sína fram í óframbærilegu formi. Þótt það sé ekki að öllu leyti rangt, sem fyrir þeim vakir, get ég ekkert að því gert, að formið gerir það að verkum, að ekki er hægt að samþ. till. þeirra.

Út af þeirri skrifl. brtt., sem ég flyt sem viðaukatill. við þeirra brtt. viðvíkjandi skömmtun áfengis, minntist hv. 4. þm. Reykv. á, að þessi risna væri óþörf. Ég held nú, að við Íslendingar séum ekki svo stórir, að við getum komizt hjá að fylgja alþjóðasiðum gagnvart útlendingum. Þegar gófuga gesti ber að garði, sem kallað er, er skylda stj. að taka sem bezt á móti þeim, og sé vín í landinu á annað borð, getur forsrh. ekki komizt hjá að bjóða það, a. m. k. ef hann er ekki sérstaklega kunnur bindindismaður. Hv. 4. þm. Reykv. minntist á, að hér hefði verið maður í forsætisráðherrastóli, sem aldrei hefði haft vín í veizlum. Það var ekkert við því að segja meðan hér voru bannlög í landinu, og ekki heldur meðan sá maður var forsrh., sem öll þjóðin vissi, að var algerður bindindismaður. En þegar svo er ekki, sé ég ekki annað en það verði að fylgja hinum almenna sig gagnvart útlendingum.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um, að í þessu máli hafi Heródes og Pílatus orðið vinir. Ég verð nú að segja í því sambandi, að ég veit ekki, hvort

hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Borgf. eru svo miklir óvinir í þessu máli, þó að ekki sé víst, að þeim semji betur í öðrum málum en okkur, sem setja viljum skynsamlega löggjöf í þessu efni.

Það var misskilningur hjá hv. 5. landsk., sem hún sagði um brtt. n. við 13. gr. Var þar fellt niður ákvæðið um, að bannað skyldi að selja áfengi þeim, sem sekir hafa gerzt um óleyfilega meðferð áfengis aðra en óleyfilega sölu. Hv. þm. vill nú láta þetta bann ná einnig til þeirra, sem sekir hafa gerzt um bruggun. En undir óleyfilega meðferð áfengis, aðra en sölu, heyrir nú líka bruggun handa sjálfum sér. Því lít ég svo á, að hv. d. hafi þegar ákveðið, að þetta bann skuli ekki ná til manna, sem uppvísir hafa orðið að bruggun áfengis, ef þeir hafa ekki selt það öðrum. Tel ég því 3. brtt. hennar á þskj. 771 koma í bága við það, sem þegar er búið að samþ. hér.

Sami hv. þm. hefir borið fram skrifl. brtt. um, að fræðsla um skaðsemi tóbaksnautnar verði tekin upp í skólum landsins. Vona ég, að hún taki það ekki með þvílíkri afbrýði sem hv. 4. þm. Reykv. og hv. 2. þm. S.-M., þótt ég lýsi yfir því, að ég telji þetta að vísu gott og blessað, en áliti hinsvegar, að þetta ákvæði geti ekki staðið í þessum l., þar sem um er að ræða l. viðvíkjandi áfengisnautn, en ekki tóbaksnautn. Aftur vil ég bjóða hv. þm. að flytja með henni till. til þál. um að skora á stj. að láta slíka fræðslu fara fram í skólunum, ef hún tekur till. aftur. Ég er sannfærður um, að tóbaksnautn gerir þjóðinni, sérstaklega unglingum, miklu meira tjón en nokkurn tíma áfengið.

Hv. 2. þm. Rang. beindi því til mín, að ég hefði gengið framhjá aðalröksemdum hans út af banninu við því að selja brotlegum mönnum áfengi. Sú röksemd var í því fólgin, að þetta bann hvetti menn til lögbrota, því að alltaf yrðu til menn, sem vildu kaupa áfengi fyrir brotlega menn og freistuðust þannig til að verða sjálfir brotlegir. Getur verið eitthvað til í þessari röksemd. En ég held, að umfram allt verði að uppræta hina óleyfilegu áfengissölu. Ég held, að þegar búið er að setja tiltölulega frjálsleg áfengislög, muni slíkum brotum fækka. Og þar sem aðeins er um óleyfilega sölu áfengis að ræða í þessu sambandi, þá held ég, að lögreglan gæti haft á hendi talsvert víðtækt eftirlit í því efni.

Út af þeirri spurningu hv. þm., sem hann varpaði fram í sambandi við 4. brtt. sína á þskj. 773, hvort það væri svo miklu hættulegra að selja áfengi í sveitum en kaupstöðum, get ég svarað því, að það er í sjálfu sér ekkert hættulegra. Það, sem er hættulegt, er það, að útsölustaðirnir séu of margir, og þessi brtt. gefur tilefni til þess, að útsölustaðir geti orðið fleiri en annars. Hér hafa að vísu héruðin sjálf vald til að banna útsöluna, en samt held ég, að þessi brtt. sé sízt til bóta, enda sýnist ekki vera um neitt hérað að ræða, sem á langt til kauptúns, nema þá þetta eina, en þaðan eru aftur greiðar samgöngur við höfuðstaðinn.

Mun ég svo ekki taka aftur til máls nema ég verði til neyddur.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég þarf ekki að verða margorður um hina skrifl. brtt. mína. Hún felur hvorki í sér mikla breyt. á frv. né hefir hún mætt andróðri í d. Gr. þeirri, sem brtt. er við, var skotið inn í frv. lítt hugsaðri. Aðalefni till. minnar er það, að ekki verði með þessum l. stofnað neitt nýtt launað starf. Manni finnst komið nóg af slíkum launuðum störfum, því að vegna margra af hinum nýrri l. hefir orðið að bæta við launuðum starfskröftum. Býst ég við, að hv. dm. muni verða mér sammála um, að ekki sé vert að láta meira úr ríkissjóði í þessu skyni en nauðsyn ber til. Nógir eru pinklarnir samt.

Að því er snertir 16. gr. frv., býst ég við, að orðið geti nokkur togstreita um skilning á fyrri hluta hennar. Þar stendur:

„Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 36. gr.“

Þarna vildi ég slá því föstu, að í þessu orði „viðgangast“ yrði að felast sá skilningur, að manni væri það vitanlegt, að fram færi þetta ólöglega athæfi, sem gr. nefnir. Og í orðin „á landi sínu“ vildi ég láta leggja þann skilning, að maðurinn hefði enn full yfirráð yfir landinu, en væri ekki t. d. búinn að leigja það öðrum.

Þá vil ég aðeins minnast á brtt. á þskj. 770, þar sem talað er um hámark áfengis, sem afhenda megi einstaklingum. Getur e. t. v. stundum orðið gagn að þessu ákvæði, en þó held ég, að það verði ekki alltaf. Það leiðir aðeins til þess, að aðrir verða látnir taka út áfengið á bak við l.

**Ingvar Pálmason** [óyfirl.]: Ég bjóst ekki við, þegar ég varð til að hefja umr. í dag, að þær myndu verða svo langar. Ég þóttist ekki gefa minnsta tilefni til, að þannig yrði tekið á till. okkar hv. 4. þm. Reykv. Ég reyndi að tala hógværlega, til að firrast langar umr. Ég gat þess, að brtt. hv. 2. þm. Rang. væri borin fram af manni, sem hefði allt annað sjónarmið í málinu en ég, og því gæti ég ekki fylgt henni. Ég veittist ekki einu orði að hv. frsm. fjhn., en samt finnur hann ástæðu til að gera aðsúg að brtt. okkar. Ég tel það hinsvegar að ástæðulausu gert, þar sem hann telur sem fyrr, að brtt. sé góð. Líkir hann henni við fallega stúlku, og er svo að sjá, sem við viljum láta hana leiða hann í einhverja freistni, en hann má hinsvegar ekki greiða henni fullt atkv. Mér datt í hug Jeppi á Fjalli, sem verið var að sýna hérna í leikhúsinu fyrir skömmu, þegar hann var að streitast við að fara ekki í brennivínið, en fæturnir vildu ekki gegna honum. Hann barði sig allan og lamdi, en fæturnir fóru nú með hann samt. Er eitthvað svipað ástatt um hv. 2. þm. Eyf. — Ég sé ekki annað en að með ræðu hans vinnist það eitt, að hann breytir miklu verr en hann vill.

Þá vil ég segja nokkur orð um brtt. hv. 2. þm. Rang., sérstaklega að því er snertir ölið. Ég býst ekki við, að það hafi mikil áhrif, en vil þó víkja nokkrum aðvörunarorðum til hv. d.,

áður en till. gengur til atkv. Það er á allra vitorði, að í þeim löndum, þar sem öldrykkja tíðkast, stendur neyzla sterkra drykkja í beinu hlutfalli við ölneyzluna. Þýðir ekkert að mæla á móti þessu. Skýrslur sanna það. Það ætti að vera okkur nægur leiðarvísir um það, hvað gera ber í þessu efni. Við höfum í nokkur ár verið lausir við hið sterka öl, og erum nú líka lausir við það létta. Ég tek undir það með hv. 2. þm. Rang., að reynslan sýnir, að ekki er hætta á, að öli verði smyglað í stórum stíl. Er því auðvelt að koma því í framkvæmd að verjast áfengu öli, og ætti það að vera okkur full hvöt til þess, að reynslan sýnir, að neyzla sterkra drykkja stendur jafnan í réttu hlutfalli við ölneyzluna. Hv. þm. sagði, að við mættum ekki taka dæmi af Suðurlandaþjóðunum, þar sem um allt önnur skilyrði væri að ræða. En við megum þó taka dæmi af Norðmönnum, Dönum og Svíum. Og hagskýrslur sýna, að hjá þessum þjóðum gildir engu síður fyrrnefnt lögmál. Auk þess tel ég það rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að það sé því skaðlegra en sterkir drykkir sem meira er af því drukkið, og vegna þess, hvað það er miklu ódýrara, verður auðveldara fyrir fátæklinga að afla sér þess. Hv. 2. þm. Rang. vildi halda því fram, að þetta væri öfugmæli hjá hv. 4. þm. Reykv., því að erfiðara og dýrara væri að finna á sér af öli en sterkum drykkjum. Ég held nú, að það sé a. m. k. ekki dýrara að drekka sig drukkinn í öli en Spánarvínum. Er talið, að þau megi innihalda 21% af alkoholi. En mér er sagt, að gamli Carlsberg innihaldi 6%. (**PM**: Hann er ekki til í veröldinni). Mér er sama, hvað tegundin heitir. En það má áætla, að styrkleiki ölsins verði 5½—6%. Ef nokkuð má byggja á áætlun hv. þm., mun flaskan eiga að kosta 70—75 aura. Ef við leggjum þetta verð til grundvallar, sé ég ekki betur en að það muni kosta minna að finna á sér af ölinu en Spánarvínum. Og ef verðið á að verða í hlutfalli við gæði og styrkleika, býst ég við, að ekki verði ódýrara að finna á sér af sterkum drykkjum.

Eina ástæðu enn færði hv. þm. fram, sem sé þá, að erfitt væri að geyma öl, sem hefði ekki inni að halda meiri styrkleika en þann, sem nú er leyfður. Ég veit ekki, hvernig þessu er háttað. En mér er sagt, að verksmiðjur þær, sem framleiða hér öl, geti búið það til á þann hátt, að það geymist mjög lengi. Hitt er annað mál, að ekki er e. t. v. hægt að gera veikt öl jafnsmekkgott fyrir drykkjumenn og sterkt öl.

Þegar reynsla nágrannaþjóðanna sýnir, að með ölneyzlunni eykst neyzla sterkra drykkja og þegar það er vitað, að Íslendingar geta svalað þorstlæti sínu á áfengislausu öli, auk vatns, mjólkur og sýrublöndu, þá held ég, að öllu þorstlæti ætti að vera svalað. Og þegar það er ennfremur vitað, að ölið eykur áfengisneyzlu fátækustu stéttanna, þá held ég, að við ættum ekki að vera að sækjast eftir því.

Málið er nú komið á annan grundvöll en áður hefir verið hér á þingi. Nú er rætt um það, að við ættum að búa til áfengt öl og selja öðrum. Þó að ekki væri nú e. t. v. til þess ætlazt, að við drykkjum það sjálfir, ætti það að vera fullgott í náungann. Þetta atriði stóð í frv. því, sem lagt var fyrir Nd., en hefir reyndar verið tekið út úr því. Þeir, sem vilja setja þetta atriði inn í frv. aftur, eru að tefla því í tvísýnu, því Nd. fellir það vafalaust niður á ný.

Þá hefir nokkuð verið rætt um till. hv. 2. þm. Rang., að kippa burt þeim takmörkunum, sem leiðir af því, að ekki megi setja upp útsölur í sveitum. Veit ég ekki, hvað fyrir hv. þm. vakir, hvort honum finnst þarna koma fram ranglæti gagnvart hans kjördæmi, sem ekki hefir kaupstað, og því sé gert óþarflega erfitt um að ná í áfengi. Ég lít nú svo á, að áfengið sé ekkert hnossgæti, en á þessu höfum við gagnólíka skoðun. Ég sé ekki annað, ef við kippum burt þessu ákvæði, en að setja megi upp útsölur hvar sem er, þannig að ekki sé bundið við verzlanir. Hefir það e. t. v. ekki verið svo fjarri hv. þm. að láta hreppstjórana annast um vínsölu. Það má með talsverðum líkum segja, að með því myndi takast að útrýma bruggun, en það væri svo dýru verði keyptur árangur, að ég vil enga hlutdeild eiga í þeim kaupum. Ég vona, að þegar fólkið vitkast, verði það til að bjarga ósómanum, en ég óttast, að fyrst í stað valdi þetta stórtjóni.

Ég minntist ekki á brtt. hv. þm. Dal., er ég talaði í fyrra skiptið, en hann talaði síðar. Ég verð að segja, að eftir því sem hann talaði fyrir henni, vantaði öll rök til þess að ég geti samþ. hana. Eini tilgangurinn, sem mér virtist með henni, var að fría ríkissjóð af þeim kostnaði, sem kynni að verða, ef sérstakur ráðunautur yrði skipaður. Ég get ekki séð, hverjum ber að borga þann kostnað eða er það skyldara en ríkissjóði. Ég get ekki séð, ef allur ágóði áfengisverzlunarinnar rennur til ríkissjóðs, að það sé of mikið, þó ákveðið sé að leggja þetta fé til, þegar þess er gætt, að það er alveg undir hælinn lagt, hvaða styrk bindindisstarfsemin fær frá ríkinu. Ég gæti búizt við, þegar á að bæta þessu ofan á, að næsta sporið sé, að farið verði fram á, að bindindisstarfsemin beri líka uppi kostnaðinn við tollgæzlu og löggæzlu. Ég vona því, að þessi brtt. verði ekki samþ. Auk þessa er þetta bara heimild; álít ég það stóran galla, og fer það þá allt eftir geðþótta þess ráðh., er með völdin fer á hverjum tíma.

Það lítur ekki út fyrir að byrlega blási fyrir brtt. okkar hv. 4. þm. Reykv., sérstaklega ákvæðinu um að banna að neyta áfengis í bílunum. Mönnum virðist ganga illa að skilja það ákvæði. Ég skal játa það, að ég er enginn lögskýrandi, en ég get skýrt þetta frá minu leikmannssjónarmiði, eða okkar flm. Ef ég leigi bíl, þó ég taki svo með mér eða bjóði 4 farþegum, þá er það sama sem einkabifreið. (**BSt**: Þessi skilningur er ekki hjá meðflm. hv. þm.). En þeir, sem far kaupa, eru farþegar, og þær bifreiðar, sem selja sæti, eru leigubifreiðar. En ég lít svo á, að einkabifreið sé sama eða eigi svipaðan rétt og hús eða híbýli manna; þess vegna treysti ég mér ekki til að láta rannsóknarheimildina eða neyzlubannið ná yfir slíkar bifreiðir. Þegar skilið er á þennan veg, sé ég enga ástæðu á móti því að lögfesta þetta ákvæði.

Hitt er annað mál, hvort þetta verður ekki brotið af þeim, sem leggja sig í framkróka um að brjóta lög. Hinsvegar er ekki hægt að ganga svo langt að banna að taka menn í bíl, sem eru undir áhrifum víns. Hitt tel ég rétt, að banna mönnum að neyta áfengis í bílunum sjálfum.

Ég skal þá geta þess, að mér finnst vanta ákvæði, sem ég er ekki viss um, að mér takist að koma með brtt. um, það er ákvæði um, að það sé refsivert að valda ölvun bílstjóra, skipstjóra og flugmanna. Finnst mér því réttmætt að bæta við 21. gr. frv. þessum ákvæðum, og datt mér í hug svo hljóðandi brtt. um viðauka við 21. gr.: „Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í 1 málsgr., áfengi, þegar þeir eru að störfum."

Ég játa, að ég hafði of lítinn tíma til að orða þessa brtt., en finnst að eitthvert ákvæði vanti í þessa átt. Var ég búinn að fara gegnum frv., en fannst hvergi vera pláss fyrir þetta ákvæði, en var bent á það undir umr., að það væri hægt við 21. gr. En ég játa, að hún er ekki nærri eins vel hugsuð og aðrar brtt., sem ég hefi flutt, en ég ætla samt að afhenda forseta hana, af því ég veit ekki betur en að fram komnar séu 4—5 aðrar skrifl. brtt. áður. En ég ætla um leið að fara fram á það við hæstv. forseta, af því svo margar skrifl. brtt. eru fram komnar, og með því að við höfum fordæmi frá síðustu umr., að þá var skilið við frv. með svo stóru gati, að óforsvaranlegt var, þá vil ég um leið fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. til morguns, svo n. gefist kostur á að athuga fram komnar tillögur. (**BSt**: Ég mæli ekki með brtt. hv. þm.). Það gerir ekkert til, þó hv. þm. mæli með þeim. Hann getur greitt atkv. á móti þeim fyrir því. En ég óttast, að afgreiðsla málsins fari ekki eins vel úr hendi og þyrfti að vera, þegar svona margar skrifl. brtt. hafa komið fram, og ég vil t. d. ekki fortaka, að brtt. mín þurfi athugunar við.

Ég þakka svo fyrir, að ég hefi fengið áheyrn og menn hafa hlustað á mál mitt með athygli. Ég býst svo ekki við að tala oftar. Þó hv. 1. þm. Eyf. fari eitthvað út í að ræða ástamál, þá er ég orðinn svo gamall, að ég treysti mér ekki til að fara út í slíkar umr.

**Forseti (EÁrna)**: Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. S.-M., svo hljóðandi: [sjá þskj. 789,II].

Verður að leita afbrigða frá þingsköpum, til þess að till. megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Forseti (EÁrna)**: Það hafa komið fram tilmæli um að taka málið út af dagskrá. Sé ég mér það varla fært, nema viðkomandi n. óski þess og lofi því að leggja málið þá fyrir á morgun. Umr. eru þegar orðnar langar, og flestir, sem hafa talað, hafa þegar tekið þann ræðutíma, sem þingsköp heimila. Ég hefði því viljað mega hugsa mér, að umr. færi að verða lokið; klukkan er orðin margt og ég ætlaði að losa d. við kvöldfund. Ég vil þá heyra frá hv. n., hvort hún óskar eftir, að málið verði tekið af dagskrá.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson)**: N. óskar ekki eftir, að málið verði tekið af dagskrá. Að vísu hafa margar skrifl. brtt. verið lagðar fram, en þær eru um svo augljós atriði, að ég hygg, að allir dm. hafi gert sér ljósa grein fyrir, um hvað þær fjalla. Ég held, að það sé nauðsynlegt að greiða atkv. um málið í kvöld; ef á að ljúka þingi fyrir jól, þá þarf að flýta afgreiðslu mála.

**Guðrún Lárusdóttir** [óyfirl.]: Mér finnst ég ekki þurfa að hafa samvizku af því að hafa tafið fyrir deildinni með masi; það hefir einhver gert frekar en ég. En ég skal lofa forseta því að brjóta ekki góða siði né lengja umr.

Ég vil þá aðeins víkja að því, sem hv. frsm. fjhn. sagði um brtt. mína við 13. gr. Hann sagði, að deildin væri þegar búin að samþ. það, sem ég vil láta niður falla. Ef deildin vill taka aftur úr brtt., að orðin „eða bruggun" falli niður, þá má það fyrir mér; það skiptir ekki svo miklu máli, en mér finnst, að þarna þurfi að koma ákvæði um ólöglega sölu.

Út af brtt. við 3. gr. um fræðslu í skólum landsins, þar sem ég vil bæta inn í ákvæði um fræðslu á skaðsemi tóbaksnautnar, sagði hv. frsm., að þetta frv. væri um áfengi og ekkert annað. Ég skal játa, að þetta er nokkuð annað mál, en er þó skylt, og mér kom til hugar, að þetta mætti vera þarna með. Annars hafði ég ætlað mér að flytja þáltill. í þessu máli, og það gleður mig stórlega, ef hv. 1. þm. Eyf. vill vera meðflm., því þá hefi ég betri von um, að þál. komist í gegn hér í deildinni. Ég get þá tekið mína brtt. aftur, en segi hv. þm. það, að þá „tek ég hann á orðinu" um að vera meðflm. að þáltill. (**BSt**: Já, það er óhætt). En ég get ekki stillt mig um að geta þess, að hann sagði, að tóbakið væri ekki einungis jafnskaðlegt og vínið, heldur verra en vínið. Því er ég ekki sammála, og það má ekki koma fram í þáltill., því ég álít það ekki sambærilegt. Ég hefi aldrei heyrt, að menn yrðu brjálaðir eða alveg bandvitlausir af að reykja, taka í nefið eða tyggja, en það geta menn orðið af óhóflegri vínnautn.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson)**: Það er nú eiginlega ekkert, sem ég þarf að segja. Hv. 2. þm. S.-M. var að tala um Jeppa á Fjalli áðan. En Holberg dregur nú fram fleiri persónur í því leikriti. Hann dregur fram kerlinguna hans líka, sem ætlaði að venja Jeppa af drykkjuskapnum með hjálp meistara Eiríks, m. ö. o., að lemja hann.

Þetta er sú aðferð, sem hann og hans líkar vilja hafa. En ég held, að heppilegri aðferðir mætti nota en þessa meistara-Eiríks-aðferð.

Ég vil geta þess, að ef óhætt væri að skilja till. þeirra félaga um áfengisnautn í bílum eins og hv. 2. þm. S.-M. skýrði hana, þá er ekkert á móti henni, það skal ég játa, en þá kemur skýringin, hvers vegna ekki er hægt að fylgja till., því hún er vitlaus og ómöguleg í framkvæmd. Vil ég benda á, hvað meðflm. hans sagði, sem skýrði till. á allt annan veg, eða eins og banna

ætti áfengi í öllum bílum. Hvernig ætti dómari að dæma í þessu máli, ef hann vildi leita stuðnings í Alþt.? Þá hefir einn sagt þetta og annar hefir sagt hitt. Hvernig ætti hann að fara að?

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Er ég kvaddi mér hljóðs, hafði ég það ekki í huga að lengja umr. fram yfir það, sem orðið er, og sízt fyrir það, að sýnt mun, hvaða afgreiðslu málið á að fá hér í deildinni og því vonlaust um að fá nokkru þar um þokað. Ég hefði þó þurft að svara mörgu í ræðum þeirra, sem vilja knýja þetta mál í gegn, og hefði að sjálfsögðu gert það, ef það væri ekki vegna þess eins, hve mörg mál bíða afgreiðslu hér í d., sem ég tel, að ekki megi tefja frá því, sem orðið er, ef þau eiga að ná samþykkt þessa þings. Ég er jafnandvígur því, að þessu máli verði ráðið til lykta á þessu þingi sem áður, en mun þó, af ástæðum, sem ég hefi tekið fram, láta niður falla umr. af minni hálfu.

ATKVGR.

Afbrigði um 2 skrifl. brtt. (sjá þskj. 789,III—IV) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 773,1 felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PM, ÞÞ, JAJ.

nei: JJ, PHerm, SÁÓ, ÞBr, GL, HG, HermJ, IngP, JBald, EÁrna.

BSt[1]) greiddi ekki atkv.

Brtt. 773,2 felld með 8:5 atkv.

— 771,1 felld með 8:5.

— 773,3 tekin aftur.

— 773,4 felld með 9:5 atkv.

— 771,2 felld með 8:6 atkv.

— 789,I.1 felld með 8:2 atkv.

— 770,1 samþ. með 9:5 atkv.

— 773,5 felld með 9:5 atkv.

— 771,3 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞBr, GL, HG, HermJ, IngP, EÁrna.

nei: MG, MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, JAJ.

PM, JBald, JJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 789,I.2 þar með fallin.

— 770,2 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, ÞBr, GL, HG.

nei: JAJ, MG, MJ, PM, ÞÞ, BSt, HermJ, EÁrna.

Brtt. 789,II samþ. með 10 shlj. atkv.

— 789,III tekin aftur.

— 789,IV felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG,MJ, PHerm, PM, ÞBr, ÞÞ, BSt, JAJ.

nei: JBald, JJ, SÁÓ, GL, HG, HermJ, IngP, EÁrna.

Brtt. 771,4 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PHerm, PM, ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, HermJ, JAJ, JBald, JJ, EÁrna.

nei: SÁÓ, HG, IngP.

Frv. endursent Nd.

1) **BSt:** *Ég álít að vísu, að lögin væru heppilegri, eða réttara væri að samþ. þessa brtt. En ég þori ekki að eiga það á hættu, að sú breyt. verði málinu öllu að falli, þar sem orðið er áliðið þingtímans, og greiði því ekki atkv.*

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 790).

Á 60. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PP, PHalld, SigfJ, SK, StJSt, ÁÁ, BJ, BÁ, EmJ, EystJ, GP, GG, GSv, GÍ, GTh, HannJ, HV, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, JG.

nei: PZ, PO, SE, ÞorbÞ, BB, FJ, MT, JörB.

TT greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 859).

## 69. Vélgæzla á mótorskipum.

Á 19. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum** (þmfrv., A. 204).

Á 21., 22. og 23. fundi í Nd., 27., 29. og 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 31. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Flm. (Páll Þorbjörnsson):** Frv. þetta, sem hér er á þskj. 204, er flutt fyrir tilmæli vélstjóra, útgerðarmanna, skipstjóra og háseta á mótorskipum í öllum stærstu útgerðarplássum þessa lands. Í grg. er skýrt frá því, hvers vegna frv. er flutt, og vænti ég þess, að ekki verði miklar umr. nú við þessa 1. umr. Óska ég eftir því, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 204, n. 342).

**Frsm. (Páll Þorbjörnsson):** Sjútvn. hefir athugað frv., sem hér liggur fyrir, og hafa henni borizt tilmæli frá vélstjórum og formönnum í öllum stærstu verstöðvum landsins, og höfðu þau verið lögð til grundvallar við flutning frv. Á fundi n. komu sendimenn frá Vélstjórafélagi Íslands og mæltu móti því, að frv. væri samþ. í því horfi, sem það er nú í. Þeir gátu þess, að þeir væru fylgjandi gagngerðri endurskoðun á löggjöfinni um vélgæzlu og töldu æskilegt, að undirbúningur frv. um það efni væri lagður fyrir næsta þing. Þeir óskuðu ekki eftir

því, að hámarkið væri fært upp, og vildu ekki færa það meir en upp í 200 hestöfl. Sumir nm. voru fylgjandi þessu, en aðrir lögðu á móti því. En til samkomulags vilja þeir færa það upp í 250 hestöfl, og leggur n. til, að frv. verði samþ. með þessari breyt., en telur æskilegt, að fyrir næsta þing verði búið að undirbúa frv. til l. um vélgæzlu, og verði þá leitað umsagnar þeirra, sem bezt vit hafa á þessu efni.

ATKVGR.
Brtt. 342 (ný frvgr.) samþ. með 15:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 400, 429).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 429. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Pétur Ottesen** (óyfirl.): Í meðferð þessa máls bæði hjá sjútvn. og við 2. umr. málsins var nokkuð dregið úr þeim réttindum, sem ákveðin voru í frv. eins og það var flutt, að þeim vélstjórum, sem fengið hafa allmikla æfingu og leikni í sínu starfi, yrði heimilað að fara með vélar, sem væru stærri heldur en núv. löggjöf heimilar þeim að fara með. Í frv. eins og það er flutt var gert ráð fyrir, að í vissum kringumstæðum öðlaðist sá maður, sem búinn er að vera 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél, rétt til þess að vera 1. vélstjóri við 150—500 hestafla vél, þ. e. þegar svo stendur á, að þessi sami vélstjóri er búinn að vera 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél í 3 ár. Þessi 500 hestafla hámarksvélarstærð, sem frv. upphaflega tók til, var færð niður í 250 hestafla stærð. En þar með eru að engu gerð þau fríðindi, sem tilgangurinn var að veita með frv., sem sé þau, að menn, sem nú eru vélstjórar á vélbátum eða minni vélskipum, gætu öðlazt réttindi til þess að vera vélstjórar t. d. á línuveiðurum, sem nokkuð eru stærri, en eru í sömu siglingum, — og í öðru lagi að menn, sem eru nú 2. vélstjórar á þessum minni skipum, eða þeim, sem hafa 50—150 hestafla vél, gætu fengið útfærslu á sínum réttindum. En ég hefi borið fram brtt. um millileið á milli frv. núv. og frv. þessa eins og það upphaflega var, þar sem ég legg til, að á þremur stöðum í frv. eins og það nú er orðið komi í stað „250“: 400 — m. ö. o., að þessir vélstjórar fái að stjórna allt að 400 hestafla vélum, í staðinn fyrir að frv. eins og það nú er orðið ákveður þetta hámark 250 hestöfl.

Ég vil í þessu sambandi benda á, hvernig þeir menn, sem nú hafa lögum samkv. rétt til þess að stjórna stærri vélum heldur en hér er gert ráð fyrir, líta á hæfileika sinna undirmanna til að annast vélgæzlu, þeirra manna, sem minni próf in hafa. Mér er sagt, að þegar þeir fari í sumarfrí, þá feli þeir þessum minnaprófsmönnum meðferð þessara stærri véla. Það gera þeir í þeim tilfellum, þegar þessir minnaprófsmenn hafa langa æfingu og reynslu um meðferð þessara véla, af því að þeir telja þetta öruggt og óhætt. Þetta ætti að vera nokkur leiðbeining fyrir Alþ. um, að hér sé ekki lengra gengið í þessu efni heldur en reyndir fagmenn hafa viðurkennt, að rétt sé og hættulaust að gera. Ég vil þess vegna mjög mælast til þess, að hæstv. Alþ. samþ. brtt. mína um að setja þetta hámark 400 hestöfl.

ATKVGR.
Brtt. 429 felld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónP, JS, PÞ, PO, SigfJ, TT, BÁ, EystJ, GÞ, GÍ, GTh, HannJ.
nei: HV, JakM, JJós, JÓl, JG, PZ, PHalld, SK, StJSt, ÁÁ, BJ, EmJ, FJ, JörB.
SE, BB, GG, GSv greiddu ekki atkv.
Þrír þm. (MT, ÓTh, ÞorbÞ) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 21 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 400).

Á 39. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 52. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 400, n. 627).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)**: Sjútvn. hefir orðið sammála um afgreiðslu á þessu frv. í því formi, sem það er á þskj. 627. Eins og kunnugt er, var frv. upphaflega flutt af tveimur hv. þdm. í Nd. Var það borið fram í þeim tilgangi, að mótoristar fengju réttindi til þess að vinna við stærri vélar en nú er, og að réttindin yrðu aukin frá 150 hestafla vél upp í 500 hestafla. En sjútvn. Nd. taldi ekki fært að ganga svo langt sem flm. fóru fram á, og lagði til, að réttindi vélstjóra yrðu aukin upp í 250 hestafla vél. Aftur á móti hefir sjútvn. þessarar d., eftir að hún hefir kynnt sér málið rækilega, álitið bæði rétt og nauðsynlegt að auka réttindi mótormanna að nokkrum mun meira en frv. ákveður, eða upp í 400 hö., og hefir n. fært ástæður fyrir því í nál. En við þær ástæður hygg ég að megi bæta því, að háværar kröfur hafa borizt um það bæði frá mótoristum og útgerðarmönnum, að þessi réttindi væru aukin fyrir vélstjóra, og þeir hafa jafnvel farið fram á, að þegar vöntun væri á vélstjórum, þá mætti ráðuneytið veita undanþágu frá lögunum, og heimila þeim mönnum, sem aðeins hafa réttindi til að stýra 150 ha. vélum, að fara með stærri vélar. En ég lít svo á, að það sé vandfarið með slíkar undanþágur og ekki viðeigandi að heimila þær í lögunum. Þó er mér kunnugt um, að það hefir verið fullkomin þörf á því undanfarið, að fá undanþágur fyrir vélstjóra til að fara með 150—400 ha. vélar. Ef til vill hefir ekki alltaf staðið á því að fá 1. vélstjóra, heldur í sumum tilfellum 2. vélstjóra. Enda hefir það komið til mála, að nauðsynlegt væri

að veita útlendum mönnum leyfi til að vinna við þessar vélar í ísl. skipum. En ég er þeirrar skoðunar, og má segja það einnig fyrir munn n., að til þess eigi ekki að koma, þegar nóg er af vel hæfum mönnum í landinu til þessara starfa, sem aðeins vantar réttindi til þeirra.

Þungamiðja þessa máls er sú, hvort það veitir nægilegt öryggi, að þeir menn fari með stærri vélar en 150 ha., sem ekki hafa aðra bóklega þekkingu í þessum efnum en námskeið Fiskifélagsins veita, þó þeir hafi nokkurn verklegan kunnugleik. Samkv. till. okkar á því að herða talsvert á þeim skilyrðum, er veita vélstjórunum rétt til þess að stjórna stærri vélum en þeir hafa leyfi til nú, þannig að þeir, sem fá rétt til að fara með stærri mótorvél en 150 ha., verða — auk þess að hafa stundað vélgæzlu við samskonar vél a. m. k. í 6 mánuði — að hafa lokið verklegu og munnlegu prófi samkv. reglugerð, sem atvmrh. setur. N. lítur svo á, að með því móti megi tryggja fullkomið öryggi í þessu efni, þannig að hæfustu mennirnir geti aðeins komið til greina við hinar stærri vélar. Eins og skýrt er frá í nál., og n. hefir sannfærzt um af viðtali við sérfróða menn, þá er stækkun mótorvélanna oftast í því fólgin, að bulluhylkjum er fjölgað, svo að ekki þarf meiri kunnáttu til að meðhöndla mörg þeirra en eitt; er þá um að ræða 3—4 bulluhylki í frá 150 upp í 400 ha. vélum. Vandinn er ekki meiri, þó að hylkjunum fjölgi; það er aðeins orkan, sem eykst við fjölgun þeirra. Ennfremur halda vélamenn því fram, að það sé jafnvel vandaminna að gæta stærri véla en hinna smærri. Færa þeir ýms rök fyrir því, t. d. að smærri vélarnar séu fínni og smágerðari, og þess vegna þurfi meiri nákvæmni í meðferð þeirra.

Önnur ástæðan, sem þeir bera fram fyrir því, að vélgæzlumenn þurfi að fá fyllri réttindi, er sú, að það sé yfirleitt vöntun á mönnum, sem hafi réttindi til að fara með vélar, sem eru stærri en 150 ha. Nú er sú stefna hafin í vélbátaútveginum, að yfirleitt er farið að nota stærri mótorvélar en áður, þegar lögin voru sett 1924. Vélskipin stækka yfirleitt og þurfa þá orkumeiri vélar. Ég býst við, að því verði svarað, að til sé í landinu sú stétt manna, sem ætlazt er til samkv. l. frá 1924, að fari með þessar vélar, þ. e. a. s. lærðir gufuvélavélstjórar. En ég hygg, að þeir hafi aðallega lært og undirbúið sig til þess að fara með gufuvélar, og að hin verklega þekking þeirra sé einkum fólgin í því að búa þá undir stjórn gufuvéla. Í hópi vélstjóra eru líka til menn, sem ekki hafa fengið verklega æfingu, en stunda þá aðra atvinnu. Nægilega margir eru vitanlega um vélstjórastöður á gufuskipum, en þeir mundu ekki vilja hverfa frá þeim störfum til þess að taka við vélgæzlu á minni skipum, oftast fyrir lægri laun. Það má því ekki reikna með gufuvélstjórastéttinni til þess að taka við þessum störfum, meðfram af þeirri ástæðu einnig, að þeir fá lakari aðbúnað, og jafnvel skemmri atvinnutíma. Ennfremur er gert ráð fyrir því í lögunum, að þeir, sem fara með vélar yfir 400 ha., þurfi að hafa gufuvélarpróf og þar koma gufuvélstjórarnar einir til greina, enda þá gert ráð fyrir, að vélarnar séu Dieselvélar af fullkomnustu gerð.

Þetta eru höfuðrök n. fyrir því, að rétt þykir að auka vélstjóraréttindin svo sem ákveðið er í till. sjútvn. Og eins og sjá má á síðustu málsgr., sem n. bætti við, þá verða vélstjórarnir að sanna, að þeir séu jafnfærir til starfsins og þeir, sem mikla undirbúningsmenntun hafa bæði bóklega og verklega samkv. lögunum og væntanl. reglugerð. Að þeir hafi þá þekkingu á byggingu vélanna og í aflfræði, að þeir viti, hvað má bjóða þeim. Fyrir þessu verða þeir að gera glögga grein, með skýrum rökum, við þá trúnaðarmenn, sem þeir taka próf hjá; annars geta þeir ekki öðlazt réttindin, sem frv. veitir, ef að lögum verður. En þeir vélstjórar, sem standast prófið, eiga að fá þau að sjálfsögðu. Á bak við þessar kröfur um aukin réttindi standa allir þeir, sem unnið hafa að vélgæzlu undanfarin ár, er mér óhætt að segja. Ég hefi hér á borðinu hjá mér áskoranir frá 44 vélgæzlumönnum á Akranesi og formönnum vélbáta; frá Vestmannaeyjum eru hér 88 áskoranir frá sömu stéttum þar, og úr ýmsum fleiri veiðistöðum hér í grennd, að viðbættum áskorunum frá vélstjórum og bátaformönnum á Ísafirði, Akureyri og Siglufirði, sem allir krefjast aukinna réttinda fyrir vélgæzlumenn.

Ég skal játa, að till. þessara manna er dálítið mismunandi, eftir því hvaðan þær eru, en n. hefir samræmt þær hér í eina heild. Vænti ég, að hv. þd. geti fallizt á skoðanir og till. sjútvn. og skilji, að þar er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur.

**Magnús Jónsson** (óyfirl.): Ég sé, að sjútvn. hefir orðið sammála um að mæla með brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 627. Mætti því ætla, að ég, sem ekki er fagmaður í þessum efnum, mundi hlíta dómi n. En á hinn bóginn hefir tilsvarandi n. í Nd. litið allt öðruvísi á málið, að ég hygg óskipt. Hún tók þetta frv. eins og það lá fyrir frá flm. og færði takmarkið allmikið niður, eða í 250 ha. vélar; hún vildi ekki veita vélamönnum réttindi til þess að fara með aflmeiri vélar. Ég geri ráð fyrir, að talsverður ágreiningur hafi verið um málið milli þeirra, sem áttu nú sérstaklega að rannsaka það og búa í hendur þm. Og ég verð að fá að heyra gleggri rök en þau, sem hv. frsm. bar fram, ef ég á að geta fallizt á að slaka svo mjög til í kröfunum eins og n. fer fram á. Ég legg ekki mikið upp úr því, þótt fyrir liggi áskoranir frá þeim mönnum, sem eru að falast eftir að fá þessi réttindi. Það er á sinn hátt eins og fyrir lægi áskorun frá embættismönnum um að hækka embættislaunin. Það er eðlilegt, að þessir menn, sem réttindin vilja fá, safnist saman og skori á Alþ. að veita þetta. Það er meira undir því komið, hvað forsvarsmenn stéttarinnar — í þessu tilfelli t. d. Vélstjórafélag Íslands — segðu um þetta. Nú sé ég, að í nál. er sagt, að menn úr stjórn Vélstjórafél. hafi mætt á fundi n. Sömuleiðis fulltrúar frá mótormönnum. N. hefir því komizt að þeirra niðurstöðu o. s. frv., en það er ekkert um það sagt, hverjar till. þess-

ir menn hafi gert, sem á fund n. komu. Og mér er ekki grunlaust um, að stjórn Vélstjórafél. muni ekki líta sömu augum á þetta mál og hv. nm. Það hefir verið fastur ásetningur þessa félags að gera sem mestar kröfur til vélstjóra. Og í sambandi við orðastað okkar hv. 4. þm. Reykv. út af öðru máli hér, sem snerti öryggið á sjónum, þá er ég dálitið hissa á því, að hann skuli vera svo fljótur á sér að vilja auka réttindi þessara manna, sem með vélarnar fara, því að kunnátta í því starfi er meira skilyrði fyrir öryggi á sjónum en loftskeytatækin, og ég hygg, að á móti hverju einu tilfelli, sem slys verður af vöntun lofskeytatækja, komi a. m. k. 10 slys af völdum vankunnáttu vélamanna.

Ég mun því ekki fylgja þessari brtt. n. meðan ekki eru frekari rök færð fram fyrir málinu. Ég tel sjútvn. Nd. hafa tekið rétta stefnu í þessu máli, og mun ég hallast meir að henni en því, sem hér kemur nú fram.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefi getað fallizt á breyt. þær, sem n. gerir um aukningu hestafla véla, sem þessir umræddu menn mega starfa við. En að sjálfsögðu með því skilyrði, sem þar er sett í viðbótargrein, að þeir skuli ganga undir verklegt og munnlegt próf, skv. reglugerð frá atvmrh. Hæstv. atvmrh. er ekki við nú, en ég vil samt taka það fram, að það er mín meining, að prófreglurnar verði samdar þannig, að ekki sé hætta á öðru en að þeir hafi fullkomna þekkingu í starfinu, sem leyst geta af höndum prófið. Ég býst við, að hæstv. ráðh. muni kveðja sér til aðstoðar Vélstjórafélagið, og Fiskifélag Íslands sérstaklega, sem hefir með höndum öll önnur mál sjávarútvegsins, og þá einnig þetta mál, og verði eftir því litið, að ekki séu gerðar svo léttar og litlar kröfur til vélgæzlu á skipum að mannslífa- eða fjártjón geti af hlotizt. Það er margur vélstjóri, sem stundað hefir vélgæzlu á skipunum með upp í 150 hestafla vél, sem er raunverulega fær um að stjórna miklu stærri vélum. Í því er líka falið mikið öryggi, að sá *einn hefir rétt til að vera* 1. vélstjóri við stærri vélar, sem stundað hefir vélgæzlu við samskonar vélar a. m. k. 6 mánuði að undangengnu verklegu og munnlegu prófi, sem atvmrh. setur reglugerð um. — Þar sem hæstv. atvmrh. er nú staddur í d., skal ég endurtaka það, sem ég áðan sagði, að ég vænti þess, að um leið og prófreglugerðin *er sett, leiti hann umsagnar* Fiskifél. Ísl. fyrst og fremst, og svo auðvitað álits fagmanna í þessari grein, t. d. Vélstjórafél. Ísl. og forstjóra skipaskoðunarinnar, sem er vélfróður maður, og að sjálfsögðu heyra álit mótorvélstjóra á málinu. Annars er ég og fleiri þeirrar skoðunar, að skipta þurfi þessari kennslu þannig, að þeir mótorvélstjórar, sem ætla að fá að fara með stærri vélar, eigi kost á t. d. 6—9 mánaða kennslu. Það er dálítið sitt hvað, almennar mótorvélar eða gufuvélar, en vélstjórar, sem taka próf og eru vel færir í sínu starfi, eru auðvitað fljótir að kynnast því. Ég legg áherzlu á, að þetta munnlega og verklega próf verði trygging fyrir því, að menn séu hæfir til starfans, og fái ekki skírteini að öðrum kosti. En standist þeir prófið, og sé vel um það búið, þá tel ég hættulaust, að þeir fái skírteini, er heimili þeim að stjórna slíkum vélum.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Út af ummælum hv. þm. N.-Ísf. vil ég taka það fram, að áður en reglugerð verður samin, verður leitað álits Fiskifél. og Vélstjórafél. og annara þeirra, er vit hafa á málinu.

**Magnús Guðmundsson:** Ég tók svo eftir í ræðu hv. frsm., að hann væri á móti því að veita nokkrar undanþágur frá vélgæzlulögunum, en tók það hinsvegar fram, að slíkt hefði áður verið gert, og er það rétt. En þegar undanþágur hafa verið veittar, hefir það verið eftir tillögum Vélstjórafél., og einungis til þess að fyrirbyggja, að útgerðin biði tjón af. Nú vil ég spyrja hv. frsm., hvort það sé meiningin að taka með öllu fyrir slíkar undanþágur. Ég vil leiða athygli að því, að verði það gert, þá getur það haft í för með sér stórskaða fyrir útgerðina og einnig þá, sem á skipunum vinna. Ég get því ekki verið þvi meðmæltur, að fyrir þetta sé alveg tekið, því að alltaf geta komið fyrir tilfelli, sem brýn nauðsyn krefur, að hægt sé að taka tillit til, og veita undanþágu, ekki síst þegar verið er að setja ný l., og menn ekki í einu vetfangi búnir að öðlast réttindin samkv. þeim.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Hv. 1. þm. Reykv. leit svo á, að hér væri of langt gengið í réttindaaukningunni, og vitnaði máli sínu til stuðnings í sjútvn. Nd. Ég dró enga dul á það, hver hefði verið skoðun þeirrar hv. n., en hinsvegar er mér ekki grunlaust um það, að nokkur hluti hennar — eða e. t. v. meiri hl. hennar — líti nokkuð öðruvísi á málið nú, eftir að hafa kynnt sér það nánar en hún gerði þegar hún afgr. sínar till. Í umr. innan n. og í viðtali við ýmsa menn upplýstist það, sem e. t. v. hefir breytt áliti n. á málinu. Hv. þm. minntist á, að Vélstjórafél. myndi ekki fylgjandi þessari till. Ég býst við, að hann hafi rétt fyrir sér í því, að *yfirleitt sé Vélstjórafél. mótfallið* réttindaaukningu á þennan hátt, upp að svona háu marki, því að það er ekki svo, að félagið vilji alls enga réttindaaukningu frá því, sem nú er. Ég ætla ekki að fara að rökræða það við hv. þm., hvað hér getur legið á bak við hjá félaginu. Ég býst við, að þeir vilji tryggja öryggið við *vélgæzluna sem allra mest, og því er ég full*komlega sammála. En við þykjumst hafa gengið svo frá okkar till., að ástæðulaust sé að óttast, að þess verði eigi fyllilega gætt, og það eins fyllilega og þótt lærðir gufuvélavélstjórar væru að verki, því að hin langa verklega æfing á að vera höfuðþekkingin í þessu atriði, en ekki bóklega þekkingin. *Og ég býst við því*, að þótt hér væri vélstjóri að tala við mig, þá myndi hann játa, að við gæzlu gufuvélar kemur verkleg þekking ekki síður að notum en hin bóklega þekking. En ég drap lauslega á það áðan, að þótt vélstjórar yfirleitt fái nokkra fræðslu um mótora í vélstjóraskólanum, þá er hún næsta *lítil samanborið* við þá fræðslu, *sem þeir fá í* meðferð gufuvéla, því að í prófreglugerðinni er gert ráð fyrir einni spurningu í verklegu og

einni í bóklegu viðvíkjandi mótorvélum. Og þegar allt kemur til alls, hygg ég þar ekki meiri bóklega fræðslu en á námsskeiðum Fiskifélagsins. Að vísu skal ég játa, að þeirra þekking á vélum í heild er stórum meiri og á þeim lögmálum, sem á bak við allar vélar liggja, en í raun og veru er það hin verklega æfing hjá hverjum sæmilega starfhæfum manni, sem mest gildir í þessu efni. Og það er ekki hægt að neita því, að hjá öllum þjóðum — að svo miklu leyti sem ég hefi þar kunnugleika — þá er mjög mikið lagt upp úr verklegu æfingunni, sem menn hafa öðlazt gegnum margra ára starf og reynslu. Ég skal taka það fram, að eftir að vélarstærðin er orðin 400 hestöfl, þá er svo til ætlazt, að hin almenna vélfræðiþekking komi þar til skjalanna, en hestorka véla upp í 400 getur orðið nokkuð almenn í fiskiflotanum okkar eins og nú horfir við. Ég segi ekki, að það verði e. t. v. meiri hl., sem fer svo hátt, en búast má við mikilli notkun 300 hestafla véla. Um annað atriðið vil ég ekki ræða mikið hér, nfl. muninn á glóðarhausvélum og dieselvélum, en vil einungis geta þess, að við 150 hestafla dieselvélar hafa mótormenn unnið, og lögmál vélanna breytast ekki þótt stærðarhlutföllin aukist nokkuð. Þetta gildir jafnt um vélar á landi og sjó. Við gæzlu þessara véla í landi eru notaðir menn, sem jafnvel hafa ekki það próf, sem mótormenn hafa almennt. Þeir hafa reynzt vel. Ég gæti bent á ýmsa staði, þar sem þetta á sér stað. Um öryggið á sjónum, þá hefi ég svarað því með því, sem ég hefi áður sagt og skal fúslega endurtaka, að ég tel aldrei of mikið að því gert, sem verða má til öryggis á sjónum. Og þegar á það er litið, að einungis þeir koma til greina með að fá þessi réttindi, sem hafa verklega reynslu, þá tel ég öryggginu fullkomlega borgið. Ég skal einungis tilfæra lítið dæmi. Nýlega kom hingað til lands skip með 400 hestafla mótorvél. Sem 1. vélstjóri vinnur á skipinu útlærður maður, sem um langt skeið hefir unnið við slíkar vélar, bæði áður en hann lauk vélstjóraprófi og síðan. Sem 2. vélstjóri er þar aftur á móti mótorlærður maður, sem varð að fá undanþágu til starfans. Og hinn lærði vélstjóri vill fyrir engan mun missa þennan mann úr þjónustu sinni, og sama er að gegna um skipstjórann; hans álit er eins. Ég geri ráð fyrir, að þessir menn hafi rétt fyrir sér. Hin langa verklega reynsla hefir gert þennan próflausa mann fullkomlega hæfan til starfans, og það hæfan, að 1. vélstjóri þykist ekki geta á það treyst, að jafnlærður maður og gegn fáist úr hinni lærðu vélstjórastétt. Ég skal taka annað dæmi. Það er skip hér nú í okkar lögsagnarumdæmi, sem hefir fyrir 2. vélstjóra venjulega mótorlærðan mann, og 1. vélstjóri, sem hefir próf í gufuvélafræði, vill alls ekki missa hann frá starfinu, og hans traust er það mikið, að þegar 1. vélstj. á sumarfrí, treystir hann engum betur til að fara með vélina en þessum próflausa manni. Að vísu má segja, að hér sé um sérstök dæmi að ræða, en ég hygg, að þessi tvö dæmi séu ekkert einstæð, að innan mótormannastéttarinnar séu margir menn, sem standa lærðum vélstjórum fyllilega á sporði í meðferð véla.

Ég skal beina örfáum orðum til hv. 1. þm. Skagf. út af orðum hans um undanþágurnar. Ég skal ekki bera á móti því, að nauðsyn geti verið til undanþágu í einstaka tilfelli, en um leið og alm. mótormenn öðlast réttindi til að fara með vélar allt að 400 hestöfl, þá er þörfin fyrir undanþágur sennilega horfin með öllu, því að til þess eru ekki mikil líkindi, að í okkar fiskiflota verði notaðar stærri vélar. Því að það er mér fullljóst, að gufuvélalærðir vélstjórar munu nú fara að leggja stund á að starfa við mótora, ekki sízt vegna þess, að notkun olíu í stað kola mun stórum aukast, og það jafnvel í stórum skipum. Þetta er fullkomin ástæða til þess, að hinir lærðu gufuvélstjórar fari að leggja sig eftir mótorgæzlunni meir en verið hefir. Mér er sagt af vélstjórum sjálfum, að í Danmörku sé það svo, að sá, sem ætli sér að vinna við dieselvél eða mótorvél með mikilli hestorku, verði að byrja að vinna við þessar vélar og hafa fullkomið próf í þeirri grein. Það dugir ekki að byrja sem kyndari eða annað við gufuvél, heldur verður að byrja við mótorvél til þess að öðlast hina fullkomnustu verklega þekkingu, sem þarf til þess að geta orðið mótormaður. Hið sama geri ég ráð fyrir að komi á daginn hjá okkur, og að hinir lærðu gufuvélastjórar komi þá inn í þetta starf eins og hverjir aðrir, þegar verklega þekkingin er fyrir hendi. Þegar svo er komið, mun lítil ástæða til að veita undanþágur. Hinsvegar höfum við ekki gert neinar till. um að fella undanþáguheimildina niður, svo að það er tómt mál að tala um, en ég hygg, að það sé betra fyrir hvern ráðh. að þurfa ekki að veita undanþágur, þótt fyrir geti komið, að þær séu nauðsynlegar, eins og í því dæmi, sem bent var á, að hefði undanþága ekki verið veitt, myndi starfið hafa lent á erlendum manni. Hinsvegar er ekki gert ráð fyrir að fella þessa undanþáguheimild úr gildi nú, og ekki fyrr en búið er, eins og hv. þm. N.-Ísf. orðaði það, að marka nánar línurnar milli undirbúnings gufuvélstjóra og mótormanna. — Það er ætlun n., að þessi löggjöf verði endurskoðuð, en þangað til það verður gert finnst okkur þessar till. eiga rétt á að vera í gildi, sem við berum hér fram.

Magnús Jónsson (óyfirl.): Ég skal ekki breyta langar umr. um þetta mál. Ég get ósköp vel játað, að ég er enginn sérfræðingur á þessu sviði, en er hræddur um, að þeir aðrir, sem um málið hafa fjallað í d., séu ekki heldur allir miklir sérfræðingar. Mér er t. d. sagt, að heldur sé ónákvæmt að miða aðeins við hestöfl, eins og í þessum ákvæðum er gert, án þess að taka fram, hvernig þau skuli reiknuð, til þess að öruggt sé, við hvað sé átt. Það er svo, að afl vélar er miðað við ýmislegt fleira en hestöfl, og þarf þá að taka það fram, hvernig hestöflin eru reiknuð. (SÁÓ: Ekki frekar nú en í gildandi l.). Nei, það getur verið, en ég tek þetta sem dæmi um það, að sérþekkingin hjá n. muni ekki svo ýkjamikil, að mér ekki leyfist hér einnig um að tala. — Hv. þm. notar hér sömu rökin og alstaðar eru viðhöfð þegar verið er að tala gegn sérþekkingunni á einhverju sviði, að benda á einstaka menn án sérþekkingar og spyrja, hvort

þeir hafi ekki reynzt nógu vel í starfi sínu, og það jafnvel betur en sumir sérfræðingarnir. Það er alveg hreint satt; það eru til menn, margir duglegir menn og ágætir í sínum störfum án sérþekkingar. En hvar á að setja mörkin, þegar löggjafarvaldið er að ákveða, hver eigi að hafa þessi réttindi og þessar skyldur? Það er gildi stéttasamtakanna, sem gera sterkar kröfur um sérþekkingu á einhverju sviði, að þau útiloka þessi undantekningardæmi, sem að vísu getur verið hart að útiloka, en verður eigi að síður að gera, ef nokkrar kröfur á að gera. Við skulum taka dæmi, t. d. frá kennarastéttinni. Dettur nokkrum manni í hug, að ekki séu til margir menn, sem ekki hafa kennarapróf og eru þó fullfærir um að kenna í skólum? Hefði ekki Björn Olsen getað sagt eins vel til í íslenzku og einhver maður úr kennaraskólanum? En hann hafði ekki réttindi til þess. Það verður að setja einhver mörk. Í sambandi við það, að hv. þm. var að tala um lærðan vélstjóra, sem hefði verklega ólærðan mann með sér í sínu starfi og teldi hann ómissandi, þá minnir það mig á það, sem Jón Þorláksson borgarstjóri sagði mér einu sinni. Þegar hann kom hér fyrst sem vegamálastjóri eftir að hafa leyst af hendi prýðilegt próf í verkfræði, sagðist hann ekkert hafa gert fyrsta árið annað en læra af vegavinnustjóranum hið praktiska í starfinu. En þar fyrir dettur engum í hug, að það hefði átt að afhenda vegavinnustjóranum umsjón með hinu verkfræðilega starfi. Það eru til menn, sem hafa aflað sér svo og svo mikillar þekkingar í störfum, án þess að hafa fengið sérþekkingu, — en hvernig á að þekkja þá úr?

Hv. þm. sagði, að á vélstjóraskólum væri kennt lítið í mótorfræði. Ég skal trúa því, að þar sé ekki kennt svo miklu meira í þessari grein en á þessum námsskeiðum. En að hinu þarf líka að gæta, hvað mennirnir hafa lært, áður en þeir byrja á námskeiðunum. Það eru t. d. til í Ameríku snöggsoðnir prestar, þannig, að einhver, sem hefir enga undirbúningsmenntun til að bera, fer að nema á prestaskóla jafnhliða stúdentum. En engum dettur í hug, að hann hafi jafnmikið gagn af þeim lærdómi og þeir, sem lagt hafa á sig 7—9 ára undirbúningsnám. Og enginn þarf að segja mér, að menn verði eins vel að sér í mótorfræði af því að ganga á þessi námskeið og ef þeir hefðu lokið við vélstjóraskóla. En aðalatriðið er þó það, hvort slá beri af kröfunum eða ekki. Það er enginn vandi að fá mann, sem getur stjórnað mótorvél. En ef kröfunum verður sleppt, þarf enginn að halda, að menn fari að leggja mikið á sig, eða meira en þarf. Sú undantekning, að maður, sem kann að stjórna smávél, verður stundum að stjórna stórri vél, verður að reglu.

Svo er annað: hvort hv. dm. telja forsvaranlegt að slá af þessum kröfum. Hv. þm. reyndi að sýna fram á, að ólærðir menn væru oft alveg eins góðir til þessara hluta og þeir, sem lært hefðu. En þeir, sem eru góðir ólærðir, hefðu auðvitað orðið ennþá betri, ef þeir hefðu lært. Það eina, sem afsakað gæti svona ráðstafanir, væri það, að kjör þeirra manna, sem hér koma til greina, væru svo bágborin, að ekki væri leggjandi á þá sá aukni kostnaður, sem af frekara námi leiddi. En margir þessara manna búa við kjör, sem eru betri en kjör háskólamanna, sem þurfa 10—14 ára nám til að fá sín réttindi. Er því alveg óþarft að slaka hér á.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég mun ekki svara nemu fáu af því, sem hér hefir verið sagt. Hv. þm. taldi ólíklegt, að vélstjórar myndu leggja sig eftir meira námi til þess að geta stjórnað mótorvélum. Þetta er rangt hjá honum. Við eigum að vísu ekki mörg skip með stórum dieselvélum, en við eigum þó eitt, sem er varðskipið Ægir, og sá maður, sem er nú yfirvélstjóri, hefir haft vélina frá byrjun. En 1. yfirvélstjórinn á því skipi var 6 mánuði í Danmörku til þess að kynna sér meðferð slíkra véla, og var það þó þaulreyndur gufuvélavélstjóri með ágætu prófi. Ef stórum dieselvélum fjölgar í skipum hér, þá verða menn að hafa aukanám til að geta stjórnað þeim. Og ég er ekki í vafa um, að vélstjórar munu hér eftir leggja sig eftir slíkri fræðslu meira en verið hefir.

Þegar mótoristal. voru sett, var gert ráð fyrir skóla hér í Rvík, sem veitti kennslu í þeim fræðum, en hann er ekki kominn enn. Slíkur skóli þarf auðvitað að koma sem fyrst.

Ég vil ekki fara að bera saman laun þessara manna og embættismanna ríkisins. En í sambandi við þau orð, sem féllu hjá einum hv. þm. um loftskeytin og öryggið, vil ég geta þess, að oft, þegar menn hafa staðið í dauðans greipum í brimgarðinum, hafa þeir bjargast fyrir tilstilli loftskeytanna.

ATKVGR.
Brtt. 627,1 samþ. með 8:2 atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 627,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 656, 658).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Á þskj. 658 er brtt. frá sjútvn. Hún er ekki annað en leiðrétting við l. um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum. Í núv. l. er miðað við 150 hestafla mótorvélar. Þetta var nauðsynlegt að færa til samræmis við frv., og er í því sambandi vitnað í l. nr. 43 frá 3. nóv. 1915, eins og sést á brtt. Þessi breyt. er í samræmi við þá breyt., sem þegar er búið að gera á þessum l., og þætti okkur vænt um, ef d. vildi samþ. brtt.

ATKVGR.
Brtt. 658,1 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 658,2 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv. og endursent Nd.

---

Á 53. fundi í Nd., 7. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 685).

Á 55., 57., 58. og 59. fundi í Nd., 10., 12., 13. og 14. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 15. des., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 685, 759).

**Páll Þorbjörnsson:** Hv. Ed. gerði nokkrar breyt. á þessu frv. frá því, sem það var afgr. héðan úr d. Réttindi vélgæzlumanna voru hækkuð upp í 400 hestöfl, en þeim jafnframt gert að skyldu að ganga undir sérstakt próf til að annast gæzlu slíkra véla. Sjútvn. Nd. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og er ég einn í minni hl. Meiri hl. n. vill færa hámarkið aftur niður í 300 hestöfl, og byggir hún þar einkum á áliti skipaskoðunarmanns ríkisins. En það er að ganga út frá rammskökkum forsendum, því að þetta bréf er miðað við frv. eins og það var upphaflega, en þá var markið 500 hestöfl og engin prófskylda. Ég vona því, að hv. Nd. sjái sér fært að samþ. frv. eins og hv. Ed. gekk frá því.

**Emil Jónsson:** Ég vildi segja nokkur orð áður en atkvgr. færi fram, til þess að gera grein fyrir atkv. mínu. Þegar þetta mál var hér til umr. í d. áður, greiddi ég atkv. á móti því, að réttindi vélgæzlumanna væru aukin svo, sem frv. fór þá fram á. Þá var það svo, að hver, sem hafði stundað vélgæzlu við 50—150 hestafla vél í 36 mánuði, gat án nokkurra annara skilorða fengið að fara með 400 hestafla vél. Nú hefir þessu verið breytt svo í hv. Ed., að áður en þessi réttindi fáist, skuli viðkomandi hafa gengið undir próf, sem fara á fram samkv. reglugerð, sem atvmrh. gefur. Þetta tel ég næga tryggingu fyrir því, að ekki fái aðrir þessa réttarbót en þeir, sem hana eiga skilið, og get ég því greitt atkv. með frv. eins og það nú er orðið.

Um gufuvélstjóra gilda nú þær reglur, að hann þarf að hafa stundað nám í smiðju í 3 ár, og gengið í 2 ár í Vélstjóraskólann, miðað við gufuvélar. Og þeir hafa fengið viðurkenningu fyrir því, að þeir séu vel starfshæfir við þær vélar, þegar þeir koma úr skólanum. En nú eru gufuvélar og mótorvélar mismunandi hlutir, og þó að maður sé góður gufvélstjóri, þá er ekki þar með sagt að hann sé góður mótoristi. En margir góðir mótoristar hafa náð mikilli leikni í sínum fræðum, þó að þeir hafi ekki átt kost á skólamenntun. Ég vil, að slíkum mönnum sé leyft að ganga undir próf og sanna kunnáttu sína, og njóta síðan hlunninda samkv. henni. Það er með mótora eins og flestar stórar vélar, að mikil ábyrgð hvílir á mönnum þeim, sem með þær fara, t. d. oft mörg mannslíf. Það er því þýðingarmikið, að þeir séu öruggir í starfi sínu og fróðir um það. — En réttindi eiga menn að fá, ef kunnáttan er nóg til að standast prófið, sem gert er ráð fyrir í frv., hvort sem sú kunnátta er fengin í skólum eða með öðrum hætti. Ég mun því fylgja frv. í þess núv. mynd.

**Sigurður Kristjánsson** (óyfirl.): Það var rétt, sem hv. frsm. minni hl. sjútvn. skýrði frá, að n. hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. En ágreiningurinn er ekki mikill. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, er það mjög mikið vandaverk fyrir löggjafann að setja reglur um réttindi manna til skipstjórnar og vélgæzlu. Um þessi mál er stöðug togstreita. Þeir, sem ekki hafa full réttindi, vilja með öllu móti fá þau aukin, en þeir, sem búnir eru að öðlast full réttindi, eru á móti því, að slakað sé á kröfunum, til þess að forðast samkeppnina. Fyrir ósérfróða menn er ekki gott að dæma um þessi mál. Þeir menn, sem ekki hafa nema svo kallað „minnapróf", hafa hingað til ekki haft rétt til þess að fara með stærri vélar en 150 hestafla. Nú var farið fram á, að þessum mönnum mætti veita vinnu við allt að 500 hestafla vélar. Gegn þessu hafa þeir, er lokið hafa prófi í Vélstjóraskólanum, risið; skólastjóri þess skóla hefir líka sent andmæli gegn þessari uppástungu, ennfremur tryggingarstofnanir hér í bænum. Þá hefir skipaskoðunarmaður ríkisins sent n. ítarlegt bréf um þetta mál. Þetta bréf hefir maður ástæðu til að ætla, að sé óhlutdrægt. Það er skrifað af manni, sem hefir mjög mikla ábyrgðartilfinningu og mikils sóma að gæta, en hefir sjálfur enga hagsmuni af afdrifum þessa máls. Ég ætla því, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp bréf hans:

„Reykjavík, 8. des. 1934.

Mér hafa borizt fjölda margar beiðnir um það, að ég léti álit mitt í ljós til hinnar hv. sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis um frumvarp það til laga, sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi, um breytingu á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

Það er vitanlegt, að settar eru nú í skip miklu stærri vélar en áður voru notaðar í sömu stærð skipa, og er nú svo komið, að fram úr hófi keyrir og er orðið áhyggjuefni flestra, er til þeirra hluta þekkja. En þetta gerir það að verkum, að framfarirnar, ef svo mætti kallast, og löggjöfin fylgjast ekki að, þegar um réttindi til mótorvélgæzlu er að ræða. Ákvæðin um aukin réttindi fyrir þá mótorvélstjóra, sem ekki hafa réttindi nema að 150 hestöflum, er óefað réttlát. Aftur á móti ber mér skylda til að benda á það, að það er mjög varhugavert að mínu áliti að veita réttindi, hvort heldur er upp að 400 eða 500 hestöflum, þeim, sem ekkert smíðanám hafa, en lögin frá 1924 krefjast ekki smíðanáms, enda er þar kröfum og réttindum stillt í hóf.

Reynslan mun sýna það, að þegar farið verður að nota mótorvélar í skip, 200 hestöfl eða stærri, þá muni það verða dieselvélar, sérstaklega þegar 300—500 hestafla vélar eru notaðar.

Þegar svo stórar vélar eru notaðar í skipum, þá eru skipin það stór, að óhjákvæmilegt er að hafa aðrir vélar einnig í skipinu, svo sem rafmagnsvélar til framleiðslu á rafmagni til þilfarsvindna og ljósa, loftþjöppunar, dælur og e. t. v. einnig frystivélar.

Séu nú aukavélar þær, sem nú hafa verið nefndar, ekki knúðar með rafmagni, þá eru þær knúðar annaðhvort af eimi, eða þá með sérstökum mótor, og ekki verður minna að líta eftir með því. Þegar um skip er að ræða, sem hafa 300—500 hestafla mótorvél, þá munu það oftast vera stálskip, og kemur þá í mörgum

atriðum hin tekniska þekking vélstjórans til greina við viðgerðir o. fl.

Ég tel ekki þurfa að skýra það betur, að það er bráðnauðsynlegt, að vélstjóri, sem á að stjórna vél, sem er 300—500 hestöfl, ásamt öllum þeim öðrum aukavélum, sem í skipinu eru, verði undantekningarlaust að hafa stundað járnsmíði og hafa nægilega þekkingu til að geta framkvæmt og sagt fyrir um algengar viðgerðir á þeim vélum, sem í skipinu eru, því það er ekki víst, að alltaf sé hægt að ná til verkstæða í landi, ef eitthvað þarf að gera við, enda vill það verða kostnaðarsamt fyrir eigendur skipa að láta framkvæma allar viðgerðir í landi.

Ég vænti, að hv. nefnd sé það nú ljóst, að mótorvélstjóri á 20 tonna bát, með 60 hestafla vél, getur ekki tekið að sér starf, sem áður er lýst, svo vel fari, en frumvarpið gerir ráð fyrir, að hann geti verið annar vélstjóri á skipi með 500 hestöflum, en á slíkum manni hvílir mikil vinna og verkleg þekking, en hvar á hann að hafa fengið hana annarsstaðar en á verkstæði? En smíðanámsins hefir hara alls ekki verið krafizt, og æfingu á mótorskipum yfir 150 hestöfl er lítið um, þar sem hér eru aðeins tvö skip, sem um er að ræða, sem hafa stærri vél. Ég hefði óskað þess, að þetta frumvarp hefði ekki komið fram nú, því vitanlegt er, að öll atvinnulöggjöfin, hvort heldur er til vélgæzlu á gufuskipum eða mótorskipum, er úrelt og þarf bráðrar endurskoðunar með, og væri því ákjósanlegt, að öll vélstjóralöggjöfin væri endurskoðuð og lögð fyrir næsta þing og þetta frumvarp yrði geymt til þess tíma.

Sjái hv. sjávarútvegsnefnd sér ekki fært að leggja til, að þessu máli verði frestað, en athugað betur og tekið upp á næsta þingi, þá ber mér skylda til, eftir gaumgæfilega að hafa hugsað þetta mál, með hagsmuni sjófarenda og öryggi þeirra fyrir augum, að benda á það, að það er hreinn og beinn háski fyrir sjófarendur, ef frumvarpið verður samþykkt eins og það var lagt fyrir þingið, en mundi mæta skilningi og velvild allra, ef takmarkið yrði fært niður í 200—300 hestöfl, þar til vélstjóralögin í heild sinni verða endurskoðuð og breytt eftir tímans kröfum.

Virðingarfyllst
(sign.) Ó. Th. Sveinsson."

Það er sérstaklega mikilsvert fyrir menn eins og mig, sem ekki hefi sérþekkingu á þessum málum, að fá svona skjal í hendur frá manni, sem treysta má, að hafi vit á þessum hlutum og ekki er hægt að vefengja, því hann hefir enga ástæðu til þess að styðja annan málsaðila hinum fremur. Það er einnig svo, að ekki eru nema 2 skip í flotanum yfir 300 hö., og því ekki þörf fyrir þessa undanþágu vegna skipastólsins. (PO: Þau eru fleiri). Ekki segir skipaskoðunarmaðurinn, og ætti hann þó að vita það rétta. Það er mikil rýmkun fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að fá leyfið tvöfaldað, úr 150 í 300 hö. Þykir mér varhugavert að færa þetta meira upp gegn till. sérfróðra manna, þegar ekki er vitanlegt, að vanti vélstjóra á þau skip í íslenzka flotanum, sem stærri eru. Tel ég, að meiri hl. sjútvn. hafi reynt að fara sanngjarnan milliveg, þar sem sumir vildu ekkert rýmka þetta úr 150 hö., en aðrir færa það upp í 500 h., en n. hefir lagt til, að það verði bundið við 300 hö.

**Páll Þorbjörnsson:** Ég verð að byrja á að taka fram, að brtt. á þskj. 759, sem er þannig orðuð, að hún sé frá sjútvn., er aðeins frá 4 mönnum í n., eða öllum nema mér. Ég vildi vekja athygli á þessu hér, því það er dálítið frekt hjá meiri hl. að gera tilraun til þess að láta svo sýnast sem enginn ágreiningur sé um málið.

Hv. 6. þm. Reykv. var að tala um minna próf. Vil ég vekja eftirtekt hv. þdm. á því, að hér er ekki rétt að tala um minna próf, því hér er um alveg óskyld mál að ræða. Er ómögulegt annað að sjá en að öll löggjöfin sé miðuð við gufuskip. Öll undirstaða fyrir náminu er miðuð við gufuskip; t. d. er gerð krafa um það, að menn hafi verið kyndarar. En hvaða ástæða er til þess, að menn, sem eiga að fara með dieselvél, hafi mokað kolum í nokkra mán.? Lögin eru gömul og úrelt og eingöngu miðuð við gufuvélar í stærri skipum.

Hv. 6. þm. Reykv. fór inn á að lesa umsagnir úr ýmsum skjölum, er sjútvn. hafa borizt. Meðan málið var í n. var mjög gengið á rétt annars aðila, því félagi mótorvélstjóra var gert erfitt fyrir að mæta, en leitað álits gufuvélstjóra og nefnd frá Vélstjórafél. fengin til viðtals. Umsögn tryggingarfélaganna fullyrði ég, að sé samin af einstökum mönnum frá Vélstjórafél. og farið með inn í skrifstofur félaganna, og forstöðmenn þeirra látnir skrifa undir. Afrit af þessu skjali hafði ég í höndum áður en skrifað var undir af vátryggingarfélögum.

Hv. 6. þm. Reykv. tók fram, að ekki yrði lagzt á móti umsögn fagmanns eins og skipaskoðunarstjóra. En þau ummæli minna lítið á mann, sem sanna þekkingu hafi á þessum efnum. Hann fjölyrti mikið um, að þegar skipin stækkuðu og vélarnar færu upp í 300—400 hö., þá væri farið að nota ýmsar aukavélar, rafmagnsvélar, vindur og því um líkt. Á fiskiskipum eru þetta aðallega þilfarsvindur, og þá undir flestum kringumstæðum knúðar með eimi. Vil ég taka fram, að það er ekki farið fram á, að mótorvélstjórar fái rétt til að annast það, heldur aðeins til þess að fara með stærri dieselvélar en l. nú heimila. Mér er kunungt um, að smiðjur hér í Rvík, sem hafa haft lærlinga, sem síðan hafa farið í vélstjóraskólann, hafa aldrei gert við neina vél, og ekki get ég skilið, að sá maður sé miklu betur undirbúinn til að vera vélstjóri, sem hefir verið við skeifusmíði eða lóðað göt á pottum o. þ. h. Hvaðan eiga nú þessir menn að fá sína vélaþekkingu? Hvernig eiga þeir að bæta sér upp, ef þeir hafa varla vél séð, þegar þeir koma úr skóla? Ég get ekki betur séð en að það sé aðalatriði, að mennirnir hafi öðlazt sanna þekkingu, og ef það sannast, að þeir standist tilskilin próf, eiga þeir að fá rétt til að stjórna 400 ha. vél. Vitanlega eru margir skólalærðir menn ágætlega færir og

standa vel í stöðu sinni, en mér er ekki kunnugt um, að þeir, sem eingöngu hafa lært af reynslunni, hafi ekki staðið fullvel í stöðu sinni, og jafnvel eins vel og hinir. Og það, sem hér er farið fram á, er, að krefjast þess eins, að mennirnir hafi fengið sanna þekkingu á starfinu, án tillits til þess, hvernig hún er fengin, og að veita þeim mönnum rétt til að fara með 400 ha. vél, sem fullnægja þeim kröfum, sem um það eru gerðar.

**Sigurður Kristjánsson** óyfirl.]: Hv. 3. landsk. fyrirgefur, þó ég segi aðeins hv., en hann nefndi mig hæstv.; það var án tilmæla frá mér. — Hv. þm. sagði, að ekki væri rétt að tala um meira og minna próf. Er það rétt að því leyti, að prófið er dálítið annað. Er vitanlegt, að menn á mótorskipum hafa próf, að vísu ekki mikið, enda ekki mikil réttindi, en menn, sem ganga í vélstjóraskólann, hafa langt og erfitt nám, og þó krafizt sé, að þeir moki kolum, sannar það ekki, að þeir séu óhæfari en aðrir fyrir það. Í vélstjóraskólanum fá menn 4 stunda kennslu á viku í meðferð mótorvéla. Hér er ekki beinlínis um að ræða, hvort þessi próf frá vélstjóraskólanum eru fullkomin eða ófullkomin, heldur er aðeins um það að ræða, hvar eigi að setja réttindamarkið fyrir þá, sem ekki hafa verið í vélstjóraskóla. Skilst mér, að bezt væri, að samin yrði löggjöf um þetta af kunnáttumönnum í þeirri grein. Þó nokkurt kapp sé milli lærðra vélstjóra og ólærðra, mundi það jafnast fljótt, ef þetta væri ákveðið í löggjöf sem samin væri af færum mönnum.

Hv. 3. landsk. var að gefa í skyn eða fullyrti, að beitt hefði verið hlutdrægni um það, hverjir fengu að flytja mál sitt fyrir sjútvn. Nd. Þetta er alls ekki rétt. Ég veit ekki annað en n. hafi tekið á móti öllum, sem við hana vildu ræða, en hitt má vel vera, að menn séu misjafnlega áhugasamir og árvakrir. Enda eiga menn ekki að láta hræra í sér með agitation, að svo miklu leyti sem þeir hafa sannfæringu.

Ég get sagt það, að til mín hefir komið kunningi minn, sem er á móti mér og talaði við mig um málið af stillingu; þó hann fylgdi sínu máli af áhuga, þá færði hann rök fyrir því, á hverju hann byggði sína skoðun, af hyggindum og sanngirni. En það hafði engin minnstu áhrif á mig eða mína skoðun. Það er satt og ómótmælanlegt, að þeir, sem eru á móti frv., hafa lagt fram fyllri gögn. Ég get ekki hugsað mér, að hv. 3. landsk. ætli sér þá dul að sópa burt gögnum, sem byggð eru á umsögn og þekkingu kunnáttumanna, og hrinda með offorsi rökum þeirra manna, sem hafa a. m. k. sömu þekkingu og meiri samvizkusemi; manna eins og skipaskoðunarstjóra, sem engra hagsmuna hefir að gæta í þessu efni.

Að því er snertir tryggingarfélögin, þá þekki ég ýmsa þá menn, sem að þeim standa, að því að vera engir veifiskatar, og treysti þeim miklu betur en hv. 3. landsk. til þess að láta ekki hafa áhrif á sig, og er það heldur óviðeigandi málflutningur, að halda því fram, að þeir hafi skrifað undir þessi skjöl móti betri vitund. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði, að álit skipaskoðunarstjóra væri um frv. eins og það var upphaflega, en ekki eins og það kom frá Ed., vil ég benda á, að það er tekið fram í vélstjóravottorðinu, að vélastærð sé allt að 300 hö., sem heimildin nái til, og talið sjálfsagt, að sett verði ný lög, sem afmarki skýrt, hvaða skilyrða verði krafizt, í hlutfalli við stærð véla og hatölu.

Vil ég svo endurtaka, að engum er gert rangt til með till. sjútvn., þar sem tekið er jafnt tillit til beggja aðila. En menn geta séð, að þegar tveir aðilar bera fram kröfur, sem langt er á milli, er ekki gott að gera báða ánægða, og er þá helzt að báðir slái nokkuð af. Þó ekki sé útilokað, að annar geti haft rétt fyrir sér, hygg ég, að svo sé ekki í þessu tilfelli, og megi því báðir vel við una. Ég er sjálfur ekki sérfræðingur í þessum efnum, og vil því binda mig meir við álit sérfróðra manna.

**Pétur Ottesen** óyfirl.]: Ég held, að hv. 6. þm. Reykv., sem hóf hér andmæli gegn þessu frv., hafi ekki fullkomlega áttað sig á því, hvernig þetta mál liggur nú fyrir og hvað í því felst. Það, sem felst í þessu frv., er ekkert annað en það, að mótoristum, þ. e. a. s. þeim, sem tekið hafa próf og hafa rétt til að fara með vélar allt upp í 150 hestöfl, sé gefinn kostur á að ganga undir próf að nýju til þess að fá viðurkenningu, vitanlega þar til hæfra manna á því, hvort þeir hafi ekki eftir a. m. k. 3 ára starf bætt við sig þeim þekkingarforða, með þeirri reynslu og æfingu, sem þeir hafa haft í sínu starfi á þessum tíma, að það eitt nægi til viðbótar þeirri bóklegu þekkingu, sem þeir hafa öðlazt með mótorprófi, til þess, að öruggt sé að færa út réttindi þeirra eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Það er þetta og ekkert annað, sem í frv. felst. Ég er þess vegna alveg undrandi yfir því, þegar verið er að tala um það í þessu sambandi, að hér sé verið að skerða öryggi sjófarenda með því að gefa mótoristum kost á að geta fengið þessi auknu réttindi. Þetta getur ekki byggzt á neinu öðru en vantrausti á þeim mönnum, sem eiga að hafa þessi próf á hendi, því að það kemur vitanlega ekki til mála, að neinir aðrir af mótoristum en þeir, sem að dómi sérfræðinga, sem eiga að hafa prófið á hendi, eru færir í þessari grein, fái þau auknu réttindi, sem hér er um að ræða. Mér þykir það kynlegt, ef þeir menn, sem hafa verið að lýsa yfir trausti sínu á sérfræðingum í þessari grein, skuli nú ekki treysta þessum sömu sérfræðingum til að hafa slíkt sem þetta með höndum. Þessar röksemdir stangast því svo greinilega, að þær verða að engu.

Ég held því, eins og þetta frv. er nú, og svo framarlega sem menn vilja treysta sérfræðingum í hvaða grein sem er, þá ætti að vera óhætt að aðhyllast frv. og fela þar með þessum sérfræðingum, sem eiga að hafa þessi próf með höndum, að gera út um það, hvort þessir menn séu færir til að taka við þessum auknu réttindum á þessu sviði. Það er gersamlega alveg óforsvaranlegt hreint og beint að neita að viðurkenna, að löng æfing og leikni í meðferð véla sé ákaflega mikils virði. En vitanlega kemur

leikni og reynsla ekki að fullu liði ein saman. Þar verður vitanlega fræðileg þekking að vera með. Það nær því engri átt að ganga á móti þessu frv. og neita þar með að viðurkenna, að reynsla og æfing sé svo mikils virði, að hún geti gert það forsvaranlegt að veita mönnum rétt til að hafa á hendi gæzlu stærri véla.

Þá er hér um það að ræða, hvort miða skuli þennan rétt við 400 hestöfl eða 300. Nú liggur þetta mál þannig fyrir, að það liggja fyrir atvik, sem sýna, að það er réttmætt að færa þetta einmitt upp í 400 hestöfl. Til þess að ná því, sem er raunhæft í þessu máli, hefði því verið réttast að samþ. frv. í þeirri mynd, sem það hefir nú, en færa hámarkið ekki niður eins og meiri hl. sjútvn. leggur til.

Ég vildi biðja menn mjög að athuga það, áður en gengið er til atkv., að þessir menn, sem hér eiga að fá þennan aukna rétt, þeir eiga, til þess að geta fengið hann, að ganga undir próf og standast próf, sem sérfræðingar á þessu sviði eiga að halda yfir þeim.

Andmælendur þessa máls hafa í þessu sambandi vitnað í álit vátryggingarfélaganna. Ég vil nú spyrja, hvaða aðstöðu forstjórar þeirra félaga hafa fram yfir hvern þm. að segja til um það, hvort fært sé að veita slík réttindi. Ég veit ekki til, að þessir forstjórar séu neinir sérfræðingar í þessu efni. Þeirra sérfræði liggur á allt öðru sviði, eins og við allir höfum sérstaklega lagt okkur eftir því að kunna skil á þeim hlutum, sem lífið hefir lagt fyrir okkur að leysa alveg sérstaklega.

Hér hefir ennfremur verið vitnað í álit skipaskoðunarstjóra ríkisins. Hann er, eins og kunnugt er, vélfræðingur, þ. e. a. s. gufuvélafræðingur, og er sjálfsagt góður sérfræðingur á sínu sviði. Hitt verð ég líka að benda á, að andmæli hans gegn þessu frv. eru byggð á því, hvernig þetta frv. er upphaflega flutt, sem sé að þessi réttindi ættu að ná til mótora, sem hefðu allt að 500 hestöfl, og auk þess ekki gert ráð fyrir, að þessir menn ættu að ganga undir neitt próf. Hér er því orðin mikil breyt. á, og ég skal fullkomlega viðurkenna, að það felst meira öryggi í því að ganga þannig frá málinu, að menn verði að sanna leikni sína og kunnáttu fyrir sérfræðingum með því að ganga undir próf heldur en að byggja eingöngu á þeirri þekkingu, sem menn hefðu aflað sér um ákveðið árabil, þó að ég fyrir mitt leyti, sem er meðflm. frv., vilji leggja svo mikið upp úr langri og praktiskri reynslu, sem aflað er í mörg ár, að forsvaranlegt væri að afgr. frv. á þeim grundvelli. Ég viðurkenni það þó fullkomlega, að í þessum ákvæðum felst miklu meira öryggi fyrir þetta prófskilyrði, sem hér um ræðir. Ég álít því í raun og veru óforsvaranlegt að samþ. ekki frv. í þeirri mynd, sem það hefir nú.

Það má ennfremur benda á, að það getur orðið málinu til falls, ef farið er að breyta því nú, því að þá þarf það að ganga aftur til Ed., en nú er eins og menn vita mjög liðið á þingtímann.

Ég vænti þess vegna, að það geti nú orðið samkomulag um að afgr. frv. óbreytt, því að það er með öllu áreiðanlegt, að það skerðir ekki minnstu vitund öryggi þeirra manna, sem eiga öryggi sitt undir heppilegri og góðri meðferð véla í höndum þeirra manna, sem hér um ræðir.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., s. d., var fram haldið einni umr. um frv.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Mér finnst nokkuð varhugavert að samþ. breyt. þá á þessu frv., sem farið er fram á. Yfirleitt finnst mér varhugaverð þessi viðleitni, sem einatt á sér stað, sérstaklega í þessum málum vélstjóra og skipstjóra, að auka rétt þeirra, sem minna kunna, á kostnað hinna, sem meira kunna. Þessi viðleitni styðst aðallega við tvennt, þetta, að auðvitað eru alltaf miklu fleiri menn, sem minna kunna, og í öðru lagi er hætt við, að kröfur þeirra, sem minna kunna, verði minni, og að þeir fái stuðning þeirra, sem kaupa vinnuna, útgerðarmanna. Ég man það, að á fyrsta þingi, sem ég sat, var borið fram frv., og tilgangur þess var í sambandi við siglingalögin að auka réttindi eða undanþágur fyrir ólærða eða lítt lærða menn, á kostnað hinna, sem meira kunna. Alveg það sama hefir átt sér stað nú um vélstjórana og þá menn aðra, er hér eiga hlut að máli.

Ég get ekki neitað því, að það er oft svo, að menn, sem ekki hafa próf, eru eins vel að sér og margir hinna, sem hafa próf og meira kunna. En það má ekki láta slíkar undantekningar ráða því, hverskonar lagasetningar eru gerðar í þessu efni. Það er fleira að gæta í þessu sambandi en réttinda eða atvinnumöguleika þeirra einstöku manna, sem hér eiga hlut að máli. Þetta mál varðar atvinnurekstur þjóðarinnar svo miklu, að það er ekkert vit í þessum afsláttarkröfum um þekkingu í þessum efnum, sem hér er haldið fram. Það hefir verið gert lítið úr þeim umsögnum, sem hér liggja fyrir um frv., eða um þetta ákvæði þess, að auka rétt mótorista til vélgæzlu á mótorskipum. Það hefir verið sagt, að þessar umsagnir væru sumpart frá mönnum, sem væru hlutdrægir eða hefðu ekki vit á hlutunum. Sérstaklega var þetta sagt um vátryggingarfélögin, að þau hefðu ekki atkvæðisrétt um þetta. Nú er það svo, að vátryggingarfélögin hafa sérþekkingu á sínu sviði, og þeir, sem þar starfa, vita, hvaða áhrif slík löggjöf hefir á tryggingunа, og auðvitað hefir þeirra umsögn miðazt við þetta. Eigum við þá ekkert tillit að taka til þessarar umsagnar? Vissulega er það áhrifamikið í sambandi við þetta mál, ef þessi lagabreyting hefði þau áhrif að gera tryggingu skipa dýrari, og í sjálfu sér er ekkert undarlegt, þó að svo yrði.

Það er upplýst, að vélstjórar eiga að kunna að gera við skemmdir í vél, sem kynnu að koma fyrir; á að vera tryggara eða meira öryggi fyrir þá kröfu. Er vitanlegt öllum hv. þdm., að þessi krafa er gerð til vélstjóra á gufuskipum, sem jafnframt hafa einir rétt til vélstjórnar á stærri mótorskipum, að þeir hafi lært járnsmíði, en það er ekki gerð sú krafa til mótorista við próf.

Hv. þm. Borgf. vakti athygli á því, að gerð væri sú krafa, að þeir, sem hlytu fyllstu rétt-

indi, gengju áður undir próf, verklegt og munnlegt. En það er engin trygging fyrir því, að þeir kunni smíði, ekkert ákvæði er um það í frv. og yfirleitt ekki minnzt á smíðanám. Það á kannske að setja eitthvað þar um í reglugerð, en þá er viðkomandi ráðh. í sjálfsvald sett, hvað sú reglugerð á inni að halda. Ég verð því að líta svo á, að í brtt. við frv. liggi lítil trygging, að sett verði ákvæði um smíðakunnáttu.

Þetta fer líka í bága við umsögn skipaskoðunarmanns, sem hér liggur fyrir og leggur á móti frv. Það hefir verið sagt, að sú umsögn gildi um frv. eins og það lá fyrir upphaflega, en mér finnst það vera lítilfjörleg rök, þegar þess er gætt, að breytingin er mjög lítil, og engin ákvæði hafa verið sett um smíðakunnáttuna, sem er aðalatriðið. Það segir sig sjálft, að það er ákaflega þýðingarmikið að hafa slíka kunnáttu. Eftir því, sem skipin eru stærri og fara lengri ferðir, því nauðsynlegra er, að skipsmenn sjálfir geti gert við það, sem bila kann. En það liggur í hlutarins eðli, að vélstjórar, sem ekkert hafa lært til smíða, geta ekki gert við verulegar bilanir.

Í annan stað vil ég benda á umsögn forstöðumanns vélstjóraskólans. Það voru einhverjir að draga það í efa, að gufuvélavélstjórar hefðu þekkingu á meðferð mótorvéla. Það er nú upplýst af þessari umsögn, að vélstjóraskólinn veitir jafnfullkomna þekkingu í þeirri grein eins og meðferð annara véla. Það er því ekki um það að ræða, að *menn með vélstjóraprófi séu ekki* jafnfærir mótoristar eins og aðrir, sem til greina koma vegna síns náms, nema þá hvað æfingu snertir.

Hv. 3. landsk. var að reyna að gera lítið úr smíðalærdómi vélstjóra. Hann sagði, að það væri ekki æfinlega að þeir lærðu það, sem þeir þyrftu að læra, þó þeir stunduðu nám í smíðaverkstæði. Nefndi hann því til sönnunar, að nám í smiðjum, sem ekkert fengjust við vélsmíðar, væri látið duga til undirbúnings vélstjóraprófi. Ég skal játa, að ég kann ekki vel að gera greinarmun á því, sem hér er um að ræða, en ef einhverju er ábótavant í þessu efni, liggur næst að reyna að bæta úr því, tryggja, að menn fái þá þekkingu, sem menn þurfa að hafa. Annars hefði ég haldið, að til þess að geta unnið að vélaviðgerð í skipi úti á rúmsjó varðaði mestu að kunna eitthvað til almennra járnsmíða, því væntanlega hafa menn ekki mikil vélsmíðatæki við hendina undir slíkum kringumstæðum. Mér skilst, að það, sem smíða þarf, verði að smíða með frumlegri hætti heldur en gerist í vélsmiðjum. Og ef bilar einhver vélarhluti, mætti ætla, að venjulegur járnsmiður væri a. m. k. færari til að gera við hann eða smíða annan í staðinn heldur en þeir, sem ekkert hafa lært til járnsmíði; svo hvað sem um þetta er, þá er augljóst, að það er nauðsynlegur kostur á vélstjóra, að hann hafi eitthvað lært til járnsmíði. Í þessu efni finnst mér bresta svo mikið á, þar sem ég sé ekki, að nein krafa sé gerð til þess í frv., að þeir, sem vélstjóraréttindi fá samkv. því, uppfylli nokkrar skyldur, er lúta að smíðakunnáttu, að ég get þegar af þeirri ástæðu ekki greitt því atkv. A. m. k. verð ég að fá áþreifanlegri og öruggari rök fyrir því heldur en enn hafa fram komið, að ekki varði eins miklu og mér virðist, að vélstjórar geti gert við bilanir, sem á vélunum kunna að verða.

**Emil Jónsson:** Það er aðeins örstutt aths. — Í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það fælist engin trygging fyrir því í frv., að smíðakunnáttu og annarar nauðsynlegrar þekkingar *væri krafizt af þeim, sem vélstjóraréttindi* eiga að fá samkv. því, vil ég benda á ummæli, er hæstv. atvmrh. viðhafði þegar frv. var til meðferðar í Ed. Hann lofaði, að áður en reglugerð yrði gefin út um þetta efni, skyldi verða leitað umsagnar Fiskifél. og Vélstjórafél. Með þessari yfirlýsingu finnst mér nægilega séð fyrir, að engra réttur verði fyrir borð borinn og allrar nauðsynlegrar varúðar gætt.

**Sigurður Kristjánsson** [óyfirl.]: Það má vel vera, að stólarnir hér í d. séu eins færir um og líklegir til að taka sönsum við það, sem hér er sagt, eins og sumir þeirra, sem á þeim eiga að sitja. En leiðinlegra er að þurfa að tala um mál, sem einhvers virði er, í tómu húsi. Sérstaklega er það leitt, að menn, sem búnir eru að tala í málunum og kasta fram rökleysum, sumpart fjarstæðum og sumpart aðkasti til manna, sem þurfa að svara, skuli svo beita bakinu við öllum svörum og hafa sig á burt. En við því er ekki hægt að gera.

*Ég held það hafi verið hv. þm. Borgf., sem* taldi það ekki ná nokkurri átt, að það væri skerðing á örygginu á sjónum, þó réttindi mótorista séu færð upp eins og hér er farið fram á. Ég held nú, þó ég sé enginn kunnáttumaður á þessu sviði, að öryggi vélskipa sé nokkuð mikið komið undir því, að tryggt sé eins og auðið er, að vélin sé í góðu lagi. Það er a. m. k. ómögulegt að segja, að það sé örygginu á sjónum óviðkomandi. *Hitt er hér um að ræða, hvort þeir* menn, sem talað er um að veita aukin réttindi, séu eins færir eins og þeir, sem réttindin hafa áður.

Þá hefir því verið haldið fram af hv. 3. landsk. og hv. þm. Borgf., að skipaskoðunarmaðurinn viti ekkert, hvað hér er um að ræða; hann hafi aðeins vitað um frv. eins og það var upphaflega lagt fyrir þessa d. Ég veit ekki, á hverju þeir byggja þetta. (PP: Það er augljóst af bréfi hans). Það er augljóst, að þetta er blekkingartilraun hjá hv. þm. Ef nokkuð er hægt að ráða af bréfi skipaskoðunarmannsins, þá er það það, að hann veit um þetta allt saman. En það getur verið, að þessi hv. þm. viti ekkert hvenær bréfið er dagsett og hvenær umr. fóru fram í Ed. Bréfið er skrifað eftir að frv. var afgr. frá Ed. Hv. þm. Borgf. talaði einnig um, að stjórnendur vátryggingarfélagsins hefðu lítið um þetta að segja. Það kann nú að vera, að þeir séu engir sérfræðingar í meðferð véla, en líklegt er, að þeir, sem gegna því trúnaðarstarfi að taka á móti vátryggingum skipa, kynni sér eitthvað þessi mál, a. m. k. er ekki hægt að segja, að þau séu þeim óviðkomandi, því auðvitað er öryggi skipa ekki að litlu leyti undir því komið, hvernig með vélarnar er farið.

Þá hefir því verið haldið fram, að ákvæði þau um próf, sem nú eru komin inn í frv., muni tryggja það, að þeir, sem aukin réttindi fá, séu fullfærir til þess að taka á móti þeim. Ég vil taka undir það með hv. 3. þm. Reykv., að í þessu ákvæði felst engin trygging fyrir því, að viðkomandi menn hafi stundað smíðanám. Prófið er eins og hv. þm. Borgf. komst að orði, til þess að sýna, hvað þessir menn hafa lært af reynslunni. Þeir hafa e. t. v. verið langan tíma við vélgæzlu og ganga svo undir próf, bóklegt og verklegt, til þess að sýna, að þeir kunni að fara með vélar. En það eru engin ákvæði um það, að þeir skuli hafa stundað vélanám og þannig lært til vélsmíða. Og skipaskoðunarmaðurinn leggur einmitt mikla áherzlu á það, að menn þurfi a. m. k. að hafa lært til járnsmíða. Það er vitanlegt, að þó menn kunni að fara með vélar, gæta þeirra og hirða þær, þá getur átt sér stað, að þeir kunni ekki að halda á hamri eins og kallað er.

Það þykir nú e. t. v. ekki stórt atriði, en auðvitað eykur það útgerðinni geysilega kostnað, ef þeir, sem með vélarnar fara, geta lítið gert við það, sem bilar. Það er nú e. t. v. bara kostur í augum þeirra manna, sem helzt vilja koma allri útgerð á hausinn til þess ríkið geti tekið við. En frá almennu sjónarmiði er það mikils virði, að menn geti gert við það, sem bilar, um borð. Ég hefi ekki mikla reynslu í þessum efnum, en ég veit þó, að á einu skipi sem ég var kunnugur, var í nokkur ár maður, sem verið hafði við vélsmíðar rúm 10 ár, og ég veit, að það munaði þá útgerð fleiri þús. kr. á ári, hvað viðhald vélarinnar var ódýrara einmitt af því þessi maður var vélstjóri. Voru þó bæði fyrr og síðar mjög góðir vélstjórar á þessu skipi.

Því hefir verið hvað eftir annað fleygt hér í d., að beitt hafi verið „agitation", að því er mér skilst við okkur, sem viljum fara þann milliveg að hækka réttindin upp í 300 hestöfl. Mér finnst þetta mjög illa til getið. Ég veit það um mig, að ég hafði mikla tilhneigingu til að láta eftir þeim mönnum, sem fá vilja réttindin meira aukin, m. a. vegna þess, að á meðal þeirra manna, sem þess nytu, á ég kunningja, sem ég vildi gjarnan gera greiða. Það er hart, að þeir menn, sem ég veit að hafa einkahagsmuni fyrir augum í þessu máli, skuli bera þá menn brigzlyrðum, sem eru það gætnari, að vilja ekki láta persónulegan kunningskap ráða afstöðu sinni. Ég veit ekki til, að þeir, sem lengst vilja ganga í þessu máli, hafi neina aðra ástæðu til þess en þá, að það kunni að vera haganlegt fyrir einn eða tvo menn, að réttindin séu aukin á þann hátt, sem þeir leggja til. En það getur hver skyniborinn maður séð, hvert það leiðir, ef sífellt á að auka slík réttindi sem þessi, e. t. v. úr hófi fram, eftir því hvort einn og einn maður hefir hagsmuni af því. Það er auðvitað illt að gera nokkrum manni óþægindi, en það dugir ekki að ganga svo langt í þeirri góðsemi, að það raski öllum heilbrigðum reglum.

Það er mismunandi, hvað menn leggja mikið upp úr sérþekkingu. Ég veit, að það er talsvert ríkjandi hér fyrirlitning fyrir sérþekkingu, og það hefir orðið vart við nokkurt aðkast til þeirra manna, sem lagt hafa á sig að afla sér sérþekkingar. Þetta er mjög skaðleg villa. Það, sem okkur einmitt vantar tilfinnanlega, er sérþekking og virðing fyrir sérþekkingu. Á ég þar ekki við vélfræðinga fremur en aðra. Hér er svo margt, sem fer í súginn fyrir vöntun á sérþekkingu, að okkar fátæka þjóð má ekki við því.

Nú er ekki hægt með sanngirni annað að segja en að við, sem fallizt höfum á að hækka takmarkið, sem hér er um að ræða úr 150 hestöflum upp í 300, höfum reynt að fara bil beggja. Skipaskoðunarmaðurinn, sem er eini sérfræðingurinn á þessu sviði og engin ástæða er til að væna um hlutdrægni, hefir einmitt tiltekið þetta mark sem hámark. Telur hann sanngjarnt, að réttindin séu eitthvað aukin vegna þess að nú er farið að nota vélar með miklu fleiri hestöflum, miðað við smálestatölu skipanna, heldur en áður var.

Það er ekki rétt að láta skína í það hér, að þeir menn, sem lært hafa vélstjórafræði, öðlist litla þekkingu í meðferð mótorvéla. Í vélstjóraskólanum er einmitt kennt að fara með mótorvélar. Í bréfi skólastjóra vélstjóraskólans er tekið fram, að þar sé regluleg kennsla í mótorvélafræði 4 tíma í viku, og það er ekki svo lítil kennsla.

Ég held ég hafi svo engu við þetta að bæta öðru en því, að það var gripið fram í fyrir mér áðan og því mótmælt, að ekki væru nema tvö skip með stærri mótorvél en 300 ha. Ægir er auðvitað þar að auki, en annars er hér aðeins um tvö skip að ræða, Eldborgina og Skeljung. Það er því ekki hægt að segja, að setja þurfi takmarkið hærra vegna vöntunar á vélstjórum, þar sem ekki er um fleiri skip að ræða.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hv. þm. Hafnf. sagði, að menn þyrftu ekki að hafa áhyggjur út af, hvernig mælt yrði fyrir um próf það, sem halda á yfir þeim, sem fá þessi fyllri réttindi mótorvélstjóra, því atvmrh. hefði lýst því yfir við umr. í Ed., að hann mundi leita umsagnar Fiskifél. og Vélstjórafél. áður en hann setti reglugerð um þetta efni. En það vantar bara dálítið í þessa yfirlýsingu. Hvað ætlar hæstv. ráðh. að gera við umsagnirnar? (**EmJ**: Sennilega fara eftir þeim). Það liggur engin skuldbinding fyrir í því efni. Þar við bætist það, að setjum svo, að Vélstjórafél. teldi í sinni umsögn nauðsynlegt, að prófað yrði í smíðum; ég efast um, að atvmrh. teldi sér fært að taka þá kröfu til greina með hliðsjón af þessu frv. og þeim l., sem fyrir eru um þessi efni. Þess er hvergi í lögum krafizt, að mótorvélstjórar kunni nokkurn skapaðan hlut í smíðum, og svo þegar aðeins er mælt fyrir um í þessu frv., að þeir skuli ganga undir nýtt mótorvélstjórapróf, þá tel ég vafasamt, að það sé heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um, að þeir skuli prófaðir í smíðum. Maður hefði a. m. k. þurft að fá upplýsingar um, hvort hæstv. atvmrh. hugsar sér þann möguleika samkv. frv., að setja slík ákvæði í reglugerð. Ég vil spyrja hv. þm. Hafnf.: Telur hann, að það muni geta verið heimilt að gera slíka kröfu í reglugerð? Ég fyrir mitt leyti efast um það. En það, sem talið hefir verið höfuðatriðið í sambandi við

þetta mál, er einmitt smíðakunnáttan, sem annar flokkur vélstjóra, gufuvélstjórar, á að hafa, en sem af hinum er hvergi krafizt, og sé ég ekki, að með þessu frv. sé gerð nein breyt. á því.

**Páll Þorbjörnsson:** Ég sé ekki ástæðu til að svara skætingi þeim, sem hv. 6. þm. Reykv. hreytti hér úr sér. Þetta er svo sterkur vani hjá honum, að hann getur ekki lagt hann af sér, þótt rætt sé um ópólitískt mál.

Hvað snertir það, sem sagt hefir verið hér um hina miklu nauðsyn á smíðakunnáttu mótorvélstjóra, þá skal ég ekkert úr því draga. En það er hinsvegar áreiðanlegt, að smíðakunnátta úr smiðjum getur verið þess eðlis, að hún sé miklu lélegri heldur en reynsla þeirra manna, sem búnir eru að vera mótorvélstjórar í mörg ár. Það er vitanlegt, að maður, sem búinn er að vera mótoristi við 100—150 ha. vél í 36 mánuði, er búinn að fá mikla reynslu í aðgerðum. Vélarnar eru iðulega teknar í sundur og mótoristarnir eru alla jafna við allar aðgerðir, jafnvel þó fengnir séu fagmenn úr landi til þeirra.

Hitt er alkunnugt, að í smiðjum úti um land vinna oft menn, sem ekki hafa aðra smíðaþekkingu en reynslu sína, og eru slíkir menn stundum mjög eftirsóttir til að gera við mótorvélar. Þar sem fjölyrt hefir verið um þá miklu þekkingu, sem nemendur vélstjóraskóla Íslands fái í mótorvélfræði, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þann kafla löggjafarinnar, sem fjallar um, hvers krafizt skuli við vélstjóraþróf:

„Þekking á gufuvélum í skipum, einstökum hlutum þeirra og samsetning þeirra, svo og á kötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, þekking á eldri og yngri tegundum gufuvéla og gufukatla, hirðingu gufuvéla og gufukatla, stjórn þeirra, viðhaldi og eftirliti, vélabilun, ketilsprengingu, aflmælislínum og þeim niðurstöðum, er af þeim má draga, hestafli gufuvéla og kolaeyðslu, stelling skyttunnar, hjálparvélum á skipum (gufustýrivélum, gufuvindum, ljósvélum, kælivélum o. s. frv.), skipting skipa í vatnsþétt hólf, bygging skipa, skipsdælum og slökkviáhöldum, á lagaákvæðum um íslenzk gufuskip. Þekking á hreyfivélum (mótorum)."

Þarna er hvergi tekið fram, að þeir eigi að hafa sérstaka þekkingu á mótorvélum. Þótt eitthvað kunni að vera farið inn á þetta í kennslunni, þá er þess ekki krafizt til prófs, ef farið er eftir þessum l. Ég vænti því, að málið fái sömu lausn í þessari hv. d. og það fékk í Ed.

**Pétur Ottesen** (óyfirl.): Ég var ekki viðstaddur er hv. 6. þm. Reykv. hélt ræðu sína, en mér er sagt, að hann hafi verið að tala um, að það væri hart, að þeir, sem talað hefðu í málinu áður, þyrðu ekki að horfast í augu við þau mótmæli, er fram kæmu í þessu efni. Ég held, að það hafi ekki verið af ótta, að ég var ekki viðstaddur, og gæti ég skotið því til hv. forseta, hvort ég hefi ekki heldur ýtt undir það, að málið væri tekið hér fyrir, og það fyrr en seinna. Annað mál er það, að ég bjóst við löngum umr. um málið, sem rætt var um hér á undan, og var því að ljúka nokkrum erindum mínum.

Ég get ekki gengið inn á að svara hv. 6. þm. Reykv., því að ég heyrði ekki ræðu hans, en ég vil hinsvegar víkja nokkuð að frv. Það er fullljóst, að hér er ekki stefnt í óvænt efni, þar sem það er sett að skilyrði, að þessir menn hafi lengi stundað þessa atvinnu, og gangi ennfremur undir próf áður en þeir fái réttindi sín. Það kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv. eða einhverjum öðrum, að ekki væri vel frá þessu prófi gengið í frv. Ég ætla, að það liggi fyrir yfirlýsing frá hæstv. ráðh. í Ed. um, að hann muni leita till. þeirra, er hér eiga hlut að máli, við samningu reglugerðarinnar um, hvernig prófum skuli háttað. Hygg ég því, að sæmilega sé frá þessu gengið og eigi hægt að byggja rök sín gegn frv. á því.

Það hefir verið allmikið talað um það, að mótoristana skorti smíðakunnáttu. Það er kunnugt, að þeir, sem lengi hafa farið með slíkar vélar, hafa allgóð tök á því að lagfæra þær, eftir því sem þeir hafa tæki til. Ég ætla, að þeir geti yfirleitt framkvæmt þær aðgerðir, sem hægt er að framkvæma um borð í skipunum.

Það er vitanlegt, að það mikla kapp, sem þeir, sem útskrifaðir eru frá gufuvélaskólanum, leggja á að koma í veg fyrir þetta mál, er af því, að þeir vilja í skjóli síns prófs fá óhindraðan aðgang að því að ryðja þessum mönnum frá sínu starfi, enda þótt þeir kunni ekkert betur til um meðferð mótora en mótoristarnir. Þetta er atvinnuspursmál fyrir þessum mönnum, og þeir hafa átt töluvert greiðan aðgang inn í þingið með það. En það er ekki sanngjarnt, að þeim sé leyft að nota aðstöðu sína til þess að ryðja burtu mönnum, sem kannske kunna á þessum hlutum betri skil en þeir. Það er enda svo, að eigendur skipanna vilja heldur þaulreyndan mótorista en mann, sem er nýútskrifaður af skólanum og hefir enga reynslu að baki sér. Af þessu má marka, hvernig útgerðarmenn líta á málið. Þeir standa á bak við óskirnar um það, að færð séu út réttindi mótoristanna og þeim leyft að fara með stærri vélar en þeir mega nú, og þeir telja fullkomins öryggis gætt í frv. með þeim reynslutíma, er þar er ákveðinn, og með prófinu.

**Sigurður Kristjánsson** (óyfirl.): Ég vil gera aths. við það, sem hv. 3. landsk. var að lesa hér upp, að hér er ekki um það að ræða, hvað í l. hefir verið heimtað, heldur hvað nú er kennt. Þó úrelt l. heimti eitthvað annað, er það engin sönnun. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp kafla úr bréfi frá skólastjóra vélstjóraskólans. Hann segir svo:

„Kennsla í mótorfræði við vélstjóraskólann er fyllilega eins viðtæk og kennsla í annari vélfræði yfirleitt við skólann, eða minnst 4 tímar á viku bæði skólaárin. Eru þeir, sem próf hafa lokið við skólann, því síst verr undirbúnir í þeirri námsgrein en öðrum, sem þar eru kenndar, enda munu þeir flestir eins færir um að taka að sér vélstjórn við mótorvélar eins og gufuvélar eða aðrar vélar yfirleitt, og er nú þegar full reynsla fengin fyrir því, að svo er á

þeim mótorskipum, sem héðan ganga með meira en 200 hestöfl."

Þetta segir skólastjóri, og tekur það af öll tvímæli um það, að nemendurnir fái eins mikla fræðslu í meðferð mótora og gufuvéla, þótt úrelt l. mæli annað.

Viðvíkjandi hv. þm. Borgf. vil ég segja það, að það er ekki skemmtilegt að hafa þann mann ekki við, sem maður ætlar að svara, og það því fremur, sem maður kemur veikur upp úr rúminu til þess.

Út af því, sem hv. þm. sagði, að mest bæri að leggja upp úr æfingunni, vil ég segja það, að það er bæði bóklega þekkingin og æfingin, sem verður að vera til staðar. Það er fjarstæða að halda því fram, að æfingin geti komið í staðinn fyrir allt annað nám. Hvaða vit væri í því að kosta upp á margra ára nám, ef það veitti enginn réttindi? Nei, þessi regla er röng og háskaleg og kemur í veg fyrir það, að menn leggi rækt við að afla sér sérstaks lærdóms. Ég ræð því frá því, að hv. Alþingi fari að ganga inn á þessa braut.

**Bergur Jónsson** [óyfirl.]: Frv. þetta er komið frá Ed. og hefir fengið afgreiðslu þar. En í millitíðinni hefir sjútvn. Ed. komið fram með þáltill. um það, að l. nr. 43 1915 og þessi l., sem hér um ræðir, verði endurskoðuð og ný löggjöf í þessum efnum lögð fyrir næsta þing. Ég fæ því ekki betur séð en meiningarlaust sé af þessu þingi að fara að breyta l., ef á næsta þingi, sem væntanlega kemur saman eftir fáa mánuði, verður lögð fram fullkomin löggjöf um þessi efni.

Það er líka varhugavert að vera að hringla með löggjöfina, svo að menn viti ekki, hvernig þeir eiga að haga sér. Ef hestaflatalan væri hækkuð núna, væri ef til vill verið að fá mönnum í hendur réttindi, sem þeir misstu á næsta þingi. Slíkt væri ekki annað en að gefa mönnum falsvonir, og legg ég því til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Hv. 6. þm. Reykv. ætlaði að slá slag fyrir vélfræðingana með því að lesa upp ummæli skólastjóra vélstjóraskólans um það, að þeir, sem útskrifuðust úr skólanum, væru jafnfærir að fara með mótora og gufuvélar. Það kemur þó fram í þessu bréfi skólastjórans, að mótorfræði er aðeins kennd 4 stundir í viku, og það er ekki kunnugt í þessu sambandi, að mótorar séu notaðir við kennsluna til þess að æfa nemendur við. Hitt er kunnugt, að á námskeiðum Fiskifél., sem mótoristarnir nema á og gefur þeim rétt til þess að fara með vélar upp í 150 hestöfl, þar eru mótorar notaðir sem einn veigamesti þáttur í fræðslunni, og hygg ég, að það séu þrjár vélategundir, sem menn eru æfðir á. Ég held því, að vélstjóraskólinn hafi ekki hvað kennsluaðferðina við mótorana snertir þá yfirburði, sem ætla mætti eftir því, sem andstæðingar þessa frv. hafa haldið hér fram. Hv. 6. þm. Reykv. talaði um það, að þótt reynslan væri góð, þyrfti bókleg þekking að vera henni samfara. Það er einmitt séð fyrir þessu með námskeiðum Fiskifél., og það er áreiðanlegt, að þegar sú bóklega þekking, er þeir fá þar, leggst við langa reynslu, þá er öruggt að veita þeim aukin réttindi.

Annars á prófið, sem gert er ráð fyrir, að skera úr því, hvort þeir hafi ekki bæði bóklega og verklega þekkingu, er nægi. Þá má benda á það, að mótorar eru ekkert margbreytilegri þótt þeir séu stærri, heldur er auðveldara að gæta stærri mótoranna. Minni mótorunum er hættara við að bila en stærri mótorunum; þeir eru og veikbyggðari og því vandfarnara með þá. Má í þessu sambandi benda á það, að hjá Dönum eru hliðstæð mótornámskeið og hér hjá Fiskifél., og veita þau réttindi til þess að fara með allt upp að 500 hestafla vélar.

Hv. þm. Barð. fékk hér hálmstrá að grípa í í sambandi við þáltill., sem komið hefir fram í Ed. Það er ekki hægt að hugsa sér meiri hringlanda en verið hefir á hv. sjútvn. í þessu máli; hún hefir bókstaflega leikið á riðli í málinu. Hv. þm. Barð. vildi nú leggja hér smiðshöggið á með því að leggja til, að málinu væri vísað frá. Ástæða hv. þm. Barð. fyrir þessu er sú, að í Ed. hefir komið fram þáltill., þar sem gert er ráð fyrir því, að þetta mál verði tekið til athugunar, og fyrir næsta þing verði lagt frv. um það. Ég skal ekki segja, hvort þetta verður tekið fyrir á næsta þingi, en trúlegt þykir mér, að það muni daga uppi, eins og oft kemur fyrir. Það er og kvartað undan því, að naumur tími sé til undirbúnings mála fyrir næsta þing. Það er því ekki víst, að þetta takist. Ég sé því ekki ástæðu til að fresta málinu. Ég vildi aðeins benda á þetta. Hv. þm. þarf ekki að gera ráð fyrir því, að þótt þetta frv. gangi fram, þá slái í baksegl. Það stefnir að því og mun stefna að því, að reynslan fái sína viðurkenningu.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég er hræddur um, að hv. þm. Borgf. sé farinn að skjóta nokkuð mikið yfir markið, þegar hann heldur því fram, að tveggja ára nám í vélstjóraskólanum sé minna virði en 6 vikna mótornámskeið. Hv. þm. Borgf. gerir lítið úr því, að nemendur í vélstjóraskólanum hafi 4 stundir á viku í mótorfræði. Ég geri ráð fyrir því, að þegar þetta stendur yfir í tvö ár, þá verði það meira, sem þeir læri, heldur en á námskeiðunum, þar sem aðallega mun vera veitt kennsla í verklegri meðferð mótora. Ég get sagt það, að það kom mér ekki á óvart, þótt útgerðarmenn stæðu bak við þessa kröfu um aukin réttindi fyrir þessa menn. Ég gat þess áður, að það væri því erfiðara að standa á móti þessu, þar sem kröfurnar væru bornar fram úr tveimur áttum, bæði frá þeim, er eiga að njóta þessara réttinda, og frá útgerðarmönnum, sem hafa þessa menn í þjónustu sinni og halda, að þeir þurfi að borga þeim lægra kaup. En ég álít, að þetta eigi ekki að ráða úrslitum. L. verða að hafa það fyrir augum að tryggja sem bezt kunnáttu þeirra manna, sem með vélarnar fara. Ein af höfuðástæðunum, sem skipaskoðunarstjóri kom fram með móti frv., var skortur á smiðakunnáttu þessara manna. Í stórum mótorskipum, sem hafa upp undir 500 hestafla vél, er allt að því eins nauðsynlegt, að vélstjórarnir hafi smiðakunn-

áttu eins og í gufuskipum. Í stórum mótorskipum eru margar aðrar vélar, sem þeir þurfa að bera skyn á og er því sambærilegt við gufuskipin. Annaðhvort er því krafan um smíðakunnáttu vélstjóra á gufuskipum óþörf, eða hún er líka nauðsynleg á mótorskipunum. — Má þá fella niður smíðakunnáttu vélstjóra á gufuskipum? Hvers vegna þarf að heimta hana í öðru tilfellinu, en ekki í hinu? Ég álít, að hv. þm. sé skyldugur að sanna, hvaða munur er hér á, en það hefir hann ekki reynt. Í þessu sambandi hefir verið talað um leppa, eins og ég gat um áður.

Kröfur hafa verið gerðar um að veita skipstjóraréttindi *ýmist pungaprófsmönnum* (Hlátur) — já, þetta orð þykir kannske ekki vel þinglegt, en það er alkunnugt úr íslenzku alþýðumáli — eða gersamlega próflausum mönnum, sem stundað höfðu þessa atvinnu áður en l. voru sett um þetta efni. Það hafa þráfaldlega komið fram kröfur hér á Alþingi um það, að þessir menn fengju þessi réttindi, en ég segi fyrir mig, að ég hefi jafnan staðið á móti því. Þá hefir það verið sagt, að þeir yrðu látnir halda áfram skipsstjórn, þó að þeir fengju ekki réttindi, en aðeins látnir hafa „leppa". En þessir svonefndu „leppar" eru menn, sem réttindi hafa til skipstjórnar, svo þá ber allt að sama brunni. Með því er þá búið að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru um nauðsynlega þekkingu manna um borð í þessum skipum.

**Bergur Jónsson:** Ég vil benda hv. þm. Borgf. á, að það er einkennilegt, að sjútvn. Ed., sem sýnt hefir áhuga fyrir því, að mál þetta nái fram að ganga, skuli hafa borið fram þál. um að skora á stj. að undirbúa fyrir næsta þing breyt. á vélgæzlulögunum. Það bendir til, að áhugi hennar fyrir máli þessu sé jafnvel ekki eins mikill og maður skyldi ætla. Sá eini, sem virðist því hafa óskiptan áhuga fyrir að koma málinu fram, er hv. þm. Borgf.

**Pétur Ottesen:** Ég vil benda hv. þm. Barð. á að ganga ekki langt í því að átelja sjútvn. Ed. fyrir það, að hún vilji fresta þessu máli. Hún hefir gert það sama og sjútvn. þessarar hv. d., að leggja til, að frv. þetta verði samþ., en jafnframt borið fram þál. um að láta undirbúa breyt. á þessari löggjöf fyrir næsta þing. Ég veit nfl. ekki betur en að sjútvn. þessarar d. *tæki það fram, þegar hún gekk inn á frv. þetta*, að nauðsynlegt væri að endurskoða þessa löggjöf fyrir næsta þing. Ég held því, að þessi hv. þm. *ætti ekki að vera að skjóta neinum stórskotum* til sjútvn. Ed. vegna afstöðu hennar til þessa máls. Þetta sýnir aðeins það, að n. vill sníða af mestu agnúana, sem eru á þessari löggjöf. Ég fæ því ekki annað séð en að þetta geti prýðilega farið saman hjá nefndinni.

Þá vil ég skjóta því til hv. 3. þm. Reykv. að gera samanburð á námskeiðum Fiskifél. og menntun þeirri, sem þessir menn fá í vélstjóraskólanum, og benda honum jafnframt á að strika ekki yfir þá 3 ára reynslu, sem mótoristarnir hafa í meðferð mótorvéla. Hann sagði, hv. þm., að bak við þessar kröfur útgerðarmanna lægi það, að þeir vildu fá *ódýrari menn*. En þetta er ekki rétt. Það, sem fyrir útgerðarmönnunum vakir, er það, að þeir telja sér meira öryggi í því að hafa á bátum sínum menn með fleiri ára æfingu í meðferð mótorvéla en menn með litla æfingu, enda þótt þeir séu útskrifaðir af vélstjóraskólanum. Það sjá líka allir útgerðarmenn, að vélabilun, þó ekki sé nema 1 dag á vertíðinni, getur kostað þá meira en kaupmismuninn.

Þá gerði hv. 3. þm. Reykv. mikið úr smíðakunnáttu hinna lærðu vélstjóra og sagði, að við yrðum að færa sönnur á, að hún væri ekki nauðsynleg á mótorskipum með þeirri stærð, sem frv. ræðir um, ef hún væri nauðsynleg á hinum. Út af þessum ummælum hv. þm. vil ég benda honum á, að fyrstu vélstjórar á hinum *stærri vélskipum láta þessa mótorista oft og* mörgum sinnum stjórna vélunum um lengri og skemmri tíma, ef á þarf að halda, og það alveg á sína eigin ábyrgð. Þetta ætti að vera sönnun þess, að mótoristunum sé séð fyrir nægilegri smíðakunnáttu til þess að geta farið með þessar vélar.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Hv. þm. Borgf. gerir sig sekan um að álykta út frá einstökum tilfellum. En slíkt er alveg rangt. Eigi að draga réttar ályktanir, hvort sem það er í þessum málum eða öðrum, þá verða þau tilfelli að vera nokkuð almenn, sem á er byggt. En það mun ekki vera almennt, að útgerðarmenn óski frekar eftir mótoristum til vélgæzlu á skipum sínum en lærðum vélstjórum. Slíkt kann að vera til í *einstöku tilfellum, en ekki meir*. Þá sagði hv. þm., að það spillti ekki, þó að sniðnir væru mestu agnúarnir af þessum lögum, sem að hans dómi mun vera of mikil þekking.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var enn fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá þm. Barð. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 17:6 atkv.

Brtt. 759 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GSv, JakM, JJós, JÓl, MT, PZ, PHalld, SK, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, JörB.

**nei:** GÍ, HannJ, HV, JS, JG, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, BÁ, BB, EmJ, GÞ, GG.

GTh, JónP, ÓTh greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (EystJ, FJ) fjarstaddir.

Við atkvgr. um brtt. 759 gerðu sex þm. grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

**Gunnar Thoroddsen:** Hæstv. forseti krefst þess, að ég geri grein fyrir því, hvers vegna ég óska að sitja hjá við þessa atkvgr. Þó að ég skilji ekki, hvers vegna það er heimtað í þessu máli fremur en öðrum, mun ég að sjálfsögðu verða við kröfu hans, og lýsi ég því þá hér með yfir, að það er m. a. vegna þess, að ég tel mig ekki hafa þá þekkingu á þessu máli, sem ég

teldi æskilega, og vona ég, að hæstv. forseti taki þá afsökun til greina.

**Jón Pálmason:** Ég verð að játa, að ég er ekki sérfræðingur í mótorfræði eða öðru því, sem að þessu máli lýtur, og kýs ég því að greiða ekki atkv.

**Ólafur Thors:** Af því að hæstv. forseti gengur stranglega eftir því, að menn geri grein fyrir atkv. sínu í þessu máli, finn ég mig knúðan til þess að halda hér ræðu, ef ske kynni, að ég gæti komið hæstv. forseta í skilning um það, hve erfitt er að gera sér grein fyrir, hvort menn, sem taldir eru hæfir til að fara með 300 hestafla vél, séu einnig hæfir til að fara með 400 hestafla vél. Úr því að nú á að taka upp þann hátt, að krefjast greinargerðar — (**Forseti:** Þetta er gert öðruhverju). Það hefir aldrei verið gert á þessu þingi, og er þetta þó ekki eitt af merkustu málum þingsins, þó að það virðist orðið allmikið kappsmál. En úr því að nú er tekinn upp þessi nýi háttur, verður hæstv. forseti að taka afleiðingunum og hlusta á ýtarlega greinargerð frá minni hendi. Ég verð þá að skýra frá því, að upplýsingar um þetta mál stangast allmikið. Ég hefi heyrt fagmenn, sem ég met mikils, halda því fram, að ekki væri rétt að hafa takmarkið svona hátt. En svo kemur hv. þm. Borgf., sem ég met líka mikils, með ótal gagnrök, svo að það er von, að maður ruglist í þessu. Ég var þó að hugsa um að taka í mig manndóm og ákveða mig í þessu máli. En þegar hæstv. forseti í þessu eina máli hrópar upp og biður menn að gæta sín fyrir guði og sannleikanum og telur úrslitastundina í þessu máli alvarlegri en í nokkru máli, sem á undan er gengið, þá tekur það til samvizku minnar, þó að ég viti ekki, hvaða öfl standa hér að baki, og mun ég því ekki sjá mér fært að greiða atkv. Ég skal gera nánari grein fyrir þessari ákvörðun minni, ef hæstv. forseti óskar, og ég vil spyrja hann, hvort hann hafi í hyggju að straffa mig með missi þingfararkaups fyrir það, að afsökun mín sé ekki fullnægjandi. Og ef hann er ekki enn fyllilega ánægður, skal ég reyna að gera ýtarlegri grein fyrir þessari ákvörðun minni.

**Forseti (JörB):** Hv. þm. G.-K. hefir það vitanlega á valdi sínu að gera grein fyrir atkv. sínu á hvern þann veg, sem honum þóknast. Ég læt þetta nægja af hans hálfu, enda mundi honum vandi á höndum, ef hann ætti að bæta um. Ég spurði þennan hv. þm. ekki ráða, þegar ég krafðist þessarar greinargerðar, og nú segir hann, að þetta hafi aldrei viðgengizt. Ég hefi nú samt gert það áður, en ég játa, að ég geri það sem sjaldnast. Ég lít svo á, að þetta sé ekki hégómamál, enda hefir það verið sótt og varið af kappi. Ég mun gera grein fyrir mínu atkv., þegar þar að kemur, í fyrsta sinn.

**Bjarni Bjarnason:** Ég hefði gjarnan viljað leiða þetta mál hjá mér, en af því að hæstv. forseti er strangari í dag en venja er til, mun ég gera grein fyrir atkv. mínu á þá leið, að ég fæ ekki skilið, að maður, sem getur farið með 300 hestafla vél, geti ekki eins farið með 400 hestafla vél, og segi ég því nei.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég skal fúslega viðurkenna, að ég hefi ekki fagþekkingu í þessu máli, og ég skal líka játa, að bæði formælendur og andmælendur þess hafa „agiterað" af svo miklu kappi og með svo sterkum rökum, að þeir hafa sannfært mig á víxl. Ég mun þó með svipuðum forsendum og hv. 2. þm. Árn., sem síðast talaði, segja nei.

**Forseti (JörB):** Ég hefi reynt að kynna mér þetta mál eftir föngum, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, virðist mér, að úrslit málsins geti ráðið allmiklu um öryggi manna á sjónum og þeirra verðmæta, sem hér koma til greina. Sú rökstuðning hv. 2. þm. Árn., að sá maður, sem fær sé um að fara með 300 hestafla vél, hljóti einnig að vera hæfur til þess að fara með 400 hestafla vél, missir marks, því að vitanlega má þá færa þetta takmark upp á við koll af kolli, allt til stærstu skipa. Ég byggi mína skoðun fyrst og fremst á áliti þeirra trúnaðarmanna stj., sem hafa það starf með höndum að líta eftir skipum og fartækjum, en þeir mæla stranglega á móti því, að hámarkið sé hærra en í þessari brtt. greinir og telja, að með því væri dregið úr öryggi manna á sjónum og að af því gæti leitt fjármunatjón. Sömu skoðunar er forstöðumaður þess skóla, sem á að kenna þeirri stétt manna, sem hér kemur til greina. Enn má nefna þá, sem hafa á hendi vátryggingu þessa skipastóls, en þeir halda því fram, að þetta geti haft meiri áhrif á vátryggingargjöldin en menn geri sér grein fyrir. Ég mun því samkv. þeim gögnum, sem ég hefi hér gert grein fyrir, greiða atkv. með meiri hl. sjútvn. og segja já.

ATKVGR. (frh.).
Frv. samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JG, MT, PÞ, PO, SigfJ, SE, StJSt, BÁ, BB, EmJ, FJ, GÞ, GG, GÍ, HannJ, HV, JS.
**nei:** PZ, PHalld, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, GSv, JakM, JJós, JÓl, JörB.
ÓTh, SK, GTh, JónP greiddu ekki atkv.
Einn þm. (EystJ) fjarstaddur.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 860).

Við nafnakall um frv. gerðu 9 þm. grein fyrir atkv. sem hér greinir:

**Pétur Ottesen:** Hæstv. forseti gekk mjög ríkt eftir því, að dm. gerðu grein fyrir atkv. sínu, og alla hans forsetatíð man ég ekki eftir því, að hann hafi fyrr gert grein fyrir sínu eigin atkv. Þetta mál var rætt hér ýtarlega við fyrri umr., en hæstv. forseti fann ekki ástæðu til að taka þátt í þeim umr. Honum virðist þó vera allmikið niðri fyrir nú, og ég var að brjóta heilann um, hvað mundi hafa valdið því, að hann gekk svo strangt eftir því, að menn gerðu grein fyrir atkv. sínum. Ég var að brjóta heilann um þetta, af því að það hafði ekki borið við áður

En ég fékk svarið, þegar hæstv. forseti gerði grein fyrir atkv. sínu, því að sú grg. var svo einhliða „agitation", að auðséð var, að hæstv. forseti hefir ætlað að nota sitt forsetavald til þess að hefja harðvítuga árás á frv. til hnekkis framgangi málsins. Ég vænti, að þessi framkoma hæstv. forseta veki hv. þingmenn til mótmæla og að þeir segi flestir já.

**Forseti (JörB):** Hv. þm. Borgf. er ekki of gott að gerast hér siðameistari og segja hvað löglegt sé. En hann veit, að ég var sérstaklega til þess knúður að gera grein fyrir atkv. mínu, enda hefi ég til þess þingmannsrétt.

**Sigurður Kristjánsson:** Af því að hér er farið að gera grein fyrir atkv., finnst mér rétt að skýra frá því, hvers vegna ég greiði atkv. ólíkt því, sem ég er vanur. En í þessu máli hefir farið fram mjög óvenjuleg „agitation", og gersamlega þekkingarlaus maður á þessu sviði hefir vaðið hér á menn undir umr. og sumpart flæmt menn út úr deildinni, en sumpart pínt þá til að greiða atkv. Ég lýsi því yfir, að mér virðist málið komið í það efni, að ekki sé eigandi ábyrgð á því að neinu leyti, og mun ég því ekki greiða atkv.

**Thor Thors:** Þetta mál virðist nú orðið eitt af mestu hitamálum þingsins, og er ekki annað sýnna en að heiður og hamingja fósturjarðarinnar sé í veði. Ég mun þó eftir atvikum láta mér lynda, að endanlegur úrskurður þessa þrætumáls bíði næsta þings, og segi ég því nei.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég skal taka það fram, að þó að ég greiddi atkv. á móti till., er ég ekki ánægður með afgreiðslu málsins, en í trausti þess, að það verði tekið til nýrrar meðferðar á næsta þingi, segi ég þó já.

**Gísli Sveinsson:** Ég skal taka það fram, að ég hefi ekki sætt neinum ofsóknum frá hendi neinna manna í sambandi við þetta mál, og lítur því út fyrir, að ég sé minna virður en aðrir þm. í þessari hv. deild. Ég greiddi atkv. á móti till. á þskj. 759, og gladdi það mig, hve hæstv. forseti færði á síðustu stundu góð rök fyrir þeirri meðferð málsins. Með því að ég tel óhæfilegt að samþ. frv. í sinni núv. mynd, þvert ofan í ómótmælt rök þeirra manna, sem bezt vit og mesta þekkingu hafa á þessu máli, og í von um, að málið verði útkljáð á Alþingi á heppilegri hátt einhverntíma síðar, þá segi ég nei. (**PO:** Þessi rök hafa verið rifin og tætt í sundur við fyrri umr. málsins!).

**Gunnar Thoroddsen:** Ég vísa til greinargerðar fyrir atkv. mínu um till. á þskj. 759, og af sömu ástæðum mun ég ekki greiða atkv. um frv. sjálft.

**Hannes Jónsson:** Þeir hv. þm., sem greiða atkv. á móti þessu frv., munu allir eiga sammerkt við hv. þm. V.-Sk. um það, að þeir vita ekki, hvað er verið að gera í þessu máli. Ég hefi reynt að brjóta málið til mergjar, og skal ég játa, að mörg góð rök hafa verið færð bæði með því og móti. Ég er ekki viss um, hvaða afstöðu ég hefði tekið, en ræða hæstv. forseta hefir styrkt mig í þeirri trú, að rétt sé að vera með málinu, og segi ég því já.

**Jakob Möller:** Hv. þm. Borgf. sagði í lok umr. um þetta mál, sem of fáir hlustuðu á, að meiningin með þessu frv. væri sú, að sníða stærstu annmarkana af löggjöf þeirri um þetta efni, sem nú er í gildi, og dró ég af því þá ályktun, að honum þætti löggjöfin gera of miklar kröfur til þekkingar þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli. En þar sem frv. virðist miða að því að draga úr kröfum um þessa þekkingu, tel ég rétt að greiða atkv. á móti því, og segi því nei.

**Jóhann Jósefsson:** Ég greiddi atkv. á móti því áðan að vísa málinu til stjórnarinnar. Mér var ekki kunnugt um, hvað hér hafði farið fram að tjaldabaki, en nú virðist mér komið út í þær öfgar, sem ég vil ekki taka þátt í, og mun ég því segja nei.

## 70. Stimpilgjald.

Á 36. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1925, um stimpilgjald** (þmfrv., A. 427).

Á 38. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þetta frv. er flutt af meiri hl. fjhn. eftir beiðni fjmrh. Frv. er flutt vegna þess, að enn vantar tekjur til þess að fjárl. fyrir næsta ár geti orðið hallalaus. Nú er sá galli hér á, að ekki er hægt að segja um, hve mikið stimpilgjald sem þetta muni gefa af sér. Slíkt stimpilgjald er víða þekkt áður, t. d. um langan tíma í Englandi, og þykir gefast allvel. Það má vitanlega um það deila, hvort heppilegra er, að stimpla tékka og reikninga með sama gjaldi alla, eða mismunandi gjaldi. Ég hygg, að rétt sé að fá reynslu um það, hvernig mismunandi gjald gefst, eins og hér er stungið upp á. Ég hefi svo ekki fleira að segja um þetta mál að svo stöddu, en óska, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr.

**Ólafur Thors:** Fjmrh. lagði þetta frv. fyrir fjhn. d. og óskaði, að hún flytti það. Hv. 3. þm. Reykv. og ég bárum fram þá ósk í n., að málið yrði sent Landsbanka Íslands til umsagnar, af þeirri ástæðu, að við töldum að sjálfsögðu, að þá bæri að hlíta umsögn þessa dómbæra aðila um það, hver áhrif hann teldi, að þetta hefði á viðskiptalífið og starfsemi bankans. N. barst umsögn Landsbankans, sem öll hné að því að mæla á móti frv. Ég held, að það sé bezt, að ég

lesi upp úr bréfi bankastjóranna, af því að ég hefi í rauninni ekki annað um málið að segja en þar er. Það er dagsett 8. nóv. og hljóðar þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Vér höfum móttekið bréf hv. fjhn. Nd. Alþingis, dags. 31. f. m., ásamt uppkasti af frv. til l. um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, er nefndin óskar umsagnar bankans um.

Stimpilgjaldslög vor frá 27. júní 1921 eru, eins og flestir þættir löggjafar vorrar, sniðnir eftir löggjöf Norðurlandaþjóðanna, og hefir það samræmi, sem þar með hefir skapazt, yfirleitt reynzt vel. Með því að kljúfa sig út úr þessari heild og taka ýmsar nýjungar af handahófi eftir löggjöf annara þjóða utan Norðurlanda, getur ef mikil brögð eru að því, komið losi á löggjafarkerfi vort.

Með frv. þessu er ætlazt til, að stimpla skuli alla tékka og allar ávísanir, og munu slík skjöl vera stimpilskyld í Englandi og fleirum löndum. Hér á landi — bæði í bæjum og sveitum — hefir notkun tékka farið mjög vaxandi meðal almennings hin síðari árin, enda eru þeir fyrir allra hluta sakir ein hin handhægasta greiðsluaðferð, sem kostur er á. Mikill fjöldi manna, jafnvel meðal þeirra, sem ekki hafa atvinnurekstur eða verzlun með höndum, hafa tekið upp þá aðferð, sem felst í notkun tékka, þ. e. að láta bankana eða sparisjóðina annast allar útborganir sínar. Erlendis mun þetta ekki vera eins algengt um þá menn, sem að ofan greinir, og er það vegna fjölmennisins; menn þekkja ekki við hvern þeir eiga og standa uppi varnarlausir, ef innstæða er ekki fyrir hendi. Hér á landi horfir þetta mál allt öðruvísi við, kunnugleiki manna í fámenninu er miklu meiri, og því hefir raunin orðið sú, að tékkar eru orðnir mjög algengur gjaldmiðill.

Þegar menn eiga nú að greiða stimpilgjald af tékkum, þá sýnist vera nokkur hætta á, að þessir menn hætti að eiga skipti við banka og sparisjóði; þeir munu heldur kjósa að varðveita fé sitt sjálfir, taka það út af reikningum sínum hjá bönkunum. Af því mundi aftur leiða aukna seðlaveltu í landinu og rýrnandi möguleikar lánsstofnana til útlána. Þetta, ásamt því, að lánsfé lánsstofnana festist í skuldabréfum Kreppulánasjóðs, sýnist þess vert, að því sé nokkur gaumur gefinn.

Það lagaboð að leggja stimpilgjald á kvittanir allar og reikninga (fyrir ofan kr. 20.00) má gera ráð fyrir, að verði til þess að draga úr því, að formlegar kvittanir verði almennt gefnar fyrir ýmiskonar greiðslum og innborgunum. Það mundi aftur hafa í för með sér minna öryggi í daglegum viðskiptum.

Benda má á, m. a. að því er bankana snertir, að ávísana-viðskiptin munu óhjákvæmilega minnka, ef slíkt stimpilgjald verður lögleitt.

Bein afleiðing af því, að ávísananotkun minnkar, er það, að bankarnir missa hlaupareikningsfé að meira eða minna leyti, og ennfremur leiðir af því mikla aukningu á vinnu í bankanum.

Um einstakar greinar frv. getum vér ekki sagt að svo stöddu, hefir oss ekki unnizt tími til þess vegna annríkis að athuga þær nákvæmlega, enda mál þetta margbrotið og grípur víða inn, en vér munum síðar koma að þeim, ef með þarf. Þó má nefna sem dæmi, að í framkvæmdinni yrði allt auðveldara fyrir fólk, ef gjaldið væri sama af öllum ávísunum og kvittunum (fyrir ofan eitthvert víst lágmark) eins og mun tíðkast í Englandi.

Vér viljum beina því til nefndarinnar, hvort ekki væri rétt að athuga þetta mál frekar en orðið er, og láta það svo koma fyrir þing í marzmánuði næstkomandi."

Mér sýnist nú, að í þessu bréfi séu færð fram, þó hógværlega sé, ýms rök gegn frv., sem ég tel a. m. k. nægileg til þess, að það sé ekki eðlilegt og ekki rétt, að þd. afgr. málið rannsóknarlítið nú á þessu þingi, m. a. af því, að það verður ekki hægt að segja, að það sé höfuðnauðsyn að flýta málinu svo mjög. Við rök þau, sem fram komu í bréfinu, hefi ég svo engu að bæta, enda tel ég þá menn, sem undir bréfið hafa skrifað, eins dómbæra um málið og alla þm. samanlagða.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Meiri hl. n. hefir vitanlega séð þetta bréf bankastjóranna, en að því athuguðu, þá virtist meiri hl. röksemdirnar ekki vera sterkar. Ef þessar röksemdir, sem bankastjórarnir flytja fram, ættu að halda, þá væri óhugsandi, að slíkt stimpilgjald á ávísanir og kvittanir væri gildandi í jafnmiklu bankalandi eins og England er. En það verður ekki séð, að í því landi hafi þetta haft spillandi áhrif á bankastarfsemina. Um það atriði, að okkar stimpilgjaldsl. séu nátengd gildandi l. á Norðurlöndum, þá er það út af fyrir sig rétt. En stimpilgjaldsl. á Norðurlöndum eru ekki heldur fast kerfi, sem engu má breyta í, taka af eða bæta við. Það er alveg rétt, sem bankastjórarnir segja, að tékkar eru orðnir algengir hér á landi, en ég efast þó um, að þeir séu algengari hér heldur en víða í nágrannalöndum vorum, einmitt þar, sem slík stimpilgjöld eru greidd.

Við skulum segja, að þessi l. leiddu m. a. til þess, að seðlaútgáfa þyrfti að vera öllu meiri en verið hefir. En þó svo væri, þá er vitanlega engin þörf á hinu, að minnka útlán fyrir það, því að það, hvort tékkar ganga manna millum sem gjaldeyrir eða bankaseðlarnir sjálfir, hefir ekki minnstu áhrif á hag þjóðarinnar eða á bankapólitíkina í landinu, eins og hún á að vera á hverjum tíma. Það eru til góðir fræðimenn í þessum efnum, sem halda því fram, að það sé yfirleitt ekki æskilegt fyrir seðlabanka, ef tékkar skyldu verða svo almennir, að mjög dragi úr seðlaútgáfunni. Það er fjarstæða, að útlán þurfi að minnka við þetta, og hinsvegar hafa sjálfir bankarnir eins gott af því að hafa seðla í umferð, með þeim tekjum, sem þeim fylgja, eins og að láta menn gefa út peninga sjálfa, eins og menn gera með notkun tékka. Vitanlega mundi hlaupareikningsfé bankanna minnka eitthvað, ef þetta yrði að l., en það gerir lítið til, vegna þess að hlaupareikningsfé eru svo stuttir peningar, að bankarnir þurfa jafnan að hafa meira fé í sjóði, ef mikið stendur inni á hlaupareikningi. Mismunurinn á því, hvort notaðar eru

tékkar eða seðlar, verður því sá, að ef tékkar eru notaðir, þá hafa bankarnir meira fé í kassa, en ef seðlarnir eru notaðir, þá hafa þeir meiri seðla í umferð.

Viðvíkjandi því sem bankastjórarnir segja um það, að gott muni vera að athuga málið betur til næsta þings, þá var það skoðun meiri hl. fjhn., að þetta mál yrði bezt rannsakað með því að láta reynsluna skera úr, og að öll frekari athugun en hægt er að fá nú af reynslu annara þjóða yrði ekki fengin, fyrr en reynslan innanlands segði til um það, hvernig þetta verður í framkvæmd. Ég hefi tekið það fram áður, að við því megi búast, að einhverju þurfi að breyta í slíkri löggjöf sem þessari á fyrsta þingi eftir að hún er samþ.

**Ólafur Thors:** Ég ætla ekki að fara að rökræða um þetta mál við hv. þm. V.-Ísf. Hann hefir tjáð sig vera á annari skoðun í þessu efni en stjórn Landsbankans. Hann hefir til þess fulla heimild, sem enginn getur skert á nokkurn hátt. En ég veit, að hann skilur það, að mér verður á, eins og fleirum, að meta ennþá meira það, sem bankastjórarnir segja um þetta mál, en það, sem hann segir, og er ég þar ekki að gera upp á milli manna, heldur þeirrar reynslu, sem hlutaðeigandi menn hafa. Mér finnst það eðlilegt, að þennan hv. þm., þó að hann hafi mikil kynni af fjármálum þjóðarinnar, skorti í þessu efni ýmislegt á við bankastjóra Landsbankans, og ég get vel trúað því, að það sé reynsla bankastjóranna, á grundvelli þeirrar þekkingar, sem þeir hafa á öllu innsta eðli þessara mála, sem veldur ágreiningnum milli þeirra og hans. Það er ekki á mínu færi að kveða upp rökstuddan dóm um það, hvor hefir á réttu að standa, en ég veit, að hann skilur það, að ég og margir fleiri taka ennþá meira tillit til þess, sem bankastjórarnir segja um þetta. a. m. k. á meðan málið er eins lítið rannsakað og það nú er. Og án þess að ég ætli að rökræða einstök atriði, sem hann færði fram, þá vil ég leyfa mér að vekja athygli hans á því, að sjálfir bankastjórarnir færa fram rök fyrir því, að þetta geti vel staðizt skaðlaust í Englandi, þó að það geti valdið óþægindum hér á landi, og það er af því, að það er áreiðanlega rétt, sem bankastjórarnir segja, að tékkar eru notaðir hér hlutfallslega miklu meira heldur en í Englandi, og það af þeirri ástæðu, sem bankastjórarnir færa fram. Mér er líka kunnugt um það, að í allri verzlun manna á milli í Englandi geta þeir einir borgað með tékkávísunum, sem eru þekktir vel, eða þá hafa einstaklega heiðarlegt útlit! Þeim einum líðst að rétta tékka yfir búðarborðið. Og ég get sagt frá því svona til fróðleiks, að ég hefi heyrt það sagt, að í mörgum stærri verzlunum þar væru hafðir sérfræðingar til þess að líta framan í þá menn, sem óska að borga með tékkum, og ef menn borga með 50 punda nótu, eða jafnvel þó að það sé ekki nema 10 punda nóta, þá eru þeir látnir árita þær.

Ég hefi svo engu við að bæta, en þar sem ekki sýnist vera brýn nauðsyn fyrir hendi til þess að flýta þessu mjög, og hinsvegar liggja fyrir tilmæli um það frá reyndustu mönnum í þessum efnum, að málið verði rannsakað betur, þá álít ég, að það sé í raun og veru alveg sjálfsagt að verða við þeim tilmælum.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég tek það ekki illa upp fyrir hv. þm. G.-K., þó að hann meti meira bankastjóra Landsbankans heldur en mig um það, hvernig eigi að reka bankastarfsemi. Þeir eru hæfir menn og ég met þá mikils. En samt sem áður reyni ég af minni litlu þekkingu að dæma um þau rök, sem þeir færa fram, og þeirra rök í þessu efni eru ekki sannfærandi fyrir mig. Bankastjórar hafa þráfaldlega sýnt tilhneigingu til þess að reyna að hindra það, að gjöld séu lögð á þau viðskipti, sem bankar hafa. Þetta er almennt sjónarmið bankastjóra fyrir hönd þess almennings, sem við bankana skiptir. En það er annað sjónarmið heldur en þeir þurfa að hafa, sem eiga að sjá ríkinu fyrir nauðsynlegum tekjum. Ég játa það, að þetta muni vafalaust draga úr notkun smátékka. En það er ekki nóg að segja, að slíkt stimpilgjald sem þetta dragi úr notkun smátékka, heldur verður líka að sanna það, að smátékkar séu heppilegri gjaldeyrir heldur en bankaseðlar. Og ég efast algerlega um, að smátékkar séu á nokkurn hátt heppilegri fyrir þjóðfélagið eða bankana heldur en notkun seðla, því að það er þeirra verkefni að vera gjaldmiðill í smærri greiðslum.

Ég hefi svo ekki fleira að segja, og ekki fleiru að svara.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17:2 atkv.

---

*Á 40. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr.*

**Magnús Torfason:** Mér hefir verið borið það á brýn, að ég væri fylgispakur við fjáraflatill. stjórnarinnar. Ég skal játa þetta, en ég hefi mér til afsökunar, að kjördæmi mitt hefir jafnan verið nokkuð frekt til farsællegra hluta, og hefir mér því fundizt hvíla nokkur skylda á Árnesingum um það, að aftra ekki sæmilegum tekjum fyrir stjórnina.

Hvað þessu máli viðvíkur, þá má náttúrlega um það deila, hvort tími sé til þess kominn að láta slíkt frv. frá sér fara. Viðskiptalíf okkar er á eftir tímanum, samanborið við önnur lönd. Vöruskiptaverzlun er þekkt hér enn og reikningsverzlun meiri en æskilegt væri. Býst ég og við, að á þessum seinustu kreppuárum hafi reikningsverzlunin heldur aukizt en þverrað. Samkv. grg. virðist mér, að slíkt gjald sem þetta tíðkist ekki á Norðurlöndum. Ég skal þó eigi leggjast gegn frv., en vildi skjóta því til hæstv. fjmrh., hvort eigi væri ástæða til þess að breyta frv. Ég sé, að undanþága er veitt í 11. gr. um framkvæmd laganna og framkvæmdaleysi, og það í samræmi við ákvæði stimpilgjaldslaganna frá 1921, nema þar er veittur lengri tími, eða 10 ár, en nú í þessu frv. ekki nema 3 ár. Ég vil vekja athygli á því, sem um getur í grg., að sumstaðar, t. d. í Englandi, sé fylgt þeirri reglu, að taka

vist stimpilgjald af hverri ávísun eða kvittun án tillits til fjárhæðar. Ég álít þá aðferð þægilegri og einfaldari og datt því í hug, hvort eigi væri athugandi fyrir hæstv. ráðh. og hv. fjhn., að sett yrðu ákvæði inn í 3. gr., sem heimila stj. að hafa eitt stimpilgjald a. m. k. fyrstu árin, meðan menn eru að venjast gjaldinu. Ég mun samkv. þessu greiða frv. atkv. til 3. umr. Ég býst við, að ég sem hálfgerður einstæðingur hér í þessari hv. d. muni ekki bera fram till. í þessu máli, en ég vildi mælast til þess, að hv. fjhn. eða hæstv. fjmrh. gerðu það.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég sé, að hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur hér í d., og get ég ekki svarað fyrir hann, en af því að ég var frsm. n. vil ég víkja lítið eitt að þeim tveim aths., er fram komu við frv. hjá hv. 2. landsk. Það er athugunarvert, hvort ekki má hafa frestinn, sem um getur í 11. gr. lengri. Ég hygg þó, að fresturinn hafi verið óþarflega langur í gömlu lögunum og að hæfilegra væri að hafa hann t. d. allt að 5 ár.

Þótt ég viti eigi um aðra nm., mun ég fyrir mitt leyti verða með till. um, að stj. sé heimilt, án þess að leita til þingsins, að ákveða, hvort greidd skulu þrennskonar stimpilgjöld, eða eitt og hið sama. Ég gat þess við 1. umr., að að óreyndu væri eigi gott um það að segja, hvort betra yrði, reynslan yrði að skera úr um það. Ég tel það gott, að stj. eigi þess kost að ákveða þetta án þess hún þurfi að leita til þingsins. Það er því rétt, að n. athugi þessa möguleika áður en frv. kemur til 3. umr., og hvort ekki komi til mála að verða við óskum hv. 2. landsk. í þessu efni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:11 atkv.
2.—15. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:7 atkv.

---

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 427, 523).

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Fjhn. hefir borið fram brtt. við þetta frv., sem ekki eru stórvægilegar. Tvær af þeim eru fram komnar eftir bendingum, sem n. fekk við síðustu umr. Önnur er sú, að setja 5 ára frest í 11. gr. í stað 3 ára, er fjmrn. getur veitt linun á sektarákvæðum l. Hin brtt. er sú, að ef ekki reynist vel að hafa stimpilgjaldið mishátt, þá skuli fjmrh. heimilt að ákveða eitt og sama stimpilgjald af öllum gjaldskyldum ávísunum og kvittunum, enda fari það aldrei fram úr 40 aurum. Sömuleiðis á ráðh. einnig þá að ákveða lágmarksupphæð gjaldskyldra ávísana og tékka. Auk þess ber n. fram brtt. um að ávísanir Alþingis skuli vera undanþegnar stimpilgjaldi á sama hátt og ávísanir þær, er stjórnarráðið gefur út. Er hér átt við ávísanir forseta Alþingis og ávísanir skrifstofustjóra, sem fara til greiðslu á hverskonar þingkostnaði.

Fyrir utan brtt. n. á þskj. 523 leyfir meiri hl. sér að bera fram tvær skrifl. brtt., sem eru smávægilegar og hún vill vona, að geti komið til atkv. að þessu sinni, ef enginn ágreiningur verður um þær, en verði hinsvegar ágreiningur um þær, er meiri hl. fús til að taka þær aftur til 3. umr. Hin fyrri brtt. er við 14. gr. frv., um það, að sölumenn stimpilmerkjanna skuli hafa 2% þóknun fyrir sölu þeirra. Þetta er samskonar ákvæði og gildir um núgildandi stimpilmerki, og er vitanlega sjálfsagt, að þessi þóknun sé greidd, því þessari sölu fylgir aukin fyrirhöfn og mistalningarhætta.

Hin skrifl. brtt. er um það, að ráðuneytið ákveði með reglugerð, hvenær lög þessi öðlist gildi. Það er vitanlega nauðsynlegt að veita fjmrh. nægilegan undirbúningstíma til þess að láta gera stimpilmerkin og hafa annan undirbúning. — Ég vænti svo, að ekki verði ágreiningur um þessar brtt. fremur en hinar fyrri, og óska því, að þær verði samþ.

**Jakob Möller:** Við vorum að tala um það í n. að fá að athuga brtt. við þetta frv., sem ekki höfum tekið þátt í flutningi þeirra. Finnst mér ekki síður ástæða til þess fyrir það, að tvær af brtt. eru skrifl. Vil ég því mælast til þess, að frestað verði umr.

**Forseti (JörB):** Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. frá meiri hl. fjhn., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 552].

Til þess að brtt. þessar megi taka til meðferðar á þessum fundi, þarf að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég vil spyrja hv. 3. þm. Reykv., hvort það er hans ósk, að brtt. séu teknar aftur til 3. umr. **(Forseti** og **JakM:** Þetta er 3. umr.). Nú, þá er sjálfsagt að fresta umr.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 427, 523, 552, n. 557, 571).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 571 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 523,1, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
— 523,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 523,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 552,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 552,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

**Bjarni Ásgeirsson:** Mér hefir virzt, að sá háttur hafi verið upptekinn við atkvgr., þegar eitthvað hefir vantað í d., að jafnmargir hafa setið hjá úr andstöðuflokknum eins og þeir voru margir, sem vantaði. Ég vil benda hæstv. forseta á, fyrst þessi regla hefir verið tekin upp, að nota hana áfram og þá m. a. í þetta skipti.

**Thor Thors:** Þetta hefir komið fyrir aðeins tvisvar sinnum, þegar vantaði einn af þm. Sjálf-

stfl., að hæstv. forseti sjálfur greiddi þá ekki atkv., til þess að ekki þyrfti að fresta atkvgr. Sé ég ekki ástæðu til að þetta gildi, þegar vantar marga þm. úr öllum flokkum. Hæstv. forseti hefir úrskurðað, að atkvgr. skuli fara fram, og verður að hlíta því.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég veit vel, að þetta er engin skylda, en þar sem annar stjórnarflokkurinn hefir tekið upp þann drengskap, þá má vænta, að andstöðuflokkurinn láti ekki sitt eftir liggja að sýna prúðmennsku á sama hátt.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Mér skildist, að sú regla, sem hér hefir verið tekin upp, sé þannig, að stjórnarliðar eða stjórnarandstæðingar sætu hjá, ef svo marga vantaði af andstæðingum, að hlutföllin væru röng í d. miðað við það, ef d. væri fullskipuð, og að svo margir sætu þá hjá, að rétt hlutföll fengjust með og á móti.

Mér þykir eðlilegt, fyrst þessi regla hefir verið tekin upp, að hún sé haldin hér, og vil beina því til hæstv. forseta, hvort ekki sé unnt að gera svo hér. Þetta hefir verið gert tvisvar sinnum, og er einkennilegt, ef stjórnarandstæðingar vilja ekki eins láta það gilda, þó að það sé í þágu stj. Annars veit ég ekki hvort þess er þörf í þessu tilfelli, en ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, fyrst hv. þm. Mýr. benti á það.

**Forseti (JörB):** Ég vil í tilefni af þessu taka það fram, að það er ekki á mínu valdi að sjá svo um, að þm. sitji hjá, þó að mismargir af flokkunum kunni að vera viðstaddir. Hinsvegar þykir mér það ekki nema æskilegt fyrir þm., að sá háttur verði upp tekinn, því að það getur aðeins haft þau einu áhrif að flýta fyrir störfum þingsins. Vil ég beina því til þingflokkanna, hvort þeir vilji ekki taka upp þessa reglu.

Það er rétt, sem hv. þm. Snæf. sagði, að ég sat hjá í ágreiningsmáli nokkru með fyllsta samkomulagi um það við form. Sjálfstfl. Hann óskaði eftir, að frestað yrði atkvgr., sökum þess að einn þm. var veikur. Þá var það uppástunga mín við hann, hvort menn gætu ekki á það fallizt, að atkvgr. færi fram, en einn úr okkar hópi sæti hjá. Sagðist hann geta fallizt á það, því að tilgangur sinn væri ekki að tefja málið, heldur að rétt hlutföll kæmu fram við atkvgr. En það er auðvitað, að um þetta atriði verður að vera samkomulag í hverju einstöku máli, á þann hátt, að sá flokkur, sem þess á að gæta í hvert sinn, láti suma sína þm. sitja hjá.

**Thor Thors:** Ég vil aðeins benda á, að það vantar þrjá þdm. úr andstæðingaflokkum hæstv. stj. á þennan fund. Sé ég því ekki, hvaða ástæðu stj. hefir til þess að mælast til, að einhverjir úr andstöðufl. láti vera að greiða atkv. í þessu máli. Mér skilst, að hæstv. forseti sé búinn að úrskurða, að atkvgr. skuli nú fara fram, og þarf þá ekki meira um þetta að ræða.

**Gísli Sveinsson:** Hér er allt öðru máli að gegna nú en áður, á þeim þingfundum, sem vitnað var til, þegar einn þdm. úr Sjálfstfl. var fjarstaddur. Sá þm. var löglega forfallaður sökum veikinda. En nú hefir allstór flokkur hv. þdm., 4 eða 5, tekið sér fundarfrí án leyfis hæstv. forseta. Það mætti æra óstöðugan að eltast við þá þdm., sem fara leyfislaust af fundi og tefja með því framgang mála. Í annan stað má á benda, ef stjórnarliðið þorir ekki að láta atkvgr. fara fram um þetta mál, að einn sjálfstæðism. er fjarstaddur sökum veikinda, og Bændafl. þessarar þd. er allur á brautu og hefir ekki áhrif á atkvgr. — Hinsvegar eru sósialistar nær allir viðstaddir, a. m. k. annað veifið, svo að hér eru ekki á neinn hátt sambærilegar ástæður og á þeim þdfundi, sem vísað var til, þegar samkomulag var um, að hæstv. forseti greiddi ekki atkv. af því að einn sjálfstm. var fjarstaddur. En nú er búið að gera grein fyrir því, að ekki er um lögleg forföll eins þm. að ræða, heldur hitt, að nokkrir þdm. úr stjórnarliðinu og allur Bændafl. eru einhverstaðar að leika sér austur í sveitum.

**Forseti (JörB)** Út af því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði um fjarveru einstakra þdm., vil ég upplýsa, að hv. 2. landsk. og hv. 2. þm. Árn. hafa tilkynnt forföll og fengið fjarvistarleyfi.

**Thor Thors:** Ég vil upplýsa, að hv. þm. G.-K. er veikur og fékk leyfi læknis til að skreppa hingað á þingfund í gær.

Frv. með áorðnum breyt., samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BJ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.

nei: GÞ, GSv, GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, PHalld, PO, SK, TT.

Fimm þm. (ÞorbÞ, BB, HannJ, MT, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 13. fundi í Sþ., 26. nóv., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 586).

Á 49. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Mér þykir rétt að láta fylgja frv. þessu nokkur orð. Það er flutt af meiri hl. fjhn. Nd. að minni tilhlutun. Um ástæður fyrir því, að frv. er flutt, nægir að vísa til þess, sem áður hefir verið tekið fram um afkomu ríkissjóðs og horfur, því að þó að svo verði, að þau tekjuaukafrv., sem stj. hefir lagt fyrir Alþingi nú, verði samþ., er ekki von um, að fullkominn jöfnuður fáist á fjárl. 1935, og því er frv. þessu bætt við. Hvaða tekjur þetta kemur til með að gefa, er ekki hægt að gera sér í hugarlund nú, og því ekki hægt að nefna neinar tölur, en einhvers stuðnings af því er þó að vænta.

Um þetta stimpilgjald er það að segja, að það er áframhald af því stimpilgjaldi, sem hér hefir verið áður. Nú á það að ná til ávísana og kvittana. Gjald þetta er einskonar tollur eða skattur á veltu, og því ekki hægt að gera sér grein fyrir, hvernig það kemur endanlega niður á gjaldendunum.

Við Íslendingar erum ekki einir um að taka gjald þetta upp, það hefir verið notað í ýmsum löndum, t. d. í Bretlandi. Þar hefir það verið um 2 pence eða um 18 aur. á ávísun. Annars mun reynslan vera sú, að þar, sem gjald þetta hefir verið tekið upp, hefir það verið látið haldast.

Þegar frv. lá fyrir Nd., var það sent til stj. Landsbankans og hún beðin umsagnar um það. Bankastj. sendi svo umsögn sína, sem prentuð er sem fskj. með nál. minni hl. fjhn. Leggur hún frekar á móti þessu gjaldi, sérstaklega með þeim rökum, að það muni verða til þess að minnka notkun ávísana, sem útheimti aftur meiri seðla í umferð til þess að sami viðskiptahraði haldist. Þetta getur vel verið rétt, en ég er ekki viss um, að það sé neitt heppilegra að nota tékka, a. m. k. ekki fyrir lágum upphæðum, en seðla. Ég tel því ekki, að hægt sé að stoppa frv., þó að stjórn Landsbankans leggist á móti því með þessum rökum, því að ekki er annað en auka seðlaútgáfuna lítið eitt, svo að þetta þurfi ekki að hafa bein áhrif á viðskiptalífið. Þá hefir verið bent á það af stj. Landsbankans, að það myndi léttara í framkvæmd að hafa gjaldið aðeins eitt fyrir allar ávísanir, en ekki stighækkandi. Í 3. gr. frv. er heimild fyrir ráðh. að hafa eitt og sama gjald af öllum ávísunum. Verði frv. að lögum, þá mun ég nota þessa heimild og hafa alltaf sama gjald, án tillits til upphæðar ávísananna.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að hafa orð þessi fleiri, og óska frv. vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., 11. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 586, n. 712 og 733).

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Meiri hl. fjhn. ber fram brtt. við 4. og 5. gr. frv. á þskj. 712. Fyrri brtt. er við 4. gr., og er um það, að stimpilskyldan hvíli á framseljanda ávísana, sem gefnar eru út erlendis, óstimplaðar, og sendar hingað til greiðslu. Till. miðar að því að skýra ákvæði frv. að því er viðkemur þesskonar ávísunum, og er þá tilætlunin, að stimpilgjaldið komi alltaf á útgefandann, og þann yfirleitt, sem sendir hingað erlendar ávísanir til innheimtu. Þetta verður þá á sama hátt að því er þessa nýju stimplun snertir eins og hingað til hefir verið með erlenda víxla.

2. brtl. n. er við 5. gr. og er í 3 stafliðum. a-liður, við A, 3 í 5. gr. frv., er um það, að undanþiggja stimpilgjaldi þessu ávísanir þær, sem fara eiga til greiðslu í bæjar- og sveitarsjóði, á sama hátt og frv. sjálft ákveður, að svo skuli vera um ávísanir, er greidd séu með gjöld til ríkissjóðs. Meiri hl. n. finnst það sanngjarnt, að sama gildi í þessu efni um bæjar- og sveitarsjóðsgreiðslur. En því til tryggingar, að ekki verði „svindlað“ með þetta á neinn hátt, vill n. áskilja það, að framsal skattheimtumanns, hvort er ríkis-, bæjar- eða sveitarsjóðs, sé ritað á ávísanirnar. — Þá er b-liður, við B, 1. í 5. gr., og fjallar sá liður um að undanþiggja kvittanir fyrir greiðslum upp í föst lán stimpilgjaldi, ennfremur kvittanir fyrir úttekt úr sparisjóðsbókum. Frv. kveður svo á, að undanþegnar stimpilgjaldi skuli vera kvittanir fyrir innborgunum í eiginn reikning, en greiðsla upp í föst lán er eiginlega ekkert annað en greiðsla í eiginn reikning. Er því þessi till. n. í beinu framhaldi af þeirri hugsun, sem til grundvallar liggur fyrir tilsvarandi ákvæðum frv., og er þessi till. því einungis borin fram til samræmingar. — Þá er c-liðurinn. Hann er um það, að eins og ávísanir til greiðslu opinberra gjalda verða ekki stimpilskyldar, þá skuli ekki heldur kvittanir fyrir gjöldum í bæjar- og sveitarsjóði stimpilskyldar, eins og frv. sjálft ákveður um kvittanir fyrir gjöldum til ríkisins. Þessi liður er í samræmi við a-lið þessarar till., og byggist á því, að sveitar- og bæjarsjóðir njóti sama réttar, ef svo má að orði komast, og ríkissjóður.

Það er auðvitað augljóst mál, að ef þessar till. verða samþ., minnkar dálítið tekjuvonin af þessu frv., ef að l. verður, en þrátt fyrir það verður meiri hl. n. að líta svo á, að þessi atriði séu svo mikið sanngirnismál og svo eðlilegt að samþ. þau, að það verði fram að ganga. Um önnur atriði vil ég ekki fjölyrða neitt, þar sem hæstv. fjmrh. er staddur hér í d. og getur þá að sjálfsögðu tekið til máls, ef honum finnst ástæða til.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Ég vil taka það fram fyrir mitt leyti, að ég er í sjálfu sér ekkert fyrirfram andvígur skatti eitthvað í þessa átt, sem hér er um að ræða og tíðkast sumstaðar erlendis, sérstaklega ef hann er gerður eins einfaldur í framkvæmd og unnt er. Á hinn bóginn verð ég að segja það, að mér finnst þetta mál tæplega svo undirbúið, að rétt sé að samþ. það að svo komnu, og hefi ég því lagt til, að það yrði að þessu sinni fellt. Þótt ekki sé hér um háan skatt að ræða, þá er um alveg nýjan skatt að ræða og skatt, sem grípur ótrúlega víða inn í dagleg viðskipti fyrir öllum þorra manna, a. m. k. í kaupstöðum og kauptúnum, og það er ekki svo gott að sjá í byrjun, nema athuga það vel og vandlega, hvaða afleiðingar það kann að hafa í för með sér og í hvaða átt þær afleiðingar stefna. Það er augljóst, að þau tvö atriði, sem dregin eru fram í bréfi Landsbankastj. og ég hefi minnzt á, munu fram koma. Annað atriðið er það, að hætta sé á því, að á einhvern hátt dragi úr tékkaviðskiptunum. Þau hafa tíðkazt mikið, sérstaklega hvað viðkemur smáupphæðum. Og hjá þeim mönnum, sem mikið nota þessi viðskipti, er það ekki lengi að draga sig saman, og menn myndu kveinka sér við, ef þeir ættu að greiða þá upphæð í einu lagi. Það þarf ekki marga tékka yfir 20 kr. til þess að það fari að nálgast tekjuskattsupphæðina, sem maðurinn þarf að greiða í stimpilgjald yfir árið, eða þá jafnvel útsvarsupphæð. Og menn munu kveinka sér við að greiða þetta gjald, þegar þeir geta

hliðrað sér hjá því. Nú er það tvímælalaust, að tékkanotkunin er handhæg, og bankarnir reyna ákaflega mikið til þess að reyna að örva hana sem allra mest. Ég man það, að í Vesturheimi kepptust bankarnir við að troða á menn finum skinnávísanaheftum til þess að fá menn til að ávísa á bankann og geyma fé sitt þar. Þótt það muni ekki miklu, hvort einstaklingur tekur út 100 kr. í einu eða ávísar á þær smátt og smátt, þá getur þetta allt í allt munað hundruðum þúsunda í veltufé bankans. Það kemur fyrir, að þær greiðslur, sem menn þurfa að inna af hendi, dragast nokkra daga. En í stað þess að leggja fé á meðan í bankann, þá nota menn allra óhyggilegustu og heimskulegustu aðferðina til þess að geyma það, nfl. ganga með það í vösum sínum, engum til gagns, í stað þess að láta það vera í umferð í banka, auk þess sem féð dregur á þann hátt vexti. Tékkaviðskiptin eru mjög hentug, því að þau auka starfsfé bankanna um töluverðar fjárhæðir, um leið og peningarnir gefa eigendunum vexti. Ég býst við, að úr þessum viðskiptum myndi draga, ef frv. þetta yrði samþ. Það er ekki víst, að það nemi svo miklu, að við það þurfi að hika að setja þennan skatt á, en það er þó athugunarefni. Enda er það nú svo, að búast má við því, að sá trassaskapur, sem hér á sér stað með að taka kvittanir fyrir greiðslum sínum, fari í vöxt, þegar hrein og bein sparnaðarhvöt bætist við hinn venjulega trassaskap, og geta úr því orðið deilur. Þessi trassaskapur í viðskiptum er heiðraður með löggjöf eins og þessari. Menn verða að greiða, að vísu litið en þó dálitið fyrir það að taka kvittun. Af þessum l. leiðir einnig töluverða vinnu. Ég átti tal við einn kolakaupmann um þetta frv., þegar það kom fram. Hann situr einn á sinni skrifstofu og annast verzlunina sjálfur. Hann sagði, að þetta myndi auka sína vinnu, svo að hann myndi verða að fá sér aðstoð. Það er ekki lítill erfiðisauki, þegar ½ tonn af kolum er orðið stimpilskylt, og slíkar smásendingar er alltaf verið að senda út um allan bæ. Þetta er nú bara eitt einstakt dæmi. En svona er fyrirhöfnin hjá öllum búðunum, sem mánaðarlega senda út tugi af reikningum, jafnvel þúsund. Menn eru að greiða inn á þetta smátt og smátt. En mér skilst, að ef greiddar eru 20 kr. inn á reikning, þá sé það orðið stimpilskylt, og innheimtumaðurinn verður að burðast með stimpilmerki með sér. Þetta verður til þess, að margur mun nú frekar freistast til þess að greiða heldur 19 kr. en 20, eða skipta greiðslunni í tvennt. (**Fjmrh.**: Eða láta koma eftir því dag eftir dag!). Þetta eykur stórkostlega fyrirhöfn þeirra manna, sem eiga að innheimta, og þótt mönnum sé e. t. v. ekki hlýtt til rukkaranna, þá held ég, að ekki sé rétt að leggja á þá erfiði og þyngja þeim sporin með l. Þetta skapar allt saman mikla aukavinnu og gerir viðskiptin umfangsmeiri. Mér finnst samþ. þessa frv. vel hefði mátt bíða. Það er rétt með þetta mál eins og önnur nýmæli, að þau séu látin koma fram til athugunar og umtals, en bíða með samþykkt þeirra. Og þótt það verði virt mér til stjórnarandstöðu og óþekktar í þinginu að leggja til, að þetta mál bíði enn um stund, þá vil ég taka það mikið tillit til stjórnar þjóðbankans, að þegar hún ræður frá því að samþ. þetta, þá verði það ekki gert. Þeir segja, bankastjórarnir, að þeir hafi ekki haft fullkomlega tíma til þess að athuga einstakar gr. frv., og leggja til, eins og í bréfinu stendur, „hvort ekki væri rétt að athuga þetta mál frekar en orðið er og láta það svo koma fyrir þing í marzmánuði næstkomandi“. Ég teldi athugandi í þessu máli, hvort ekki ætti einungis að hafa gjaldið eitt. (**Fjmrh.**: Það er heimild til þess). En það er gengið út frá hinu í gerðum ákvæðum frv. Stighækkunin gerir fyrirhöfnina enn meiri, því að þá þarf að nota fleiri en eina stimpilmerkjategund. — Ég hefi því, með stuðningi í þessu bréfi frá Landsbankanum, lagt til, að frv. verði fellt á þessu þingi. Ekki með þeirri grg., að ég sé andvígur slíkum skatti yfirleitt, en af því að ég tel málið ekki nægilega hugsað.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að hann væri ekki mjög ákveðið á móti þessu máli í sjálfu sér, en fyndist það illa undirbúið, og því ástæða til að láta samþykkt þess dragast. En í þeim rökum, sem hann færði gegn frv., var ekkert, sem sýndi það, að málið væri illa undirbúið, heldur var það þannig, að hann sneri sér meira að því að mæla gegn frv. í grundvallaratriðum þess. Ég skal minnast á þau 2—3 atriði, sem hann taldi því til foráttu, þótt hann segði í upphafi sinnar ræðu, að hann væri frv. ekki mótfallinn frá efnislegu sjónarmiði. Hann talaði um það, hv. þm., að frv. myndi draga úr tékkaviðskiptum og minnka starfsfé bankanna á þann hátt. Nú er bent á það í áliti Landsbankans, sem fyrir liggur, að þótt eitthvað kynni að draga úr tékkaviðskiptunum, þá mætti jafna það upp með aukinni seðlaútgáfu, þannig að ekki rýrnaði starfsfé bankanna. En viðvíkjandi aðalatriðinu í hans ræðu, að frv. væri illa undirbúið, þá er það vitanlegt, að þótt yfir frv. væri legið 2—3 mánuði enn, þá mundi það engu breyta, og á engan hátt hægt að **þeim tíma** liðnum að gera það betur úr garði. Þá sagði hv. þm., að frv. gæti verkað á þann hátt, að það yrði til þess að heiðra trassaskapinn, þar sem menn myndu síður taka kvittanir fyrir greiðslum sínum vegna stimpilgjaldsins. Það má vel vera, að einhverjir hliðri sér hjá að greiða þetta gjald, þótt ekki sé hátt, en ég vil minna á það, að þeir, sem eiga að veita viðtöku kvittununum, eiga ekki að greiða stimpilgjaldið, svo að þetta getur alls ekki verkað eins og hv. þm. hélt fram. Þessi tvö atriði eru ekki þannig vaxin, að þau séu rök gegn því, að frv. nái samþykki nú. — Þá sagði hv. þm., að frv. fylgdi aukin vinna. Ég geri ekki mikið úr því. Það er ákaflega fljótlegt að setja þessi merki á, alveg eins og að frímerkja bréf, og ég er viss um, að hægt er að setja á mörg hundruð á klukkustund. Ef gjaldið væri aðeins eitt — en ég hefi hugsað mér að nota heimild í l. til þess að ákveða, að svo skuli vera, — verður fyrirhöfnin hverfandi lítil. Með þeim tækjum, sem nú eru á skrifstofum, þá er hægt að líma þessi merki á á svipstundu. Ekki get ég heldur fallizt á, að þess l. komi sérstaklega rukkurum í koll. Þeir

yrðu ekki lengi að setja merkin á reikningana. — Það er talað um það, að Landsbankinn hafi lagt á móti þessu frv. vegna þess, að það sé nýtt af nálinni og ekki vel undirbúið. Bankinn hefir lagt til, að málinu yrði frestað, eins og hv. 1. þm. Reykv. réttilega tók fram, en bankinn hefir ekki fremur en hv. þm. fært rök fyrir máli sínu. Það, sem hv. þm. hefir tekið fram, snertir nfl. ekki undirbúningsatriði frv., heldur grundvallaratriði þess, alveg eins og hjá bankanum. Það er auðvitað eðlilegt, að bankinn leggi á móti málinu vegna þess, að það eykur honum dálitla fyrirhöfn, en það er ekki hægt að leggja á nokkurn skatt eða toll án þess að einhversstaðar komi fram aukin fyrirhöfn hans vegna. Um álit Landsbankans og álit bankanna yfirleitt vil ég aðeins segja það, án þess að ég sé á nokkurn hátt að gera lítið úr þeim, að ég hefi orðið var við, að menn leggja misjafnlega mikið upp úr þeim, eftir því hvaða málstað þau styðja. Ég segi þetta ekkert til hv. 1. þm. Reykv., en þetta er algild regla, að menn reyni að gera eins mikið úr þeim stuðningi, sem þeir fá, og unnt er. En ég tel, að rök þau, sem komið hafa fram í bréfi Landsbankans, hafi fyllilega verið tekin til greina og þeirra vegna ástæðulaust að fresta málinu.

**Magnús Guðmundsson**: Ég hefi ekki tekið eftir því, að fram hafi komið nokkur áætlun um það, hvað mikilla tekna mætti vænta af *þeim ráðstöfunum, sem hér eru ráðgerðar*. Ég skal viðurkenna, að erfitt muni að gera slíkar áætlanir. Ég vil samt spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann geti ekki gefið einhverjar upplýsingar um þetta atriði. Manni verður það nú oftast nær, þegar nýr skattur kemur fram, að grennslast eftir því, hvað miklar tekjur hann muni gefa í ríkissjóðinn. Fyrr en maður hefir *einhverja hugmynd um það, er erfitt að mynda* sér skoðun á málinu. Ég held, að þessi skattur muni verða mjög óvinsæll, einkum til sveita. Það verður mjög vasturssamt fyrir hvern bónda að verða að hafa þessi stimpilmerki á heimili sínu. Ég skýt því til hæstv. ráðh., að hann athugi, áður en reglugerðin, sem gert er ráð fyrir í 15. gr., verður gefin út, að ekki er hlaupið að *því fyrir öll heimili að ná í þessi merki*. Þar sem svo er ákveðið, að meira að segja bréf, sem einhverjum er skrifað, og hann beðinn að greiða nokkra upphæð, þarf að stimpla, þá sé ég ekki betur en að merkin verði að vera til á hverju heimili áður en l. koma til framkvæmda. — Ég vildi sérstaklega spyrja hæstv. ráðh., hvernig skilja beri 4. gr. frv. Þar stendur, að það varði *sektum* að taka við *óstimplaðri* ávísun eða kvittun, nema viðtakandi láti þegar í stað sjá um að stimplað sé, en stimplun þessi leysir ekki útgefanda frá sektum. Þetta finnst mér vera hart að gengið. Segjum svo, að til mín kæmi maður með óstimplaða ávísun eða kvittun, og hlutaðeigandi hafi ekki haft stimpilmerki, en ég hafi þau og láti þau á reikninginn eða *ávísunina*. Á útgefandi þá samt sem áður að sæta sektum, og á mér að vera skylt að kæra þennan mann fyrir lögbrot? Ég sé ekki, að nein meining sé í þessu. Í 4. gr. stendur ennfremur: „Ávísanir þær (eða kvittanir), sem gefnar eru út erlendis óstimplaðar, skal stimpla áður en þær eru *hér greiddar eða framseldar*," o. s. frv. Nú er því svo varið, að ávísanir og kvittanir munu mjög óvíða vera stimplaðar erlendis, nema þá í Englandi. Það er hvorki lögboðið í Þýzkalandi eða á Norðurlöndum. Allar þær kvittanir og ávísanir, sem koma frá þessum löndum, eru því óstimplaðar. Nú vildi ég spyrja, hvort með þessu sé átt við, að þær séu óstimplaðar *fyrir íslenzka ríkissjóðinn*, — því að með því móti einu væri einhver vitglóra í þessu. (**Fjmrh.**: Það er vitanlega meiningin). En nú eru allar kvittanir, sem koma erlendis frá, óstimplaðar fyrir íslenzka ríkissjóðinn, því að ekki er hægt að leggja mönnum erlendis þá skyldu á herðar að setja á slík plögg, er til Íslands ættu að fara, íslenzk stimpilmerki. Eiginlega er þetta ákvæði bara vitleysa, a. m. k. ætti orðið „óstimplaður" að falla niður, svo að meining gr. yrði sú, að engar kröfur yrðu gerðar á hendur mönnum erlendis um þessar stimplanir, og það að sjálfsögðu látið nægja gagnvart íslenzka ríkissjóðnum að fyrirskipa stimplanir hér.

Ég verð að taka það fram, að ég hefi ekki haft tíma til þess að athuga frv. nákvæmlega. Það, sem ég hefi minnzt hér á, eru atriði, sem ég rak augun í við fljótan yfirlestur, og má vel vera, að ýmislegt sé fleira þar, sem mér þætti athugavert, ef tóm gæfist til nákvæmrar athugunar. En mér virðist þetta benda til þess, að frv. sé ekki svo vel undirbúið, að ekki hefði mátt gera það betur. Mér finnst t. d. ákaflega hart, að krefjast stimpils á einkabréf, þar sem viðtakandi er beðinn að greiða nokkra upphæð fyrir þann, sem bréfið sendir. Segjum nú svo, að ég fengi bréf utan af landi, og í því væri ég beðinn að greiða tiltekna skuld, en hlutaðeigandi á ekkert hjá mér. Á að stimpla svona bréf eða ekki? Eða á að stimpla bréfið svo framarlega sem ég borga, og annars ekki?

Það var gott að heyra frá hæstv. ráðh., að hann ætlaði sér ekki að hafa gjaldið nema eitt, því að með því móti verða l. ólíkt hægari í framkvæmdinni, — en ekki kæmi mér á óvart, þó að liði á nokkuð löngu þar til menn eru orðnir þessum l. vanir, svo vanir, að þeir viti yfirleitt, hvað þeim er skyldugt að gera í þessum efnum. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um frv. nú, en mun halda áfram að athuga það meðan umr. stendur, og spyr þá um það síðar, ef ég skyldi rekast á fleiri torskilin atriði.

**Fjmrh.** (**Eysteinn Jónsson**): Það er vitanlegt, að mjög erfitt er að gera sér grein fyrir því, hve miklar tekjur frv. sem þetta koma til með að gefa af sér. Þær einu hugsanlegu leiðbeiningar í því efni eru ávísanaviðskipti bankanna. Ég bað því að athuga það, hvað margar ávísanir á bankana hefðu verið gefnar eftir þeim tékkaheftum, sem bankinn hefði selt, og voru það 160000 við aðalbankana hér syðra, en þeir vissu ekki um viðskipti útibúanna úti á landi. Ef maður gerir ráð fyrir álíka miklu hjá útibúunum, sem mun þó vera ríflega áætlað, og

miðar meðalgjald af ávísun við 25 au., ættu ávísanastimpilgjöldin frá bönkunum að gefa 70000 kr. af sér. Hvað kvittanirnar snertir getur enginn maður sagt um það, hvað tekjurnar verða miklar af þeim. Einnig ber að athuga það, að frá þessari lauslegu áætlun um ávísanastimpilgjöldin dragast þær ávísanir, sem gefnar eru út til að greiða með opinber gjöld, því að samkv. þessu frv. eru þær undanþegnar stimpilgjaldi. Ég hefi því ekki þorað að gefa mikið upp af tölum, en hefi þó látið uppi, að af þeim hluta ávísananna, sem gegnum bankana fer, mætti vænta 70000 kr. Ég viðurkenni, að þetta er ófullkomið svar við spurningu hv. 1. þm. Skagf., en hann hlýtur að geta sett sig inn í það, að nákvæmar áætlanir er ekki hægt að gefa um þetta.

Um 2. málsl. fyrri málsgr. 4. gr., þar sem sagt er, að það skuli varða sektum að taka við óstimplaðri ávísun eða kvittun, nema viðtakandi láti þegar í stað sjá um, að stimplað sé, o. s. frv., er það að segja, að þetta ákvæði er vitanlega sett til þess, að svona ávísanir eða kvittanir verði yfirleitt ekki sendar af stað. En það má athuga fyrir 3. umr., hvort þetta muni vera ósanngjarnt ákvæði, og bera það saman við hliðstæð fyrirmæli annara l.

Þá sagði hv. þm., að ákvæði síðari málsgr. 4. gr. væri tóm vitleysa. Þarna er vitanlega átt við það, að stimplað sé með íslenzkum stimpilmerkjum. Annars væri gr. viteysa. Mér finnst vel mega gera ráð fyrir þeim möguleika, að menn, sem hefðu stöðug viðskipti við Ísland, létu líma á þessi gögn sín íslenzk stimpilmerki. Og gerðu einhverjir þetta, væri ekkert vit í því að láta stimpla þau aftur. Mér finnst, að það spilli engu, þótt ráð sé gert fyrir þessum möguleika.

Hv. þm. taldi, að langur tími mundi líða þar til almenningur vendist framkvæmd þessara l. Þetta má vel vera; mér er sagt að svo hafi verið með núgildandi stimpillög. En það eru engin rök gegn réttmæti þessarar löggjafar. Frá ráðuneytisins hálfu mun allt verða gert, sem hægt er, til þess að kynna mönnum l. og fá þá til að hegða sér eftir þeim. — Hv. þm. bað um útskýringu á orðinu „ávísanir“. Um það verða sett ýtarleg ákvæði í reglugerð þeirri, sem gefa á út samkv. þessum l., ásamt mörgum fleiri smærri atriðum, sem þurfa nánari skýringu. Út af því, sem hv. þm. sagði um það, að ósanngjarnt væri, að stimpla þyrfti ávísanir í einkabréfsformi, sé ég ekki, að það sé nokkuð ósanngjarnara en að krefjast stimplunar á almennar ávísanir. Hitt er annað mál, að ef til vill þarf að setja um þetta atriði nákvæmari fyrirmæli, svo að ákvæði l. verði ekki misskilin. — Ég skal taka það til athugunar, þegar gjaldið verður ákveðið, hvort upphæðin, sem nú er undanþegin gjaldinu, sé nógu há. — Í hv. Nd. var sett inn í frv. ákvæði með heimild fyrir ráðh. til að ákveða, að gjaldið yrði aðeins eitt, og ennfremur, að hann mætti ráða lágmarksfjárhæð stimpilskyldra ávísana og kvittana og hversu hátt stimpilgjaldið skuli vera. Það er því athugandi, hvort ekki er rétt að færa lágmarksupphæðina ofar, svo að gjaldið snerti ekki eins smáar greiðslur og það gerir nú. Það er vitanlega gott eitt við því að segja að fá fram sem flestar aths., þessi löggjöf er algert nýmæli, og stendur því til bóta. En það hefir nú fengið allýtarlega athugun í hv. fjhn. beggja deilda, og hefir ennfremur verið athugað af bönkunum, t. d. var gengið endanlega frá 2. málsgr. 4. gr. í samráði við fulltrúa Landsbankans, og ætti hún því ekki að vera tóm vitleysa eins og hv. þm. orðaði það.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** óyfirl.: Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að áhrif svona skatts á tékkanotkunina verða þau sömu, hvort sem gjaldið er lögfest nú eða ekki fyrr en eftir þrjá mánuði. En þetta var nú hálfgerður útúrsnúningur. Fyrir mér vakti, að þetta atriði yrði athugað nánar en gert hefir verið og gerður betri undirbúningur fyrir framkvæmd þessarar löggjafar. Nú sem stendur eru ýmsir agnúar á henni. Mér þykir það t. d. hart að gengið, þegar maður greiðir skuld með tékk, að þurfa þá að borga tvöfalt stimpilgjald; tékkinn sjálfur verður auðvitað að vera stimplaður, en svo kvittunin líka. Þetta skapar talsverða örðugleika á slíkum greiðslum. Þetta álít ég, að þyrfti að athuga betur áður en löggjöfinni er skellt á, og svona er það með ýms fleiri atriði frv. En það er hugsunarvilla að heimta af mér, að ég bendi á öll þau atriði nú. Það eru einmitt þau atriði, sem dyljast í fljótu bragði, sem á að athuga betur, finna og ráða bót á. T. d. veitti ekki af að athuga betur undantekningaákvæði 5. gr. Mér dettur í hug í því sambandi hliðstæð undantekningarákvæði verðtollsl. Og ár eftir ár, þegar þessi l. lágu fyrir, var komið með nýjar og nýjar vörutegundir, sem mönnum fannst, að yrðu að vera undanþegnar tollinum. Svona má lengi leita. Þannig hefir hv. meiri hl. tekið eftir því, að ekki er sanngjarnt að undanskilja kvittanir frá ríkissjóði, en ekki bæjar- og sveitarsjóðum og ávísanir til gjalda í sömu sjóði, og ber fram brtt. því viðvíkjandi. En nú getur nokkur vafi leikið á því, hvað er greiðsla í bæjar- og sveitarsjóði. Hvernig er með það t. d., þegar bærinn kostar gas- og rafmagnsstöð? Er það ekki greiðsla í bæjarsjóð að borga gas og rafmagn? Ég fæ ekki betur séð en að svo sé; þótt þetta séu talin sjálfstæð fyrirtæki, eru þau rekin beint af bænum. Slík löggjöf sem þessi græðir alltaf á nýrri athugun, t. d. í bönkunum, og hjá þeim aðilum öðrum, sem mest fá með þessi mál að gera. Ég er hræddur um, að enn séu í þeim ýmsar smugur; ég tók í fyrri ræðu minni dæmi um innheimtumennina, og hæstv. ráðh. tók það í gamni. Ég get vel hugsað mér, að menn kjósi heldur að borga tvisvar inn á reikning með lítilli upphæð, t. d. ef greiða á 39 kr., og sleppa svo við stimpilgjaldið, en að borga þetta allt í einu. Í 9. gr. er talað um, að ekki megi gefa út ávísun eða kvittun í meira en einu lagi fyrir sömu fjárhæð eða greiðslu til þess að komast hjá stimpilgjaldi samkv. l. þessum. Þetta rækist auðvitað á. En hvernig á að eltast við það að hafa upp á slíku? Ég get sem bezt greitt sömu upphæðina, segjum 39 kr., með tveimur tékkum, sem hvor um sig hljóðaði upp á 19.50 kr.

Ekki væri hægt að sjá það á þeim, að þeir hefðu farið til þess að greiða sömu upphæðina. En með þessu móti losna ég við að greiða stimpilgjaldið.

Í 8. gr. er heimild til þess að láta stimpla tékkaheftin í prentsmiðjunni. Þetta er mjög hentugt, einkum ef gjaldið væri ekki nema eitt, og mætti þá hafa heftin tvennskonar, bæði stimpluð og óstimpluð.

Eitt er óvenjulegt og sérkennilegt við þetta frv. — Fjmrh. á að ákveða í reglugerð, hvenær l. öðlist gildi. Ég man ekki til, að slíkt hafi átt sér stað fyrr. Þetta yrðu þá nokkurskonar heimildarl., og ég býst ekki við, að frá lagalegu sjónarmiði sé neitt út á þetta að setja, en þetta er dálítið einkennileg aðferð.

Ég verð að taka undir það með hv. 1. þm. Skagf., að mér finnst ákvæði fyrri málsgr. 4. gr. allhörð. Ef mér er skrifað óstimplað bréf, og mér vísað á einhverja upphæð, þá dugir ekki að ég stimpli bréfið; sendandi fær samt sektir. Viðvíkjandi ávísunum, sem koma erlendis frá, skildist mér á hæstv. ráðh., að 4. gr. ætti við íslenzk stimpilmerki. Ég er ekki viss um, að nokkur þörf sé á því, að taka þetta fram. Mér finnst það vera hverjum manni augljóst, að sé ávísunin eða kvittunin stimpluð með íslenzkum stimpilmerkjum, þurfi ekki að stimpla hana aftur.

Mér finnst, að í þessari umr. hafi verið bent á sitt af hverju, sem þurfi athugunar við. Það má kannske segja, að bezti skólinn og bezti undirbúningurinn sé að samþ. lögin og láta þau svo reynast og láta reynsluna vera kennara um, hvernig sé þörf á að laga þau. En mér finnst, að jafnframt eigi að athuga frv. og undirbúa þau sem bezt áður en þau eru gerð að lögum. Ég vil segja það, að frv. var ekki lesið í fjhn. meðan ég starfaði með meiri hl., en það getur vel verið, að meiri hl. hafi ekki talið þess þörf, þar sem n. klofnaði strax. Ég læt fylgja þá aths. frá mér, að ef frv. verður samþ. og gert að l., þá er nauðsynlegt að framfylgja þeim l. með lipurð og lagni. Ég hygg, að stimpilgjöld samkv. l. hafi jafnan verið svo í innheimtu, að embættismenn eða stofnanir hafi borið ábyrgðina, og það hefir aðeins verið tekið af sérstökum skjölum, sem menn gá vel að sér, er þeir fara með. En þessi l. ná yfir allt mögulegt, og það er ómögulegt, að almenningur glöggvi sig til fulls á þessum l. eða skilji þau svo fljótt, að ekki verði fullt af lögbrotum, án þess að menn ætlist til þess eða geri það viljandi, og það þarf langan tíma til þess að fólk geri það.

Þess vegna finnst mér mikilsvert, að hæstv. fjmrh. hefir hugsað sér að hafa ekki nema eitt gjald og hækka þá lágmarksupphæðina, og lækka gjaldið lítilsháttar. Það má þá færa sig upp á skaftið, ef þetta gefst vel og breyta til aftur.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það kann að vera, að ég endurtaki eitthvað af því, sem hefir verið sagt áður við þessa umr., af því ég hefi ekki verið viðstaddur. Það mun vitanlegt fyrirfram, að þessi lög verka þannig hvað seðlaútgáfuna snertir, að hún hlýtur að aukast. Og ég er hræddur um, að þau verki þannig, að sparnaðarmönnum fjölgi ekki eða sparnaður aukist. Sparsamir menn nota mikið tékka, það er mér kunnugt um af reynslu minni við bankastörf, sem ég hefi unnið við í 20 ár. Þeir gefa út ávísanir jafnvel á 2—3 kr., af því þeir vilja ekki ganga með fé í vösunum. Hitt er vitanlegt, að þurfi þeir að stimpla tékkana, munu þeir hætta að nota þá, en ganga með seðla í vasanum eða annan gjaldmiðil en tékka. Það er enginn efi á því, að frv. er miður vel undirbúið, eða síður en skyldi. Það er t. d. hvergi tiltekið í 5. gr. frv. um undanþágur, að undanteknar séu kvittanir fyrir gjöfum eða greiðslu í mannúðarskyni, t. d. gjafir til slysavarnafélagsins eða sjúkrasjóða o. fl., sem eingöngu er greitt í mannúðarskyni. Ég bendi aðeins á þessi dæmi, en þau eru að sjálfsögðu fjöldamörg fleiri. Hvaða ástæða er til að heimta stimpilgjald af þessum greiðslum? Mér finnst það vera næsta leiðinlegt fyrir ríkissjóð að láta stimpla og skattskylda slíkar greiðslur. Ég sé, að í 9. gr. frv. er tekið fram, að ekki megi gefa út kvittun nema í einu lagi fyrir sömu greiðslu, og það jafnvel þó í banka sé. Mér þykir þetta næsta undarlegt ákvæði. Ég þarf að greiða inn í reikning minn og fer í Landsbankann til að fá millifærslu; þá tek ég tvöfalda kvittun, held annari sjálfur og sendi skuldareiganda hina. (**Fjmrh.**: Hefir þm. lesið 7. gr.?). Það er líka óþarfi að taka fram, að ekki megi gefa nema eina kvittun fyrir sömu upphæð; það held ég komi varla fyrir og mundi enginn maður gera. (**Fjmrh.**: Annað hélt nú 1. þm. Reykv.). Nei, ég held, að menn ynnu það ekki fyrir að skrifa tvær kvittanir. (**Fjmrh.**: Menn eru misjafnlega sparir á aurana). Það er líka skrítið, að stimpilskylda greiðslu fyrir vinnulaunum, ef upphæðin nemur 100 kr.

Annars er það sérstaklega í verzlun, sem þessi lög koma illa við og taka mikinn tíma og vinnu. Ef ég t. d. fæ lánaðar 40 kr. í 2—3 daga, þá verð ég að greiða stimpilgjald af kvittuninni, 30 aura. Ég er hræddur um, að í Englandi hafi þessi lög dregið mikið úr því, að verzlanir lánuðu. (**Fjmrh.**: Sumir mundu nú ekki syrgja það). Það er rétt, en ég tel það nú ekki lánsverzlun, þó skilvísum mönnum sé lánuð úttekt í einn mánuð — þó auðvitað tapist eitthvað á því, — í stað þess að hlaupa með peninga í búðina í hvert sinn, þó ekki þurfi að kaupa nema 1 dós af mjólk eða 1 stk. smjörlíki (**Fjmrh.**: Hvorugt nemur 20 kr.). Nei, en það dregur sig saman í 20 kr. yfir heilan mánuð, þó upphæðin sé ekki nema ein króna á dag. Það er rétt, að hliðstætt stimpilgjald er notað í Englandi, en það er ekki notað á Norðurlöndum eða Þýzkalandi, en okkar löggjöf er hliðstæðari löggjöf þessara landa en Englands. Ég tel, að tekjur ríkissjóðs af þessu frv. muni ekki verða nema lítilræði í samanburði við þá fyrirhöfn og þau óþægindi, sem almenningur verður fyrir af l. þessum, að ég ekki tali um þau lögbrot, sem verða framin í hundraða tali vegna þekkingarskorts. Slík skriffinnskulög sem þessi verða og jafnan hvimleið fyrir allan almenning. Í niðurlagi 4. gr. er ákveðið, að stimpilskylda hvíli á framseljanda, „ef hann sé til staðar, en ella skal viðtakandi

eða greiðandi framkvæma stimplunina.“ Ég held, að framseljandi sé sjaldnar til staðar, og ég kann illa við, að skyldan hvíli á viðtakanda. Hefði ég heldur kosið, að þessi kostnaður fylgdi með innheimtunni og væri talinn með henni, t. d. hjá bönkum, síma o. fl. stofnunum, þar sem er svo margt, er þarf að færa til gjalda hvort sem er.

Annars er varla gerandi ráð fyrir, að útlendir menn liggi með íslenzk stimpilmerki. Ég held, að í enskum lögum sé ekki gert ráð fyrir, að hægt sé að stimpla ávísun erlendis; ég hefi lesið þau og er kunnugt efni þeirra, en man ekki, að þetta ákvæði sé þar. Ég held, að það sé því óþarfi að taka þetta fram.

Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ærinn misbrestur verði á framkvæmd laganna, því þar er *fjmrh. heimilað að láta rannsaka bækur og* skjöl bókhaldsskyldra fyrirtækja, og má hann þá senda út um allt land í þessu skyni. Það er eðlilegt, að þessi varnagli sé sleginn, en ef framkvæma á þessa rannsókn, þá er ég hræddur um, að kostnaðurinn verði meiri en tekjurnar af framkvæmd þessara laga, fyrir utan alla vafninga *og óþægindi, sem þegar hefir verið bent á* af 1. þm. Skagf. Ég hygg, að bankarnir, a. m. k. Landsbankinn, hafi ekki lagt með frv. þessu, heldur þvert á móti, og hefi heyrt hjá mörgum, að yfirbókarinn og allir bankastjórarnir í Landsb. hafi lagt á móti frv. Ég á því bágt með að trúa því, að yfirbókarinn hafi samið 2. málsl. 4. gr., eins og hæstv. fjmrh. hélt fram. (**Fjmrh.**: Ég sagði það ekki, heldur að hann hefði samið brtt. við frv. á þskj. 712). Ég hefi ekki séð hana; hún er ekki með frv. hér hjá mér. (**Fjmrh.**: Nei. Hv. þm. talaði líka þannig, að hann hefði ekki séð hana). Já. Það er líka dálítið annað, sem felst í þessari brtt., en frv. er jafnómögulegt fyrir því að þessu leyti. Ég veit, að það er langt frá því, að þær tekjur náist í ríkissjóð, sem ætlazt er til með þessu frv. Má ná tekjum í ríkissjóð með jafnléttu móti, sem almenningur finnur minna til og eru auðveldari vegna vinnu við framkvæmd þeirra. Er áreiðanlega auðvelt að nefna 100 leiðir, sem eru betri en þessi. (**Fjmrh.** Það væri gott, ef þm. vildi nefna eins og 10—20% af þeim). Ég vil benda á, að við sjálfstæðismenn höfum bent á ýmsar leiðir, *en annars er ekki ástæða til þess.* Eftir því sem hæstv. fjmrh. hefir hagað sér í skattamálum, sýnist hann ekki vera maður til þess að fara með fjármál. Skal aðeins benda á víneinkasöluna. Með álagningunni má hefta ólöglega vinnautn og fá tekjur í ríkissjóð, ekki 70 þús. kr., heldur sem nema hundruðum þúsunda, og með *því hefta bruggun og smygl.*

**Magnús Guðmundsson:** Ég ætla ekki að þrátta mikið um þetta mál. En ég álít, að tekjurnar af þessum lögum verði tæplega miklar og borgi sig ekki vegna þeirra óþæginda, sem þau valda. Ég skal viðurkenna, að það er leiðinlegt að *karpa um einstök atriði, og ég skal gera sem* minnst að því. Ég er óánægður með undirtektir hæstv. ráðh. um það, er ég sagði viðvíkjandi 4. gr., og er ég hræddur um, að hann hafi misskilið mig. Ég talaði um, að ákvæði 4. gr. síðari málsgr. væri óþarft. Það er óþarfi að taka það fram, að óstimpluð ávísun sé stimpilskyld, ef gefin sé út erlendis, og að erlendar ávísanir séu stimplaðar íslenzkum stimpilmerkjum er svo fjarlægur möguleiki, að það þarf ekki að reikna með honum, en ef það er tekið fram, getur það gefið undir fótinn um, að ekki þurfi að stimpla með íslenzkum merkjum, ef stimplað er með útlendum.

Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um, hvað átt er við í 1. gr. með orðinu „vöruávísanir“, hvers vegna þetta er tekið fram. (**Fjmrh.**: Ég skal skýra það; þetta er dálítið sérstakt). Hefir ráðh. athugað, hvað hægt er að koma miklu undir þetta, ef engin nánari ákvæði eru til skýringar, t. d. mánaðarviðskiptin hér í Rvík? Einnig er orðalagið í B-lið óheppilegt. Þar stendur: „Allar viðurkenningar fyrir greiðslu eða innborgun á ákveðinni fjárhæð.“ Ef þetta er ekki nánar tekið fram, get ég komizt af með að gefa viðurkenningu eitthvað á þessa leið: „N. N. er skuldlaus við mig með öllu til þessa dags.“ Engin ákveðin fjárhæð er nefnd. (**Fjmrh.**: Það er ómögulegt). Hæstv. ráðh. má vita það, að *þegar um skattalög er að ræða, reyna menn* að smjúga um þau göt, sem á l. kunna að vera. Svo stendur hér í niðurlagi B-liðs, að sama sé, „hvort kvittun er undirrituð eða eigi.“ Ég held, að ekki sé hægt að tala um kvittun, sem ekki er undirrituð. Ég skal náttúrlega ekki fortaka, að hægt sé að koma því einhvernveginn svo*leiðis fyrir, t. d.: „Í dag hefir N. N. greitt A. A.“* o. s. frv. og skrifa svo ekki undir, en það er a. m. k. ekki venjulegt kvittanaform. (**Fjmrh.**: Það mætti nota það til þess að skjóta sér undan). Ef ráðh. heldur, að svona atriði verði notuð til að skjóta sér undan, þá held ég, að þau atriði verði ekki síður notuð, sem eru jafnskýr eða óákveðin *eins og ég benti á áðan.* Svo stendur hér líka í þessum sama lið, að stimpilskyldar séu kvittanir, hvort sem þær séu „færðar á reikninga eða önnur skjöl.“ Nú tek ég á móti greiðslu í peningum og færi í bók, en gef enga sérstaka kvittun, þá sýnist mér, að ekki sé hægt að stimpla, því að venjulega kassabók er ekki hægt að stimpla. (**Fjmrh.** Það verður fært í reikning). Á þá að stimpla í bókina? (**Fjmrh.**: Nei). Alveg rétt, upphæðin er færð í reikning í bók, og þá er ekki hægt að stimpla, af þeirri einföldu ástæðu, að þá er ekkert skjal gefið út, sem hægt er að stimpla. Það er rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að í rauninni eru þetta heimildarlög, og fjmrh. er ekki eingöngu gefin heimild til að ákveða, hvenær þau skuli koma til framkvæmda eða ganga í gildi, heldur líka gefin heimild til að ákveða, hvað hátt gjaldið skuli vera.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Það er langt frá því, að ég fírtist, þó að bent sé á ýms atriði, sem þurfi athugunar við. Meira að segja er ég þakklátur hv. 1. þm. Skagf. fyrir að hafa bent á ýmislegt, er athuga þurfi, og er gott að hafa þær bendingar til hliðsjónar. Er oft svo, að sá, sem er andvígur málinu, finnur betur gallana en hinn, sem er fylgismaður þess. Það kann vel að vera, að betur megi fara ákvæðið í 4. gr., eða orðalagið; ég skal ekki neita því.

Þá skal ég skýra, hvað átt er við með orðinu vöruávísun. Það var sett í frv. við 3. umr. í Nd. eftir till. fjhn. Ég álít það óþarft, en þetta er komið fram af því ýms samvinnufélög gefa ávísanir á vöruúttekt til félagsmanna sinna, eða réttara sagt ávísanaform, er gefur félagsmönnum rétt til úttektar fyrir ákveðna fjárupphæð, og er þá í reitum, svo og svo mikið í hverjum reit, og rifið af í hvert sinn, eða nóterað jafnóðum og tekið er út, svo sjáist, hvað tekið er út í reikninginn. (MG: Þetta mundi hver einasta verzlun í Rvík taka upp strax). En þetta eru ekki ávísanir í rauninni, heldur úttektarheimild, og er því óþarfi að hafa þetta í l., og mætti skýra þetta í reglugerð. Eins er um það, sem hv. þm. talaði um í sambandi við B-lið, um orðalagið á eða í reikning; er gott að skýra það í reglugerð.

Þá er það um kvittun fyrir úttekinni fjárupphæð. Það má segja, að hægt sé að gefa út plagg fyrir því, að þessi og þessi sé skuldlaus við hinn, og svo eigi það að vera kvittun fyrir greiddri fjárupphæð. Þetta er nú ekki hægt nema um lokagreiðslu sé að ræða, og er erfitt og að ýmsu leyti ókleift. Annars er hægt að athuga þetta á viðskiptareikningum. En það er náttúrulega kleift með þessi lög eins og önnur að brjóta þau. En ég held, að það sé ekki hægt að komast hjá því að nefna fjárupphæðina verna lágmarksins, sem er ákveðið. En það þarf náttúrlega ekki endilega að vera kvittun, þó einhver gefi út plagg um, að annar sé skuldlaus. En það má athuga þetta síðar, og er síður en svo, að mér þyki miður, þó bent sé á þetta. Þetta, að hafa stimpilskyldu á kvittun, þó hún sé óundirskrifuð, álít ég að sé nauðsynlegt, enda er aldrei svo, að rithönd á kvittun þekkist ekki, og það er hugsanlegt, að reynt verði að gefa út viðurkenningu í líku formi og hv. 1. þm. Skagf. benti á.

Ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í ræðu hv. þm. N.-Ísf. Hann talaði meira um aðra hlið málsins, sem sé þá almennu, og er búið að ræða það.

Í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um rannsókn þá, er fjmrh. er heimilt að láta gera hjá bókhaldsskyldum fyrirtækjum, mun aldrei verða gengið langt á þá braut. En ég vil benda á, að samkv. heimild í skattalögum er skattanefndum og skattstjórum heimilt að athuga skjöl og bækur slíkra fyrirtækja, verzlana og annara, og var ætlun mín, að þetta væri þá athugað um leið, eða notaðar þær aðstæður, sem þetta gefur, um leið og þeir inntu af hendi aðra embættisskyldu. Væri þetta þá ekki mikið verk. Þetta var það, sem fyrir mér vakti með því að setja þetta ákvæði inn í lögin.

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Í ræðu minni áður í þessu máli batt ég mig við að gera grein fyrir brtt. meiri hl. fjhn. Það hefir ekkert verið mælt á móti þessum till., heldur hefir það komið fram, að hv. dm. teldu þær frekar til bóta, og hefi ég því engu að svara í því sambandi. Hvað almenn andmæli gegn frv. sjálfu snertir, er hæstv. fjmrh. hér til andsvara, og hirði ég því eigi um að taka þau til athugunar. Ég kvaddi mér hinsvegar hljóðs út af þeim orðum hv. 1. þm. Reykv., að frv. hefði ekki verið lesið í fjhn. meðan n. var óklofin um málið. Þetta gæti nú gefið til kynna, að þessi n. væri nokkuð óvandvirk, og sé ég því ástæðu til að gera aths. við þessi ummæli hv. þm.

Ég hefi hér fyrir framan mig gerðabók n. Fundargerð 23. fundar hefst svo, með leyfi hæstv. forseta. „Mánudag 5. des. kl. 9 árdegis. Allir á fundi. Tekið fyrir: 1. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilmerki. Frv. lesið og samþ. að mæla með því með breytingum. Frsm. kosinn Bernharð Stefánsson. M. J. er mótfallinn frv.“ — Nú voru á þessum fundi tekin fyrir fleiri mál, og þar á meðal mál, sem hv. 1. þm. Reykv. var sammála n. um. Þessi ummæli hv. þm. fá því ekki staðizt. N. veitti frv. þá athygli, er hún taldi nauðsynlega, og það var fyrir tilmæli n., að athugun fór fram á því í bönkunum, hvernig þetta mundi verka.

Ég býst við, að þessi orð hv. þm. byggist á misminni, og vænti því þess, að hann kannist við, að rétt sé með farið hjá mér.

**Pétur Magnússon:** Ég álít, að sú tekjuöflunaraðferð, sem ráðgerð er í þessu frv., hafi einn mikinn kost. Hann er sá, að greiðslan er lítt tilfinnanleg fyrir gjaldendurna. En það er mikill kostur á allri skattalöggjöf. En tveggja atriða þarf sérstaklega að gæta í sambandi við löggjöf, slíka sem þessa. Í fyrsta lagi verður að krefjast þess, að framkvæmd löggjafarinnar sé einföld.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að fjármálaráðuneytið láti gefa út ávísanahefti og kvittanahefti með áletruðu greiðslumerki, og þessi eyðublöð séu notuð í stað þess að lima merkið á ávísunina eða kvittunina. Þetta miðar að því að gera lögin einfaldari í framkvæmd, og ég efa ekki, að margir munu fara þessa leið, t. d. verzlanirnar. En það er þó einn galli á þessari tilhögun, og hann er sá, að greiðslumerkin eru þrennskonar. Að vísu er heimilt að víkja frá þessu og hafa gjaldið aðeins eitt, en engin vissa er fyrir því, að sú leið verði farin, enda er hún ef til vill hæpin. (Fjmrh.: Ráðuneytið mundi þó fara þessa leið). Mér hafði nú dottið í hug, hvort eigi mætti fara hér milliveginn og hafa gjöldin tvennskonar; það yrði ekki svo flókið. Ég er hinsvegar í vafa um, hvort nokkrar ávísanir eða kvittanir eiga að vera stimpilgjaldsfrjálsar, nema þær, er snerta hið opinbera, því að þegar gjaldið er komið niður í t. d. 5 au., láta fáir sig muna um það.

Annað skilyrði, sem krefjast ber, að uppfyllt sé í sambandi við þessa löggjöf, er það, að gjöldunum sé stillt svo í hóf, að þau verði mönnum ekki tilfinnanleg. Ég tel vafa á, að þessa sé nægilega gætt. Í frv. er gert ráð fyrir 50 au. gjaldi sem hámarksgjaldi, af 500 kr. og þar yfir. (Fjmrh.: Fasta gjaldið mætti ekki vera svo hátt). Nei, það yrði kannske lægra, en væri það eitthvað nálægt þessu, yrðu þetta líka talsvert tilfinnanleg útgjöld, t. d. fyrir þá, sem nota mikið tékka til greiðslu. (Fjmrh.: Samkv. þeirri rannsókn, er gerð var í Útvegsbankanum, er

meðalgjaldið þar 25 au.). Nú, það yrðu þá 12.50 kr. á hefti samkv. því, en engin sönnun er fyrir því, að gjaldið geti ekki orðið meira að meðaltali.

Ég vildi því beina því til hæstv. fjmrh., hvort hann ásamt hv. fjhn. vildi ekki athuga, hvort eigi megi færa hámarksgjaldið niður, en hafa hinsvegar greiðslumerkin tvennskonar.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** (óyfirl.): Ég ætla ekki að kasta neinni rýrð á hv. fjhn. og það má vel vera, að mig misminni það, að frv. hafi eigi verið lesið þar. Það má vera, að frv. hafi verið lesið í n., en ég hefi veitt því minni athygli vegna þess, að mér hefir fundizt, að taka bæri ráðleggingar stjórnar Landsbankans til greina, en hún hefir varað við að setja slík l. að lítt rannsökuðu máli. Það er því vegna þess að ég hefi viljað fresta þessu máli, að ég hefi veitt lestri frv. minni athygli. Bókunina tek ég fullkomlega gilda, þótt þetta „M. J." ætti kannske frekar að standa á undan en eftir.

Hv. 2. þm. Rang. sagðist ekki vera andvígur hugsun þessa frv. En mér fannst hv. þm. afsanna þau ummæli sjálfs sín, að menn munaði ekki um þetta gjald, með því að sýna fram á það síðar í ræðu sinni, hve kostnaðarsöm kaupin á tékka- og kvittanaheftum yrðu. Það getur svo farið um menn, sem mikið nota þetta, að það slagi hátt upp í tekjuskatt þeirra.

Út af fyrirspurn minni um það, hvort stofnanir, sem bæjarfélögin reka, en eru reikningslega sjálfstæðar, eins og t. d. gasstöðin og rafmagnsstöðin hér í Rvík, falla undir 2. brtt. n., vildi ég bæta við símanum, hvort kvittanir fyrir símagjöldum falla hér undir, eða útvarpsgjöld t. d. Þá er það atriðið í 5. gr. B. 4.: Kvittanir eða viðurkenningar fyrir móttöku íslenzkra afurða beint frá framleiðendum skulu vera undanþegnar þessu gjaldi, enda nemi þær ekki yfir 600 kr. Ég sé nú ekki, hvaða ástæða er til að undantaka þessar greiðslur, og virðist þetta frekast bera keim af því að gera þetta gjald pólitiskt. Ef ég kaupi mér t. d. kjöttunnu, eins og ég eigi ekki alveg eins að borga þetta gjald í sambandi við það eins og hvað annað. Eða ef ég kaupi fisk eða hval, hvaða ástæða er til að undantaka þetta gjaldinu frekar en annað? Þá er það B. 6. í 5. gr., að kvittanir fyrir víxlum eða ávísunum, sem afhent er til innheimtu eða til sýningar, skulu vera undanþegnar þessu gjaldi. Póstkröfur eru eitt form þessarar innheimtu. Á að stimpla þær? Oft er óvissa um, hvort póstkröfur verði greiddar, en ef þær eru greiddar, afhendir póstmaðurinn kvittunina. Hver á nú að stimpla í þessu tilfelli, er það pósthúsið eða einhver annar? Leynihólfin í þessum l. eru nokkuð mörg.

Viðvíkjandi vöruávísunum er það að segja, að mér finnst, að þetta ætti að fella niður. Þetta er bara yfirlýsing um, að maður megi taka út vörur. Því er álíka farið og ef ég skrifaði kunningja mínum úti á landi, að hann skyldi senda son sinn suður til náms t. d., ég skyldi lána honum 50 kr. á mánuði. Mér skildist, að þetta væri ávísun, og skildi því ekki, hvers vegna stimpilgjald átti ekki að greiðast.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Það, sem ég sérstaklega vildi fá upplýst, er það, hvort ávísanir, sem gefnar eru út af stofnunum, sem bæjarfélögin reka, eru undanþegnar þessu gjaldi, og hvort t. d. útvarpsgjöldin eru það.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Það eru aðeins örfá orð. Í sambandi við 5. og 6. gr. ber að athuga, að þar er átt við, með kvittunum gefnum út fyrir víxlum eða ávísunum, móttökuyfirlýsingu á skjali. Hvort greiðslur til stofnana eins og gasstöðvarinnar, rafmagnsstöðvarinnar o. s. frv. væru stimpilskyldar, hafði ekki vakað fyrir mér, en það má athuga þetta fyrir 3. umr. (**MJ**: En póstkröfur?). Sá, sem sendi, yrði að sjá fyrir stimpilgjaldinu. Hann getur skilað merkjunum til póststofunnar án þess að þau séu límd á, og verður það þá ekki gert fyrr en póstkrafan er leyst út. Má allavega koma því fyrir. — Um öll þessi atriði þarf að setja nákvæma reglugerð. og það er einmitt þess vegna, sem horfið var að því ráði að láta ráðuneytið ákveða með reglugerð, hvenær l. öðlist gildi. Það þarf að vera búið að prenta tékkhefti og koma þeim út um landið, og búið að gera góða og nákvæma reglugerð um þetta allt áður en l. öðlast gildi.

**Jón Auðunn Jónsson**: Þeir, sem mæla með þessu frv., segja, að með því sé ekki tilfinnanlegur skattur lagður á menn. Mér virðist nú hafa upplýstst annað, ef tékkheftin koma til með að kosta kr. 12.50. Margir nota um 20—30 tékkhefti á ári, og verður þetta því talsverður skattur. En aðalagnúinn á frv. er þó sú fyrirhöfn, sem öllum almenningi verður af framkvæmd laganna. Mörg heimili í sveit koma til með að nota þessi merki, og ef maður borgar 50 kr. skuld, þarf að senda á aðra bæi eftir merkjum. Þetta verður því stórbagalegt öllum smærri mönnum, og fyrirhöfnin meiri en skatturinn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Brtt. 712,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 712,2.a—c samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
6.—15. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 772, 776, 788).

**Þorsteinn Þorsteinsson**: Það liggur hér fyrir brtt. frá mér á þskj. 788, en sú brtt. nær ekki því marki, sem ég vildi, og er það fyrir vangá mína. Ég mun þess vegna taka þessa brtt. aftur, en flytja skrifl. brtt. í staðinn. Ég lít svo á, að þetta sé alveg sjálfsögð breyt. og að sýslusjóðirnir eigi ekki að vera lakar settir í þessu efni en bæjarsjóðir. Ég skal játa, að ég hefi ekki athugað frv. nógu nákvæmlega, en það er mesti óhugur í mér við það, og ég er hræddur um, að það geti stuðlað að því, að viðskipti manna verði

ekki eins hrein og áður. Menn munu kinoka sér við að gefa skriflegar kvittanir eins og áður, þegar greiða þarf sérstaklega stimpilgjald fyrir hverja kvittun, en þá er hætt við, að þræta vaxi út af greiðslu, — neitað, að greiðsla hafi átt sér stað, þótt fram hafi farið. Ég er hræddur um, að það verði prókúratorar, sem auðgast mest á þessu frv.: Málaferli aukist.

**Forseti (EÁrna):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Dal., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 804,II].

Leita verður tvöfaldra afbrigða fyrir því, að þessi brtt. megi koma til meðferðar á þessum fundi.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Pétur Magnússon:** Ég lét í ljós við 2. umr., að ef þessi löggjöf ætti að koma að gagni, yrði sérstaklega að gæta tvenns. Annarsvegar, að lögin væru einföld í framkvæmd, og hinsvegar, að stimpilgjaldið væri ekki sett svo hátt, að menn kveinkuðu sér við að borga það. Mér skildist á hæstv. fjmrh., að nota ætti ákvæði 3. gr. til þess að ákveða sama gjald af ávísunum og kvittunum, án tillits til upphæðarinnar, og hefir það þann kost, að þá þarf ekki nema eina tegund af stimpilpappir. En ég álít nauðsynlegt að hafa heimild til að ákveða mismunandi gjald af ávísunum og kvittunum. Kvittanir þola ekki að jafnaði hátt gjald, og þyrfti að orða þetta öðruvísi í lögunum. Auk þess álít ég, að sú fjárhæð, sem ráðgerð er sem hámark, sé of hátt sett. Ég ætla að leyfa mér að bera fram brtt. við 2. málsgr. 3. gr., og afhendi ég hæstv. forseta hana hér með.

**Forseti (EÁrna):** Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Rang.: [Sjá þskj. 804,I].

Verður að leita tvöfaldra afbrigða fyrir þessari brtt.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég á brtt. á þskj. 776, og eru þær í beinu áframhaldi af því, sem gerðist við 2. umr. — 1. brtt. gerir ráð fyrir að fella niður úr A.-lið 1. gr. orðið „vöruávísanir". Það er óþarft að hafa þetta, því að vöruávísanir eru ekki ávísanir í venjulegri merkingu þess orðs, og gæti það því orðið til þess að villa fyrir að láta þetta standa svona. — 2. brtt. er líka fram komin vegna aths., sem fram kom við 2. umr. Ef hún verður samþ., hljóðar upphafið á B-lið 1. gr. þannig: „Allar viðurkenningar fyrir greiðslu eða innborgun á fjárhæð" o. s. frv. En það þótti geta komið fyrir, að gefin væri út kvittun með ótilgreindri fjárhæð. — 3. og 4. brtt. eru aðeins til þess að taka af öll tvímæli um, að opinber gjöld skuli undanþegin stimpilgjaldi. Ég er samþykkur brtt. hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. Rang. að mestu leyti. Mér finnst skynsamlegt að hafa möguleika til að setja lægra gjald á kvittanir en ávísanir. En ég mundi kjósa að hafa heimild fyrir lítið eitt hærra gjaldi en hv. 2. þm. Rang. vill, án þess ég sé þó viss um, að það verði haft hærra, en ég er ekki alveg tilbúinn að taka ákvörðun um þetta. Ég ber því fram skrifl. brtt. við hina skrifl. brtt. hv. 2. þm. Rang., og afhendi ég hæstv. forseta hana hér með.

**Forseti (EÁrna):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hæstv. fjmrh. við skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Rang., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 805].

Verður að leita afbrigða um þessa till., svo að hana megi taka til umr. og atkvgr. á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Magnús Guðmundsson:** Mér sýnist af þeim fjölda skrifl. brtt., sem hér koma fram, að málinu hafi eigi verið veitt nægileg athugun, eins og ég tók fram við 2. umr. — 3. og 4. brtt. hæstv. fjmrh. skil ég svo, að niður falli þessi undanþága fyrir einstakar stofnanir, sem reknar eru af ríki og bæjum, svo að kvittanir frá landssímanum t. d. verða þá stimplaðar. Það er náttúrlega ekkert við þessu að segja og sjálfsagt að hafa ákvæðin sem skýrust. Má kannske segja, að þetta sé eðlilegt „trick" af einum fjmrh., og skal ég ekki dvelja við það. En satt að segja finnst mér hæstv. ráðh. vera orðinn nokkuð frekur í kröfum um tekjuaukana, enda þarf mikils með, sbr. brtt. meiri hl. fjvn. við fjárlfrv., sem væntanlega verða allar samþ. — Mér finnst þetta frv. heldur leiðinlegt, og ég er hræddur um, að það komi í ljós ýms óþægindi við framkvæmd l. Ég vil þó stuðla að því, að það verði sem bezt úr garði gert, og kem því með 2 fyrirspurnir til hæstv. ráðh. Það stendur í 1. gr. B. um kvittanir, að sama sé, hvort greiðsla hafi farið fram í peningum eða víxlum og ávísunum. Skilst mér, að þetta skuli teljast til kvittana og stimplast. En samkv. A-lið 1. gr. eiga víxlar og ávísanir að stimplast, svo að mér skilst, að samkv. þessu verði um tvístimplun að ræða, og finnst mér það miður sanngjarnt. — Þá stendur í 5. gr. B. 1, að undanþegnar skuli kvittanir fyrir úttekt úr sparisjóðsbók. Ég þekki ekki slíkar kvittanir. Bankinn fær aðeins skrifaða beiðni á miða. (**Fjmrh.:** Það er kvittunin!). Það er alls engin kvittun, því maður fær ekkert greitt gegn þeim miða nema skrifað sé í bókina af starfsmönnum bankans. Mér finnst koma hér fram hugsunarvilla, sem alls ekki á að koma fyrir. (**Fjmrh.:** Það er átt við úttektarmiðana. Bankinn notar þá sem sönnunargagn fyrir því, hver hafi tekið úr bókinni). Þetta eru alls ekki neinar kvittanir í venjulegum skilningi, heldur aðeins til að sýna, hver hafi tekið féð út. Ef það væri kvittun, ætti hún ekki að afhendast fyrirfram, enda fær maður enga útborgun gegn slíkri beiðni nema hafa bókina með. — Ég held, að það séu ýms atriði í frv., sem þörf væri á að taka til frekari athugunar.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 1. þm. Skagf. minntist á, að um tvístimplun gæti orðið að ræða samkv. B-lið 1. gr. Það fer nú eftir því,

hvað kallað er tvístimplun, en ég held, að ekki sé ástæða til að gera neina undanþágu um þetta atriði. Um úttektarmiða úr sparisjóðsbókum er það að segja, að bankinn lítur á þessa miða sem kvittanir, og það er samkv. ósk frá Landsbankanum, að þeir voru taldir hér með, svo að það kæmi fram, að ekki væri skylt að stimpla þessa miða. Hitt er misskilningur, að það, sem ritað er í sparisjóðsbókina, sé nokkur kvittun, enda er það ritað af bankamönnunum sjálfum. Bankinn sjálfur lítur á úttektarmiðann sem kvittun, svo að hér er ekki um neina hugsunarvillu að ræða.

**Pétur Magnússon:** Út af brtt. hæstv. fjmrh. við mína brtt. skal ég geta þess, að ég legg ekki kapp á, hvar takmarkið skuli vera um hámark gjaldsins. Ég vildi aðeins í þessu sambandi beina því til hæstv. ráðh., að hann gæti þess að setja ekki hámarkið svo ofarlega, að hætta geti verið á því, að menn freistist mjög til þess að fara í kringum þessi lagaákvæði. Fyrir mér vakir ekki það, að ég sé hræddur við, að mönnum sé íþyngt með þessu gjaldi, heldur hitt, að l. nái ekki þeim tilgangi sínum að afla ríkissjóði tekna.

ATKVGR.

Brtt. 776,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 776,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 805 samþ með 8:2 atkv.
— 804,I, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 776,3 samþ. með 9:4 atkv.
— 804,II.a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 776,4 samþ. með 8:5 atkv.
— 804,II.b samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv. og endursent Nd.

---

Á 59. fundi í Nd., 14. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 806).

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Þetta frv. hefir tekið nokkrum breyt. í hv. Ed., og er aðalbreyt. á 3. gr. frv., þar sem sett er inn heimild fyrir fjmrh. til þess að taka sama gjald af öllum kvittunum, hvort sem þær eru háar eða lágar, og sama gjald af ávísunum, hvort sem þær eru háar eða lágar, enda fari gjaldið aldrei fram úr 20 aurum á kvittun og 25 aurum á ávísun. Og hæstv. fjmrh. hefir tjáð mér, að hann sé ráðinn í að nota heimildina, þó að hann hinsvegar hafi ekki ákveðið sig um, hvort hann noti heimildina til hins ýtrasta, þ. e. a. s., hvort hann tekur gjaldið svo hátt sem heimildin leyfir. Ég fyrir mitt leyti hygg, að þessi breyt. sé til bóta, en ég er samt sem áður andvígur frv., vegna þess að ég hygg, að þau rök, sem færð hafa verið gegn því í báðum þd., og þó sérstaklega þau rök, sem bankastjórar Landsbankans færa gegn frv., séu rétt, og mér finnst satt að segja undarlegt, að Alþingi skuli telja sig fært til þess að setja slíka löggjöf alveg fyrirvaralaust, þannig, að menn hafa ekkert um hana heyrt fyrr en frv. dettur inn á þingið, og samtímis koma fram tilmæli frá bankastjórum Landsbanka Íslands um að málinu sé frestað, til þess að það fái meiri og betri athugun heldur en það hefir fengið.

Fyrir utan þau óþægindi og þann kostnað, sem þetta frv. færir þeim mönnum, sem reka viðskipti sín við bankana, og fyrir utan þau ómök, sem þetta hefir í för með sér fyrir bankana, eru allar líkur til þess, að af því leiði aukna þörf fyrir bankana til seðlaútgáfu, og það út af fyrir sig er varhugavert atriði. Það er hæpið, hvort sá vinningur, sem er í aðra hönd fyrir ríkissjóðinn, er svo mikill, að rétt sé að seilast til hans þrátt fyrir þá annmarka, sem á því eru, en líklega er það svo um þetta mál eins og svo mörg önnur mál, sem hæstv. ríkisstj. flytur, að örlög þess séu ráðin, svo að umr. um það hafi enga þýðingu.

Ég held, að um þetta frv. megi segja, að af öllum þeim tekjuöflunarfrv., sem hæstv. fjmrh. hefir borið fram hér á Alþingi, hafi verið færð fram veikust rök fyrir þessu, og sterkust rök gegn því að hraða þessu máli endilega í gegn á þessu þingi. Ég geri því ráð fyrir, að sjálfstæðismenn hér í d. verði allir andvígir þessu frv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég ætla ekki að vera langorður um þetta frv. Það var rætt við 3 umr. hér í hv. d. og hv. frsm. meiri hl. fjhn., þm. V.-Ísf., færði þau rök, sem ég tel nægileg, fyrir því, að réttmætt sé að samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Og sá hv. þm. tók, f. h. meiri hl. n., til athugunar þau andmæli, sem fram hafa komið, bæði frá hv. dm. og eins umsögn Landsbanka Íslands, sem mjög hefir verið vitnað til hér.

Ég ætla ekki að stofna til almennra umr. um málið við þessa einu umr. í þessari hv. d. Ég hefi litið svo á, að þegar frv. kemur til einnar umr. í þd., eigi að ræða atriði, sem hafa bætzt inn í frv. síðan það síðast var til meðferðar í þeirri deild. Þau atriði, sem bætzt hafa í frv. í hv. Ed., hygg ég, að ég og andstæðingar frv. séum sammála um, að séu til bóta, og þess vegna þurfi ekki að ræða þau.

Út af þeirri mótstöðu, sem hv. þm. G.-K. var að tala um að málið sætti af hálfu Sjálfstfl., vil ég taka það fram, að einn af þm. Sjálfstfl. í hv. Ed, hv. 2. þm. Rang., tjáði sig meðmæltan frv. og greiddi atkv. með því út úr d., og flokksmenn hv. þm. G.-K. þar í d. sögðust vera í grundvallaratriðum með frv. Mótstaða flokksmanna hv. þm. G.-K. var ekki harðari gegn þessu máli en ég hefi nú lýst.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Ég hefi nú í sjálfu sér ekkert um það sagt, að Sjálfstfl. gæti ekki hugsað sér á sínum tíma að vera með einhverjum tekjustofnum ríkisjóði til handa á svipuðum grundvelli og hér er farið fram á. En andstaða Sjálfstfl. í þessari hv. d. — og um hana var ég að tala — hnígur fyrst og fremst að því, að honum finnst ástæðulaust fyrir þingið að samþ. slíkt frv. í hasti og umhugsunarlaust, gegn vilja og tilmælum þjóðbankans.

Ég vil nú spyrja hæstv. fjmrh. um það, hvort hann telji, að þegar slíkt mál sem þetta liggur fyrir, sé eðlilegt að leita umsagnar þjóðbankans um það, og ef honum finnst það eðlilegt, vil ég

einnig spyrja hann að því, hvort honum finnist ekki einmitt sérstök ástæða að taka tillit til þeirrar umsagnar, þegar hún er svo ákveðin sem sú umsögn er, sem hér liggur fyrir frá þjóðbankanum, og einmitt þegar umsögnin er ákveðnust í því, að telja nauðsynlegt, að afgreiðsla málsins biði frekari athugunar bankanna og annara, sem sérstaklega eiga við þessi lög að búa.

Mér þætti vænt um að heyra, hvernig hæstv. fjmrh. lítur á svona fyrirspurn til þjóðbankans og hvaða afstöðu eigi að taka til hennar, þegar henni er svo ákveðið svarað sem í þessu máli.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil út af orðum hv. þm. G.-K. taka það fram, að ég álít eðlilegt, að leitað sé umsagnar bankans til þess að þm. gefist kostur á að sjá, hvaða rök bankinn hefir fram að færa í málinu. En ég lít svo á, að umsögn bankans geti ekki verið bindandi fyrir þm. — að þeim sé endilega skylt að haga sér eftir því, sem bankinn álítur. Ef þm. líta svo á, að rök bankans séu svo sterk, að vegna þess sé ástæða til að láta málið ekki ganga fram, þá gera þeir það. En líti þeir gagnstætt á það, fara þeir líka eftir því.

Frá sjónarmiði bankanna er eðlilegt, að þeir séu á móti þessu máli, vegna þess að það hefir í för með sér aukna fyrirhöfn um alla afgreiðslu og snertir bankana nokkuð óðruvísi heldur en ýmsar aðrar skattaálagningar, og þess vegna munu þeir vilja, að öðru jöfnu, bara frá þessu sjónarmiði, stuðla að því, að teknanna sé aflað á einhvern annan hátt, sem ekki kemur þeim neitt við. Ég læt þetta nægja um álit bankans.

Ég hefi orðið var við, að mörg mál eru send bönkunum til umsagnar, eins og eðlilegt er, og ég hefi tekið eftir því, að þeir, sem fá umsögn frá einhverjum banka sér í vil, hampa henni eins og að hún sé einhver dómsúrskurður. Þetta hefir komið dálítið einkennilega fram í tveimur málum hér á þinginu. Annað málið var frá stjórnarflokkunum, og umsagnir bankanna um það mál voru á móti því, og þá var því mjög hampað af andstæðingunum, hversu mjög bankarnir hefðu um það að segja. En hitt málið kom fram frá stjórnarandstæðingum, og í því máli var umsögn bankanna stefnu stjórnarinnar í vil, en þá var því ekkert haldið á lofti, að ástæða væri til að fara eftir umsögn bankanna. Það má ekki um of hengja sig í að fara eftir öllum slíkum umsögnum, þó að það sé í sjálfu sér mikils virði, að þær komi fram í málinu, og þau rök, sem þar koma fram, séu til greina tekin.

**Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Ég get fallizt á sumt af þeim rökum, sem hæstv. ráðh. færði fram. Það er náttúrlega rétt, að það, að senda banka málefni til umsagnar, getur ekki verið skuldbinding fyrir þingið að hlíta þeirri umsögn, því að það væri alltof mikið valdaafsal af hálfu Alþingis yfir til bankanna. En ég vil þó segja um þetta mál, að ef á annað borð nokkur ástæða er nokkurn tíma til þess að taka tillit til umsagnar bankanna, er það í þessu máli, þar sem ekki er farið fram á annað en að bankinn fái frekari tíma til að athuga málið heldur en honum gafst nú í þetta skipti. Það finnst mér ákaflega sanngjarnt. En út af þeim almennu ummælum, sem hæstv. ráðh. viðhafði í sambandi við mína fyrirspurn, þá getur verið, að þau hafi við rök að styðjast að því er hans flokk snertir. Mér finnst Sjálfstfl. hafa tekið mikið mark á umsögn þjóðbankans, og það síðasta í því efni, sem ég get bent á, er það, sem gert er að umtalsefni í blöðum hæstv. ríkisstj. í dag, að þjóðbankinn hefði lagt til, að afgreiðslu skuldaskilasjóðs útgerðarmanna yrði frestað til næsta þings, sem væntanlega kemur saman í marzmánuði næstkomandi, um leið og hann gaf vilyrði fyrir því, að hann skyldi ekki ganga að skuldum útgerðarmanna frekar venju í byrjun í hönd farandi vertíðar. Sjálfstfl. tók þeim eðlilegu afleiðingum af þessari umsögn og þá málefnalegu aðstöðu að segja:

„Úr því að skuldaskilin geta ekki komið til framkvæmda fyrr en eftir þessa vertíð, og úr því að flokkurinn hefir unnið það á, að stjórnarliðið, sem var tregt til fylgis við þetta mál, hefir nú heitið fylgi sínu, og úr því að bægt er frá þeirri hættu, sem vofði yfir útvegsmönnum og séð varð, að leiða mundi til margra gjaldþrota, vill Sjálfstfl. líta frekar á málefnið heldur en hina „agitatorisku“ hlið og sætta sig við biðina“. Þess vegna eru þessi orð hæstv. fjmrh. ekki algild, og þau eiga ekki við aðstöðu Sjálfstfl. til þessara mála.

Þjóðbankinn hefir í tveimur höfuðmálum þingsins gefið umsagnir, þ. e. a. s. um frv. um fiskmálan., þá umsögn, að hann teldi það frv. skaðlegt, og jafnvel stórhættulegt. Sú umsögn hefði haft mikla þýðingu fyrir afstöðu Sjálfstfl., ef hann hefði ekki verið búinn að marka afstöðu sína, sem var í samræmi við þessa umsögn. Hitt málið var skuldaskilasjóðurinn, og umsögnina um það tók Sjálfstfl. einnig til greina. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, enda þótt það snerti ekki þetta mál beinlínis.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ef nokkurntíma er ástæða til að taka tillit til umsagna, þá er það nú, þegar bankinn fer aðeins fram á nokkurra mánaða frest til þess að athuga málið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:11 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 864).

## 71. Símalagabreyting (frv. IngP).

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands** (þmfrv., A. 49).

Á 9. fundi í Ed., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Ingvar Pálmason):** Ég hefi leyft mér að flytja þetta frv. á þskj. 49, sem er breyt. á ritsíma- og talsímalögunum. Ég flutti á síð-

asta þingi brtt. sama efnis, og mættu þær velvild í þessari hv. d. og sömuleiðis í hv. Nd. Að vísu var bætt við nokkrum fleiri brtt., sem virtist, að þingið mundi hallast að, og má búast við, að svo fari einnig í þetta skipti.

Þessar brtt. eru sumpart um færslu á línum og sumpart um byggingu nýrra lína.

Fyrsta brtt. er ein af þeim, sem ég flutti á síðasta þingi um línu frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga. Hér er farið fram á, að í stað þess að línan verði lögð frá Skálanesi yfir Dalaskarð, þá verði hún lögð frá Brekku í Mjóafirði um Rima, Hof og Eldleysu að Dalatanga. Munurinn á þessu er sá, að línan frá Skálanesi liggur yfir háan fjallgarð, það háan, að leggja verður jarðsíma yfir hæsta fjallið, en hin línan liggur að öllu leyti í byggð og meðfram sjó. Að vísu er það svo, að leiðin frá Brekku til Dalatanga er 3—4 km. lengri en hin leiðin. Þó mun tæplega verða svo mikill munur ef horfið verður að þessu ráði, sem landsímastjóri hefir talið rétt, að leggja línuna frá Bæjarstæði, en ekki frá Skálanesi.

Það má telja, að mismunur á lengd leiðanna sé um 2⅓—3 km. Aftur ætti það að vinnast upp vegna þess, að flutningur á efni yrði miklu ódýrari frá Brekku. Þetta allt geri ég ráð fyrir, að þeim hv. þdm., sem hér áttu sæti á síðasta þingi, sé kunnugt. Ég vil því vænta þess, að hv. d. taki þessari brtt. á sama hátt og á síðasta þingi.

Þá koma 3 nýjar línur, sem ég fer fram á, að lagðar verði.

Það er þá fyrst lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur, og var gerð grein fyrir henni á síðasta þingi bæði í grg. fyrir frv. og svo við umr., og þar sem d. féllst þá á þessa brtt., sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um hana frekar.

Þá hefi ég leyft mér að koma fram með tvær nýjar línur, sem ekki voru í frv. í fyrra.

Önnur er frá Búðum í Fáskrúðsfirði til Hafnarness. Á Hafnarnesi er fjölmenn veiðistöð, sú fjölmennasta við Fáskrúðsfjörð. Þarna er að vísu lína fyrir, en það er einkalína. Þessi brtt., sem hér er flutt, er um það, að landssíminn kaupi þessa línu upp í símalögnina. Þessari línu mætti koma miklu betur fyrir. Það er þráður alla leið frá Búðum til Hafnarness, en línan liggur samhliða símanum mestalla leiðina til Víkur, og með því að setja skiptistöð í Vík, sem ekki kostar mikið, mætti stytta þráðinn talsvert. Ég geri ráð fyrir, að hv. dm. sjái, að þetta er sanngjarnt.

Þá er í fjórða og síðasta lagi farið fram á, að lína verði lögð frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólsstöðum. Um þessa línu verð ég að fara nokkrum orðum, af því að það er alveg ný till., og finn ég ástæðu til að skýra frá, hvers vegna ég flyt hana.

Þessi vegalengd er stutt, mun vera eitthvað um 5—6 km. Ég get búizt við, að margur hugsi, að það sé spursmál, hvort ástæða sé til að leggja þessa línu, þar sem ekki er um meiri vegalengd að ræða. En þannig stendur á, að þessi sveit, Skriðdalurinn, er klofinn af vatnsfalli, sem er erfitt yfirferðar, Grímsá, sem margir hinir eldri þm. munu kannast við, því að hún er nokkuð sérstæð í sinni röð fyrir að hafa í seinni tíð tekið einna flest mannslíf af öllum vatnsföllum á Íslandi. Nú er að vísu búið að brúa hana, en í öðrum hreppi, svo það kemur Skriðdælum ekki til nota með samgöngur innanhéraðs. Þannig stendur á, að Geirólfsstaðir eru að vestanverðu við ána utarlega í dalnum, en Arnhólsstaðir austanmegin árinnar, h. u. b. í miðjum dalnum.

Til þess að komast í símasamband, verða allir Skriðdælir að sækja að Arnhólsstöðum, en oft kemur fyrir, að áin er ófær í fleiri daga í röð, og þá eru allir þeir, sem búa austanmegin árinnar, algerlega sviptir símasambandi. Næsta stöð er þá Egilsstaðir, en þangað er um 30 km.

Ég fer því fram á, að þessari stuttu línu verði bætt við, til þess að koma öllum Skriðdælum í hagkvæmara símasamband en þeir hafa nú.

Ég vonast eftir, að þessi brtt. mæti fullkominni velvild hv. d. Væri svo að öðru leyti eitthvað, sem sú n., er fær málið til meðferðar, óskaði að fá upplýsingar um, er ég fús til að veita þær.

Legg ég svo til, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, 117, 126, 149, n. 326).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Ég þarf litlu að bæta við það, sem segir í nál. samgmn. N. hefir yfirleitt tekið þann kostinn, að fara eftir till. landssímastjóra um þær till., sem hér liggja fyrir. Enda má segja það í aðalatriðum, að bezt muni gefast jafnan að fara eftir till. forstjóra hinna opinberu stofnana.

N. leggur á móti breyt. á línustöð að Dalatangavita, í samræmi við það, sem farið er fram á í brtt. 49. Hún telur, að fengnum upplýsingum, að lítið öryggi sé á að fá veðurskeyti svo, að í lagi sé, ef farin er þessi leið. Eftir uppástungunni er farið fram á, að lína liggi frá Brekku í Mjóafirði, en við það verður að fara gegnum a. m. k. tvær aukastöðvar til þess að ná sambandi við Seyðisfjörð. Hin leiðin er beint samband við Seyðisfjörð. Og þar sem þessi lína og stöðin á Dalatanga er alveg sérstaklega ætluð til þess að ná ábyggilegum veðurfregnum frá Austurlandi, sem talið er, að verði bezt náð frá Dalatanga, þá leggur n. á móti því að rýra þetta öryggi. Að vísu mundu 4 bæir við Mjóafjörð komast í talsímasamband með þeirri leið, sem stungið er upp á í brtt., en á landssímalínunni er ekki venjulegt að skipa stöðvum svo þétt, en jafnvel ein stöð á þessari leið mundi rýra öryggi fyrir veðurskeytum í tæka tíð. Álits veðurstofunnar hefir verið leitað og leggur hún einnig á móti þessari breyt., af þeim sömu ástæðum, sem ég hefi greint.

Línan, sem nefnd er í 2. brtt., leggur n. til, að sett verði í ritsímalögin, og er það eftir till.

landssímastjóra. Þessi staður er afskekktur, og auk þess er þar um slóðir beitutekja Austfjarða, líklega helzt Norðfjarðar, og er mönnum því símasamband nauðsynlegt, eins og líka fyrir byggðina, sem síminn á að liggja um.

Um línuna frá Búðum til Hafnarness, sem 3. brtt. fjallar um, er það að segja, að hún hefir verið einkalína, en viðhaldið ákaflega mikið vanrækt, og not línunnar virðast hafa farið ákaflega mikið þverrandi. Sjö einkastöðvar eru á þessari línu, en talsímagjöld utan línunnar hafa verið sáralítil seinustu árin. Virðist því vera hér lítil þörf að taka upp þessa línu. Hér verður það líka þungt á metum, að verði sú regla upp tekin, að landssíminn yfirtaki einkalínur, þá mundi sá kostnaður innan skamms nema hundruðum þús. kr. Yrði þá sennilega að heimta gjald fyrir samtöl á þessum línum, en eins og nú er, eru þau gjaldfrí innan einkalínusvæðisins, ef ekki er farið gegnum neina símastöð. Landssímastjóri er mjög á móti þessu. Og meiri hl. n. er sömu skoðunar, að hvorki sé nauðsynlegt í þessu tilfelli né heppilegt að ganga inn á þá braut, að gera einkalínur að landssímalínum, allra síst þegar þess er gætt, að mörg héruð, sem hafa mikla þörf fyrir síma, eru enn símasambandslaus. Þau ættu að sitja fyrir öðrum framkvæmdum í þessu máli.

Þá er í 4. till. nefnd lína frá Geirólfsstöðum að Arnhólsstöðum. N. mælir eindregið með því, að hún verði samþ. Hér stendur svo á, að byggðin er klofin um lengri tíma árs, vegna þess að mjög illfær á rennur um hana, og þeir, sem austan árinnar búa, geta ekki notað stöðina að vestanverðu. Þessi lína er líka aðeins 4—5 km.

Þá eru brtt. á þskj. 117. Landssímastjóri leggur á móti fyrri till., og meiri hl. n. er sammála um, að hér sé um fyrirkomulagsatriði að ræða, sem verður að athuga, þegar þessi símalína verður lögð, frá Hesteyri og að Sæbóli í Aðalvík, og telur ekki þörf á, að þetta verði sett í l.

Um aðaltill. á sama þskj. leggur landssímastjóri til, að þessi nöfn verði tekin upp svo sem þar er orðað. Nú er það svo, að mikill hluti þessarar línu er í ritsímalögunum nú, frá Stað í Grunnavík að Höfða í sama hreppi. En eigi þeir Norðurstrandamenn að komast í símasamband, þá verður það ekki á annan hátt en þann, að leggja línu frá Höfða að Furufirði, enda mælir landssímastjóri með till. N. er sammála um að samþ. till.

Till. á þskj. 126 er líka um skipulagsatriði. Er farið fram á að setja tvær stöðvar í sama hreppi. Nú er það svo í framkvæmdinni, að venjulega er ekki nema ein talstöð í hverjum hreppi, sem kostuð er af símanum. Þó eru dæmi um fleiri stöðvar í einum hreppi, en þá starfræktar fyrir ekki neitt, eða hreppurinn geldur eitthvað. Og vilji hreppsbúar í Öngulstaðahreppi hafa tvær stöðvar, þá er ekki nema eðlilegt, að þeir kosti aðra sjálfir. En ef tvær stöðvar yrðu teknar í ritsímalögin, mundi koma allur sá hópur hreppa, sem hafa sömu ástæður, og heimta það sama.

Þá eru till. á þskj. 149. Landssímastjóri telur, að þessar línur komi ekki að notum nema á einum bæ, endastöð á hverjum stað, ef þær verða landssímalínur, en telur hinsvegar sjálfsagt, að þær verði einkalínur með samband á hverjum bæ, og fengjust þá hin fyllstu not línunnar.

Landssímastjóri segir ennfremur í lok sinnar greinargerðar:

„Kröfurnar og takmarkið er, að síminn komist heim á hvern bæ, og að bæir í sömu byggð, sem hafa mikið saman að sælda, þurfi ekki að bókfæra hvert einasta samtal".

Þá er till. á þskj. 266. N. mælir með því, að þessi lína verði tekin upp í ritsímalögin, og er landssímastjóri því samþ. Ekki má skilja það svo, að allt sé fengið með því að bæta nýjum línum inn í ritsímalögin. Það líða oftast ár og jafnvel áratugir svo, að ekki kemur til framkvæmda. Ég get í því sambandi bent á línur í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem hafa staðið í ritsímalögunum frá 1913 og ekkert hefir verið unnið að. Og sama dæmi er um 1—2 aðrar línur frá 1913, að þær eru ekki enn lagðar. Eigi að síður er rétt að taka þær línur inn í ritsímalögin, sem álíta verður nauðsynlegar landssímalínur. En eins og ég gat um áðan, er engin vissa fyrir, að allar áætlaðar línur verði lagðar. Og það er alveg víst, að það mundu ekki hafa komið talsímalínur á marga þá staði þar sem búið er að leggja einkalínur, vegna þess, að ríkissjóður kostar þær aðeins að ⅔ hlutum, en héraðsbúar hitt. Og einkalínur í sveitum eru ákaflega þægilegar fyrir viðkomandi menn, að geta talað innan sveitar gjaldfrítt. Og í þeirri sveit, sem hér er um að ræða, eru mjög mikil sveitaviðskipti, og greiddi símasamband ekki lítið fyrir þeim.

Það hefir fallið niður, sennilega í handriti hjá mér, ein brtt., þar sem n. var búin að ákveða að samþ. till. landssímastjóra.

Þá vil ég geta þess, að fallið hefir niður úr handriti hjá mér „lína norðan Bala að Eyjum við Bjarnarfjörð". Landssímastjóri hefir mælt með þessari línu, og mun n. flytja brtt. til leiðréttingar á þessu til 3. umr.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Ég get verið þakklátur hv. samgmn. fyrir að taka til greina till. mína á þskj. 266. Það er vitanlega alveg rétt hjá frsm., að það er ekki sama og framkvæmd, að fá línu tekna upp í símalögin, en það er þó alltaf byrjunin, enda þótt fjárhagur ríkissjóðs ráði mestu um það, hvenær til framkvæmda kemur um verkið.

Þá vildi ég í sambandi við þetta gera þá aths., að mér virðast frv. þau, er hér liggja fyrir, miðuð við skökk lög. Á símalögunum frá 1913 hafa verið gerðar óteljandi breyt., sérstaklega þó með breyt. frá 1929. Ég held því, að miða verði nýjar aukningar á símalínunum við l. frá 1929, og það hefi ég gert að því er snertir frv. mitt á þskj. 266. En hin frv. eru miðuð við l. frá 1913, og fara þar eftir lögbókinni, sem hefir tekið upp l. frá 1913, en fellt inn í þau breyt., er síðar hafa verið gerðar á þeim l., þó ekki allar. Þannig finnst t. d. ekki í þeim l. lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð, sem er í l. frá 1926. Í lögbókinni er þess getið með tilvísun neðanmáls, hvar fellt sé inn í l., en flm. frv. hafa

miðað við lögbókina án þess að líta á tilvitnanirnar. Ég vildi því leyfa mér að leggja það til, að hv. n. athugi þetta og leiðrétti, annaðhvort nú þegar eða fyrir næstu umr.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Út af ræðu hv. 4. landsk. vil ég taka það fram, að það er ekki okkur að kenna, sem höfum flutt brtt. á þskj. 149, þótt orðalagið á fyrirsögn hennar sé á þann veg, sem hv. þm. taldi, að vera mundi rangt. Við urðum eðlilega að orða fyrirsögn hennar í samræmi við frv. það, sem hún er miðuð við.

Annars vildi ég með örfáum orðum minnast á þessa brtt. okkar hv. 10. landsk., sem ekki hefir fundið náð hjá hv. samgmn. eða landssímastjóra. Mér finnst ekki nema eðlilegt, þó að hv. n. hafi snúizt gegn brtt. þessari, ef hún hefir eingöngu byggt á till. og umsögn landssímastjóra, þar sem hann segir, að landssímalínur á þessum stöðum komi ekki að notum nema einum bæ hvor. En þetta er bara algerlega rangt, því að hvor línan út af fyrir sig kemur a. m. k. 10 bæjum að notum, því að svo hagar til, að stöðvarnar yrðu settar í bæjarhvirfingu, og myndi því eðlilega verða notaður sími þar frá öllum nærliggjandi bæjum. Önnur línan er 10 km. löng, og er yfir vonda á að fara frá endastöðinni til næstu stöðvar, svo að oft er ekki hægt að komast þangað í leysingum á vetrum eða þegar miklar rigningar eru á haustin. Þeir, sem þarna eru kunnugir staðháttum, eru á einu máli um það, að mjög sé nauðsynlegt að hafa símastöð í Hörðudalnum þar, sem hér er farið fram á. Menn munar líka um minna en að fara 8—10 km. til þess að ná í síma. Ég skal játa, að það er ekki eins mikil nauðsyn á þessum línum eins og símalínunum, sem síðast voru lagðar í Dalasýslu, því að þær voru sem sagt óumflýjanlegar.

Hafi hv. samgmn. aldrei athugað línur þessar í sambandi við kort af sveitinni og aðeins farið eftir hinni villandi frásögn landssímastjóra, þá er aðstaða hennar skiljanleg, en með öðru móti ekki.

**Ingvar Pálmason** (óyfirl.): Ég býst við, að hv. samgmn. ætlist til þess, að ég sé henni þakklátur fyrir það, hvernig hún hefir tekið í brtt. þær, sem ég stend að. En ég get alls ekki verið það, þar sem henni hefir allmjög farið aftur síðan í fyrra. Þá gekk hún þó inn á, að báðar leiðirnar skyldu vera opnar um Dalatanga, en sakir þess, að hún var ókunnug þar eystra, vildi hún ekki ákveða sig fyrr en fyrir lægju betri upplýsingar. Þetta var skynsamlegt eins og þá stóð á. En nú liggja upplýsingar frá mér fyrir um þetta. En þá tekst svo illa til hjá hv. n., að hún lætur fara frá sér fullyrðingu um það, að með því að taka þessa leið frá Brekku að Dalatanga, þá myndi skapað fullkomið öryggisleysi um sendingu veðurfregna frá Dalatangavita. Ég skil ekkert í, hvernig hv. n. getur látið slík ummæli sem þessi frá sér fara. Það má kannske deila um það, hvor leiðin sé betri, en slík fullyrðing sem þessi hefir við lítil eða engin rök að styðjast, því ég veit ekki betur en að veðurfregnir verði víða að fara í gegnum eina og fleiri talsímastöðvar, og hefir ekki heyrzt að slíkt skapi algert öryggisleysi þeirra. Í þessu sambandi má gjarnan benda á það, að á Ísafirði var veðurathugunarstöð, en var flutt til Bolungavíkur. Þó ég sé ekki kunnugur staðháttum þar, þá veit ég samt, að símaleiðin á milli þessara staða er ekki með öllu örugg vegna snjóflóða o. fl. Eigi að síður álít ég, að þetta hafi verið skynsamlegt, því að það mun frá veðurfræðilegu sjónarmiði meira á veðurfregnum að græða frá Bolungavík en Ísafirði, og betra að taka þær þar.

Ég vil nú leyfa mér að spyrja hv. samgmn., hvort hún í raun og veru haldi, að sambandið gegnum Seyðisfjörð verði öruggara við Dalatanga heldur en frá Brekku. Ég fyrir mitt leyti þori að fullyrða, að sambandið gegnum Seyðisfjörð er undirorpið miklu meiri hættu. Það er hugsað gegnum bæjarsímann á Seyðisfirði, og á þeirri línu eru margir notendur. Auk þess vita allir, sem til þekkja, að það eru ekkert ótíðari bilanir á honum en á landssímanum að Brekku. Þetta er þó einhver allra veigaminnsta ástæðan. Hitt er stærra atriði, hversu miklu það er kostnaðarsamara, að leggja línu frá Seyðisfirði að Dalatanga, heldur en frá Brekku. Þar sem það er nú fullvíst, að það er á engan hátt tryggara að hafa sambandið gegnum bæjarsímann á Seyðisfirði heldur en eftir landssímalínu, þá met ég að engu þá mótbáru, að veðurfregnir séu óábyggilegri, ef þær fara gegnum talsímastöðvar. Hvað myndum við Norðfirðingar t. d. mega segja, þar sem við förum með öll okkar samtöl í gegnum Fjörð í Mjóafirði, sem er 3. fl. talsímastöð. Það heyrast engar kvartanir um truflanir vegna þess. Það er því alveg víst, að það truflar ekkert skeytasendingar, þó að fara þurfi í gegnum tvær talstöðvar. Hv. n. mun því áreiðanlega hafa byggt álit sitt á umsögn veðurstofunnar, en ekki á upplýsingum kunnugra manna á þessum efnum. Hitt er rétt hjá hv. frsm., og ég skal viðurkenna það, að eins og frv. er orðað, mætti jafnvel álíta, að það ættu að koma 3 nýjar stöðvar á þessa línu. Það mun alveg rétt, að slíkt er ekki venja, að landssímalínur liggi inn á hverjum bæ, og er það ekki ætlun mín í frv. Ég hefði því vel getað fallizt á, ef skilja má upptalninguna á þennan veg, að sleppa henni, og einungis að taka það fram, að línan lægi um Rima, Hof, Eldleysu að Dalatanga.

Ég er þess alveg fullviss, að það er misráðið að taka þvert fyrir þessa till. mína, því að það er öldungis víst, að sambandið við Dalatanga verður miklu öruggara gegnum Brekku heldur en um bæjarsímann á Seyðisfirði. Þá ber og þess að gæta, að símalínan að Dalatanga er ekki einungis hugsuð vegna veðurfregna, heldur og líka vegna vitans, því ef eitthvað bilar í honum er erfitt að ná í síma til þess að gera aðvart, og m. a. s. var það ekki fyrr en eftir það, að farið var að tala um að leggja línu að Dalatanga vegna vitans, að veðurstofan vildi fá veðurathugunarstöð þar. Hvað vitavörðinn snertir, þá er hagkvæmara fyrir hann að hafa sambandið við Brekku frekar en Seyðisfjörð, því að hann

hefir öll sín viðskipti við Mjóafjörð og hjálpar, ef hann þarf einhvers með, er frekar að vænta þaðan en frá Seyðisfirði.

Hitt get ég gengið inn á, að vegalengdin frá Brekku sé meiri, en þá ber þess að gæta, að með því að fara þá leið, myndu 3—4 bæir komast í símasamband og auka tekjur af línunni.

Samkv. því, sem ég nú hefi tekið fram, get ég ekki sagt, að hv. samgmn. hafi tekið þessu máli betur en í fyrra. Ég gat sætt mig við það þá, að farið væri eftir úrskurði fagmanns, en að kasta því fram að órannsökuðu máli, að með því að fara þá leið, sem ég hefi haldið fram, að væri hentugri, myndi verða algert öryggisleysi um sendingu veðurfregnanna, er fjarstæða ein.

Að því er snertir línuna frá Neskaupstað að Sandvík, þá gekk landssímastjóri inn á hana í fyrra, og þarf ég því ekki að tala um hana nú.

Þá er línan frú Búðum að Hafranesi. Um það, hvort henni hefir verið illa viðhaldið eða ekki, get ég ekki dæmt. Sömulciðis er ég ókunnugur því, hvort not hennar hafa minnkað undanfarið. Ég get búizt við, að það séu áraskipti að því eins og ýmsu öðru, hvað menn noti síma. Má því vel vera, að síðan 1930 hafi not þessarar línu við landssímann minnkað eitthvað, því að allmjög hefir verið erfitt um afkomu manna þarna, og er því ekkert ósennilegt, að þeir hafi sparað við sig þessi útgjöld eins og önnur. Annars hefði ég haldið, að lína þessi gæti orðið tekjuauki fyrir landssímann. Auk þessa vil ég gefa þær upplýsingar, að landssíminn liggur þessa leið, og ef hann yfirtæki línuna, þá væri tilvalið að setja sumarbústaði á Hafranesi og fá símasamband bæði suður og norður. Annars *segir brtt. mín ekkert um það, að einkalínu* þessari skuli viðhaldið, heldur að hún verði landssímalína.

Ég get svo látið útrætt um þetta, en vænti þess, að hv. dm. taki upplýsingar mínar um línuna út á Dalatanga til greina, a. m. k. ekki síður en umsögn þeirra manna, sem ekkert þekkja til þarna.

Þá vildi ég minnast fáum orðum á atriði, sem kom fram í ræðu hv. 4. landsk. Hann vildi halda því fram, hv. þm., að ég hefði í brtt. mínum vitnað til skakkra laga. Ég held því þvert á móti fram, að ég hafi vitnað til réttra laga, því að það eru ekki til önnur allsherjar ritsíma- og talsímalög en l. frá 1913, en með breyt., sem á þeim hafa verið gerðar. Lög þau, sem hv. þm. vitnar í, eru breyt. á l. frá 1913. Ég skal játa, að ég er ekki svo lögfróður, að ég treysti mér til þess að þrátta um þetta tvímælalaust, en ég vil biðja hv. samgmn. að athuga það vel fyrir 3. umr., hvor okkar hefir hér á réttara að standa. Hafi ég misskilið, er sjálfsagt að leiðrétta það.

**Þorsteinn Briem:** Það voru nokkrar aths. í till. n. viðvíkjandi brtt. á þskj. 149. — Hv. þm. Dal. hefir lýst þar rétt allri aðstöðu, og hefi ég þar engu við að bæta, nema því, að sveitir þessar, sem hér eiga hlut að máli, eru afskiptar um vegu og samgöngubætur, og virðist því öll sanngirni mæla með því, að þær fengju þessa hjálp af því opinbera til þess að bæta að dálitlu leyti úr því, sem þær hafa verið afskiptar á öðrum sviðum. Á þessum stöðum báðum er löng og erfið leið til læknis, og er það því mikils virði, að þarna komi sími.

Viðvíkjandi því, sem n. ber landssímastjóra fyrir, að þarna geti ekki verið nema um eina stöð að ræða og komi þess vegna ekki að notum nema einum bæ hver lína, þá trúi ég varla, að landssímastjóri hafi komizt svo að orði. Og viðvíkjandi því, að ekki gæti komið til greina að hafa þarna stöð nema á einum bæ á þessum línuspotta, þá hygg ég það nokkuð ofmælt, miðað við það, sem þegar hefir komizt á í öðrum héruðum. Ég get t. d. nefnt Borgarfjörðinn, þar sem miklu skemmra er milli margra stöðva heldur en mun vera þarna, þó stöð væri á fleirum bæjum en einum. Ég nefni Borgarfjörðinn af því, að ég er þar kunnugastur, en það má nefna fleiri dæmi, t. d. Strandasýslu og nokkurn hluta Húnavatnssýslu o. fl.

Hér er um að ræða öllu meiri vegalengdir og torsóttari en frá Hallbjarnareyri til næstu símastöðvar, og er þar þó gert ráð fyrir nýjum síma, sbr. þskj. 266. Ég hygg, að þörf sé á þeirri línu, en þó ekki síður nauðsyn á þessum tveim línum, þar sem bæði er um meiri vegalengdir að ræða og torfærur.

Landssímastjóri er sagður lita svo á, að á þessum stöðum eiga að vera einkalínur. Það er náttúrlega ekki loku fyrir það skotið, að þó lögð verði landssímalína eftir þessum sveitum, þá geti það síðar orðið stofn að einkalínum. Ég skal ekki bera neitt á móti því, sem hv. frsm. var að mæla með einkalínum, hvað þær hefðu marga kosti til að bera fram yfir landssímalínurnar. En það er bara sá gallinn á þeirri gjöf, að hún getur ekki komið fátækum sveitum að notum eins og nú standa sakir; til þess eru einkalínurnar of dýrar.

Það stendur svo á, að hvorugur hv. flm. að brtt. á þskj. 126 er hér viðstaddur í d., og af því ég er kunnugur á þeim stöðum, sem brtt. ræðir um, vildi ég aðeins lítillega minnast á hana. *Mér skildist á hv. frsm. n., að hann teldi ekki* þörf á, að þarna væri nema ein stöð. En þar sem þessi hreppur, Öngulsstaðahreppur, mun vera um 20—30 km. langur, þá hygg ég, að ekki sé um neina óhófstill. að ræða, þó farið sé fram á, að þarna séu 2 stöðvar. Eftir þeim kunnugleika, sem ég hefi þarna frá fornum tíma, þá hygg ég, að sú brtt. sé á allri sanngirni byggð.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Út af því, sem hv. 4. landsk. sagði, þá vil ég taka það fram, að ég athugaði einmitt áður en ég gerði mína brtt. fyrirsögn frv. á þskj. 49, og mér fannst, að það þyrfti að vísa til fleiri l.; en vegna þess að öll síðari l. eru breyt. á l. frá 1913, mætti láta fyrirsögnina halda sér með viðbætinum og breyt. á þeim l. Þá mundi það nást, sem fyrir hv. 4. landsk. vakir, og n. mun athuga þetta til 3. umr.

Ég held, að það sé réttast, að ég lesi upp kafla úr áliti landssímastjóra til svars því, sem komið hefir fram hjá hv. flm.

Það er þá fyrst út af þeirri brtt., sem hv. 2. þm. S.-M. flytur, um breyt. á línustæði að Dala-

tanga. Ég mun halda fast við það, að það sé á fullum rökum byggt, sem n. og landssímastjóri leggja til, að ekki verði breytt þessu línustæði. Hv. flm. segir, að það valdi engum erfiðleikum, þó farið sé í gegnum margar landssímastöðvar. En það er svo um stöðina í Mjóafirði, að hún verður að loka sig úti á þeim tíma, sem hún ekki á að vera inni til afnota, til þess að Suðurfirðirnir geti haft greiðan aðgang til Seyðisfjarðar, en þar er opið lengri tíma af deginum heldur en í Firði, og ef ættu að koma inn stöðvar eins og t. d. á Brekku, þá er ekkert ólíklegt, að þær loki skakkt fyrir eins og oft kemur fyrir með nýjar stöðvar. Hitt er hverjum manni auðsætt, að þegar Dalatangi er kominn í bæjarkerfið á Seyðisfirði, getur ekki verið um slíkt að ræða, að hægt sé að loka sig úti. Þar er gegnumgangandi samband og engin tæki til þess að loka úti neinn af þeim notendum, sem í bæjarkerfinu eru. Ég skil ekki, að það sé kappsmál fyrir hv. flm. að fá þessu línustæði breytt, nema til þess að koma 2—3 bæjum í betra talsímasamband, Rima, Hofi og Eldleysu. Af þessum bæjum á Eldleysa lengst í síma; það eru tæpir 6 km. þaðan inn að Brekku. En það bæri þá eitthvað nýrra við, ef farið væri að setja landssímastöð á bæi, sem ekki eiga lengra í síma en þessir bæir eiga að Brekku. Og þegar það er alveg víst og óhrekjanlegt, að Dalatangi fái öruggt samband með því að vera í talsímakerfi við Seyðisfjarðarkaupstað, þá tel ég alveg óforsvaranlegt að fara aðra leið. Landssímastjóri segir og, að betra væri að gefa þeim spottann út að Eldleysu og Hofi heldur en að taka upp breyt. á línustæðinu. Auk þess er nokkur munur á vegalengdinni, að leggja línu frá Seyðisfirði til Dalatanga, og m. a. mundi sparast mikill kostnaður við það, að það er þegar komin landssímalína mikið af þessari leið, alla leið út að Bæjarstæði, þar sem línan mundi liggja yfir til Dalatanga.

Um línuna frá Búðum til Hafnarness er fljótlegast að lesa upp álit landssímastjóra, sem n. byggir á:

„Frá Fáskrúðsfirði til Hafnarness hefir verið einkasímalína nú í tæp 20 ár. Á henni eru nú þessir 7 símar: Hafnarnesvík, Vík, Fagraeyri, Eyri (2 símar), Sævarendi og rafstöð Fáskrúðsfjarðar. Línan mun vera um 18 km. á lengd, hún liggur á stauraröð landssímans, sem liggur þessa sömu leið og eru aðeins örstuttar álmur heim á bæina. Eigendur línunnar hafa vanrækt viðhald hennar herfilega, og er hún nú orðin alveg úr sér gengin. Þörfin fyrir þessa línu virðist lítil og fara minnkandi, ef dæma má út frá notkun hennar, sem hefir farið hraðminnkandi, eins og sést á tölum þeim, sem hér fara á eftir:

Samtalatekjur milli Búða og bæjanna árið

| | | |
|---|---|---|
| 1928 | kr. | 267.75 |
| 1929 | — | 160.70 |
| 1930 | — | 66.70 |
| 1931 | — | 112.10 |
| 1932 | — | 65.25 |
| 1933 | — | 26.20 |

Samtalagjaldið er 35 aur. fyrir viðtalstímabilið, og fellur það til eigenda línunnar. Sést af þessu, að síðastl. ár hefir ekki verið nema 1 **samtal 5. hvern dag.** Til þess að fullnægja þeirri þörf getur landssíminn ekki lagt 18 km. línu, meðan ekki er fullnægt miklu meiri símaþörf víða annarsstaðar á landinu. Árið 1930 gerði landssíminn við Hafnarneslínuna fyrir 245 kr., eftir ósk eigendanna, sem var hlutafélag, en þessa upphæð hefir landssíminn ekki ennþá fengið greidda. Sumir notendur á línunni hafa ekki einu sinni greitt tengigjald sitt til landssímans hin síðari ár, en það er kr. 2.50 ársfjórðungslega. Verður því ekki betur séð en að eigendur hafi hirt þær litlu tekjur, sem orðið hafa á línunni, en vanrækt viðhald, greiðslur og gjöld."

Hv. þm. Dal. og hv. 10. landsk. hafa fært þær ástæður, sem þeir hafa fram að færa fyrir sínum till. Hvað viðvíkur línunni frá Tjaldanesi að Hvammsdal, þá álít ég það varla ná nokkurri átt að leggja símalínu alla leið inn að Hvammsdal, því ef símastöð er á Staðarhóli mundu allir bæir á þessu svæði sækja síma þangað, nema Hvammsdalskot og Hvammsdalur. Og það, að leggja 5—6 km. línu fyrir aðeins 2—3 bæi, er allt of mikill kostnaður, þegar maður þykist ekki hafa ráð á því að leggja línu að fjölbyggðum þorpum á þessu landi. En hitt skal ég játa, að línan frá Bugðustöðum að Vífilsdal er miklu nauðsynlegri, sérstaklega vegna þess, að á þeirri leið er á, sem oft er ill yfirferðar og gerir það að verkum, að erfitt er að ná til Bugðustaða. En þó hygg ég, að varla komi til mála, að nokkurntíma verði lögð lína alla leið fram að Fremri-Vífilsdal, heldur látið nægja að hafa hana fram að Tungu, því þá er stutt að símstöð frá þessum tveimur bæjum fyrir framan. En við þetta mundi sparast þriðjungur línunnar.

Annars er það svo með símanot yfirleitt í sveitum, að þau eru svo lítil, að ég hygg varla, að menn vilji borga notagjald til landssímans, eins og aðrir gera í kaupstöðum og kauptúnum og víða í sveitum líka, til þess að fá símann heim til sín. En landssímastjóri telur, að þegar að því komi, að landssíminn taki að sér einkalínur, sem við skulum vona, að ekki verði mjög langt þangað til, þá verði fyrirkomulagið það, að þeir, sem eru á einkalínum, borgi afnotagjald. Það mætti náttúrlega setja það lægra heldur en í bæjum og kauptúnum, en þó varla svo lágt, að menn mundu ekki víða heldur vilja vera án síma.

Hvað viðvíkur till. um að hafa 2 stöðvar í Öngulsstaðahreppi, sem hv. 10. landsk. minntist á, þá skal ég ekki neita því, að það geti verið full þörf á 2 stöðum í þessum hreppi, sérstaklega þar sem hv. þm. upplýsir, að vegalengdin sé 20—30 km. En ég álít, að það eigi ekki að komast inn á símal. fleiri en ein stöð í hreppi, vegna þess, að það er svo víða, þar sem fleiri en ein símastöð er í hreppi, að landssíminn kostar eina, en hreppurinn eða þeir, sem fengið hafa stöð heim til sín, starfrækja hinar endurgjaldslaust. En með því að setja 2 stöðvar í Öngulstaðahreppi inn á símal., er því slegið föstu, að landssíminn skuli kosta starfrækslu beggja.

**Jón Baldvinsson:** Ég skil ekki, hvernig hv. flm. frv. á þskj. 49 getur haldið því fram, að þessi

fyrirsögn geti staðizt, því sá maður, sem færi að lesa þetta frv., mundi vitanlega fara í l. frá 1913, til þess að sjá, hvaða breyt. væri á þeim gerðar. En þegar hann kæmi að 4. gr. l., þá stendur ekkert um þetta. Það kemur fyrst inn í l. frá 1926.

Mér skilst því, að þetta sé ekki rétt tilvitnun, og að n. verði að breyta því. — En út af því, sem hv. frsm. n. sagði, að það mætti bæta við fyrirsögnina og vitna í seinni l., þá held ég, að það sé heldur ekki rétt. Ég sé, að í l. frá 1929 er aðeins vitnað í tvenn l., l. frá 1919 og l. frá 1926; l. frá 1913 eru þar ekki nefnd. Ég álít því, að rétt væri, að n. gerði þá breyt. á fyrirsögn frv., að það nefndist viðauki við l. frá 1929.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég skal nú ekki lengja mikið umr.

Ég verð að biðja d. að virða mér það til vorkunnar, að ég er ekki baullesinn í þingsköpum, en eftir því sem mér virðist, þá er hér verið að deila um frv., sem alls ekki er á dagskránni. Það er frv. hv. 4. landsk., á þskj. 266, sem er sjálfstætt frv., og ef á að ræða það með frv. á þskj. 19, þá ætti að taka það fram á dagskránni. — Ég vildi aðeins benda á þetta atriði, hvort rétt væri að greiða atkv. um mál, sem ekki stendur á dagskránni.

Svo að ég snúi mér að því máli, sem ég ber mest fyrir brjósti, þá þakka ég góð orð hv. frsm. um síma í Hörðudal. Hv. frsm. hefir séð það, þegar hann fór að athuga málið, að þetta er í raun og veru mjög sanngjörn till. og á fullan rétt á sér. Svo virðist mér um hina till. okkar um Saurbæjarsímann, að það gæti orðið samkomulag um að stytta línuna og hafa hana bara að Staðarhóli. Þó línan verði stytt, þá er þetta til mikilla þæginda, og gæti maður þá horfið frá því að hafa línuna svona langa aðeins fyrir 2—3 bæi.

**Ingvar Pálmason:** Ég get ekki látið hjá líða að svara hv. frsm. n. nokkrum orðum, mest vegna þess, að ég kann heldur illa þessum fullyrðingum hans og n. Hv. frsm. sagði í sinni seinni ræðu, að það væri óhrekjanlegt, að sambandið við Dalatanga yrði öruggara gegnum Seyðisfjörð heldur en gegnum Brekku. Ég tel, að þetta sé ofmælt, og byggi það á því, að fyrsta skilyrðið fyrir því, að símasambandið sé öruggt, er það, að síminn sé þó til. Ég hefði gaman af því, ef hv. frsm. gæti fært rök fyrir því, að símalínunni sé meiri hætta búin af völdum náttúrunnar á leiðinni frá Brekku að Dalatanga heldur en frá Seyðisfirði að Dalatanga. Ég er sjálfur ekki í neinum vafa um það, að hver og einn, sem hefir farið um strendur Seyðisfjarðar, hlýtur að sannfærast um, að þar er meiri snjóflóðahætta heldur en á leiðinni frá Brekku að Dalatanga.

Það atriði, sem hv. frsm. leggur aðaláherzluna á, og veðurstofan virðist líka gera, er hættan á því, að stöðvarnar á leiðinni loki hinar stöðvarnar út. Ég tel þetta ekkert aðalatriði, því að þó að ekki sé hægt að segja, að slíkt komi ekki fyrir, þá mundu ekki verða nein brögð af því, eftir að viðkomandi stöðvar hefðu verið aðvaraðar um það, að slíkt mætti ekki koma fyrir. Það, sem fyrir mér vakir hvað öryggi snertir, er, að línan verði lögð þar, sem minnst hætta er á, að hún verði eyðilögð af völdum náttúrunnar, og ég álít, að það sé þetta, sem beri að líta á, en ekki það, hvort hún kunni að liggja um 2 til 3 stöðvar. Reynslan er sú, að víða liggja línurnar gegnum margar talstöðvar, og ég veit ekki til þess, að það komi að sök, nema þá mjög sjaldan, en hitt er aftur á móti alvanalegt, að stöðvarnar vanti vegna símabilana, og t. d. núna í veturnóttaveðrinu, sem menn muna eftir, voru 3 stöðvar útilokaðar vegna bilana á símanum, og ég tel tvímælalaust, að hvað þetta snertir, þá sé öruggara að leggja línuna frá Brekku að Dalatanga. Ég vil bæta því við, að ég hefi oftar en einu sinni átt tal við verkstjóra landssímans á Austurlandi, Brynjólf Eiríksson, um þetta, og mér er óhætt að fullyrða, að hann telur réttara að leggja línuna frá Brekku að Dalatanga heldur en frá Seyðisfirði að Dalatanga. Ég vil endurtaka það, að ég álít, að hættan á því, að stöðvarnar séu lokaðar út, sé hverfandi lítil. Það eru á Austurlandi fjöldamargar stöðvar, sem svona hagar til um, en aldrei hefir slíkt komið að sök þar. Ég get nefnt t. d. Hafnarnes, en þaðan liggur síminn í fjórar áttir. Þar er ekki opið nema 2 tíma á dag, en þrátt fyrir það hefir þetta ekki komið fyrir þar, og ekki heldur á Skorrastað, þar sem Suðurlandslínan liggur um. Hættan á því, að talstöðvar séu lokaðar út, er því sýnilega mjög lítil, og alls ekki hægt að leggja megináherzlu á það atriði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða um það aftur, sem ég minntist á áðan í sambandi við aths. hv. 4. landsk. við fyrirsögn frv. Ég mun ekki gera það að neinu kappsmáli, og n. athugar þetta sjálfsagt og lætur í ljós sitt álit um þetta. Ég hefi ekki sannfærzt um það ennþá, að fyrirsögnin sé ekki rétt, vegna þess að ég lít svo á, að l. frá 1913 séu þau l., sem gilda um þetta nú, með þeim viðaukum og breyt., sem þau hafa fengið síðan. Ég held, að tilvitnunin sé rétt, enda sér maður það, að ef þessi l. eru færð öll í eina heild, þá er tilvitnunin rétt, og t. d., þegar vitnað er í 4. gr. l., þá er ekki vitnað í hana eins og hún var 1913, heldur auðvitað eins og hún er nú orðin.

**Jón Baldvinsson:** Út af því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, að það væri ekki vitnað í gr. eins og hún væri í l. frá 1913, heldur eins og hún væri nú, með þeim breyt., sem hún hefði tekið, þá er það við það að athuga, að í staðinn fyrir að vera í 4. gr. í l. frá 1913, þá er þetta í 1. gr. l. frá 1929, svo að gr. stemma þá ekki heldur. En n. hefir nú lofað að athuga þetta og kveður þá upp úr um það, hvor okkar hefir rétt fyrir sér í þessu, hv. 2. þm. S.-M. eða ég.

Viðvíkjandi því, að hv. þm. Dal. var að tala um, að frv. á þskj. 266 væri ekki á dagskrá, þá er það að vísu rétt að forminu til, en n. hefir tekið efni þess upp hér sem brtt., og er talað um hana í nál, og frv. verður ekki tekið á dagskrá síðar, ef till. verður samþ. inn í þetta frv., sem hér er á dagskrá nú.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Það er aðeins örstutt mál, sem ég þarf að tala að þessu sinni, og ætla ég aðeins að svara hv. 2. þm. S.-M., og vil þá leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, það, sem landssímastjórinn segir um Dalatangalínuna: „Lína þessi hefir sérstaka þýðingu fyrir veðurathuganir, og því er mikilsvert, að hún standi allan sólarhringinn í beinu sambandi við ritsímastöðina á Seyðisfirði. Annars verða veðurskeytasendingar dýrari og ótryggari, þegar þær þurfa að ganga gegnum fleiri stöðvar. Fyrir þá 3 bæi, sem eru á leiðinni frá Brekku, hefir hún heldur ekki verulega þýðingu, því að vitanlega er ekki hægt að hafa landssímastöð á hverjum bæ."

Fjarlægðirnar eru svo 9½ km. frá Skálum að Dalatanga, en frá Brekku að Dalatanga 13 km.

En það, sem ég vildi svo benda hv. flm. á, er það, að Mjóifjörður er skyldugur til þess að loka Brekkulínuna út strax, þegar hennar starfstíma er lokið, vegna þess, að hún truflar sambandið frá suðlægari fjörðunum.

Um það atriði, hvor leiðin sé öruggari, get ég ekki dæmt, nema eftir því, sem landssímastjóri segir. Hann segist telja tryggara línustæði yfir fjallgarðinn, frá Skálanesi. Þar þyrfti hinsvegar að leggja kabal á litlum spotta, en það mundi hleypa kostnaðinum lítið eitt fram. En svo er aftur á móti miklu hættara við snjóflóðum í hlíðinni frá Eldleysu til Dalatanga.

ATKVGR.

Brtt. 326,1 samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, HermJ, JAJ, MG, MJ, PHerm, PM, SÁÓ, ÞBr.

nei: IngP, JBald, JJ.

GL greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (BSt, EÁrna, HG) fjarstaddir.

Brtt. 326,2 samþ. með 8:2 atkv.

— 326,3.a samþ. með 9 shlj. atkv.

— 149, fyrri málsgr., samþ. með 6:3 atkv.

— 149, síðari málsgr., tekin aftur.

— 326,3.b samþ. með 11 shlj. atkv.

— 126 samþ. með 8:3 atkv.

— 117,1 tekin aftur.

— 117,2 kom ekki til atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég vildi mælast til þess, að hæstv. forseti tæki málið út af dagskrá, sökum þess, að umsagnir um nýkomnar brtt. eru ekki enn komnar til n.

**Forseti (EÁrna):** Þetta mál er búið að flækjast lengi hér í d., en ég mun þó verða við tilmælum hv. þm., sem mér skilst, að komi frá n., og taka málið út af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 368, 370, 375, 376, 408, 420, 439).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Samgmn. hefir athugað frv. þetta á milli umr. og borið fram við það brtt. á þskj. 370, sem að mestu leyti eru til þess að setja brtt. þær, sem samþ. voru við 2. umr., í rétt samband við gildandi l. Þá hefir n. líka borið fram brtt. á þskj. 439, þar sem farið er fram á að stytta línuna frá Bugðustöðum að Neðri-Vífilsdal, svo að hún nái aðeins að Hlíð eða Seljalandi. Ástæðan fyrir þessari breyt. er sú, að landssímastjóri taldi þetta heppilegra, því að lína þessi, sem er 6 km., kemur aðeins 2 bæjum að notum.

Um brtt. einstakra þm. skal það tekið fram, að n. hefir átt tal um þær við landsímastjóra, og fellst hún á rökstuðning hans að því er þær snertir. Er þá fyrst brtt. á þskj. 375, a-liður: Lína frá Silfrastöðum um Flatatungu að Gilsbakka. N. mælir með því, að brtt. þessi verði samþ. Hún hefir athugað þessa leið, og telur alveg sjálfsagt, að línan frá Silfrastöðum verði lengd þetta.

Þá er b-liður þessarar brtt.: Lína frá Reynistað um Sæmundarhlíð að Sólheimum. Þessi lína segir landssímastjóri, að eigi að vera einkalína, og þá helzt 2 km. lengri en hér er farið fram á að hún verði, því að þá komist 10—12 bæir í símasamband, en með því að hafa hana 7 km. frá Reynistað, þá hafa ekki nema 2 bæir veruleg not af henni. Það er því sýnt, að það er miklu heppilegra að hafa þarna einkasíma, enda þótt kostnaður við byggingu þeirrar línu yrði ef til vill 4000—5000 kr. N. leggur því á móti þessari till. Aftur á móti leggur landssímastjóri til, að c-liður brtt. þessarar verði samþ., en það er lína frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykjum. Hann segist hafa tekið línu þessa upp í till. sínar fyrir árin 1935—36, því að þarna sé afskekkt mjög og erfitt um samgöngur, en hinsvegar of strjálbyggt til þess að hafa þar einkalínu. N. mælir því með þessum lið brtt. — Um d-liðinn er hið sama að segja og b-liðinn. Með því að hafa þarna einkasíma myndu 8 bæir komast í símasamband, en aðeins 2—3 annars. N. leggur því á móti því, að brtt. þessi verði samþ.

Þá er brtt. á þskj. 376: Lína frá Tjaldanesi í Saurbæ að Staðarhóli. Hv. þm. Dal. tók aftur við 2. umr. till. um línu frá Tjaldanesi að Hvammsdal. Það er ekki búið ennþá að leggja línu að Tjaldanesi, en verður sennilega gert bráðum. Landssímastjóri telur sjálfsagt að hafa einkasíma þarna sakir þéttbýlis, því að það muni koma að beztum notum fyrir bændurna. Annars telur hann, að víða annarsstaðar sem leggja hafi orðið á móti nýjum línum, sé miklu meiri þörf fyrir síma heldur en þarna. Samgmn. fellst á þetta álit landssímastjóra og leggur því á móti brtt. þessari.

Þá er brtt. á þskj. 408,a, að aftan við orðin „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal" í 1. gr. l. nr. 38 14. júní 1929 komi: Hliðarálma um Rangá að Heykollsstöðum. Þarna austur frá er langt á milli bæja og stór svæði, sem enginn sími er. Þannig er t. d. 30 km. frá Bót að Kirkjubæ,

sem enginn sími er. Að leggja þessa álmu að Heykollsstöðum myndi stytta fyrir þá niður í Tungunni um 10 km. að ná í síma. Þetta telur landssímastjóri sanngjarnt, og leggur n. því til, að till. þessi verði samþykkt.

Þá er b-liður þessarar brtt.: Lína frá Egilsstöðum að Skeggjastöðum í Fellum. Þetta er framlenging á línunni að Birnufelli, sem nemur um 10 km. að vegalengd. Þarna er erfitt að ná í síma, og telur landssímastjóri þessa framlengingu línunnar því réttmæta, og fellst n. á það.

Þá er c-liður þessarar brtt.: Lína að Valþjófsstað. Hvaðan lína þessi eigi að koma, er ekki fastákveðið. En annaðhvort verður hún að koma frá Brekku eða Hallormsstað. Þannig stendur nfl. á, að nú ekki alls fyrir löngu vildi læknirinn á Brekku losna við símastöðina og fá einkasíma fyrir sig. Getur því verið, að það verði lögð ný lína á sömu staurum. Eins og kunnugt er, þá er fjölmenn byggð þarna, og telur landssímastjóri því, að þeir, sem búa þarna fram í dölunum, þurfi að fá einkasíma.

Brtt. á þskj. 420 er um línu frá Hemlu í Vestur-Landeyjum að Álfhólum í sömu sveit. Landssímastjóri segist áður hafa lagt til, að lína þessi verði byggð. Leggur því n. til, að hún verði tekin upp.

Að síðustu vil ég taka það fram f. h. samgmn., að hún vill skora á atvmrh. að láta taka upp í kerfi símalínur þær, sem samþ. hafa verið síðan 1913, og skilgreina þær t. d. eftir landsfjórðungum. Landssímastjóri telur þetta ekki mikið verk, og kveðst mundu geta látið skrifstofu sína gera það. Þetta er hreint og beint nauðsynjaverk, því að sumar línurnar, sem teknar eru upp í l. frá 1919, eru t. d. felldar niður aftur með l. frá 1929, eða þá að þeim er breytt. Hér er því um þann hreinasta rugling að ræða, sem illt er að átta sig á. N. vill því vænta þess, að hæstv. atvmrh. hlutist til um að fella þetta allt í eina samfellda löggjöf, sem tilbúin verði fyrir næsta þing.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég mun ekki tala langt mál um brtt. hv. samgmn. En ég vil þó taka það fram, að ég tel brtt. hennar á þskj. 439 ekki til bóta á nokkurn hátt, hvorki fyrir landssímann eða hlutaðeigandi héraðsbúa. Ég vil því halda mér við brtt. mína eins og hún var samþ. hér við 2. umr.

Að því er snertir brtt. mína á þskj. 376, vil ég taka það fram, að ég skildi samgmn. svo við 2. umr., að henni þætti línan of löng alla leið að Hvammsdal, og myndi því mæla með henni, ef hún næði ekki nema að Staðarhóli. En þessi von mín hefir brugðizt hrapallega. Hringl hv. n. er alveg dæmalaust. Þannig lagði hún við 2. umr. á móti þessari línu vegna þess, að hún kæmi ekki nema einum eða tveimur bæjum að notum. En hvað haldið þið hún geri nú? Nú leggst hún á móti henni sakir þess, að þarna sé svo þéttbýlt, að nauðsynlegt sé fyrir íbúana þarna að fá einkasíma. Hvernig á að vera hægt að samrýma þetta? Annað veifið heldur n. því fram, að þarna geti ekki komið símalína vegna strjálbyggðar, en í hinu orðinu telur hún svo þéttbýlt þarna, að einföld símalína dugi ekki, heldur verði að leggja þarna einkasíma.

**Magnús Guðmundsson:** Ég hefi ekki ástæðu til að vera sérstaklega óánægður með till. hv. samgmn., þar sem hún hefir fallizt á helming brtt. minna. En mér finnst dálítið undarlegt, að hún skuli hafa tekið upp línuna frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykjum, en ekki línuna frá Reynistað um Sæmundarhlíð að Sólheimum, sem mjög líkt virðist ástatt um. Sama er að segja um línuna að Barði í Fljótum. Hún á eins mikinn rétt á sér og línur þær, sem teknar hafa verið upp, og verður því áreiðanlega tekin upp áður en langt um líður. Annars er ástæðulaust að berjast á móti því, að línur séu teknar upp í símalögin, því að með því er aðeins sagt, að þær eigi að leggja þegar fé er veitt til þeirra í fjárl. Það segir aðeins til um óskir héraðsbúa, sem gott er að komi fram. — Að því er snertir línurnar undir a- og c-lið brtt. minnar á þskj. 375, þá liggja fyrir till. í fjvn. um að veita fé til þeirra, jafnvel þó að ekki sé búið að taka þær upp í símalögin; svo mjög eru þær aðkallandi, og ég held, að eins sé ástatt um hinar tvær hvað nauðsyn þeirra líður.

**Þorsteinn Briem:** Ég vil leyfa mér að mótmæla brtt. hv. samgmn. á þskj. 439. Brtt. okkar hv. þm. Dal., um að línan verði lögð að Vífilsdal hinum neðri, var samþ. hér við 2. umr., og ég vænti því, að þeir hv. þdm., sem greiddu atkv. með henni þá, greiði nú atkv. á móti brtt. hv. samgmn. á þskj. 439. Þeir menn, sem búa inni til dala, afskekktir og langt frá samgönguleiðum, eiga oft erfitt, en ekki síst þegar vitja þarf læknis. Slík þægindi sem þau, að fá síma heim til sín, eða svo nærri, að auðvelt sé að ná til síma, geta í mörgum tilfellum verið slíkum sveitum lífsnauðsyn. Ég vil því fastlega mega vænta þess, að hv. deild samþ. ekki neina till. í þá átt, að þessir afskekktu dalabúar sem hér eiga hlut að máli, verði afskiptir.

Ég vil árétta það, sem hv. þm. Dal. tók fram áðan, að símalínurnar í Saurbænum mætti ekki styttri vera en að Staðarhóli. Við 2. umr. gengum við inn á að taka aftur brtt. okkar um að lína þessi næði að Hvammsdal, í trausti þess, að n. mælti með nokkurri úrlausn. Sú von hefir algerlega brugðizt. Í tilefni af ummælum hv. frsm. samgmn. vil ég taka það fram, að það þýðir ekkert að vera að vísa fátækum sveitarfélögum á einkasíma; þau hafa engin tök á að rísa undir þeim kostnaði, sem honum fylgir.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Út af ummælum hv. 1. þm. Skagf. vil ég taka það fram, að það tefur fyrir einkasíma, ef búið er að taka línuna upp í símalögin. Það er því rétt, sem landssímastjóri hefir haldið fram, að það eigi ekki að taka upp í símalögin aðrar línur en þær, sem sjáanlegt er, að lagðar verði í náinni framtíð. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara að svara einstökum andmælum, sem fram hafa komið, en óska, að frv. fái afgreiðslu

nú þegar frá þessari hv. deild, því að það mun eiga erfiða göngu eftir í gegnum hv. Nd.

ATKVGR.

Brtt. 408,a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 408,b samþ. með 11 shlj. atkv.
— 408,c samþ. með 11 shlj. atkv.
— 420 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 475,a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 375,b felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, GL, MG.

**nei:** PHerm, SÁÓ, BSt, HG, IngP, JAJ, JBald, JJ, EÁrna.

Einn þm. (HermJ) fjarstaddur.

Brtt. 375,c samþ. með 13 shlj. atkv.
— 375,d felld með 8:6 atkv.
— 376 samþ. með 9:6 atkv.
— 439 samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PHerm, SÁÓ, BSt, HG, IngP, JAJ, JBald, JJ.

**nei:** MG, MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, GL, EÁrna.

Einn þm. (HermJ) fjarstaddur.

Brtt. 370,1. svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 370,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. með áorðnum breyt. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. nóv. 1919 og á l. nr. 38 14 júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].**

---

Á 37. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 452).

Á 41. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 452, 479, 497, 499, 505, 511, 526, 529, 532, 536, 550, 635, 655, n. 670, 693, 699, 713).

**Frsm. (Gísli Sveinsson)** [óyfirl.]: Ég skal leyfa mér að skýra frá því, sem og kemur fram í nál. samgmn., að n. leggur til, að nokkrar breyt. verði gerðar á frv. eins og það kom frá hv. Ed. Þessar breyt. eru allar að gefnu tilefni fluttar, sem sé frá hv. þdm., og það er sannast að segja, að landssímastjóri hefir lagt þannig til málanna, að inn á mikið af þeim er gengið. Verði samþ. talsvert af þessum till., sem lagt er til að verði, og þær till., sem einstakir þm. bera fram, þá má segja, að vel sé að verið, og vill n. sízt verða þess valdandi, að þær nái ekki fram að ganga, að svo miklu leyti, sem till. landssímastjóra benda til. Það er líka þannig skipað málum, að því er virðist, að landssímastjóri tekur eitthvað frá öllum og viðurkennir, og teldi ég það vel farið, að hv. þm. sætti sig við það. En ef þeir vildu halda til streitu öllum till. sínum, ættu þeir að láta það bíða til 3. umr. og bera þær þá fram í samráði við n. Hinsvegar gerir n. ráð fyrir því, að leggist landssímastjóri á móti því, að allar till. hv. þm. verði teknar til greina, þá falli hv. þdm. frá því, sem eftir er. Þá hafa nokkrar brtt. komið fram síðan n. skilaði áliti, og er sama að segja um þær, að þær ættu að bíða til 3. umr.

N. hefir fundið til þess, eins og oft áður á þingi, að mikið kapp er lagt á að koma þessum og þessum línuspottanum inn í lögin, þrátt fyrir að síðan þessi lög voru síðast afgr. hafi komið fram ný lagafyrirmæli, sem létta undir með héruðunum um að komast í símasamband innbyrðis. Og það er fullvíst, að sveitasíminn fullnægir miklu betur héruðum og sveitum heldur en nokkur landssímalína getur gert, vegna þess að meira er hægt að nota slíkan síma frjálst öllum þeim, sem að honum standa, en landssímann aldrei nema af skornum skammti.

Mönnum blæðir í augum kostnaðurinn við byggingu slíks síma, enda þótt þeir þurfi ekki að gjalda nema ⅝ byggingarkostnaðar, en ⅜ koma frá hinu opinbera.

Ég vænti nú þess, að hv. dm. geti gert sér grein fyrir því, að það er ómögulegt, að allir geti fengið símaóskum sínum fullnægt, allra síst á kostnað landssímans, og það allir í einu.

Ég skal svo bæta því við, að ég tel ekki þörf á löngum umr., en þó skal ég aðeins geta þess um leið, að í þessari brtt. á þskj. 670, eins og hún er uppsniðin úr frv. eins og það kom frá hv. Ed., er eitt atriði, sem getur orkað tvímælis. Þar stendur: „Lína um Blönduhlíð og Viðvíkursveit". Í lögunum frá 1929 stendur „Lína frá Víðimýri um Reyki, Lýtingsstaði að Goðdölum. Lína frá Víðimýri um Frostastaði að Hofdölum". Er hér reyndar um sömu línu að ræða, þó að síðara orðalagið sé víðtækara og óákveðnara, en ég teldi fullt eins gott að stæði eins og áður. — Af þessu ætti að leiða, að þessi eina setning ætti að falla úr við 3. umr. og mun n. koma með brtt. þess efnis, ef henni sýnist. — Ég tel svo ekki þörf á að orðlengja þetta frekar, og býst ég við, að hv. dm. átti sig á þessu.

**Forseti (JörB)**: Það eiga margir hv. þdm. hér hlut að máli, og vil ég mjög taka undir orð hv. frsm., að hv. þdm., sem hér eiga brtt., taki þær aftur til 3. umr. að því leyti sem n. hefir ekki tekið þær til greina, og menn stíli þá síðar meir brtt. við frv. eins og það kemur frá 2. umr., því að sumstaðar eru sumir töluliðirnir teknir, en aftur á móti nokkur hluti af öðrum og einstaka atriði ekki til greina tekið. Þetta mundi flýta fyrir afgreiðslu málsins. Eins og till. liggja nú fyrir, og ef öllum verður haldið fram, þá er engin leið, að svo verði frá þeim gengið við atkvgr., að ekki þurfi a. m. k. meiri og minni uppskriftir í skrifstofunni á eftir. (PO: Hvernig er með till., geta þær þá komið til greina við 3. umr. eins og þær eru?). Þær geta ekki komið til greina, heldur þarf að flytja nýjar brtt. við 3. umr. og gera það svo snemma, að samgmn. hafi

tíma til að athuga þær. (PO: Það er skrítið). Það er til þess að verði betra samræmi í þessu.

**Hannes Jónsson:** Mér finnst þetta ákaflega rýmileg ósk frá hv. samgmn. og get að öllu leyti fallizt á þessa meðferð málsins.

Ég var svo óheppinn að eiga hér brtt., sem ekki kom til n. áður en hún tók sínar ákvarðanir, en eftir yfirlýsingu hv. frsm., geri ég ráð fyrir, að hún athugi hana gaumgæfilega fyrir 3. umr.

Ég veit, að n. mun leita upplýsinga hjá landssímastjóra, og tel ég ekki nema rétt, að hún beygi sig fyrir upplýsingum frá færasta manninum um þetta efni.

Ég lýsi því yfir, að ég tek aftur til 3. umr. brtt. á þskj. 713, en flyt hana þá aftur óbreytta.

**Þorbergur Þorleifsson:** Hv. þm. V.-Húnv. hefir nú að mestu tekið fram það, sem ég vildi segja um þetta. Ég er sammála því, að þetta mundi flýta fyrir afgreiðslu málsins, og þess vegna vil ég taka aftur til 3. umr. viðaukatill. á þskj. 536, um síma frá Svínhólum um Vík að Hvalnesi, og læt jafnframt bíða að mæla fyrir þessari till. þangað til. Ég mun leggja áherzlu á, að þessi brtt. verði samþ. Að þessi lína verði lögð, er í alla staði réttmætt. Auk þess er ég því yfirleitt fylgjandi, að eftir því sem auðið er, eigi að gera sem mest að því að fullnægja óskum manna um símalagningar og að teknar verði upp í síma. nýjar símalínur. Ég álít það eitt af þýðingarmestu framfaramálum sveitanna, að auka og bæta símakerfið í landinu.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég get ekki tekið undir það, sem fram hefir komið hjá tveim hv. ræðumönnum, sem síðast töluðu. Hv. þm. V.-Húnv. getur, skilst mér, mjög vel gefið slíka yfirlýsingu sem þessa, þar sem hann bar ekki fram sína brtt. fyrr en eftir að n. var búin að ganga frá þessu máli, og þess vegna er hans brtt. útilokuð frá því að koma til atkvgr. við þessa umr. Öðru máli er að gegna um okkur, sem bárum fram brtt. í tæka tíð, til þess að þær gætu komið hér til atkv., og höfum nú verið allt of hart og grátt leiknir af n., t. d. eins og ég, sem aðeins hefi fengið tekna upp eina brtt., hina minnstu af þeim, sem ég bar fram. Hinum leggur n. á móti.

Mér finnst hér verið að taka upp nýja aðferð um afgreiðslu mála, þar sem draga á fjölda af brtt. frá því að geta komið til atkvgr. við þessa umr. Þessi aðferð man ég ekki eftir að nokkurn tíma hafi verið viðhöfð hér á þingi í meðferð símamála. Það hefir, að ég held, verið undantekningarlaus venja, að þær brtt., sem komið hafa í tæka tíð fram við umr., hafa verið látnar koma til atkv. Það getur vel verið, að samgmn. sé svo liðsterk í þessu máli, að þær till. okkar, sem ekki hafa fundið náð fyrir augum hennar, séu dauðadæmdar við þessa umr., og þess vegna komi það í raun og veru út á eitt, hvort brtt. okkar verða bornar nú upp undir atkv. eða ekki. Ég veit ekkert um það, hvort svo muni vera, en algengt er, að þótt n. hafi tekið afstöðu til einhvers máls, þá þarf það ekki endilega að vera sú endanlega afstaða, sem fæst við atkvgr., nefnilega, að atkvgr. fari alveg eftir vilja meiri hl. n. við næstu atkvgr. eftir að n. hefir skilað áliti. Ég þarf þess vegna að fá frekari skýringu á því, hvernig á því stendur, að hér á að fara að breyta út af fastri venju í gangi mála nú við þessa umr.

Ég heyri, að hæstv. forseti segir, að ég tali af misskilningi í þessu efni, sem hann ætli að leiðrétta. En undanfarið hefir mér virzt, að þær brtt., sem ekki eru teknar aftur, hafi verið látnar ganga undir atkv. Það virðist því meiningin, að hv. frsm. samgmn. ætli algerlega að spara sér að gera nú grein fyrir því, af hverju það er, að n. leggur til, að nokkrar af þessum brtt. verði samþ., og í hverju það liggur, að n. leggur á móti öðrum till. Hv. frsm. kom ekki inn á þetta atriði nú í sinni framsöguræðu.

**Forseti (JörB):** Hv. þm. Borgf. hefir dálítið misskilið ósk frsm. Þetta voru aðeins tilmæli um, að tillögumenn tækju aftur brtt. sínar til 3. umr., til þess að hægt væri að hafa einfaldari og auðveldari afgreiðslu á málinu. Vitaskuld hefir hver flm. fulla heimild til þess að halda sínum till. fram, svo að þær komi til atkv. þegar við þessa umr. Ég gat þess aðeins vegna þess, hve margar brtt. eru, og samgmn. hefir tekið sumar þeirra upp að nokkru leyti, sumar alveg og sumar till. eru alveg sérstæðar. Till. er því mismunandi auðvelt að taka til meðferðar. En hér er hver flm. sjálfráður um það, hvort hans brtt. koma til atkv.

**Bergur Jónsson:** Ég á hér eina brtt. á þskj. 497 um 6 símalínur. Hv. samgmn. hefir tekið upp fimm af þeim, enda mun landssímastjóri hafa mælt með þeim. Sjötta línan er að mínu áliti mjög þörf. Ég mun þó við þessa umr. taka aftur brtt. mínar, en bera till. um þessa línu sérstaklega fram við 3. umr.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég á hér brtt. á tveim þskj., og mun ég verða við þeim tilmælum, sem fram hafa komið um að taka þær aftur til 3. umr.

**Bjarni Bjarnason:** Samkv. ósk hæstv. forseta fellst ég á að taka brtt. á þskj. 655 aftur til 3. umr.

**Frsm. (Gísli Sveinsson):** [óyfirl.]: Ég býst við, að í aðalatriðum verði samkomulag um að taka þær brtt., sem minnzt hefir verið á, aftur til 3. umr., því að engu er sleppt með því. Brtt. þessar eru margar upp teknar af n., en þær geta ekki með góðu móti orðið samþ. eins og þær eru nú. Þær þurfa að stílast upp, til þess að þær falli inn í frv. Þegar n., í samráði við landssímastjóra, hefir tekið meginið upp af þessum till. og frá flestum flm. eitthvað, þá ætti mönnum í þetta skipti að vera fullnægt. Það er alkunnugt, að brtt. á vegalögunum og síma. eru svo margar og fáránlegar, að það er engin von til þess, að hægt sé að yfirbuga andstöðu gegn slíkri þvælu.

Viðvíkjandi því, hvernig landssímastjóri

sjálfur lítur á till. hv. þm. Borgf. á þskj. 532, vil ég geta þess, að hann tekur ekki illa í þær, heldur að dómi n. frekar vel. Hann gerir aths. við þær, þannig vaxnar eins og þær eru á þskj., og hefir n. ekki fallizt á, að þær beri að taka upp í þeirri mynd, gegn aths. landssímastjóra.

Landssímastjórinn segir, að línan frá Þyrli að Stóra-Botni sé aðeins framlenging af einkasímalínunni, sem nú liggur frá Saurbæ að Þyrli, og geti því ekki tekizt upp í ritsímalög. Þessu til skýringar getur landssímastjóri þess, að þótt línan Saurbær—Þyrill hafi staðið á ritsíma., þá hafi samizt svo um við héraðið, þegar línan var lögð, að hún skyldi verða einkalína, svo að allir bæirnir á leiðinni gætu komið inn á línuna, þótt hv. þm. Borgf. virðist ekki um þetta vita. (PO: Þetta er rangt, sem hv. þm. sagði um þessa línu). Þetta framhald línunnar verður að vera einkalína, enda þótt af því hljótist meiri kostnaður fyrir héraðið. En sveitirnar verða að brjóta odd af oflæti sínu og sætta sig við það, að meiri hl. af kostnaði við einkalínurnar lendi á þeim, á móti þeim friðindum, sem einkalínur veita fram yfir landssímalínur. Hv. þm. Borgf. verður að sætta sig við, að þessar línur, sem landssímastjóri hafnar að taka upp í ritsíma., verði ekki teknar upp.

Um b-lið brtt., „lína frá Vogatungu um Leirárhverfi að Hlíðarfæti í Svínadal", og c-lið, „lína frá Vogatungu að Melum í Melasveit", segir landssímastjóri svo: „Báðar þessar línur eiga að vera einkalínur frá Vogatungu, þannig að allir bæirnir á leiðinni geti notið þeirra". Þetta er sambærilegt við önnur héruð, t. d. í mínu héraði hefði verið ástæða til, út frá sjónarmiði margra hv. þdm., að taka upp í ritsíma. margar einkasímalínur. En slíkt hefir bara engum komið í hug, vegna þess að miklu meiri þægindi eru að einkasímalínum heldur en landssímalínum. Þar, sem einkasímalínan er, geta bæirnir notað símann nótt og dag, en kannske aðeins einn eða tvo klukkutíma á dag, ef línan er landssímalína, vegna þess hve landssíminn er alltaf upptekinn.

Þá er línan frá Grund um Indriðastaði að Ytri-Skeljabrekku. Um fyrri hl. þessarar línu, þ. e. Grund að Indriðastöðum (ca. 3 km.), hefir verið samið þannig, að hún verði lögð næsta sumar sem einkalína. Að sjálfsögðu á framhald hennar líka að vera einkalína.

Þá er c-liður brtt., „lína frá Stóra-Kroppi að Hæli í Flókadal". Landssímastjóri er því meðmæltur, að þessi lína verði tekin inn í ritsímal. Hún er ca. 8 km. löng og kostnaður ca. 5500 kr.

Hv. þm. Borgf. mun sjálfsagt koma með álíka brtt. eða aðrar meiri fram á næsta hæstv. Alþ., og má þá skammt um dvelja, ef á að fullnægja öllum þessum óskum.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða brtt. þeirra hv. þm., sem tekið hafa þær aftur.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Hv. þm. hefir nú sýnt mér þann sérstaka sóma að minnast á mínar brtt. hér, jafnframt því sem hann lætur ekkert uppi um brtt. annara hv. þm.

Um þær röksemdir fyrir afstöðu n. til þessarar brtt. viðvíkjandi línunni frá Saurbæ að Þyrli, er það að segja, að hún hefir fyrir nokkrum árum verið tekin inn í ritsímal., og lína þessi var alveg byggð á kostnað ríkisins. Það hefir aldrei verið nein samþykkt gerð um það, að þetta skuli vera einkalína. Til þess þyrfti sýslunefndarsamþykkt um skiptingu kostnaðar við símalínurnar, hvernig þessum kostnaði, sem héraðið legði fram, yrði skipt niður á einstaka aðila. En engin slík samþykkt hefir verið gerð. Það eina, sem skeð hefir hér, er það, að tveir bæir á línunni hafa komizt að samningum við landssímastjóra um, að þeir settu upp stöðvar og borguðu 200 kr. hvor til þess að komast inn á landssímalínuna. Það er þess vegna á fyllstu rökum byggt, að þessi símalína verði framlengd á sama grundvelli. Ég vil biðja hv. frsm. að benda mér á, hvar sú samþykkt er, sem það byggist á, að hér sé um einkasímalínu að ræða. Ég ætla, að hv. frsm. yrði að leita nokkuð lengi að þeirri samþykkt, ef hann ætlaði að finna hana, því að hún er alls ekki til.

Ef þær eru yfirleitt svona röksemdirnar, sem n. leggur til grundvallar fyrir mótmælum sínum gegn brtt. einstakra þm. við ritsímal., þá held ég, að hv. n. hafi ekki grafið niður á traustan grundvöll til þess að byggja á sínar ástæður fyrir afgreiðslu þessara brtt.

Um hinar línurnar, sem hv. frsm. nefndi og ég flyt brtt. um, — að þær ættu að vera einkalínur, það hefir ekkert verið um talað. Engin samþ. hefir verið gerð í héraðinu þar að lútandi. Þess vegna eru líka þær brtt. gersamlega í fullu samræmi við þær brtt., sem yfirleitt eru fluttar hér um að taka inn í símal. nýjar línur.

Lengra þarf ég ekki að fara út í þetta mál nú. En að því leyti, sem hv. frsm. talaði hér um *glundroða og þvælu, þá hnekkir það ekki mínum* brtt., því að þær voru rétt stílaðar inn í frv. eins og það var flutt. Glundroði og þvæla hlýtur því í þessu tilfelli að vera eitthvað, sem komið hefir frá hv. n., ef á að fara að setja slíkt í samband við mínar brtt. Það getur vel verið, að n. hafi að þessu leyti reynt að setja snöru á mínar brtt. og búið til erfiðleika á að samþ. þær, því að þær voru í svo góðu lagi frá minni hendi sem mest gat verið að þessu leyti.

En til þess að þessi sök n., ef um sök er að ræða, og til að ekki verði hér neitt fótakefli fyrir mönnum, raunverulegt eða ímyndað, þá get ég tekið aftur brtt. mínar til 3. umr., til þess að n. gefist kostur á að kynna sér, á hvaða grundvelli hún byggir um brtt. mínar, því að ég held, að hv. n. væri sérlega þarft að lesa upp og læra betur um þessi mál.

**Frsm. (Gísli Sveinsson)** [óyfirl.]: Ég þarf ekki að svara öðru en ræðu hv. þm. Borgf. Annarsvegar get ég þá endurtekið það, ef hann vill, að þær skýrslur, sem n. byggir á, eru frá landssímastjóra. N. hefir alls ekki tíma til að fara út um héruð landsins til þess að kynna sér þessi mál með því að grúska í bókum sýslnanna til að gæta að því, hvað bókað sér þar, að samþ. sé um þessi efni. Líka getur vel verið, að ekkert standi um þetta í bókum sýslnanna, vegna þess að sýslurnar hafi ekki einar með að gera samþykktir í þessu efni. Það getur líka verið mikið

um línur úti um sveitir, sem margir standa að og ekki eru framkvæmdar nærri að öllu leyti í einu. Þegar svo til framkvæmda kemur, þá eru þær gerðar í samráði við landssímastjóra. Sumstaðar er búið að leggja línur og ákveða áframhald þeirra í sambandi við þá aðila, sem að verkinu standa í héraði. Þeir aðilar þurfa ekki endilega að vera sýslunefndir, heldur geta þeir verið einstakir menn eða sveitabæir. Í þessu tilfelli veit ég ekki til, að sýslan geri það, heldur mun sveitasjóður vera í ábyrgð, þó að sýslan standi þar að baki.

Línan frá Þyrli að Stóra-Kroppi er að miklu leyti komin sem einkalína, og hér er um framlenginu að ræða á línunni frá Saurbæ að Þyrli, sem, eins og sagt hefir verið, er einkalína, samkv. samningi, til þess að bæirnir meðfram línunni gætu komið inn á línuna.

Línurnar frá Vogatungu að Hlíðarfæti og frá Vogatungu að Melum í Melasveit segir landssímastjóri að eigi að vera einkasímalínur, til þess að allir bæirnir á leiðinni geti notið þeirra.

Þá er línan frá Grund um Indriðastaði að Ytri-Skeljabrekku. Um fyrri hl. þessarar línu hefir þegar verið samið, að hún skuli vera lögð sem einkasímalína, og svo nákvæmlega samið um þetta, að ákveðið hefir verið að leggja þennan hluta línunnar, þ. e. línuna frá Grund að Indriðastöðum, á næsta sumri. Þannig er í einstökum atriðum samið um þetta. Það er búið að gera fulla gangskör að þessum samningum frá báðum hliðum. Þegar athugað er, að þessar upplýsingar eru komnar beint frá landssímastjóra, þá er fyllsta ástæða til að ætla, að rétt sé skýrt frá, enda engin ástæða til að ætla, að hv. landssímastjóra hafi dottið í hug að ljúga að nefndinni.

Það getur vel verið, að einhverjar óskir einhverra manna séu til um það, að þessum hlutum ætti að breyta. En það er reyndar alltaf, að ekki eru allir á eitt sáttir. Ég álít, að hv. þm. Borgf. ætti á þessu þingi að láta sér nægja það, sem þegar hefir verið tekið upp af hans brtt., og ræða svo síðar um það, hvort möguleiki sé á að taka hitt upp á næsta þingi. Og þá er gefið, að gera þarf einhverjar breyt. heima í héraði hv. þm. áður en hægt er að setja það inn í l. um ritsíma.

**Pétur Ottesen** óyfirl.]: Það fer mjög á milli mála hjá hv. þm., að hann geti fundið, að nokkur slík samþykkt hafi verið gerð í héraði, sem bendi til þess, að þessa lína frá Saurbæ að Þyrli hafi verið gerð að einkasímalínu, eða lögð sem slík. Það hefir verið gert aðeins um eina línu, sem liggur um Skilmannahrepp og Innri-Akraneshrepp. Enda var línan frá Saurbæ að Þyrli alveg byggð sem landssímalína. Tveir menn á svæðinu hafa svo fengið leyfi til þess að komast í samband við landssímalínuna með því að borga 200 kr. frá hverjum bæ.

Hv. frsm. sagði, að búið væri að ákveða að leggja línuna frá Grund að Indriðastöðum sem einkasímalínu. En það er nú búið að ákveða, að leggja þessa línu algerlega á kostnað ríkissjóðs. Á Indriðastöðum býr trúnaðarmaður Búnaðarfél. Ísl. í Borgarfjarðarsýslu, sem mælir jarðabætur o. þ. h., svo að nauðsynlegt er, að héraðsbúar komist í símasamband við hann.

Í Borgarfjarðarsýslu er ekki hægt að benda á eina einustu samþykkt, sem gerð hafi verið um það, að nokkur af þeim línum, sem ég hefi gert brtt. um, skyldi vera einkasímalína.

Það er ekki til neins að samþ. línuna í Skilmannahreppi. Mér hefir aldrei dottið í hug að bera fram till. í sambandi við það mál. Ef hér er um misskilning að ræða, þá er rétt, að n. athugi nánar till. landssímastjóra, og staðfesti svo, að ég fer hér með rétt mál. (**GSv:** Ég hefi talað við landssímastjóra). Það hefi ég líka gert og látið hið sama í ljós við hann og hv. frsm. Ég byggði á því sama við hann og ég hefi núna gert. Hv. frsm. getur spurt landssímastjóra. (**GSv:** Hvað sagði hann?). Er hv. þm. að rengja umsögn landssímastjóra? Ég vil bara biðja hv. frsm. að reyna að hnekkja því, sem ég hefi sagt. Ég hefi ekki haft tækifæri til þess að láta neina skýringu koma fram í þessu máli fyrr en núna. Ég hefi nú flutt hana fram hér og vænti þess, að n. taki hana til athugunar. Og þegar hið rétta hefir komið fram, þá vænti ég, að n. taki aðra afstöðu til málsins, og því geng ég inn á að taka brtt. aftur við þessa umr.

**Gísli Guðmundsson:** Ég á brtt. á þskj. 499, og hafa tveir liðir hennar verið teknir upp í till. samgmn. að mestu leyti, og get ég því tekið þá aftur og sömuleiðis tek ég aftur c-liðinn til 3. umr. — Þá á ég brtt. á þskj. 635, sem ég tek aftur til 3. umr. Loks á ég brtt. á þskj. 693 ásamt hv. 6. þm. Reykv., og hygg ég, að hann muni minnast á till.

Út af ræðu hv. þm. Borgf. vil ég segja það, að það voru mjög ómakleg orð, sem hann lét sér um munn fara í garð samgmn. Er illt að hljóta slík óverðskulduð ummæli frá þeim, sem ekki hafa kynnt sér málið. En hv. frsm. n. hefir fyllilega svarað fyrir hönd n.

**Thor Thors:** Ég á tvær brtt. á þskj. 550, aðra um línu frá Ólafsvík að Brimilsvöllum, og hefir samgmn. tekið hana upp í sínar till., og kann ég henni þakkir fyrir, enda er hún í samræmi við till. landssímastjóra. Hina till. hefir n. ekki séð sér fært að taka upp, en hún er um línu frá Breiðabólstað út í Brokey, og geri ég ráð fyrir að taka hana upp aftur við 3. umr. En ég vil leyfa mér að spyrja hv. frsm., af hvaða ástæðum þessi till. hefir ekki verið tekin upp.

**Frsm. (Gísli Sveinsson):** Út af fyrirspurn hv. hv. Snæf. skal ég taka þetta fram. N. hefir gert annari till. góð skil, þar sem hún leggur til, að línan frá Ólafsvík að Brimilsvöllum verði tekin upp, og hefir landssímastjóri lagt svo til í sínum till. En að því, er snertir hinn hlutann, eða línuna frá Breiðabólstað út í Brokey, þá vísaði landssímastjóri til áður millifarinna bréfa og erinda, þar sem þetta var afgr. áður en þessi breyt. á landssímalögunum kom til umr. Á 10. fundi samgmn. var tekin ákvörðun um þetta atriði, og vil ég leyfa mér að lesa upp, hvernig afgreiðslan fór fram: „Tekið fyrir erindi frá

Jóni V. Hjaltalín í Brokey á Breiðafirði um símalínu frá Breiðabólstað út í eyjuna, svo og bréf landssímastjóra m. m., dags. 5. þ. m. Samgöngumálanefnd samþykkti að leggja til, að fé yrði lagt til þessarar línu sem einkasímalínu frá landssímanum, að lögákveðnum hluta, undir eins og tök eru á og þegar héraðið hefir tryggt fjárframlag að sínum hluta samkv. einkasímalögunum. En þangað til sé hlutaðeigendum gefinn kostur á að leigja þráðlausa firðtalsstöð með góðum kjörum.“

Ég vænti, að hv. þm. Snæf. láti sér nægja þessa skýringu frá n., og sést á þessu, að n. hefir afgr. till. samkv. öðrum gögnum.

**Thor Thors:** Ég þakka hv. frsm. fyrir þessar upplýsingar, og mun ég taka till. aftur til 3. umr. a. m. k.

ATKVGR.
Allar brtt. teknar aftur, nema á þskj. 670.
Brtt. 670 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 750, 814, 831).

**Frsm. (Gísli Sveinsson)** [óyfirl.]: Það hafa orðið nokkrar breyt. á þessu máli frá því síðast. Liggja þær aðallega í því, að brtt. eru nú fram komnar, flestar eldri, aðeins fáar nýjar. Flestar eru þær samansafnaðar á þskj. 814. En um leið og þessa skal getið og hins, að á dagskránni er tilgreint þingskjal 831 með brtt., þá skal það tekið fram, að brtt. á 4 þskj., sem þó eru eldri, þær eru ekki fram komnar. Liggur þetta í því, að skrifstofan hefir gengið út frá því, eins og gert var ráð fyrir síðast, að allar þær brtt., sem teknar voru aftur við 2. umr., yrðu prentaðar upp að nýju. Það hefir ekki orðið, og er ekki um það að sakast. Ég býst við, að hæstv. forseti sjái sér fært að taka allar brtt., þegar til atkv. kemur, eftir þeim gögnum, sem ná verða rakin.

Þessar brtt., sem ekki eru á dagskrá, eru þær og í þeirri röð, sem ég nú nefni:

Brtt. 511, frá Sigurði Kristjánssyni.

Brtt. 635, frá Gísla Guðmundssyni.

Brtt. 693, frá Sigurði Kristjánssyni, og loks er brtt. á þskj. 699 frá Jóni Sigurðssyni.

Þessar brtt. koma væntanlega allar til atkv. ásamt þeim, sem áður voru nefndar.

Nú er það um þessar brtt. að segja, að enn að nýju hefir verið farið til landssímastjóra og leitað hans umsagnar, en hans umsögn er eins og vænta mátti í aðalatriðunum sú sama og verið hefir um þær brtt., sem komnar voru fram. Má þó nánar tiltaka bæði að því er snertir hans umsögn og eins álit n., að þar komu til greina meðmæli hennar á þá leið, sem ég nú tel.

Ég skal þá halda mér við röðina og byrja á 1. lið á þskj. 814. Er hún frá hv. þm. A.-Sk. og er á þá leið, að koma skuli ný lína frá Svínhólum í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu um Vík að Hvalsnesi. Þessi brtt. var tekin aftur til 3. umr. Hún var ekki tekin til greina af landssímastjóra, og n. hefir ekki séð sér fært að verða við að taka hana upp á sína arma. Hv. þm. A.-Sk. má vel við una. *Hann hefir nú fengið miklu framgengt fyrir sig á þessu þingi, og má hann þakka sinni flokkslegu afstöðu þar fyrir, en þrátt fyrir það mun ég þó af sérstökum ástæðum styðja hans mál.* Landssímastjóri og n. tók upp meiri hl. af hans till. Má hann því vel við una, þó að þessi brtt. hans bíði, þó að hún hafi sína þýðingu. Það hefir ekki enn verið ráðið, hvort leggja skuli einkasíma um þetta hérað, sem er Lónið. N. hefir því ekki tekið þessa till. upp, en lætur hana að öðru leyti afskiptalausa.

Þá er 2. liður, og er hann frá hv. þm. Árn. Það er till. um að taka upp tvo nýja smáliði, í fyrsta lagi frá Minni-Borg í Grímsnesi að Sólheimum, og í öðru lagi frá Minni-Borg að Búrfelli. Meiri hl. n. hefir gengið inn á að mæla með þeirri línunni, sem fyrr var nefnd. Liggja þau rök þar til, að á þessum stað, Sólheimum, er nú fávitahæli, og er rík nauðsyn að koma á sambandi þaðan til annara byggða, svo að hægt sé að *sima þaðan, hvort sem um læknishjálp eða* annað er að ræða. Ég skal síðar greina frá því, að n. hefir, þrátt fyrir það, þótt ekki væri fullkomið samþykki landssímastjóra fyrir hendi, tekið að sér að lyfta brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. um línu að Reykjanesskóla í Reykjarfjarðarhreppi. Þessi stofnun er að því leyti sambærileg, að það er mesta nauðsyn að fá símasamband við þær, en ekkert útlit eins og nú er, að þar verði lögð einkalína. B-lið brtt. frá hv. þm. Árn. vill n. ekki fallast á að mæla með, því að það mundi þá verða til þess, að bæði þessir hv. þm. og margir fleiri mundu koma á hverju þingi með nýjar og nýjar línur, allar sem þeir gætu upp hugsað út um allt sitt kjördæmi.

Þá koma 3 liðir, og er þar við ramman reip að draga, þar sem hv. þm. Borgf. er þar flm. Andinn er samt ekki betri þar en fyrr, að n. hefir ekki treyst sér til að mæla með þeim, og vitnar þar sem áður í umsögn landssímastjóra. *Þá er þess að geta, sem minnzt var á við 2. umr.,* að þá var tekin upp frá þessum hv. þm. ein lína talsvert dýr, og er nú komin inn í frv. Við viljum því beina því til hv. þm., að hann skuli nú vera rólegur og taka þessu með þögn og þolinmæði og þakka fyrir, að eitthvað var þó gert fyrir hann, og má vera, að síðar skipist veður í lofti með þessar till. hans.

Þá er 4. brtt., um línu frá Breiðabólstað út í Brokey. Þar er upp tekin brtt., sem samgmn. var áður búin að taka afstöðu til. Landssímastjóri hefir fallizt á, að sambandi væri komið þarna á með öðrum hætti, sem sé með firðtalstöð, sem yrði leigð handa búandanum þarna.

Þá er 5. brtt. frá hv. þm. Barð., um nýja línu frá Sveinseyri að Stóra-Langadal í Tálknafirði. Hvorki landssímastjóri né samgmn. treysta sér til að sjá henni farborða að þessu sinni, og leggur n. því ekki með henni.

6. brtt. er frá hv. þm. V.-Ísf., að taka upp nýja línu frá Rafnseyri að Dynjanda í Arnarfirði. Það varð að samkomulagi milli landssímastjóra og n. að vera því meðmæltir, að þessi till. væri tekin upp.

Loks er 7. og síðasta till. á þessu þskj. Það eru till. frá hv. þm. A.-Húnv. Við 1. till. er ekkert að athuga. Bæði n. og landssímastjóri mæla með henni. Hinir liðirnir eru um línu frá Víðidalstungu að Fremri-Fitjum í Fremri-Torfastaðahreppi og þriðji liðurinn um línu frá Syðri-Þverá að Stóru-Borg í Þverárhreppi. B-liðurinn hefir vissulega talsvert til síns máls, og um hann eru óbundin atkv., en hinsvegar hefir n. ekki séð sér fært að mæla með c-liðnum.

Þá er till. á þskj. 831, frá hv. þm. A.-Húnv., um línu frá Höfnum á Skaga að Ásbúðum. Landssímastjóri hefir ekki eins og sakir stóðu treyst sér til að mæla með þessari línu, en n. hefir ekki tekið afstöðu til hennar. Sama er að segja um brtt. á þskj. 699, frá hv. 9. landsk. Hann leggur til að bæta einni stöð inn á línu, sem er nú í frv. Landssímastjóri hefir ekki mælt með henni, en n. hefir óbundin atkv. um hana.

Brtt. á þskj. 693 er frá hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Þ. í sameiningu, og mun vera vel til hennar vandað. Landssímastjóri fellst á, að þessi lína verði lögð frá Þóroddsstað í Ljósavatnshreppi um Björg að Sandi í Aðaldal, og n. sér ekkert á móti því.

Brtt. á þskj. 635 er frá hv. þm. N.-Þ., og er þar um að ræða línu frá Grenjaðarstað um Hveravelli í Reykjahverfi að Laxamýri. Landssímastjóri fellst á þessa brtt., ef í stað „Laxamýri“ kemur „Skógum“. Það er því till. samgmn., að þessi orðabreyt. verði gerð. Má þá skoða till. í því formi sem till. borna fram af nefndinni.

Síðast er brtt. á þskj. 511. Þarna er um að ræða línu frá Skálavík í Reykjarfjarðarhreppi til barna-, unglinga- og iþróttaskólans á Reykjanesi í Reykjarfjarðarhreppi. N. hefir athugað þetta, eftir því sem tök eru á, og virðist sem langt gæti orðið til þess, er sú lína verði lögð. Er ekki hægt að benda á neina aðila, er að þessari línu standi. Skólinn getur það ekki sjálfur. Hér er um það að ræða að koma þessari stofnun í samband við landssímann, og hefir verið talið heppilegt að leggja línuna frá Skálavík, og er n. sammála um nauðsyn þessa máls. Vona ég, að hv. þm. geri sig ánægða með velvilja minn og n. og þjarki ekki mikið um málið að þessu sinni, en láti það bíða betri tíma.

**Bergur Jónsson:** Ég á brtt. á þskj. 814, V, og er hún endurtekning á brtt., er ég bar fram við 2. umr., en tók aftur eftir till. samgmn. Í brtt. hefir slæðzt inn prentvilla. Stendur þar Stóra-Langadal“ fyrir „Stóra-Laugadal“.

Eins og hv. frsm. gat um, hefir landssímastjóri lagt á móti línu þessari. En hann færir ekki fram nokkra ástæðu fyrir því. Hér er um stutta línu að ræða, en hún liggur yfir hlið, sem er sérstaklega illfær og jafnvel stundum ófær á vetrum.

Þeir sem búa utar í Tálknafirði en Stóri-Laugadalur, og þeir eru um þriðjungur hreppsbúa, eru oft útilokaðir frá síma, ef þeir fá ekki þessa línu. Vona ég, að samgmn. breyti skoðun sinni, þegar hún hefir athugað málið nánar og kynnt sér málavöxtu.

**Gísli Guðmundsson:** Ég bar við 2. umr. fram brtt. við frv. á þskj. 499. Er þar um að ræða símalínur frá Skinnastað að Austara-Landi og frá henni línu um Kelduhverfi að Víkingavatni, í öðru lagi línu frá Leirhöfn, með bæjum, um Blikalón til Raufarhafnar, enda verði lögð niður núv. lína frá Kópaskeri til Raufarhafnar, og loks lína frá Þverá í Axarfirði að Sandfellshaga. Hefir hv. samgmn. tekið upp þessar brtt. mínar breytingalítið.

Hinsvegar á ég brtt. á tveim öðrum þskj. Önnur er á þskj. 693, sem ég ber fram ásamt hv. 6. þm. Reykv., og mun hann mæla fyrir henni. Hin á þskj. 635, um línu frá Grenjaðarstað um Hveravelli í Reykjahverfi að Laxamýri, og hefir hv. frsm. samgmn. minnzt á hana. Ég get fallizt á brtt. hans, að fyrir „Laxamýri“ komi „Skógum“.

Þá vil ég minnast á c-lið brtt. minnar á þskj. 499, sem ég tók aftur til 3. umr., um línu frá Þverá í Axarfirði að Sandfellshaga. Landssímastjóri hefir ekki séð sér fært að mæla með henni, og heldur ekki n. Ég ætla að fara um þessa till. nokkrum orðum og leggja það svo á vald hv. d., hvað hún gerir. Sandfellshagi er efsti bær í Axarfirði undir Axarfjarðarheiði, sem er einn lengsti fjallgarður á landinu. Er mikil umferð um þennan fjallgarð, og kemur fjöldi ferðamanna að Sandfellshaga. Væri því mikið hagræði að síma þarna, bæði fyrir þá, sem þar búa, og eins fyrir ferðamenn, sem vilja panta gistingu fyrirfram. Væri þá rétt að taka upp þessa línu, sem ekki er nema 2 km. löng. Og þó að till. hafi ekki hlotið meðmæli landssímastjóra og n., vona ég, að hv. d. líti með velvilja á hana.

**Pétur Ottesen:** Hv. samgmn. hefir nú í samráði við landssímastjóra fengið annað viðhorf gagnvart brtt. mínum. Það hefir komið í ljós, að ekki er um neinar samþykktir að ræða heima í héraði, sem séu til fyrirstöðu því, að þessar línur verði teknar upp í l., enda er hér um mikla þörf að ræða. Ég vænti þess, að hv. d. líti á nauðsyn þess að koma upp þessum línum, því fremur, sem komið hefir greinilega fram hjá hv. frsm., að hér er réttmæt krafa á ferðinni.

**Jón Sigurðsson:** Ég á litla brtt. á þskj. 699, við brtt. á þskj. 670, um að á eftir orðunum „frá Silfrastöðum“ komi: með stöð á Egilsá. Egilsá verður skammt frá þessari línu, en bærinn er inniklemmdur af ám, Norðurá á aðra hönd, en Egilsá á hina. Er því á vissum tímum erfitt að komast þaðan til annara bæja. Er því ekki nema sanngjarnt, að þessi línustúfur verði lagður. Landssímastjóri hefir viðurkennt við mig, að þarna sé ekki um verulegt fjárhagsatriði að ræða, og það eina, sem hann hefir á móti línunni, er, að of margar stöðvar verði á þessari aðallínu. Þó ber þess að gæta, að hér er ekki um neina aðalstöð að ræða. En sími yrði mikið hagræði fyrir þennan bæ og annan, sem þar er skammt frá. Þessir bæir liggja að afrétti, og gæti því sími orðið til mikilla þæginda fyrir bæi niðri í sveitinni, er þyrftu að síma þangað, sérstaklega vor og haust. Vil ég svo

ekki hafa um þetta fleiri orð. En viðvíkjandi þeirri línu, sem tekin hefir verið upp, um Blönduhlíð og Viðvíkursveit, vil ég benda á, að viðkunnanlegra hefði verið að fella um leið niður línu þá, sem fyrir var í símal. Er ofraun að hafa tvær símalínur sömu bæjarleiðina, og jafnframt dálítið hlálegt.

**Þorbergur Þorleifsson:** Ég á brtt. á þskj. 814, sem ég tók aftur til 3. umr. Hv. samgmn. hefir ekki getað fallizt á hana og færir sem ástæðu, að landssímastjóri hafi ekki viljað mæla með henni, af því að herforingjaráðið hefir ekki enn kortlagt Lónið, en þar er þessi lína fyrirhuguð. Ég er hv. samgmn. þakklátur fyrir að hafa tekið til greina 3 af brtt. mínum, enda mælti landssímastjóri með þeim. Að hann ekki mælti einnig með þessari, er aðeins af þeim sökum, er ég áður gat um. Hv. þm. V.-Sk., hv. frsm. samgmn. í þessu máli, sagði, að ég hefði fengið miklu framgengt á þessu þingi. Er það fyrst og fremst af því, að ég hefi ekki farið fram á annað en það, sem sanngjarnt er, og svo er um þessa brtt. En það er ekki rétt hjá hv. þm., að þetta *þoli bið. Um þessa línu stendur líkt á og um* línuna frá Hólum að Syðra-Firði. Sjómenn hafa óskað eftir þessari línu, því að þarna getur verið afdrep fyrir báta í vissum áttum. Er það nauðsynlegt fyrir björgunarstarfsemina, að sími sé sem víðast með sjónum, og þarna fara vélbátar oft inn í vondum veðrum. Vænti ég því, að hv. d. sjái sér fært að taka þessa línu upp í símalögin.

**Bjarni Bjarnason:** Hv. 1. þm. Árn. og ég eigum brtt. á þskj. 814,II. A-liður ræðir um símalínu frá Minni-Borg í Grímsnesi að Sólheimum. Stendur líkt á um þennan síma og þann, sem um getur í brtt. á þskj. 511, frá hv. 6. þm. Reykv. Er í báðum tilfellum um skóla að ræða. Sólheimar eru sjúkrahús og skóli í senn, sem sé *fávitaskóli. Þó að landssímastjóri hafi ekki mælt* með upptöku þessarar línu, þá er það ósanngirni. Þetta er mikil stofnun, sem hér um ræðir, og getur orðið langt að bíða þess, að bændur stofni með sér einkasímafélag, þannig að skólinn geti tekið línu frá þeim síma.

Ég skal geta þess, að ég er alveg samþykkur till. á þskj. 511, og vil ég óska þess, að báðar þessar till. verði samþ., auk þeirra, sem landssímastjóri og n. hafa lagt til, að samþ. yrðu.

Þá er b-liður brtt. okkar, um línu frá Minni-Borg að Búrfelli. Svo hagar þarna til, að þeir, sem vilja tala frá Minni-Borg að fjórum stöðvum vestar í sveitinni, t. d. Búrfelli, verða fyrst að hringja niður að Ölfusá til þess að fá samband og kostar það 1 kr. En þetta myndi ekki kosta nema 35 aura, ef þarna væri bein síma*lína. Auk þess er línan frá Minni-Borg* að Ölfusá svo mikið notuð, að hún getur hvergi nærri fullnægt þörfunum.

Enda þótt ég vilji forðast allt óhóf um framburð brtt., vona ég, að hv. d. fallist á þessar brtt.

**Jón Pálmason:** Ég hefi tekið eftir því, hvílíkt kapp hv. þm. hafa lagt á að koma nýjum símalínum inn í l., og held ég, að ég hafi manna síðastur orðið til að taka þátt í því kappi. Hefi ég þó borið fram eina litla brtt. Er það lína frá Höfnum á Skaga að Ásbúðum. Ef fara á að bæta í símal. öllu því, sem nú virðist útlit fyrir, þá er full þörf á, að þessi lína komi þar til greina. Þó get ég tekið fram, að ég tel ekki þörf á að koma þessari línu fram á þessu þingi. Virðist mér og athugavert, hvort ekki er á öðru meira þörf en miklum framlögum til þessara hluta. En til þess að láta ekki mitt kjördæmi sitja algerlega á hakanum, ber ég fram þessa brtt.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Ég þakka hv. samgmn. fyrir afgreiðslu á mínum brtt. Mér skildist hún vera með tveim þeirra. Stendur svo á um aðra þessara lína, að staður sá, sem ætlazt er til, að gerður verði að símastöð, er skammt frá landssímalínu. Hefi ég flutt þessa brtt. svo, að landssímastjóri gæti valið um, hvort heldur skyldi opna línuna eða leggja nýja línu á staurana frá Lækjarmóti, og mundi það þá ekki kosta meira en vírinn og kúlurnar.

Um 3. brtt., sem hv. samgmn. hefir lagzt á móti, þarf ég ekki að segja margt. Býst ég við, að andmæli n. séu nokkurskonar dauðadómur yfir henni, nema ef hv. d. vildi vekja hana upp frá dauðum. Ég gæti fært fram margar ástæður fyrir þessari till., en ég mun þó takmarka það. En hér ræðir um að koma á símasambandi um Þverárhrepp, milli tveggja afskekktra hluta sveitarinnar. Má benda á, að í öðrum þessara hluta býr mesti fjárræktarmaður Húnavatnssýslu og líklega einn af mestu fjárræktarmönnum landsins. Ég veit, að mörgum er kunnugt um, að þessi maður er oft bjarghella manna að því er snertir sjúkdóma í sauðfé og hrossum. Það er oft ein af veigamiklum ástæðum fyrir að setja símalínu, að koma ákveðnum mönnum í samband við símakerfið, eða þeim mönnum, sem almenn*ingur þarf að leita til.* Þessi maður hefir enga viðurkenningu hlotið fyrir störf sín, sem enginn efast þó um, að hafi verið til mikils gagns, einkum eftir að útflutningur byrjaði á freðkjöti, þar sem hann hefir komið upp fé, sem skarar fram úr og er til fyrirmyndar. Mér er ánægja að því að geta vitnað til hv. 2. þm. N.-M., því þar sem hann hefir verið á ferð og athugað fé, þá hefir féð frá Ásgeiri Jónssyni verið í hópi þess fjár, sem verðlaun hefir hlotið. Á þessu sést, að ástæða er til þess að veita starfi þessa manns viðurkenningu, ekki beinlínis vegna sjálfs hans, heldur þeirra, sem til hans þurfa að leita. Ég læt mér lynda það, sem n. hefir um þetta sagt, en vildi ekki láta þetta niður falla, af því að ég býst við, að n. hafi ekki verið kunnugt um þetta, þar sem ég hafði ekki talað um það við hana eða á neinn hátt reynt að draga sérstaklega fram hagsmuni míns héraðs.

**Frsm. (Gísli Sveinsson)** [óyfirl.]: Herra forseti! Mér finnst, að hv. þdm. hafi tekið afgreiðslu þessa máls skynsamlega og hófsamlega. Það má búast við, að eitthvað verði samþ. af því, sem n. er sammála um, en hitt verði þá látið bíða.

Ég minntist ekki á brtt. á þskj. 499. Ég hélt, að hv. þm. N.-Þ. myndi láta sér nægja það, sem meiri hl. n. hefir tekið upp, og myndi taka hina brtt. aftur. En það hefir hann ekki gert, þó að landssímastjóri hafi lagt á móti þessu. Það er hafinn undirbúningur undir það, að koma þessum bæjum í samband við þá stöð, sem næst er, en það er Þverá, því þar er landssímastöð. Ég efast ekki um, að þörf er á því, að símasamband náist þarna. Það háttar svo til, að Sandfellshagi liggur að vissu leyti í þjóðbraut, á stað, þar sem ferðamenn þurfa oft að koma við á, og er því fullkomin sanngirni, að lína komi þarna, hvort sem það verður landssímalína eða ekki. Má vera, að þess verði ekki langt að bíða, að lína komi þarna, þó að n. hafi ekki mælt með því.

Mér er það fullljóst, að símalögin með breyt. þeim, sem á þeim eru gerðar svo að segja árlega, eru komin í öngþveiti. Ég minntist á það við 2. umr. og vil láta það koma skýrt fram núna, að það er nauðsynlegt, að löggjöfin sé endurskoðuð og sett í samfellda heild og landssímastjóri og þeir aðrir, sem hér koma til greina, kæmu sér saman um, hvernig hin nýju lagaákvæði skyldu vera og hvernig l. ættu að vera í heild. Þá mætti svo fara, að miklu betri regla yrði, og að t. d. sumir línuspottar, sem nú er hnoðað inn í l., yrðu teknir sem sérstök grein af l. Yfirleitt er það svo, að það þarf að koma samræmi á símalöggjöfina, eins og gert hefir verið með vegakerfið, svo að hún komi fram sem ein heild, en það sé ekki alveg undir hælinn lagt, hvar lína er lögð og hvernig hún stendur af sér gagnvart öðrum línum. Hins er líka að gæta, að mikið getur skort á samræmi í einstökum héruðum, og þarf að halda áfram að umbæta löggjöfina og gera hana betri og aðgengilegri en hún er nú. Ég get nefnt sem dæmi það, sem hv. 7. landsk. hefir bent á, að landssímastjóri sjálfur hefir ekki áttað sig á till., sem fram hefir komið hér, en þar er sama línan, sem er í l. frá 1929. Það var því ekki þörf að koma með brtt. um þessa línu í Skagafirði, þar sem það er sama línan og áður, en þrátt fyrir það tel ég réttara að láta orðalagið haldast eins og það er nú, þó það sé að efni til sama og áður, því nú er það öllu viðtækara, enda telur landssímastjóri, að það sé nú meira svigrúm til þess að bæta við línum innan sveitarinnar en áður.

Þó að enginn úr hæstv. landsstj. sé hér viðstaddur til þess að taka upp þetta mál um samræmanlega símalöggjöf, þá býst ég samt við, að landssímastjóri fái að vita um þessi tilmæli n.

**Páll Zóphóníasson:** Ég hefi á síðustu stundu komið með eina brtt. Það liggur fyrir brtt. á þskj. 511, sem gerir ráð fyrir línu frá Skálavík í Reykjarfjarðarhreppi til barna-, unglinga- og iðnaðarskólans á Reykjanesi í Reykjarfjarðarhreppi. Ég vona, að þessi lína verði samþ. Ef hún verður lögð, þá liggur hún um túnið á bæ þeim, sem heitir Púfa. En þar býr oddviti sveitarinnar, sýslunefndarmaður og margt fleira, og þurfa menn því oft að ná í hann í síma, og þar sem hér er um aukalínu að ræða, þá tel ég sjálfsagt, að lína sé lögð heim á þennan bæ. Það gæti kannske verið hægt að fá þessa línu án þess að flytja till. um það, en ég tel þó réttara að taka þetta upp í brtt. á þskj. 511, og ætla ég því að leggja fram skrifl. brtt. um það, að hnýta þessu aftan við till. Ég vona, að menn fallist á að samþ. þessa brtt., þar sem hér er um það að ræða, að leggja síma inn á bæ, þar sem fjöldi manna þarf að nota hann, og er þetta því hagur bæði fyrir bóndann og fjölmarga menn aðra, sem þurfa að ná í hann í síma.

**Frsm. (Gísli Sveinsson):** Ég skal geta þess, að þessi till. kemur mér að óvörum, en það gerir ekki mikið til, því það er gott, að þessi tilmæli komi fram.

Ef rétt er skýrt frá því, að línan eigi að liggja um túnið á bænum Púfu, og þar sem hér er um aukalínu að ræða, þá á að vera auðgert fyrir bóndann að fá símalínu inn til sín, og tel ég ekki rétt að koma með brtt. um það. Ég hefi ekki átt kost á að tala við landssímastjóra um þetta. Ég get ekki fallizt á þessa brtt., en býst við, að það verði talinn gefinn hlutur, að sá bær, sem er í því túni, sem línan liggur um, fái síma. Ég vil því mælast til, að hv. þm. beri ekki fram brtt. um þetta, en láti sér nægja að fá meðmæli mín, ef á þarf að halda. Og býst ég við, að landssímastjóri taki það til greina.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. N.-M. við brtt. á þskj. 511, að aftan við gr. bætist: „með stöð á Púfu".

**Frsm. (Gísli Sveinsson):** Ég vil leyfa mér f. h. n. að mótmæla till. Hún er fram komin þannig, að landssímastjóra er ekki gert fært að segja álit sitt um hana. N. fylgir þeirri reglu, að láta enga till. koma fram án þess að landssímastjóri segi álit sitt um hana. Ég hygg, að hv. þm. (PZ) ætti að láta sér nægja þá skýringu, sem ég gaf, og álíta málinu fullborgið. Það er of mikill þrái — svo að ég bæti ekki neinu framan við — að vilja ekki sætta sig við þetta.

**Forseti (JörB):** Það þarf að leita tvennskonar afbrigða fyrir till., því að hún er bæði skrifl. og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 866) leyfð og samþ. með 14:3 atkv.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég hefi ekki mælt með 2 brtt., sem ég hefi flutt, enda þarf ég þess ekki, þar sem samgmn. hefir gert það, bæði form. n. og hv. 2. þm. Árn., og hafa þeir gert það mjög vel. Ég vil nota tækifærið og þakka n. fyrir undirtektirnar.

Út af skrifl. brtt., sem fram er komin, vil ég segja það, að ég vildi gjarnan hafa borið hana fram sjálfur, en ég gerði það ekki af því, að sá maður, sem á hér hlut að máli, er mér skyldur. Ég vildi ekki láta líta svo út, sem ég væri að halda honum fram af þeim sökum. Það er rétt hjá hv. 2. þm. N.-M., að þessi maður hefir öll

opinber störf á hendi fyrir sína sveit og verður að fara daglega alllanga leið í síma í Skálavík. Ég veit, að hann fær sér einkasíma, ef ekki er annað að gert, því hann getur ekki lengur án símans verið. Það hefði auðvitað þurft að bera málið undir landssímastjóra, en ég veit, að hann samþykkir þetta, þegar hann veit, að frá þessu heimili ganga öll erindi, er snerta sveitarmál, og þessi maður er trúnaðarmaður fyrir sveit sína og hefir nýlega verið settur í n., þar sem hann þarf oft að ná símasambandi suður til Rvíkur og víðar. Ég veit, að þetta mundi koma sér mjög vel fyrir hann, og vil ég eindregið mæla með því, að þessi brtt. yrði samþ., þó að ég játi, að það hefði verið æskilegra, að þetta hefði verið borið undir landssímastjóra.

**Frsm. (Gísli Sveinsson):** Ég skal enn á ný láta hv. þdm. heyra, að landssímastjóri hefir lagt á móti till. á þskj. 511, en samgmn. hefir tekið þetta út úr vegna skólastofnunarinnar, því hún vill gera sitt til þess, að sími sé lagður í skólann. En landssímastjóri hefir sagt, að þetta hafi verið fyrirhugað sem einkasímalína. Það gætu fimm bæir gert kröfu til þess að fá síma, ef hann væri lagður á þennan eina bæ, sem sé Þúfu. Við samgmn.mennirnir höfum haldið okkur við skólann, en viljum láta hitt ósagt.

**Páll Zóphóníasson:** Ég þarf eiginlega ekkert að segja, því hv. frsm. meiri hl. hefir ekki á nokkurn hátt hrakið, að nauðsyn sé að hafa stöð á Þúfu. Það, að hann lætur sér detta í hug, að hinir bæirnir heimti síma, sýnir, að það er þörf að taka það fram, að stöðin eigi að vera á Þúfu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 750, 499, 511, 635, 693, 699, 814, 831, 866).

**Frsm. (Gísli Sveinsson):** Mér er kunnugt um það, að allmargir hv. þdm. munu ekki hafa fylgzt með framsögu minni af nefndarinnar hálfu. Mun ég því úr sæti mínu geta afstöðu nefndarinnar til einstakra brtt. um leið og þær eru bornar undir atkv. (**TT:** Engar „agitatiónir". — **Forseti:** Hér er ekki um neinar „agitatiónir" að ræða, heldur aðeins skýringar og upplýsingar. — **MT:** Og svo erum við líka sjálfstætt fólk).

ATKVGR.

Brtt. 814,I felld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PO, SigfJ, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, FJ, GÞ, HannJ, JS, JörB.

nei: ÓTh, PÞ, PHalld, SK, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GG, GSv, JakM, JónP, JG, MT.

SE, GÍ, GTh greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (HV, JJós, JÓl) fjarstaddir.

Brtt. 814,II.a samþ. með 24 shlj. atkv.
— 814,II.b felld með 15:9 atkv.
— 814,III.a—d felld með 15:10 atkv.
— 814,IV samþ. með 19:3 atkv.
— 866 samþ. með 16:13 atkv.
— 511, svo breytt, samþ. með 20:4 atkv.
Brtt. 814,V samþ. með 14:9 atkv.
— 814,VI samþ. með 20 shlj. atkv.
— 831 felld með 15:13 atkv.
— 814,VII.a samþ. með 23:3 atkv.
— 814,VII.b samþ. með 18:6 atkv.
— 814,VII.c felld með 15:14 atkv.
— 699 samþ. með 16:10 atkv.
— 693 samþ. með 20:3 atkv.
— 499,c felld með 15:9 atkv.
— 635 samþ. með 19:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:3 atkv. og endursent Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 884).

Á 65. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 897).

## 72. Fiskimálanefnd o. fl.

Á 35. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.** (þmfrv., A. 431).

Á 38., 39. og 40. fundi í Nd., 16., 17. og 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefir verið rætt hér í d. nokkuð undir öðrum lið dagskrárinnar. Ég held því, að ekki sé eins mikil ástæða til að hafa langa framsögu fyrir því og annars hefði verið. Það mun almennt vera orðið viðurkennt, að nauðsyn beri til að skipa fisksölumálum okkar á annan hátt en verið hefir, og sú viðurkenning fæst jafnvel engu síður hjá þeim mönnum, sem telja sig fylgja frjálsri verzlun. En ég býst við, að menn greini á um leiðir. Leiðin, sem bent er á í frv., er fyrst og fremst sú, að ríkisstj. skipi fiskimálanefnd, sem gert er ráð fyrir að hafi víðtækt valdsvið. Það er gert ráð fyrir, að ýmsar stofnanir, er þarna eiga hlut að máli, tilnefni menn í þessa n. Þessir aðiljar eru: Alþýðusamband Ísl., S. Í. S., Fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda, Fiskifélagið, Landsbankinn og Útvegsbankinn. Sjöunda manninn skipar ríkisstj. N. þessi er skipuð til 3 ára í senn og jafnframt jafnmargir til vara til jafns tíma. Ef tilnefning kemur ekki frá einhverri stofnun, sem rétt hefir til þess, þá skipar ríkisstj. mann í hans stað.

Fiskimálanefnd er gefið viðtækt vald til að úthluta verkunarleyfum og löggilda saltfiskútflytjendur. Í öðru lagi skal hún gera athuganir og tilraunir með nýjar veiðiaðferðir, aukinn markað og nýjar verkunaraðferðir. Ég sagði áðan, að það væri viðurkennt, að skipa þyrfti sjávarútveginum forystu, en greint hefir á um, hver sú forysta ætti að vera. Það að skipa þurfi sjávarútveginum forystu hefir komið í ljós í frv. um fiskiráð, sem verið var að ræða áðan og Sjálfstfl. viðurkennir, að hann standi bak við. En í því frv. var ekki tryggt, að þetta ráð, sem þar er um talað, yrði nokkurntíma fullskipað, m. a. er þar gert ráð fyrir, að tvær bráðabirgðastofnanir, sem enginn veit, hve standa lengi, sem sé sölusamband ísl. fiskframleiðenda og sölusamband ísl. matjessildarframleiðenda, skipi sinn manninn hvor. Ennfremur átti þetta ráð ekkert valdsvið að fá, heldur vera ráðgefandi nefnd valdalaust og félaust, en þó þannig skipað, að það ætti vissar stofnanir að bakhjalli. Ekki er með frv. gefin nein trygging fyrir því, að fiskframleiðendur létu sig nokkuð varða till. „ráðsins“, eða bæri nokkur skylda til að fara eftir till. þess í framkvæmdinni. Í þessu frv. aftur á móti er gert ráð fyrir öflugu framkvæmdavaldi. Því hefir verið lýst, hvernig komið væri málefnum sjávarútvegsins. Líkur eru til, að um áramót eigum við 20 þús. smál. fiskjar óselt af þessa árs framleiðslu. Það hefir verið bent á með réttu, að ef ekki yrði breytt um verkunaraðferðir, hlyti sjávarútvegnum að verða siglt í strand, og þess mundi verða skammt að bíða, að saltfiskmarkaðurinn þrengdist svo, að við lægjum í landinu með ársframleiðsluna óselda. Af þessari lýsingu má sannarlega verða ljóst, að hér þýðir ekkert kák, það þarf öflugt framkvæmdavald í þessum málum, vald sem getur unnið það, sem þarf að vinna. Ég gat þess áðan, að í frv. þessu er gert ráð fyrir, að fiskimálanefnd fái viðtækt valdsvið. Auk þess að löggilda fiskútflytjendur á hún að úthluta verkunarleyfum, og eftir því sem hún telur henta vegna markaðsins, getur hún fyrirskipað, að viss hluti aflans verði verkaður á annan hátt en verið hefir.

Ég hefi undir umr. í dag um fiskiráðsfrv. verið að blaða í skýrslu sölusamb. ísl. fiskframleiðenda, sem útbýtt var í dag hér í d. Þar er mikið rætt um þessi mál, þ. á m. um nauðsyn þess, að ráðstafanir verði gerðar til að nokkur hluti aflans verði verkaður á annan hátt en hingað til. Nú hefði mátt búast við því, að S. Í. F. hefði gert till. um, hvernig þessu skyldi haga, en það hefir ekki verið gert; S. Í. F. hefir ekki talið það sitt hlutverk, en skýrslan sýnir þó fram á nauðsynina fyrir því að bæta úr vandræðum þeim, er fiskverzlun landsmanna er í, m. a. með fjölbreyttari verkunaraðferðum.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að fyrir geti komið það, sem í rauninni er verst fyrir okkur alla, að takmarka þurfi veiðina, ekki hjá einstökum skipum, heldur takmarka aukningu skipaflotans í heild, og fari það fram eftir því sem bezt hentar.

Í frv. er gert ráð fyrir, að menn verði að leita eftir veiði- og verkunarleyfum og tilkynna fyrir ákveðinn tíma, sem n. tiltekur, fiskimálanefnd ósk sína í þessum efnum, og einnig hvernig þeir ætla að verka aflann. Nauðsyn þessa ákvæðis sést af skýrslum „sölusambands ísl. fiskframleiðenda“, sem útbýtt var hér í d. í gær. Sölusambandinu var það fullkomlega ljóst strax í apríl í vor, að ekki dugði að verka allan fisk.

Ég geri ráð fyrir, að það hafi verið skylda stj. sölusambandsins að vara fiskeigendur við því, að það mætti ekki verka allan fiskinn á venjulegan hátt, því að hann seldist ekki allur þannig. En þær aðvaranir sölusambandsins hafa engum fiskiframleiðendum borizt.

Um áramótin verða um 20 þús. tonn af verkuðum saltfiski óseld, en á þessum tíma hefði verið hægt að selja nokkur þús. smál. af saltfiski, hefði hann ekki verið þveginn og verkaður. Þetta skipulagsleysi, sem verið hefir á þessum málum nú í ár, verður þess valdandi, að fiskbirgðirnar í landinu verða a. m. k. nokkrum þús. smál. meiri óseljanlegar nú um næstu áramót heldur en þurft hefði að vera og átt hefði að vera. Fiskimálin eru stærstu atvinnumál okkar, og hvernig er þeim skipað?

Eins og nú standa sakir, eru aðeins til tvær línur í einu lagafrv., sem ákveða um fisksölurnar, þannig að ekki megi flytja saltfisk út úr landinu, nema að fengnu leyfi ríkisstj., önnur ákvæði eru ekki til um þetta í l., en að öðru leyti er þessum málum skipað með reglugerð.

Hve mikil vandkvæði eru á þessu skipulagi, eða öllu heldur skipulagsleysi, má sjá af skýrslu sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem ég vitnaði í áðan í ræðu minni. Þau ummæli eru á bls. 20 í skýrslunni og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„.... Leið svo allt fram í aprílbyrjun, að stj. sölusambandsins vissi ekki með óyggjandi vissu, hvort hún mundi fá það fiskmagn til umráða af þessa árs framleiðslu, sem nægilegt var að hennar dómi til þess að halda starfsemi sinni áfram í sama horfi sem verið hefir.

Þótt þessi dráttur framleiðenda á því að taka ákvörðun um ráðstöfun fiskjar síns, hafi ekki komið að mikilli sök að þessu sinni, þá þarf naumast að fara mörgum orðum um það, hve slíkur dráttur getur verið skaðlegur. ...“

Þegar langt er liðið á vertíð veit stj. þessa stóra fyrirtækis ekki um það með vissu, hvort það haldi áfram störfum eða ekki. Slíkt öryggisleysi telur hún að vonum óþolandi. M. ö. o. fisksölusamlagið leggur sjálft dóm á þetta ástand, sem landsbúar verða nú að búa við, að einhverju þurfi að skipa til betri vegar.

Hv. sjálfstæðismenn hér í d., og fyrst og fremst form. flokksins, sem segist hafa verið alinn upp við fiskverzlun frá blautu barnsbeini, ætlaði að skipa þessum málum með því að setja ráðgefandi n. til að gefa mönnum lauslegar leiðbeiningar, en af skýrslum sölusambandsins sést, hversu mikil markleysa hefði verið að skipa þessum málum eins lösaralega og gert er ráð fyrir í frv. hv. þm.

Í umr. þeim, sem fram fóru undir öðrum lið á dagskránni um þetta frv., var ekki reynt að rökræða innihald frv., en eftirmáli frv. var tekinn og reynt að gera úr honum uppvakning til

þess að hræða hv. þm. frá því að ganga til fylgis við það. Þetta voru úrræði hv. andstæðinga.

Þeir hv. þm. Sjálfstfl., sem talað hafa um þetta frv., undir umr. um fiskiráðið, hafa haldið því fram, að það miðaði að einkasölu á saltfiski. Þessir hv. þm. sögðu þetta áður en frv. var útbýtt hér í hv. d., og þeir segja það líka eftir að því hefir verið útbýtt og eftir að hv. þdm. hafa haft það til meðferðar í marga daga, og hver og einn getur séð, að þetta, sem hv. sjálfst.menn segja í þessu efni, eru helber ósannindi.

Frv. miðar að skipulagningu fisksölunnar, fyrst og fremst með skipun fiskimálanefndar, og í öðru lagi með því móti, að útgerðarmenn geti sjálfir skipulagt fiskiútflutninginn algerlega á félagslegan hátt, án íhlutunar ríkisstj.

Því hefir verið haldið fram af hv. sjálfstæðismönnum hér í d., að þetta frv. miðaði fyrst og fremst að því að drepa þau sölusamtök, sem nú eiga sér stað meðal landsmanna. Ég mótmæli þessu sem rakalausri staðhæfingu. Frv. miðar fyrst og fremst að því að gefa útgerðarmönnum kost á því að skipuleggja fisksöluna á félagslegan hátt. Eins og nú er ástatt, er fisksalan að vísu að nokkru leyti skipulögð, en ekki á félagslegan hátt. Ef hún væri það, þá væri æðsta vald í fiskútflutningsmálum á félagsfundum sölusambands ísl. fiskframleiðenda. En það er öðru nær en að svo sé.

Þátttakendur í S. Í. F. hafa engin ráð. Æðsta vald er hjá 5 sjálfskipuðum mönnum.

Ég segi ekkert um, hvernig ég álít, að þessir menn fari með sitt vald. En því verður ekki neitað, og það má vitna til skýrslu sölusambandsins í því efni, að mjög eru skiptar raddir meðal þeirra, sem eru í sölusambandinu, um það, hvernig störf þess verki í framkvæmdinni.

Það er talsverð óánægja innan samlagsins sjálfs um það, hvernig málum útvegsins um land allt er stjórnað, að þessum stærstu samtökum í landinu skuli stjórnað af sjálfskipuðum mönnum, og að æðsta vald skuli ekki vera hjá félagsfundum fyrst og fremst.

Það má t. d. geta þess um þær nefndartill., sem samþ. hafa verið í þessu máli, á svo nefndum fulltrúafundi S. Í. F., sbr. skýrsluna á bls. 51, að aðeins 4 af 7 nm. greiddu þeim atkv., 1 var á móti og 2 sátu hjá.

Þegar verið er að tala um það, að frv. þetta miði fyrst og fremst að því að uppleysa þessi samtök, má benda á það í þessu sambandi, að í 4 gr. l. er beinlínis gert ráð fyrir því, að ef sölusamband fiskframleiðenda starfar, sem hefir umráð yfir 80% af fiskútflutningi landsmanna, þá geti fiskimálan. veitt fél. sérstök hlunnindi. En um leið er gerð sama krafa til fél. eins og til allra annara fél. í landinu, að félagsmenn ráði einhverju, að þeir kjósi sjálfir stjórn í fél. sínu, en hún sé ekki skipuð sjálfskipuðum mönnum, eins og nú er.

Ég skal viðurkenna, að eftir þeim brtt. á lögum S. Í. F., sem fram hafa komið á fulltrúafundi þess, er nokkur lagfæring fengin á þessu skipulagi á sölusambandinu, ef þær ná fram að ganga.

Þó eru till. þessar harla einkennilegar. Þar er gert ráð fyrir því, að stj. fél. sé kosin með almennum kosningum. Þar á eftir sé kosið fulltrúaráð, og þegar það er búið, á að byggja upp félagsskapinn. Ég held, að það sé einsdæmi, að byrjað sé á því að kjósa stj. í fél., og síðan sé farið að byggja upp félagsskapinn.

Ég álít þessar till. gera meiri kröfu til vanþroska Íslendinga í félagsmálum en fyrirgefanlegt er.

Það er viðurkennt í frv. af hálfu flm. með því að gefa einu fél., sem hefir umráð yfir 80% af fiskmagninu, sérstök réttindi, að það sé æskilegt, að slíkur félagsskapur starfi. En um leið eru gerðar þær kröfur til þessa félagsskapar, að hann geri þá menn ánægða, sem við skipulagið eiga að búa. Ef þetta tekst ekki, þá má gera ráð fyrir, að löggilda megi fleiri en einn útflytjanda.

Það er gert ráð fyrir því, að löggilda megi tiltekna tölu útflytjenda, en enginn megi samt hafa yfir minnu að ráða en 20 þús. skp. af fiski og fullnægi að öðru leyti skilyrðum landsl. til að reka verzlun.

Það má geta þess, að margir útgerðarmenn, og skiptast menn þar alls ekki eftir stjórnmálafl., álíta, að sölusambandið hafi gert tjón með því að draga viðskiptin um of í hendur einstakra manna í markaðslöndunum. Menn ættu að gera sér það ljóst, að mikið af þeim andmælum, sem fram hafa komið í sambandi við störf sölusambandsins, er sprottið af þessu. Viðskiptin erlendis hafa dregizt í fárra manna hendur. Og því verður ekki neitað, að þessi viðskiptaaðferð hefir mætt talsverðri gagnrýni, og það með réttu. Það er t. d. kunnugt, að sölusambandið borgaði einum manni á Ítalíu nokkuð mikið fé árið 1933. Svo var látið heita sem þetta væri leiga eftir kælihús, en almennt er álitið, að þau kælihús hafi ekkert verið notuð. En upphæðin, 330 þús. kr., var borguð til þess að þessi maður verzlaði ekki með fisk á þessu ári. Þessi maður var einhver stærsti innflytjandi ísl. fiskjar til Ítalíu á undanförnum árum og einn hinn bezti viðskiptis. Þessum manni hefir ekki verið borguð þessi sama upphæð á þessu ári, svo að hann hefir tekið upp sína fyrri fiskverzlun, þó ekki við Íslendinga, heldur við Norðmenn, þar sem hann gat fengið fisk með góðu móti. Hvers vegna var þessum góða viðskiptamanni bolað út úr fiskverzluninni? Hvers vegna þurfti ekki að borga þessa sömu upphæð 1934, ef það hefir verið rétt 1933? Ég skal ekki dæma um það. Undir gangi málsins álít ég nauðsynlegt að skýra frá ýmsu, sem mælir bæði með og móti því skipulagi, sem nú er á fisksölunni.

Ég vil ítreka það, að í frv. er gert ráð fyrir því fyrst og fremst, að eitt stórt félag sé starfrækt. Flm. frv. eru sammála um það, að ef hægt verður að koma þessum félagsskap þannig fyrir, að menn megi við una, og að hann verði byggður á sæmilega félagslegum grundvelli, og ef það verður ekki til þess, að fiskviðskiptin erlendis dragist í hendur of fárra manna, og markaðsmöguleikunum verði þar með spillt, þá sé bezt að hafa þetta form á fiskverzluninni.

Álíti fiskútflytjendur þetta fyrirkomulag

hinsvegar óheppilegt, þá er þeim gefinn kostur á annari leið, sem ég hefi fengið upplýsingar um, að mörgum líki betur, sem sé þá, að hafa fiskútflytjendur, ekki marga að vísu, en þó fleiri heldur en nú er. — Þetta er um sjálfa fisksöluna að segja. Ef útgerðarmenn treysta sér ekki með nokkru móti að koma þessu skipulagi á, sem tekið er fram í l., þá má gera ráð fyrir, að síðasta úrræðið verði, að fiskimálan. taki upp einkasölu á fiski.

Það verður síðasta úrræðið, sem gripið er til, í þeim tilgangi að skipuleggja fiskverzlun landsmanna, þegar útgerðarmenn sjálfir hafa gefizt upp við það, en fyrr ekki. — Þess vegna er rakalaust að halda því fram, að þetta frv. miði fyrst og fremst að því að koma á einkasölu. Frv. miðar, eins og ég gat um áðan, fyrst og fremst að því að koma upp öflugri forustu í sjávarútvegsmálum, sem öllum kemur saman um, að sé óhjákvæmilegt að hefjast handa um. Í öðru lagi miðar það að því, að útgerðarmenn geti sjálfir skipulagt fisksöluna á viðunanlegan hátt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta á þessu stigi málsins. Þetta er vitanlega eitt af allra stærstu málum þingsins, og þótt tveir hv. þm. Sjálfstfl. hafi lýst yfir því, að það væri mjög vafasamt, hvort þetta mál næði fram að ganga, þá er mér óhætt að lýsa yfir því, að þessu máli sé tryggður framgangur í þinginu með samtökum stjórnarflokkanna.

Ég skal ekkert um það segja, hvort frv. fer óbreytt í gegnum þingið. Það má vera, að fram komi einhverjar brtt., sem séu heppilegar, en meðan þær koma ekki fram, vil ég gera ráð fyrir, að frv. fari óbreytt gegnum þingið.

Ég fæ ekki séð, að hv. Alþ. geti skilið svo við þetta mál, að það skipi því ekki með þeim l., sem það telur, að geri það að verkum, að þessum tveim atriðum verði vel borgið, í fyrsta lagi þannig, að fisksölunni sé skipað á viðeigandi hátt, og í öðru lagi, að hafizt verði handa um hagnýtingu nýrra markaða og verkunaraðferða, til þess að koma í veg fyrir það yfirvofandi hrun, sem óhjákvæmilega hlýtur að koma, ef ekkert er að gert, og skipulagsleysi það, sem ríkt hefir undanfarið, er látið afskiptalaust.

**Ólafur Thors:** Ég tel ekki miklu varða að gagnrýna ræðu hv. þm. Ísaf., en ber fram þá ósk, að hæstv. atvmrh. lýsi nú þegar við þessa umr. afstöðu sinni til þessa máls, sem svo er stórvægilegt, að telja má, að afkoma þjóðarinnar velti á því, hvernig það leysist. Lastmæli hv. þm. Ísaf. um starfsemi sölusambands ísl. fiskframleiðenda sýna, að hann ber kaldan hug til þeirrar þörfu stofnunar. Það, sem hann sagði, var bæði rangt með farið og órökstutt. Þetta sannar, að það er rétt til getið hvað snertir þátttöku hans í flutningi þessa frv., að hann ætlar að reyna að koma þessari stofnun fyrir kattarnef.

Þessi þm. sagði, að ég hefði ætlað að skipa þessum málum, þ. e. a. s. saltfisksölunni, með því að stofna ráðgefandi n. Þetta ber þess ljósan vott, að hv. þm. hefir enga hugmynd um hvað hann er að segja í þessu efni. Ég ætlaði ekki að skipa þessum málum með fiskiráðinu. Þvert á móti var ætlazt til þess, að sölusambandið hefði saltfisksöluna með höndum, en svo var fiskiráðinu aftur á móti ætlað að hafa forustu á hendi um breyttar aðferðir í framleiðslu og meðferð fiskjar.

Vil ég svo vona, að hæstv. atvmrh. skýri sína afstöðu til þessa máls.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Þó að ég verði nú við tilmælum hv. þm. G.-K. um að skýra, hvað fyrir mér vakti, er ég hlutaðist til um, að frv. yrði flutt, óttast ég, að vafi geti á því leikið, að hv. þm. skilji mig til fulls. Ég ætla, að frv. sé svo ljóst orðað, með grg. hv. þm. Ísaf., að hver ætti þó að geta skilið, sem við það vill leitast. Ég get því, vegna framsöguræðu hans, verið stuttorðari en ella, enda hefir mikill hluti af starfstíma þessarar d. farið í að ræða þetta mál, beint eða óbeint.

Mér varð strax ljóst, að nauðsyn var, að stj. fengi víðtækt vald í þessum efnum, ef hægt ætti að vera að forða okkur frá öngþveiti. Í fyrsta lagi var nauðsynlegt að takmarka mjög rétt manna til að selja fisk til útlanda, því að svo er nú komið, að horfur eru á, að um 20 þús. smál. verði torvelt eða ókleift að selja til þeirra landa, er keypt hafa af okkur. Í skýrslu sölusamlags ísl. fiskframleiðenda er það oft tekið fram, að markað vanti fyrir mikið af birgðunum. Væri það því hið mesta óvit, ef hver mætti selja til útlanda það, sem hann vildi og af handahófi, og hlyti það að lenda í öngþveiti.

Í heimildarl. frá í fyrra, bráðabirgðal., er ákveðið, að fisk megi ekki selja til útlanda nema með leyfi stj. Þau l. falla úr gildi, ef þetta frv. verður afgr. Mér er það ljóst, að nauðsynlegt er, að stj. hafi þá heimild, sem þar er gefin, en eins vist er hitt, að hún þarf á enn þá víðtækari heimild að halda, ef vel á að vera. Stj. þarf að fá heimild til að skapa sérstökum útflytjanda aðstöðu til útflutnings.

Menn muna, að 1931 var skippundið af saltfiski selt á kr. 55.00 eða enn þá minna. Síðan hrakaði verðinu enn meira, og varð það til þess, að nokkrir fiskframleiðendur stofnuðu með sér sölusamlag. Hvað sem um þau samtök má segja, þá er víst, að þau hafa gert margt til að bæta fisksöluna erlendis. En eftir kunnugleik mínum á þessum málum verð ég að segja það, að engin trygging er fyrir því, að starfsemi samlagsins geti haldið áfram með góðum árangri.

Í frv. er lagt til, að enginn megi bjóða til sölu eða selja fisk til útlanda nema með leyfi fiskimálan., og í öðru lagi segir þar, að ef til er félagsskapur, sem ræður yfir ⅘ hlutum af saltfiskframleiðslu landsmanna eða meiru, þá sé heimilt að veita honum sérstöðu. Ef ekkert fél. er svona öflugt, þá er gert ráð fyrir, að n. geti löggilt tiltekna tölu saltfiskútflytjenda, ef þeir uppfylla tiltekin skilyrði. Fari svo í fjórða lagi, að ekki sé hægt að koma á nokkrum allsherjarsamtökum eða samkomulagi fárra fiskútflytjenda, þá getur ríkisstj. falið fisksölun. einkasölu á fiski til útlanda.

Mér var ljóst, að ekki nægði ríkisstj. að hafa heimild til að meta útflutnings- og sölumögu-

leika. Hún verður líka að geta gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að of mikið verði framleitt. Því á stj. að geta hlutazt til um, að ekki verði of mikið verkað. Er það óhjákvæmileg heimild. Er ekki vit í að verka hér meiri fisk fyrir Spánar- og Portúgalsmarkaðinn en hann getur tekið við. Af þessu leiðir svo, að óhjákvæmilegt er, að um einhverja forystu sé að ræða, sem létt geti fyrir mönnum í þessu efni, hjálpað til að finna nýja markaði og koma fiskinum í verð. Slíkt verður ekki gert nema með ákvæðum um, að n. fái til þess nokkurt fé.

Með því að geta þessara sex atriða, hefi ég nú reynt að skýra, hvernig málið horfir við frá mínum bæjardyrum. Ég þori að fullyrða, að fleiri en ég eru svo kjarklitlir, að þá myndi ekki fýsa að sitja sem atvmrh. upp úr áramótum, ef ekki kemst skipulag á þessi mál. Hverju á ráðh. að svara, ef útflutningsbeiðnir streyma að honum hvaðanæva? Á hann að neita? Myndi hann að líkindum fá orð í eyra, þar sem örðugleikarnir eru allir á því að selja. Eða á hann, þegar næsta vertíð byrjar, að leyfa öllum, sem vilja, að verka svo mikið fyrir þessi lönd í Suður-Evrópu, að við þessi 20 þús. smál., sem fyrir liggja um áramót óseljanlegar, bætist álíka mikið, sem ekki er heldur hægt að koma í verð? Það væri glapræði, jafnmikið glapræði og það, að gera ekki tilraun til að leita nýrra markaða.

Frv. fjallar um það, hvernig ég tel þessum málum bezt fyrir komið. Mér væri kært, að umr. yrðu ekki lengdar um hóf fram. Umr. eiga að snúast um málið sjálft, en ekki vera persónulegar hnútur milli einstakra manna.

**Ólafur Thors:** Ég skal með ánægju verða við tilmælum hæstv. atvmrh., að lengja ekki umr. um of.

Mér er nú, eftir að hafa hlustað á ræðu hans, ljósara en áður, hvað fyrir hv. flm. vakir. En ég verð að láta það í ljós, að ræða hæstv. ráðh. hefir ekki létt af mér þeim kvíða, sem flutningur þessa frv. hefir fyllt mig. Ég er enn jafnsannfærður um, að þetta mál getur haft hinar skaðlegustu afleiðingar fyrir fisksölu okkar. Get ég flutt að þessu sterk rök og skal sjá til, að þau komist á framfæri í hv. sjútvn. fyrir tilstilli flokksmanna minna þar.

Fyrsta afleiðing þessara l. verður sú, að fisksölusamlagið verður lagt niður, og verður sennilega upp úr því ekki um annað að ræða en leggja út á einkasölubrautina. Er ég sannfærður um, að hefði frv. ekki verið flutt, þá hefði allt farið fram með góðu móti. Og það verð ég að kalla undarlega hjartveiki hjá hæstv. ráðh., er hann skýtur því til hv. d., að sig hafi brostið kjark til að sitja í ráðh.stóli og eiga ekki stoð í löggjöfinni til að sjá við þeim voða, sem að hans dómi er framundan. Ég er viss um, að hér var ekki neinn voði á ferðum. Ég segi „var“, því að ef þetta frv. nær framgangi, má búast við, að allt raskist í því efni.

Hæstv. ráðh. þurfti engan kvíðboga að bera fyrir því, að eftir áramót myndi leita til hans fjöldinn allur af mönnum með beiðni um að mega selja fisk til Suðurlanda. Hann veit, að fisksölusamlagið hefir nú umboð langsamlega mests hluta fiskframleiðenda til að selja fiskinn. Hann veit líka, að ekki getur verið um að ræða nýjan, húsþurrkaðan fisk fyrr en 3—4 mán. eftir áramót, en ný, sólþurrkuð framleiðsla kemur ekki á markað fyrr en í maí eða júní. Og á vetrarþinginu í febrúar—apríl ætti að vera nægur tími til að skipa þessum málum, ef það sýnir sig, að fiskframleiðendur hafi ekki borið gæfu til að koma þeim í viðunandi horf með frjálsum samtökum, eins og þeir hafa áður gert. Ég ber ekki hæstv. ráðh. á brýn, að hann hafi ekki eftir föngum sett sig inn í þessi mál. Hitt fullyrði ég, að ef hann hefði verið þeim nægilega kunnugur, þá hefði hann talið hyggilegra að láta ekkert uppi um, hvað hann hefði í hyggju í þessum efnum fyrr en búið væri að skera úr því, hvernig framleiðendur sjálfir skipuðu sínum málum. Vitneskjan um, að ráðh. sé þess albúinn að veita þeim sérréttindi, sem taka sig út úr samtökunum, veikir að sjálfsögðu samtökin. Hitt er ég honum sammála um, að girða þarf fyrir, að framleiðendur hópist til að verka meira en hægt er að selja til Spánar og Portúgals. Af því að mér og mínum flokksbræðrum var þetta ljóst, hófumst við handa um að girða fyrir þennan háska. Og hefði fiskiráðið verið lögfest, þá hefði þeim voða verið bægt frá dyrum.

Allt annað, sem ég hefi skrifað upp eftir hæstv. ráðh., snertir einstök atriði í frv., og til þess að vera trúr loforði mínu til hans, skal ég leiða hjá mér að svara því nú.

Því miður verð ég að segja það, að upplýsingar hæstv. ráðh. gáfu mér ekki nýjar vonir í sambandi við þetta mál. Ég er enn sannfærður um, að þetta er ægilegt óhappamál, sem verða mun fisksölusamlaginu að fjörtjóni og leiða til böls fyrir þjóðina.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég bjóst ekki við því, að þessi fáu orð mín áðan myndu sannfæra hv. þm. G.-K. um nauðsyn frv., enda var mér áður kunn skoðun hans.

Hv. þm. heldur því fram, að flutningur frv. hér geti valdið miklum skaða og hljóti að gera það, ekki af því að það muni valda illvilja í okkar garð í löndum þeim, sem við höfum selt fisk, heldur af því að það muni sprengja sölusamtök þau, sem til eru hér heima.

Hv. þm. taldi það undarlega hjartveiki, að mig skyldi bresta kjark til að vera ráðh. eftir áramót, ef ekki kæmist ný skipan á þessi mál. Ég verð aftur að telja það undarlega hjartveiki að óttast, að sölusamlagið hljóti að springa við þessar ráðstafanir. Ég sé ekki betur en að eina fél., sem hefir yfir að ráða því fiskmagni, sem tiltekið er í frv. og uppfyllir að öðru leyti skilyrði þess, sé einmitt fisksölusamlagið. Hér er því gengið eins langt og hægt er til móts við hv. þm. G.-K. og flokk hans. Með því að veita slíku fél. þá möguleika, sem frv. gerir ráð fyrir, ættu fisksölusamlaginu að vera tryggðir betri starfsmöguleikar en það hefir nú. Fisksölusamlagið fengi að vita fyrirfram, hversu mikinn fisk það fengi til umráða. Ef það er ekki trygging, þá veit ég ekki, hvað kallazt gæti því nafni.

Erfiðleikar samlagsins nú eru aðallega fólgnir í því, að jafnan er allt í óvissu um hve mikið af fiskinum fer fram hjá samlaginu. Í skýrslu fisksölunefndarinnar er margbent á einn meginörðugleika, sem fisksölusamlagið hefir átt við að stríða, sem er í því fólginn, hve seint og illa gengur að fá umboð frá fiskeigendunum sjálfum.

Síðastl. haust var haldinn hér fulltrúafundur af mönnum, sem töldu sig fulltrúa fiskeigenda, og voru þar gerð frumdrög að samþykktum fyrir félagið. Þrátt fyrir það er mér ekki kunnugt um, að sölusamlagið viti, hve mikinn fisk það fær næsta ár. Fulla vitneskju um það fær það ekki fyrr en einhverntíma næsta ár. Að láta reka á reiðann um þetta þangað til tel ég hreinasta glapræði. Ef ótti þessa hv. þm. um það, að sölusamlagið springi vegna þess að frv. þetta kemur fram, hefir við rök að styðjast, þá er augljóst. að það er jafnmikil hætta á því nú, að það verði ekki starfhæft. Mín skoðun er sú, að það sé meiri hætta á að það springi, verði frv. ekki samþ. Ég vil því spyrja hv. þm., hvað eigi að gera, ef svo fer, á að láta reka á reiðann og bíða til næsta þings, sem sennilega kemur ekki saman fyrr en í marz næsta ár, og eftir þeim vinnubrögðum, sem venjulega eru hér á Alþ., má búast við að það standi fram á vor. Gæti því svo farið, að staðfesting l., sem þingið samþ., drægist langt fram í maí eða júní, en þá væri útflutningur hinnar nýju framleiðslu byrjaður. Ég held því, að hv. þm. G.-K. hljóti að sjá það, að það væri glapræði að fresta þessu þangað til. Ef fisksölusamlagið breytir l. sínum, til samræmis við ákvæði 4. gr. frv. og heldur sínum viðskiptamönnum, þá getur það búizt við að fá löggildingu sem aðalútflytjandi, en breyti það ekki l. fær það eðlilega ekki útflutningsleyfi nema eins og hver annar útflytjandi samanborið við það fiskmagn, sem það hefir yfir að ráða, en þá hefir það enga tryggingu fyrir því að vita fyrirfram, hve mikinn fisk það má flytja út.

Ég vona nú, að hv. þm. sjái, að þessi ótti hans við það, að sölusamlagið springi vegna þess að frv. þetta hefir komið fram, sé hugarburður einn. Ég tel, að samlagið sé betur tryggt vegna framkomu frv. Það hljóta því að liggja aðrar ástæður fyrir því en komið hafa fram, ef frv. á að geta orðið til þess að flýta fyrir sprengingu samlagsins.

Að því er snertir síðara atriðið í ræðu hv. þm., að ekki sé nægilega tryggt með frv., að ekki verði verkað of mikið af fiski til sölu í Miðjarðarhafslöndunum, þarf ég ekki miklu að svara. Án þess að ég vilji fara að vekja sérstakar umr. um þessi mál nú, þá vil ég þó benda á, að í frv. hv. þm. um fiskiráð var ekki gefið hið minnsta vald í þessum efnum. Samkv. ákvæðum þess var ekki hægt að segja við fiskframleiðendur: Þú mátt ekki verka nema þetta og þetta fyrir Miðjarðarhafslöndin. Það er ekki heldur hægt eftir því að segja við nokkurn mann: Þú skalt taka svona og svona mikið af afla þínum og herða hann. Það er aðeins hægt að ráðleggja mönnum að gera þetta og hitt, en fyrirskipa er ekki hægt. Það er svo í þessum efnum sem mörgum öðrum, að menn eru seinir til að taka upp nýbreytni, vilja heldur halda sér við það gamla. Hér þarf því að vera til vald og myndugleiki, sem getur skipað fyrir, hvað gera skuli, og það er einmitt gert ráð fyrir því í frv. mínu, en ekki í frv. hv. þm. Ég þykist nú vita, hverju hv. þm. muni svara til um þetta. Hann mun svara því einu, að hann trúi ekki öðru en að menn muni fara eftir leiðbeiningum sér hyggnari manna í þessum efnum. Þetta er trúaratriði, sem ég mun ekki fara að deila um við hann. En ég vil aðeins benda honum á. að það geti ekki skaðað, þó að heimild væri til í l. um valdboð í þessum efnum, ef á þyrfti að halda. Komi aldrei til þess, að slíkt þyrfti að nota, þá væri það gott.

**Ólafur Thors:** Ég hefi ekki látið neitt í ljós um það, hvort uggur minn og ótti stafi eingöngu af innanlandsástandi, eða því, hvort frv. þetta og ákvæði þess geti mætt mótspyrnu frá viðskiptaþjóðunum. Hæstv. ráðh. veit, að það getur brugðið til beggja vona í þeim efnum. Hinsvegar sé ég ekki ástæðu til þess að fara að gera þá hlið málsins að umræðuefni hér í hv. d. Ég tel réttara að tala um það við hæstv. ráðh. sjálfan sem þann mann, sem hér ræður mestu um, og mun ég gera það, að svo miklu leyti sem tilefni gefst til. Hitt get ég sagt hér og nú þegar, á hverju ég byggi það, sem hæstv. ráðh. telur ástæðulausan ótta, að sölusamlagið springi vegna ákvæða þessara laga. Rök mín eru þessi: Til þessa hafa fiskframleiðendur ekki átt annars úrkosti en halda saman um fisksölusamlagið, eða horfa fram á taumlausa samkeppni um sölu fiskjarins. En með frv. er opnuð sú leið, sem ég geri ráð fyrir, að margir vilji gjarnan aðhyllast, að einstakir menn eða fél. geti orðið útflytjendur fiskjar, lögverndaðir og sérréttinda aðnjótandi. Með þessu er ýtt undir þær óskir, sem vera má, að vaki hjá einstöku kaupsýslumönnum, að reka sjálfir verzlunina með fiskinn. Munu þeir vinna gegn framhaldandi starfsemi samlagsins, rægja undan því fylgi og leggja það að velli. En fari svo, er ég mjög hræddur um, að fyrr en vari taki við hrein einkasala á þessari vöru. Get ég og mun síðar færa að því sterk rök. Það er sjálfsagt rétt, að samlagið hafi haft einhverja örðugleika vegna þess hve menn eru seinir til að ákveða sig um þátttöku. En það, að samlagið fái ekki að vita nú þegar um þátttökuna næsta ár, skiptir ekki höfuðmáli. Eins og nú er, kallar ekkert sérstakt að um það, þar sem ennþá eru fleiri mánuðir til stefnu þangað til sala hefst á hinni nýju framleiðslu. Af þeim ástæðum er því gersamlega óþarft að skipa þessum málum með lagafyrirmælum nú á þessu þingi, og mundi með öllu skaðlaust að bíða til febrúarþingsins og sjá, hvað útvegsmenn sjálfir hafast að. Er ég þess fullviss, að sé ekki verið að hampa fríðindum og sérréttindum framan í þá, sem samtökin vilja rjúfa, munu framleiðendur halda saman svo sem verið hefir.

Enda þótt hæstv. ráðh. gæfi að nokkru leyti tilefni til að hefja á ný umr. um fiskiráðsfrv. mitt, mun ég ekki gera það. Hann gat rétt til, hverju ég myndi svara honum. Ég er sann-

færður um, að þær till., sem ég ber þar fram, myndu koma að fullum notum til lausnar þessu vandamáli, svo fremi þær fengju fram að ganga, því að ég tel enga ástæðu til að grípa fram í fyrir framleiðendum með valdboðum, þegar þess gerist ekki þörf.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** (óyfirl.): Ég hefi enga tilhneigingu til þess að beita valdboðum að þarflausu. En eins og ég sagði áðan þá tel ég það glapræði, að ganga svo frá þessu máli, að ekki væri neitt vald til, sem beita mætti, ef nauðsyn krefði.

Háttv. þm. G.-K. gat þess áðan, að hann hefði ekki sagt, að hann óttaðist ekki, að þetta kynni að hafa áhrif í viðskiptalöndunum. Ég vil nú endurtaka það, sem ég sagði, að ég geri ekki ráð fyrir, að einkasöluheimildin yrði notuð, nema rannsaka áður, hvort óttast þyrfti sérstakar afleiðingar hennar hjá aðalviðskiptaþjóðunum. Þessa yfirlýsingu má hafa eftir mér sem ráðherra. Annars er hann dálítið einkennilegur, þessi ótti háttv. þm. við einkasölu, þar sem hann hefir sjálfur sem ráðherra sett bráðabirgðalög um einkasölu á fiski og það alveg án þess að spyrja þingið að. — Þá vildi háttv. þm. halda því fram, að frv. þetta hvort sem að lögum yrði eða ekki, gæti orðið til þess að sprengja fisksölusamlagið, því að með því væri opnuð leið fyrir fleiri útflytjendur en nú eru. En þetta er hinn mesti misskilningur, sem mig stórfurðar, að háttv. þm. skuli bera fram. Nú eru engar hömlur lagðar á í þessum efnum, stj. getur leyft hverjum sem er að flytja út fisk, og það eru engar líkur til, að stj. yrði örari á útflutningsleyfin, þó að frv. yrði samþ., heldur en hún er nú.

**Ólafur Thors:** Ég veit, að hæstv. ráðh. skilur muninn á því, að taka einkasölu á allri saltfiskframleiðslu landsmanna, og bráðabirgðalögum þeim, sem ég lagði til, að gefin væru út, er mæltu svo fyrir, að um örstuttan tíma væru settar vissar skorður við útflutningi á nýjum afla, til þess að koma í veg fyrir verðfall á birgðum, sem lágu fyrir í landinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að sig undraði það, að ég skyldi ekki vita, að allir mættu flytja út fisk. Mig undrar, að hæstv. ráðh. skuli vera með slíka útúrsnúninga sem þessa, og það án þess að tilefni gefist til, því að hann veit, að sumir fiskútflytjendur hafa fylgt sölusamlaginu vegna þess, að þeir hafa óttazt, að frjáls og takmarkalaus samkeppni yrði til þess að fella verð fiskjarins í markaðslöndunum. Nú sagði hæstv. ráðh., að það yrði takmarkaður hópur útflytjenda, sem ætti að annast útflutninginn. Það er einmitt þetta, sem ég held, að geti orðið til þess að sprengja sölusamlagið. Þetta, að fáum útflytjendum er boðið upp á vernd og sérréttindi, er ég hræddur um, að freisti manna. Að geta orðið einn af þeim fáu og skarað eld að sinni köku freistar áreiðanlega ýmissa.

Þá gat hæstv. ráðh. þess, og sagði, að það mætti skoða sem yfirlýsingu frá sér, að einkasala á saltfiski yrði ekki tekin upp nema áður hefði farið fram rannsókn á því, hvernig slíku fyrirkomulagi yrði tekið í neyzlulöndunum. Þetta er virðingarvert hjá hæstv. ráðh. En ég vil benda honum á, að svo getur farið fyrir rás viðburðanna, hvað sem hans vilja líður, að það ástand, sem skapast, verði frv. þetta að l., rúmi fyrr en varir ekki annan möguleika til lausnar þessum málum en einkasölu, og verður þá ráðh. e. t. v. að grípa til einkasölunnar fyrr en hann hefði kosið, og áður en rannsókn sú, er hann lofar, getur fram farið.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** (óyfirl.): Ég þarf ekki að deila mikið við háttv. þm. G.-K. um það, hve skaðlegt það er, að útflytjendur saltfiskjar keppi hver við annan. Ég er ánægðari en svo yfir því, að hann skuli vera farinn að komast inn á þá skoðun, sem virtist örla fyrir í síðustu ræðu hans. Ég hefi lengi verið að reyna að koma honum inn á hana, en þrátt fyrir það þori ég ekki að fullyrða, að það hafi verið ég, sem hefi fengið hann inn á hana öllu frekar en rás viðburðanna.

Hann sagði, háttv. þm., að það gæti freistað manna, ef útflytjendurnir væru aðeins fáir, og væri því meiri hætta á, að sölusamlagið springi. Setjum nú svo, að ýmsir fiskiframleiðendur vilji ekki vera í fiskisamlaginu, t. d. Kveldúlfur o. fl., á þá að neita þeim um að flytja út sinn fisk? Fyrir þessu má aldrei loka augunum, að sölusamlagið getur tapað sínum viðskiptamönnum. Það má að vísu segja, að sú rannsókn í fiskmarkaðslöndunum muni hvorki sanna neitt né afsanna um það, hvort heppilegt kunni að vera að stofna til einkasölu á saltfiski, en hún getur gefið nokkra vísbendingu um það.

Þá vil ég benda hv. þm. á, að samkv. frv. er það ekki ráðh. að ákveða stofnun einksölunnar, nema að fengnu samþykki meiri hl. fiskimálan. og ég geri ráð fyrir því, að eftir þeim ákvæðum, sem getið er í frv. um skipun manna í nefndina, þá sé ekki ástæða til að ætla, að meiri hl. þessarar n. verði sérstaklega hvetjandi þess, að ríkisstj. taki einkasölu á saltfiski, nema hún hafi sannfærzt um, að með þeirri skipun fáist betri skilyrði fyrir útflutningi og sölu fiskjarins í markaðslöndunum. Og það er a. m. k. víst, að Alþfl. hefir ekki ráð á meiri hl. í n., ef þau ákvæði, sem nú eru í frv. um nefndarskipunina, verða að lögum.

**Ólafur Thors:** Ég skal vera fáorður og ekki misbjóða þolinmæði hæstv. forseta. Annars finnst mér, að ég eigi að hafa ráðherrarétt til ræðuhalda í þessu máli. (**Forseti:** Hv. þm. hefir fengið að tala jafnoft í þessu máli og hæstv. ráðh.). Ég þakka fyrir.

Hæstv. atvmrh. vill ekki skilja, hvað á milli ber í þessu máli. Það er vitaskuld rétt hjá honum, að einstakir fiskútflytjendur geta tekið sig út úr sölusambandi fiskframleiðenda, eins og því hefir verið skipað, og má vera, að suma hafi langað til þess. Hinsvegar hafa þeir að undanförnu ekki viljað gera það, af því að þeir báru kvíðboga fyrir því, að samtökin mundu þá dreifast og fisksalan fara í óreiðu, vegna skefjalausrar samkeppni og óreglulegs framboðs á

fiskinum í markaðslöndunum. Með þessari löggjöf eru þessum mönnum boðin sérréttindi, sem þeir e. t. v. telja sér feng í og trúa meir á en ég geri. Þetta ýtir undir, að þeir taki sig út úr og sprengi fisksölusambandið. Sýnist mér óþarft af ráðh. að látast ekki skilja þetta. Hæstv. ráðh. má ekki miklast af því, að hann hafi fært mér heim sanninn um, að óheppilegt sé að láta hina frjálsu samkeppni einráða um fiskverzlunina. Hvorki þetta né annað í þessum málum þarf hann að kenna mér. Reynsla síðustu árin og breytt aðstaða í markaðslöndunum talar sínu máli. Og áður hefi ég á Alþingi 1927 lýst þeirri skoðun minni, að heppilegast væri, að útflutningur og sala á saltfiski væri á fárra manna höndum. (**FJ**: Kveldúlfshöndum?). Já, það er ekki víst, að þær reyndust lakari en aðrar hendur í því efni. Og ég býst við, að þessum málum yrði þá betur skipað heldur en ef hv. þm. Ísaf. og hans nótar hefðu þau til meðferðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17:6 atkv.

---

Á 44. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.

**Frsm. (Finnur Jónsson)**: Það hefir svo mikið verið rætt um þetta mál hér í deildinni í sambandi við önnur mál og við eldhúsdagsumr., að ég sé ekki ástæðu til að segja neitt á þessu stigi málsins. Aðeins óska ég þess, að málinu verði vísið til 3. umr.

**Ólafur Thors**: Ég hefi rætt þetta frv. og aðaltilgang þess allýtarlega á Alþ. meðan stóð yfir eldhúsdagur. Einkum var önnur ræða mín allýtarleg gagnrýni á frv., og þykist ég hafa sannað svo ekki verði véfengt, að allar líkur benda til þess, að lagt verði niður sölusamb. ísl. fiskframleiðenda og tekin upp einkasala. Ég held, að ekki sé þörf af minni hendi að rekja þau rök hér upp aftur eða endurtaka þau, en læt nægja að vísa til fyrri ræðna minna, sem þeir, er þingtíðindin lesa, geta fundið í umr. við frh. 1. umr. fjárl.

En ég vil mælast til þess, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til sjútvn. Það kemur að vísu frá meiri hl. n., en rétt er, að þetta stórmál fái meiri athugun í nefnd.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)**: Ég get haft sama formála og hv. frsm. og hv. þm. G.-K., að ég hefi áður svarað þeim rökum, sem fram hafa komið gegn frv. En ég get tekið undir með hv. þm. G.-K., að æskilegt sé, að málið verði athugað í n., þó þannig, að ekki valdi töf um afgreiðslu málsins.

**Jóhann Jósefsson**: Mér finnst ekki nema rétt að málið fari í n. Þrátt fyrir það, að frv. sé flutt af meiri hl. n. og borið undir minni hlutann á sínum tíma, þá eru þó mörg atriði í því, sem hljóta að koma til álita í nefndinni, og ég held, að það sé bara gleymska hv. frsm. eins og oft vill verða, að honum láðist að óska þessa um leið og hann óskaði, að málinu yrði vísað til 3. umr.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að málinu þurfi að hraða sem mest, en ég vil benda á það, að það eru fleiri stórmál í nefndinni, sem þarf að hraða. Ég á þar við frv. um skuldaskilasjóð og fiskveiðasjóð. Ég óska alls ekki að tefja fyrir málinu, síður en svo, en tel rétt að vísa því til sjútvn. og að sjálfsögðu með forsendum hæstv. atvmrh. Til þess að tefja ekki umr., skal ég ekki fara út í einstök atriði nú, og ef n. fengi þau lagfærð, svo ekki yrði deiluatriði, þá er ekki sérstök ástæða til þess.

**Frsm. (Finnur Jónsson)**: Ég held, að ekki sé sérstök ástæða til að vísa þessu máli til sjútvn., vegna þess að málið er búið að vera þar til ærið langrar meðferðar. Allir nm. fengu frv. til yfirlestrar 2 eða 3 dögum áður en það var tekið á dagskrá í n. Auk þess fengu þeir tveir nm., sem eru í minni hl., frest til að bera málið undir sinn flokk. Ég held, að það sé því ekki sérstök ástæða að vísa málinu til n. Ég get hinsvegar lofað því að taka málið til meðferðar í n. í fyrramálið, ef óskað er.

**Sigurður Kristjánsson**: Það er alveg rétt, að sjútvn. fékk frv. til athugunar. En það er alveg jafnrétt, að það var ekki rætt í n. og form. bar aðeins upp, hvort n. ætti að flytja frv. eða ekki, og umr. fengust ekki. Ég óska þess, að frv. verði rætt í n., því að mín meining er sú, að hér sé ekki um svo lítilfjörlegt mál að ræða, að ekki eigi að bera það undir fleiri en þá, sem í nefndinni sitja, ég álít, að þetta sé svo stórt mál, að það eigi að leita ráða þeirra, sem mest hafa með þessi mál að gera, svo sem bankanna og fisksölusamlagsstjórnarinnar, en það hefir alls ekki verið gert. Ég vil því eindregið mælast til þess, að frv. komi til meðferðar í n. og geri að *till. minni*, að umr. *verði frestað*.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)**: Ég vil eindregið mæla gegn því, að umr. verði frestað, og held, að enginn láti sér detta í hug að fresta henni eftir að yfirlýsing frá form. n. liggur fyrir um að hann skuli taka málið fyrir í n.

**Bergur Jónsson**: Ég vil aðeins benda á, að sú meðferð á máli, sem er flutt af n., að því sé vísað aftur til sömu n., hefir ekki þekkzt fyrr hér á þingi. Það kom að vísu til orða um annað mál á þessu þingi, en forseti sá ekki ástæðu til að verða við þeirri ósk. Ég hefi vitanlega ekkert á móti því sem einn flm. þessa frv., að því sé gert hærra undir höfði en öðrum frv., en þar sem það er vitað, að 3 nm. eru flm. frv. og hinir tveir hafa lýst yfir því, að þeir hafi kynnt sér frv., álít ég, að hv. þm. G.-K. geti sætt sig

við, að n. athugi frv. án þess að því verði vísað til hennar og án þess að fresta umr.

**Forseti (JörB):** Til þess að stytta umr., skal ég skjóta því fram, að hv. þm. G.-K. hefir lýst yfir því, að hann sætti sig við loforð form. sjútvn., að frv. skuli tekið til athugunar í n.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég skil ekki í því, að flm. geti nokkuð haft á móti því, að umr. verði frestað. Ég geri ekki ráð fyrir, að fresturinn hafi áhrif á, hvort málið nái fram að ganga eða ekki. Ég vil benda á, að venjan á að vera sú, að málin séu sem bezt undirbúin fyrir 2. umr. og við 2. umr. Mér sýnist þetta of stórt mál til þess, að það fái ekki meiri undirbúning en smámál eða jafnvel minni. Það er hlutverk nefnda ekki aðeins að athuga málin sjálf, heldur og að afla upplýsinga þeirra, er vit hafa á málunum og geta lagt eitthvað til, er að gagni má verða. Ég held fast við það, að málið eigi að koma til n. áður en gengið er til atkv. um einstakar gr. eða frv. í heild. Hitt er ekkert atriði, hvort því er formlega vísað til n. eða samkomulag er um það, en atkvgr. um það á ekki að fara fram á þessu stigi málsins.

**Jóhann Jósefsson:** Ég skil ekki, hvers vegna má ekki vísa frv. til n. á þessu stigi málsins. Ef hæstv. stj. og flm. vilja ekki fresta umr. og vísa málinu til n. eftir að því hefir verið lýst yfir, að málið skuli þar tekið til meðferðar, sýnist mér það liggja eins beint við og að ljúka umr. nú. Mér sýnist vera nauðsynlegt, að þetta mál verði athugað gaumgæfilega og að fleiri aðilum en n. verði gefinn kostur á að láta uppi sína skoðun; tel ég ekki þýðingarlaust, að sjútvn. — og enda sjálfsagt — sendi frv. þetta til bankanna og fisksölusamlagsstj., svo að þeim gefist kostur á að segja sitt álit. Ég tók eftir því við útvarpsumr., að frsm., hv. þm. Ísaf., taldi víst, að stj. fisksölusamlagsins legði ekki móti frv.; ef svo er, þá er gott að fá það skjallega sannað. En hvort sem er sé ég enga hættu af því að vísa málinu til n. milli 2. og 3. umr. frekar en milli 1 og 2. umr. En ef ekki þykir viðeigandi, að frv. fari til n., og hæstv. stj. hugsar sér að keyra frv. í gegnum þingið án þess, þá er ekkert við því að segja, hún ræður því, en þá verður að haga sér í umr. og öðru eftir því.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég leyfi mér að styðja eindregið þá till., að málinu verði vísað til n. Hv. 6. þm. Reykv. upplýsti það, að málið hefir ekki verið rætt í n., og hv. frsm. meiri hl. hefir ekki afsannað það. Hv. 6. þm. Reykv. upplýsti það, að frv. hefði verið lagt fyrir n. aðeins til að taka ákvörðun um, hvort n. flytti málið eða ekki, en því var neitað að ræða frv. eða rannsaka eða yfirleitt að láta það fá þá meðferð, sem talið er, að málin eigi að fá í n. Sannleikurinn er því sá í þessu máli, að frv. hefir aldrei fengið neina meðferð í n., og það er fleira athugavert í þessu sambandi, er ég síðar skal koma að.

Forseti og ýmsir aðrir telja það nægja, ef n. lofar að taka mál til athugunar. Um daginn var hér mál í deildinni, sem af sömu ástæðu var ekki vísað til n., heldur lofaði hún að athuga málið, og varð samkomulag um það, en það var bara aldrei gert. N. kom aldrei saman til að athuga málið. Til þess lágu vitanlega aðrar ástæður en sviksemi, því að það voru haldnir deildarfundir þá daga á venjulegum fundartíma nefndarinnar. Minni hl. hefir eigi haft tækifæri til þess að athuga þetta frv. áður en það var afgr. frá n. En ef frv. er vísað til n. þá er það ekki tekið á dagskrá fyrr en öll n. hefir athugað það gaumgæfilega. Er því meiri nauðsyn á að frv. fari til n., þar sem það er bersýnilegt, hvað frv. er óathugað.

Það er gert ráð fyrir því í frv. sem neyðarúrræði, að sett verði á stofn einkasala á saltfiski. En því er ekki að neita, að margir menn óttast, að hér sé um beina einkasölu að ræða, enda er frv., eins og það er, hreint einkasölufrv.

Að vísu eru löggiltir útflytjendur samkv. frv., en þeir mega engan samning gera um sölu á fiski, nema fá heimild til þess. Hver er þá munurinn á þessu og því, að þessi aðili, sem heimildirnir veitir, taki fisksöluna alveg í sínar hendur. Frv. er því eigi aðeins leið til einkasölunnar, heldur er það einkasölufrv. frá upphafi. Flm. virðast eigi hafa gert sér þetta ljóst, og að því er virðist hefir hæstv. atvmrh. ekki heldur gert sér það ljóst.

Þá hefir þetta frv. ekki verið borið undir þá aðila, sem eiga siðferðilegan rétt á því, að láta í ljós álit sitt um það og mesta þekkinguna hafa á þessum málum. En það eru bankarnir og fisksölunefndin. Ég verð að segja, að það er ekki vansalaust fyrir Alþ., ef á að knýja þetta frv. í gegn án þess að það fari til n. og athugasemdalaust.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil minna hv. dm. á, að það er eftir ein umr., og að mál þetta er flutt af meiri hl. n. og því eigi ástæða til þess að vísa því til n. aftur.

Ég tel hinsvegar rétt að athuga málið, enda hefir form. sjútvn. lofað, að það skyldi gert, og ætti það að vera nægilegt, einkanlega þegar þess er gætt, að minni hl. n. hafði í 3 daga tækifæri til þess að athuga frv. og bera sig saman við sinn flokk um málið. Ég vil því halda fast við kröfu mína um að málinu verði vísað til 3. umr., án þess að því sé sérstaklega vísað til n.

**Gísli Guðmundsson:** Ég vil aðeins geta þess í sambandi við þessar umr., að það eru fleiri dæmi þess, að mál, sem flutt eru af n., eru ekki látin fara til n. aftur. Ég vil taka t. d. frv. um skipulag á fólksflutningum á landi, sem meiri hl. samgmn. flutti fyrir tilmæli stj. Það kom fram ósk um það, að þessu máli væri vísað til n., en forseti taldi ekki, að það væri samkv. þingvenjum. Hinsvegar var það tekið fram, að n. athugaði málið, enda gerði hún það. Mér skilst, að eins sé ástatt um þessi tvö frv., og beri því eigi að vísa þessu frv., er hér liggur fyrir, til n.

**Bergur Jónsson:** Það er eigi ástæða til þess að hafa langar umr. um þetta, en ég verð að mótmæla þeim orðum hv. 3. þm. Reykv., að það sé brot á þingvenjum að vísa eigi þessu máli til n. Það er þvert á móti brot á þingvenjum að vísa því til n. Ég get nefnt mörg dæmi þess, að mál, sem borin eru fram af n., eru eigi látin ganga til n. aftur. Því að ef meiri hl. n. flytur eitthvert frv., hefir hann athugað það svo og gengið svo frá því, að eigi er ástæða til, að fram komi nál.

Ég skil ekki annað en að menn geti verið ánægðir með þá yfirlýsingu, sem form. sjútvn. hefir gefið hér, að n. taki málið til athugunar og gefi minni hl. n. tækifæri til þess að koma fram með brtt., ef honum þykir þörf á því.

Mér hefir virzt það vera samkomulag hér, að ræða ekki efni frv., en ég verð þó að gera aths. við nokkur ummæli hv. 3. þm. Reykv. um frv. Hann sagði, að frv. væri illa undirbúið, og að í því væri haldið fram sem síðasta neyðarúrræði saltfiskeinkasölu.

Ég efast nú ekki um það, að hv. þm. sé svo glöggur, að honum blandist ekki hugur um það, að í 12. gr. er þessa getið sem ýtrasta neyðarúrræðis. Áður en einkasala kemur til greina verður reynt, hvort félag framleiðenda getur ekki skipulagt fisksöluna. Ég skil þess vegna ekki, hvernig þessi hv. þm., sem er með gleggstu þm., getur haldið því fram, að hér sé um hreina einkasölu að ræða. Hv. þm. veit sjálfur, að þetta er rangt. Það er ekki minnzt á einkasölu fyrr en í 12. gr. og þá með því fororði, að öll önnur sund séu lokuð. Það er því ástæðulaust að deila um það. Hitt má deila um, hvort rétt sé að koma hér á samvinnuskipulagi, eins og frv. ætlast til.

Ég vona svo, að hv. þm. fari ekki aftur að láta prenta í þingtíð. rangsnúninga sína í þessu efni.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hv. þm. Barð. mótmælti því, að það væri rétt hjá mér, að það væri brot á þingvenjum að vísa ekki máli þessu til n.

Ég þekki dæmi þess, að ástæðulaust hefir verið að vísa málum, sem flutt eru af n., til n. aftur, en það stendur sérstaklega á um þetta mál. Það hefir yfirleitt ekki fengið neina meðferð í n.

Hæstv. atvmrh. sagði, að minni hl. n. hefði fengið frest til þess að athuga, hvort þeir vildu gerast flm. frv. með meiri hl. n. Þetta þýðir engan veginn, að málið hafi fengið venjulega meðferð í n., enda er það staðhæft af hv. 6. þm. Reykv., að málið hafi aldrei verið rætt í n. og ekki fengizt rætt þar. Ég álít það brot á þingvenjum að láta slíka meðferð nægja.

Ég vil þá víkja að því, hvað felst í þessu frv., en hv. þm. Barð. taldi, að ekki væri minnzt þar á einkasölu fyrr en í 12. gr., og þá sem ýtrasta neyðarúrræði. Við því er það að segja, að með 5. gr. er þessi löggjöf gerð að einkasölulöggjöf. Því að þó fyrirkomulagið sé þannig, að einstakir útflytjendur séu löggiltir, þá eru hendur þeirra bundnar með 5. gr., þar sem þeir verða að lúta boði og banni fiskimálanefndar og geta ekki gert samninga um sölu nema með leyfi n. og ekki hægt að kaupa af þeim nema með hennar leyfi.

Munurinn á hreinni einkasölu og þessari er aðeins sá, að útflytjendur hafa hér sérstakar skrifstofur. Það, sem breytist, þegar hrein einkasala kemur, er aðeins það, að þessar skrifstofur verða lagðar niður, en einkasalan er hér frá upphafi. Þetta verða hv. flm. að gera sér ljóst, ef þeir eru hræddir við einkasöluna.

**Bergur Jónsson:** Ég skal ekki verða langorður. Ég vil bara benda á það, að það eru sérstaklega mörg mál, sem meiri hl. n. hefir flutt, sem farið hafa gegnum þá d., er þau eru borin fram í, án þess að þeim væri vísað til n. Ég býst við, að þó að þessu frv. verði ekki vísað til n. í þessari hv. d., þá verði því vísað til n. í Ed. Ég get í því sambandi bent á áfengislagafrv., sem er allmerkilegt frv. og umdeilt, en eigi var vísað til n. hér í d., en hinsvegar í Ed. Ég get ekki fallizt á, að málið sé óathugað. Eins og hv. þm. Vestm. mun geta borið um, þá fékk minni hl. nægan tíma til þess að athuga málið áður en það var sett fram og tækifæri til þess að gerast flm. frv. með meiri hl. n. Ég fæ ekki séð, að frv. muni taka neinum bótum, þótt það fari til n. aftur, þar sem meiri hl. n. er flm. þess, en minni hl. hefir þegar gefizt kostur á að athuga það.

Það þýðir ekki að deila um það við hv. 3. þm. Reykv., hvernig þessi l. muni reynast. Hann gekk inn á það, að rétt væri, að einkasalan kæmi aðeins sem ýtrasta neyðarúrræði.

Annars virðumst við hafa mismunandi mikla trú á fiskframleiðendum. Ég er svo bjartsýnn, eða kannske barnalegur, að ég trúi því, að þeir hafi næga skynsemi til þess að ganga undir heilbrigt og gott félagsskipulag. Og ég er m. a. s. svo bjartsýnn, að ég held, að fiskframleiðendur sjálfir muni sjá, hve mikil réttindabót þetta er fyrir þá, og hve miklu heilbrigðari grundvöllur það er til að starfa á.

**Forseti (JörB):** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að mjög eru farnar að blandast saman umr. um þingsköp og umr. um málið sjálft. Vil ég vona, að menn komi sér nú saman um að karpa ekki þannig áfram.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Það er rétt hjá hæstv. forseta, að blandazt hafa saman umr. um þingsköp og málið sjálft, en ég sé ekki hvað hægt er að gera við því, enda umr. um málið sennilega heimilar.

Hv. þm. Barð. er fljótsvarað. Hann sneri hlutunum alveg við, er hann taldi sig hafa meiri trú á framleiðendum en mig. Frv. fer og í þveröfuga átt við þessa trú hv. þm., því að það fer fram á að taka ráðin af fiskútflytjendum. Þeir hafa sitt skipulag, sem þeir, er þetta frv. flytja, virðast enga trú hafa á.

Hv. þm. Barð. talaði um, að þetta frv. væri byggt á samvinnugrundvelli. Flm. þurfa sannarlega að athuga frv. betur. Hver hefir nú talið þeim trú um þessa vitleysu? Í samvinnufél. er það algild regla, að hver aðili

sé einráður um sín málefni. Kaupfélög úti um land ráðstafa sínum afurðum hvert fyrir sig, eða hafa a. m. k. rétt til þess að gera það. Kjötinu mun reyndar ráðstafað undir stjórn Sambandsins, en öðrum afurðum ráðstafa fél. sjálf, og innflutningur þeirra er t. d. óháður Sambandinu. Engar slíkar skorður er að finna í þessu frv.

Það má segja um hv. þm. Barð., „að litlu verður Vöggur feginn", er hann gleðst svo yfir því, að ég skuli viðurkenna, að eigi sé beinum orðum talað um einkasölu fyrr en í 12. gr., því að ég tók það fram, að með 5. gr. væri þetta í raun og veru gert að hreinni einkasölu, þar sem útflytjendur fengju engu að ráða, nema samþ. n. kæmi til. Ég held, að meiri hl. sjútvn. hefði gott af að taka málið til meðferðar í n., þar sem flokkarnir ræddu það ekki aðeins hver fyrir sig, heldur allir flokkar saman. Ég hygg, að ef tækifæri gefst til þessa, þá muni ýmislegt skýrast fyrir meiri hl., sem nú er óljóst fyrir honum.

**Bergur Jónsson:** Ég skil ekki í því, hvernig á því getur staðið, að hv. 3. þm. Reykv. telur frv. þetta ekki byggt á samvinnugrundvelli. Í 4. gr. l. er þó vísað til l. um samvinnufél.

Mér virðist vaka fyrir hv. þm., að grundvöllur samvinnufélagsskaparins væri það, að menn hefðu frjálsræði. Það er svo um samvinnufélagsskapinn, að hann setur reglur, er menn verða að hlýða, ef þeir eiga að verða aðnjótandi vissra réttinda. Svo er og um frv. þetta.

Hv. þm. hefir annan skilning á þessu máli en meiri hl. n., og ég hefi enga ástæðu til þess að að ætla, að það bæti nokkuð okkar skilning á málinu, þótt við ræddum við hv. sjálfstæðismenn í n. um það.

Ég býst við, að hv. þm. segi það af ókunnugleika, að minni hl. n. hafi eigi haft tækifæri til þess að athuga frv. Minni hl. n. fékk góðan tíma til þess að athuga frv., áður en það kom fram hér í hv. d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:13 atkv.
2.—14. gr. samþ. með 17:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:10 atkv.

**Jóhann Jósefsson:** Ég hafði komið með till. um að vísa þessu máli til sjútvn. Eins og kunnugt er hefir þetta mál ekki verið athugað í n., eins og venja er til um þau mál, sem vísað er til n. En með því að hæstv. forseti hefir lagt mikla áherzlu á það sjálfur, að þó að þessu máli yrði ekki vísað til n., þá verði það athugað rækilega milli 2. og 3. umr. af sjútvn., vil ég minna á það, að það er ekki tilgangur okkar, sem höfum viljað vísa því til n., að tefja fyrir málinu. Ég mun því taka till. aftur um að því sé vísað til sjútvn., en þó með þeim forsendum, að málið fái rækilega athugun af n.

**Bergur Jónsson:** Ég vil fá viðurkenningu hv. þm. Vestm. fyrir því, að hann fékk ákaflega rúman tíma til þess að kynna sér þetta mál, áður en það kom fyrir hér í d.

**Jóhann Jósefsson:** Sú viðurkenning skal þegar veitt. Ég hafði góðan tíma til þess að athuga málið sem handrit, en hitt er jafnvíst, að n. hefir ekki rætt málið í heild sinni, og það hefir ekki fengið þá meðferð, sem mál fá venjulega í n., þó að við hv. 6. þm. Reykv. höfum fengið málið til álits og skoðunar.

**Forseti (JörB):** Mér hefir skilizt það á meiri hl. sjútvn., að hann sé mjög fús til þess að taka málið til rækilegrar athugunar, og það mál studdi hæstv. atvmrh. með ummælum sínum, og ég vil mega vænta þess, að málið verði athugað gaumgæfilega í n., ekki síður þó að þessi málsmeðferð sé höfð.

---

Á 51. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 431, 662).

**Jóhann Jósefsson:** Ég vildi mjög eindregið mælast til þess, að frv. yrði tekið af dagskrá í þetta sinn. Ástæðan fyrir þessari beiðni minni er sú, að á fundi sjútvn. 29. nóv. var samþ. að leita álits bankanna og fisksölusamlagsins um málið. Enn þá hafa álitsgerðir þessara stofnana ekki borizt n., en ég hygg, að í fundarbyrjun hafi form. n. borizt bréf frá Útvegsbankanum um málið, en frá hinum mun ekkert hafa heyrzt. Ég vildi því mælast til, að við nm. fengjum aðstöðu til þess að kynna okkur þessi álit.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég vil leyfa mér að mótmæla því, að mál þetta sé tekið út af dagskrá nú. Þeir, sem hafa haft í hyggju að koma fram með brtt., hafa haft nóg tækifæri til þess, svo þeirra hluta vegna þarf ekki að fresta þessari umr. Þetta er eitt stærsta og þýðingarmesta mál þingsins, sem alls ekki má tefja að nauðsynjalausu. Eins og háttv. þm. Vestm. gat um, þá er komin umsögn um málið frá Útvegsbankanum, og úr því sem komið er, þá sé ég enga ástæðu til þess að bíða lengur eftir svari frá hinum aðilunum, sem frv. var sent til umsagnar, þar sem sá tími, sem þeim var settur til þess að svara, er löngu liðinn.

**Jóhann Jósefsson:** Ég vil leyfa mér að benda á, að þetta er 3. og síðasta umr. máls þessa hér í d., og því síðustu forvöð fyrir háttv. þdm. að láta uppi álit sitt um málið og gera upp við sig, hvort þeir ætla að fylgja því eða ekki. Eins og hæstv. forseti hefir heyrt, þá hefir verið leitað álits þriggja aðilja um frv. þetta, en það var vitanlega gert til þess, að fá fræðslu um þau mikilsverðu atriði, sem í því felast, en nú hefir ekki ennþá komið svar frá þeim, svo þm. hefir ekki gefizt kostur á að heyra álit þeirra. Ég hefi t. d. þeirra hluta vegna dregið að ganga endanlega frá brtt., sem ég hefi í hyggju að bera fram, og vil því endurtaka þá ósk mína, að málið verði tekið út af dagskrá nú, því ég sé ekki heldur, að það sé í hættu, þó að því sé frestað um einn dag.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég vil benda á, að mál þetta á eftir að ganga gegnum þrjár umr. í Ed., eftir að það fer héðan. Er því nóg tækifæri ennþá fyrir þá, sem ekki hafa hirt um til þessa að koma með brtt., að koma þeim að. Að fara að tefja málið til þess að bíða eftir umsögn Landsbankans og sölusamlagsins, sé ég enga ástæðu til. Það er algengt, að leitað sé umsagnar ýmissa stofnana um mál, en þegar lengi dregst að fá þær, eru málin venjulega tekin fyrir. Nú hefir það dregizt í 4 daga fram yfir það, sem nefndin óskaði, að fá álit þessara aðila; virðist því engin ástæða til þess að bíða eftir því lengur. Ég mun undir umr. skýra frá umsögn Útvegsbankans, sem mér hefir nýlega borizt. Að svo mæltu óska ég, að málið verði tekið fyrir nú þegar.

**Pétur Ottesen:** Mér skilst, að álit Útvegsbankans hafi ekki verið rætt í sjútvn. (**JJós:** Það er rétt). Mér finnst því, að ef í því felast till. til breyt. á frv. þá verður að teljast sanngjarnt að verða við þeirri ósk háttv. þm. Vestm., að hraða málinu ekki svo mjög, að ekki gefist tækifæri til þess að ræða um svar bankastj. Útvegsbankans í sjútvn. Mér finnst það líka fullkomlega vorkunnarmál, þó að háttv. þm. Vestm., sem vill bera fram brtt. við frv., vilji bíða með að fullgera þær, þar til hann hefir fengið tækifæri til þess að kynna sér álit bankanna, eða a. m. k. þess bankans, sem þegar hefir svarað. Ég fæ því ekki skilið, hvers vegna form. sjútvn. vill ekki verða við þessum tilmælum, að málið verði tekið út af dagskrá nú, svo að tækifæri gefist til þess að athuga það svar, sem fram er komið, áður en gengið er frá brtt., ef þeir álíta, að í brtt. felist eitthvað, sem þeir vildu taka til athugunar. Ég skil því ekki, að það geti verið á neinni sanngirni byggt, að bægja nm. og þ. í heild frá því að fá tækifæri til þess að athuga þetta mál áður en atkvgr. fer fram.

**Ólafur Thors:** Mér finnst ekki vera til mikils mælzt, þó að farið sé fram á, að beðið sé umsagnar sölusambandsins og Landsbankans í jafnmikilvægu máli sem þessu, en það er vist óhætt að treysta því, að báðar þær umsagnir munu berast þ. í dag eða á morgun. Ég vil sérstaklega vekja athygli hæstv. forseta á því, að form. sjútvn. hampaði því mjög í þessum fáu orðum, sem hann sagði til andmæla því, að málið væri tekið út af dagskrá, að hann hefði með höndum umsögn Útvegsbanka Ísl., sem hann mundi tilkynna dm. meðan á umr. stæði. En ef sú umsögn er jafnveigamikil og hv. form. n. vill vera láta, liggur í því sú viðurkenning, að umsagnir Landsbankans og sölusambandsins hafi líka þýðingu fyrir afgreiðslu þessa máls. Af því leiðir svo að sjálfsögðu það, að rétt sé, að þm. heyri þær umsagnir líka áður en þeir taka afstöðu til málsins. — Ég leyfi mér einnig að vekja athygli hæstv. forseta á því, að nú er verið að útbýta brtt. við þetta frv., sem fer fram á 1 millj. kr. útlát fyrir ríkissjóð, ef ráðh. vill svo vera láta. Það er meiri hraðinn, sem á að vera á þessari feigðarsiglingu, ef þm. má ekki gefast kostur á að athuga málið og hlusta á ræður þeirra manna, sem eru miklu kunnugri sjávarútvegsmálum heldur en hv. þm. Ísaf. Það eru ákaflega óframbærileg rök gegn 29 Nd.þm., að einhverjir þingbræður okkar í Ed. geti hagnýtt sér þessar umsagnir, sem nú eru í vændum frá einhverjum dómbærustu aðilunum um þetta efni, — og einkum fyrir þá sök, að hér í d. eiga sæti svo að segja allir sjávarútvegsmenn þ. Það er því í alla staði mjög sanngjörn krafa, að málinu verði frestað, en sjái hæstv. forseti sér ekki fært að verða við því, — en ég skal játa, að það er örðugt fyrir hann að sýna þá sanngirni, sem honum er lagin, ef hæstv. ráðh. vill ekki taka undir það, — þá mun þess verða freistað að hafa önnur eðlileg ráð til þess að tryggja þm. þessar nauðsynlegu upplýsingar.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Þetta mál hefir nú dregizt lengi. Frestur sá, sem minni hl. sjútvn. hefir fengið, er orðinn nokkuð langur, svo ég sé ekki ástæðu til að fresta þessari umr. nú. Ég held líka, að ef búizt er við langri umr., mætti byrja á henni núna og skrifl. brtt. gætu komið fram undir umr. Ég sé því enga ástæðu til að fresta þessari umr.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég vil bæta því við það, sem ég sagði áðan, að það hefir verið efnt, sem d. var lofað síðast þegar málið var til umr., að taka málið fyrir í sjútvn. Hv. minnihl.-menn voru spurðir að því, hvort þeir vildu gera nokkrar brtt. við frv., en þeir voru ófáanlegir til þess. Ég skal geta þess, að hv. þm. Vestm. fór af fundi nokkru áður en honum var slitið og hafði ekki tækifæri til að koma aftur. En þeir 2 minnihl.mennirnir hafa verið margspurðir að því, hvort þeir vildu koma með brtt. Ég sé því ekki annað en að ef þeir hafa eitthvað á samvizkunni, þá sé búið að gefa þeim svo mörg tækifæri til þess að koma fram með brtt., að óhæft sé að veita þeim lengri frest í þessu máli, því það getur ekki verið í neinum öðrum tilgangi en að reyna að tefja frv.

Út af því, sem hv. þm. G.-K. sagði, þá hefi ég ekkert látið í ljós um það, hvort þessi umsögn, sem fyrir liggur frá Útvegsbankanum, væri þýðingarmikil eða ekki. Ég sagði bara, að þetta væri umsögn og ekkert annað. Það er sú eina umsögn, sem n. hefir borizt þrátt fyrir það, að liðnir eru 4—5 dagar fram yfir þann tíma, sem n. beiddist umsagnar um þessi mál.

**Forseti (JörB):** Það hafa nú margir kvatt sér hljóðs, og virðist sem málið sé sótt og varið af miklu kappi. Ég teldi heppilegt, að sjútvn. ræki ekki mjög á eftir málinu og fresti því til næsta dags, þannig að það sé tekið sem fyrsta mál á dagskrá á morgun, svo n. geti gefizt kostur á að athuga þær umsagnir og brtt. sem í vændum eru. Mér lízt sem það væri sigurvænlegast upp á afgreiðslu málsins og að ekki þurfi að fara fram umr. úr hófi fram, þó að þessi leið væri farin. Ég vil beina þessum orðum mínum til þessara tveggja aðila, hæstv. atvmrh. og meiri hl. sjútvn., hvort þeir ekki geti fallizt á þessa miðlunartill. Hinsvegar sé ég mér ekki fært gegn sterkum andmælum þeirra, sem málið flytja, og

hæstv. atvmrh. að taka málið út af dagskrá, en ég teldi þá meðferð í alla staði æskilega og að ekki þurfi nú að eyða frekari tíma í þessar umr.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Þar sem þetta frv. er flutt samkv. beiðni stj., legg ég það algerlega á vald hæstv. atvmrh., hvað hann gerir í þessu máli.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég mun til samkomulags fallast á það, að málið sé tekið út af dagskrá og frestað til morguns og tekið þá sem fyrsta mál. En ég verð að vænta þess, að brtt. hv. minni hl. verði útbýtt í dag, svo hv. þm. geti kynnt sér þær. Einnig vil ég mælast til þess, að umr. verði stillt mjög í hóf og að ekki sé beitt málþófi, og vil ég sérstaklega beina þessu til hv. þm. G.-K.

**Jóhann Jósefsson:** Hæstv. ráðh. þykist nú gera vel að slaka til um einn dag í þessu máli, en ég vil segja honum það, að hann gerði ekki nema það, sem skylt var undir þessum kringumstæðum. En þar sem hæstv. ráðh. segist vænta þess, að brtt. verði útbýtt í dag, þá verð ég að benda honum á, að ég og fleiri höfum beðið og biðum enn eftir umsögnum Landsbankans og sölusambandsins, og er því hæpið, að brtt. okkar geti farið í prent í dag, hvað þá heldur, að þeim verði útbýtt.

**Ólafur Thors:** Það er einungis út af því, sem hæstv. atvmrh. beindi til mín um það, að ekki yrðu háðar umr. úr hófi fram, sem ég vil taka það fram, að ég get enga ábyrgð tekið á því, hvað mínir flokksbræður gera í þessu efni. Ég fyrir mitt leyti sé ekki ástæðu til að tala langt mál, af því að ég er þegar búinn að setja fram mína skoðun, en það getur vitanlega margt komið fyrir, sem gefur mér tilefni til þess að taka til máls.

**Bergur Jónsson:** Í raun og veru tók hæstv. atvmrh. af mér ómakið. En ég vildi aðeins benda á, að það kemur ekki til nokkurra mála, að þ. geti í einu stórmáli verið að bíða eftir stofnun utan þ. með það að gefa umsagnir þær, sem þm. hafa beðið um. Sú ástæða er alveg þýðingarlaus í þessu tilfelli. Hinsvegar vil ég sem einn af flm. frv. fallast á þá miðlunartill., sem hæstv. forseti benti á, að málinu verði frestað til morguns.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Þær umsagnir, sem talað var um síðast þegar málið var á dagskrá, hafa borizt sjútvn., en svo seint, að enginn tími hefir unnizt til þess að prenta þær.

Fyrsta umsögnin, sem n. barst, er frá Útvegsbanka Íslands h.f., dags. 5. des., og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér höfum meðtekið bréf hv. sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 29. f. m., þar sem leitað er umsagnar og álits bankastjórnarinnar um frv. til laga um fiskimálanefnd o. fl., á þskj. nr. 431.

Vér undirritaðir bankastjórar getum fallizt á frv. þetta í aðalatriðum, ef 12. gr. þess félli niður. Þá grein teljum vér bæði óþarfa og varhugaverða. Óþarfa vegna þess, að okkur virðast engin líkindi til þess, að til hennar þurfi að grípa, og varhugaverða vegna þess, að við vitum ekki, hve ófyrirsjáanleg og skaðleg áhrif hún gæti haft á fiskverzlun vora í Suður-Evrópu, ekki aðeins ef hún kæmi til framkvæmda, heldur og þó hér væri aðeins um heimild að ræða.

Virðingarfyllst,

Helgi Guðmundsson. Jón Ólafsson."

Þá er næst umsögn frá sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, sem barst sjútvn. í morgun. Hún hljóðar svo:

„Reykjavík, 5. des. 1934.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 29. f. m., þar sem þér spyrjist fyrir um álit okkar um frv. til l. um fiskimálanefnd, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Með hliðsjón af framhaldsstarfsemi S. Í. F. fáum við ekki annað séð en líkindi séu á, að S. Í. F. hljóti að leggjast niður, ef fiskimálanefnd verður lögfest, en hinsvegar örðugt á þessu stigi málsins að gera sér fyllilega ljóst, hver áhrif á framhaldsstarfsemi S. Í. F. framkoma frv. þessa kann að hafa, enda þótt það verði ekki samþ. á Alþingi.

Að öðru leyti leyfum vér oss að vísa til síðustu ársskýrslu vorrar, er ber með sér álit og samþykktir fulltrúafundar þess, er haldinn var í nóvember s. l., ásamt till. stjórnar S. Í. F. viðvíkjandi framhaldsstarfsemi sölusambandsins.

Virðingarfyllst,

F. h. sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda,

Richard Thors. Ólafur Proppé.

Kristján Einarsson. Magnús Sigurðsson."

Þá er eftir umsögn Landsbanka Íslands, en hún er ákaflega ýtarleg, og svo löng, að ég veit ekki, hvort ég á að eyða tíma hv. d. til þess að lesa hana upp, nema þess sé sérstaklega óskað. (Margir þm. mæltust til þess). Ef hv. þm. óska þess, þá verð ég að sjálfsögðu við þeim tilmælum, og sparast þá prentunarkostnaður um leið. Umsögnin er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Landsbanki Íslands.

Reykjavík, 6. des. 1934.

Vér höfum móttekið bréf hinnar hv. sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis, dags. 29. f. m., þar sem hún óskar umsagnar og álits vors um frv. til l. um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Eins og n. mun vera kunnugt hefir undanfarið starfað hér sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem bankarnir ásamt öðrum hafa átt þátt í, að stofnað hefir verið, og hefir það haft á hendi meginhluta saltfiskframleiðslu landsmanna. Vér lítum svo á, að S. Í. F. hafi gert landsmönnum mikið gagn, enda þótt finna megi eitthvað að fyrirkomulagi félagsskaparins og einstökum framkvæmdum hans, en árangurinn mundi hafa orðið ennþá betri, ef útlendingar með aðstoð hérlendra manna hefðu ekki getað tekið þátt í saltfiskverzluninni, án þess að vera í S. Í. F. Það,

sem unnizt hefir við þessi samtök, er m. a. að skapa festu í verðlagið, að koma fiskinum á rétta staði á réttum tíma, að sjá um að offylla ekki markaðina, þannig að verðið falli við undirboð, eins og áður átti sér stað, meðan útflutningurinn var í höndum fleiri útflytjenda, og síðast en ekki sízt, að allir fengju jafnt verð fyrir fiskinn eftir gæðum, jafnt smáútgerðarmaðurinn, sem átti fáein skippund, og stórútgerðarmaðurinn, sem átti þúsund skippund. Áður mun það tæplega hafa komið fyrir, að sá fyrrnefndi hafi ekki fengið 5 til 10 kr. minna fyrir skippundið. Að voru áliti hefir S. Í. F. aflað sér almenns trausts út á við og inn á við, þótt einstöku óánægjuraddir hafi heyrzt, eins og ávallt er, og þ. á m. trausts hjá bönkunum, bæði hér og erlendis, og oss er kunnugt um, að erlendis hafa Íslendingar beinlínis verið öfundaðir af að geta komið slíkum samtökum á af fúsum og frjálsum vilja. Ríkisstj. mun oft hafa notið aðstoðar S. Í. F. í málum, sem snerta sölu á fiski, enda munu aðalframkvæmdastjórar félagsins vera manna kunnugastir þeim málum.

Á fulltrúafundi S. Í. F. var rætt um framtíðarfyrirkomulag þess, og eru n. kunnar till. þær, sem þar voru samþ. í þessu efni, og voru bankastjórarnir samþykkir þeim fyrir sitt leyti, og leyfum vér oss að skírskota til þeirra. Það skal að vísu viðurkennt, að fyrirkomulag S. Í. F., enda þótt brtt. fulltrúafundarins næðu fram að ganga, er byggt á veikum grundvelli ennþá, en gæta verður þess, að að S. Í. F. standa menn með mjög misjafnar skoðanir á verzlunarháttum, — menn úr öllum flokkum, — framsóknarmenn, jafnaðarmenn og sjálfstæðismenn, og er því erfitt að skipa þessu svo að öllum líki. Hinsvegar virðist oss, að till. þær, sem fram komu á fulltrúafundinum, hnigi í átt til meiri festu í félagsskapnum og til nánari samvinnu í framtíðinni.

Vér fáum ekki betur séð, ef umrætt frv. verður að lögum og fiskimálanefnd verður stofnuð, en að þá sé S. Í. F. lagt að velli, og oss virðist það jafnvel við það eitt, að frv. kom fram, þar eð það gefur þeim óánægðu byr undir báða vængi, og þeim, sem græða vilja á glundroða þeim, sem framkoma frv. hefir valdið.

Vér munum ekki fara inn á einstakar greinar frv., en aðeins benda á eftirfarandi atriði: Að vér teljum ákvæðin um einkasölu á fiski í 12. grein frv. mjög athugaverð, sérstaklega með tilliti til markaðslandanna í Suður-Evrópu, þar sem sumsstaðar má ekki heyrast nefnt orðið einkasala.

Þá er talað um löggilta útflytjendur í frv., sem fiskimálanefnd á að löggilda. Við höfum áður haft útflytjendur marga og „útflytjendagrúppur“ eins og sumir kalla t. d. Alliance með sína viðskiptamenn, Kveldúlf með sína viðskiptamenn, og fisksölusamlagið með sína viðskiptamenn. Hér er því ekki um neina nýja hugmynd að ræða nema löggildinguna. En hitt vitum vér, að undir þessu fyrirkomulagi hafa hinir einstöku útflytjendur barizt á mörkuðunum og lækkað verðið hver fyrir öðrum, öllum landsmönnum til tjóns, og svo mundi enn verða eins, þrátt fyrir ákvæði 5 gr. frv., um að fiskimálanefnd eigi að setja lágmarksverð á fiskinn, því að ekkert er hægara fyrir útflytjendur en að fara í kringum það ákvæði. Ennfremur verður að telja ýms ákvæði í 5. gr. frv. varhugaverð, að því leyti sem þau beinast að kaupandanum ytra. Aðallega er deilt um í þessu máli, hvort ráða skuli í slíkum félagsskap og starfað hefir hér að fisksölu, fiskmagn hvers einstaks einvörðungu eða með vissum takmörkunum, eða höfðatala félagsmanna. Að ráða fram úr því máli á heppilegan hátt, svo að vel megi við una, er markmið þeirra, sem að þessum málum vinna, og þar á meðal þings og stjórnar. En vér lítum svo á, að of snemmt hafi verið að ráða því endanlega til lykta nú, og vel hefði mátt notast við það fyrirkomulag, sem S. Í. F. hefir skapað, þar til menn hafa komizt að fastri niðurstöðu um endanlegt fyrirkomulag á þessum málum, og viðskiptaerfiðleikar þeir, sem nú standa yfir, eru liðnir hjá. Aftur á móti virðist oss rétt, að fiskimálanefnd hefði verið sett á laggirnar til þess að sjá um leitun nýrra markaða, nýrra verkunaraðferða, hafa með höndum úthlutun á verkunarleyfum og fleira, en láta fisksöluna afskiptalausa a. m. k.

Að lokum viljum vér bera fram þá áskorun til þings og stjórnar, að reynt verði að ráða saltfisksölumálinu til lykta nú á þinginu fyrir árið 1935, með samkomulagi milli flokkanna, svo að allir megi vel við una, og ekki hljótist af neinir alvarlegir árekstrar, þar eð þessi verzlun er aðalhyrningarsteinninn undir fjárhagslegri getu þjóðarinnar, og mega því engin mistök á því máli eiga sér stað. Með góðum vilja hlýtur að vera hægt að finna veginn.

Virðingarfyllst,
Landsbanki Íslands.
Magnús Sigurðsson. Ludvig Kaaber.
Georg Ólafsson.“

Þá liggja hér fyrir við 3. umr. þessa máls þau skjöl, sem æskt var eftir að lægju fyrir við þá umr. málsins. Ég sé ekki ástæðu til þess að koma neitt verulega að því, sem haldið er fram í hverri einstakri umsögn, vegna þess, að rökin bæði með og móti málinu hafa komið fram undir meðferð málsins. En ég vil þó benda á það, að umsagnirnar eru talsvert mismunandi, þannig, að 2 bankastjórar Útvegsbankans leggja með frv., að undanskilinni 12. gr. þess, sem hefir í sér fólgna heimild til einkasölu á saltfiski. Umsögn Landsbankans og sölusambands ísl. fiskframleiðenda eru að vissu leyti samhljóða, en þó er umsögn Landsbankans miklu fyllri heldur en umsögn sölusambandsins. Ég vil benda á eitt atriði, sem þessar tvær umsagnir eru algerlega sammála um, og það eru þau ummæli, að vel sé líklegt, að sölusambandið leysist upp, af því að þetta frv. hefir komið fram hér á Alþ., hvort sem það nær fram að ganga eða ekki. Í báðum þessum umsögnum má sjá ótta um það, að sölusambandið muni leysast upp, hvort sem þetta frv. nær fram að ganga eða ekki, bara vegna þess að það hefir séð dagsins ljós. Ef þessi ótti bankastjóranna og S. Í. F. er á rökum reistur, finnst mér því meiri ástæða fyrir Alþ. að skiljast ekki svo við þetta mál, að afgreiða ekki þetta frv. Ég lít svo á, að umsagnir þessara

tveggja aðila séu mjög veigamikil rök fyrir því, að Alþ. beri að afgr. frv. á þessu þingi. Væri það ekki gert, má samkv. umsögninni telja alveg víst, að fullkomið öngþveiti verði í fiskverzluninni nú á næsta ári.

Ég get svo horfið frá þessu, en skal nú minnast á brtt. á þskj. 662, sem meiri hl. sjútvn. flytur í samráði við ríkisstj. og er þess efnis, að stj. skuli heimilt að veita einstaklingum og félögum lán eða styrk, til þess að gera þeim kleift að koma upp tækjum til þess að verka fisk og aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem herðingu, hraðfrystingu o. fl., svo og til þess að gera tilraunir með útflutning og sölu sjávarafurða á nýja markaðsstaði. Það er gert ráð fyrir, að fiskimálan. sjái um veitingu þeirra lána og styrkja, og að lánin megi vera vaxtalaus um ákveðið árabil. Einnig er stj. heimilað að taka 1 millj. kr. að láni í þessu skyni. Ég þarf ekki að fjölyrða um þessa brtt., en hún markar þá stefnu, sem stjórnarflokkarnir hafa tekið í þessu máli hér á Alþ., að kapp skuli lagt á að hefjast handa um breyt. og umbætur á verkunaraðferðum, og að áherzla sé lögð á að finna nýja markaði, svo að fiskiflotinn þurfi ekki að stöðvast. Menn eru samdóma um þann voða, sem vofir yfir þjóðinni í þessu efni, og má því til sönnunar benda á grg. fyrir frv. um fiskiráð, sem oft hefir verið rætt hér í d. Þar er hvað eftir annað tekið fram, að gera þurfi ráðstafanir um breyt. á verkunaraðferðum, og það er bent á, að ef ekki verði neitt gert, séu líkur til, að hér liggi í árslok 1935 viðlíka miklar saltfiskbirgðir eins og gera má ráð fyrir, að verði hægt að selja af þeirri vöru árið 1936. Þeir, sem að þessu frv. um fiskiráð standa, koma þó ekki auga á annað, sem hægt sé að gera en að afgreiða frv. um skuldaskilasjóð og um fiskiveiðasjóð, sem á að koma til framkvæmda eftir 6 ár, ennfremur rekstrarlánafélög, sem stj. Landsbankans hefir sagt um, að ekki fæli í sér neitt nýtt, sem ekki væri hægt að gera eftir gildandi l. Þeir vilja og afgr. frv. um fiskiráð, sem á að vera bæði valdalaust og félaust og því ekki nema nafnið tómt. Í grg. þessa frv. um fiskiráð eru tekin fram ýms almenn sannindi, sem allir flokkar geta verið sammála um, svo sem að vandræði vofi yfir. En munurinn á stefnu stj. og andstæðinganna er sá, að andstæðingarnir vilja gera breyt., sem að okkar áliti ganga ekki nógu langt og bæta alls ekki úr þeim markaðsörðugleikum, sem vofa yfir. En stjórnarflokkarnir bera hinsvegar fram fiskimálanefndarfrv., sem hér liggur fyrir, sem miðar að því, að hafizt sé handa um nauðsynlegar athafnir til þess að bjarga sjávarútveginum úr yfirvofandi vandræðum. Og í framhaldi af þessu frv. er lögð fram sú brtt., sem ég gat um, til þess að n. geti fengið það starfsfé, sem hún að áliti stjórnarflokkanna þarf að hafa. Ég sé, að við frv. hafa komið fram brtt. frá hv. þm. V.-Ísf. og í öðru lagi frá hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Rang. Um brtt. hv. þm. V.-Ísf. get ég sagt það, að mér sýnist, að þær muni ekki verða til skaða fyrir frv., og er rétt að athuga, hvort eigi væri ástæða til að taka þær upp í frv. Í till. er bent til þess, að gefa einu fél., sem byggt er á félagslegum grundvelli, meiri réttindi en löggiltum útflytjendum, og get ég fallizt á, að þetta sé tekið til athugunar.

**Jónas Guðmundsson:** Ég á eina litla brtt. á þskj. 669, sem ég get verið stuttorður um. Hún fer fram á, að fiskimálan. geti veitt undanþágu fyrir smásendingar af verkuðum saltfiski til annara landa en aðalmarkaðslandanna. Þetta er atriði, sem fisksölusamlagið hefir ekki haft neitt við að athuga, en því er ætlað að greiða fyrir smærri verzlunum og atvinnurekendum, sem hafa viðskipti við England eða Norðurlönd. Þetta getur ekki skaðað á nokkurn hátt. Það léttir á aðalmarkaðinum og getur í ýmsum tilfellum greitt fyrir smáviðskiptum við nágrannalöndin. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Ég sé, að hv. þm. Vestm. hefir tekið þetta ákvæði upp í sínar brtt., og mun hann því líka líta svo á, að það sé nauðsynlegt að fá þetta ákvæði í frv.

**Jóhann Jósefsson:** Ég skal aðeins minnast á það atriði, sem hv. 6. landsk. sagði, að við mundum hafa hugsað eitthvað líkt um. Ég er honum samdóma um nauðsyn þess, að undanskilja þessar smásendingar, sem hér er um að ræða, til þess að afstýra vandræðum hjá smáútflytjendum. En ég held, að mín till. sé öllu betri en hans, vegna þess hve þetta er klúðrað í sjálfu frv. Það verður ekki séð greinilega, við hvað er átt. En í greininni, sem er 3. gr. frv., stendur þetta: „Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja fisk til útlanda, nema með leyfi fiskimálanefndar. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir fisksendingum til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á saltfiski skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem saltfiskútflytjendur. Þó getur n. veitt undanþágu fyrir smásendingar af óverkuðum saltfiski, ufsa, keilu og úrgangsfiski". — Það er dálítið óljóst, hvernig þessum undanþágum skuli hagað. Ég skal benda á, að það er altítt við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum, að stærri og smærri útvegsmenn sendi á vertíðinni lítil fiskiparti til Kaupmannahafnar í því skyni að fá peninga til að létta undir með kostnaðinn. Þeir senda þá með millilandaskipunum kannske upp undir 2000 pakka í einu, og það er algengt, að smærri framleiðendur slái sér þannig saman til þess að fá rekstrarfé. Ef í hvert skipti þyrfti að spyrja fiskimálan., mundi slík sala oft fara út um þúfur. Markaðurinn er lítill og takmarkaður í Kaupmannahöfn og slík kaup verða að geta gerzt með skjótum hætti, ef salan á ekki að fara út um þúfur. Það yrði erfitt í vöfum að þurfa að fá leyfi útflutningsn. í hvert skipti, en hinsvegar ófært að girða fyrir þennan hjálparvegs smáútgerðarmanna. Sama gildir um Norðlendinga og Austfirðinga. Þeir senda stundum smáparti til Kaupmannahafnar að haustinu, og í báðum tilfellum er óhætt að fullyrða, að þessi viðskipti yrðu dregin úr höndum manna, ef menn hefðu ekki frjálsræði til að reka þau á kaupmannsvísu. Svo er annað. Það er altítt, að kaupfélög og verzlanir sendi litlar sendingar af verkuðum saltfiski til viðskiptamanna sinna í Englandi og Kaupmannahöfn. Í frv. er ekki gert

ráð fyrir þessu, því að þær smásendingar, sem gert er ráð fyrir að fái undanþágu, eru miðaðar við óverkaðan saltfisk, ufsa, keilu og úrgangsfisk. Það er algengt, að verkaður úrgangsfiskur sé seldur í smáslöttum til þessara landa, og það getur ekki á nokkurn hátt skaðað markað okkar í Suðurlöndum. Hömlur í þessu efni væru aðeins til þess að torvelda þessi viðskipti og gera þau erfiðari en ella. Ég hafði tekið eftir brtt. hv. 6. landsk. Hann vill láta ákvæðin standa áfram eins og þau eru í frv., en gerir ráð fyrir, að n. geti veitt undanþágu um útflutning á verkuðum saltfiski til annara landa en markaðslandanna. Ef hans till. yrði samþ. mundi niðurlag 3. gr. hljóða svo: „Þó getur nefndin veitt undanþágu fyrir smásendingar af óverkuðum saltfiski, ufsa, keilu og úrgangsfiski og ennfremum á verkuðum saltfiski til annara landa en aðalmarkaðslandanna". Hinsvegar leggjum við hv. 1. þm. Rang. það til, að ákvæði þessarar 3. gr. séu alls ekki látin ná til þeirra smásendinga, sem bæði við og hv. 6. landsk. eigum við, þ. e. a. s. smásendingar af verkuðum eða óverkuðum fiski, sem framleiðendur senda beint til Stóra-Bretlands eða Norðurlanda. Við undanskiljum aðalmarkaðslöndin, Ítaliu, Portúgal og Spán, því að við litum svo á, að höfuðtilgangur frv. sé, að sá markaður sé rétt notaður. Þá er ekki um önnur lönd að ræða, sem slík smáviðskipti fara fram við, en Stóra-Bretland og Norðurlönd, eða Danmörk, Noreg og Svíþjóð, en það er einkum Danmörk, sem hér kemur til greina. Þessi fiskur selst ekki í Þýzkalandi og Hollandi og lítið í Belgíu. Ef hv. d. fellst á að sleppa afskiptum fiskimálan. af þessum smáviðskiptum, sem eru mjög þægileg fyrir smærri útvegsmenn, tel ég réttara að samþ. till. okkar hv. 1. þm. Rang. heldur en till. hv. 6. landsk., þó að við meinum báðir það sama. Hann ætlast til, að um þetta sé leitað leyfis n. í hvert skipti, en ég ætlast til, að þessum smáviðskiptum sé alveg sleppt við opinber afskipti, og held ég, að það sé algerlega hættulaust. Mér finnst rétt, að ekki séu settar meiri hömlur í þessu efni en nauðsynlegt er.

[Fundarhlé].

Ég hafði, áður en fundi var frestað, lýst því, hvaða ástæða liggur til grundvallar brtt. á þskj. 681 við 2. gr. 1. brtt. okkar á sama þskj. er um það, að orðin „verkunarleyfi og" falli burt. Það hefir annaðhvort verið misritun hjá mér eða misprentun, að í brtt. stendur „verkunarleyfi og", en í frv. „verkunarleyfa og". Þetta, sem nú var nefnt, er í nánu sambandi við það, að við leggjum til, að 8. og 9. gr. frv. verði látnar falla niður.

Okkur virðist sú íhlutun, sem fiskimálan. er ætluð í frv., vera svo víðtæk, að það sé óþarfi og alls ekki rétt á þessu stigi málsins, að láta hana ná til framleiðendanna sjálfra beinlínis, eins og gert er ráð fyrir í frv. með því að gera mönnum skylt að sækja um verkunarleyfi og því um líkt.

Það ætti í rauninni að vera hægt að komast hjá þessu með þeim íhlutunum, sem n. er ætlað að hafa í sjálfum fiskútflutningnum, og þeim áhrifum, sem hún að sjálfsögðu hefir samkv. 5. gr. á hina löggiltu útflytjendur, því að í gr. segir, að það megi ákveða með reglugerð, að fiskútflytjendur séu skuldbundnir til þess að taka fisk til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir fiskframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

Mér virðist líka, að reynslan ætti að mega skera úr því, hvort það væri þörf að ganga svona nærri frelsi manna eins og ætlazt er til samkv. 8. og 9. gr. Maður getur alltaf óttazt, að það verði hrein og bein mistök á slíkri íhlutun um það, hvernig verka skuli. Þess vegna er ekki ástæða til fyrir löggjafann að seilast svo mjög inn á svið framleiðenda, að þeim séu gerð óþægindi og kannske skaði.

Ég vil nú taka dæmi um það, hvernig svona íhlutun getur verkað:

Það hefir sýnt sig í haust, að það hefði mátt selja meira af söltuðum fiski óverkuðum heldur en var fyrir hendi hjá fisksölusamlaginu. Ég hefi heyrt allmargar álasanir fyrir, að það skyldi ekki vera til nægur saltfiskur þannig verkaður í landinu til að selja. Slíkar ásakanir er vitaskuld mjög hægt að koma með eftir á, en það er dálítið verra að sjá fram fyrir sig um það, hvernig bezt sé að haga verkuninni. Ef fisksölusamlagið t. d. hefði vitað fyrirfram, að aflinn fyrir Norðurlandi mundi bregðast í sumar og haust, þá væri full ástæða fyrir samlagið að gera einhverjar ráðstafanir til að farga ekki saltfiskinum nema að sem minnstu leyti, en þetta gat hvorki samlagið né aðrir séð fyrir. Ég geri ráð fyrir, að það verði alveg eins með þessa nýju stofnun, sem stendur nú til að setja á fót. Það er örðugt að ákveða um það fyrirfram, að svona og svona skuli haga framleiðslunni og verkuninni. Ég álít a. m. k., að þegar verið er að setja löggjöf um þetta efni til að byrja með, þá eigi frekar að prófa sig áfram um þetta heldur en að taka munninn svo fullan sem hér er gert, og það virðist vera harla lítið orðið eftir af frjálsri framleiðslu, þegar á að fara að segja framleiðendum fyrir um það, hvernig þeir verka fisk sinn. Ég veit nú, að hv. flm. þessa frv. og hæstv. atvmrh. muni strax vitna í það, að þetta geti verið nauðsynlegt vegna þeirra slæmu markaða, sem við seljum nú fiskinn á. Ég veit, að núverandi ástand framkallar varúð af okkar hálfu, en ég ímynda mér, að óhætt sé að segja, að það er jafnáhættumikið og jafnábyrgðarmikið að gera of mikið af að grípa fram fyrir hendurnar á mönnum í þessu efni eins og þótt farið væri heldur stilltara af stað í byrjun. Og hvaða yfirvitringar eru það, sem hæstv. ráðh. ætlar að hafa sér við hönd í þessu máli? Býst hann við, að þessi fiskimálan. geti engin mistök gert? Mér dettur ekki í hug að gera lítið úr vitsmunum hæstv. ráðh., en ég get hinsvegar alls ekki gert svo mikið úr þeim, að hann út af fyrir sig muni vera fær um að deila jafnt sól og regni milli framleiðendanna í landinu fyrirfram, þegar hann er að úthluta þessum verkunarleyfum eins og ætlazt er til eftir frv., svo að hann hafi nokkra tryggingu fyrir því, að hann og hans handlangarar geti hér orðið mönnum til nokkurs framdráttar.

Við skulum nefna annað í þessu sambandi viðvíkjandi verkuninni, sem hv. flm. vilja, að allir, sem starfa að saltfisksverkuninni, beygi sig undir. Við skulum taka Vestmannaeyinga sem dæmi. Þeir verka bæði Spánarfisk og Portúgalsfisk. Nú sækjum við um verkunarleyfi samkv. ákvæðum þessa frv. Þá segir atvmrh. við mig og mína líka, að svo og svo mikið megi verka af Spánarfiski og svo og svo mikið af Portúgalsfiski. Þetta er nú allt gott og blessað. Þetta gerum við hvort sem er. En hvorki fiskimálanefnd né atvmrh. er mögulegt að segja fyrirfram um það, hversu mikið er hægt á þessum stað að harðverka svo að það verði Portúgalshæf vara, en það vita allir saltfisksverkendur, að Portúgalsfiskurinn verður að vera miklu harðari en Spánarfiskurinn, sem má vera ¾ verkaður fiskur, sem kallað er. Nú mundi fiskimálan. vera búin að ákveða, að þetta og þetta mikið ætti að verka af Portúgalsfiski og þetta og þetta mikið af Spánarfiski. En til þess að þetta fari út um þúfur, þarf nú ekki annað en að verkunarsumarið verði óvenjulega votviðrasamt eins og oft getur komið fyrir á þessum stað, Vestmannaeyjum, sem ég tók sem dæmi. Þannig gætu fyrirætlanir fiskimálan. alveg kollvarpazt í þessu efni hvað snertir verkun á Spánar- og Portúgalsfiski. En ég hygg, að raunar þurfi ekki að fara svo langt sem til Vestmannaeyja til þess að benda á, að áætlanir fiskimálan. í þessu efni gætu að engu orðið. Þetta getur líka orðið hér við Faxaflóa, að framan af sumri geta menn ekki vitað, þar sem þurrkhús eru ekki fyrir hendi, hvað mikið þeir geta verkað fyrir hvorn þessara markaða. Þetta og fleira þessu líkt er ástæðan til, að við hv. 1. þm. Rang. álítum að svo komnu máli, að ekki sé vert að seilast inn á athafnasvið framleiðendanna svo mjög sem gert er í 8. og 9. gr. Það gæti reyndar rekið að því, að þeir, sem trúa á það, að þegar búið sé að skrifa eitthvað á pappír og skipuleggja sem þeir kalla, eins og jafnaðarmönnum er gjarnt til, fari þeir að færa sig svo fram, að þeir fari að leggja mönnum ráðin um það og ákveða með valdboði, hvar þessi og þessi maður eigi að fiska, hvaða fisk hann eigi að fiska og hvernig hann megi fiska. Annars held ég, að þessar umsóknir um verkunarleyfi og því um líkt, það sé svo fast í hugsun jafnaðarmanna, sem hafa tekið þátt í smíði þessa frv., síðan ákvæði voru til í öðrum l., sem d. kannast við, en það voru l. um síldareinkasöluna frægu. Þar átti hver maður að senda umsókn um veiðileyfi, verkunarleyfi og allt þesshättar. Þessi ákvæði eru fúlar dreggjar úr þeim forarpolli, síldareinkasölunni, sem þeir voru að baða sig í hér á árunum og allir vissu, hvað leiddi af.

Ég kem þá að því, hvað nauðsynlegt sé, að þessi n. hafi mikla íhlutun af sjálfri fisksölunni. Í 3. gr. stendur: „Enginn má bjóða fisk til sölu, selja eða flytja fisk til útlanda nema með leyfi fiskimálanefndar". Þetta virðist okkur vera óþarflega mikið bann og leggjum til, að orðin „bjóða fisk til sölu, selja eða" falli burt, en að hitt standi. „Enginn má flytja fisk til útlanda nema með leyfi fisksölunefndar". Þegar þess er gætt, að í öðrum ákvæðum frv. er fisksölun. heimilað að setja lágmarksverð á fiskinn, sem hún á vitaskuld að nota, er ekki sýnilegt, að nauðsynlegt sé að banna að bjóða fisk eða selja, því að auðvitað flytur enginn fisk út nema til að selja hann, og það er í þessu máli öllu varhugavert að leggja meiri höft á þessa verzlun en er algerlega nauðsynlegt. Sá maður, sem verzlar með fisk, og veit það, eins og verða mundi um fiskútflytjendur undir þessu fyrirkomulagi, að hann má ekki selja við skulum segja Barcelonafisk undir 28 skildingum pakkann kominn til Barcelona, hann fer ekki að leika sér að því að bjóða fisk fyrir lægra verð. En það lágmarksverð, sem gildir, er skilyrði fyrir, að þeir fái að flytja út fisk. Það verður því ekki séð, hvað þessi upptalning á að þýða, þegar allt liggur í valdi n. og hún hefir heimild til að ákveða lágmarksverð, sem verður auðvitað gert að skilyrði fyrir því, að leyfið fáist. Vald hennar er því nægilega sterkt, þegar allir verða að sækja um útflutningsleyfi til hennar. — Um niðurlag gr. og þá undanþágu, sem þar um ræðir, hefi ég áður talað. Við flytjum brtt. við hana, og hefi ég lýst henni áður.

Þá komum við að 4. gr. Þar segir svo, að fiskimálan. löggildi saltfiskútflytjendur og ákveði tölu þeirra og löggildingartíma. Þá er gert ráð fyrir, að ef eitthvert félag hefir fengið löggildingu sem saltfiskútflytjandi og hefir umráð yfir 80% eða meira af saltfisksframleiðslu landsmanna, þá geti fiskimálan. ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni. M. ö. o., þarna virðist vera heimild fyrir n. að gefa einu félagi, ef það uppfyllir sett skilyrði, nokkurskonar einkarétt á að flytja út fisk. Þeir, sem hafa talað fyrir þessu máli, hafa látið í ljós, að þetta væri gert með tilliti til sölusambands ísl. fiskframleiðenda. Það er út af fyrir sig ákaflega hæpið, að nokkurt eitt félag fái 80% af framleiðslu landsmanna til meðferðar, en útilokað er það kannske ekki. Hinsvegar þótti okkur flm. þessara brtt. á þskj. 681 rétt að færa þetta nokkuð niður, þó ekki mikið, og gerum ráð fyrir, að svona fél. fiskframleiðenda gæti fengið löggildingu með þeirri viðbót, sem gr. ákveður, ef það hefir yfir að ráða 75% af fiskmagni landsmanna. Þetta munar ekki miklu, aðeins 5% lægra, en við álítum, að neðar en í 75% sé alls ekki farandi, því að ef um slíkt fél. væri að ræða, hvort sem það væri Sölusamband ísl. fiskframleiðenda eða eitthvert annað fél., þá er bert, að slíkt fél., sem ætti að njóta þeirra friðinda, að fá einkarétt hjá stj. að flytja út fisk, það verður að vera sterkt og hafa traust og samúð alls þorra fiskframleiðenda, og ljósasti mælikvarðinn um fylgi slíkrar stofnunar er það, hvað margir framleiðendur sameinast um þetta fél.

Ég vil í þessu sambandi drepa á það, að hv. þm. V.-Ísf. flutti brtt. um að lækka þetta niður í 65%. Þar er að mínu áliti farið langt of lágt. Þetta er hlutur, sem þarf vel að athuga, því að það er ekki gerandi leikur að því að gefa einni stofnun einkarétt á því að flytja út fisk landsmanna, nema ljósar sannanir liggi fyrir um það, að stórmikill meiri hl. af fiskframleiðendum vilji hlíta forsjá þeirrar stofnunar.

Þá eru í þessu stjfrv., sem ég leyfi mér að nefna svo, þó að það sé flutt af nefndarhluta, reistar miklar skorður við því, hvernig fél., sem fengi þessi friðindi, eigi að vera uppbyggt, svo að það *finni náð fyrir augum stj. og fiskimálan.* Þarf ég ekki að lýsa því, þar sem það stendur í frv. Um það hafði hv. þm. Ísaf. þau ummæli, að þingið yrði að hafa fullvissu fyrir því, að slíkt félag yrði byggt upp, eins og hann orðaði það, á skipulögðum félagsgrundvelli. Við lítum svo á, sem flytjum þessar brtt., að í hverjum félagsskap séu það meðlimirnir sjálfir, sem eigi að ráða, hvaða skipulag þeir hafa á sínu fél. Þetta er almenn skoðun um öll fél., og það á sannarlega eins við um félagsskap þeirra manna, sem selja fisk. Ef 80% af öllu fiskmagni landsmanna, eða 75% eins og við leggjum til, sópast saman í einn félagsskap, þá er engin ástæða til þess fyrir þingið að vera að setja fyrirfram vissar reglur fyrir því, hvernig atkvæðisréttur eigi að vera í því fél. Slíkum fyrirkomulagsatriðum eiga að mínum dómi félagsmenn sjálfir að ráða. Hitt er sjálfsagt, að ef slíkur félagsskapur væri löggiltur, þá verður hann að vera opinn fyrir alla, sem hafa fisk að selja og vilja koma í félagið, og það höfum við tekið upp í okkar brtt.

Þá vil ég í þessu sambandi benda á ummæli landsbankastj. um þetta atriði, og þau mátti *heyra í því bréfi, sem hv. þm. Ísaf. las hér upp* frá landsbankastj. og m. a. vikja að þessu atriði. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðallega er deilt um í þessu máli, hvort ráða skuli í slíkum félagsskap og starfað hefir hér að fisksölu, fiskimagn hvers einstaks einvörðungu eða með vissum takmörkunum eða höfðatala félagsmanna. Að ráða fram úr því máli á heppilegan hátt, svo að vel megi við una, er markmið þeirra, er að þessum málum vinna, og þ. á m. þings og stj. En vér lítum svo á, að of snemmt hafi verið að ráða því endanlega til lykta nú, og vel hefði mátt notast við það fyrirkomulag, sem S. Í. F. hefir skapað, þar til menn hafa komizt að fastri niðurstöðu um endanlegt fyrirkomulag á þessum málum, og viðskiptaerfiðleikar þeir, sem nú standa yfir, eru liðnir hjá."

Nú er það vitanlegt, að um sama leyti og stj. lætur málið koma fram í þinginu stóð fulltrúafundur S. Í. F., þar sem ákveðið var, að meðal fiskeigenda skyldi fara fram kosning á framkvæmdastj. fyrir þann félagsskap, og að atkvæðin skyldu miðast við ákveðið magn fiskjar, þannig að eitt atkv. væri fyrir ákveðinn fjölda skp. Ég veit ekki, hvort það er rétt, að stj. Landsbankans hafi deilt á um það, hvernig slíkur félagsskapur skyldi byggður upp. Annars skiptir það ekki miklu máli fyrir fisksölu landsmanna, hvort stj. þessa félagsskapar skuli byggð upp eins og fulltrúafundur S. Í. F. gerði ráð fyrir eða með öðrum hætti, sem fiskeigendur gætu komið sér saman um. Hitt er aðalatriðið, að hlutaðeigendur fái að vera sjálfráðir um það, hvernig þeir byggja upp þennan félagsskap. Þess vegna höfum við í brtt. okkar farið fram á, að sleppt sé þeim reglum, sem í frv. eru og eiga að vera skilyrði fyrir einkarétti til útflutnings fiskjar, en haldið aftur ákvæðunum um, að meiri hl. fiskeigenda verði að vera í þessum félagsskap, og að hann standi öllum opinn, sem í hann vilja ganga.

Þá er brtt. okkar við 5. gr. Í 5. gr. frv. segir svo m. a.: „Þeir, sem samkvæmt 4. og 5. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð á fiski, sem seldur er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem n. setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum." Hér er ljóst, að það er enginn hægðarleikur að hreyfa sig innan þessa ramma. Þeir, sem útflutningsleyfi fá, verða að hlíta fyrirmælum n. um það, hvenær þeir bjóða fiskinn fram, hlíta lágmarksverði og ennfremur að hlíta fyrirmælum hennar um skiptingu markaðsstaða. Annars virðist mér ekki vel ljóst, hvað stj. meinar með þessu um skiptingu markaðsstaðanna. Á kannske að skilja það svo, að sumir megi flytja út á markaðinn í Barcelóna og aðrir til Lissabon o. s. frv. — Þá eiga útflytjendur ennfremur að hlíta fyrirmælum n. um útflutningstíma, og einnig á n. að hafa hönd í bagga með þeim um þann gjaldeyri, sem þeir fá fyrir fiskinn, þrátt fyrir það, þó að gjaldeyrislög séu í landi hér. Og að síðustu segir svo, að útflytjendur séu skyldir að hlíta fyrirmælum n. um „annað það", sem hún kann að setja sem skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa. Það er erfitt að segja, hvað þetta „annað það" er, en það er þó sýnilegt, að n. á að geta gripið inn í starf þessara manna svo að segja á hverju augnabliki, sem henni sýnist. Eigi að lögfesta slík ákvæði sem þetta, þá fæ ég ekki séð, hverju útflytjendurnir eiga að ráða. Sé því nokkuð meint með þessu, þá er ljóst, að það á að torvelda svo fisksöluna, að af því getur stafað stór hætta. Það er fiskimálan., sem á að selja fiskinn, þar sem hún á að ráða, hvenær hann er seldur og hvert hann er seldur. Aftur á móti fá þeir menn, sem útflutninginn eiga að hafa á hendi, engu að ráða. Menn, sem gera má ráð fyrir, að fengizt hafi við fisksölu um áratugi, eru gerðir ómyndugir. Yfir þá er þessi n. algerlega sett, sem engin trygging er fyrir, að veljist í menn, sem eins gott vit hafa á fiskverzlun, hvað þá meira, en þeir menn, sem fengizt hafa og koma til með að fást við útflutningsverzlunina á komandi árum. Um þessa gr. frv. hefir stj. Landsbankans látið í ljós álit sitt. Um hana segir svo í bréfi bankastj.:

„.... Ennfremur verður að telja ýms ákvæði í 5. gr. frv. varhugaverð að því leyti sem þau beinast að kaupandanum ytra."

Í ádeilu minni á ákvæði þessarar gr. hefi ég *ekki farið inn á það, hve varhugaverð þau væru* að því er snertir kaupendurna ytra, heldur leitazt við að sýna fram á, hve lamandi áhrif þau koma til með að hafa á starf þeirra innlendu manna, sem með fisksöluna eiga að fara. En stj. Landsbankans sýnir fram á, hver áhrif þau kunni að hafa á erlenda kaupendur, og að því verður að gefa gaum. Því að í raun og veru er það svo, að það hefir tiltölulega litla þýðingu, hvað þingmeirihlutinn gerir óviturlegt gagnvart

landsmönnum innanlands, móts við það, sem hann kann að geta gert gagnvart hinum erlendu kaupendum með þvingunarráðstöfunum og óviturlegum valdboðum. Á því byggist vitanlega öll afkoma okkar fátæka þjóðfélags, að við getum selt framleiðslu okkar á sem hagkvæmastan hátt.

Við, sem flytjum brtt. á þskj. 681, álítum ákvæði 5. gr. nægileg, þannig að þeir, sem fái löggildingu fiskimálan. sem útflytjendur, verði að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um lágmarksverð á fiski, sem seldur er til útlanda. Þá tókum við og upp í brtt. okkar, að útflytjendur séu skyldir að taka við fiski til sölu af hverjum framleiðanda sem er fyrir hæfilega þóknun, og ennfremur að skylda útflytjendur að greiða fyrir því, að allir fiskframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar. Með þessu þykjumst við hafa sýnt það, að við viljum hlíta allri skynsamlegri íhlutun um þessi efni, en forðast allt það, sem getur orðið til þess að gera kaupendurna óánægða við seljendurna. Í einu orði sagt: við viljum forðast allt það, sem getur orðið til þess að spilla fyrir sölu á ísl. fiski.

Þá er síðasta brtt. okkar. Hún gengur lengst af öllum brtt. okkar, og þá sennilega um leið næst hjartarótum þeirra, sem flytja frv. Það, sem við förum fram á, er, að 12. gr. verði felld niður, og er þá um leið felld niður heimild fyrir stj. að taka upp einkasölu á saltfiski. Slík heimild má ekki vera í frv., og verður því að fella hana niður, m. a. til þess að fiskimálan. geti notið sín. Um þá hættu, sem stafa kann af því að leiða slíkt ákvæði í lög, liggja fyrir glögg ummæli frá bankastjórum beggja bankanna, Landsbankans og Útvegsbankans, og vil ég benda á umsögn þeirra um þessa einkasöluheimild í 12. gr. Bankastjórar Útvegsbankans taka þetta fram: „Við undirritaðir bankastjórar getum fallizt á frv. þetta í aðalatriðum, ef 12. gr. þess félli niður. Þá grein teljum við bæði óþarfa og varhugaverða. Óþarfa vegna þess, að við teljum engin líkindi til þess, að til hennar þurfi að grípa, og varhugaverða vegna þess, að við vitum ekki, hver ófyrirsjáanleg og skaðleg áhrif hún gæti haft á fiskverzlun vora í Suður-Evrópu, ekki aðeins ef hún kæmi til framkvæmda, heldur og þó hér væri aðeins um heimild að ræða."

Bankastjórar Landsbankans benda líka á þessa hættu. Þeim farast svo orð í bréfi sínu: „Vér munum ekki fara inn á einstakar greinar frv., en aðeins benda á eftirfarandi atriði: Að vér teljum ákvæðin um einkasölu á fiski í 12. gr. frv. mjög **athugaverð**, sérstaklega með tilliti til markaðslandanna í Suður-Evrópu, þar sem lengur má ekki heyrast nefnt orðið einkasala."

Við, sem setið höfum á Alþingi í mörg ár við hliðina á sósíalistum og öðrum einkasölupostulum, eru orðnir vanir því, að okkur sé mótmælt, og að rök okkar gegn einkasölu séu léttvæg talin af þessum mönnum. En það hefir ekki verið venja að heyra mikið frá bönkunum um þessi atriði. Það mega því teljast stór tíðindi þegar bankastjórar beggja aðalbankanna telja sér skylt að benda Alþ. á þá hættu, sem af því geti leitt að stefna fisksölunni í einkasöluáttina. Jafnvel að hafa aðeins heimild í l. um einkasölu á saltfiski, þó aldrei sé til hennar gripið, getur verið mjög varhugavert, eins og bankastjórar Útvegsbankans komast að orði. Mér virðist því, að hv. dm., og þá ekki síst þeir, sem venjulega hafa annara hagsmuna að gæta en hagsmuna sjávarútvegsins, ættu að hugsa sig um tvisvar, áður en þeir ljá fylgi sitt til þess að lögfesta ákvæði um fisksöluna, sem af forráðamönnum bankanna eru talin stórhættuleg. Jafnframt vil ég beina því til þeirra, sem telja sig fulltrúa fyrir sjávarútvegskjördæmi, að láta sér ekki til hugar koma að leika sér að þessum eldi, þegar líka þeim er á það bent af þeim mönnum, sem bezt þekkja til um þessi mál. Annars hélt ég, að síðustu mánuðirnir hefðu verið búnir að færa okkur fyllilega heim sanninn um það, að þeir væru nógir örðugleikarnir, sem okkar fátæka þjóð á við að stríða í markaðslöndunum, þó að við förum ekki að auka á þá sjálfir með óviturlegri löggjöf á Alþ.

Þá hefi ég lýst brtt. þeim, sem hér liggja fyrir á þskj. 681, frá okkur hv. 1. þm. Rang. Við höfðum víst báðir kosið að þurfa ekki að koma fram með brtt. í þessu máli. Við höfum víst sannarlega kosið að þurfa ekki að fara að glíma við þennan einkasöludraug, sem stefnir öllu til tjóns, en úr því að hann kom fram, þá var ekki um annað að ræða en reyna að gera sitt ýtrasta til þess að draga úr skaðsemi hans. Og þó að við að sjálfsögðu séum því fráhverfir, að frv. í heild nái fram að ganga, þá teljum við okkur skylt að gera tilraun til þess að breyta þeim ákvæðum þess, sem fyrirsjáanlegt er, að geti orðið til stórtjóns, ekki aðeins fyrir verzlun landsmanna inn á við, heldur og líka fyrir verzlun landsmanna út á við.

Það er komin fram ný brtt. í þessu máli, frá meiri hl. sjútvn., sem flytur það. Ennfremur hefir hv. þm. V.-Ísf. flutt margar brtt. á þskj. 684. Ég skal fúslega játa, að ég hefi ekki á þeim stutta tíma, sem við höfum haft mál þetta til meðferðar, getað sett mig inn á það sem skyldi. Ég hefi því ekki getað gert mér fulla grein fyrir því, hvað heppilegast muni vera af brtt. hv. þm. V.-Ísf., en þó hygg ég svona fljótlega álitið, að þær muni flestar miða til bóta á frv., að undantekinni brtt., sem snertir 12. gr. Hún er að mínu áliti gagnslaus, því að þar er gert ráð fyrir, að einkasöluheimildin verði áfram í frv. og að einkasalan geti komizt á. Hinsvegar er í brtt. frá meiri hl. sjútvn. á þskj. 692 allmikið nýmæli á ferðinni, sem kemur sannast að segja dálítið undarlega fyrir sjónir, þar sem ríkisstj. er heimilað að veita einstaklingum og félögum lán eða styrk til þess að koma upp tækjum til þess að verka fisk og aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem herðingu og hraðfrystingu, og til þess að gera tilraunir með sölu fiskjar á nýja markaðsstaði, og verja til þess allt að 1 millj. kr. Það á að verja þessu fé til þess yfirleitt að gera allskonar tilraunir með nýjar verkunaraðferðir og til þess að finna nýja markaði fyrir sjávarafurðir. Að vísu er það gert að skilyrði, að lagt verði fram fé úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði í sama

skyni. Við þessu eins og það stendur í brtt. er fljótt á litið ekki nema gott eitt að segja, en þó er rétt að athuga það, að allar slíkar tilraunir, eða flestar í þá átt, eru þess eðlis, að rétt er að líta á þær með allri varfærni þegar um stór fjárútlát er að ræða. Viðvíkjandi því, að hér hefir verið mikið talað um hraðfrystingu, og að sumir virðast líta svo á, að allur vandinn sé leystur, ef byggð verði hraðfrystihús víðsvegar um landið, þá vil ég benda á það, að með þessu einu er þó vandinn ekki leystur. Eins og við höfum vikið að í skýrslum milliþingan. í sjávarútvegsmálum, þá er það ekki vandinn að hraðfrysta fiskinn, heldur að finna kaupendur að honum. Og það er hlutur, sem ekki verður leystur í snöggu bili, og það væri mjög varhugavert að hlaupa til og verja heilli millj. kr. í þvílíkar eða þessháttar tilraunir, og ég vil segja það, að réttara sé að hafa vaðið fyrir neðan sig í þessu efni, þar sem um það er að ræða að leggja í mikinn kostnað. Þetta á þó vitanlega ekki að skoða sem mótmæli gegn skynsamlegum tilraunum í þessu efni, eða því, að reynt verði að afla nýrra markaða, en það er öllum kunnugt, að hraðfrystur fiskur er vara, sem á örðugt uppdráttar úti um heiminn. Þeir menn hér heima, sem mesta kunnugleika hafa í þessum efnum, vita, að þetta er rétt. Milliþn. hafði talsvert fyrir því að afla sér upplýsinga um þetta atriði, og niðurstaðan varð sú að því er snertir hraðfrysta fiskinn, að markaðsmöguleikar fyrir hann væru heldur að vaxa, að vísu fyrir það, að unnið væri með kostgæfni að því að kynna hann, en mikil aukning á sölu mundi ekki verða í einu vetfangi, heldur á mörgum árum. Um herðingu fiskjar er nokkuð öðru máli að gegna; um þá aðferð er rætt í till. milliþn. og talsverðar upplýsingar gefnar í því máli bæði í Ægi og víðar, en þó sérstaklega í skýrslu fiskifulltrúans Kristjáns Jónssonar. N. bendir á það í áliti sínu, að sjálfsagt sé að herða einhvern hluta af fiskframleiðslunni, en þó að því sé nú horfið, þá lít ég svo á, að ekki þurfi til þess mörg hundruð þúsund kr., hvað þá milljón. Í sambandi við þær verkunarleiðir, sem frv. ræðir um, hlýtur að verða mögulegt fyrir fiskimálan. að fá menn til að herða fisk í þeim verstöðvum, þar sem loftslagið er heppilegast fyrir þá verkunaraðferð, með því að veita til þess nokkurn fjárstyrk, án þess að valdboð þurfi að koma til. Ég skal í því sambandi benda á nokkrar stöðvar á Vesturlandi og jafnvel Akranes, en einkanlega þó þær verstöðvar, þar sem erfitt er með aðflutninga á salti eða þeir eru mjög dýrir.

Ég vil sízt hafa á móti því í brtt., er snertir styrki í skynsamlegar áttir til þess að útvega nýja markaði fyrir ísl. fisk, og jafnvel um breyttar verkunaraðferðir, en hitt er nauðsynlegt, að hér sé unnið með hinni mestu forsjá og eftir ráðum hinna kunnustu manna. Það hafa iðulega komið hér fyrir þingið beiðnir um styrk til nýrra veiði- og verkunaraðferða, en margar þeirra hafa ekki verið annað en tilgangslaust fálm oft og tíðum, m. a. s. án þess að nokkur ástæða hafi verið, hvað þá vissa, fyrir því, að þær aðferðir kæmu að notum. Ég efa það ekki, ef fiskimálan. tekur nú til starfa og hún hefir milljón kr. undir höndum, að þá koma ótal umsóknir um styrk til þess að reyna nýjar veiði- og verkunaraðferðir og til þess að leita nýrra markaða. Úr þessu þarf svo n. að vinza það, sem mestar líkur eru til, að affarasælast verði fyrir þjóðina í framtíðinni. Annars vona ég, að þessar till. meiri hl. sjútvn. fái ekki samskonar viðtökur hjá andstæðingum stj. og milliþn. í sjávarútvegsmálum fékk hjá hæstv. atvmrh. fyrir sínar till. um að bæta hag allra útvegsmanna í landinu, þar sem henni var borið á brýn, að hún hefði vanrækt að sjá fyrir því, að peningar væru fyrir hendi til þess að létta skuldabyrðar sjávarútvegsins, hefði vanrækt sitt aðalstarf. Ég svaraði þessu á sínum tíma og sannaði það, að n. hefði ekkert vanrækt í þessu efni. En ef það hefir verið eina vanrækslan hjá n. að benda ekki stj. á að taka lán til þessarar hjálpar, sem n. lagði til, að sjávarútgerðinni væri veitt, þá sýnist, að létt hefði verið fyrir n. að sleppa hjá ákúrum fyrir till. sínar á þessu þingi.

Með brtt. meiri hl. sjútvn. er ríkisstj. falið að verja 1 millj. kr. til tilrauna með nýjar fiskverkunaraðferðir og útvegun nýrra markaða. Blöð stj. segja frá þessu í dag með feitu letri. Það er svo að sjá, sem nú skorti ekki stj. möguleika til þess að leggja fé til styrktar þessum atvinnuvegi. Ég segi ekki annað en vel og gott við því, að stj. hefir aukizt svo ásmegin allt í einu, en á hinn bóginn harma ég það, að hún skuli ekki hafa séð nein ráð til þess að efla fiskveiðasjóð og skuldaskilasjóð, sem þó var mikið rætt um við hana nú á þinginu.

Að lokum vil ég minnast á þá sérstöku nauðsyn, sem hv. þm. Ísaf. taldi á því vera að knýja þetta frv. fram einmitt nú. Hann sagði, að þessi nauðsyn væri sérstaklega aðkallandi nú, og hann sagði það, er hann var nýbúinn að lesa upp mótmæli þjóðbankans gegn þessu frv., mótmæli Útvegsbankans, sem sérstaklega er ætlað að bera hag útgerðarmanna fyrir brjósti, mótmæli fisksölusamlagsins, en í þess stj. sitja færustu menn í þessum efnum. Eftir að hann hafði lesið yfir hv. þdm. mótmæli gegn frv. frá öllum þessum aðilum, þá lýsti form. sjútvn., hv. þm. Ísaf., því yfir, að það væri alveg sérstök ástæða til að knýja þetta mál fram, af því að þessi mótmæli lægju fyrir. Ég ætla ekki að gera neina sérstaka aths. um þessa yfirlýsingu þessa hv. þm. aðra en þá að skýra frá, hvaða ályktun hann dregur af þeim mótmælum, sem komið hafa frá þessum mikilsverðu aðilum. En ég vil aðeins segja það, að þegar liggja fyrir önnur eins mótmæli og þau, er ég hefi hér lýst, þá er vissulega full ástæða til þess fyrir Alþ., að gæta þess að lögfesta það eitt, sem menn eru fullkomlega öruggir og vissir um, að sé til hagsbóta fyrir útveginn og hagsmuna fyrir þjóðina. Og þess verða hv. þdm. að gæta, að stuðning við þetta frv. er ekki að finna í þeim bréfum, sem borizt hafa þinginu frá þessum aðiljum. Ég vil beina því til hv. d., að hún taki til greina þessi mótmæli, þessar raddir; að hún hlusti á þessar raddir og taki til yfirvegunar þau atriði í frv., sem sérstaklega er bent á í hinum merku erindum frá þessum stofnunum,

sem þær telja sérstaklega varhugaverð. Og ennfremur vil ég beina því til hv. d., að hún líti á till. okkar hv. fyrri þm. Rang., sem ég hygg, að megi segja, að allar miði til þess að bæta frv. mjög, enda er því mjög mikilla endurbóta þörf. Þetta er, eins og ég hefi áður drepið á, svo alvarlegt mál, að það verður að gefa því hinar nákvæmustu gætur, að ekki sé stigið neitt vixlspor í því. Við, sem bendum á hætturnar, getum ekki annað; við getum ekki ráðið niðurlögum þessa máls, en við teljum hinsvegar skylt að gera það, sem við getum til þess að lagfæra frv. Ég játa það, að mörg ákvæði frv. þyrfti að laga, sem brtt. okkar ná ekki til, en eru ekki eins aðkallandi og þau, er við höfum tekið fyrir og ég hefi gert að umtalsefni. En á þessum stutta tíma, sem við höfum haft til að athuga frv., hefi ég tekið fyrir háskalegustu galla þess, og þeir lagfærast, ef brtt. okkar á þskj. 669 verða samþ.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég hefi skamman tíma til umráða að þessu sinni og mun þó nota hann til þess að gera grein fyrir þeim brtt. sem ég hefi borið fram við þetta frv. Ég hefi eins og fleiri beðið eftir nál. meiri hl. sjútvn. og ennfremur beðið eftir umsögnum bankanna og fisksölusamlagsins, sem ég vildi sjá áður en ég semdi mínar brtt., en það fór þó svo, að ég varð að gera þær áður en ég fékk að sjá þessar umsagnir. Ég varð því að byggja þær eingöngu á þeim kunnugleika, sem ég hefi undanfarið aflað mér á fisksölunni, þekkingu, sem ég skal þó ekki státa af.

Fyrsta brtt. mín er um það, að í fiskimálan. megi ekki skipa stjórnarmenn eða starfsmenn neins fiskútflytjendafél. Ég hefi að vísu umorðað þetta í annari brtt., þar eð mér þótti rétt að undanskilja fulltrúa banka, sem kynnu að sitja í stj. fisksölufélags. Þeir eru raunar fulltrúar allra landsmanna og tel ég ekkert því til fyrirstöðu, að fulltrúi banka sé bæði í n. og stj. fisksölufélags í senn. Þá er 2. brtt. um að taka valdið yfir útflutningsleyfum og löggildingu útflytjenda úr höndum fiskimálan. og fá það í hendur ráðh. Ég tel þetta réttara, ef svo verður, sem ég vona, að einn aðalútflytjandi verði löggiltur. Þá fer betur á því, að ráðh. hafi þetta vald, sem verður að mestu leyti pro forma, því vitanlega fer ráðh. mikið eftir áliti þessa stóra útflytjendafélags. Væri þetta vald yfir útflutningnum aftur á móti í höndum nefndar, þá væri nokkur hætta á, að ágreiningur gæti skapazt milli margmennrar n. annarsvegar og stj. fisksölusamlagsins hinsvegar. Ég geri ráð fyrir, að ráðh. mundi útdeila svo stóru félagi árskvóta í einu, ef félagið réði yfir mestöllu fiskimagninu, og svo viðbót, ef ástæður leyfðu. Ef útflytjendur verða hinsvegar margir og smáir, má búast við, að þyrfti að útdeila þeim kvóta smátt og smátt eftir árstíðum, og sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að sú útdeiling væri þá í höndum fiskimálan.

Þá er á þskj. 684 brtt. á 3. gr. frv., sama eðlis og hin fyrrtalda, að því leyti, að atvmrh. er falið í staðinn fyrir fiskimálan. að veita útflutnings- og verzlunarleyfi, og er það í samræmi við það, sem áður er getið. C-liður þessarar brtt. er þess efnis, að atvmrh. sé heimilt að fela fisksölun. eða almennu fisksölusamlagi úthlutun útflutningsleyfa og framkvæmd annara starfa samkv. þessum l., eftir því, sem ráðlegt þykir. Það er vitanlega rétt, að ef útflutningurinn verður mestur í höndum eins félags, þá eiga framleiðendur að hafa vald yfir útflutningnum sjálfir að mestu, en ef útflutningurinn er á fleiri, smærri höndum, þá þarf þetta vald að vera hjá öðrum en stj., vegna þess, hve yfirgripsmikið starfið yrði. Því hefi ég lagt til, að í því tilfelli hyrfi valdið yfir til fiskimálan., sem hefði þá daglegar upplýsingar um sölu og markaðshorfur.

Þá eru nokkrar brtt. við 4. gr. Sumt er í samræmi við þær brtt., er ég hefi nú talað um, en þar er einnig lagt til, að í staðinn fyrir það, að í frv. er gert ráð fyrir því, að fél., sem hefir 80% af fiskiútflutningnum, megi veita vald yfir útflutningi á þessu fiskimagni eða meiru, þá megi þetta eins þó að félagið hafi ekki ráð á nema 65% af öllum útflutningi eða meiru. Nú var það svo á síðastl. ári, og er kannske eins á þessu ári, að einn útflytjandi, sem er fyrir utan samlagið, hefir vald yfir 12% af öllum útflutningnum, og ef hann heldur áfram að vera utan við samlagið, þá þyrftu aðrir útflytjendur, sem gengju úr samlaginu, ekki að hafa nema 8% af útflutningnum til þess að útilokað sé fyrir ráðh. að veita samlaginu sérréttindi yfir útflutningnum. Af þessu er bert, að skilyrðið er sett of hátt í frv. En er ég sá brtt. minni hl. sjútvn. um þetta atriði, flutti ég varatill. um að miða við 75% af fiskmagni landsmanna. Þessa varatill. flyt ég aðeins vegna þess, að mér leikur grunur á, að erfitt muni að fá svo lága prósentu sem 65% samþ.

Þá er annar liður þessarar sömu brtt., um það, að þeir, sem standa utan aðalsamlagsins og hafa þó fengið löggildingu, skuli hlíta fyrirmælum atvmrh. um framboð, lágmarksverð og útflutningstíma á saltfiski. Þetta er nauðsynlegt til þess, að þeir, sem standa fyrir utan aðalsamlagið, geti ekki misbeitt sinni aðstöðu á þann veg að selja eingöngu á bezta tíma og á bezta markað. Mér er kunnugt um, að fisksölusamlagið hefir óskað eftir, að einhver slík heimild væri til, til þess að samkeppnin milli þessara tveggja aðila þurfi ekki að vera óheilbrigð. En undanfarið hefir fisksölusamlagið staðið höllum fæti, því að smáútflytjendur hafa betri tök á að velja sér tíma og markað heldur en stór útflytjandi, sem þarf að fullnægja öllum mörkuðum á öllum tímum.

Í brtt. við sömu gr., b-lið, er lagt til, að aðalfélag, sem eftir minni till. hefir 65% af saltfiskframleiðslu landsmanna, en eftir frv. 80%, eigi rétt á löggildingu og þeim hlunnindum, sem um ræðir í frv. Er brtt. mín í vil sliku félagi, en eftir frv. er fiskimálan. sett það í sjálfsvald, hvort sliku fél. séu gefin sérréttindi. En verði útgerðarmenn samtaka, eins og þeir nú hafa verið um skeið, og ég vænti, að þeir verði það framvegis, þá tel ég rétt, að þess gefist enginn kostur, hvorki fyrir ráðh. né fiskimálan. að neita fél. þeirra um löggildingu og önnur réttindi.

Þá er 5. brtt. mín, um það ákvæði 5. gr. frv., sem margir óttast mest í þessu frv. Till. mín felur í sér, að 5. gr. nái ekki til almenns fisksölusamlags, heldur komi eingöngu til framkvæmda, ef útflutningurinn skyldi deilast á margar hendur og ekkert stórt yfirgnæfandi fisksölusamlag vera til. Í því tilfelli, að löggiltir séu t. d. fimm útflutningsmenn hver um sig, sem hafa t. d. 20% af útflutningnum hver um sig, þá þarf vitanlega sérstaka nefnd til að sjá um það, að þessi útflutningsfél. keppi ekki hvert við annað til stórskaða fyrir landslýðinn. Ég veit, að ef til þessa kæmi, yrði starf fiskimálan. um að jafna milli þessara fél. ákaflega vandasamt, kannske allt að því óframkvæmanlegt, a. m. k. annan veg en þann, að það yrði stöðugt rifrildi, tortryggni og viðleitni um að fá sérstöðu, og stöðug umhugsun hjá framleiðendum úti um land um það, hvaða fél. stæði bezt að vígi og væri mest innundir hjá fisksölunefndinni eða stj., og hvar þeir ættu að sækja um inntöku til þess að fá sem bezta aðstöðu fyrir sjálfa sig. Þetta hefir svo marga ókosti í för með sér, að ég verð að telja, að einkasöluheimildin í 12. gr. frv. sé nauðsynleg til þess að hindra, ef til kemur, að allt lendi í glundroða, sem slík smáfél. geta valdið. Það er þá ekki kostur annars, ef margir smáútflytjendur eiga að vera um markaðinn, en að láta eitt centralvald ákveða um allt, sem þarf að hafa tök á, bæði til þess að verðið hrapi ekki niður fyrir allt og að ekki verði misskipting á markaðinum.

Við 6. gr. flyt ég brtt., en þar hefir inn í aliðinn slæðzt prentvilla, því að þar stendur „fisksölunefndinni“, sem ekki er til, en á vitanlega að vera fiskimálanefndin, enda hefi ég leiðrétt það á sérstöku þskj. Ég hefi og gert viðbót við þessa gr. vegna þess, að ég í minum brtt. hefi tekið svo margt undan fiskimálan. og flutt yfir á ráðh., að fiskimálan. hefir ekki sjálf aðstöðu til þess að gera leiðréttingar á því, sem henni finnst athugavert hjá útflytjendum, og yrði því að snúa sér til ráðh. um að fá slíkar leiðréttingar. Er þessi viðbót mín sjálfsögð af þessum ástæðum.

Þá er 7. brtt. mín, um það, að verkunarleyfi sé ekki fyrirskipað í frv., heldur sé það látið laust, hvort það er fyrirskipað eða ekki, en þó hafi ráðh. heimild til þess að fyrirskipa verkunarleyfi, ef nauðsyn krefur. Nú er ástandið þannig á markaðinum, að vel má búast við eftir öllum skýrslum og upplýsingum, að þurfi að útdeila verkunarleyfum til þess að menn verki ekki of mikinn fisk á einn markað og vanti svo á annan. Því tel ég rétt, að þessi heimild haldist, og ég þykist vita, að enginn ráðh. fari að setja sig og fisksölun. út í þann vanda, sem fylgir útdeilingu slíkra leyfa, án þess að það sé nauðsynlegt fyrir fiskútflytjendur til þess að skapa jafnrétti meðal landsmanna. Það er töluvert atriði, að þetta sé heimild, en ekki fyrirskipað í lögum, eins og nú er í frv. meiri hl. sjútvn.

Þá hefi ég við 12. gr. flutt tvær höfuðbrtt., sem skipta miklu máli.

Fyrsta brtt. er um það, að ef til kæmi, að fiskimálan. óskaði eftir að fá einkaútflutningsleyfi og ráðh. fellst á það, þá skuli þó fisksölusamlagið sjálft ráða sínum framkvæmdarstjórum án nokkurrar íhlutunar af hálfu ráðh. eða fiskimálan.

Önnur brtt. stendur í sambandi við það, að ef stórt fisksölusamlag starfaði, þá sé á einskis manns valdi að neita um þau hlunnindi, sem heimiluð eru í frv.

Þriðja brtt. við þessa gr. er höfuðatriði. Hún er á þá leið, að lendi nú allt í glundroða, og að mörg smærri útflytjendafélög geti ekki leyst svo þetta vandamál, að við það verði unað, og ráðh. og fiskimálan. verði sammála um að fyrirskipa einkasölu, þá verði þó framleiðendum sjálfum gefinn kostur á að reka þá einkasölu sjálfir að öllu leyti, rétt eins og ef þeir eftir 4. gr. hefðu átt frumkvæðið að því að skapa slíkt félag.

Þetta hlýtur að draga mikið úr ótta þeirra, sem mest hræðast einkasölu. Að því leyti er þessi till. nauðsynleg, og ég hygg, að þessi mál fari bezt, ef framleiðendur sjálfir stjórna sínu fél. Þó er rétt að setja þeim skilyrði um það, hvernig slíkt fél. er byggt upp, ef þeir eiga að njóta sérréttinda og fara með svona ábyrgðarmikið starf.

Hitt get ég ekki fallizt á, a. m. k. ekki eftir þeim upplýsingum, sem komnar eru, að óþarfi sé að hafa þessa einkasöluheimild í frv.

Ég vil benda hv. þm. Vestm. á það, að í Noregi er í lögum heimild, sem svarar til þessarar einkasöluheimildar, því að það er heimild til að fyrirskipa fullkomið samstarf milli allra útflytjenda, og Norðmönnum hefir það ekki gert nokkurn skaða til þessa. Og ég man ekki betur en að nefndarmennirnir íslenzku, sem sendir voru niður til Spánar, símuðu mér heim um það, að allt eins vel mundi líka, að aðeins væri einn útflytjandi hér á Íslandi. Og á Ítalíu morar allt af einkasölum. Hvergi í álfunni er meira um einkasölur en þar, fyrir utan í Rússlandi. (ÓTh: Það verður bráðum á Íslandi, ef þessu heldur áfram). Ég ætla, að hv. þm. G.-K. muni einskis óska frekar en að verða sem líkastur Ítölum af öllum þjóðum álfunnar.

Tíminn er stuttur, sem ég hefi til umráða, og takmarka ég mig því alveg við mínar brtt., sem yfirleitt hníga í þá átt, að það verði eitt stórt framleiðslufél., sem hefir fullkomna sjálfstjórn, og hvað sem menn segja í hita bardagans um þá hluti, þá get ég ekki trúað öðru en að nauðsyn þeirra beztu kjara, sem samkv. frv. yrðu veitt slíku félagi, mundi yfirleitt knýja menn saman og valda því, að það yrði byggt á þeim grundvelli, sem „Union“ byggir á sín störf. Það fél. hefir forðað landinu frá stórtöpum, þó að vitaskuld megi margt að því finna, því að allt, sem orðið er, orkar tvímælis, og það þarf ekki að vera svo stórt fyrirtæki sem „Union“, að það geri ekki einhverntíma einhver glappaskot, sem sjá má eftir á. En hitt mættu allir vita, að svo stórt fél. getur ekki til lengdar staðið án skipulags, og þegar allir framleiðendur eru í slíku fél., þá er réttlátt, að farinn sé millivegur um skipun félagsins milli samvinnufélagsskapar og þess, að fiskmagnið eitt ráði. Í félagi, þar sem eru jafnaðarmenn, framsóknarmenn og sjálf-

stæðismenn, finnst mér heppilegast, að tekið sé tillit til einstaklinganna, sem í því eru, og fiskmagnsins, en ekki eingöngu til annarshvors.

Ég geri svo ráð fyrir, að ef þessar brtt. verða samþ., þá muni betur fara en á horfðist eftir ræðum sumra hv. þm. og sérstaklega, þar sem mér er kunnugt um, að sá ráðh., sem á að framkvæma þessi l., muni ekki stefna að öðru en því, að það sé aðeins eitt og sem sterkast fiskframleiðendafélag, sem fer með þessi mál. Og eigi það að stjórnast af framleiðendunum sjálfum þá eru það þeir, sem hafa alla ágóðavonina og áhættuna, og þeir munu bera skaðann með meira jafnaðargeði, ef illa fer, heldur en ef þrýst væri utan að þeim einhverjum annarlegum stjórnendum, sem þeir hefðu ekki valið sjálfir.

Það er eitt atriði, sem ég get tekið undir í bréfi Landsbankans, og það er, að það væri sannarlega ekki úr vegi, að allir flokkar settu sína beztu menn til að ráðgast um þetta mál áður en það er afgr. frá þinginu.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., 7. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

**Ólafur Thors:** Ég hefi nú flutt um þetta mál allýtarlega ræðu við útvarpsumr. við frh. fyrstu umr. fjárl., og þarf ég því ekki að tala langt mál að þessu sinni og mun ekki gera það. Mín rök til andmæla þessu frv. eru að langmestu leyti þar saman komin, og a. m. k. færði ég þar fram allt það, sem mér finnst skipta höfuðmáli. Þær umr., sem farið hafa fram um málið síðan, og þær brtt., sem fram hafa komið um málið, tel ég ekki, að gefi mér sérstakt tilefni til langra aths., vegna þess, að enda þótt segja megi um þessar brtt. yfirleitt, að þær séu til bóta, þá er þó um þær allar það að segja, að þótt þær yrðu samþ., þá færðu þær ekki frv. í viðunandi horf, frá mínu sjónarmiði skoðað. Frá mínu sjónarmiði er við þetta mál ekkert að gera, sem fullnægi þeirri þörf, sem ég tel fyrir hendi, annað en að fella frv. og segja með því ótvírætt til um, að Alþ. sé þessari lagasetningu andvigt. Það nægir ekki að frv. dagi upp. Ég er nefnilega ekki eingöngu sammála umsögn Landsbankastjórnarinnar um það, að þetta frv., nái það fram að ganga, muni hafa skaðleg áhrif, heldur er ég einnig sammála hinu, að sú staðreynd, að það hefir komið fram á hæstv. Alþ., muni hafa mjög skaðleg áhrif á fisksölu okkar Íslendinga, svo framarlega sem frv. verður ekki hreinlega fellt. Og rökin fyrir þeirri fullyrðingu *minni*, fullyrðingu, sem stj. bankans hefir nú gert að sinni fullyrðingu, þau liggja fyrir í þessari ræðu, sem ég vitnaði til, og hirði ég ekki um að endurtaka þau nú.

Ég þarf ekki, í sambandi við þær brtt., sem fram hafa komið við frv., að segja frá því sérstaklega eða færa nein rök fyrir því, að brtt. hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Rang. eru að mínum dómi nær því að færa frv. í áttina til sanns vegar heldur en brtt. hv. þm. V.-Ísf. En báðar eiga þessar brtt. sammerkt í því, sem ég áðan gat um, að þær ná ekki neitt svipað því að nægja til þess að bjarga því, sem bjarga þarf í þessu máli. Ég vil sérstaklega leiða athygli hv. þm. V.-Ísf. að því, að umbætur þær, er leiða af till. hans um valdayfirfærslu frá fiskimálan. til atvmrh., gerir hann nú að engu með c-lið sinnar 3. brtt.

Mín skoðun er sú sama, sem fram kom við útvarpsumr., sem sé sú, að ég óttast, að afleiðing af samþ. þessa frv. yrði sú, að fisksölusamlagið félli í rústir og að upp af rústum þess mundi svo spretta einkasala, sem svo aftur mundi leggja í rústir fjárhag og getu landsmanna. Þessi skoðun mín hefir ekki breytzt, en hún hefir fengið aukið gildi í umsögnum þeirra aðila, sem leitað hefir verið umsagnar til, líka í umsögn Útvegsbankans.

Ég get ekki annað um þetta sagt og í raun og veru ekki öðru við það bætt, sem ég áður sagði, en að mig undrar það mjög, að nokkur valdhafi skuli gerast til þess, að nauðsynjalausu, að seilast svo langt til örðugleikanna sem hér er gert, með því að taka á sig aðra eins ábyrgð eins og þessu máli fylgir — mig undrar það svo mjög, að ég get satt að segja ekki fundið neina skynsamlega ástæðu fyrir þeirri framkomu. Ég skal játa það, að ég hefi ekki getað gert mér neina grein fyrir því, að hæstv. atvmrh. skyldi hafa óskað eftir því, að frv. þetta væri flutt, aðra en þá, að aðrir menn hafi þar verið að verki, sem hafi knúið fast á um þetta, en hæstv. atvmrh. hafi, vegna þeirra anna, sem ráðh. hlýtur að hafa um þingtímann, ekki getað gefið sér þann tíma til þess að skoða þetta mál svo ofan í kjölinn, sem honum hefði borið að gera. Því að hann hefði átt, stöðu sinnar vegna, að setja sig inn í þetta mál betur en allt annað, sem á herðum hans hvílir um þingtímann. Ég er ekki í vafa um það, að mistök á þessu sviði eru svo örlagarík, að ef þau eiga sér stað, þá mun góður vilji á öðrum sviðum segja lítið til úrbóta og jafnvægis. Ég er ekki í vafa um það, að þetta frv., verði það samþ., er dauðadómur yfir fiskútflutningi og fiskverzlun Íslendinga. Ég get ekki orðað það öðruvísi. Ég veit eiginlega ekki, hvort mér þykir undarlegra, að hæstv. ráðh. skuli að nauðsynjalausu vilja taka á sig þessa geigvænlega þungu ábyrgð, þar sem hann ryðst inn á svið kunnáttumanna og grípur fram fyrir hendurnar á þeim, sem hafa haft þessi mál með höndum og hrifur umráð þessi í hendur löggjafarinnar, — ég veit ekki, hvort ég á að vera meira hissa á þessu eða hinu, að menn hrópa um það, að þetta sé gert í nafni lýðræðisins. Það er undarlegt lýðræði, að ætla með valdboði að níða niður frjáls samtök fiskframleiðenda. Og það bið ég hæstv. atvmrh. að athuga, að vald stjórnar fisksölusambandsins skapast jafnóðum og einstakir fiskframleiðendur bíðja hana að taka við sölu sins fiskjar, en fyrr ekki. Í nafni lýðræðisins á nú að fremja það glapræði að taka af núv. valdhöfum þetta vald, er framleiðendur af frjálsum vilja hafa afhent þeim. Þetta á að knýja fram með atkv. 25 þm. gegn atkv. 24. þm., 25 þm., sem hafa að baki sér 22 þús. kjósendur, gegn 24 þm., sem hafa að baki sér 26 þús. kjósendur. Þetta þykir mér einkennilegasti spegill lýðræðisins, sem ég hefi nokkurn tíma séð, og hvað sem líður óvarfærni og geig-

vænlegu glapræði, þá vil ég biðja hæstv. atvmrh. og hv. þm. V.-Ísf. að hlífa okkur við að hlusta á, að afbrot þessi séu framin í nafni lýðræðisins. Þetta er jafnt brot á lýðræði eins og það er brot á móti skynsemi.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Hv. þm. G.-K. er óþarft að brýna mig á því, að ég taki á mig mikla ábyrgð með flutningi þessa frv. Mér er þessi ábyrgð fullljós. Og mér er ljóst, hver vandkvæði eru á því að framkvæma þessi l., svo að haldi komi, í óþökk margra af fiskútflytjendum. Og ég skal játa, að mér þykir miður, að þessi umsögn skyldi koma frá S. Í. F. og Landsbankanum. En ég tek það fram, að af því að mér er ljóst, hversu mikið veltur á skipan þessara mála, þá er líka mikil ábyrgð samfara því að láta þetta reka á reiðanum, eins og gert hefir verið, ekki sízt þar sem svo er komið sem nú, að viðbúið er, eftir umsögn Landsbankans, að S. Í. F. klofni vegna þess, að þetta frv. kom fram. Ættu því allir að geta skilið, hvílíkt glapræði það væri að hafast ekkert að í þessum efnum. Þessi mál eru þann veg vaxin, að óverjandi er að skipa þeim ekki þann veg, sem sá, er mesta hefir ábyrgðina í þeim efnum, telur bezt farið. Ég veit, að svo erfitt sem það er að skipa málunum með löggjöf, þá er það ennþá erfiðara án löggjafar, og vil ég ekki mæta þeirri ábyrgð.

Ég skal ekki hrella hv. þm. með skrafi um lýðræðið. Ég hefi talað færra um það en hann, en ég held nú samt, að mætur okkar á því standi í öfugu hlutfalli við orðafjöldann. Hann vill a. m. k. ekki heyra það nefnt í verzlunar- og atvinnumálum. Hann vill, að fjármagnið, þeir, sem flesta hafi þorskana, séu einráðir um þessi mál.

Ég sé ekki ástæðu til að víkja að fleiru í ræðu hv. þm. En til þess að sýna, að ekki var flanað að flutningi þessa frv., vil ég geta þess, að allir stjórnendur S. Í. F. vissu, að ég hafði í hyggju að flytja slíkt frv. Eins lét ég bíða að flytja frv. á Alþ., til að sjá, hver væri afstaða fulltrúa samlagsins.

Það er rangt hjá hv. þm., að ég hafi ekki getað sinnt málinu vegna annríkis, enda þótt ekkert mál í þinginu muni hafa tekið meiri tíma fyrir mér en þetta. (ÓTh: Hví lagði hæstv. ráðh. þá ekki frv. fyrir stj. S. Í. F.?). Ég áleit, að það væri þýðingarlaust, eins og stj. er nú skipuð, enda var mér fyrirfram kunnugt álit stjórnendanna.

Vík ég svo að aðalatriði frv. Ég skal ekki eyða mörgum orðum um hræðslu sumra hv. þm. við þessa hræðilegu einkasöluhugmynd. Mörgum þessara manna er ljóst, að einkasala er nauðsynleg, en hér er aðeins deilt um það, hverjir eiga að stjórna henni. Ég hefi áður lýst yfir því, að þessi einkasöluheimild muni ekki verða notuð án undangenginnar rannsóknar í markaðslöndunum á því, hvort hún geti orðið til óhagnaðar. Er líka til þess bent í frv., í upphafi 12. gr. Annars get ég sagt, að með tilliti til innanlandsástandsins álít ég, að bezt sé, að þetta sé allt á einni hendi. Aftur skiptir það minna máli, hvort salan er í hendi fiskframleiðenda eða ríkisstj. Aðalatriðið er sem sagt, að salan sé á einni hendi. Þetta er líka viðurkennt af þeim, sem telja sig á móti einkasölu.

Það er mjög harmað af stj. S. Í. F., að ekki skuli allir fiskframleiðendur fást inn í samlagið. Er það ekki nema eðlilegt frá þeirra sjónarmiði. En hér greinir aðeins á um það, hvorir ráða, þeir, sem eiga fiskinn, eða þeir, sem skipa stj. S. Í. F.

Frv. er svo byggt, að sérstök aðstaða er veitt einum útflytjanda, sem uppfyllir tvö skilyrði: annað, að hann ráði yfir 80% af útfluttu fiskmagni, en hitt, að hann uppfylli ákvæði 4. gr. frv., að fél. sé opið öllum fiskframleiðendum og að þorskatalan ráði þar ekki ein saman. (PHalld: Hví kallar hæstv. ráðh. aðalfiskframleiðendurna þorska?). Það hefi ég ekki gert. Ég á hér einungis við fiskmagnið. Má ekki taka meira tillit til fiskmagnsins en svo, að enginn hafi ráð yfir meiru en 1/20 atkv. Auk þess verður þetta vitanlega að vera löglegur félagsskapur, sem erlendir fiskkaupendur viti, hvernig upp er byggður.

Mér er svo mikið áhugamál að tryggja þetta, að ég er reiðubúinn að semja um enn frekari tryggingar að því er snertir sérstöðu þessa fél. borið saman við stærri og smærri framleiðendur. En ég vil, að það sé tryggt, að þessum málum verði ekki skipað aðeins eftir geðþótta þeirra manna.

Þá eru einstakar brtt.

1. brtt. hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Rang. á þskj. 681 gerir ráð fyrir, að niður falli í upphafi 2. gr. orðin „verkunarleyfi og". Mig furðar á þessu frá þeim hv. þm. Í grg. frv., sem hv. þm. G.-K. flutti hér snemma á þingi, er bent á, að eftir nokkurn tíma myndu hafa safnazt fyrir svo miklar fiskbirgðir í landinu, að nægja myndu til útflutnings handa markaðslöndum vorum í heilt ár. Hvaða vit er þá í því að vilja ekki leyfa stj. að takmarka verkun? Er lítið vit í að verka fyrir Spán og Ítalíu miklu meira en von er til, að hægt verði að selja þangað. Þetta verður auðvitað ekki gert fyrr en nauðsyn er til, en heimild verður að vera fyrir því. Í frv. er þetta orðað svo, að n. skuli gera þetta, en ég get sætt mig við brtt. frá hv. þm. V.-Ísf., þess efnis, að hún geti gert það, ef henta þykir. — Ég mun greiða atkv. á móti þessari gr.

Þá er 2. brtt. á sama þskj., a- og b-liður. Ég tel ekki ástæðu til þessara breyt. á frv. Ég sé ekki ástæðu til að leyfa mönnum að bjóða til sölu fisk, sem þeir geta svo e. t. v. ekki selt fyrir hið boðna verð, af því að það kemur í bága við gildandi lagaákvæði. Sama er um b-lið að segja. Þar er gert ráð fyrir, að án sérstaks leyfis megi láta smásendingar til Stóra-Bretlands og Norðurlanda. Hvaða meining væri að leyfa slíkt og opna þannig leið til þess, að sá fiskur yrði sendur áfram til Suðurlanda á okkar kvóta.

Þá er 3. brtt., sem gerir ráð fyrir, að fél. fiskframleiðenda séu ekki sett önnur skilyrði en þau, að það skuli opið öllum fiskframleiðendum, og að það ráði yfir 75% af saltfiskframleiðslunni (í stað 80% í frv.). Sami hundraðshluti er nefndur í varatill. frá hv. þm. V.-Ísf., og get ég fallizt á þá breyt.

Þá eru meginatriði 5. gr. felld burt með 4.

brtt., sem sé þau, að fiskimálan. geti sett sem skilyrði fyrir löggildingu manna sem útflytjenda, að þeir hlíti fyrirmælum hennar um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað. Þetta held ég, að sé mjög varhugavert. Þessi ákvæði eru m. a. til þess að koma í veg fyrir, að útflytjendur geti spillt hver fyrir öðrum, ef fleiri eru en einn.

Þá leggja þessir hv. þm. til, að 8. og 9. gr. falli niður, og er þetta í samræmi við brtt. þeirra við 2. gr., en henni hefi ég þegar svarað. Þá leggja þeir enn til, að 12. gr. verði niður felld, og þarf ég ekki að fjölyrða um þá till.

Ef svo er, sem vera virðist, eftir bréfi Landsbankans að dæma, að þetta frv. hafi orðið til að ríða S. Í. F. að fullu, þá er ekkert vit í að fella burtu einkasöluheimildina. Þá er engin leið til nema sú, að útflutningurinn verði fenginn í hendur fleiri, en smærri útflytjendum. Eina tryggingin er, að útflytjendur viti, að til sé einkasöluheimild, sem nauðsynleg er til að hafa fullt eftirlit, ef um fleiri útflytjendur er að ræða en einn.

Þá er brtt. frá hv. 6. landsk., þess efnis, að aftan við 3. gr. bætist: „og ennfremur á verkuðum saltfiski til annara landa en aðalmarkaðslandanna".

Ég hygg, að rétt sé að samþ. þessa brtt. Ég geri ráð fyrir, að þarna yrði um að ræða fisk, sem sendur yrði tilbúinn til neyzlu, en ekki til útflutnings eftir það til Suðurlanda.

Þá er brtt. frá hv. þm. V.-Ísf. á þskj. 684. 1. brtt. er þess efnis, að ekki megi skipa í fiskimálan. stjórnarmenn eða starfsmenn neins fiskútflytjendafél. Við hana er aftur brtt. frá sama hv. þm. á þskj. 694, að hún orðist svo:

„Í fiskimálan. má ekki skipa neinn þann, sem starfar að fiskútflutningi. Ákvæði þetta nær þó ekki til fulltrúa bankanna í stjórn fisksölufélags".

Ég er að öllu leyti samþykkur þessari till., en ég er ekki viss um, eins og hún er orðuð, að hún geti ekki komið í bága við skipan n. á einhvern hátt. Vil ég því mælast til við hv. þm., að hann taki till. aftur, og vil ég þá lofa því, að ég skal athuga, hvort ekki er hægt að ná því sama með öðru orðalagi við meðferð málsins í Ed.

Þá er 2. brtt. á þskj. 684. Fyrsta málsgr. 2. gr. frv. orðist svo:

„Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa, ef þau verða fyrirskipuð".

Ég get um þetta vísað til þess, er ég sagði í sambandi við brtt. á þskj. 681, og mun ég greiða atkv. með þessari till.

Þá geri ég ráð fyrir þeirri breyt., að úthlutun útflutningsleyfa og löggilding saltfiskútflytjenda verði lögð í hendur atvmrh. Segi ég þetta í sambandi við c-lið 3. brtt. á þskj. 684. Ég hefi gert skrifl. brtt. við þennan lið, svo hljóðandi: „Liðurinn orðist svo:

Aftan við gr. bætist: Atvmrh. getur falið fiskimálanefnd úthlutun útflutningsleyfa. Einnig getur ráðherra falið nefndinni eða almennu fisksölufélagi (sbr. 2. málsgr. 4. gr.) framkvæmd þeirra annara starfa, er ráðlegt þykir og undir hann heyra samkvæmt lögum þessum".

Mér finnst ekki eðlilegt, eins og ráð er fyrir gert í brtt. hv. þm., að einn útflytjandi, þótt aðalútflytjandi sé, eins og t. d. S. Í. F., úthluti útflutningsleyfum til annara. Er eðlilegra, að þetta liggi hjá fiskimálan. eða ráðh.

Þá er brtt. við 4. gr. frv., fyrst a-liður, að í stað „Fiskimálanefnd" komi: „Atvinnumálaráðherra". Ég er þessu samþykkur. En ég tel þó rétt, að þetta yrði skilið svo, að atvmrh. leiti álits fiskimálan. áður en löggilding fer fram. Því hefi ég gert aðra skrifl. brtt. við þennan lið brtt. hv. þm., svo hljóðandi:

„Liðurinn orðist svo: Fyrstu málsgr. skal orða svo: Atvinnumálaráðherra löggildir saltfiskútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma, allt að fengnum tillögum fiskimálanefndar".

Vona ég, að hv. þm. hafi ekkert á móti þeirri breyt.

Þá er b-liður þessarar brtt.:

„Fyrir „80% eða meira af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá fiskimálanefnd ákveðið" í 2. málsl. kemur: 65% eða meira af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá atvinnumálaráðherra ákveðið".

Til vara hefir hv. þm. borið fram brtt. á þskj. 694, þar sem 75% koma í stað 65%, og er það sami hundraðshluti og ákveðinn er í brtt. hv. þm. Vestm. á þskj. 681. Ég get fallizt á, að eðlilegt sé að færa töluna niður í 75%, en ég held, að 65% sé of lágt.

Um d-lið sömu brtt. get ég sagt, að ég er honum sammála. Þar er aðeins fellt niður smávægilegt atriði og óþarft.

Þá er sú brtt., sem að sumu leyti skiptir mestu máli, sem sé 5. brtt., við 5. gr. frv., á þskj. 684. En í 5. gr. eru þau ákvæði, „að þeir, sem samkv. 4. og 5. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð á fiski, sem seldur er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum".

Þessi almennu skilyrði eru látin ná til allra útflytjenda jafnt, hvort sem þeir eru stærri eða smærri útflytjendur. En eftir brtt. hv. þm. á einn aðalútflytjandi að fá löggildingu fyrir að flytja ákveðið fiskmagn, sem á að vera undanþegið hinu almenna ákvæði. En ef hann er ekki til staðar, heldur fleiri smærri útflytjendur, þá standa þessi ákvæði, og þá er þeim beitt. Ég tel þetta ekki óeðlilegt. Það er síður þörf á eftirliti, ef útflytjandinn er einn, svo að sala hans hlýtur að ráða verðinu. En það er nauðsynlegt, ef um fleiri útflytjendur er að ræða, að þá sé valdið í höndum fiskimálanefndar. Ég get því greitt atkv. með brtt. hv. þm., og tel, að hún sé að sumu leyti til bóta, því það er betra, að lögfest sé þessi sérstaða aðalútflytjanda.

Brtt. við 6. gr. er í samráði við það, sem áður er komið. Um b-liðinn hefi ég ekkert að segja. 7. brtt. er afleiðing af breyt., sem gerð er á ákvæðum um verkunarleyfi. Sama má segja um 8. brtt., við 11. gr. Hún er í samræmi við aðrar breyt. 9. brtt., við 12. gr., er þess efnis, að

ef aðalútflytjandinn er einn, þá sé fellt niður ákvæðið um það, að séu framkvæmdastjórarnir þrír, þá tilnefni fiskimálan. einn þeirra. Brtt. leggur til, að þetta ákvæði verði fellt niður og fél. geti ráðið framkvæmdastjórana. Þetta er ekki mikilvægt atriði, ef fél. er byggt upp eins og tilætlað er samkv. frv. En ef nokkrir eru fyrir utan fél., þá tel ég eðlilegt, að stj. skipi einn af framkvæmdastjórunum. Ég mun því ekki geta greitt þessari till. atkv. — Um b-lið sömu brtt., sem er um það, að orðið fiskimálanefnd falli niður, get ég verið honum sammála, því það er í samræmi við aðrar breyt., sem ég hefi rætt um áður. — Þá leggur hv. þm. til, að aftan við gr. bætist nýr málsliður, sem hljóðar svo: Nú verður slík einkasala fyrirskipuð, og skal þá ríkisstjórnin gefa fiskframleiðendum kost á að taka hana í sínar hendur, þegar stofnað verður félag fiskframleiðenda, er fullnægir 2. málslið 4. gr. — Ég tel rétt að samþ. þetta.

Þá liggur fyrir brtt. frá meiri hl. sjútvn., að aftan við 12. gr. komi ný grein: Ríkisstjórninni er heimilt að veita einstaklingum og félögum lán eða styrk, til þess að gera þeim kleift að koma upp tækjum til þess að verka fisk og aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem herðingu, hraðfrystingu o. fl., svo og til þess að gera tilraunir með útflutning og sölu sjávarafurða á nýja markaðsstaði, enda leggi þá markaðs- og verðjöfnunarsjóður einnig fram fé í sama skyni.

Fiskimálanefnd sér um veitingu lána og styrkja samkvæmt 1. málsgrein eftir reglum, sem ríkisstjórn setur, að fengnum tillögum fiskimálan., og mega lánin vera vaxtalaus um ákveðið árabil. Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og heimilast henni að taka þá upphæð að láni, eða jafngildi hennar í erlendri mynt.

Ég vil leggja áherzlu á það, að þessi till. nái að ganga fram. Mér er það ljóst, að eins og útlit er nú með sölu til markaðslandanna, þá væri það óverjandi glapræði, að gera engar ráðstafanir til þess að gera þessa vöru seljanlega á öðrum stöðum. Það er hægt að gera það á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að selja verkaðan fisk á fleiri staði en nú er gert. En þetta verður ekki gert án kostnaðar, og ekki heldur á svipstundu. Þetta má í öðru lagi gera með því að taka upp nýbreytni í verkunaraðferðum til þess að skapa aukna sölu, svo sem herðingu, hraðfrystingu o. fl. En þetta kostar vélar, og það að senda menn til þess að reyna að selja fiskinn. — Það má nefna aðra nýbreytni, svo sem að búa til mjöl úr fiskinum. Ennfremur má auka sölu saltfiskjar með því að selja til landa, sem ekki hefir verið selt til áður. En það stoðar ekki að skrafa um þetta. Það þarf bæði að veita fé til þess og útvega menn til þess að leysa þetta starf af hendi. Menninа getum við ekki skapað hér á þinginu, en við getum látið þá starfa með því að veita þeim fé til þess. Ég ætla svo ekki að fara um þetta fleiri orðum. En ég vildi mega vænta þess, að þeir, sem viðurkenna, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, verði ekki til þess að halda uppi óhæfilegu málþófi, heldur reyni að ræða um málið af þeirri skynsemi, sem drottinn hefir nú einu sinni gefið þeim.

**Sigurður Kristjánsson:** Hæstv. atvmrh. byrjaði mál sitt á því, að einungis það, að þetta mál er fram komið hér á hv. Alþ., geti orðið sölusambandi ísl. fiskframleiðenda að bana, og er það alvarlegt umhugsunarefni. En ég ætla nú ekki að svara hæstv. ráðh., heldur tala almennt um málið. Ég vil taka það fram, að margt það hefir komið fram við meðferð málsins, sem bendir sterklega í þá átt, að af ekki svo fáum mönnum sé það ákveðið, að samtökum fiskeigenda skuli bani ráðinn. Ég get vitnað til þess, að hv. form. sjútvn. komst svo að orði á fundi í sjútvn., þegar rætt var um frv. til l. um fiskiráð, að óhafandi væri í frv. ákvæði um það, að sölusamband ísl. fiskframleiðenda ætti að nefna menn í ráðið, sökum þess að engar líkur væru til þess, að sú stofnun yrði til, þegar frv. um fiskiráð kynni að koma til framkvæmda. Það hefir oft verið ymprað á þessu, og það er margt, sem bendir í þá átt, að samtök fiskútflytjenda sjálfra skuli kveðin niður með einhverjum ráðum. Og niðurlag frv., að stofnað skuli til einkasölu á saltfiski, er sjálfsagt í sambandi við þá von, sem margir gera sér um það, að hægt sé að koma samtökum fiskútflytjenda fyrir kattarnef, og auðvitað í þeim tilgangi að taka umráðin úr þeirra höndum. Ég hefi ekki talað neitt um þetta mál fyrr en nú, þó að ég eigi sæti í sjútvn. Orsökin til þess er ekki sú, að mönnum í þeirri n. beri ekki að tala um það mál, sem er stærsta málið, sem fyrir n. hefir komið, sérstaklega ef það er athugað, að stofnað muni verða til einkasölu á saltfiski með frv. þessu. Höfuðorsökin er sú, að til þess virðist hafa verið ætlazt af flm., að frv. yrði helzt ekki rætt. Þetta er dálítið einkennilegt, þegar í öðru orðinu er gefið í skyn, að þetta mál sé svo mikilvægt, að hagur lands og þjóðar velti á úrslitum þess.

Þegar þetta mál kom fyrst fyrir sjútvn., fór ég fram á það, að það væri rætt í n., en því var synjað. Ég hygg, að enginn treystist til þess að halda því fram, að þetta mál sé lítilfjörlegt. Þetta mun því stafa af samvizkubiti, en ekki af umhyggjusemi fyrir atvinnurekstrinum, sem hér á í hlut. Frv. var flutt af svo miklum ofsa, að nefndarm. máttu ekki ræða málið, heldur urðu að greiða atkv. um það, hvort n. vildi taka málið til flutnings, eftir að aðeins hafði gefizt tími til þess að lesa frv. Síðan kom það fyrir þessa hv. d. og var því vísað til 2. umr. Þegar það var tekið fyrir við 2. umr. fór ég fram á það, að sjútvn. fengi að fjalla um málið, þar sem hún hafði aldrei rætt það. Gegn þessu var risið með kappi og ofsa. Sú málamiðlun komst á, að form. n. lofaði, að það yrði tekið fyrir í sjútvn., þó að því væri ekki vísað til hennar formlega. Þegar til sjútvn. kom byrjaði sama kappið aftur. Hv. þm. Ísaf. spurði, hvort ég hefði ekki til brtt. við frv. Ég hafði nú enga yfirlýsingu gefið um það, að ég ætlaði að koma með brtt. við frv. Ég hafði yfirleitt ekki gefið í skyn, að sjóða mætti upp úr frv. neitt það, sem við mætti una. En ég hafði farið fram á

það, að málið væri borið undir þá aðila, sem mest vit hafa á þessum málum. Ég vissi ekki til þess, að um þetta mál hefði verið fjallað af neinum stofnunum, sem hefðu neina sérstaka aðstöðu til þess að vita meira um það heldur en Pétur eða Páll. Ég og margir menn úr Sjálfstæðisflokknum héldum því fram, að senda ætti málið til umsagnar báðum þeim bönkum, sem mest gera að því að sjá sjávarútveginum fyrir fé, og svo til sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem flytur út mest af fiski landsmanna. Form. sjútvn. snerist í lið með okkur sjálfstæðismönnum, svo að málið var sent þessum aðilum til umsagnar. En svo mikið lá á að koma málinu til 3. umr., að n. gat ekki beðið eftir þessum umsögnum. En það bar svo heppilega undir, að umsagnirnar bárust í hendur form. n. um það bil, að hann var að hefja framsögu í málinu. Ég ætla, að það verði að viðurkenna þá staðreynd, að málið er rekið áfram af óvenjulegu kappi, ef ekki ofsa. Það er bersýnilegt, að koma hefir átt í veg fyrir það, að þeir menn og þær stofnanir, sem vit hafa á þessum málum, fjölluðu um frv. Ég ætla ekki að segja hv. þdm. margt af því, sem þeir hljóta að vita sjálfir. En þetta frv. stefnir að því að taka yfirráðin yfir sjávarútveginum úr höndum þeirra manna, sem til hans hafa stofnað af eigin hvötum og lagt í hann orku sína og fé og allt, sem þeir eiga til, og færa þau yfir í hendur kunnáttulítilla manna eða ríkisins sjálfs. Það er enginn vafi á því, að með frv. er stefnt að því að brjóta niður að nokkru eða öllu leyti einstaklingsframtakið í þessum efnum. En hið stærsta tak, sem reist hefir verið á þessu landi, eru þær miklu framfarir, sem átt hafa sér stað í sjávarútveginum, unz utanaðkomandi hömlur komu í veg fyrir áframhaldandi framfarir þar. Í þessa átt er allt frv. stílað. Það er bert af 5. gr. frv., að verið er að reyna, þó að ríkið taki þetta ekki þegar í sínar hendur, að lama svo fiskeigendur með höftum, að þeir sjái sér þann kost vænstan að gefast upp. Ég þarf ekki að lesa upp greinina, því að hún er hv. þdm. kunn. Það má segja, að þar séu tekin af útvegsmönnum öll umráð yfir því, hvað þeir eigi að gera. Þeir mega ekki gera út skip nema með leyfi, þeir mega ekki verka fiskinn nema með leyfi, og að þeim sé fyrirskipað, á hvaða hátt þeir eigi að gera það. Þeir mega ekki bjóða hann til sölu nema með leyfi, og ekki taka við andvirðinu, nema þeim sé leyft það. Þá er það og bert af 1. gr. frv., þar sem ákvæði eru um það, hverjir eigi að vera í fiskimálan., að ganga á framhjá þeim mönnum, sem barizt hafa í þessum atvinnurekstri. Af 7 mönnum, sem á að skipa í fiskimálan., á aðeins einn að vera frá útvegsmönnum, fél. botnvörpuskipaeigenda. Það er ekki ástæða til þess að setja út á það, þó að bönkunum sé ætlað að skipa menn í nefndina. En það er eftirtektarvert, að einn sá aðili, sem á að nefna mann í fiskimálan., er Alþýðusamband Íslands. Ég vil nota tækifærið til þess að vekja eftirtekt á því, hvað það er hneykslanlegt, að það má varla nefna menn í nokkra nefnd, hvort sem hún er pólitísk eða ópólitísk, að Alþýðusamband Íslands sé ekki efst á blaði. Því er þá ekki talað um að nefna menn úr sjálfstæðisflokknum eða t. d. einhverri skólanefnd. Hér er ekki um að ræða fagfélag eða stéttarfélag, því Alþýðusamband Íslands er ekkert annað en pólitískt félag, sem kemur berlega fram af lögum félagsins. Og þó að það eigi hér að koma fram sem fulltrúi verkalýðs Íslands, þá er það ekkert annað en fjarstæða. Í 1. gr. laga þess stendur: „Tilgangur sambandsins er að styrkja samtök, sem byggð eru á grundvelli jafnaðarstefnunnar“. Það er líka sagt, að samkv. þessu sé það höfuðatriðið í starfsemi félagsins, að gefa út blöð og bæklinga, sem eru leiðbeinandi um jafnaðarstefnuna. Ég vil vekja eftirtekt á því, að ef Alþýðusamband Íslands á að nefna einn mann í fiskimálan., þá verður að taka tillit til annara stjórnmálaflokka og gefa þeim tækifæri til þess að nefna menn í nefndina. Það er engin ástæða til þess að taka þennan stjórnmálaflokk fram yfir aðra, þegar gera á ráðstafanir um sölu á afurðum sjávarútvegsins. Ég veit ekki til þess, að það eigi að vera pólitískt, að afla fiskjar úr sjónum. Einmitt fyrsti aðilinn, sem nefndur er, hann er pólitískur. Í 1. gr. frv. stendur: „.... en hinir sex skulu tilnefndir af þessum aðilum, einn af hverjum: Alþýðusambandi Íslands“ o. s. frv. En í einni gr. laga Alþýðusambandsins stendur: „Rétt til þess að vera tekin í Alþýðusambandið hafa öll ísl. verklýðsfélög og stjórnmálafélög, sem vilja hlíta stefnuskrá Alþýðuflokksins“ .... Alþýðuflokkurinn er pólitískt félag, sem stendur fyrir því að stilla mönnum fyrir þingkosningar. Og ég held, að einn þingfl. heiti Alþýðuflokkur, og hér er greinilega fram tekið, að rétt til þess að vera í Alþýðusambandinu hafi þau félög, er játist undir stefnuskrá Alþ.fl. Það eru því margir flokkar, sem hafa sama rétt og þessi aðili, sem er hreinpólitískur. Í lögum Alþýðusambandsins er á einum stað sagt, að félögin í sambandinu hafi því aðeins umráð yfir sínum innri málum, „að ekki komi í bága við sambandslögin, stefnuskrána eða samþykktir sambandsþinga“. (GG: Hvernig stóð á, að Alþýðusambandið átti að fá fulltrúa í fiskiráð?). Það var vitleysa. Og ég er á móti því, að einu pólitísku félagi séu veitt sömu réttindi, nema allir flokkar séu jafnir og fulltrúar teknir úr öllum pólitískum flokkum. Ég gæti fært þess mörg dæmi úr lögum Alþýðusambandsins — en ég vil ekki tefja tímann á að fara út í það —, að Alþýðusambandið er pólitískt félag, og mér þykir ósvífið að leggja til, að fyrsti maðurinn í þessa nefnd skuli eiga að vera úr þessum eina flokki, en ekki minnzt á það, að fulltrúar skuli vera úr neinum öðrum stjórnmálaflokkum landsins. Ég vil undirstrika þetta, að einum aðila er gert hærra undir höfði en öðrum, og tel það óviðeigandi, að í slíkar nefndir eða stofnanir sé einum pólitískum flokki veittur réttur að tilnefna menn, en ekki öðrum, og á þetta vitanlega við allar slíkar nefndir eða stofnanir.

Það liggja náttúrlega fyrir margar brtt. við þetta frv. Mun ég ekki koma að þeim að sinni, og kannske alls ekki. Ég mun halda mig við hitt, að málið er svo vaxið, að ég get með engu móti verið stuðningsmaður þess, og þykir und-

arlegt, að á meðan ekki er búið að ausa moldu síldareinkasöluna sálugu, sem sló landsmenn djúpu sári, þá skuli menn voga sér að bera fram frv., sem boðar samskonar fyrirkomulag um aðra framleiðslu sjávarafurða, nema að því leyti sem þetta grípur yfir stærra svið, því síldin er þó ekki nema lítill hluti sjávarafurðanna, en þetta nær yfir 7/10—8/10 hluta sjávarafurða. Mér þykir þetta nokkuð djarft, meðan afdrif hliðstæðrar ríkisstofnunar eru í fersku minni, og meðan ekki er búið að borga milljónatöp þessarar stofnunar, fyrir utan þær milljónir, sem hún kom fyrir kattarnef frá sjómönnum og útgerðarmönnum. Einkanlega þegar ekki fæst að ræða málið eða bera undir þá menn og þær stofnanir, sem kunnugastir eru þessum málum og hafa þekkingu á þeim. Ég tók fram áðan, að margar brtt. eru við þetta frv., og yrði of langt mál að rekja, ef farið væri út í þær allar. Að sjálfsögðu bæri mér það, ef ég ætti einhverja brtt. eða vildi, að frv. næði fram að ganga með einhverjum breyt. En það vil ég ekki, þó ég telji margar þeirra til bóta. Sérstaklega vil ég þó nefna brtt. á þskj. 687 frá þeim hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Rang. En sökum þess að sakir standa svo, að ég er á móti málinu í heild, mun ég ekki fara út í einstakar brtt., en lýsi aðeins afstöðu minni, sem er nokkuð hreinleg, að ég vil láta fella þetta frv. Ég er sannfærður um, að málum útvegsins er bezt borgið í höndum þeirra manna, sem við þennan atvinnurekstur hafa fengizt að undanförnu, þeir hafa öðlazt reynslu og þekkingu meiri en þeir, sem aldrei hafa nærri komið. Mér kemur ekki til hugar að efast um það, að þessum mönnum þykir vænt um þetta viðfangsefni, sem þeir hafa fengizt við, og þeir hafa persónulegra hagsmuna að gæta, og munu því langmest leggja sig í framkróka um að sjá þessum atvinnurekstri borgið. Það væri því réttasta og sjálfsagðasta leiðin, að ríkið legði þessum mönnum stuðning sinn, svo þeir gætu stundað atvinnurekstur sinn og séð honum farborða, í stað þeirrar miklu viðleitni, sem nú á sér stað, og er gerð til að leggja stein í götu þessara manna, af óvild við frjálsa verzlun. Því ekki að veita þeim útvegsmönnum og fiskeigendum lið, sem reynt hafa að mæta söluerfiðleikunum, sem að steðja, með því að mynda samtök um söluna. Og það var ekki erfiðleikalaust að mynda slík samtök, því hér var um að ræða keppinauta, sem margir hverjir þekktust ekki áður. En þó tókst á stuttum tíma að mynda slík samtök fiskútflytjenda, svo að samlagið ræður nú yfir um 80% af fiskmagninu. Nú er vitanlegt, að starfsemi þessi er tiltölulega ung og margvíslegir örðugleikar, sem steðja að utan að frá — ég tala ekki um þetta heimabakaða böl, sem væri efni út af fyrir sig í langt bindi, — það er eins víst, að þessir menn hafa hug á að bæta þau miklu vandræði, sem stafa af þrengdum markaði; en útgerðin íslenzka hefir aukizt á síðustu árum, svo að framboð á íslenzkum fiski hefir vaxið. Eins og kunnugt er, var snemma á þessu þingi borið fram frv. um fiskiráð, sem átti að hafa það hlutverk að bæta úr þessum ágöllum, átti hvorttveggja í senn, að styðja viðleitni samtakanna um að halda mörkuðum og auka þá, og gera tilraunir um nýja markaði og um nýjar verkunaraðferðir. Þetta frv. hefir mætt mikilli andúð, og ég vil segja frá sumum mönnum óþolandi andúð, að því er hefir virzt fjandskap. Öll rök hníga að því, að það sé að allmiklu leyti óvild til einkarekstrarins í atvinnulífinu, sem veldur því, að margir, ef ekki allir úr stjórnarflokkunum hafa snúizt harðlega gegn till. útgerðarmanna um að bæta úr vandræðum útvegsins. Hinsvegar hafa þessir stjórnarsinnar á prjónunum nýja till. um 1 millj. kr. til nýrra markaðsleita. Um þessa 1 millj. er það að segja, að till. er furðu seint fram komin, og mér er ekki grunlaust um, að hún sé búin til í því skyni að geta sett stóra fyrirsögn í Alþýðubl. og hitt sorpblað stjórnarinnar, Nýja dagblaðið, en hvað verður úr henni í framkvæmdinni?

Ég skal svo ekki hafa þetta erindi lengra, en ljúka máli mínu með því að rifja upp og leggja áherzlu á það, sem ég tel aðalatriðið. Ég hefi ekki orðið annars var en að þau gjöld, sem sjávarútvegurinn hefir fengið frá þessari hv. d. fyrir það að hafa blátt áfram haldið uppi ríkissjóði undanfarin ár og staðið undir þeirri óstjórn, sem verið hefir á fjárstjórn ríkissjóðs, séu megn andúð og óvild gegn málefnum hans og sífelld hiklaus neitun um að rétta hjálpandi hönd. Og ég er sannfærður um, að þetta frv. er sett til höfuðus einkaútgerðinni í landinu, móti vilja og hagsmunum almennings. Ég tel, að brtt. geti ekki bætt svo frv., að það verði að nokkru gagni. Mín till. er því eindregið sú, að frv. verði felld.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Hæstv. atvmrh. hefir farið þess á leit við mig, að ég tæki aftur eina brtt. mína, aðaltill. og varatill. Ég skal játa, að mér er ekki fast í hendi með þessa till., þó ég telji hana eðlilega, en þar sem hæstv. atvmrh. hefir lofað að taka þetta til athugunar, og flytja þá brtt. við frv. í Ed., þá get ég orðið við tilmælum hans. Annars hefir hæstv. atvmrh. tekið brtt. mínum vel, eins og allir hafa gert, sem hafa talað, eins og eðlilegt er, því þær miða allar í rétta átt.

Hæstv. ráðh. lagði hér fram skrifl. brtt., sem ég vil minnast á, þó ekki hafi enn verið leyfð afbrigði. Ég er andvígur því í brtt. hæstv. ráðh., að umsagnar fiskimálan. skuli leitað um, hverjir skuli vera löggiltir, að því er snertir allsherjarfélag, en vil fallast á, að það geti átt við að leita umsagnar, ef margir útflytjendur koma til greina. Samkv. brtt. mínum er skylt að veita því fél., sem hefir 65 eða 75% af fiskmagni til umráða, án þess að ráðh. geti synjað um þann rétt. Enda hefir hæstv. ráðh. fallizt á, að það sé heppilegast og sjálfsagt, ef öflugt fél. er til. Hæstv. ráðh. hefir gert þá aths. um eina brtt. mína, sem sé þá till., að útflytjendur sjálfir tilnefni eða velji alla framkvæmdarstjóra samlagsins, en hvorki fiskimálanefnd né ráðh. nefni einn þeirra, og eru rök hæstv. ráðh. þau, að jafnvel þó svona sé um hnútana búið, sé sennilega um marga fiskframleiðendur og útflytjendum að ræða, sem ekki hafi gengið í „union“, og megi því fiskimálan. tilnefna einn fram-

kvæmdarstj. fyrir þessa menn. Viðvíkjandi þessum mönnum, sem þarf að skylda eða þvinga til að ganga í samtökin, finnst mér ekki of þung refsing, þó þeir verði að bíða eitt ár eftir því að hafa áhrif um val framkvæmdarstjóra. Og ég tel vafasamt, hvort þeir kysu heldur, að fiskimálan. færi með umboð þeirra en þeirra eigin stéttarbræður. Ég mun því halda fast við þessa till. þrátt fyrir aths. hæstv. ráðh.

Þá er brtt. frá hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Rang. Mér virðist þær vera fullmikið miðaðar við, að til séu margir og smáir útflytjendur, en ekki eitt stórt samlag. Tel ég því, að ef þær yrðu samþ., mundi það auka hættuna á því, að ekki yrði til eitt stórt samlag, heldur mörg og smá.

Það má vel vera, að ástæðan fyrir þessum till. sé ótti, sem umr. hafa gefið tilefni til að nokkru leyti, um að draga mundi til einkasölu. — En þar sem minn hugur hneigist að einu stóru samlagi, get ég ekki fylgt þessum brtt. Í lögunum á allt að styðja að því, að samlagið starfi áfram.

Ein brtt. er um, að ákvæðin um verkunarleyfi falli niður úr frv. Það atriði er óháð þessu máli, svo frv. gæti staðið án þessa ákvæðis. Og er þó rétt að hafa heimild fyrir verkunarleyfum í lögunum, eins og mín till. felur í sér.

Þá er brtt. hv. þm. Vestm. um útflutning í smáslöttum, sem hefir við allmikil rök að styðjast. En í framkvæmdinni mun þetta verða þannig, að þeir, sem flytja smáslatta út á markaðinn, eru frjálsir um það. En það er erfitt að ákveða, hvað er smáslatti og hvað ekki. Þess vegna geri ég ráð fyrir, að þeir fái leyfi ráðuneytisins í hvert sinn, og tel, að það nægi að gefa tilkynningu út eftir á. Það er sjálfsagt að greiða fyrir þessum smáútflutningi og gera honum ekki erfitt fyrir. Framkvæmd á þessu, samkv. gildandi ákvæðum, fullnægir, og er því ástæðulaust að kvarta yfir þessu.

Hv. þm. G.-K. tók það réttilega fram, að margar af mínum till. stefndu í þá átt að fá ráðh. í hendur það vald, sem fiskimálan. er annars ætlað í frv. En hann bætti því við, að þessi tilgangur skertist mjög af þeirri till. minni, að ráðh. gæti falið fiskimálan. eða fisksölusamlaginu það, sem ráðlegt þætti, af því valdi, sem honum er falið samkv. frv.

Það er að vísu rétt, að ef gert er ráð fyrir illviljaðri framkvæmd, þá mætti misnota þetta vald á þennan hátt, en ég þurfti þó að bera fram till. um þetta, vegna þess að starfi einhver smáútflytjandi við hliðina á „union", þá er ekki hægt að fela „union" sjálfri vald til þess að úthluta útflutningsleyfum, bæði hvað tíma og markaðsstaði snertir. Í því tilfelli, að einhverjir smærri útflytjendur starfi við hliðina á „union", hygg ég rétt, að ráðh. feli „union" útflutning á svo og svo miklu fiskimagni á ári, t. d. 88%, eins og nú er, eða meiru, og „union" séu þá tryggð umráð yfir þessum leyfum, þótt hitt þurfi að vera í höndum annara vegna keppinautanna, hvenær eigi að flytja út fiskinn, hve mikið magn og á hvaða markaði. Slík leyfi eru aðeins formsatriði og eftir ráði forstjóra „union".

Um leið og verið er að gefa ráðh. vald í þessu efni, þá þarf, ef treysta á því, að ráðh. sé þessu stóra fisksölusamlagi velviljaður, að stuðla að því, að það fái sem mest völd í sínar hendur.

Undir þeim kringumstæðum, að ráðh. sé ekki úr sama flokki og nú, get ég hugsað mér, að ýmsir hv. þdm., sem amast við þessu valdi, geti sætt sig við það og talið það nauðsynlegt, eins og það í raun og veru er líka.

En slíkri staðreynd, að einn ráðh. hafi þessi völd samkv. tilnefningu meiri hl. þingsins, þurfa menn að beygja sig fyrir. Í þessu efni þarf ekki nema nokkur samtöl milli atvmrh. og fisksölusamlagsins og bankanna, til þess að þeir séu vissir um, hvernig hann ætlar að beita þessu valdi, og að hann noti það til þess að styrkja „union", en ekki til þess að drepa samtökin.

Aðaltill. mín við 5. gr. er um það, að sú mikla íhlutun, sem þar er falin fiskimálan., komi aðeins til greina, ef um marga smáútflytjendur er að ræða, enda þarf þá eina miðstöð til þess að hindra skaðlega samkeppni og þær hættur, sem henni fylgja.

Það er að vísu eitt, og aðeins eitt valdboð, sem „union" verður að beygja sig fyrir og er lagt í hendur ráðh., og það er, hvernig fél. skuli byggt upp. Þá ætti öllum að vera ljóst, að þegar svo er komið, að flestir eða allir fiskiframleiðendur þurfa að vera í einu fiskiútflytjendafél., þá þarf fél. að hafa ákveðið skipulag, og þetta skipulag, sem hér er lagt til, er það, að deildir verði um allt land, og bæði þær og eins einstakir fiskeigendur hafi heimild til þess að senda 1 fulltrúa á allsherjarþing sölusambandsins fyrir hver 3000 skp. af saltfiski, en þessi réttur fer minnkandi hlutfallslega við fiskmagn samkv. þeim reglum, sem ráðh. setur um þetta efni.

Það er algengt, að hjá hlutafélögum sé atkvæðamagn takmörkum bundið, og þessar reglur, sem hér er ætlazt til, að settar verði, munu ekki verða strangari en tíðkast hjá hlutafél. víða um heim.

Hér er farin millileið. — Fiskframleiðendur voru ekki skyldaðir til að vera í samvinnufél. þar, sem allir hafa jafnan atkv.rétt. Hinsvegar er ekki gert ráð fyrir, að atkvæðamagnið fari eingöngu eftir fiskimagninu, og þegar bæði stj. og löggjafarvald ætlast til, að allir séu í sama fél., þá er augljóst, að einhvern milliveg verður að fara hvað skipun þessa félagsskapar snertir.

Ég efast ekki um, að ef reglur þær, sem fólgnar eru í frv. um skipun „union", væru bornar upp fyrir alla fiskiframleiðendur landsins, þannig að þeir fengju að greiða atkv. um, hvort þeir vildu hlíta þessari skipun, mundi mikill meiri hl. þeirra verða þessari skipun fylgjandi.

Það hefir einhver talað hér um lýðræði í sambandi við þetta mál. Það er ekki ástæðulaust að nefna lýðræði í sambandi við það, þegar allir framleiðendur einnar stéttar hafa stofnað eitt fél. Þá þarf lýðræðisskipun á því félagi. Það er vitanlega nauðsynlegt til þess að félagið geti starfað.

Hér er vitanlega um átök að ræða, sem standa

í sambandi við þetta venjulega fyrirbrigði, að þegar lýðræðið eykst, þá halda þeir, sem áður höfðu völdin, sem mest í þau. Þessi barátta er hliðstæð hinu „pólitíska“ og „ökonomiska“ lífi. Hér stóð nýlega barátta um „pólitískt“ lýðræði og þá stóð ég við hlið jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna um það, að það ætti að vera fullkomið jafnrétti, og þjóðfélagið ætti að vera samvinnufélag. Vil ég því vænta þess skilnings hjá þessum sömu mönnum, sem þessa baráttu háðu, að í slíkum allsherjarfélögum sem hér um ræðir, eigi að ríkja nokkurt lýðræði, og þá vil ég að þessu sinni alls ekki fara jafnlangt og farið var í hinni pólitísku baráttu.

Ég hygg því, að útkoman hljóti að verða sú, ef farið er eftir mínum till., að fyrst og fremst verði haft eitt stórt framleiðendafél., sem hefir útflutninginn með höndum og sínar ráðstafanir í flestum efnum óháðar fiskimálanefnd, sem þá aðeins „kontrolerar“ keppinautana, og hefir auk þess sérstaklega með höndum markaðsleit.

Vegna umr. í þessu máli og ónógra samtala hingað til, tel ég heppilegra, að hæstv. ráðh. nú, meðan málið liggur fyrir þinginu, nái tali af forstjórum „union“ og bankanna og ræði um það, hvaða brtt. kynnu að vera heppilegar til viðbótar þeim, sem nú verða samþ., til þess að tryggja, að úr þessu verði eitt og öflugt sölusamlag, sem ráði yfir sem mestu af fiskimagni landsmanna. „Union“ verður alltaf að eiga mikið undir ráðh. Undanfarin 2 ár, sem „union“ hefir starfað, hefir hún oft leitað til ráðh., og svo mundi enn. Ef engin allsherjarlög giltu um þetta, þá þyrfti „union“ samt að eiga allt undir ráðh., án þess að hann hefði þó nógar heimildir til að geta komið til hjálpar. Á meðan málið er fyrir þinginu, er mikilsvert, að þessir útflytjendur og bankarnir kynnist hug hæstv. ráðh. um það, hvernig hann ætlar sér að beita því valdi, sem hann fær samkv. þessum l. Slíkt viðtal, sem ég skora á hæstv. ráðh. að koma af stað, er ég viss um, að mundi útrýma miklum ótta og ugg, sem nú lifir á vantandi viðtölum. Þegar tekið er tillit til umr., fyrir utan hinar ströngustu flokksdeilur, sem eiga sér stað hér á hv. þingi um flest mál, eru allir sammála um það, að það eigi að vera eitt öflugt framleiðenda- og útflytjendafél., og að þetta fél. eigi að hafa sem mesta sjálfstjórn.

Verði mínar till. samþ., þá fæst fullkomin sjálfstjórn í þessu efni, jafnvel í því tilfelli, að nauðsynlegt sé að fyrirskipa einkasölu.

**Jóhann Jósefsson**: Ég get ekki látið hjá líða að taka það fram, að þessar lýðræðishugmyndir hv. þm. V.-Ísf. hljóma alveg eins og þegar barið er í tóma tunnu, því að hann flutti þær hér í tómum þingsalnum, svo að segja yfir auðum bekkjum.

Ég vil einnig taka það fram, að mér finnst hæstv. forseti þessarar hv. d. gera lítið til þess að efla virðingu hv. þings, þegar hann leggur blessun sína yfir það, að hér sé rætt mál, sem mér virðist allir vera sammála um, að sé eitthvert hið allra þýðingarmesta, sem hv. þing hefir nú með höndum, yfir svo að segja auðum stólum. Ég hafði gert mér hærri vonir um vilja hæstv. forseta til þess að efla virðingu hv. þings. Það er liðið langt fram á nótt og flestir flúnir, en stjórnarliðinu hefir orðið að smala út um allan bæ, til þess að það gæti verið hér til taks, ef til atkvgr. kæmi um þetta mál.

Hv. þm. V.-Ísf. talaði mikið um lýðræði í þessu máli, en aðferð hæstv. forseta í þessu efni bendir ekki á það, að þessu máli sé fyrirhugað að vera rætt á lýðræðislegan hátt; þess vegna þykir hæstv. forseta það gott, að umr. um þetta mál sé haldið áfram, enda þótt ¾ hv. þdm. séu fjarverandi.

**Forseti (JörB)**: Mér er ekki ljóst, hvað hv. þm. Vestm. ætlar forseta að gera hér. Ég hefi gefið einum hv. þm. fjarvistarleyfi.

Hv. þm. Vestm. kallar eftir því, að málið verði afgr. Hvernig má það verða, án þess að fundir séu haldnir? Hann getur beint ásökunum sínum til annara, sem tefja hér störf.

**Jóhann Jósefsson**: Ég ætlast til þess, að hæstv. forseti hafi opin augun og sjái, hve salurinn er vel skipaður. Ég ætlast til þess, að hann viti, að hér er um svo þýðingarmikið mál að ræða, að það er ekki sæmilegt að hafa afgreiðslu eins og nú er ástatt hér. — Ég skal ekki hafa formálann lengri.

Mér þætti vænt um að mega taka upp brtt. á þskj. 684 frá hv. þm. V.-Ísf., sem hann tók aftur. Ég fer fram á þetta, sökum þess að við nánari athugun sé ég, að þessi brtt. er réttlát í sjálfu sér, en það er engin trygging fyrir því, að hún verði sett í frv. í Ed., og þess vegna finnst mér, að fyrst hv. þm. V.-Ísf., sem virðist hafa kynnt sér þetta mál rækilega, hefir skjalfest þessa till. hér, þá komi hún til atkv. Þess vegna vildi ég fá að taka upp 1. till. á þskj. 684. (ÁÁ: Betra að taka upp 2. till.). Má vera. Ég get gengið inn á að taka varatill. á þskj. 694.

Hæstv. atvmrh. gerði m. a. að umtalsefni till., sem ég flutti hér ásamt hv. 1. þm. Rang. Engin af þeim fann náð fyrir augum hæstv. ráðh., og verð ég samt að segja það, að við hv. 1. þm. Rang. reyndum með þessari till. að ganga svo til móts við þá, sem að þessu máli standa, sem okkur fannst sanngjarnt vera og forsvaranlegt var frá sjónarmiði okkar sem fiskframleiðenda.

Ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. ráðh. leggi mikið upp úr áliti okkar á þessu máli, en ég býst við, að reynslan muni kenna hæstv. stj. á sínum tíma, að þessar till. okkar eru alls ekki fram bornar til þess að skemma þann tilgang, sem þetta frv. á að hafa, sem sé að greiða fyrir fisksölunni. Þær eru þvert á móti allar til þess að gera framkv. auðveldari og einfaldari og stuðla að því, að framleiðendur verði fyrir minni óþægindum heldur en í frv. stendur. — Ekki einu sinni sú litla till. okkar, að ákvæðið, sem snertir löggildingu fiskútflytjenda og þessháttar, nái ekki til smásendinga, sem framleiðendur senda til Norðurlanda og Stóra-Bretlands, fann náð hjá hæstv. ráðh. Er þetta þó mjög bagalegt, því að ef það verður ekki lagfært frá því, sem nú er í frv., þá verður margur útgerðarmaðurinn af þægilegri smásölu til þessara landa, sem þeir

hafa notið undanfarin ár. Þetta snertir ekkert þann aðaltilgang, sem í þessu frv. felst og varðar útflutninginn til Suðurlanda.

Hæstv. atvmrh. virðist halda í það dauðahaldi, að nauðsynlegt sé að hafa íhlutun um veitingu verkunarleyfa. Ég segi bara ekki annað en: verði honum að góðu og fiskimálan. að glíma við allan flotann og skipta á milli manna verkunarleyfum í hverri veiðistöð. Ég get ekki betur séð en að þetta verði aðeins skriffinnska og hún í mesta máta gagnslaus.

Það er nægilegt vald skilið eftir handa fiskimálan. samkv. þeim brtt., sem við höfum flutt á þskj. 681. Sé ekki hægt að ráða bót á óreglulegri og taumlausri samkeppni með lögunum, eins og þau eru úr garði gerð, með þeim breyt., sem við hv. 1. þm. Rang. höfum flutt, þá er ég viss um, að það er heldur ekki hægt með þeim römmu höftum og föstu skorðum, sem hæstv. ráðh. vill setja á alla framleiðslu og allt framboð á sölu og útflutningi.

Það er eftirtektarvert, að í þessu máli eru bæði hæstv. atvmrh. og sá af hv. þm., sem mest hefir talað um þetta mál, hv. þm. V.-Ísf., sammála um það, að einu skynsamlegu ráðstafanirnar í fiskiútflutningsmálunum séu, að fiskútflutningurinn komist á eina hendi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 8. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 431, 662, 669, 681, 684, 694, 715).

ATKVGR.

Brtt. 684,1 tekin aftur.
— 694,1 felld með 16:11 atkv.
— 681,1 felld með 16:15 atkv.
— 684,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 681,2.a felld með 16:13 atkv.
— 684,3.a—b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 715,1 samþ. með 17:9 atkv.
— 684,3.c, svo breytt, samþ. með 17:7 atkv.
— 681,2.b felld með 16:15 atkv.
— 669 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 715,2 samþ. með 17:1 atkv.
— 684,4.a, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 681,3 felld með 16:14 atkv.
— 694,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 684,4.b, svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
— 684,4.c—d samþ. með 18 shlj. atkv.
— 681,4 felld með 16:15 atkv.
— 684,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 684,6.a—b samþ. með 17 shlj. atkv.
— 681,5 felld með 17:13 atkv.
— 684,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 681,6 kom ekki til atkv.
— 681,7 felld með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO.
nei: StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, JörB.

Einn þm. (MT) fjarstaddur.

Brtt. 684,8 kom ekki til atkv.
— 684,9.a samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TT, ÁÁ, BÁ, GÞ, GÍ, GTh, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PZ, PHalld, SK, JörB.
nei: ÞorbÞ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PÞ, SigfJ, SE, StJSt.

GSv, HannJ, JÓl, PO greiddu ekki atkv.

Einn þm. (MT) fjarstaddur.

Brtt. 684,9.b—c samþ. með 17 shlj. atkv.
— 662 samþ. með 29:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GÍ, GTh, HV, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, JG, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SigfJ, SE, SK, JörB.
nei: PHalld.

GSv, HannJ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (MT) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, JörB.
nei: SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO.

Einn þm. (MT) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Við nafnakallið um brtt. 681,7 gerðu fimm þm. grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

**Thor Thors:** Ég vil láta þess getið, að ég tel þetta frv. allt, og þó einkum þessa grein, háskasamlegasta málið, sem fram hefir verið borið á þessu þingi, en þar sem ég tel brtt. heldur til bóta, segi ég já.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Þessi grein er sett til þess að þrýsta fiskframleiðendum til að hafa samvinnu með sér. Í l. í Noregi hefir svipuð heimild verið síðan 1931, og hefir hún aldrei orðið að tjóni. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fella niður gr., enda þótt ég geri ráð fyrir, að hún komi ekki til framkvæmda, og segi því nei.

**Bjarni Ásgeirsson:** Með sama fyrirvara og hv. þm. V.-Ísf. og í trausti þess, að gr. komi ekki til framkvæmda, segi ég nei.

**Hannes Jónsson:** Hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Mýr. hafa nú lýst því yfir, að þeir vilji ekki missa þessa gr. úr frv., en vonandi samt, að hún komi aldrei til framkvæmda. En ég vil losna við greinina, af því að ég er því mótfallinn, að hún komi til framkvæmda, og segi því já.

**Ólafur Thors:** Hv. þm. V.-Ísf. vill halda þessari grein sem lokaviðleitni til þess að halda samtökum útvegsmanna saman. Allt er frv. ruddaleg tilraun til þess að ryðjast inn í samtök útvegsmanna, og svo er meiningin að hneppa allt í einkasölufjötra með heimild þessarar greinar. Ég vil fella hana úr gildi og segi því já.

Við nafnakall um brtt. 684,9.a gerðu þrír þm. svo hljóðandi grein fyrir atkv.:

**Thor Thors:** Þótt ég sé andvígur frv., og öllu, sem því viðkemur, tel ég þessa brtt. heldur til bóta, og segi því já.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ef þessar tvær brtt. mínar, a og c, verða samþ., þá er hér um að ræða mögu-leika fyrir einkasölu fiskframleiðenda, sem er samskonar og sú, er Richard Thors og Sveinn Björnsson sendiherra óskuðu eftir, þegar þeir voru á Spáni. Þeir sendu mér skeyti um, að þeir teldu einkaútflutning æskilegan. Í þessari einkasöluheimild 12. gr. er, ef brtt. mínar verða samþ., ekki fólgin meiri hætta en í till. þeirra um einkasölu fiskframleiðenda. — Ég segi já.

**Ólafur Thors:** Ég lýsi því yfir, að ummæli hv. þm. V.-Ísf. eru órétt og eiga við engin rök að styðjast. — Ég get þó goldið þessari till. atkv. mitt, og segi því já.

Við atkvgr. um brtt. 662 gerðu fjórir þm. svo hljóðandi grein fyrir atkv.:

**Hannes Jónsson:** Hæstv. fjmrh. hefir lýst því yfir, að ekki væri hægt að greiða úr ríkissjóði 130—150 þús. kr. til hjálpar bændum án þess að séð væri fyrir sérstökum, nýjum tekjum í ríkissjóðinn í því skyni. Hér er ætlazt til, að ríkissjóður leggi fram eina millj. kr. til aðstoðar sjávarútveginum. Ég veit ekki, hvar á að taka fé til þessa, samkv. yfirlýsingu hæstv. ráðh., og þó að ég viðurkenni þörfina á þessari greiðslu, sé ég mér ekki fært að vera með henni, og greiði því ekki atkvæði.

**Jóhann Jósefsson:** Ríkisstj. hefir hvað eftir annað í sambandi við frv., sem borin hafa verið fram til að létta byrðar sjávarútvegsins og undirbúin voru af milliþn. í sjávarútvegsmálum, sakað flm. þeirra um það, að þeir hafi ekki séð fyrir tekjum til að mæta þeim útgjöldum, sem samþ. þessara frv. hefðu í för með sér. Hingað til hefir stj. alltaf talið sig ómáttuga til að veita sjávarútveginum liðsinni. Ég lít svo á, að nú sé viðhorf stj. breytt, og hún sjái leið til þessa, sem hún hefir ekki áður komið auga á nú á þinginu. Mér þykja þetta vera góð tíðindi og segi því já.

**Ólafur Thors:** Ég verð að viðurkenna, að ég vantreysti bæði hæstv. stj. og þó einkum þeirri fiskimálan., sem kann að verða skipuð samkv. frv., til að ráðstafa þessu fé á hlutdrægnislausan hátt. Þó hefi ég von um það, að ríkisstj. geti ekki notað þetta fé eingöngu sér og liði sínu til framdráttar, heldur komi þó a. m. k. hluti af þessu fé hinum aðþrengda sjávarútvegi að liði. En það munu allir sammála um, að sjávarútvegurinn verðskuldi þennan styrk, og segi ég því já við till.

**Sigurður Kristjánsson:** Þótt það sé sannfæring mín, að meiningin með þessari till. er fyrst og fremst að fá efni í skrumfyrirsagnir í sorpblöðum stjórnarflokkanna, og flm. ætlist ekki til þess, að hún komi til framkvæmda, nema þá að úthlutað verði skemmtiferðastyrkjum til gæðinga stjórnarinnar, þá er till. réttmæt eftir orðanna hljóðan, og segi ég því já.

Við atkvgr. um frv. sjálft gerði einn þm. svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

**Thor Thors:** Ég vildi gera lítilsháttar grein fyrir atkv. mínu, áður en ég kveð þetta frv. úr d. Ég er ekki gamall maður og hefi ekki mikla reynslu að baki. En ég hefi talsverða þekkingu á þessu máli. Ég hefi öðlazt þá þekkingu í langdvölum með markaðsþjóðunum; þar hefi ég kynnzt óskum viðskiptamanna og fleiri, sem mál þetta snertir. Og ég tel frv. í heild háskalegasta frv., sem fram hefir komið á þessu þingi. Það vildi ég láta koma skýrt fram; segi ég því ákveðið nei.

---

Á 57. fundi í Ed., 10. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 725).

Á 58. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:1 atkv.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vil mælast til þess, að þessu frv. verði vísað til hv. sjútvn., þar sem það var flutt af meiri hl. sjútvn. í hv. Nd.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er talið, að það séu tvennskonar tildrög til þess, að frv. þetta er flutt. Í fyrsta lagi óskir jafnaðarmanna um, að tekin verði einkasala á saltfiski, og er það í samræmi við stefnu þeirra í stjórnmálum. Í öðru lagi er ástæðan talin sú, að Framsóknarflokkurinn sé óánægður yfir því, að honum hefir ekki tekizt að gera þær breyt. á starfsskipulagi sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem bornar voru fram á fulltrúafundi sölusambandsins í haust.

Mér þykir það mjög illt, að þetta frv. skuli vera fram komið, og að útlit er fyrir, að það nái samþykki. Ég hefi ekki trú á því, að einkasala á fiski sé til umbóta, heldur þvert á móti. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda var stofnað til þess að reyna að bæta úr vandræðum þeim, sem fisksala okkar var komin í vegna of mikillar framleiðslu á vörunni, bæði hjá okkur og öðrum þjóðum. Menn urðu hissa 1931, þegar ekki var hægt að selja fisk fyrirfram og ekki í fastan reikning. En til þess lágu eðlilegar orsakir. Árið 1929 var æðimikið tap á saltfiskverzluninni hjá þeim, sem höfðu útflutning til Suðurlanda. En þó tók út yfir árið 1930, þegar allir þeir, sem komu nálægt fiskverzluninni, biðu stórkostlegt tjón. Þetta var meðfram vegna þess, að þeir höfðu fengið ónógar og villandi upplýsingar um það, hvað fiskframleiðslan væri mikil, einkum í Noregi, Færeyjum og einnig hér hjá oss. Þeim höfðu verið gefnar þær upplýsingar, að fiskframleiðslan væri 780 þús. skp., en hún reyndist vera 100 þús. skp. meiri. Þess vegna gátu þeir ekki 1930 haldið uppi verðinu lengur en fram í september. Það var jafnvel svo, að Portúgalsmenn fóru fram á það við norsku stj., að hún greiddi fiskkaupmönnum þar í landi skaðabætur vegna þess, hvað fiskiskýrslurnar þaðan voru villandi eða rangar. Bæði á Spáni og í Portúgal biðu menn tjón af því, að skýrslurnar voru rangar, og keyptu fisk í hærra verði 1930 en von var til, þegar þeir vissu um

birgðirnar. Vegna þessara stórfelldu tapa, sem innflytjendur fiskjar biðu árið 1930, mátti búast við því, að þeir yrðu tregari til þess að kaupa fisk á föstu verði 1931. Þegar 3 mán. voru liðnir af árinu, kom í ljós, að engir vildu kaupa fisk við föstu verði, svo að fiskverðið lækkaði þá þegar niður í 60—63 kr. skp., en var í sept. 1930 um 105 kr. Allir vita svo, hver niðurstaðan varð á fisksölu okkar og annara 1931. Þegar ekki var lengur hægt að selja fisk í fastan reikning, þá var ekki lengur til staðar áhugi á því að halda verðinu uppi í markaðslöndunum. En ef selt er í fastan reikning, þá hafa kaupendurnir mikilla hagsmuna að gæta um að verðið fari ekki niður, því þeir líða stórfelld töp við það, ef verðið lækkar, þar sem þeir liggja ávallt með miklar birgðir af fiski. Bæði vegna þess, að menn væntu þess, að betur úr rættist 1931 en raun varð á, og vegna þess, að samtök vantaði hér heima, þá varð endirinn sá, að innflytjendur í markaðslöndunum sögðu: „Við getum ekki keypt við ákveðnu verði, því þið getið ekki gefið okkur líkur, hvað þá vissu fyrir því, að þó að við kaupum fiskinn við verði, sem markaðurinn leyfir í svipinn, þá komi ekki eftir örstuttan tíma' aðrir með framboð við lægra verði, svo að við biðum stórfellt tjón aftur í ár". Endirinn varð sá, að fiskurinn var nálega allur seldur í umboðssölu. Þá voru engir, sem gættu hagsmuna okkar í því að halda verðinu uppi, því þegar menn taka fisk í umboðssölu og fá 2—2½%, þá getur verið meiri hagnaður fyrir þá, að verðið lækki, svo að þeir geti selt þeim mun meira og haft meira fé upp úr umboðssölunni. Fiskverðið komst þá niður í 55—58 kr., en hæst 60—65 kr. fyrir skippund, nema örfá partí, sem fóru fyrir örlítið hærra verð. Þetta verð mundi samsvara 22 kr. fyrir stríð. Vitanlega kostaði verkun fiskjarins 4—6 sinnum meira 1931 en fyrir stríð. Þá var borgað fyrir verkun á einu skippundi 3,25 kr.—4,25 kr., en á þessu ári mun verkun kosta 19—24 kr. á skippund. Það fór svo, að allir, sem keyptu fiskinn, töpuðu stórfé. Á Vesturlandi varð tapið 13—25 kr. á skippund.

Þegar komið var fram yfir áramótin 1931—1932 sáu menn, í hvaða voða stefnt var og að svo búið mátti ekki standa. Þá voru 6 útflytjendur hér heima, 4 innlendir og 2 útlendir. Þeir sáu allir, að þegar svona var komið, varð að gera eitthvað til umbóta. Ef umboðsverzluninni var haldið áfram, þá var það víst, að fiskurinn myndi ekki hækka úr því verði, sem hann var í 1931, þó voru í marz 1932 keyptir svolitlir slattar af fiski af tveimur firmum, og var verðið á þeim fiski 48 kr. skippundið af Labradorfiski, 60—65 kr. skippundið af stórfiski og af fullverkuðum millifiski 53—55 kr. Bæði af bönkum og öðrum var talað um það í marz 1932, að hefja þyrfti samtök. Ég átti þá viðtal við bankastjórana og þá útflytjendur, sem fluttu mest út, og viðurkenndu þeir, að ef ekki væri hægt að mynda samtök um fiskverzlunina, þá væri voði fyrir dyrum og sýnilegt, að útgerðin myndi undir engum kringumstæðum geta haldið áfram. Erfiðleikarnir, sem blöstu við, urðu til þess, að menn bundust samtökum. En þetta var viðkvæmt mál fyrir þá, sem lengi höfðu flutt út, að sleppa af sínum samböndum og láta aðra njóta aðstöðunnar, sem þeir höfðu skapað sér með margra ára striti og miklum kostnaði. Þetta var það, sem erfiðast var að eiga við. En endirinn varð sá, að í júlí 1932, en þá var nálega enginn fiskur seldur af þess árs framleiðslu, gengu aðalútflytjendurnir til félagsskapar, þ. e. a. s. hinir innlendu útflytjendur. Þessi félagsskapur var ekki skipulagsbundinn. Bankarnir unnu að því, að langflestir viðskiptamenn þeirra gengu í þennan félagsskap, og var hann með því fyrirkomulagi, sem bankarnir höfðu komið sér saman um við hina innlendu útflytjendur. En fyrirkomulagið var á þann hátt, að aðalútflytjendurnir þrír, Kveldúlfur, Alliance og Ólafur Proppé f. h. fisksölusamlaganna skyldu skipa stjórnina ásamt tveimur bankastjórum. Ég get sagt það, að það var í upphafi erfitt að fá menn til að ganga í þessi samtök. Sumir þóttust sjá, að ef þeir væru utan við félagsskapinn, þá mætti svo fara, að þeir gætu í bili grætt á því. Við á Ísafirði og nágrenni höfðum myndað fisksölusamlag í byrjun árs 1932 til þess að gæta hagsmuna okkar við útflutninginn eftir því, sem hægt væri. Ég hafði verið umboðsmaður fyrir erlent firma, og lagði það fast að mér að halda áfram umboðinu og bauð mér góð kjör, svo að möguleikar voru fyrir mig að græða fé fyrir sjálfan mig. En ég áleit, að það, sem þyrfti að gera, væri að vinna að samtökum allra þeirra, sem hafa útflutning með höndum, svo að ég hafnaði hinu góða boði og kaus að vinna að samtökum fiskútflytjenda í landinu fyrir nær helmingi minni laun. Það var ekki með þessum stutta fyrirvara hægt að leita til manna almennt um fyrirkomulag þessa nýja skipulags, heldur var það svo, að bankastjórarnir og þessir þrír menn komu sér saman um starfstilhögunina og leituðu svo til fiskframleiðenda um þátttöku. Þátttakan var misjöfn í fyrstu, en mun hafa verið almennust við Faxaflóa og á Vestfjörðum. Því hefir svo farið þannig fram um starfstilhögunina til þessa, að þessi 5 manna stj. hefir stjórnað málum þeirra manna, sem samtökin mynda, án íhlutunar að öðru leyti en því, að ég og aðrir, sem samtökin mynda, höfum fengið tækifæri til að kynnast starfinu í einu og öllu. Ég minnist þess, að einni viku áður en þetta var afráðið, barst okkur í fisksölusamlagi Vestfirðinga tilboð um sölu á 12 þús. pökkum fyrir 65—66 kr. skippundið, og voru ýmsir í samtökunum, sem vildu selja fiskinn þá til erlendra útflytjenda. En ég fékk afstýrt þessu, því ég hafði von um samtök milli innlendra fiskútflytjenda, og ef þau samtök tækjust, þá myndi verðið hækka. Og 10 dögum eftir að fengin voru svör frá fiskútflytjendum um þátttöku í félagsskapnum og afráðið var að mynda sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, þá var að mínu áliti vissa fyrir því, að við fengjum 8 kr. hærra fyrir skippundið en það, sem okkur hafði verið boðið hæst. Endirinn á fyrstu sölu S. Í. F. varð sá, að við fengum 10 kr. hærra fyrir fullverkaðan fisk, en 8 kr. hærra fyrir Labrador-fisk, en þó voru sumar seinni sölurnar betri. Ég veit, að það ef-

ast enginn um það, að sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefir hjálpað útgerðinni og öllum þeim, sem að þeim málum standa, til að fá 10—14 millj. kr. meira fyrir framleiðslu áranna 1932—33 en annars hefði orðið. Að sjálfsögðu er í slíkum stórrekstri ýmislegt, sem hefði mátt betur fara. En það verð ég að segja, að misfellurnar hafa verið svo óverulegar, að ekki var hægt að búast við betri framkvæmdum í þessi 2½ ár, sem S. Í. F. hefir starfað. Því er ekki að leyna, að talsvert af þessum misfellum hafa orðið af því, að fiskurinn hefir reynzt lakari að gæðum en búizt var við af kaupendunum. Þetta er ekki nýtt. Ég get sagt það, að það kom aldrei fyrir á árunum 1925—1931, að það útflutningsfirma, sem ég var umboðsmaður fyrir, þyrfti ekki að borga skaðabætur, af því að fiskurinn var sagður betri en hann reyndist vera. Þetta er að nokkru leyti eðlilegt, af því að fiskverkuninni hefir víða hnignað frá því, sem var fyrir stríð, og í öðru lagi af því að breyttar kröfur í markaðslöndunum hafa valdið því, að flokkunin hefir ekki verið eins nákvæm og hún hefði átt að vera. Ég get bent á eitt atriði: Fiskimatsmenn og þeir, sem við matið fást, fara oft í léleg fiskparti, sem eru blæljót, þó þau séu óskemmd, og meta úr þeim einhvern hluta sem nr. 1; í sama partiið meta þeir svo góðan blæfallegan fisk. Annarsflokksfiskur úr þessum fiski verður blæfallegri en fyrsta flokks fiskur úr hinu lakara partii. Þetta veldur svo ósamræmi í matinu, og þegar fiskurinn svo kemur niður til markaðslandanna, þá er nr. 2 úr bezta fiski, borið saman við nr. 1 úr lakara fiski, miklu betra. Það er von um, að þetta og fleira verði lagað, þegar kemur ný skipun þessara mála með frv. um fiskimatsstjóra.

Á fulltrúafundi þeim, sem haldinn var um mánaðamótin okt. og nóv. síðastl., voru samþ. einróma mótmæli gegn einkasölu á fiski. Sá maður, sem lagði fram sérstaka till. um skipulag fisksölusambandsins, var einmitt Vilhjálmur Þór.

Hann endurtók hvað eftir annað, að hversu ósammála sem við annars værum um, hvaða skipulag væri heppilegast fyrir fisksölusambandið, þá mættum við alls ekki taka upp ríkiseinkasölu á fiskinum. Menn yrðu heldur að slá sér saman um það að starfa í sameiningu á þeim frjálsa grundvelli, sem lagður hefir verið í þessu efni, þó skipulagið ekki væri það, sem hann kysi á S. Í. F.

Ég hefi séð það í sumum blöðum, að okkur, sem stóðum að þeim till., sem samþ. voru á fulltrúafundi S. Í. F., hefir verið núið því um nasir, að við hefðum ekki viljað fallast á neinskonar samkomulag, sem byggðist á samvinnufélagslegum grundvelli. Ég skal taka það fram fyrir mitt leyti, að ég tel, að fenginni reynslu í þessum málum, að yfirstjórn, sem leita þyrfti til af framkvæmdarstjórn í öllum tilfellum, er að mínu áliti mjög óheppileg. Það mundi verða svo í framkvæmdinni í fisksölumálum, að það gæti jafnvel hlotizt milljónatap af. Þar er það svo, að það berast tilboð frá kaupendum, mörg á dag, e. t. v. tugir tilboða á dag, og það verður að taka ákvörðun um þessi tilboð strax, gagnsvara þeim eða neita. Það dugir ekki að eiga að fara að kalla saman stj. manna til aðstoðar framkvæmdarstj. í slíku máli. Yfirleitt mundi slík stj. undir flestum kringumstæðum hafa litið eða jafnvel ekkert vit á þessari verzlun, og þess vegna mundu hinir þaulvönu framkvæmdarstjórar ráða, en gerði þessi yfirstjórn sig gildandi, mundi svo geta farið, að af hlytist stórfellt tap. Undir öllum kringumstæðum verður að taka ákvörðun í þessu efni strax, það er ómögulegt að bíða með það.

Það, sem fyrir mér og öðrum vakti með breyt. á því fyrirkomulagi sölusambandsins, sem við nú eigum við að búa, var það, að allir, sem að útflutningi fiskjar standa og eru í sölusambandinu, gætu haft bein áhrif á kosningu framkvæmdarstjóra, til þess að þeir gætu valið þá, sem þeir álitu heppilegasta til þess að standa fyrir þessum málum. Við óskuðum þess, að málinu væri þannig skipað, að sett væri fulltrúaráð, sem væri einskonar sambandsliður milli framleiðenda og framkvæmdarstj. Fulltrúaráð, sem hefði aðgang að öllum framkvæmdum og öllum bókunum fisksöluframkvæmdarstj. á hverjum tíma. Ennfremur, að slíkt fulltrúaráð yrði kosið þannig, að skoðanir og hagsmunir allra landsfjórðunga kæmu fram gegnum fulltrúaráðið, og hægt yrði, eftir því, sem fært er, að samrýma hagsmuni allra landsmanna innan sölusambandsins.

Ég hefi orðið þess var, að þegar ég hefi f. h. Fisksölusamlags Vestfirðinga komið með till., sem sérstaklega snertu okkar hérað, þá hefir þeim alltaf verið tekið mjög vinsamlega og greitt úr því, sem við höfum farið fram á, eftir því sem hægt hefir verið í hvert skipti. — Oft er ómögulegt að verða við óskum manna um afskipun á fiski. Það fer eftir því, hvaða vöruteg. kaupandi heimtar á hverjum tíma og ýmsu öðru, svo að það er ómögulegt að halda fullkomnu samræmi í útflutningi fiskjar frá ýmsum landsfjórðungum á öllum tímum árs. Enda er það svo, að fiskurinn er mjög misjafnlega fljótt tilbúinn til útflutnings. Á Austurlandi er fiskurinn t. d. ekki tilbúinn til útflutnings fyrr en í júlí. Í Rvík er hann oft tilbúinn snemma vors, í maí, og á Vestfjörðum er fiskurinn venjulega tilbúinn til útflutnings í maílok eða í byrjun júní.

Ég gat þess í upphafi máls míns, að tvær ástæður hefðu valdið því, að þetta frv. var fram borið, og a. m. k. er það svo, að sumir hafa óttazt, að fisksölusambandið fengi að kenna á því að hafa ekki viljað ganga í sínum stjórnarháttum inn á hreinan samvinnugrundvöll. Ég er viss um, að þeir, sem standa sérstaklega að þessum málum innan samvinnufél., og þá ekki sízt sá maður, sem hefir á hendi forstöðu þess fél., sem mestan fisk hefir til útflutnings, forstjóri Kaupfél. Eyfirðinga, þeir hafa áreiðanlega ekki stuðlað að því, að þetta frv. er fram komið. Eins og ég tók fram áðan í ræðu minni, lýsti þessi maður því oft yfir á fulltrúanefndarfundi, sem fjallaði um skipulagsmálin, að hann teldi nauðsynlegt að forðast einkasölu á fiski, hvort sem skipulagið yrði innan S. Í. F. eða ekki.

Í sambandi við þetta frv. vil ég taka fram

nokkur atriði. Mér hefir ávallt fundizt, að þátttaka sjávarútvegsmanna og þeirra, sem eiga hagsmuna að gæta í þessu máli, vera minni heldur en búast hefði mátt við. Í umr. um kjötsölumálið hefir verið að því fundið, að framleiðendurnir hefðu minni þátttöku í framkvæmdarstj. heldur en vera ætti, og þó er það svo, að þeir hafa meiri hl. Í mjólkursölumálinu hefir verið fundið að hinu sama. En hvernig er þessum málum skipað, að því er fisksöluna snertir eftir þessu frv.? Það má gera ráð fyrir, að þessir aðilar, sem eiga sína afkomu algerlega undir því, hvernig tekst um sölu sjávarafurða, hafi 2 fulltrúa í fiskimálan., botnvörpuskipaeigendur að öðru leytinu, en Fiskifélag Íslands að hinu leytinu.

Ég geri ráð fyrir, að það megi skoða fiskifélagið sem umbjóðanda smærri útgerðarinnar í landinu, sérstaklega á þessum vettvangi. Með þessu fyrirkomulagi hafa framleiðendur minni hlutann og þarf þó ekki við skipan í nefndina að taka tillit til innlendra neytenda eins og í kjöt- og mjólkursölumálum. Gert er ráð fyrir því í frv., að úthlutað verði verkunarleyfum, og að menn megi ekki verka fisk nema fá leyfi til þess hjá nefndinni. Ég er hræddur um, að þetta verði erfitt í framkvæmdinni. Ef ætti fyrst að veita öllum þeim fjölda manna, sem hér um ræðir, leyfi, og segja þeim svo fyrir um, á hvaða markað þeir megi verka fisk, þá þarf a. m. k. í byrjun að rannsaka, fyrir hvaða markað sá fiskur, sem þeir hafa, er hentugastur.

Það nægir ekki að segja við mann, sem hefir aðeins Labradorfisk á boðstólum, að hann skuli verka hann fyrir Spánarmarkað. Það þýðir ekki heldur að segja við mann, sem hefir t. d. aðeins lakari tegund stórfiskjar, sem eingöngu er seljanlegur til Norður-Spánar eða Portúgals: þú skalt verka fyrir Barcelonamarkað. Það má heldur ekki segja við þá, sem verka millifisk: þessi fiskur á að fara eingöngu til Portúgal eða eingöngu til Ítalíu og á þess vegna að vera verkaður með tilliti til þess. Svo getur það orðið til þess að breyta allri áætlun, að ekki fæst þurrkur á fiskinum. T. d. var það svo á Vesturlandi í ár. Við höfðum ákveðið að verka a. m. k. rúmlega ⅓ af öllum okkar stórfiski á Portúgalsmarkað, því að við sáum fram á það, að hægara yrði að selja fiskinn til Portúgal heldur en til Spánar, vegna innflutningshaftanna þar. Við ákváðum þess vegna að reyna að verka um 40% af öllum okkar stórfiski fyrir Portúgal. En tíðin reyndist þannig, að við gátum ekki verkað ⅒ af fiskinum á Portúgalsmarkaðinn. Af þessum ástæðum er erfitt að fyrirskipa um slíkt sem þetta.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þeir, sem hafa yfir að ráða 20 þús. skp. eða meiru, bæði einstaklingar og fél., geti fengið löggildingu til þess að selja fisk beint til markaðslandanna, ef notað verður „gruppe-system". Þetta fyrirkomulag er það sama sem var hér á undan því fyrirkomulagi, sem nú er. Ekki varð það til þess að stöðva það mikla tjón, sem varð á fiskverzluninni 1931. Ég er ekki á móti því, að fiskútflytjendur séu fleiri en einn. Það er ekki óheilbrigt. En ég er því mótfallinn, að veitt verði útflutningsleyfi til margra, þannig að það sé fyrirsjáanlegt, að það skapast samkeppni, ekki um verðið, því að það er hægt að setja skilyrði um verðið á hverjum tíma, heldur um annað.

Ég er hræddur um, að ef fisksölusambandið yrði núna leyst upp, þá kæmi það í ljós, að þeir, sem höfðu fiskútflutning með höndum, áður en þetta skipulag komst á og nú fá leyfi til þess að vera útflytjendur, hljóti að keppa hver við annan um viðskiptasambönd. Keppni um það, að ná í viðskiptasambönd, þegar fisksölusambandið verður leyst upp, leiðir til ýmislegs annars en við óskum. Það þarf e. t. v. ekki að leiða til þess, að fiskurinn verði boðinn út fyrir lægra verð en n. kemur sér saman um, en það leiðir til þess, að ekki verði hægt að fullnægja þeim skilyrðum, sem fisksölusambandið hefir getað gefið sínum kaupendum á erlendum markaði og áreiðanlega er bezta vörnin gegn verðfalli á fiskinum og hefir jafnvel getað orðið til þess að þoka verðinu nokkuð upp á þeim árum, þegar verð á annari matvöru hefir lækkað í markaðslöndum okkar. Við verðum að gefa þeim vissu um, að þeir verði ekki undirboðnir með lægra framboðinu á fiskinum, meðan þeir eru að selja fisk, sem þeir hafa keypt í föstum reikningi.

Þegar fisksölusambandið verður leyst upp, sem er óhjákvæmileg afleiðing af þessu frv., sem hér liggur fyrir, er bezta öryggið, sem við getum veitt þessum samverkamönnum okkar, að þeir verði ekki undirseldir og bíði ekki tjón á fiskkaupum sínum, algerlega brostið. Það er ekkert annað en vissan um það, að það, sem fisksölusambandið lofaði þeim á hverjum tíma, yrði efnt, sem valdið hefir því, að smám saman hefir heppnazt að þoka verðinu upp.

Mér er kunnugt um það, að margir innflytjendur á Norður-Spáni voru mjög hræddir við þessi samtök hér heima, fisksölusambandið, í byrjun. Þeir sögðu, að það væri grímuklædd ríkiseinokun og mundi leiða til bölvunar fyrir þá og alla fisksöluna. Margir fiskkaupmenn neituðu jafnvel í byrjun að skipta við sölusambandið. Fyrst þegar þeir sáu, að þessi samtök voru reist á frjálsum grundvelli og með frjálsum samtökum fiskframleiðenda og fiskeigenda, þá fengust þeir til þess að skipta við það. Þeir hafa líka fengið þeim kröfum sínum framgengt, að geta staðið í beinu sambandi við S. Í. F.

Með skipunum geta þeir fengið 1 þús., 2 þús. eða 5 þús. pakka, eftir vild, og þurfa ekki að kaupa meira en þeir vilja í hvert skipti.

Það er vitanlega einkum 12. gr. þessa frv., sem ég álít sérstaklega skaðlega, jafnvel framkoma hennar hér á þingi hefir valdið ótta og ókyrrð innflytjenda, því að allir vita, að innflytjendur í markaðslöndunum eru mjög andstæðir allri einokun á þessari vöru. Nýlega kom skeyti frá stærsta fiskkaupafirmanu á Norður-Spáni, Trueba y Pardo, þar sem þeir vara við því, að slíkur möguleiki verði gefinn í lögum, að hægt verði að taka einkasölu á saltfiski. Þeir segja, eftir því sem ég bezt man, að þetta muni eyðileggja viðskiptin milli Íslands og Norður-Spánar. Þetta firma var eitt af þeim, sem var mjög tregt til þess að skipta við sölusambandið

í byrjun, af því að þeir álitu, að á bak við það lægi einkasala, þó hinu væri haldið fram, eins og rétt var, að hér væri aðeins um frjáls samtök fiskframleiðenda að ræða. Þeir skiptu ekki við S. Í. F. 1932. Það var fyrst þegar kom fram á árið 1933, að þeir sáu, að þeir höfðu haft rangt fyrir sér, og að það var þeim til hagsbóta að skipta við S. Í. F., því að það er svo, eins og ég gat um áðan, að hagsmunir okkar og innflytjendanna fara saman. Síðan hefir þetta firma verið langstærsti viðskiptamaður S. Í. F. En þeir sameiginlegu hagsmunir, sem við höfum við innflytjendur í þessari verzlun, eru hagsmunir stórinnflytjendanna. Ef verðið lækkar, þá tapa þeir eins og við, ef verðið hækkar, þá græða þeir og við líka. Það hefir líka sýnt sig, að samvinnan er svo góð, að það tekst alltaf smátt og smátt að þoka verðinu upp, þannig að verðið á stórfiski hefir aldrei, síðan 1930, verið eins hátt og á árinu 1934. Það stafar eingöngu af hinni ágætu samvinnu á milli þessara tveggja aðila. Af þeirri reynslu, sem við höfum fengið af þessu fyrirkomulagi, held ég, að öllum hljóti að vera það ljóst, að það er stefnt í rétta átt með því fyrirkomulagi, sem verið hefir, og við höfum komizt í þá aðstöðu, að geta hækkað verðið frá því sem það var áður. Auk þess höfum við fengið samvinnu við innflytjendur í markaðslöndunum, sem okkur er nauðsynleg, svo það er ekkert annað en stórhættulegar verðsveiflur, sem geta fellt fiskinn í verði. Samtímis því, sem fiskurinn hefir hækkað í verði hér, þá hefir verðvísitala á matvöru í þessum löndum lækkað. Þannig hefir hún t. d. lækkað á Ítalíu um 11%, og eitthvað nokkru minna í Portúgal og álíka á Spáni. Hefir verð fiskjarins því í raun og veru hækkað meira en sem nemur hinni beinu verðhækkun, því auk þess hefir verið komizt framhjá eðlilegri verðlækkun. Þetta virðist kannske dálítið undarlegt, en það er bein afleiðing hins hagstæða fyrirkomulags, sem verið hefir á þessari verzlun undanfarin ár. Það þarf því meira en lítið ábyrgðarleysi til þess að rífa niður slíkt fyrirkomulag sem þetta. Ég held því, að þeir, sem mest hafa barizt fyrir frv. þessu, hafi ekki athugað allar ástæður sem skyldi. Sósialistar eru þeirrar skoðunar, að ríkisrekstur sé það eina skynsamlega í þessari verzlun sem annari. En meðal þeirra eru þó glöggir menn, sem bera nokkurt skyn á viðskipti og verzlun. Mig undrar því stórlega, að þeir skuli ljá fylgi sitt til þess að knýja fram slíka löggjöf sem þessa, og þá sérstaklega að því er snertir ákvæði 12. gr. frv., sem virðast stefna að því, að ríkið taki einkasölu á öllum saltfiski. Fylgjendur þessa frv. reyna að blekkja menn með því, að þó þetta frv. verði samþ., sé engin ástæða til að örvænta um framhaldsstarfsemi sölusambands ísl. fiskframleiðenda. Í þessum félagsskap eru menn með mjög mismunandi pólitískar skoðanir, t. d. eru þar menn, sem hafa trú á því, að einkasala og ríkisrekstur sé það eina rétta í þessum efnum, og það er því ekkert eðlilegra en að þessir menn dragi sig út úr S. Í. F. Með því eru þeir hugsjón sinni trúir og styrkja flokk sinn í bili. Auk þessa er reynt að ala á ónægju meðal félagsmanna í S. Í. F., af mönnum, sem standa utan við þessi samtök. Þá er og ekki sparað að segja sögur, sem flestar eru ósannar, um ýmiskonar mistök hjá sölusambandinu, og verða ýmsir til þess að trúa þeim. Ennþá eru nokkrir, sem eru þeirrar skoðunar, að hag sínum sé bezt borgið með því að hafa marga útflytjendur. Allir þessir menn verða því til þess að losa um S. Í. F. Ég þykist því sjá fyrir endi þessara góðu samtaka, sem fært hafa landsmönnum á annan tug milljóna með bættum verzlunarháttum, þegar frv. verður samþ.

Ég sé ekki eftir því, þó að ég hafi helgað þessu máli krafta mína og sakir þess horfið frá öðrum störfum, sem ég hafði helmingi betri laun og minni vinnu fyrir, en mig tekur sárt vegna þeirra mörgu, sem munu gjalda þessa glapræðis að drepa S. Í. F.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:4 atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 725, n. 774 og 787).

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Það er hvorttveggja, að ég er kvefaður og á ekki gott með að halda langar ræður og að ekki er þörf á langri framsöguræðu í þetta sinn. Gefst væntanlega tækifæri til þess síðar á fundinum að bæta við því, sem á kann að vanta.

Um tildrög málsins er ekki þörf að segja margt. Vita allir, að ástæðan fyrir framkomu frv. eru erfiðleikar þeir, sem nú eru á sölu saltfiskjar Íslendinga. Hv. minni hl. hefir í nál. vikið að því, að ástæðurnar séu aðrar, en út í það ætla ég ekki að fara. Ég vil aðeins benda á það, að þar sem í nál. minni hl. er staðhæft, að hér sé keppt að einkasölu, þá er það af litlum skilningi sagt. Mun því engum blandast hugur um, sem les frv., að gert er ráð fyrir, að salan verði á svipaðan hátt frjáls og hefir verið. Hinsvegar er rétt, að í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir því úrslitaráði, — ég vil ekki segja örþrifaráði —, að ríkið taki einkasölu. — Því hefir verið haldið fram, að frv. verki þannig, að S. Í. F. hljóti að leggjast niður, en ég sjálfur ekki getað skilið það. Eina ástæðan er sú, að lögin fyrirskipa breyt. á fyrirkomulagi S. Í. F., og að það er þyrnir í augum vissra manna innan S. Í. F. og þeir vilja ekki hlíta því. Þó að vísu sé fært fram í nál. minni hl., að það þvingi S. Í. F. til að taka annað fyrirkomulag en varð ofaná á fulltrúafundi í haust.

Mér virðist það ekki sannað, þó breytt sé til um val framkvæmdarstjóranna á þann hátt, að meiri réttur sé fenginn þeim, sem að fyrirkomulagi og framkvæmdastjórn eiga að búa, að þeir verði valdir, sem lítið vit hafa á að fara með þessi mál. Enda er vitanlegt, að þeir, sem nú fara með stj. S. Í. F., hafa yfirráð yfir svo miklum fiski, að þeir hljóta alltaf að verða í meiri hl. um val stj. Og það þarf ekki að kvíða því, að nýtir menn innan S. Í. F. geti ekki notið sín. — Þá kemur og annað fram í áliti hv.

minni hl., og það er, að helzt sé ekki hægt að skilja öðruvísi en svo ákvæði í 4. gr. frv., að þar sé um einkasölu að ræða. Um þetta má vitanlega deila, en ef því er slegið föstu, að það sé einkasala, fyrirkomulagið, sem talað er um í þessari 4. gr., en ákvæðið er um, að fela megi einu fél. fisksöluna í hendur, ef við leggjum þennan skilning í það, verðum við að játa, að samskonar einkasala hefir verið 2—3 árin síðastl. Í 4. gr. frv. er ákvæði um, að það fél. eða samtök, sem ráða yfir 80% af fiskmagninu, geti fengið rétt til útflutnings. Það hefir verið svo undanfarið, að þetta frjálsa fél. svo kallaða, S. Í. F., hefir ráðið yfir allt að 90% af fiskframleiðslunni, að ég hygg. Það getur verið, að þessi samtök hafi verið eða séu frjáls að því leyti, að frjálst sé að ganga inn í þau, en að frjálst sé að standa utan við þau, held ég, að sé erfitt að rökstyðja. Þeir menn, sem ekki lofa S. Í. F. fiski sínum, geta ekkert við hann gert annað. Mér er kunnugt um menn, sem á síðustu vertíð vildu ekki lofa fiski sínum til S. Í. F. og hefðu því átt að geta notið þess frjálsræðis, sem talað er um undir þessu fyrirkomulagi. En þegar leið að þeim tíma að veiðar skyldu byrja, þá þurftu þessir menn að fá lán eins og venjulega, og á venjulegan hátt út á fiskinn. En hvernig fór? Fyrsta svarið var: Hvert selurðu fiskinn? Ég veit það ekki, ég hefi ekkert ákveðið, er ekki í S. Í. F. Þá geturðu ekkert lán fengið.

Ég veit ekki til, að neinn útgerðarmaður hafi fengið lán, sem ekki er í S. Í. F., að undanteknum þeim, sem fengu lán hjá útlendu firma, með því að skuldbinda sig til að selja því fiskinn. Ég verð að segja, að ég sé ekki betur en að þetta sé hreint og beint einkasölufyrirkomulag, og það ekki af betra tæginu, því að hér er beitt hreinustu þvingunarmeðölum. Ég sé því ekki, að úr háum söðli sé að detta, þó að ákvæðið í 4. gr. frv. væri um einkasölu. Þar er gert ráð fyrir, að fiskframleiðendur ráði nokkru um það sjálfir, hverjir séu í stjórn S. Í. F. — Mér er sérstaklega kunnugt um, að Austfirðingar hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá íhlutun um stj. S. Í. F., og þeir hafa gert meira, þeir hafa reynt að fá umboðsmenn við hlið stjórnar S. Í. F., sem gætu gefið upplýsingar og skýrslur um starf samlagsins og rekstur. Þetta var svo sagt, að væri uppfyllt, að því leyti, að ráðinn var maður, sem er kunnugur á Austfjörðum, í þjónustu S. Í. F. Var talið eða a. m. k. Austfirðingum var sagt, að hann væri umboðsmaður þeirra. Þessi maður hefir sjaldan gefið skýrslu, þó var hann á fundum með útgerðarmönnum í haust, en er þeir fóru að spyrja hann, sagði hann eins og var, að hann vissi ekki neitt. Hann var skrifstofumaður hjá S. Í. F. og vissi ekkert, hvorki um sölumöguleika né framkvæmdir, og það var rétt. Hann var starfsmaður, sem átti þess engan kost að kynna sér þessi mál. Þetta sýnir, að heilum landshluta er fyrirmunað íhlutun um rekstur fyrirtækisins, eða um afkomumöguleika þeirra sjálfra, sem komnir eru undir sölumöguleikum þeirra. Ég ætla ekki að þessu sinni að fara lengra út í þetta, en gæti gefið gleggri upplýsingar um viðskipti okkar Austfirðinga við S. Í. F. Breyt. þá, sem ráðgerð er í 4. gr. frv., er að engu leyti hægt að heimfæra frekar undir einkasölu en þá starfsemi, sem verið hefir. Ég get ekki séð annað en að því sé að yfirlögðu ráði haldið fram sem grýlu gegn frv., að þar sé um einkasölu að ræða. (MG: Er það nokkur grýla?). — Um frv. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Ég geri ráð fyrir, að vænta megi umræðna um það, svo að gefist tækifæri til að athuga nánar síðar einstök atriði. Ég hefi gert að umtalsefni þessa hlið málsins vegna þess sem kom fram í nál. hv. minni hl. Ég held, að engum geti blandazt hugur um það, að svo miklir erfiðleikar hafi verið á um sölu sjávarafurðanna, að nauðsyn hafi verið breytinga. S. Í. F. var tilraun til að bæta úr þeim örðugleikum. En við höfum reynt S. Í. F. undanfarin ár, og það hafa komið fram nokkrir agnúar á starfi þess og fyrirkomulagi. Ég ámæli ekki stjórninni fyrir það. En frjáls sala getur ekki heitið innan S. Í. F., þó það sé látið heita svo. Hinsvegar geri ég ekki ráð fyrir, að um annað hafi verið að ræða, þegar S. Í. F. var stofnað, en föst samtök stofnendanna um handfastar ráðstafanir.

Því hefir verið haldið fram, að þetta frv. feli í sér ákvæði, sem hefðu mjög skaðleg áhrif á sölu okkar í markaðslöndunum, sem sé heimildarákvæðið um einkasölu í 12. gr. frv. Ég er því ókunnugur og get ekki um það sagt af eigin reynd og þekkingu, en mér kemur undarlega fyrir sjónir, ef þetta hefir nú svo mikil áhrif, ef þetta ákvæði um heimildina til einkasölu er nú svo stórhættulegt í markaðslöndunum. Og ég byggi það á því, að hér hafa verið gefin út bráðabirgðalög um einkasölu á saltfiski, og þá heyrðist ekki ein einasta rödd um, að það væri hættulegt vegna markaðslandanna. Auk þess sem það hafa komið fram sterkar raddir síðasta ár frá stj. S. Í. F., þar sem hún óskaði eftir, að einkasalan á saltfiski yrði lögfest. Mér virðist því, að mótstaðan gegn þessu frv. liggi mestmegnis í því, að einhverjir í stj. S. Í. F. vilja ekki, að fyrirkomulagi þess verði í neinu breytt frá því, sem nú er. Ég verð að segja, að ég tel, að það sé varhugavert að leggja allt of mikið upp úr því, af því að S. Í. F. er til orðið á þann hátt, að stj. þess hefir skipað sig sjálf. Það, sem veldur mesta ágreiningnum innan S. Í. F., er það, að fiskframleiðendur óska eftir að fá íhlutunarrétt um stj. þess. Þetta er það, sem aðallega ber á milli.

Ég hefi vikið að því áður, að fyrirkomulag það, sem um ræðir í 4. gr. frv., líkist minna einkasölu en það, sem nú er. Mér virðist, að fyrirkomulagið hafi borið meiri keim af einokun en einkasölu, af því að svo stendur á, eins og ég hefi áður sagt, að nú er sjálfskipuð stj. í S. Í. F., en eftir ákvæðum 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að fiskframleiðendur sjálfir hafi íhlutun um val stjórnarinnar. Mér virðist kenna meira einræðis í því, sem er, heldur en hinu, að viðskiptamönnum samlagsins sé gefinn kostur á að velja í stjórnina, eða fái yfirleitt eðlilegan íhlutunarrétt um stjórn þess og starfrækslu.

Ég læt þetta nægja f. h. meiri hl. sjútvn. og vænti þess, að þetta þing beri gæfu til þess að

setja lög í þessu efni, ég tel, að ef það ekki tekst, sé komið í mesta óefni með fisksöluna. Ég vænti einnig, að það megi takast, að mál þetta verði rætt af hógværð og án æsinga, því ég þykist ekki hafa gefið og vildi ekki hafa gefið tilefni til þess.

Ég vænti þess, að okkur hér í Ed. megi takast að ráða þessu máli svo til lykta, að að gagni megi verða fyrir sjávarútveginn.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Já, það var auðheyrður tónninn hjá hv. frsm. meiri hl., að ástæðurnar fyrir flutningi þessa frv. eru þær, sem ég hefi getið um í nál. mínu, sem sé þær, að reyna að ganga af S. Í. F. dauðu. Öll ræða hans snerist um það, að reyna að finna agnúa á fyrirkomulagi S. Í. F. Hann leitaðist ekki við að bera fram eina einustu röksemd fyrir því, að þetta frv. gæti orðið til hagsbóta fyrir fiskframleiðsluna. Eitt var nauðsynlegt, og það var að leggja S. Í. F. niður. Það var meðalið, það var tilgangurinn og er vitanlega tilgangurinn hjá þeim, sem þetta frv. bera fram.

Ég hélt, að þessi hv. þm., sem hefir verið forstjóri ríkiseinkasölu, þeirrar einkasölu, sem auk þess að skapa verzlun sildar þau verstu kjör, sem nokkurntíma hafa verið boðin, glopraði niður þeim markaðinum, sem undanfarin ár hafði verið drýgstur og munað mest um fyrir framleiðsluna, og skildi þá eftir á beru hjarni, ætti að minnast þessa í sambandi við S. Í. F., er hann var að ráðast á fyrirkomulag þess. Ég er satt að segja undrandi á, að hann skuli ekki reyna að minnast þessa, er hann var að bera saman þessar tvær aðferðir, þá aðferð, sem hér er í boði, og frjáls samtök hinsvegar. En það er svo, að þessir menn, bæði hann og aðrir, sem fengið hafa ríkiseinkasölufluguna í höfuðið, geta ekki litið með skynsamlegum rökum á þessi mál, og það jafnvel þó þeir hafi fyrir sér fordæmi um, hvernig einkasala hefir reynzt, en mér þykir nokkru kynlegra um þennan hv. þm., sem hefir verið forstjóri síldareinkasölunnar sálugu.

Ég hefi í mínu nál. rakið nokkuð tildrögin til stofnunar S. Í. F. og árangurinn af starfi þess til þessa, til þess að gefa þeim mönnum, sem litið hugsa um þessi mál nema frá þröngu flokkslegu sjónarmiði, kost á að kynnast málinu frá almennu sjónarmiði, gefa þeim kost á að sjá muninn á frjálsum samtökum og ríkiseinkasölu. Mér þykir vænt um, að ég gerði þetta, svo að það sé þó alltaf skjallegt, svo að ekki sé hægt að bera því við, að ekki hafi verið bent á, hvora leiðina ætti að fara, og svo að almenningur geti greint á milli.

Hv. frsm. meiri hl. virtist líta svo á, að ég og aðrir, sem hafa líka skoðun á frv., væru sérstaklega andvígir 4. gr. Það er ekki rétt, heldur er það sérstaklega 12. gr., sem ég er sannfærður um, að verður okkur til óhappa, jafnvel þó henni verði ekki beitt, bara ef hún verður lögfest.

Eins og ég hefi fært rök fyrir, þá var saltfiskverzlun að komast í mesta öngþveiti vegna offramleiðslu. Þetta var mönnum vitanlegt síðari hluta árs 1929, að það var ekki til markaður fyrir alla þessa saltfiskframleiðslu. Framleiðslan hér hafði þrefaldazt á 20 árum, en markaðurinn lítið aukizt í Suður-Evrópu. Við höfðum því orðið að sæta því að taka markað af öðrum, sem höfðu hann áður. Þetta gekk svo vel, að seld eru nú um 60 þús. tonn, og af því höfum við á síðustu 20 árum, 1913—1933, fengið aukinn markað fyrir liðlega 40 þús. tonn, sem mestallt er unnið frá öðrum, mest frá Norðmönnum og Newfoundlandsmönnum. Þegar framleiðslan jókst ennþá meira, er bókstaflega ekki til markaður, nema komi aflaleysisár, annaðhvort hér eða í Noregi, eða þá að takmörkuð verði framleiðslan eða verkunaraðferðum breytt sem nemur þessari umframframleiðslu, og skal ég í því sambandi geta þess, hverjar líkur eru til þess. Ég skal aðeins geta þess, að fyrir mér er það svo, eftir þeirri þekkingu, sem ég hefi á fiskverzluninni í Suður-Ameríku, að engar líkur eru þar um markað fyrir okkur. Sölufyrirkomulagið þar er þannig, að fiskurinn er seldur með svo löngum gjaldfresti, að engin tök eru á því að bíða svo lengi eftir andvirðinu. Ég hefi lengi, í mörg ár, staðið í sambandi við það firma, sem nú hefir yfir 60% af öllum saltfiskflutningi til Suður-Ameríku. Ég veit, að fyrirkomulagið er þetta. Þetta firma hefir reynt að ná markaðinum fyrir Skota og hefir veitt langan gjaldfrest, jafnvel allt að 12 mán. á nokkrum hluta framleiðslunnar. Þetta firma getur gefið svona kjör, af því að það er ríkt og á 2 millj. £ í varasjóði, auk þess sem það á itök í viðskiptabanka, sem sér um öll viðskipti þar suður frá. Norðmenn hafa tapað fótfestu í Suður-Ameríku vegna starfshátta þessa félags eða firma.

Ef borinn er saman útflutningur Norðmanna til Suður-Ameríku árin 1913—1917 og árin 1930—1931, kemur það í ljós, að þeir hafa tapað meiru en helming af markaði sínum, sérstaklega saltfiskmarkaðinum.

Hv. frsm. meiri hl. vill halda því fram, að S. Í. F. sé ekki byggt á frjálsum samtökum, heldur þvingunarsamtökum, vegna þess, að bankarnir séu ófúsir að lána þeim til útgerðar, sem ekki hafa viðskipti við S. Í. F. Ég veit, að bönkunum þykir miður, ef menn sinna ekki þessum frjálsu samtökum, því að samtökin verða að hafa meginhluta fiskjarins til tryggingar erlendum kaupendum. Þegar S. Í. F. var stofnað voru einhverjir mestu erfiðleikar þess þeir, að kaupendur fiskjarins á Spáni, Ítalíu og Portúgal litu svo á, að hér væri á ferðinni einkasala. Margir neituðu þess vegna að skipta við gamla viðskiptamenn hér heima, og það er svo enn, að nokkrir þeirra hafa ekki fengizt til að skipta við S. Í. F. En þeir eru nú orðið fáir, því að reynslan hefir sýnt þeim, að þetta eru frjáls samtök til þess að gæta hagsmuna fiskframleiðenda hér heima, og til þess að tryggja innflytjendur í markaðslöndunum gegn stórfelldri áhættu.

Annað skilyrði var það, sem innflytjendur í Suðurlöndum trúðu ekki, að S. Í. F. gæti fullnægt, en það var að koma í veg fyrir umboðssölu á fiski og það, að þeir væru undirseldir, ef þeir keyptu heila farma af fiski og biðu þannig stórkostlegt tap.

Það má öllum ljóst vera, að það var ekki létt verk, eftir reynsluna árið 1931, að koma í veg fyrir, að umboðssalan héldi áfram á saltfiski. Ég hefi getið þess í fyrri ræðu minni, að allur fiskur var seldur í umboðssölu árið 1931, en það stafaði af því, að offramleiðsla var. Innflytjendur í Suðurlöndum voru hræddir við frekara verðfall, enda höfðu innflytjendur á Spáni og Ítalíu orðið fyrir ægilegu tapi árið 1930. Ég get nefnt dæmi þess, að erlent firma, er keypti hér fisk, tapaði 600 þús. kr. á tveimur síðustu mán. ársins, og annað firma tapaði mun meira vegna þess, að það keypti meira seinni part ársins og lá með meiri birgðir. Það má nærri geta, að kaupendur í Suðurlöndum treystu því ekki, að hægt væri að koma í veg fyrir umboðssölu, þar sem allur fiskur hafði verið seldur í umboðssölu árið áður. Það þarf ekki annað en að nokkuð af fiskinum sé selt í umboðssölu til þess að verðlagið hrapi skyndilega. Það var því eðlilegt, að þessir menn væru ófúsir að kaupa í fastan reikning. Það var ekki hægt að koma því fram nema með því að S. Í. F. fengi meginhluta fiskjarins 1932 og eftirleiðis, og að sá fiskur, er seldur væri utan við S. Í. F., yrði ekki seldur í umboðssölu.

Ég er sannfærður um það, að ef einkasala hefði verið sett á stofn 1932, þá hefði enginn fengizt til að kaupa í fastan reikning, heldur hefði allt verið selt í umboðssölu, og við hefðum þurft að sæta sama verði og 1931. Vegna þess hve S. Í. F. fékk mikinn fisk 1932, gat það gefið nokkurnveginn tryggingu fyrir því, að ekki yrði selt í umboðssölu það ár, og þar með gefið þeim nokkra tryggingu, er keyptu í fastan reikning og lægju með birgðir í markaðslöndunum. Ég gat þess áður, að ýmsir, er höfðu haft viðskipti við okkur, vantreystu því, að þetta mætti takast, og vildu ekki taka upp bein viðskipti þegar. En þegar þeir sáu, að á fyrsta árinu, 1932, var mestur fiskurinn óseldur í byrjun ágúst, að tekizt hafði að koma í veg fyrir umboðssölu og verðið fór smáhækkandi, þá urðu þeir ánægðir. Þessir menn hafa í rauninni sömu hagsmuna að gæta og framleiðendur hér heima, að ekki verði verðfall á fiskinum, því að þeir liggja oft með milljónabirgðir af fiski. Tapið við verðfall kemur fyrst niður á þeim, en seinna á okkur. Þannig var það 1930, en við supum seyðið af því 1931.

Það er enginn í þessu landi, sem mun neita því, að S. Í. F. hafi hjálpað til að losa okkur við umboðssöluna og hækka verulega verð á fiskinum. S. Í. F. hefir á þennan hátt bjargað útveginum frá stórkostlegu tapi, sem skiptir mörgum milljónum eða á tug milljóna. Því undarlegra er það, að nú skuli hlaupið til og reynt að bregða fæti fyrir þessi samtök.

Ein af aðalástæðunum, sem nefndar eru í nál. meiri hl., fyrir því, að frv. sé fram komið, er m. a. óánægja, sem á að vera hjá einstökum mönnum með S. Í. F., og hv. frsm. meiri hl. reyndi að færa rök að því, að S. Í. F. hefði orðið til bölvunar, a. m. k. hefði því mistekizt herfilega.

Ég held nú ekki, að hv. frsm. meiri hl. sé svo vanhygginn, að hann vilji kasta því skipulagi, sem bjargaði okkur frá umboðssölu, hækkaði verðið á fiskinum og kom þessum málum í það horf, að erlendir innflytjendur eru ánægðir með viðskiptin. Ég var einn af þeim, er vann að því 1932, fyrir tilmæli bankanna, að S. Í. F. var stofnað. Erfiðleikarnir voru í því fólgnir, að þeir, sem höfðu viðskiptasambönd í markaðslöndunum, voru ófúsir á að afhenda þau, enda þótt þeir yrðu í stjórn S. Í. F. Þessum mönnum var það ljóst, að ef ekki yrðu mynduð slík frjáls samtök, þá mundi umboðssalan halda áfram, og að það var sama og dauði fyrir framleiðsluna. En það var lengi svo, að sumir þeirra vildu hafa svokallað „gruppe-system“, að útflytjendur væru margir og hver hefði sína viðskiptamenn. Án þess að þessir menn gengju til samstarfs var ekki hægt að ná svo miklu fiskmagni, að hægt væri að koma í veg fyrir umboðssöluna og koma ábyrgðinni að nokkru á hendur erlendra innflytjenda. En það tókst að fá þessa menn til samstarfs og mynda samtökin, enda þótt starfsfyrirkomulagið væri annað en margir hefðu óskað, sökum þess, að eigi vannst tími til að koma þessu á fastan grundvöll, svo að allir, er fisk höfðu til sölu, tæku þátt í kosningu framkvæmdarstjórnar. Erlendir menn buðust til að taka fisk í umboðssölu, og við, í Fisksölusamlagi Vestfirðinga, fengum t. d. 14 tilboð í þessa átt frá Spáni og Ítalíu. Okkur var heitið því, að við skyldum ganga fyrir öðrum, borgað yrði við afskipun fiskjarins 50—55 kr., en hitt, er reikningar væru gerðir upp. Það er enginn efi á því, að aðrir hafa fengið samskonar tilboð. Í flestum tilfellum tóku þessir erlendu menn það fram, að fram hjá umboðssölu yrði ekki komizt, eins og þá stóð á.

Ég man sérstaklega eftir einum, sem hafði haft mikil viðskipti við okkur. Honum var svo ríkt í huga verðfallið árið 1930, að hann sagði, að það kæmi ekki til mála að kaupa fisk í fastan reikning. Sömu skoðunar sagðist hann vita, að aðrir væru. En þetta fór á annan veg. Það var hægt að forðast umboðssöluna 1932, hækka verðið á fiskinum um h. u. b. 10 kr. og byggja framtíðarviðskipti á þessum frjálsa grundvelli.

Eitt af því, sem hv. frsm. meiri hl. fann að, var skipun framkvæmdarstjórnar S. Í. F. Eins og ég gat um, vannst ekki tími til að skipuleggja þennan félagsskap árið 1932, en fulltrúafundur, sem haldinn var nýlega, gerði ráð fyrir því, að val framkvæmdarstjórnarinnar sé í höndum allra þeirra, er flytja út fisk.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þeir, sem nú skipa stjórnina, hefðu svo mikið fiskmagn, að þeir væru alltaf vissir um stjórnina. Ef fisksölusamlög Rvíkur, Kveldúlfur og Alliance, stæðu saman, hefðu þeir allir um 120 þús. skippund, en utan við samtökin stæðu þá aðrir fiskeigendur með 200—250 þús. skpd.

Hinsvegar er ég viss um það, að þeir, sem kjósa í stjórnina með það fyrir augum að fá þangað hæfa menn, munu varla óska að breyta til frá því, sem nú er. Ég hygg, að óánægja hv. frsm. meiri hl. sé sú sama og fram kom hjá fulltrúum Austfirðinga, sem vildu fá að velja einn mann í stjórnina. Nú hafa þeir ekki meira en

6%—7% af fiskmagni S. Í. F., svo að eftir hlutföllunum er síður en svo, að þeir hafi kröfu til framkvæmdarstjóra, en hitt er og, að mér er ekki kunnugt um, að þeir hafi neinn frambærilegan mann til þessa starfs.

Hv. frsm. meiri hl. var að tala um það, að umboðsmaður Austfirðinga hefði ekki getað gefið þeim upplýsingar um einhver atriði viðvíkjandi fisksölunni, og í því sambandi, að menn fengju ekki upplýsingar hjá S. Í. F. Þetta er misskilningur hjá hv. frsm. meiri hl. Ég hefi skipt við S. Í. F. sem forstjóri Fisksölusamlags Vestfirðinga og fengið allar þær upplýsingar, sem ég hefi viljað og framkvæmdarstj. gat gefið. Ég hefi fengið að kynnast sölusamningum, símskeytum um sölu, bréfum um umkvartanir og ýmislegu öðru. Yfirleitt hefi ég fengið að sjá allt það, sem ég hefi álitið mér nauðsynlegt að kynnast.

Hv. frsm. var að tala um, að þetta væru ekki frjáls samtök, því að bankarnir lánuðu ekki þeim, er stæðu fyrir utan þau. Ég veit, að ýmsir Austfirðingar standa fyrir utan þessi samtök. Ég veit, að nokkrir þeirra höfðu lofað þátttöku, en sviku það og seldu utan hjá S. Í. F. Það má vera, að það sé vegna þess, sem bankarnir taka Austfirðinga fastari tökum. Mér er kunnugt um það, að fyrir vestan hafa tveir útgerðarmenn staðið fyrir utan samlagið, og þessir menn hafa báðir fengið lán í bönkunum út á sinn fisk eins og aðrir. En hv. 2. þm. S.-M. verður að viðurkenna þann geypilega mikla mismun, sem er á þessum frjálsu samtökum framleiðenda sjálfra og lögskipaðri ríkiseinkasölu. Á því mun hann, og því miður allir aðrir, fá að kenna, ef lögleidd verður einkasala á saltfiski. Þessi feykilegi munur er sem sé fólginn í því, að með því fyrirkomulagi, sem verið hefir á saltfiskverzluninni síðastl. 2 ár, höfum við fengið ágæt viðskiptasambönd og tryggt okkur samstarf við saltfiskinnflytjendur á Spáni, Ítalíu og Portúgal, sem hafa þar sömu hagsmuna að gæta eins og við. En ef stofnuð yrði ríkiseinkasala á saltfiski, þá er það vitað af öllum, sem nokkuð þekkja til, að slíkt samstarf fæst ekki við þessa innflytjendur, þó að hv. stjórnarflokkar vilji ekki viðurkenna það. Og ég hygg, að ríkisstj. hafi borizt skeyti um það frá meiri hl. saltfisksinnflytjenda á Spáni, þar sem varað er við að lögfesta nokkuð í þá átt.

Nei, í stað samstarfs innlendra framleiðenda og útlendra innflytjenda þar á staðnum, sem fiskurinn er seldur, í stað þessa ágæta samstarfs kemur einkasala, sem spillir því og eyðileggur með öllu þetta samkomulag. Og hvar erum við þá staddir?

Hv. frsm. sagði, að hér hefði verið sett um stundarsakir, með bráðabirgðalögum, einkasala á saltfiski. Já, það var gert seint á árinu 1932, og honum mun vera vel kunnugt um, af hvaða ástæðu það var gert. Ástæðan til þess að bráðabirgðal. voru gefin út var sú, að erlent firma, sem hafði haft hér á hendi útflutningsstarfsemi á fiski í mörg ár, gerði allt, sem í þess valdi stóð, til að spilla fyrir því, að samtök kæmust á milli útgerðarmanna hér á landi um fisksöluna. Mér ætti að vera nokkurnveginn kunnugt um þetta, því að ég var umboðsmaður fyrir þetta firma í mörg ár. Og mér voru m. a. s. boðin mjög góð kjör fjárhagslega séð fyrir mig, ef ég hefði viljað halda áfram að gegna því starfi. En ég sá fram á, að ef umboðssala erlendra manna á fiskafurðum hér á landi fengi að halda áfram, þá mundi það stórspilla fyrir innlendum útflytjendum við fisksöluna og koma sjávarútveginum yfirleitt í öngþveiti. Þess vegna snerist ég á móti þessu erlenda firma, sem ég hafði svo lengi skipt við, og kaus heldur, þrátt fyrir óvenjuleg kostaboð frá þess hálfu, að vinna að þjóðnýtum störfum, þó að ég yrði að starfa fyrir sáralítil laun. Þetta firma var í undirbúningi með að kaupa í ársbyrjun 1933 mjög mikið af saltfiski, sem það svo ætlaði að verka í húsi og selja fyrri hluta ársins, en með því hefði orðið stöðvuð sala á fiskbirgðum ársins 1932, sem í árslokin 1932 voru um 10 þús. tonn af Spánarfiski, og sölusamlag ísl. fiskframleiðenda látið brenna inni með allar fiskbirgðirnar frá 1932. Ef þessi fyrirætlun hefði tekizt, þá var S. Í. F. dautt, þar sem enginn gat treyst því lengur til að fara með fisksöluna í umboði framleiðenda, eftir að augljóst var, að það gat ekki staðið við að selja þær fiskbirgðir, sem það var búið að taka í umboðssölu. Og enn síður gátu erlendir innflytjendur á Spáni borið traust til S. Í. F., þegar það ekki gat uppfyllt skilyrðin um að halda verðinu uppi og koma í veg fyrir umboðssölu. Þess vegna var gripið til þessara nauðvarna í des. 1932, og gefin út bráðabirgðalög, sem heimiluðu stj. að hefta sölu á framleiðslu ársins 1933, þar til búið væri að selja eldri birgðir. En l. komu ekki til framkvæmda nema að litlu leyti, og þurfti ekki að beita þeim að neinu ráði. Ennfremur voru l. framkvæmd þannig, að veittar voru undanþágur til útflutnings og sölu á öllum þeim fiski, sem sýnilegt þótti, að ekki mundi spilla, eða standa í vegi fyrir sölu á fiskbirgðunum frá 1932. Þetta var því einungis varnarráðstöfun, fyrst og fremst gerð í því augnamiði, að sporna við því, að eyðilagðir yrðu sölumöguleikar á fiskbirgðunum frá 1932, og í öðru lagi til þess að koma í veg fyrir, að S. Í. F. gliðnaði þegar á fyrsta starfsári. Og líklegast hefir enginn Íslendingur þá verið svo skammsýnn, að vilja leyfa það, að S. Í. F. yrði lagt niður, sem þá var búið að hækka fiskverðið um 10 kr. á skp. og var á góðri leið með að vinna allflesta fiskinnflytjendur á Spáni til samstarfs. Ég hygg, að það hefði enginn viljað láta það viðgangast, að erlent firma næði umboði á fisksölunni hér á landi, aðeins fyrir hagsmuni nokkurra útgerðarmanna, sem hefðu máske getað selt nýjan fisk í jan., febr. og marz 1933.

Því miður er ekki hægt, af ástæðum, sem öllum þdm. eru kunnar, að fara svo nokkru nemi út í ummæli hv. þm. V.-Ísf., sem Nýja dagblaðið flytur eftir honum, að þeir Richard Thors og Sveinn Björnsson hafi óskað eftir ríkiseinkasölu á saltfiski í fyrravor, í skeyti, sem þeir sendu frá Spáni. (IngP: Ég hlustaði á þessa yfirlýsingu hv. þm. V.-Ísf. í Nd.). Þeir, sem lesa grein hv. þm. V.-Ísf. og einnig útdrátt úr því bréfi, sem um er að ræða, hljóta að sjá, að þar er alls

ekki óskað eftir ríkiseinkasölu á saltfiski. — En það vita allir hv. þm., ég vona, að fleiri viti það ekki eins og stendur, að í sambandi við verðjöfnunarsjóð töldu þessir menn (R. Th. og Sv. Bj.) það rétt, að fisksalan væri sem mest á einni hendi, svo að ég ekki segi of mikið, til þess að verðjöfnunarsjóður yrði þannig tryggður, án þess að ganga þyrfti á milli allt of margra fiskseljanda.

Hv. frsm. gat þess, að nú væru miklir erfiðleikar fyrir höndum, og það er satt að því er snertir hinar fyrirsjáanlegu takmarkanir á útflutningi framleiðsluafurðanna. En það eru engir erfiðleikar fyrir höndum í fiskverzluninni sjálfri. Og þetta frv., sem gerir ráð fyrir einkasölu á saltfiski, léttir ekki fyrir því, að komið verði meiri fiski inn á markaðinn hjá viðskiptaþjóðum okkar. Um hvatir þeirra, sem að þessu frv. standa, til að torvelda þetta, skal ég ekkert fullyrða. En ég hefi ástæðu til að óttast, að einnig í því efni leiði það tilfinnanlega til bölvunar. Hitt er öllum vitanlegt, að verði einkasöluheimildin framkvæmd, þá leiðir það til stórfelldrar bölvunar fyrir fiskverzlun okkar yfirleitt, fyrst og fremst vegna þess, að við höldum ekki þeim ágætu samböndum og samstarfi við fiskinnflytjendurna á Spáni og öðrum Suðurlöndum, sem sölusambandið er búið að skapa. Og ég er sannfærður um, að ef hæstv. atvmrh. verður svo ógæfusamur að stofna til slíkrar einkasölu, sem heimild er veitt til í frv., þá leiðir það óhjákvæmilega til þess, að umboðssalan kemur aftur yfir okkur, verðið lækkar á fiskinum og margskonar önnur ógæfa steðjar að.

Einasta vonarglætan, sem ég hefi, er sú, að hæstv. atvmrh. hafi þá ábyrgðartilfinningu og þekkingu á þessum málum, að hann sjái það sjálfur, að framkvæmd 12. gr. frv. verði aðeins til þess að eyðileggja fiskverzlun okkar og sjávarútveginn yfirleitt. En jafnvel þó að svo gæfusamlega takist til, sem ég er enganveginn viss um, að einkasöluheimildin ekki verði notuð, þá er enginn vafi á því, að flutningur þessa frv., með þessu heimildarákvæði 12. gr., hefir þegar valdið okkur stórum hnekki, þannig að sumir viðskiptamenn okkar á Spáni halda ekki áfram þeim viðskiptum, sem við höfum nú, nema full trygging fáist fyrir því, að ekki verði stefnt til einkasölu á fiskinum.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég verð að segja það, að mér virðast þær tvær ræður, sem hv. þm. N.-Ísf. hefir flutt um þetta mál, næsta einkennilegar. Eftir því sem ætla mætti af þessum ræðum hans, þá er hann þeirrar skoðunar, að í raun og veru sé okkar fiskimálum, þ. e. a. s. fyrirkomulagi á verzlun og útflutningi fiskjar, bezt borgið eins og þau nú eru, og allt sé í himnalagi og við þurfum engar áhyggjur að gera okkur út af þeim, en getum látið allt sitja við það, sem er í þessum efnum. Hv. þm. V.-Ísf. segir ennfremur, að með þessu fyrirkomulagi, sem verið hefir, höfum við grætt tugi millj. síðustu árin. Þetta er meiri léttúð og meiri glapsýni en ég hefði viljað vænta úr þessari átt, og af manni, sem er jafnkunnugur þessum málum eins og þessi hv. þm. er. Honum hlýtur að vera það kunnugt, að þeir erfiðleikar, sem við nú eigum við að búa í þessum efnum, eru stórkostlegir.

Ég hefi engar brigður á það borið, og dettur ekki í hug að gera það, að S. Í. F. hafi gert allmikið gagn, en að álykta út frá því, að engin ástæða sé til neinna aðgerða, og að allt sé í því bezta lagi, sem verið getur, er óskaplegur barnaskapur, og það, þegar fyrir liggur skýrsla um það frá hans eigin flokksmönnum, eins og hv. þm. G.-K. hefir borið fram í Nd., að ef ekkert verði aðhafzt, þá megi búast við því, að við árslokin 1935 verði óseldur nægilega mikill fiskur handa öllum markaðslöndum okkar í heilt ár, þó að enginn fleyta fari á flot. Ég hygg nú, að þetta sé nokkuð orðum aukið, og fyrr má nú vera öngþveiti en að svo sé. En mér er það alveg óskiljanlegt, að nokkur sá maður, sem lætur sig þessi mál nokkru varða, geti sætt sig við að leggja hendur í skaut, þegar ástandið er svona alvarlegt í þessum efnum. En það mátti skilja á hv. þm. N.-Ísf., að hann teldi það líklegasta úrræðið.

Ég hirði ekki um það að svo stöddu að fara út í það, sem þessi hv. þm. sagði í þá átt, að það væri tilgangurinn með þessu frv., að drepa „union“ og koma á einkasölu með saltfisk. Þetta eru fullyrðingar einar og fleipur, sem hv. þm. veit sjálfur, að hefir ekki við neitt að styðjast. (MG: Er þá meiningin að hafa ekki einkasölu á saltfiskinum?) Ég vil víkja að því síðar. Hv. þm. verður að taka á þolinmæðinni. Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir, að hægt sé að setja á stofn ríkiseinkasölu á saltfiski nema því aðeins, að fiskeigendurnir vilji ekki hafa einkasöluna með höndum sjálfir sameiginlega.

Efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru tvennskonar. Annarsvegar það, að gera ráðstafanir til þess, að ýmiskonar nýbreytni verði hafin við verkun og meðferð fiskjar og við sölu hans til útlanda. Það er viðurkennt, að með því fyrirkomulagi, sem hefir verið í þessum efnum, er stefnt í fullkomið óefni. Það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé til þessarar nýbreytni og til þess að afla nýrra markaða, ef unnt er. Allt þetta er nauðsynlegt, en að þessu vék hv. þm. N.-Ísf. ekki. Hann lætur nægja fullyrðingar sínar um það, að drepa eigi „union“ og setja á stofn ríkiseinkasölu í staðinn, og til viðbótar því heldur hann ræður um það, að það hafi tekizt að selja einhver lífandis ósköp af fiskinum, en niðurstaðan verður samt sú, að allt sé að fara í kalda kol, þrátt fyrir hið ágæta fyrirkomulag og hinn mikla gróða, sem af fisksölunni hefir hlotizt.

Það, sem ég drap á um nýbreytni í verkun fiskjar og nýbreytni í markaðleitun, er annar aðalþáttur þessa frv. Hin hliðin snýr að skipulagningu saltfisksölunnar, að því er snertir þau markaðslönd, sem við nú skiptum við, og það er sá þátturinn, sem hv. þm. N.-Ísf. aðallega hefir snúið sér að í sínum ræðum. Ég hygg, að um hin önnur atriði frv. sé ekki mikill ágreiningur. Það virtist ekki vera ágreiningur um þau í n., og fjárhæð sú, sem á að verja úr ríkissjóði í þessu skyni, 1 millj. kr., var samþ. í Nd. með

öllum atkv. nema einu. Um þá hlið málsins mun ég því ekki fjölyrða.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að því skipulagi, sem gert er ráð fyrir að hafa á útflutningi fiskjar og sölufyrirkomulaginu, og þá svara ég um leið einkasöluhugleiðingum hv. þm. N.-Ísf., sem ég nú reyndar álít, okkar á milli sagt, að séu í meira lagi utan garna, því að það er bersýnilegt á öllum hugleiðingum hans, að hann er út af fyrir sig ekki á móti einkasölu á fiski, ef hún er í höndum réttra manna, og mynduð með því, sem hann kallar frjálsum samtökum. En sé einkasala á saltfiski hættuleg gagnvart viðskiptalöndum okkar úti í heimi, þá skiptir það engu máli í því sambandi, hvort einkasalan er komin á fyrir samtök þeirra manna, sem fisk eiga, eða fyrir lagaboð, svo framarlega sem einkasalan er í báðum tilfellum á svipaðan hátt rekin og sýni sig jafngóða viðskiptalöndunum í báðum tilfellum.

Út af einkasöluskrafi hv. þm. N.-Ísf. vil ég gjarnan taka það fram, að ákvæðunum í 12. gr. frv., þ. e. einkasöluheimildinni, verður ekki beitt nema það sýni sig, að ekki lánist að fá sæmilegt skipulag á sölu og útflutning saltfisks með samtökum framleiðenda sjálfra, og þá því aðeins, að áður sé athugað og þyki líklegt, með tilliti til markaðslandanna, að betur notist útflutningsmöguleikar á þann hátt, þ. e. a. s., að vænta megi góðs samkomulags og góðrar samvinnu við kaupendur og útflytjendur í þeim löndum, þar sem mest er keypt af fiskinum.

*Ég teldi að ýmsu leyti æskilegast*, að útflutningurinn yrði með svipuðum hætti og verið hefir síðustu ár; að sölufélagsskapur fiskeigenda hefði mestan hluta útflutningsins í sinni hendi, og jafnframt væri girt fyrir það, að þeir, sem flytja hinn hluta fiskframleiðslunnar út, geti undirboðið fél. eða valdið skaðlegum glundroða og erfiðleikum á annan hátt. — Í frv. er því einmitt fyrst og fremst gert ráð fyrir slíkum allsherjarfélagsskap og honum veitt sérstaða og hlunnindi umfram aðra útflytjendur. Það skilyrði eitt er sett, að félagsskapurinn sé opinn öllum fiskframleiðendum og atkvæðisrétturinn ekki eingöngu bundinn við fiskmagnið, heldur takmarkaður eins og í frv. segir, svo að félagsmenn almennt geti haft áhrif á stj. og starfsemi fél., en einn eða fáeinir stærstu útflytjendurnir ráði þar ekki einir öllu.

Fari svo, að allsherjarfélagsskapur fiskframleiðenda líði undir lok eða komist ekki á, getur stj. samkv. frv. takmarkað tölu útflytjenda, og má þá gera ráð fyrir, að útflytjendur myndi hópa sig saman í „grúppur", sem hefðu útflutninginn með höndum. Ég tel þetta fyrirkomulag stórum ábyggilegra en það, sem fyrr er talið. Og einmitt með tilliti til þess, að ef svo skyldi fara, að útflytjendur yrðu fleiri og smærri, tel ég nauðsynlegt að hafa einkasöluheimildina til, til þess að tryggja eftir því sem hægt er góða samvinnu og fulla hollustu milli útflytjenda innbyrðis, en það er fyrsta skilyrðið fyrir því, að slíkt fyrirkomulag geti gefizt sæmilega.

Vegna skömmtunar á innflutningi til Spánar er okkur hin brýnasta nauðsyn á því að skipa þessum málum svo, að útflutningurinn þangað komi sem jafnast niður, og útflytjendur hins takmarkaða fiskmagns ekki noti útflutningsleyfi sín til þess að undirbjóða hver annan og gera með því bæði innflytjendum á Spáni og útflytjendum hér stórtjón.

Þessi ákvæði frv. eru, eins og ég hefi áður sagt, aðeins heimildarákvæði. Við verðum að vera við því búnir, eins og tímarnir eru nú, að geta mætt stórfelldum breyt. í viðskiptaheiminum yfirleitt. Þess vegna þurfum við að hafa þessar heimildir til í l., til þess að geta gripið til þeirra. Okkur er hin mesta nauðsyn á því að geta verndað útflytjendur héðan og innflytjendur í markaðslöndunum fyrir skaðlegri samkeppni og óeðlilegum undirboðum, eins og okkur er líka nauðsynlegt að tryggja það, að takmarkanirnir á útflutningi fiskjar komi sem jafnast niður, en lendi ekki hjá fáum útflytjendum, sem tilviljun eða önnur atvik geta ráðið, hverjir verða.

Ég hygg, að í raun og veru sé það óþarfi fyrir mig að segja fleira um þetta frv. að þessu sinni. Ég hefi gert grein fyrir því frá minu sjónarmiði og tala þar fyrir hönd stj. og stjórnarflokkana, þegar ég hefi skýrt það fyrir hv. dm., undir hvaða kringumstæðum gert er ráð fyrir, að einkasöluheimildinni sé beitt. Frv. er allt þannig byggt, að það verður alveg ljóst, að það er stutt að því eins og hægt er að gera í löggjöf, að fiskeigendurnir sjálfir geti haft skipun þessara mála í sínum höndum. Og ef það fyrirkomulag verður haft á þessum málum, sem ég tel *æskilegast*, þ. e. eitt allsherjarfél., sem ráði yfir sem mestu af fiskmagninu, þá verður náttúrlega jafnframt að gæta þess, að það fiskmagn, sem yrði utan við þessi samtök, líkt og hefir verið 2 undanfarin ár, geti ekki valdið truflun á markaðinum fyrir það, að það sé selt undir því verði, sem hinn skipulagði félagsskapur selur sinn fisk fyrir. En það er einmitt sú hætta, sem af innflytjendum markaðslandanna er talið verst við að eiga, að þegar þeir eru búnir að semja um eða kaupa svo og svo stóra farma af fiski, þá koma kannske skömmu síðar aðrir útflytjendur og selja öðrum innflytjendum fyrir lægra verð, þannig að þeir, sem keypt hafa fyrir hærra verð, verða að setja það niður og bíða þannig tjón af viðskiptunum. Ríkasta tryggingin fyrir innflytjendur er sú, að slíkt eftirlit sé haft í þessu efni, að þetta geti ekki komið fyrir. Og það er enginn vafi á því, að slíkt skipulag sem tryggir þetta, verður yfirleitt vel þokkað. Eins og líka hv. þm. N.-Ísf. viðurkenndi óbeint, þar sem hann var að tala um þær vinsældir, sem „union" hefði haft, af því að það hefði tryggt innflytjendur fyrir því, að ekki kæmu undirboð úr öðrum áttum.

Nú er ekki því að neita, að þeir, sem hafa haldið því fram, að S. Í. F. muni líðast í sundur, ef þetta frv. yrði samþ., hafa fengið nokkurn stuðning fyrir þessu sínu máli, og á ég þar við yfirlýsingu stjórnar S. Í. F. og Landsbankastjóranna út af þessu máli. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessi plögg og veit ekki heldur, hvernig þau eru undir komin. En það eitt vil ég segja í þessu sambandi, að ef þetta reyn-

ist sannspá, sem ég vona, að ekki verði, þá er ég fyrir mitt leyti alveg viss um það, að án þessarar lagasetningar hefði S. Í. F. ekki undir neinum kringumstæðum getað haldið saman, því að með þessu frv., ef að l. verður, eru S. Í. F. gefin þau friðindi, ef það breytir stjórnarháttum sínum í „demokratiskara“ form, að það hefir betri aðstöðu en það hefir nú. En ef aftur á móti einhverjir menn, sem nú eru meðlimir í S. Í. F., af einhverjum ástæðum ekki vilja vera það, þá er þeim alveg jafnheimilt að sundra þeim félagsskap, þó að þessi l. séu samþ. Það er óþarft að vera myrkur í máli um það; það er vitað, að stærstu aðilarnir í þessum félagsskap eru 3 félög, Kveldúlfur, Alliance og Sölusambandið við Faxaflóa. Ég hygg óhætt að fullyrða það, að ef þessir 3 aðilar vilja halda S. Í. F. saman með stuðningi bankanna, þá er enginn minnsti vafi á því, að það verður gert, en ef þeir vilja það ekki, þá er það ekki hægt með því fiskimagni, sem það nú hefir. — Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að ég hygg, að það sé ekki rétt, að „union“ hafi ekki haft nema 75% af fiskmagninu. Ég hygg, að það sé sé miklu nær sanni, að það hafi haft yfir 80%. En það skiptir minnstu máli í þessu sambandi. Aðalatriðið er það, að ef það er áhugamál bankastjóranna og þessara 3 aðila, sem ég áðan nefndi, að vilja halda S. Í. F. saman, þá er enginn vafi á því, að það verður gert. Skerist einn eða tveir úr leik, þá er alveg sama, hvort l. eru til eða ekki, þá er opið fyrir þá að sundra þessum félagsskap. Það er því ekki nema tilbúningur og fjarstæða, að það ráði nokkru um það, hvort S. Í. F. heldur áfram eða leysist upp, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki. — Ég skal taka það fram, að þó að þetta frv. verði að l., þá er sjálfsagt, að S. Í. F. haldi áfram sölu fiskjarins, þar til það hefir selt framleiðslu þessa árs.

Ég hygg, að ekki sé fleira, sem ég þarf að segja að svo stöddu. En ég verð að segja, að mér fannst það mjög óviðeigandi af hv. frsm. minni hl. að slá því fram um jafnmikilvægt mál sem þetta, að stefnt væri að því að sundra þeim samtökum, sem fyrir væru, í því skyni að setja upp einkasölu til þess að koma öllu í strand.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Ég get haft svar mitt miklu styttra en ella, af því að hæstv. atvmrh. hefir þegar svarað mörgu í ræðu hv. frsm. minni hl. Ég verð þó að drepa á nokkur atriði, og vil ég fyrirfram biðja hæstv. forseta velvirðingar á því, að ég neyðist til að tala nokkuð um mál, sem ekki liggur hér fyrir, af því að hv. frsm. minni hl. vék að mér persónulega í sambandi við það mál. Hann minntist hér á síldareinkasöluna sálugu, og sagði í því sambandi, að sig furðaði á því, að einn af framkvæmdarstjórum þess fyrirtækis skyldi dirfast að mæla með þessari einkasölu. Hann sagði, að síldareinkasalan hefði skapað síldareigendum þau verstu kjör, sem þekkzt hefðu, og jafnframt gloprað niður þeim markaði, sem fyrir var. Vil ég nú minnast á, hvernig ástandið var hér í síldarmálunum áður en einkasalan tók til starfa. Skal ég ekki lýsa minni eigin skoðun um þetta efni, heldur vitna í skoðanir Björns Líndals, sem prentaðar eru í Alþt. 1926, og vil ég benda hv. þm. á að kynna sér þau ummæli, ef hann hefir ekki gert það áður. Þar er því lýst með sterkum orðum, í hvílíkt öngþveiti síldarsalan sé komin og talað um nauðsyn þess að hefjast handa sem fyrst. Ég ætla ekki að tefja tímann á að lýsa þessum ummælum frekar, því að þau eru öllum til sýnis í þingtíðindunum. Hinsvegar vildi ég gera lítilsháttar samanburð á síldarsölunni eins og hún var þann tíma, sem einkasalan starfaði, og eins og hún var næstu árin á undan, sem Björn Líndal lýsti. Það var árin 1928—29, sem ég var við einkasöluna, en árið 1928 voru síldareigendum greiddar fullar 13 kr. fyrir hrásíldartunnu og árið 1929 milli 12 og 13 kr. Árið 1930 mun verðið hafa verið nokkru lægra, en ég hygg, að það hafi þó verið 10—11 kr. á tunnu. Þegar þessi 3 ár eru borin saman við árin 1926 og 1927, held ég, að einkasalan þoli fyllilega samanburðinn. og það mun óhætt að fullyrða, að síldareigendur hafi þessi þrjú ár aldrei fengið minna en 11 kr. meðalverð á tunnu. Því miður hefi ég þessar tölur ekki alveg nákvæmar, af því að ég bjóst ekki við að þurfa að standa hér upp til andsvara fyrir síldareinkasöluna. Tölurnar fyrir 1928 munu þó vera nokkuð nákvæmar. Ég er ekki alveg eins viss um tölurnar 1930, en það skakkar aldrei miklu. Þegar þessi 3 ár eru borin saman við næstu 3 ár á undan, er óhætt að segja, að síldareigendur hafi þénað svo hundruðum þúsunda skiptir. Að því er snertir árið 1931, síðasta starfsár einkasölunnar, sem hv. þm. vitnaði í þegar hann var að tala um, að síldareigendur hefðu fengið verri kjör en nokkru sinni áður, þá er þess að gæta, að síldareinkasalan var stöðvuð á því tímabili, þegar verst stóð á. En þó að þetta ár sé tekið með og reiknað út meðalverð fjögurra ára, verður verðið a. m. k. ekki lægra en árin 1926—1927. Það þýðir ekki í þessu sambandi að miða við einstaka sölu. Hvernig hefir svo ástandið verið síðan síldareinkasalan var leyst upp? Ég held, að ekki hafi fengizt öllu meira fyrir síldina þessi ár en á meðan einkasalan starfaði. Síðastl. sumar munu ekki hafa verið greiddar nema 5—6 kr. fyrir hrásíldartunnu, eða helmingi lægra en meðalverð á tímum einkasölunnar. Þegar litið er á síðasta ár einkasölunnar, er aðeins 2 kr. voru greiddar á hverja hrásíldartunnu, verður að gæta þess, að hún var stöðvuð á versta tíma, og á það ber að líta, hvort það hefir ekki átt sinn þátt í útkomunni. Ég vil minna á grg. Böðvars Bjarkans um þetta mál árið 1931—32. Hún sýnir, að einkasalan gat staðið undir öllum sínum skuldbindingum, ef hún hefði ekki verið stöðvuð. Þessari grg. hefir hvergi verið mótmælt. (**JAJ:** Reynslan hefir mótmælt!). Ég á eftir að koma að því. En ef þessi grg. Böðvars Bjarkans hefir verið gripin úr lausu lofti, þá hefði átt að mæla á móti henni. En það hefir enginn treyst sér til þess. Hv. frsm. minni hl. segir, að reynslan hafi mótmælt. En hvaða fyrirtæki mundi þola stöðvun á þeim tíma, sem það liggur með mestallar birgð-

ir sínar óseldar? Ég hygg, að þau yrðu ekki mörg. Ég hefi ekki séð neina fullnaðarskilagrein frá skilanefnd einkasölunnar, en ég hygg, að þar muni ekki færðar til greiðslu allar þær upphæðir, sem mátt hefði, ef einkasalan hefði haldið áfram. Ég hygg, að útkoman hefði orðið önnur, ef einkasalan hefði fengið að starfa áfram. Ég skal auðvitað ekki draga fjöður yfir það, að hún hafði sína galla, og það má vel vera, að ýms mistök hafi orðið á framkvæmdum hennar. En þrátt fyrir þá meðferð, sem hún fékk að lokum, var útkoman sú, að hvorki fyrir eða eftir fékkst hærra verð fyrir síldina en meðalverð það, sem hún greiddi meðan hún starfaði. Ég vildi ekki láta þessum ummælum hv. þm. ómótmælt, úr því að hann óskaði að draga þetta inni í umræðurnar.

Hv. þm. bar mér það á brýn, að ræða mín hefði öll snúizt um það, að ganga af S. Í. F. dauðu. Ég tel þá, að sú stofnun sé nokkuð nærri dauða komin, ef ræða mín hefir nokkur áhrif í þá átt. Ég gerði ekki annað en að benda á það, sem hv. þm. kallaði smávægilega galla. Það getur verið, að þessir gallar séu smávægilegir, en það hefir þó verið haldið svo á málunum, að fjöldi manna treystir ekki félaginu eða stj. þess. Hann hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að S. Í. F. hefði verið til bölvunar. Það hefi ég nú ekki sagt, en hinsvegar er hægt að fá óyggjandi sannanir fyrir því, að ýmsar ráðstafanir þess hafa vakið tortryggni, sem mátti komast hjá, t. d. það, að neita fiskeigendum um íhlutun í stj. félagsins. Ég minntist á, að Austfirðingar *hefðu ekki átt kost á að kynna sér* sölu samlagsins eða starfsaðferðir. Hv. þm. svaraði því og sagði, að hann hefði alltaf fengið að sjá þau skjöl samlagsins, sem hann óskaði. Ég ber ekki brigður á þessa frásögn hans. En þá er ekki nema eitt af tvennu: Annaðhvort hefir honum verið sýnt meira traust en Austfirðingum, eða þá að hann hefir verið lítilþægari í kröfum sínum um þau skjöl, sem hann óskaði að sjá. Ef hann hefir ekki verið lítilþægur, þá hefir verið gert upp á milli Vestfirðinga og Austfirðinga. Það er eðlilegt, að það veki tortryggni, ef umboðsmaður Vestfjarða fær aðgang að öllum skjölum sölusambandsins, en umboðsmaður Austfjarða fær ekkert að vita. Hann minntist á, að ef þeir, sem velja í stj. samlagsins, vildu velja hæfustu mennina, þá ættu þeir að velja þá menn, sem nú eru í stjórninni. Ég get samsinnt því, ef það er rétt, að þetta séu hæfustu mennirnir. En ef hæfir menn gegna þessum störfum, sýnist mér óhætt, að fiskeigendur fengju að hafa þar nokkurn íhlutunarrétt. Mér finnst kenna nokkuð mikils einræðis hjá núverandi stj. S. Í. F., að vilja neita framleiðendum um íhlutunarrétt í kosningu stjórnar. En eins og gengið er frá því frv., sem samþ. var á fulltrúafundinum hér í Rvík í haust, er það víst, að framleiðendum er ekki tryggður íhlutunarréttur um stjórnina. Þar er svo um hnútana búið, að það eru fiskpundin, sem hafa atkvæðisrétt, en ekki mennirnir.

Nú hagar svo til, að fiskveiði er mest hér við Faxaflóa, og í stj. fél. eru þeir, sem mestra hagsmuna hafa að gæta um fisksöluna á Suðurlandi. Það eru því litlar líkur til, að hér sé um annað en tylliboð að ræða fyrir útkjálkamenn, bæði fyrir austan og vestan, nema ef Vestfirðingar njóta einhverra friðinda, eins og virtist koma fram hjá hv. þm. Réttur útkjálkamannanna virðist því ekki á marga fiska. Í 4. gr. er svo fyrir mælt, að stj. fisksölusamlagsins geti látið fara fram kosningu á einum manni eða öllum í stj. Segja mætti, að menn úti á landi gætu komið einum manni að, ef allir væru kosnir samtímis. En nú kynni stj. á næsta ári að ákveða, að skipta skyldi um einn mann. Hvernig færi þá? Þá yrðu menn úti á landi útilokaðir, því að það eru skippundin, sem kjósa. Svona er í pottinn búið í frv.

Ég get ekki látið ómótmælt þeirri ásökun, sem hv. þm. kom með á hendur Austfirðingum. Hann sagði, að þeir hefðu svikið gerða samninga við S. Í. F. Ég ætla, að þetta sé með öllu ómaklegt og rangt og bendi í þá átt, að Austfirðir hafi jafnan verið olnbogabörn fisksölusamlagsins. En ég hygg, að hv. þm. eigi við það, sem gerðist 1933, og kannske eitthvað 1934, að þegar ekki var hægt að losna við fiskinn á Austfjörðum, seldu nokkrir hlutarmenn eitthvað af fiski ensku firma, sem hafði útflutningsleyfi héðan af landi. Stj. S. Í. F. aðvaraði þá um, að þeir mættu þetta ekki, en þeir neituðu og sýndu samning hásetanna, sem ráðnir voru upp á hlut og máttu ráðstafa sínum fiski sjálfir. Þessi sala fór fram, og ég veit, að hlutarmenn buðu S. Í. F. að fara í mál, en það gerði það ekki. Það hótaði að vísu málsókn og sömuleiðis því, *að halda verði fiskjar, sem það seldi fyrir Austfirðinga*, en það framkvæmdi ekki þær hótanir, af því að mennirnir voru engum samningum við það bundnir og höfðu fullan rétt til að selja utan samlagsins. Það er því mjög ofmælt, að Austfirðingar hafi rofið nokkurn samning við samlagið. En eftir því sem hv. þm. hefir upplýst um ánægju sína fyrir hönd Vestfjarða, virðist svo sem Austfirðir séu meiri olnbogabörn samlagsins, og er skammt á að minnast, að á síðastl. ári hefir salan gengið þannig á Austfjörðum, að þaðan er ekki farinn enn í dag nema tæpur helmingur af fiskmagni ársins, og það einmitt verðminni fiskurinn, Labrador- og millifiskur, en eftir er Barcelona-verkaður fiskur, sem er verðmeiri, ef hann kemst á markaðinn á hæfilegum tíma. Að verðmæti til er því ekki búið að selja nándarnærri helminginn af austfirzkri fiskframleiðslu. Ég skal taka fram í þessu sambandi, að áður en fisksölusamlagið tók til starfa, var Austfjarðafiskur nær því undantekningarlaust verkaður á Barcelona-markaðinn og var eftirsótt vara. Síðan hefir þetta breytzt, og Austfjarðafiskinum hefir verið haldið til baka. Þó bar ekki eins mikið á því 1933, af því að þá gekk svo illa með fiskþurrk hér syðra, að ekki var hægt að fullnægja markaðinum með sunnlenzkum fiski, og fór því Austfjarðafiskurinn jafnhliða á markaðinn. En í sumar gekk þurrkun vel hér, og var því lögð áherzla á að velja svo mikið á Barcelona-markaðinn, að hægt væri að fullnægja þörfinni, en Austfjarðafiskurinn var settur til baka og liggur óseldur enn. Það má vel vera, að í öllum þess-

um ráðstöfunum liggi einhver nauðsyn að baki. Austfirðingar krefjast útskýringar á því, hvers vegna næstum allur Austfjarða-fiskurinn er verkaður fyrir Barcelona-markaðinn, og hvers vegna hann var allur settur til baka í ár. (MJ: Hve mikið var það, sem á milli bar?). Ég get ekki svarað því nákvæmlega, því að ég hefi ekki skýrslur um það með höndum. En ég veit fyrir víst, að það er svo mikið, að ef Austfjarðafiskurinn á að komast á Barcelonamarkaðinn, þá mun það taka mikinn tíma, að markaðurinn geti tekið á móti öllum fiskinum.

Það er ýmislegt fleira, sem Austfirðingar spyrja um í þessu sambandi, en þeir fá ekkert svar. (JAJ: Víst fá þeir svar!). Þeim er sagt, að markaðurinn sé fullur. Það er vitanlega skiljanlegt. En hvers vegna hafa þeir ekki fengið að senda fisk hlutfallslega við það, sem aðrir landsfjórðungar hafa gert? Þeir hafa enga skýringu fengið á því. Hvers vegna má ekki meðhöndla þessa viðskiptamenn eins og venja er að gera og gefa þeim fúslega allar skýrslur, sem fyrir hendi eru, til þess að sannfæra þá um, að þeir séu ekki misrétti beittir.

Mig langar til þess að minna á atvik, sem kom fyrir sumarið 1933. Þá var lítill þurrkur á Suðurlandi, en góður þurrkur á Austurlandi, og fiskur því snemma tilbúinn eins og oftar, því að þar er oftast þurrkur framan af sumri. Þá var fiskframleiðendum tilkynnt í júní, að afskipun færi fram fyrir Austurland, og þeim var einnig tilkynnt, að verðið yrði 67 kr. fyrir skp., en samt vil ég ekki fullyrða það atriði. Mig minnir það fastlega. Fiskeigendum fannst verðið of lágt og vildu því ekki afskipa í það skiptið. Það gekk síðan í nokkru stímabraki út af þessu. Þeim var síðan bent á það, að þeir mættu búast við því, að verða að liggja lengi með fiskinn og e. t. v. að verka hann á annan markað, ef þeir vildu ekki ganga að því að afskipa í þetta skipti. Þeir töldu samt sem áður, að þótt þeir hefðu lofað að afhenda fisk sinn til fisksölusambandsins, þá hefðu þeir ekki skuldbundið sig til þess að gera það á vissum tíma. Það varð ekki af þessari útskipun í þetta skipti, en sölusambandið spurði, hvað menn vildu fá fyrir fiskinn. Því gátu menn vitanlega ekki svarað. Þeim fannst eðlilegt, að sölusambandið gæti sagt, að þetta og þetta væri markaðsverð í ár og hærra yrði ekki farið að því sinni. En jafnhliða þessu býður útflutningsfirma eitt 7 kr. hærra verði í skp. fiskjarins á Austfj. heldur en útflutningsnefndin hafði tilkynnt í upphafi. Þegar hér var komið sögu, fóru nokkrir austfirzkir útgerðarmenn fram á leyfi til þess að fá að selja fiskinn fyrir þetta verð. Þeim var synjað um leyfið, en fengu jafnframt það svar, að nú væri hægt að selja fisk fyrir 5 kr. meira. Það varð þá vitanlega niðurstaðan, að fiskeigendur afhentu sölusamlaginu sinn fisk, og verðið hækkaði um 5 kr. Þetta kom mönnum því undarlega fyrir sjónir. Fyrst og fremst það, að sölusamlagið spurði útgerðarmenn, hvaða verð þeir vildu fá fyrir fiskinn, og eins urðu menn hissa á því, að sölusamlagið skyldi geta greitt 5 kr. hærra fyrir skp. nokkrum dögum eftir að það lýsti yfir því, að það gæti það ekki. Að vísu getur eðlileg orsök legið þessu til grundvallar. En mér finnst það vekja tortryggni, þegar mönnum er meinað að fá nægilegar upplýsingar.

Ég hefi ekki dregið þessi dæmi fram til þess að álasa sölusambandinu fyrir það, að svo atvikaðist, heldur fyrir það, að engin tilraun var gerð til þess að sýna fram á, að allar þessar ráðstafanir væru óumflýjanlegar. Upphaflega hafði ég ekki hugsað mér að fara nákvæmlega út í þetta, hefði hv. þm. N.-Ísf. ekki farið að bregða Austfirðingum um svik. Mér hefir aldrei til hugar komið að bera sölusamlaginu svik á brýn. En óneitanlega eru mörg atriði í þessu sambandi, sem vekja tortryggni, og það hefir engin tilraun verið gerð til þess að útrýma þeirri tortryggni. Það er það, sem ég álasa sölusambandinu fyrir.

Ég benti á það í fyrri ræðu minni, að ekki hefði alltaf verið fyrir hendi sú reynsla, sem nú virðist vera, bæði hjá sölusamlaginu og hv. þm. N.-Ísf., ef einkasala hefði ekki alltaf verið til staðar, og benti ég þá á bráðabirgðal. frá 1932. Hv. þm. minntist á það í ræðu sinni, hver nauðsyn hefði verið á því að setja þessi lög. Ég vék engu orði að því, að l. hefðu verið óþörf. Þvert á móti lít ég sömu augum á nauðsyn þessara laga og hv. þm. sjálfur. Hv. þm. útskýrði, hvers vegna þá þyrfti ekki að óttast neitt í sambandi við þessa einkasölu. Það var vegna þess, að l. voru sett til þess að fisksölusamlagið gliðnaði ekki í sundur. Þegar um einkasölu er að ræða, sem er sölusamlaginu til hagsbóta, þá þarf ekki að búast við neinu háskalegu. Þetta eru orðrétt ummæli hv. þm. N.-Ísf. (JAJ: Dálitlu er nú sleppt). Nei, það er engu sleppt. Hann sagði, að þetta hefði verið lífsnauðsyn, til þess að fisksölusamlagið gliðnaði ekki í sundur. (JAJ: Til þess að tryggja sölu á þeim birgðum, sem í landinu lágu). Ég skrifaði þessi orð upp eftir hv. þm., svo að þau eru rétt höfð eftir.

Hvers vegna var mikið talað um einkasölu á síðastl. vori? Af því að þá var hugsað um einkasölu til þess að tryggja fisksölusamlagið. (JAJ: Þetta eru vísvitandi ósannindi hjá hv. þm., sem hann ber fram sökum þess, að hann veit, að það er ekki hægt að tala um þetta opinberlega). Það má þó tala opinberlega um bráðabirgðal. frá 1932. Það er staðreynd, sem ekki verður mótmælt, að talað var um einkasölu síðasta vor í sambandi við sölusamlagið.

Ég get þá látið þetta nægja til andsvara ræðu hv. þm. N.-Ísf., því að öðru leyti hefir hæstv. atvmrh. svarað ræðu hans hvað því viðvíkur, að hann hélt því fram, að frv. það, sem hér liggur fyrir, gerði ráðstafanir, sem miðuðu aðallega í áttina til einkasölu.

Hv. þm. sagði undir ræðulokin, að engir sérstakir örðugleikar væru fyrir hendi viðvíkjandi fisksölunni, heldur aðeins hvað snerti markaðinn fyrir fiskinn. Ég er hv. þm. vitanlega alveg sammála um síðara atriðið. En eins og hæstv. ráðh. drap á, gerir þetta frv. ráð fyrir því, að ráðstafanir verði gerðar í þessu efni til þess að skapa nýja markaði og nýjar verkunaraðferðir. Hvað hitt atriðið snertir, að ekki sé um erfiðleika við fisksöluna að ræða, vil ég bara segja

það, að ég hygg, að Austfirðingar hafi því miður rekið sig allóþyrmilega á þessa örðugleika.

Á Austfjörðum er nú þannig ástatt, að þótt sæmilega sé aflað og meðalverð sé það hátt, að ástæðulaust sé undan því að kvarta, er útkoman samt þannig, að fjöldi útgerðarmanna er í hreinustu vandræðum með að geta staðið undir daglegum þörfum. Þetta stafar af þeim ástæðum, sem ég hefi áður bent á, að meira en helmingur af fiskmagninu liggur óselt þar. Ég hygg, að þetta stafi a. m. k. að nokkru leyti af söluerfiðleikunum.

Skal ég svo ljúka máli mínu. Seinna mun ég taka til máls, ef tækifæri gefst til þess.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Ég skal ekki eyða miklum tíma í að svara hv. frsm. meiri hl. Ég þarf þó að leiðrétta það, sem hann sagði um síldareinkasöluna. Ég vildi benda honum á það, með því sem ég sagði, að þegar maður hefir fengið slæma reynslu af einhverju fyrirkomulagi, þá er varasamt að hverfa að því á ný. Það er öllum lýðum ljóst, að útgerðarmenn báðu ekki um einkasölu á síld. Þeir vildu aðeins, að þeim yrði hjálpað til þess að styrkja samtök útgerðarmanna til samsölu á svipaðan hátt og fisksölusamlagið er nú rekið, en sósíalistar knúðu framsóknarmenn til þess að taka upp einkasölu í stað samvinnurekstrar.

Fyrsta árið, sem síldareinkasalan starfaði, var síldarverðið mjög sómasamlegt, annað árið var það 9 kr., en síðasta árið aðeins ⅔ kr. að jafnaði.

Á vélbátnum „Svölunni“ fyrir vestan fengu skipverjar fyrst 13 kr., þá kr. 9,50, svo 7 kr. og að síðustu 2 kr., sem ekki var hægt að greiða. Verðið gat verið þolanlegt á meðan ekki var búið að spilla aðalsíldarmarkaði okkar í Svíþjóð, en eftir að búið var að eyðileggja að mestu þennan markað, þá komu vandræðin fyrst fyrir alvöru í ljós, þá var ómögulegt að selja síldina, því að markaðurinn var tapaður. Þennan markað tóku Norðmenn af okkur með sinni frjálsu verzlun.

Hv. þm. getur séð það í ræðu, sem ég hélt 1931, að Norðmenn borguðu miklu hærra verð fyrir síldina þau árin, sem einkasala var, og seinasta ár einkasölunnar fengum við ekki nema 2 kr. fyrir okkar síld; þá borguðu þeir 9,75 kr. norskar.

Markaðstapið var vitanlega miklu tilfinnanlegra fyrir framtíð síldarútgerðarinnar heldur en töpin á síldareinkasölunni voru fyrir síldarútvegsmenn og landsmenn í heild, enda þótt það hafi verið blóðugt síðustu árin að geta ekki einu sinni fengið þessar 2 kr. greiddar, því að raunverulega hefði síldareinkasalan alls ekki getað borgað þetta hefði hún átt að standa við aðrar skuldbindingar sínar, því að þá hefði hún orðið að gefa með hverri tunnu, sem lögð var inn til hennar. Ég skal geta þess, að hv. þm. var ekki forstjóri síldareinkasölunnar síðasta árið. Skilan. síldareinkasölunnar gekk ekki betur að selja síldina, sem ekki var von, þar sem allir markaðir voru tapaðir, enda voru líka allir sammála um að leggja síldareinkasöluna niður, nema jafnaðarmenn. Það var svo að segja enginn á móti bráðabirgðalögunum, þegar þau lágu fyrir þinginu.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að útkoman á rekstri síldareinkasölunnar var milljóna tap, verðlaus framleiðsla og gereyðilagðir síldarmarkaðir.

Að öðru leyti beindist ræða hv. þm. sérstaklega að fisksölusambandinu. Ræðan gekk að miklu leyti út á það að finna þar galla. Ég get ekki nema að litlu leyti svarað fyrirspurnum hv. þm., en ég verð að segja það, að mér finnst undarlegt og ótrúlegt, að umboðsmenn fiskeigenda hafi ekki fengið þær upplýsingar, sem þeir báðu um. Ég veit, að minir umbjóðendur voru ánægðir með þær upplýsingar, sem ég gaf þeim. Ég sendi umburðarbréf til allra félagsmanna, oft mánaðarlega, en a. m. k. annan og þriðja hvern mán., um söluhorfur, og allar þær upplýsingar eru frá fisksölusambandinu.

Það kom greinilega fram hjá hv. þm., hvers vegna hann vill breyta til í þessu efni. Það var ekki hægt að skilja ræðu hans öðruvísi í því sambandi, þegar hann talaði um fisksölusambandið, heldur en að hann áliti það ófært, að fiskimagnið væri að mestu leyti látið ráða vali framkvæmdarstj., eins og samþ. var á fulltrúafundi í haust. En ég veit það, að til skamms tíma, til 1926, hefir það verið svo í samvinnufél., að þar hefir farið eftir magni, eftir því sem einn af þekktustu kaupfélagsstjórum landsins hefir viðurkennt. (**IngP:** Það er líka farið eftir magni. Það er gert ráð fyrir því í frv.). Svo er þess að geta, sem viðurkennt var á fundinum, að frv., sem samþ. var, átti að leggja fyrir fiskieigendur og fisksölusamlögin úti um land, og ég tók skýrt fram, að ég bindi ekki mitt atkv. endanlega við þetta frv., sem samþ. var á fulltrúafundinum. Ég vildi, að minir umbjóðendur gætu gert breyt., ef meiri hl. þeirra óskaði þess, og þá væri hægt að leggja það aftur fyrir fulltrúafund, sem haldast átti snemma ársins 1935. Þetta tók ég strax fram í upphafi, eins og sjá má í fundargerð fulltrúafundarins.

Við höfðum ákvæði um það í okkar fél., að fiskmagnið skyldi ráða, en það var ekki nema í einu einasta tilfelli, sem sé þegar rætt var um það, hvort fisksölusamlag Vestfirðinga ætti að ganga í fisksölusambandið, sem ákvæðið um fiskmagnið var notað, en annars ekki. Ég held, að ekki sé hægt að gefa fiskeigendum meiri eða betri áhrif á kosningu forstjóra, sem vitanlega er bráðnauðsynlegt að sé vel valinn, en á þann hátt, að þeir geti kosið beinum kosningum, og það geta þeir einmitt eftir till. fulltrúafundarins.

Hv. þm. spurði mig, hvers vegna svo mikið af Austfjarðafiskinum lægi eftir óselt. Átti hann þar við Barcelona-verkaðan fisk og Spánar-verkaðan, því að bæði Labradorfiskur og pressufiskur hefir verið tekinn nokkurn veginn eftir hendinni á þessu ári. Vestfirðingar hefðu getað selt fisk við fyrstu afskipun 5. maí og svo 24. og 28. maí, ef þeir hefðu haft fisk til þá. Þeir höfðu þá aðeins 3600 pakka, meira var þá ekki til verkað. Það fengu þeir að láta, en það varð að taka fisk af Suðurlandi, vegna þess að annarsstaðar á landinu var ekki til verkaður fiskur,

heldur ekki á Austurlandi. Salan hefir verið mjög lítil síðan, svo lítil, eins og allir vita, að af Spánarfiski hefir sama og ekkert verið selt fyrir utan birgðirnar frá 1933.

Vestfirðingar hafa selt 3600 pakka til Spánar, til Barcelona og lítið eitt til Bilbao, og nú liggja þeir með 30 þús. pakka, sem er jafnmikið og allt það fiskmagn, sem Austfirðingar áttu af allskonar fiski. Síðast þegar tekinn var Barcelonaverkaður fiskur, þá var hann tekinn hjá Austfirðingum, af því að álitið var, að þeir hefðu afskipað minna en aðrir landshlutar, enda þótt svo væri ekki, ef litið er eingöngu á þennan fisk, því að við höfðum meira af Barcelona- og Bilbao-verkuðum fiski liggjandi eftir hjá okkur. Hinsvegar hefir gengið fremur vel með söluna á Ítalíufiskinum, og liggur nú mjög lítið af honum fyrir austan, en þó nokkuð hjá okkur vestra, og talsvert af pressufiski, og stafar það af því, að Austfirðingar hafa verið látnir ganga fyrir um útflutning á pressufiski.

Hv. þm. sagði ennfremur, að tiltölulega hefði verið flutt mikið út af fiski frá Faxaflóa. Þetta er rétt, en það stafar af því, að útflutningur á Portúgalsfiski hefir verið mikill, en veðrátta til verkunar á honum hefir verið hagstæð hér á Suðurlandi þetta ár, en mjög andstæð á Austur- og Vesturlandi. Þannig höfum við aðeins getað verkað 2800 pakka af 18 þús., sem við höfðum ákveðið að verka fyrir þann markað. Árið 1932—33 voru Austfirðingar og Norðlendingar langt á undan okkur með útflutning.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að miklir örðugleikar virtust vera á sölunni. Ég er þess fullviss, að ef hinar nýju innflutningshömlur á Spáni hefðu ekki komið til sögunnar, væri allur fiskurinn seldur fyrir löngu. Ég veit, að hv. frsm. meiri hl. viðurkennir þetta. Örðugleikarnir liggja í orsökum, sem við ráðum ekki við, þar sem innflutningstakmarkanir Spánverja eru, en ekki í sölufyrirkomulagi okkar.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að við hefðum ekki verið sérstaklega hræddir við einkasölu, þegar bráðabirgðalögin um fisksöluna voru gefin út 5. des. 1932. En til þess að sjá, að þar var ekki um neina einkasölu að ræða, þarf ekki annað en að vitna í l. sjálf, þar sem svo segir: „Ráðherra er heimilt að skipa svo fyrir, að frá 1. jan. til 1. apríl 1933 megi ekki nema með samþykki Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda flytja eða selja til útlanda saltaðan fisk, hvort sem hann er verkaður eða óverkaður, ef hann er lagður á land eftir 1. janúar 1933". M. ö. o. er það bannað að selja nýjan fisk eða fisk frá árinu 1933 nema með samþykki stjórnarráðsins og að fengnum till. fisksölusambandsins, en alveg frjáls sala á öðrum fiski. L. eru aðeins sett til þess að fyrirbyggja, að birgðirnar frá 1932 verði verðlausar vegna framboðs á fiski frá 1933, þ. e. nýjum fiski. Aðalútflytjandinn utan sölusambandsins sendi út tvo farma af saltfiski frá 1932 í jan. og febr. 1933, og datt engum í hug að amast við því. Þetta er óneitanlega dálítið annað en einkasala. Útflutningurinn var aðeins takmarkaður á meðan verið var að selja gamlar birgðir. Í febrúarmán. 1933 var búið að festa sölu á öllum fiski frá fyrra ári, og þá var öll verzlun gefin frjáls. Það er því fjarstæða, að hér hafi verið um nokkra einkasölu að ræða.

Þá kem ég að hæstv. atvmrh. Ég verð að segja það, að ég var dálítið hissa á ræðu hans. Það virðist svo sem hann vildi halda því fram, að fisksölusambandið væri ekki eins nauðsynlegt og ég léti, a. m. k. ekki nú, en öll rök hans hnigu þó að því að sýna fram á, að nauðsynlegt væri, að slíkur félagsskapur væri til. Hann sagðist ekki mundi nota heimildina í 12. gr. nema í ýtrustu nauðsyn, og lagði mikla áherzlu á, að lífsnauðsyn væri að vernda fisksölusambandið. Hann sagði, að ég hefði verið að fleipra um það, að það ætti að drepa „union". Slíkt næði engri átt. Erfiðleikarnir á fisksölunni væru að vísu miklir nú, en þó ekki óviðráðanlegir, ef núverandi skipulag héldist. Þetta er vitanlega allt saman hárrétt hjá hæstv. ráðh. En hann virtist vera alveg blindaður fyrir þeirri augljósu afleiðingu af samþykkt þessa frv., að fisksölusamlagið hlýtur að gliðna sundur. Það hefir verið sýnt fram á þetta með svo ljósum rökum í Nd., bæði af hv. þm. G.-K. og öðrum, að ég ætla ekki að fara að endurtaka þau rök hér. Í svo stórum félagsskap sem fisksölusambandið er, verða ávallt einhverjir óánægðir. Sumir vilja fara úr samlaginu af pólitiskum ástæðum, af því að þeir telja ríkiseinkasölu eina sáluhjálparatriðið. Tökum t. d. bæjarútgerðina í Hafnarfirði, svo að ég nefni dæmi. Er ekki líklegt, að forstjórinn þar vildi fylgja sínum principum og veikja fisksölusambandið í því skyni að fá ríkiseinkasölu? Auk þess eru menn innan fisksölusambandsins, sem áður hafa haft bein viðskipti við fiskkaupmenn í markaðslöndunum. Þessir menn munu sumir vilja losna og munu síður en svo gera neitt til að halda utan um fisksölusambandið. Þetta eru einmitt stórir fiskeigendur, og þegar þeim er gefin von um að geta orðið útflytjendur í „grúppusystemi" vilja þeir vera lausir. Í þessu liggur hættan fyrir fisksölusambandið, ef frv. verður að lögum, og ég fæ ekki séð, hvernig það á að standast þá hættu.

Þá eru enn sumir óánægðir, t. d. Austfirðingar, yfir því, að fiskur þeirra er ekki farinn og seldur í hlutfalli við sunnlenzka afskipendur. Þeir kenna stjórn fisksölusambandsins um þetta, minnast þess ekki nú, að þeir hafa 1932 og 1933 verið fyrstir til að fá afskipað öllum sínum fiski. Á ástæður fyrir hinni slæmu afskipun hjá þeim líta þeir ekki. Nú er þessum mönnum öllum gefin átylla, sem þeir höfðu ekki áður, til þess að rjúfa sambandið.

Hæstv. atvmrh. sagði, að nauðsynlegt væri að hafa slík samtök sem fisksölusambandið, og yrði að gera allt, sem hægt væri, til að stofna slík samtök, en ef það næðist ekki, yrði að grípa til ríkiseinkasölu. Hann sagði, að samtök væru það eina, sem gæti gefið innflytjendunum tryggingu gegn verðfalli á fiskmarkaðinum, en um leið og hann viðurkennir þetta, reynir hann að koma í veg fyrir, að fisksölusambandið geti haldið áfram. Hann virðist vilja, að sama ástand haldist sem nú er, en þó endilega ganga milli bols og höfuðs á þeim einu samtökum, sem geta haldið fiskverzluninni í nú-

verandi horfi. Hann sagði að vísu einu sinni í ræðu sinni, að núverandi sölufyrirkomulag væri slæmt, en hvarf með öllu frá þeirri órökstuddu staðhæfingu síðar.

Það, sem hann sagði um lögfestingu samtakanna, var fjarri öllum sanni. Við vitum, hve erfitt var í fyrstu að sannfæra Spánverja og Ítali um það, að um frjáls samtök væri að ræða. Þeir töldu, að fisksölusambandið væri grímuklædd einkasala, sem þeir vildu ekki skipta við. Jafnvel þeir, sem áður höfðu skipt við menn, sem áttu sæti í stj. fisksölusambandsins, hættu viðskiptum við Ísland í bili. Það er því enginn vafi á því, að lögþvinguð ríkiseinkasala verður til þess, að Suðurlandaþjóðirnar minnka viðskipti við Ísland.

Ég las um daginn bréf frá einum stærsta fiskinnflytjanda á Spáni. Hann varar eindregið við að lögfesta einkasölu, og segir, að það muni verða til að spilla samstarfi um fiskverzlun, jafnvel þó ríkiseinkasala ekki verði framkvæmd. Ég hefi sýnt fram á það, að engin leið er til þess að fisksölusambandið geti haldið áfram eftir lögfestingu þessa frv. — Þá er það „grúppusystemið". Ég held, að það fyrirkomulag á fiskverzluninni veiti ekki hina minnstu tryggingu, þar vantar bæði öryggi gegn einkasölu og verðlækkun. Auk þess myndi með þeirri aðferð skapast samkeppni milli útflytjenda um að ná verzlunarsamböndum hver frá öðrum, og er vafasamt, hve holl sú samkeppni yrði, þótt hópar þeirra útflytjenda, 4—5 manna, er þannig slægju sér saman, undirbyðu ekki fiskinn hver fyrir öðrum, væri þó ávallt hægt að bjóða önnur hlunnindi í verzluninni, svo að fisksalan hvíldi ekki á eins öruggum grundvelli og áður.

Það er ekki hægt að segja með nokkrum *sanni, að ríkiseinkasala sé ekki fremur* lögþvinguð en það skipulag, sem nú er. Það er auðvitað ekkert annað en fjarstæða. Við hliðina á fisksölusambandinu er rekin frjáls verzlun með ⅙—⅕ af útflutningsfiski landsmanna. Þessi frjálsa verzlun er holl til þess að „kontrollera" fisksölusambandið. Að fisksölusambandið hefir undanfarið haft nægilegt magn, er til að vernda samvinnuna milli fisksölusambandsins og innflytjenda og gefur þeim tryggingu fyrir, að verðið lækki ekki, svo og tryggingu gegn umboðssölu.

Hæstv. ráðh. gaf að lokum yfirlýsingu til að fróa okkur, sem sjáum fram á vandræði fiskverzlunarinnar, ef þetta frv. verður að lögum. Ég náði ekki yfirlýsingu hans orðréttri, en vænti, að hún komi orðrétt hjá skrifurunum, þar sem hann las hana upp af blöðum. Ég skal því ekki fjölyrða um yfirlýsinguna fyrr en ég hefi athugað hana nánar. En taki hann nú ekki í taumana og varni því, að fisksölusambandið gliðni í sundur, verð ég að segja, að yfirlýsingar hans eru lítils virði. — Ég sé, að kl. er að verða 7, og mun ég því slíta ræðu minni að þessu sinni.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég skal ekki blanda mér í þær deilur, sem fram hafa farið hér á milli frsm. meiri hl. og minni hl. Það er áreiðanlega engin þörf á því fyrir mig að hlaupa í skörðin fyrir hv. frsm. minni hl. Hann er þaulkunnugur þessum málum, og sennilega langkunnugastur þeim og gangi þeirra af öllum þeim hv. þm., sem sæti eiga í þessari d.

Ég mun þess vegna með hliðsjón af þeim umr., sem hér hafa farið fram, minnast aðallega á aðalatriði þessa máls, aðallínur þess. Hæstv. atvmrh. gat um það í sinni ræðu, að í þessu frv. væri eiginlega um tvö atriði að ræða. Þetta er alveg rétt. Þetta mál, eins og frá því er gengið í þessu frv., er algerlega tvíþætt, og þó að þessir þættir báðir snerti að vísu sama málið, þ. e. a. s. fisksöluna, þá eru þeir þó í raun og veru talsvert ólíkir. Annarsvegar eru þær ráðstafanir, sem gerðar eru viðvíkjandi hinni venjulegu fisksölu, og hinsvegar eru þær ráðstafanir, sem miklu minna ber á í frv. og miða að því að breyta til í þessum atvinnuvegi, sem miða að öflun nýrra markaða og yfirleitt að því að brjóta nýjar brautir í þessu efni. Þetta stendur í sambandi við, sem einnig kom fram í ræðu hæstv. atvmrh. — og kenndi í því sambandi, að mér fannst, dálítils útúrsnúnings á ræðu hv. frsm. minni hl. —, að erfiðleikarnir, sem hér um ræðir, eru algerlega tvennskonar. Og þegar hæstv. atvmrh. segir, að hv. frsm. minni hl. hafi sagt, að hér væru engir erfiðleikar hvað þetta snertir, þá stafar það af því, að hér er um tvennskonar erfiðleika að ræða. Ég *man nú að vísu ekki, hvort hv. frsm. minni* hl. orðaði þetta svo, en það má vel vera, að hann hafi sagt, að sú almenna fiskverzlun hafi gengið vel, og þeir erfiðleikar væru ekki fyrir hendi á því sviði, sem réttlættu slíka löggjöf sem þessa. En erfiðleikarnir eru algerlega tvennskonar. Annarsvegar eru hinir almennu erfiðleikar, sem fylgja því yfirleitt, að selja svona mikla framleiðsluvöru eins og fiskurinn er, og hinsvegar eru svo þeir sérstöku erfiðleikar, sem nú eru fyrir hendi, sumpart fyrir kreppuna, sumpart fyrir þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í aðalmarkaðslöndum okkar, og sumpart fyrir hina mjög miklu aukningu á framleiðslunni, sem náttúrlega skapar aukna erfiðleika við að afsetja framleiðsluvöruna svo að vel sé.

Þetta eru í raun og veru tvö algerlega ólík atriði, og finnst mér alveg sjálfsagt að ræða þau hvort í sínu lagi. Einnig vegna þess, að ágreiningurinn í þessu máli og það, sem hefir gert það eitt hið mesta ágreiningsmál þessa þings, snertir í raun og veru annan þátt þessa máls, þ. e. a. s. hvernig skuli yfirvinna áframhaldandi örðugleika við fisksöluna, eða m. ö. o. hvernig skipa skuli fiskimálunum yfirleitt. Um hitt atriðið aftur á móti, ráðstafanir til þess að brjóta nýjar brautir hér og annarsstaðar fyrir þessa aðalframleiðsluvöru landsmanna, eru, að ég hygg, allir þingflokkarnir sammála.

Ég hefi orðið dálítið var við það, að það er eins og ýmsum finnist, að hinir almennu örðugleikar við fisksöluna séu kannske ekki mjög miklir, og mér hefir fundizt það skina út úr umr., sem oft fara fram t. d. um það, hvort höfð skuli einkasala á fiski, en um það hafa verið borin fram frv. á fjöldamörgum þingum. Það hafa komið fram frv. og till. um einkasölu á fiski, og mér hefir oft fundizt það á

þessum till., að mönnum væri það í raun og veru ekki nægilega ljóst, hvað hér er við mikla örðugleika að stríða. Sú þrotlausa barátta, sem alltaf stendur um markaðinn fyrir þessa vöru, er mjög hörð, og það er barátta, sem gengur svona upp og ofan, en er þó ómögulegt að neita, að yfirleitt gengur heldur vel fyrir okkar þjóð. Það má sjá það í nál. minni hl., hvað framleiðslan hefir aukizt alveg geysilega á fáum árum, þegar svo má segja, að hún hafi á tiltölulega fáum árum allt að því þrefaldazt. Og það eru engir smáræðis sigrar, sem hafa unnizt, þar sem við höfum lagt allan þennan markað undir okkur, og það má segja, að í þeirri baráttu hafi verið gerð alveg ný landnám og stofnuð stór ríki. Í því sambandi má t. d. nefna það, hvernig okkar fiskur hefir smám saman unnið sig inn á Portúgalsmarkaðinn, sem var nálega ekki til fyrir nokkrum árum síðan. Þar, sem okkar fiskur hefir keppt á mörkuðum við t. d. norskan fisk, hefir það heyrzt greinilega frá okkar keppinautum, að þeim hafa þótt Íslendingar erfiðir viðureignar og allhraustir bardagamenn í þeirri baráttu. Þetta stríð hefir verið háð eingöngu af einkaframtaki manna hér á landi, sumpart af einstaklingum og sumpart af félögum, sem hafa slegið sér saman um starfsemina á þennan hátt. Og í þessum bardaga og þessu landnámi hafa einstakir menn aflað sér ákaflega mikillar vopnfimi, þ. e. a. s. fróðleiks og þekkingar á þessum málum. Og það er áreiðanlega ein af okkar dýrmætustu eignum, sú þekking og sú reynsla, sem einstaka Íslendingar hafa fengið við það að starfa að því að selja okkar dýrmætustu útflutningsvöru.

Það er þessi eign, sem mér finnst, að þeir, sem mæla með einkasölu á saltfiskinum, ekki kunna fullkomlega að meta. Þeim finnst, að sé þetta vel skipulagt og einhverjir heiðarlegir og góðir menn settir til þess að sjá um það, þá hljóti þetta allt að geta gengið, — þetta geti ekki verið svo ákaflega vandasamt, og þeir, sem gluggað hafa í því, ýmist úr fjarlægð eða stutta stund, muni yfirleitt geta rækt þetta. Þeir álíta, að það sé mest mont og þesskonar, þegar verið sé að tala um sérstaka fagþekkingu á þessu sviði. Það er þetta, sem mér finnst nauðsynlegt að athuga. Og í sambandi við þetta má spyrja um það, hvort þetta hafi tekizt. Eru fyrirliggjandi orsakir til þessarar löggjafar, sem hér um ræðir? Það var þetta, sem hv. frsm. minni hl. áleit ekki vera, og hann sagði, að á þessu sviði væru engir sérstakir erfiðleikar aðsteðjandi núna, og það var út af því, að hv. frsm. minni hl. vildi ekki kannast við neina örðugleika hvað þetta snertir, sem hæstv. ráðh. var með dálitla útúrsnúninga, og sagði, að frsm. minni hl. héldi því fram, að það væru engir erfiðleikar í sambandi við þetta mál í heild sinni, en slíkt er vitanlega hin mesta fjarstæða, að hv. frsm. minni hl. hafi gert það. Þessi mál eru vissulega mjög mikil vandamál, og hversu varlega verður að fara með þau, sér maður á því, hvað lítið má eiginlega út af bera til þess að í fullt óefni komist. Hv. frsm. minni hl. hefir lýst því í ræðum sínum og nál. minni hl. Enda er það líka öllum kunnugt, sem nokkuð þekkja til þessara mála, að þessi fisksölumál voru að komast í hið mesta óefni. Eftir að kreppan skall á, þá komust þessi mál í slíkt óefni, að það var eiginlega ekki hægt að selja nokkurn fisk út úr landinu. Það var hægt að flytja hann út úr landinu, og menn vildu taka við honum í umboðssölu, en án allrar áhættu. Þeir gátu þá undirboðið hver annan, án þess að hugsa nokkuð um hagsmuni okkar, til þess að koma honum smám saman út. Þetta varð auðvitað til þess, að öll fisksölumál komust í hið mesta óefni.

En þeir, sem með þessi mál höfðu að gera hér, sýndu á þessum erfiðu tímum þá mannlund, sem jafnan, þegar einhverjir miklir örðugleikar steðja að, og þegar sumir leggjast út af og deyja drottni sínum, að kannast við það, að illa hefir farið og láta erfiðleikana verða til þess að hrinda sér eitt spor áfram. Það gerðu fiskframleiðendur og fiskútflytjendur, þegar þeir upp úr þessum erfiðleikatímum 1930 til 31 gengu saman og mynduðu með sér fisksölusamlag.

Það er auðvitað, að þegar gerð eru samtök á þennan hátt, sem hér um ræðir, þá er þar í sjálfu sér ekki um mikið skipulag að ræða, og þess vegna ekki óeðlilegt, að þeir, sem enga trú hafa á neinu, nema 100 pappírsgögn séu til um það um leið og eitthvað er sett á laggirnar, hafi hina megnustu ótrú á samtökum eins og þessum. En þessi samtök spruttu upp úr því ástandi, sem fyrir var, og þeirra mikli styrkur, þrátt fyrir skipulagsleysið, er, að þau standa föstum fótum í jarðveginum, vegna þess að þau urðu til út af þörf. Og þegar slíkt verður, þá má búast við því, að þeir menn, sem mesta þekkingu og reynslu hafa í þessum efnum, haldi áfram að vera á oddinum. Það er hin mikla nauðsyn, sem jafnan kallar fram kraftana. Það er sá sami munur, sem kemur fram í þessu og í því, hvernig þjóðirnar velja sér foringja á friðartímum og svo aftur á stríðstímum. Á friðartímum hækka menn í tigninni eftir aldri og ætterni og geta orðið miklir menn án þess að hafa nokkuð til þess unnið eða lent í nokkrum mannraunum. En þegar stríðið skellur yfir, þá kallar það á kraftana, dugnað og mannvit og þá, sem einhver töggur er í. Þeir, sem höfðu forustuna í fiskimálum okkar á hinum erfiðustu tímum, voru nokkurskonar hershöfðingjar á stríðstímum. Fisksala var algerlega að fara í rústir, og þá var kallað á foringjana, og það voru ekki þeir, sem höfðu setið á þingi og flutt frv. og skrifað um þessi mál í blöðin, heldur þeir, sem höfðu verið hafðir á oddinum einmitt í þessari viðleitni, sem fram að þeim tíma hafði verið til þess að hrinda þessum málum áfram, þ. e. a. s. foringjarnir, sem höfðu barizt hver á móti öðrum og þekktu orðið margar aðferðir. Þeir slógu sér saman í eina fylkingu. Það voru eiginlega þrír aðilar, sem höfðu haft þennan útflutning með höndum, og það voru einmitt þessir sömu þrír aðilar, sem tóku forustuna í þessum málum.

Það hefir verið haft ákaflega mikið á móti þessum félagsskap fyrir það, að hann væri ekki nógu demókratiskur og að forráðamenn hans

væru ekki kosnir. Það mun vera alveg rétt að S. Í. F. var upphaflega ekkert annað en það, að þeir þrír aðilar, sem hér áttu hlut að máli, fólu sínum framkvæmdarstjórum að setja þessa útflutningsskrifstofu á laggirnar, og gerðu svo mönnum tilboð um að selja fyrir þá þeirra fisk. Það má því í raun og veru segja, að um leið og einhverjir hafa snúið sér til S. Í. F. með framleiðslu sína og óskað eftir því, að það seldi fisk fyrir sig, þá knýi viðkomandi S. Í. F. til þess að hafa forsjá fyrir sig í þessum efnum. Því að vitanlega hefir þetta allt verið frjálst. Hver maður gat selt sína framleiðslu sjálfur eða menn gátu slegið sér saman undir forustu nýrra manna. Það, að upp undir 80% af allri framleiðslunni var komið undir þessa forustu, stafar af því, að þessi 80% hafa valið sér þessa forustu. Þeir, sem eiga sitt lífsuppeldi undir því, að þessi vara seljist vel, hafa einmitt sjálfir að svona miklu leyti valið S. Í. F. til þess að fara með þessi mál fyrir sig. Það er náttúrlega gott og blessað að vera með heimspekilegar hugleiðingar um það, hvort þetta sölusamband sé sett saman eftir réttu recepti eða ekki, en hitt er meira virði, að líta á, hversu vel það hefir reynzt og hvernig það dugir. Og þá er ómögulegt að neita því, að það er hreinasta kraftaverk, sem hefir verið unnið í þessum efnum. Það hefir aldrei verið gerð nein tilraun hér á landi um jafnstórt málefni og þetta, sem hefir borið jafnglæsilegan árangur og þessi. Hv. frsm. minni hl. hefir skýrt frá því, hvernig verð þessarar vöru svo að segja tók viðbragð alveg um leið og þessi samtök voru gerð, og hvernig þetta viðbragð reyndist ekki að vera eins og þegar sjúklingi er gefinn hitaskammtur og hitinn dettur niður snöggvast. Þetta viðbragð var aðeins hið fyrsta. Eftir það heldur verðhækkunin hægt og hægt áfram og það myndast stöðugt rólegt verðlag, en þó miklu hærra en það hafði verið áður og miklu hærra en vænta mátti. Við hliðina á þessari tilraun voru svo aðrar til samanburðar, og þar kom alls ekki þessi sami bati fram. Það er alveg augljóst, að sá bati og þau umskipti, sem urðu hér fyrir íslenzka fiskframleiðendur og fiskútflytjendur, stafa beinlínis af þessum sölusamtökum, sem hér hafa verið. Og ég verð að segja það, að þetta er ákaflega eðlilegt. Það má auðvitað segja, að eitthvað geti komið inn í félagsskapinn og truflað, en hér hefir það ekki orðið. En þegar litið er á málið almennt, þá er þetta alveg eðlilegt. Þetta er af því, að hér myndast nokkurskonar einokunarkennd samtök, án þess þó að sett sé á stofn einkasala. Það er mjög fjarri því, að ég fyrir mitt leyti hafi á móti einkasölu á útfluttri vöru. Ég er mikið á móti því, að einkasala sé höfð á aðfluttri vöru, af því að reynslan er sú, að einkasala veldur jafnan verðhækkun.

Eitt af fyrstu einkennum frjálsrar samkeppni er verðlækkun sú, er hún hefir í för með sér. Því getur það verið æskilegt fyrir hverja þjóð um sig að koma einkasölueinkennum á sinn útflutning, ef um leið tekst að koma í veg fyrir þann skaða, sem einkasala hefir yfirleitt í för með sér.

Hæstv. ráðh. sagði, að það skipti engu máli, ef um einkasölu væri að ræða, hvort það væri þá lögbundin ríkiseinkasala eða einkasala, sem skapaðist við frjáls samtök. Ef svo væri, að ríkiseinkasala væri eins góð og frjáls samtök, þá væri sjálfsagt að taka undir hana allan okkar útflutning. En það er nú svo, að hér þarf tvo til, eins og um giftingar, sem sé seljanda og kaupanda. Og einkasölur er kunnar að því að vera verðhækkandi. Er því hætt við, að kaupandinn hrökkvi við, er hann heyrir, að búið sé að koma á einkasölu. Og þar sem viðskiptaþjóðir okkar eru okkur nú slíkir ofjarlar á alan hátt, þar sem viðskiptajöfnuður okkar er svo erfiður sem verða má, þegar svo stendur á, að þær geta beitt okkur því nær hvaða tökum sem þeim lízt, þá er einkasala eins og steyttur hnefi framan í þá, sem við verðum um fram allt að hafa góða. Þetta er það, sem stj. Landsbankans á við í umsögn sinni, þar sem hún segir, að framkoma frv. ein saman geti gert mikla bölvun. Það getur sem sé verið hættulegt að steyta hnefann framan í mann, enda þótt hann sé ekki barinn. Hann getur reiðzt samt. En ef hægt er að koma á einkasölu án þess að svo sé á pappírnum, og svo laglega, sem verið hefir þar sem er S. Í. F., þar sem ekki er öll framleiðslan í höndum samlagsins, og hver, sem vill, má vera utan við það, þá er það hið bezta ástand. Það má e. t. v. segja um S. Í. F., að þessi samtök séu ekki eins vel undirbyggð og skyldi, þar sem það á sér ekki nægan grundvöll í l., en meðan ekki sjást nein merki um, að þessi samtök nái ekki tilgangi sínum, meðan engir skýjaflókar sjást á lofti, þá er þetta hið bezta ástand. Þeir lagnu foringjar, sem við höfum haft fyrir þessum samtökum, hafa fundið sína réttu bandamenn, ekki neytendurna, sem alltaf vilja hafa verðið sem lægst, ekki smásalana, heldur heildsalana. Þetta kom skýrt fram í samningunum við Spán. Við höfðum okkar sjálfkjörnu bandamenn, þar sem voru fiskinnflytjendur þar. S. Í. F. hefir haldið vel á því viðskiptasambandi, sem þannig hefir komizt á. Fyrir skömmu var á þingi S. Í. F. rætt um þetta mál, og töldu menn þar, að svo fastar stoðir rynnu undir þessi samtök, að yfirgnæfandi meiri hl. féllst á að hafa framvegis sama fyrirkomulag og verið hefir.

Hinsvegar verður að viðurkenna það, að svona viðskiptasambönd eru einhver hin allra viðkvæmustu. Hver og einn hugsar um það fyrst og fremst að hafa sem mest upp úr skiptunum, og bindur ekki annað saman þessa aðila en hagsmunirnir einir. En því hættulegra verður þá að teljast að káfa hér inn í.

Menn kannast e. t. v. við greinar, er Sismondi hefir skrifað í viðlesin blöð á Ítalíu, þar sem sagt er, að við höfum verið að hrósa happi yfir því að hafa með þessum samtökum pumpað 10 millj. lírur út úr Ítölum. Sýnir þetta, hve varlega verður að halda á þessum málum. Það er engin hætta á, að ekki sé þegar farið að skrifa um það þar syðra, að hér sé verið að ræða frv., sem getur leitt til einkasölu.

Norðmenn öfunda okkur af þeim samtökum, sem við höfum haft um fisksöluna. Þeir hafa átt erfiðara um sína fisksölu, enda þótt þeir

standi betur að vígi en við gagnvart Spánverjum, þar eð þeir kaupa þaðan mikið af vínum og öðru. En þeir hafa ekki haft nein föst samtök í þessum efnum og hafa því séð ofsjónum yfir þessum samtökum Íslendinga. Hér heima er að vísu ekki djúpt á óánægjunni. Það er auðvelt að fá fram óánægjuraddir úr ýmsum áttum. Er t. d. ekki óeðlilegt, að smáútvegsmenn haldi, að hér hafi verið að verki stórlaxar, sem borið hafi hugsmuni þeirra fyrir borð. En þó er það eftirtektarvert í umsögn Landsbankans, að þar er talið, að S. Í. F. hafi gert smáútvegsmönnum mikið gagn. Allir hafa fengið jafnt fyrir fiskinn, hvort sem þeir hafa átt mikið eða lítið, en áður kom það varla fyrir, að smáútvegsmenn fengju ekki þetta 10 kr. minna fyrir skippundið. Er það því illt verk að dylgja milli smáútvegsmana og þeirra, sem staðið hafa að þessum samtökum.

Eins og hv. frsm. minni hl. benti á, var nokkur tviskinnungur í ræðu hæstv. ráðh. um þetta mál. Hann sagði annarsvegar, að S. Í. F. væri gott og ætti að haldast, og reyndi að sanna, að frv. hlæði frekar undir samlagið en hitt. Þó var hann alltaf að reka í það hornin. Hann sagði, að salan myndi verða áfram í höndum S. Í. F., a. m. k. þessa árs framleiðsla. Ég skal ekkert um það segja, hvort S. Í. F. myndi áfram starfa að sölunni, ef það yrði leyst upp fyrir aðgerðir hins opinbera, en það yrði þá a. m. k. ekki annað en dauðateygjur.

Hæstv. ráðh. sagði, að einkasala yrði ekki tekin upp nema með vilja framleiðenda. Þarna kemur vel fram hinn óheilbrigði aðaltilgangur frv. Virðist það vera með ráðnum huga gert að sneiða hjá því að setja beina ríkiseinkasölu, en einkasöluhugmyndin kemur þó nægilega skýrt fram til þess að þeir fælist við, sem slíku eru mótfallnir. Aftur á með þessu að gera þeim til hæfis, sem fyrirfram eru slíkum hugmyndum fylgjandi. Örlög slíkra frv. á undanförnum þingum hafa orðið til þess, að upphafsmönnum þessa frv. fannst þeir verða að steypa eitthvert súkkulaði utan um þessa beisku pillu. Hæstv. ráðh. segir, að einkasalan verði ekki sett nema framleiðendur óski hennar, en það er lítil huggun, ef framleiðendum er gert ómögulegt annað en óska hennar. Til þess að það sjáist, að þetta er ekki bara pólitík úr mér, vil ég lesa hér upp nokkur atriði úr umsögn Landsbankans, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur:

„Vér fáum ekki betur séð, ef umrætt frv. verður að lögum og fiskimálanefnd verður stofnuð, en að þá sé S. Í. F. lagt að velli, og oss virðist, að jafnvel við það eitt, að frv. kom fram, þar eð það gefur þeim óánægðu byr undir báða vængi, og þeim, sem græða vilja á glundroða þeim, sem framkoma frv. hefir valdið".

Svo vissir eru þessir þaulreyndu menn, bankastjórar Landsbankans, um, að þetta verði til að leysa upp samlagið. Og mér virðist ekki þurfa annað en líta á frv. til að sjá, hve ósennilegt það er, að S. Í. F. geti staðizt eftir að þessi l. hafa verið sett. Fyrst á að skipa þessa fiskimálan. Henni er fengið vald (sérstaklega í frv. eins og það var upphaflega, og í rauninni er það eins enn), sem er þannig lagað, að ég sé ekki, hvernig menn geta tekið að sér stjórn á samlaginu með slíka n. yfir höfði sér. Eina vonin væri, að í n. sæti svo góðir menn, að þeir gerðu ekki neitt. En n. getur í rauninni skipt sér af öllu. Nú er þetta raunar bætt nokkuð með skilyrðinu um leyfi atvmrh. í upphafi 3. gr. Látum svo vera, að ráðh. væri sá indælismaður að ekki þyrfti að óttast hann. En í niðurlagi gr. stendur svo:

„Atvinnumálaráðherra getur falið fiskimálanefnd úthlutun útflutningsleyfa. Einnig getur ráðherra falið nefndinni eða almennu fisksölufélagi (sbr. 2. málsgr. 4. gr.) framkvæmd þeirra annarra starfa, er ráðlegt þykir og undir hann heyra samkvæmt lögum þessum."

Að leggja þetta í hendur atvmrh. virðist því ekki vera annað en sauðargæra yfir úlfinn, enda koma eyrun greinilega í ljós. Er það óhugsandi fyrir hvern mann, sem veit, hversu vandasöm þessi störf eru, að þurfa alltaf að vera að gefa skýrslur og setja heilan hóp af sauðum inn í hvert mál, áður en það er framkvæmt. Er nógu erfitt starf fisksölunnar samt, þótt Davíð sé ekki klæddur í slíka Sálsbrynju, er hann getur naumast staðið uppréttur í.

Þá er það atriði, að frv. miðar að upplausn S. Í. F., að gera það að samlagi, sem að vísu á að geta notið sérréttinda samkv. frv., en verður að skipuleggja sig á þann hátt, sem fulltrúar þess hafa fellt að gera. Er hægt að gera meira til að leysa upp félag en að setja því slík skilyrði? Við skulum ekki í þessu sambandi deila um það, hvort fyrirkomulagið sé betra. Ég veit, að S. Í. F. er viðurkennt fyrirkomulag á sinn hátt eins og samvinnufélagsskapurinn. En þegar fulltrúar hafa samþ. á fundi, að annað fyrirkomulagið skuli haft, og stj. setur svo þau skilyrði, að hitt fyrirkomulagið verði upp tekið, þá sé ég ekki betur en þetta sé beinlínis sett til höfuðs samlaginu.

Þá álít ég það mjög óheppilegt að vera í þessum l. beinlínis að benda á grúppufyrirkomulagið, eins og gert er í niðurlagi 4. gr. Þarna er beinlínis bent á, hvað við tæki, ef S. Í. F. sundrist. Hinum óánægðu, sem alltaf eru hér til, er bókstaflega gefið til kynna, hvað við muni taka. Það var auðheyrt á ræðu hv. 2. þm. S.-M., að slíkar raddir eru til í landinu. Þar kom fram óánægja fyrir hönd Austfirðinga. Svo kemur óánægja fyrir hönd Vestmannaeyinga, svo fyrir hönd Vestfirðinga o. s. frv. Og undir þessar raddir er verið að hlaða. Planið er svo sem nógu gagnsætt. Það er ekki verið að reka neina dulbúna pólitík. Í frv. er gefið í skyn, að S. Í. F. muni sundrast, og svo er girt fyrir það með vissum ákvæðum, að slíkt sölusamlag myndist á ný, þá er sýnt fram á, að grúppurnar verði undir svo strangri stjórn, að þær geti ekki starfað, og er þá ekki annað eftir en sú beiska pilla, að fiskimálan. taki við öllu. Nú er allt súkkulaðið búið, enda hefði þessi beiska pilla líklega aldrei verið gleypt, ef ekki hefðu verið þessar umbúðir.

Þetta er þá það, sem ég hefi sagt um þennan annan þátt örðugleikanna, sem er aðalatriðið. Og hvernig á nú að haga hinum þættinum

og yfirstíga áframhaldandi örðugleika? Upp úr vaxandi örðugleikum hefir skapazt fyrirkomulag, sem er teoretiskt heilbrigt, samtakasala, sem hefir reynzt heppileg. Hinsvegar er verið að grípa inn í þessa þróun og splundra samtökunum, svo að upp af megi vaxa ríkiseinkasala. Hinn þátturinn er svo sá, hvernig bregðast skuli við hinum nýju örðugleikum, t. d. út af kvótanum á Spáni, offramleiðslunni, þörfinni á að finna nýjar sölu- og verkunarleiðir. Í 13. gr. eru ákvæði um að leggja ríflegt fé til þessara hluta. Um það erum við teoretiskt sammála, eins og kemur fram í umsögn Landsbankans. Það segir í umsögn Landsbankans: „Aftur á móti virðist oss rétt, að fiskimálanefnd hefði verið sett á laggirnar til að sjá um leitun nýrra markaða, nýrra verkunaraðferða, hafa með höndum úthlutun á verkunarleyfum o. fl., en láta fisksöluna afskiptalausa að minnsta kosti.“ Þetta er sú stefna, sem Sjálfstfl. hefir tekið upp undir forystu foringja síns. Hann bar fram frv. um fiskiráð, en í staðinn fyrir það kemur fiskimálanefnd eftir frv. þessu. Hann bar ekki fram till. um fisksöluna, af því að við sjálfstæðismenn álítum hana vel komna í höndum S. Í. F. Það gæti auðvitað komið til mála að hlaupa undir bagga með S. Í. F., eins og gert var 1932. En það var gert vegna aðsteðjandi örðugleika, en verzlunin var eftir sem áður frjáls. Hún var alveg frjáls með eldri fiskinn og jafnvel að mestu leyti með nýja fiskinn. En þetta á ekkert skylt við almenna einkasölu. Það er sjálfsagt, að S. Í. F. sé stutt af ríkisvaldinu, hvenær sem hætta er á ferðum, og sett sé upp stofnun, sem getur verið í fyrirsvari fyrir því í að leita að nýjum leiðum, og að brjóta brautina fyrir bættri sölu á fiskinum. Frv. um fiskiráð var ætlað að bæta úr þessu. Það hefði kannske verið rétt að veita fiskiráðinu meira vald en gert var ráð fyrir með frv. En það er ætlazt til þess, að frv., sem eru lögð fyrir þingið, séu endurbætt í n., og því ekki ástæða til þess að setja út á það, þó þessa væri ekki gætt í frv. Ég tel, að það hefði verið rétt að veita fiskiráðinu frekari lagastuðning en gert var ráð fyrir í frv. Þó hygg ég, að það hefði verið rétt að samþ. frv. óbreytt, og svo þegar fiskiráðið var tekið til starfa, þá gat reynslan sýnt, hverjum lagastuðning þyrfti að renna undir það, svo að því væri fært að inna það verk að hendi, sem því er ætlað. Ég er sannfærður um, að ríkisstj. og Alþ. myndu taka till. fiskiráðs til greina í þessu efni. Það er þetta, sem skilur milli okkar og þeirra, sem hafa flutt þetta frv. Annarsvegar hinn reyndi maður, sem þekkir hvar þarf að umbæta, og hverju þarf að halda frá í þessu efni, en hinsvegar hinn pólitíski maður, sem horfir á sína pólitísku hugsjón og vill koma henni í framkvæmd, hvort sem hún nú er einkasala eða eitthvað annað. Það er gaman að sjá, hvernig jafnaðarmenn sveiflast frá einu til annars. Nú vandræðast þeir yfir því, að fiskframleiðslan sé of mikil, en fyrir bæjarstjórnarkosningarnar síðustu var það eitt af helztu kosninganúmerum þeirra, að þeir vildu fá 10 nýja togara. Og svo nokkru síðar vita þeir ekki, hvað á að gera við allan þann fisk, sem berst á land. Þetta eru sömu kenningarnar í bæði skiptin, sem reka sig á reynsluna.

Við erum nýbúnir að gera vandasama samninga við Spánverja, sem hefir lyktað umfram allar vonir, þar sem samningsaðstaða okkar var svo erfið, að við urðum að selja mest af útflutningsvöru okkar til þeirra, en getum ekki keypt nema lítið í staðinn. Það tókst að ná góðum samningum með því að vekja áhuga þeirra fyrir þjóðinni og sýna þeim fram á, að við værum hinn fátæki maður, og að það væri hið einasta lamb fátæka mannsins, sem hér væri um að ræða, en þeirra hagsmunir væru aftur á móti minni. Fyrir tilstuðlan þaulkunnugra manna, þar sem voru fiskinnflytjendur á Spáni, tókst að ná svona góðum samningum. Þegar samningar fengust nú svona góðir, þá finnst mér það hörmulegt, ef á að gera þær ráðstafanir, sem geta leitt til þess að leggja í rústir mikið af því starfi, sem unnið hefir verið. Ég tel, að þetta sé langstærsta mál þingsins. Við höfum haft mörg mál hér á þessu þingi, sem ég hefi barizt á móti, svo sem mörg einkasölu- og skipulagningarfrv., en mér finnst þetta mál vera verra en öll hin samanlögð. Fiskverzlun okkar er svo stórt atriði, að við getum ekki þar um bætt, ef illa fer. Þó að ég telji aðrar einkasölur óheppilegar, þá eru þær ekki svo stórbrotnar, að þær geti veitt okkur banasár. En ef mistök verða á fisksölunni, þá verða þau ekki bætt með neinu öðru en því, að það fái að endurtaka sig sagan frá 1932, að þeir, sem mest hafa með þessi mál að gera, myndi samtök af frjálsum vilja.

Ég vil enda orð mín með því að vitna enn þá einu sinni í umsögn Landsbankans. Það er nú svo með þær köldu og rólegu stofnanir, bankana, að það er óvanalegt, að þær fari eins og að gráthæna þingið að hafa vissa aðferð. Þessar stofnanir eru annars vanar að mæla með eða móti, en í niðurlagi þessa bréfs er þetta rækilega orðalag: „Að lokum viljum vér bera fram þá áskorun til þings og stjórnar, að reynt verði að ráða saltfisksölumálinu til lykta nú á þinginu fyrir árið 1935 með samkomulagi milli flokkanna, svo allir megi við una og ekki hljótist af neinir alvarlegir árekstrar, þar eð verzlun þessi er aðalhyrningarsteinninn undir fjárhagslegri getu þjóðarinnar, og mega því engin mistök á því máli eiga sér stað. Með góðum vilja hlýtur að vera hægt að finna veginn.“ Þetta er óvanalegt í umsögn frá þjóðbanka, og þegar bankinn beinir svo eindregnum tilmælum til þingsins, þá er það mjög athugavert að ganga þar á móti.

**Magnús Guðmundsson**: Það þarf enginn að óttast neitt málþóf frá minni hendi, þó að ég standi upp, því að ég mun aðeins tala stutta stund. Ég hefi hlustað á umr. með athygli og veit, að í Nd. fóru fram miklar umr. um þetta mál, en ég verð að segja það, að ég get ekki skilið afstöðu hæstv. atvmrh. til þessa máls. Ég gat ekki betur fundið á ræðu hans en hann teldi það ákjósanlegt, að Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda héldi áfram starfi sínu. Hann fór lofsorðum um félagið og sagði, að hann á-

liti bezt, að félagsskapurinn héldi áfram. En ég verð að viðurkenna, að það kvað við annan tón hjá hv. frsm. meiri hl., en ég ætla, að það sé hæstv. ráðh., sem ræður meiru um framgang frv. en hann, og mun ég því snúa máli mínu til hans. Ef hann lítur svo á, að fisksölunni sé bezt komið eins og hún er nú, þá skil ég ekki, hvers vegna hann er að gera kröfur til þess félagsskapar, sem er mjög undir hælinn lagt, hvort félagið getur uppfyllt. Ég skil ekki, að hann skuli gera þetta samtímis og hann lýsir því yfir, að það sé skárst, að félagið haldi áfram að starfa. Ég tók eftir því, að hann skopaðist að því, hvernig fisksölumálum okkar væri komið. En hann getur ekki vel gert þetta samtímis og hann segir, að S. Í. F. hafi leyst starf sitt vel af hendi. Ég skil ekki, hvers vegna hann er að narta í félagið. Hann sér fyrir þann möguleika, að félagið leysist upp, og þá taka við þessar smáfylkingar, sem eiga að flytja út, en þá sagði hann, að tæki verra við, og er ég honum sammála um það. Ég býst við, að það muni sýna sig, að þessar smáfylkingar séu óheppilegar, og hvað kemur þá á eftir? Í 12. gr. frv. eru ákvæði um ríkiseinkasölu á saltfiski, og álíta margir, að það sé kjarninn hjá hæstv. ráðh. Það er vitað, að flokkur hans hefir í mörg ár haldið fram einkasölu á saltfiski og flutt frv. um það. En ég skildi hæstv. ráðh. svo, að hann óskaði ekki eftir einkasölu á saltfiski. Ég vil nú biðja hann um að gefa yfirlýsingu um það, hvort hann álítur einkasölu á saltfiski óheppilega eða ekki. Ef hann gefur ekki yfirlýsingu um það, að hann telji hana óheppilega, þá hlýtur hann að standa undir þeim grun, að það sé einkasala, sem hann stefnir að. Það hefir oft komið fram hjá honum áður á þinginu, að hann óski eftir einkasölu á saltfiski, og er vitanlegt, að það hefir verið stefnuskráratriði hjá flokki hans. Vilji hann ekki gefa þessa yfirlýsingu, þá hlýtur hann að skilja það, að hann verður með réttu grunaður um, að hann vilji vinna að einkasölu á saltfiski. Þessa millileið má þá skoða sem skref að aðalmarkinu, eða til þess gerða að beygja þá menn, sem mest hafa með þessi mál að gera, til fylgis við einkasölu.

Eftir því, sem á undan er gengið, sé ég ekki, að líkur séu til þess, að S. Í. F. gangi að þeim skilyrðum, sem hér eru sett í frv., af þeirri ástæðu, sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi, að stjórn félagsins á að setja undir yfirstjórn fiskimálanefndar. Ég sé þess vegna ekki, að það sé nema ein leið til þess að vernda S. Í. F., og hún er sú, að taka einn eða fleiri af aðalmönnum samlagsins og setja í fiskimálanefnd, því þá verður sameiginleg stjórn á báðum fyrirtækjunum. Mér getur ekki dottið í hug, ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að hann hafi gott traust á S. Í. F., að hann hafi þá á móti því, að einn eða fleiri úr S. Í. F. séu skipaðir í fiskimálanefnd. En þá finnst mér til lítils barizt, og afleiðingin af þessari breyt. sama og engin, og að þetta ákvæði um einkasöluna sé þá aðeins til þess að hræða menn. Það er illa gert af hæstv. ráðh., ef hann er aðeins með þetta sem grýlu til þess að hræða menn, þar sem mjög margir, sem stunda þessa atvinnu, líta á þetta svo sem þarna sé um líf eða dauða að ræða fyrir atvinnu þeirra.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Ég tel rétt að svara fáum orðum aths. þeim, sem fram hafa komið, og mun ég reyna að haga orðum mínum svo, að það verði ekki til þess að lengja umr. um þetta mál. Ég hefi að vísu svarað þessu í hv. Nd., en þar sem þessar umr., sem hér hafa farið fram, snerta málið og eru hóflegar, þá tel ég rétt að svara þeim að nokkru.

Ég ætla þá fyrst að víkja að fáum atriðum í hinni löngu ræðu hv. 1. þm. Reykv. Hann taldi, að það væri fjarstæða, að ég sagði, að það skipti minnstu máli, ef einkasala er tekin upp, hvort hún er ákveðin með lögum eða með frjálsum samtökum. En því fer fjarri, að þetta sé fjarstæða. En hann tók ekki upp öll orðin, sem ég sagði, því ég sagði til viðbótar, að þetta skipti minnstu máli að því er snertir aðstöðu kaupenda fiskjarins. Hún fer að mestu leyti eftir því, hvaða kjör einkasalan býður viðskiptamönnum vorum í öðrum löndum. Hv. þm. veit, að þetta er laukrétt. Það, sem kaupandinn lítur á, er ekki það, hvernig einkasala hefir orðið til, heldur það, hvort þeir fá góðan fisk eða ekki og með hvaða kjörum þeir fá hann. Það er alveg laust við það, að menn á Ítalíu séu t. d. hræddir við, að ríkið skipti sér af sliku. Og að því er Spán snertir, þá er það ljóst af umr. hér á þinginu og útdrætti úr bréfi, sem birtur hefir verið frá sendimönnum okkar á Spáni, að óhætt er að nefna þar einkasölu, því þá er innflytjendum tryggt, að þegar þeir hafa samið um kaup á fiski, þá komi ekki aðrir og bjóði við lægra verði, enda segir hv. 1. þm. Reykv., að enginn megi skilja hann svo, að hann sé á móti einkasöluhugsuninni, því einkasala geti orðið til þess að hækka verðið. Þetta er nú tiltölulega ný skoðun hjá hv. þm., en það er auðvitað ekkert nema gott um það að segja, að hann er farinn að átta sig í þessum efnum. Ég man, að þegar ég hefi haldið þessu áður fram, þá hefir hann tekið því sem fjarstæðu. En mér er sönn ánægja að því að heyra, að hann er farinn að átta sig betur á þessu.

Hv. þm. segir, að það sé óhugsandi, að sæmilegur félagsskapur muni sætta sig við það, að yfirstjórn fisksölunnar sé í annara höndum, og að þurfa að sækja um leyfi ráðh. til þess að fá að flytja fiskinn til útlanda og selja hann þar. Mig furðar á þessum ummælum hv. 1. þm. Reykv. Veit hann þá ekki, að með bráðabirgðal. er bannað að flytja einn fiskugga út, nema leyfi ráðherra fáist? Og gildir þetta auðvitað líka fyrir „union". Það má ekki flytja út saltfisk nema með leyfi atvmrh., og ef hér er um verulegt vald að ræða, þá hefi ég nú haft það í höndum í 5 mánuði, og ég get setið nokkra mánuði enn og haft þetta ægilega vald í höndum. En ég býst við, að menn geti ekki haldið því fram í alvöru, að hér sé um ægilegt vald að ræða, sem enginn vilji beygja sig undir. Ég veit ekki betur en menn hafi sætt sig við þetta. Hann sagði, að það væri hægt að færa þetta vald úr höndum atvmrh. yfir til fiskimálanefndar, og taldi hann það hættulegt. Hv. þm. fór mörgum orðum um

hina þrautreyndu bankastjóra Landsbankans, en þeir eiga nú að velja einn mann í nefndina, og get ég búizt við, að það verði sá maður, sem nú á sæti í „union“. Og ekki býst ég við, að hv. þm. þurfi að óttast hans afskipti af þessum málum. Frá Útvegsbankanum býst ég við, að verði sá maður, sem nú á sæti í „union“, og ekki þarf að óttast neitt illt af honum. Þá á félag botnvörpuskipaeigenda að velja þriðja manninn, og má gera ráð fyrir, að það verði sá maður, sem nú á sæti af þess fél. hálfu í „union“. Svo er ennfremur gert ráð fyrir því, að Alþýðusambandið fái einn mann í þessa nefnd. Ég veit ekki, hvort það er það, sem er sérstaklega þyrnir í augum. Í frv. hv. þm. G.-K. um fiskiráð var einnig gert ráð fyrir, að Alþýðusambandið ætti einn mann í ráðinu, svo ekki er það nein goðgá í hans augum. Enda er þetta ákvæði ekki óeðlilegt, því að mikill fjöldi þess fólks skipar sér í þessi samtök — Alþýðusambandið —, sem á afkomu sína undir sjávarútveginum á ýmsan hátt. Þá hefir verið gert ráð fyrir, að Fiskifél. Ísl. ætti einn mann, sem verður að skoðast sem einskonar fulltrúi fyrir smáútgerðina, þó að sá félagsskapur sé ekki eins fjölmennur og ætti að vera. Sá fulltrúi, sem tilnefndur verður af S. Í. S., verður einnig að skoðast sem fulltrúi smábátaútvegsins. Loks skipar ráðh. einn mann. Ég held því, að engin ástæða sé til að óttast, að n. verði óvinveitt útgerðarmönnum. Ég held það sé engin ástæða til að álíta, að sú n., sem svona er skipuð, muni ekki líta með réttsýni á þarfir útgerðarinnar, enda líka rétt, að það sé gert.

Hv. þm. hefir gefið mér ekki alllítið tilefni til að tala um starf S. Í. F. Ég vil leiða það alveg hjá mér, því svo ég segi alveg eins og er, sé ég enga ástæðu til að ræða um það í þessu sambandi. Ég hefi áður sagt það, að ég álít, að það hafi gert mikið gagn, en það er náttúrlega fjarstæða, að ekkert megi að því finna. Auðvitað hafa orðið mistök, þó menn greini á um, hve mikil brögð eru að, eða hver áhrif þau hafa haft. En aðalatriðið að því er snertir S. Í. F., eftir því sem ég hygg, er, að þrátt fyrir starfsemi þess og fulltrúafund, sem haldinn var í haust, er engin trygging fyrir, að S. Í. F. haldi áfram. Þeir menn, sem fullum hálsi leyfa sér að halda því fram, að ef frv. þetta verður samþ., muni S. Í. F. leysast upp, eru þess fullvissir, að S. Í. F. muni leysast upp, þó engin slík lög verði sett. Þetta er bara sett fram sem yfirskinsástæða, til að reyna að hilma yfir hina raunverulegu ástæðu, ef þetta kæmi fyrir. Það er beint og óbeint viðurkennt af öllum, að félagsskapnum — S. Í. F. — er með lögum þessum veitt sérstök aðstaða, alveg sérstök hlunnindi, þó sumir, er nú ráða þar, vilji ekki vinna til að breyta lögum og fyrirkomulagi eins og felst í ákvæði 4. gr. frv., um að fiskmagnið ráði ekki eingöngu.

Nú vildi ég spyrja þá hv. þdm., sem óttast svo mjög, að S. Í. F. muni leysast upp, ef þessi lög verða sett, hvernig halda þeir, að muni fara ef engin lög verða í gildi nema bráðabirgðalögin? Því við skulum setja sem svo, að þau fengjust framlengd óbreytt. Ég ætla, að það mundi gerlegt, þó hv. 1. þm. Reykv. álíti ægilegt vald, sem atvmrh. er þar fengið í hendur. (MJ: Hvaða lög eru það? Bráðabirgðalög um einkasölu á saltfiski?). Já ég á við þau. (MJ: Ég held, að það sé búið að breyta þeim sæmilega með þessu frv.). Þeim lögum hefir alls ekki verið breytt. Þetta frv. er ekki um breyt. á lögum, heldur allt annað og meira. En setjum nú svo, þó þau lög væru í gildi, og ef S. Í. F. leystist upp vegna þess að einhver þeirra þriggja aðilja, sem ég nefndi fyrr, fari úr því eða vildi ekki vera áfram í S. Í. F. Dettur þessum mönnum þá í hug, að nokkur ráðh. gæti leyft sér að neita hverjum sem væri af þessum þremur félögum um útflutningsleyfi á fiski þeirra? Ég held, að það detti engum í hug. Ef gróðavon einstaklingsins kynni að leiða einhvern þeirra til þess — eins og hér er verið að dylgja um — að sundra samtökunum, þá er hér með þessum lögum verið að reisa rammar skorður við því, — ef svo kynni að fara — verið að fyrirbyggja það, að fari í sama öngþveitið og 1931, sem hv. 1. þm. Reykv. lýsti með dökkum litum og ekki fjarri sanni.

Hv. 1. þm. Skagf. taldi tvískinnung í frv. og því, sem ég sagði í minni ræðu. Ég taldi, að æskilegt væri, að fyrirkomulagið á fisksölunni yrði með svipuðum hætti og nú er, en samt vildi ég sundra samtökunum, og í lok ræðu sinnar óskaði hann eftir, að ég gæfi yfirlýsingu um, að ég teldi einkasölu óheppilega. Ég neita því alveg hispurslaust að gefa nokkra slíka yfirlýsingu, en ég get endurtekið það, að ekki skiptir miklu máli í mínum augum, hvort einkasalan er til orðin með frjálsum samtökum eða með lögum, nema að því leyti sem ég tel tryggara, að hún sé bundin með lögum, því þá geta ekki einstakir menn skotið sér út úr og sundrað samtökunum og gert á þann hátt spell. Með þessu þykist ég hafa svarað þessari fyrirspurn, þó svarið sé e. t. v. á annan veg en fyrirspyrjandi hefði óskað. Að ég sé að vinna að því, að „union“ (S. Í. F.) sé að leysast upp, er hin mesta fjarstæða. Eða heldur hv. 1. þm. Reykv., að það, að gera S. Í. F. það að skyldu að breyta lögunum, sem samþ. voru á fulltrúafundi þess í haust, sé sama og að leysa það upp? Ég tel, að það sé svo fjarri því, að nokkur ástæða sé til að ætla slíkt. Ég veit, að mikill hluti viðskiptamanna S. Í. F. vill eindregið, að það verði byggt svo upp sem frv. gerir ráð fyrir. Ég veit líka, að ýmsir, er ráða yfir mestu fiskmagni, eru því andvígir. En ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að þetta atriði þurfi að nokkru leyti að standa í vegi fyrir því, að S. Í. F. fái þau sérréttindi, sem gert er ráð fyrir í frv. En ef svo fer, að S. Í. F. springur, er það áreiðanlega einhver hinna þriggja, sem ég hefi áður nefnt, sem valda sprengingunni. Ef þeir halda saman, þá er tryggt, að S. Í. F. heldur áfram, en ef einn eða fleiri láta sig, þá er voðinn vís. Og hér með þessu frv. eru reistar skorður við, að ekki fari allt í sama glundroðann og var 1931, ef það verður að lögum.

Hv. 1. þm. Reykv. vék að því í lok ræðu sinnar, að Landsbankinn hefði farið bónarveg til þingsins um að leitast við að fá samkomulag

allra flokka um lausn þessa nauðsynjamáls. Ég teldi það mjög æskilegt. Þetta mál mun falla undir mig, a. m. k. eitthvað fyrst um sinn, að sjá um framkvæmd þessara laga, og mér er ákaflega vel ljóst, að erfitt er að framkvæma lögin, ef mikil andúð eða jafnvel fjandskapur er gegn þeim frá stærstu fiskframleiðendunum. En mér er það líka ljóst, að ef slík lög eru ekki til, þá erum við gersamlega óviðbúnir að taka því eða mæta þeim erfiðleikum, sem geta steðjað að hvenær sem er, og ég sé mig ekki mann til að mæta með tvær hendur tómar. Þess vegna legg ég ríka áherzlu á, að frv. þetta nái fram að ganga og verði samþ. Ég er reiðubúinn til samvinnu og samstarfs, en það virðist enn bera svo mikið á milli, að ekki horfi vænlega um samkomulag. Frv. var tilbúið snemma á þingi, en eftir viðtali við ýmsa menn, þá frestaði ég að láta það koma fram, þar til eftir fulltrúafund S. Í. F., til að sjá, hvernig skipun það gerði á þessum málum, því það hygg ég, að öllum, sem kunnugir eru þessum málum, hafi komið saman um, að óhjákvæmilegt væri að gera einhverjar breyt. Það fór svo, að þessi fundur gerði engar till. um nýja skipan, er ég teldi öryggi að, og ég lít svo á, að skylda mín sé að leggja frv. fram til að skapa nauðsynlegt öryggi um fiskframleiðsluna í landinu.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Ég þarf mjög fáu við að bæta það, sem ég hefi áður sagt út af ræðu hæstv. ráðh. Ég leitaðist við að sýna muninn, sem er raunverulega á einkasölu með lögum og með frjálsum samtökum. Hæstv. ráðh. segir, að viðskiptavinunum sé alveg sama, af hverjum þeir kaupi, hvorri einkasölunni sem er. Þeir hugsi bara um, að þeir séu ekki hlunnfarnir í verzluninni. Hann orðaði það kannske ekki svona, hæstv. ráðh., en meiningin var þessi, að þeir hefðu tryggingu fyrir því að verða ekki hlunnfarnir. Já, hann svaraði eiginlega sjálfum sér þarna um leið, því þarna í liggur einmitt munurinn á milli lögskipaðrar og frjálsrar einkasölu, að með lögþvingaðri einkasölu er viðskiptavinurinn sviptur þeirri tryggingu, sem hann hefir áður haft, og sem hann vill hafa. Meðan samtökin eru frjáls, þá á kaupandinn tryggingu fyrir því, að hvenær sem seljandinn ætlar að hætta að hirða um gæði vörunnar eða svíkur á annan hátt, þá er öllum frjálst að koma inn í staðinn. En þetta er tekið af þegar komin er á ríkiseinkasala; þá er þessi trygging horfin. Þetta er sá stóri munur, og þýðir ekki að standa hér og ræða, hvað Spánn vilji eða Ítalía vilji. Þeir hafa sinn vilja, og sá vilji er að skipta ekki við einkasölu. Það þýðir þess vegna ekkert að vera að ræða um það hér þvert yfir salargólfið; reynslan er þessi, og engin ástæða er til að vítna í vilja bankastjóra Landsbankans eða aðra og prédika um þeirra vilja. Ráðh. verður að fara sjálfur suður á Spán og Ítalíu og sannfæra þá um, að einkasalan sé góð. En það gæti hann bara aldrei sannfært þá um, því orðið einkasala verkar þar eins og grýla, af því þeir trúa á frjálsa verzlun, og annað kemst þar ekki að. Það er sá stóri munur, að með frjálsum samtökum má komast hjá þeim ágöllum eða ókostum, sem fylgja einkasölunni, en nota kostina. Þetta er engin ný kenning eða ný skoðun hjá mér. Þessu hefi ég alltaf haldið fram; einkasalan getur sett verðið hærra, en það bara þýðir ekkert, ef viðskiptamaðurinn vill ekki skipta við hana. Við höfum nú um stund komizt í þá heppilegustu aðstöðu, sem einkasala getur boðið, en alltaf til fiskur, sem hægt var að grípa til, ef viðskiptamennirnir óttuðust, að þeir væru hlunnfarnir, alltaf til frjáls markaður, ef á þurfti að halda. Það væri meira gæfuleysi en okkur má henda, ef við köstuðum þessari aðstöðu frá okkur að óþörfu.

Hæstv. ráðh. sagðist ekki skilja, að forstjórar S. Í. F. gætu ekki unað við, þó ráðh. og fiskimálanefnd væru alltaf að skipta sér af verkum þeirra og grípa inn í. Þá fannst honum hann eiga rök í því, sem bankastjórar Landsbankans og framkvæmdastjórar S. Í. F. hefðu sagt, en eina sönnunin var, að hann hefði haft þetta vald samkv. bráðabirgðalögum. Ég ætla ekki að ræða um það við hæstv. ráðh., hvers vegna þetta frv. var gefið út. Það voru allt aðrar ástæður, er til þessu lágu, en liggja nú fyrir þessum lögum. Það var gert til að fá fé í verðjöfnunarsjóð, sem þurfti að hafa til þess að tryggja okkar markað í Suður-Evrópu. Vald, sem hverfur um leið og þetta frv. verður samþ. og bráðabirgðalögin falla ekki úr gildi. Ég veit ekki betur en að ráðh. sé í þann veginn að staðfesta þessi lög. Ég veit ekki betur en það sé allt annað mál, og úr því sé orðið frv. til l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð, og ekki talað nokkurn skapaðan hlut um vald ráðherra. Það var bara bráðabirgðaástand, sem skapaði nauðsyn þess að ná þessu gjaldi inn, og bráðabirgðalögin voru um það sett, en ekki til að skaffa ráðh. neitt vald, eins og liggur fyrir í þessu frv. Og það er ætlazt til, að ráðh. beiti þessu valdi, því hér er beinlínis sagt: „Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja fisk til útlanda, nema með leyfi fiskimálanefndar". N. þessi á líka að úthluta verkunarleyfum o. s. frv. Þessi n. og ráðh. hafa vald til að skipta sér af öllu, er lýtur að fiskimálum, annaðhvort í sameiningu eða sitt í hvoru lagi, um alla starfsemi þeirra, er selja fisk til útlanda. Þetta verður til þess, að forstjórar S. Í. F. treysta sér ekki til að vinna sín störf áfram. Oft þarf skjótra úrlausna með, og þeir eru ekki frjálsir að taka ákvörðun, heldur hafa yfir höfði sér og verða að bera undir sér fáfróðari menn. Bráðabirgðalögin sanna því ekkert í þessu; þau koma þessu máli ekkert við.

Þá sagði hæstv. ráðh. eitt, er mér líkaði illa. Hann vildi nota röksemd þá, sem aðrir nota — en hún fór illa í hans munni—, um að S. Í. F. væri að leysast upp hvort sem væri, og svo ætluðu menn að nota þetta sem keyri og skella skuldinni á frv., ef það verður að lögum, og segja sem svo, að þetta væri gott og blessað; það væri hvort sem er að leysast upp. Vill ráðh. prófa þetta með því að draga lögin til baka? Mér er sagt af þeim, sem eru þessum málum kunnugir, — ég skal játa, að ég er ekki sjálfur kunnugur því —, að þess sjáist engin sólarmerki, og þó eitthvað megi að því finna, er það jafnhliða að vinna sér meira og meira traust,

svo að heita má, að það hafi nú í sínum höndum alla fiskverzlun, nema þá, sem er í höndum útlendings, sem hefir skipað sér sérstaka aðstöðu til útflutnings.

Hæstv. ráðh. getur ekki varpað af sér ábyrgðinni, ef S. Í. F. leggst niður vegna þessara laga. Það, sem hann byggði á þessa skoðun sína, er það eina ástand, sem er til, að gróðamöguleikar einstakra manna yrðu til þess að leysa S. Í. F. upp. Þessu er ekki hægt að neita, að þetta eru möguleikar fyrir upplausn, ef gróðamöguleikar virðast standa til boða fyrir einstaklinginn við að yfirgefa það. En mér finnst ekki rétt að ala á þessari hvöt, eins og gert er með þessu. Þó að glasið fyllist ekki af einni fingurbjörg af vatni, sem látin er í það tómt, þá getur runnið út úr því, ef bætt er í það einni fingurbjörg, þegar það er fullt. Ef löggjafarvaldið kemur svo og fyllir bikarinn, eins og með þeim ráðstöfunum, að skipa nefnd yfir framkvæmdarstjórana, og breyta lögum, sem búið er að fella á fulltrúafundi S. Í. F., ef þessum óánægðu stundargróðafýknum mannanna er gefinn svona góður stallur til að standa á, þá geta þeir seilzt hátt. Enn sem komið er er þessi óánægja lítil, en hún getur magnazt fljótt, er hún fær þessa stórkostlegu liðveizlu frá löggjafar- og ríkisvaldinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri óforsvaranlegt að hafa engin lög til að grípa, ef S. Í. F. leystist upp og allt færi í sama ástandið og var 1931. En ég vil segja, að það væri óforsvaranlegra að setja lögin og stuðla þannig að því að skapa slíkt ástand, með því að leysa S. Í. F. upp, því ef allt fer út í slíka ófæru, þá hefir ráðh. prentað frv. og getur gefið það út sem bráðabirgðalög, ef hann áliti, að grípa þyrfti til löggjafar vegna slíks neyðarástands, er þyrfti að bjarga við. En ég álít, að ef hann óttast mikið þetta ástand, þá ætti hann ekki að gefa út þessi lög, sem allir menn, er til þessara mála þekkja, segja, að stuðli að því, að S. Í. F. leysist upp og þetta ástand komi, svo ástæða gefist til að taka upp einkasölu á fiski.

Hæstv. ráðh. hafði í lok ræðu sinnar vingjarnleg ummæli um, að hann vildi, að þetta mál lykist með samkomulagi allra flokka. Hann sér það rétt, að þeir örðugleikar, sem eru á um framkvæmd laganna, myndu aukast, ef á að keyra þau í gegn móti vilja alls þorra þeirra manna, sem við þau eiga að búa.

Ég skil ekki, að hæstv. ráðh., sem hefir svo mikla ábyrgð á sér, skuli hugsa til þess að ætla að keyra slík lög í gegn án þess að samkomulag fáist um þau. Ég mundi í hans sporum telja þetta svo nauðsynlegt, að þó ég væri hrifinn af lögunum, þá vildi ég samt heldur engin lög en með slíkri andstöðu. Ég hefi ekki neitt umboð til þess að bjóða upp á samkomulag í þessum efnum, því að ég er ekki forsvarsmaður þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., að hve miklu leyti hann hafi leitað samkomulags í þessum efnum. Mér er ekki kunnugt um, að hann hafi gert það. Það getur verið, að þetta hafi verið orðað lauslega, en hæstv. ráðh. má vita það, að ef ná á samkomulagi í slíku máli, þá krefur það langan tíma. Það getur vel verið, að hæstv. ráðh. haldi, að Sjálfstfl. verði svo kröfuharður, ef samkomulag á að nást, að hann hafi ekki ástæðu til að gera tilraun til samkomulags við hann. Ég vil því endurtaka spurningu mína til hæstv. ráðh. um það, hvort hann hafi gert nokkra verulega tilraun til þess að ná samkomulagi um þetta mál.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Það er harla undarlegt að heyra hæstv. ráðh. tala um það eða fullyrða það, að sölusambandið sé að gliðna í sundur, hvort sem þessi lög verða samþ. eða ekki. Ég geri ekki ráð fyrir, að hann hafi reynt að kynna sér skoðun landsmanna í þessu máli. Hann hefir heyrt óánægjuraddir nokkurra manna í einum landsfjórðungi. Á því getur hann ekki byggt þessa staðhæfingu. Því verður ekki neitað, að þeir, sem samþ. þessi lög, eru að hjálpa þeim, sem eru óánægðir, til þess að steypa fisksölusambandinu.

Hæstv. ráðh. komst réttilega að orði, þegar hann sagði, að til væru menn í þessum félagsskap eins og öðrum, sem hefðu eiginhagsmuni fyrir augum og þætti þröngt um sig í félagsskap, þar sem allir væru bundnir við sama borð. En einmitt þeim, sem gætu hugsað til eiginhagsmuna í þessu sambandi, er gefið fyrirheit um það, að löggiltir verði einkaútflytjendur, ef fisksölusambandið verður lagt niður og þessi lög staðfest. Ég veit ekki, hvaða fyrirheit er meiri hvatning þessum mönnum til handa til þess að lóga þessu óskabarni flestra fiskframleiðenda í landinu, S. Í. F., heldur en þetta. Náist ekki þessi samvinna og samtök um 75% af fiskmagni allra landsmanna, þá er hinu beinlínis lofað, að fyrst um sinn skuli vera löggiltir útflytjendur, og megi samkv. frv. vera allt að 20, þar sem svo er tekið til orða, að þeir, sem hafi yfir 20 þús. skp. að ráða, geti eftir frv. vænzt þess að fá að verða útflytjendur.

Þá minntist hæstv. ráðh. á annað atriði, sem hann virtist telja aðalástæðu fyrir því, að þetta frv. er fram komið. Það var fulltrúafundurinn í sölusamlaginu í haust. Hann segist hafa frestað að leggja frv. fram þar til þessi fundur hafi verið afstaðinn. Þetta stafar af því, að honum hefir ekki líkað þær till. um stjórnarháttu, sem samþ. var að leggja til, að lögfestar yrðu síðar af sölusambandinu. Eins og ég hefi tekið fram, er þessi samþykkt, sem gerð var á fundinum í haust, frv. til skipulagningar S. Í. F. Þetta frv. hefir verið lagt fyrir fiskframleiðendur innan sambandsins. Hér er því ekki um endanlega ákvörðun að ræða.

Ég tók það fram í byrjun á þessum fulltrúafundi, að ég vildi ekki binda mína umbjóðendur við samþykktir fundarins, fyrr en ég væri búinn að leita álits þeirra heima í héraði. Ég er undrandi yfir því, að hæstv. ráðh. skuli telja þetta einu aðalástæðuna til þess að þetta frv. er fram komið. Hitt hlýtur öllum að vera ljóst, að með þessu frv. er hann og þeir, sem honum fylgja, að ýta undir óánægjuna innan sölusambandsins og undir sérhagsmunastreitu þeirra, sem þykir of þröngt um sig og sína sérstöku hagsmuni í félagsskapnum. Ég er ekki í neinum vafa um hitt, að ef þetta frv. hefði ekki komið fram, þá hefði verið mjög auðvelt að fá sama

fiskmagn handa fisksölusambandinu eins og undanfarin ár, og ef til vill meira. Mér er a. m. k. kunnugt um það, að menn, sem skipta við það firma, sem starfað hefir við hliðina á sölusambandinu, hafa sumir hverjir horfið yfir til fisksölusambandsins.

**Magnús Guðmundsson:** Hæstv. ráðh. vildi ekki svara fyrirspurn minni um það, hvort hann áliti heppilegra að koma á einkasölu á fiski, eins og nú standa sakir. En óbeinlínis hefir hann svarað þessu með því að lýsa yfir því, að hann vildi stuðla að því, að fisksölusamlagið haldi áfram að starfa. Hann getur ekki óskað þess, ef hann hyggst geta bent á betra fyrirkomulag.

Hæstv. ráðh. gaf það í skyn, að sölusamlagið væri að leysast upp. En hann hefir ekki bent á neitt því til sönnunar. Ég held, að full ástæða sé til þess að ætla, að hæstv. ráðh. segi þetta af því, að hann sér, að með þessu frv. er verið að greiða sölusamlaginu högg, sem er mjög líklegt, að geti orðið því að bana. Og þá fer mjög svipað fyrir hæstv. ráðh. eins og manninum, sem drap hinn og sagði, að hann hefði dáið hvort sem var. — Það er svo mikill kliður hér í deildinni, að ekki er til neins að vera að tala hér, enda eru utanþingsmenn farnir að halda hér fund. (**JJ:** Þess fleiri njóta ræðunnar). Nei, því færri, þegar ekkert heyrist, en annars kemur mér undarlega fyrir, ef hv. þm. S.-Þ. er tekinn að hlusta á umr., því að venjulega sést hann ekki hér nema á hlaupum.

Hæstv. ráðh. sagðist vita, að ýmsir af þeim, sem nú eru í Fisksölusamlaginu, mundu vera óánægðir með það, að samlagið yrði látið halda áfram að starfa, ef þessi lög yrðu samþ., m. ö. o., hann veit þá, að með þessu frv. er verið að drepa sölusamlagið. Þar sem hann hefir lýst yfir því, að hann vildi helzt að sölusamlagið héldist, þrátt fyrir alla galla, þá getur þetta ekki réttlætzt af öðru en því, að hann viti um það, að sölusamlagið mundi leysast upp hvort sem væri. En ég hygg, að engar líkur verði færðar fyrir því. Þvert á móti tala staðreyndirnar gegn því. Það er nýbúið að halda fundi í sölusambandinu, og félagsmenn sýndu svo mikinn áhuga fyrir því að halda fast saman um samlagið, að ég get alls ekki séð, hvernig hæstv. ráðh. getur álitið, að samlagið leysist upp, ef ekkert er aðgert. En fyrst hæstv. ráðh. er sannfærður um, að samlagið muni leysast upp, hvers vegna vill hann þá ekki bíða og láta reynsluna sýna fram á, að það hafi ekki verið þetta frv., sem drap það? Hæstv. ráðh. er alltaf heimilt að gefa út bráðabirgðalög, jafnt í þessum efnum sem öðrum. Það er þess vegna ekki til neins fyrir hæstv. ráðh. að verja sig með því, að hann sé í vandræðum af því að hann hafi ekki lög, því að hann getur alltaf skapað lög eftir sínu höfði. Það er undarlegt, ef við þurfum endilega að semja lög í þessa átt frekar en t. d. Norðmenn, sem eru svipað settir og við í þessum efnum.

Hjá þeim bólar ekki á neinni löggjöf um væntanlega einkasölu, enda þótt þeir hafi sömu aðstöðu og við. Ég get ekki séð, að hæstv. ráðh. hafi, ef hann vill halda málinu til streitu, neina aðra leið út úr þessu, sem getur leitt til þess, að fisksölusamlagið haldi áfram að starfa, heldur en þá, að setja einn eða fleiri af aðalmönnum samlagsins í fiskimálanefndina. (**Atvmrh.:** Það er gert ráð fyrir, að 2 verði skipaðir úr stjórninni). Nú, þá fer þetta að verða dálítið skrítið, ef aðalráðamennirnir í fisksölusamlaginu eiga líka að fara í fisksölunefndina, því að samkv. frv. á þessi nefnd að vera einskonar yfirnefnd yfir samlaginu. Nokkrir menn verða þá settir til þess að vera sínir eigin yfirboðarar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:6 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 9:6 atkv.
12. gr. samþ. með 9:7 atkv.
13.—15. gr. samþ. með 9:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, EÁrna.
**nei:** MG, MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ.

---

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Hv. formælendur þessa frv. hafa fallizt á það í þessum umr., að nauðsyn sé að hafa samvinnu við innflytjendur á erlendum markaði og reyna að tryggja þeim þau fyrirkomulagsatriði, sem þeir telja nauðsynleg til þess að þeir geti keypt í fastan reikning, og þar með fyrirbyggja umboðssöluna, svo og tryggja það, að þeir verði ekki undirseldir, er þeir liggja með miklar birgðir. Jafnframt er það viðurkennt, að þessir innflytjendur telja sér næga tryggingu í samtökum fiskframleiðenda hér, ef þau eru nógu víðtæk. Eins og ég gat um áður, er málum þessum nú skipað með S. Í. F. Í upphafi var vantrú á, að þetta mundi takast og öryggi fást með þessari skipan. Í byrjun voru því allmargir, sem ekki vildu hafa viðskipti við S. Í. F., en nú hafa flestir innflytjendur í markaðslöndunum séð, að þetta tryggir þá fyrir því, að þeir verði ekki undirseldir, og kemur í veg fyrir umboðssölu, þrátt fyrir það, þótt umboðssalan væri orðin nærri því ársgömul á öllum íslenzkum fiski, er S. Í. F. var stofnað. Það er öllum vitanlegt og kunnugt af skeytum frá stærsta innflytjenda á Spáni, að hann kveðst ekki trúa því, að slíkt öryggi fáist með ríkiseinkasölu. Það er undir þinginu komið, hvort S. Í. F. heldur áfram eða ekki, og margir hv. þm. hafa litilla hagsmuna að gæta í fisksölunni, nema óbeint. Við, sem erum á móti þessu frv., erum sannfærðir um það, að hér er að óþörfu horfið frá því fyrirkomulagi, sem skapað hefir verðhækkun og öryggi í nútíð og framtíð, og teljum því ótækt að samþ. það skipulag, er þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hæstv. atvmrh. sagði, að hann hefði frestað að bera þetta frv. fram þar til fulltrúafundur S. Í. F. hefði lokið störfum. Það mátti skilja á honum, að það væri vegna samþykkta, sem gerðar hefðu verið á fundinum, að hann teldi nauðsyn að bera þetta frv. fram. Mér þykir þetta veigalítil ástæða. Hæstv. ráðh. er kunnugt, að á fundinum var aðeins samþ. frv. til skipulagningar fyrir S. Í. F. og gert ráð fyrir því í áliti n., er fjallaði um málið, að á þessu geti orðið breyt., því að þetta voru uppástungur fulltrúafundarins til félagsmanna í S. Í. F. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér upp kafla úr nál. Þar segir svo: „Hinsvegar er ætlazt til, að fulltrúaráð og framkvæmdarstjórn geri þær breytingar á þessu frumverki fundarins í skipulagsmálum, sem nauðsynlegar kunna að þykja, ekki sízt þegar reynslan sker úr um, hvað áfátt verður og umbóta þarf á þessu bráðabirgðafyrirkomulagi".

Ég lýsti yfir því í byrjun fulltrúaráðsfundarins, að við gætum ekki samþ. fullnaðarskipun þessa máls, við værum ekki kosnir til þess, heldur til þess að koma fram með till., er síðan yrðu ræddar innan samlaganna og sambandanna. Þessum málum yrði því aðeins skipað hér til bráðabirgða, þar til endanleg skipun yrði gerð. Það er því fyrirsláttur einn, er hæstv. ráðh. lætur sem frv. sé fram komið vegna till. fulltrúafundarins. Samt er það fyrirkomulag, er till. miða að, betra en það, sem nú er, því að þar er gert ráð fyrir, að hægt sé að víkja einum eða fleirum framkvæmdarstjóranna frá fyrirvaralaust, ef fulltrúaráðið telur þess þörf.

Ég hefi ekki séð ástæðu til að bera hér fram brtt. við þetta frv. frá mér sem minni hl. sjútvn. Þær breyt., er ég vildi gera á frv., hafa verið bornar fram í Nd. og allar felldar. Það hefir einnig komið fram í samtölum og umr., að hæstv. atvmrh. er ófáanlegur til þess að fella niður 12. gr. frv., sem ég álít skaðlegasta, enda þótt ég álíti, að einnig í 4. og 5. gr. séu ákvæði, er miði að því að eyðileggja þann góða árangur, er við höfum náð síðan S. Í. F. var stofnað.

Hæstv. atvmrh. og þeim, er að þessu frv. standa, má vera það ljóst, að S. Í. F. getur ekki haldið áfram eftir að þetta frv. er samþ. Með frv. er kippt undan því þeim grundvelli, sem það er byggt á. Hefi ég gert grein fyrir því áður í annari ræðu í þessari hv. d. Ég þykist líka sjá, að það er ómögulegt fyrir S. Í. F. að vinna að sölu þeirra birgða, sem nú eru í landinu.

Það er einkum eitt, sem því veldur, að þegar viðskiptavinum sölusamb. er það ljóst, og það verður mjög bráðlega, að S. Í. F. sér sér ekki fært að fara með fisksöluna áfram, þá verður það erfitt, og að minu áliti ómögulegt, fyrir S. Í. F. að fara með söluna á þeim birgðum, sem nú eru fyrirliggjandi, vegna þess að þeir, sem fara með fisksöluna á Spáni, munu allir vilja geyma meira eða minna af sínum innflutningsleyfum þar á íslenzkum fiski, til þess að kaupa nýjan fisk. Félag, sem ekki getur gefið líkur, hvað þá tryggingu, fyrir því, að það muni fara með sölu á íslenzkum fiski framvegis, eða á næsta ári, mun eiga afarerfitt með að hafa með höndum sölu á eldri fiskbirgðum. Ég veit ekki um hug forstjóra S. Í. F., en mér kemur það ekki til hugar, að hún láti S. Í. F. reyna að selja fiskbirgðirnar, nema vissa sé fyrir, að hún fari einnig með sölu á nýrri fiskframleiðslu á næsta ári.

Ég veit, að það hefir enga þýðingu að ræða þetta mál frekar. Við sjálfstæðismenn höfum fært fram sannanir fyrir því, svo að ekki verður á móti mælt, að fisksölufyrirkomulagið hefir komið mörgu góðu til leiðar síðan sambandið var stofnað, þar sem það hefir, frá því að vera umboðsverzlun með svo lágu verði á fiskinum, að óhugsandi var að reka útgerð á Íslandi, náð sölusamböndum svo ágætum, að verðið hefir hækkað til mikilla muna, eða um 20—25%, þrátt fyrir það, að vísitölur á matvælaverði í viðskiptalöndum okkar hafa sýnt töluverða lækkun. Það er hverjum manni sýnilegt, að þessar umbætur á fiskverzluninni eru miklu meiri en við gátum búizt við. Að öðru leyti höfum við fært sterkar líkur fyrir því, hvort sem það verður „grúppusystemið" eða einkasala, sem við tekur, að það muni verða erfitt að koma því þannig fyrir, að ekki hljótist af því stórtjón, eða jafnvel eyðilegging á fiskmarkaðnum að meira eða minna leyti.

Vera má, að fyrst í stað haldist eitthvað í því horfi, sem nú er, með „grúppusysteminu", en þó mun það fljótlega reka í strand, að því leyti er snertir sambönd okkar og samstarf við fiskinnflytjendur í markaðslöndunum. En ríkiseinkasalan leiðir til algerðrar eyðileggingar og niðurdreps. Og þeir, sem taka á sig ábyrgðina á þeirri breyt. á fiskverzluninni, verða að gera sér það ljóst, að hér getur verið um líf eða dauða íslenzkra fiskframleiðenda að ræða, og þar með allrar þjóðarinnar.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég sé ekki, hvaða þýðingu það hefir fyrir andmælendur þessa frv. að endurtaka hvað eftir annað sömu gífuryrðin og fullyrðingarnar um afleiðingar þess, og spá um það látlausum hrakspám út í loftið við hverja umr., sem fram hefir farið. Hv. síðasti ræðumaður hefir nú margtuggið stóryrði þau, er hann hafði hér við 2. umr., og virðist það koma að litlu haldi.

Mér þykir rétt að víkja fyrst að því, sem hv. 1. þm. Reykv. spurðist fyrir um við 2. umr., hvort ég sem aðalhvatamaður og flytjandi þessa frv. hefði nokkuð farið að bendingu bankastjóra Landsb. og leitað eftir samvinnu eða samkomulagi um þetta mál við alla flokka í þinginu. Ég svaraði því ekki þá, en taldi rétt að láta það bíða til 3. umr., enda mundi þá verða séð hvort það bæri nokkurn árangur. Nú þykir mér rétt að láta það koma fram hér, að það hefir ekki staðið á mér í þessu efni, og að ég hefi ekki látið neina möguleika hjá líða til þess að fá samkomulag um lausn þessa máls. Ég ræddi um það í haust við alla stjórnendur í „union", að æskilegast væri, að þetta mál yrði leyst á fulltrúafundinum með samkomulagi. og varð það að samráði við bankastjórnir beggja aðalbankanna, sérstaklega Magnús Sigurðsson, að þetta frv. yrði ekki lagt fram fyrr en að loknu fulltrúaþingi í „union". Var það

ætlun min, að ef fundurinn féllist á þá stefnu í þessu máli, sem ég vildi halda fram, þá yrði frv. ekki flutt, en það gerði „union“ ekki. Fulltrúunum og stjórnendum „union“ gat því ekki komið það á óvart, að þetta frv. kom fram. Síðan hefi ég rætt um málið við ýmsa hlutaðeigendur í „union“, einkum Richard Thors, Magnús Sigurðsson, form. Sjálfstfl. o. fl. Annars þýðir ekki að rekja þá sögu hér. Það lítur út fyrir, að hér sé svo breitt bil á milli skoðana, og býst ég við, að hv. þdm. viti, í hverju það liggur. Ég vildi, að það kæmi hér fram, að ég hefi reynt að vinna að samkomulagi í þessu máli, svo sem mér var fært. Og úr því hv. þm. er alltaf að brýna mig á því, að ég beri ábyrgð á þessari málsmeðferð, þá er það eðlilegt, að ég fari í því efni eftir minni, en ekki annara skoðun. Ég mun ekki skorast undan þessari ábyrgð. En mér þykir rétt að taka það fram, að í viðræðum mínum við Richard Thors og Magnús Sigurðsson út af ákvæðum 4. gr. um þátttöku í félagsskap saltfiskútflytjenda var mér bent á, að orðalagið væri ónákvæmt. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagið skal vera opið öllum fiskframleiðendum þannig, að félög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekið svæði, hafi rétt til þátttöku og sendi fulltrúa á fundi þess. Útgerðarmenn og útgerðarfélög, sem ráða yfir 3000 skp. saltfiskjar eða meiru, skulu eiga rétt til að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins“.

Nú var mér bent á, eins og rétt er, að orðalagið væri ónákvæmt um rétt fyrir félagsdeildir til þess að hafa fulltrúa á fundum samlagsins. Það liggur í augum uppi, að ekki verður komizt hjá því að ákveða eitthvert lágmark þess fiskimagns, sem hver félagsdeild verður að hafa til þess að njóta fulltrúaréttinda. Hér eru ekki aðrar takmarkanir upp á við en þær, að ekkert eitt félag má hafa meira en 1/20 af atkvæðamagni í samlaginu fyrir sig eða aðra. Það þótti ekki fært í frv. að setja nákvæmar reglur um það, hvernig ætti að draga úr atkvæðisréttinum hlutfallslega eftir fiskimagninu. Ég tel rétt, að um þetta verði ákveðið í reglugerð, þannig að mér verði gert að skyldu að leita eftir uppástungu frá fiskimálanefnd og taka hana til greina, eftir því sem ég sé mér fært, við ákvörðun reglugerðar.

Ég hygg, að það sé óhætt að segja, að þessir menn hafi fallizt á, að leitað væri álits fiskimálanefndar og sölusamlagsins um þetta eina atriði, lágmarkið, sem ákveðið væri með reglugerð. Þetta er það eina samkomulag, sem unnizt hefir á samræðunum, hvað sem upp úr því má leggja. Ég skal fullkomlega játa, að það er mjög óheppilegt, að ekki skuli hafa náðst samkomulag um fleiri atriði en þetta.

Það er ekki margt í ræðu hv. þm. N.-Ísf., sem ég þarf að svara. Viðvíkjandi upplýsingum hans um mótmæli frá fiskinnflytjendum á Spáni gegn þessu frv. er mér kunnugt um, eða hefi a. m. k. ástæðu til að halda, að þeir hafi ekki fengið sem beztar upplýsingar um, hvernig frv. er byggt, þó lögð hafi verið mikil stund á að kynna þeim það, eftir því sem mér hefir skilizt á andstæðingum frv. Það er hinsvegar sjálfsagt að gefa Spánverjum réttar upplýsingar um frv. og m. a. það, að einkasöluheimildin er síðasta úrræðið, sem gripið verður til samkv. frv.

Þá sagði hv. þm., að sér þætti undarlegt, úr því ég hefði beðið með að leggja frv. fram á Alþ. þangað til fundi S. Í. F. var lokið, að ég skyldi þá ekki hætta við að bera það fram, þar sem tillögur og reglur í gagnstæða átt voru samþ. á fundi sölusamlagsins. Hv. þm. tók það réttilega fram í öðru sambandi, að fundurinn hefði samþ. uppkast að reglugerð, en ekki lög. Uppkastið hefir ekki náð fullnaðarsamþykki fyrr en það er staðfest af félagsmönnum heima í héraði, og þess vegna er of snemmt að tala um það sem grundvallarreglur S. Í. F.

Fyrsta verk fiskimálanefndar — um það hefi ég talað við stjórn S. Í. F. — á að vera að reyna að fá sölusamlagið til að breyta reglum sínum í það form, að það geti fengið til sölumeðferðar meginhluta fiskjarins í landinu. Þetta verður fyrsta skipulagstilraunin, sem gerð verður samkv. þessu frv. og hvað sem hv. þm. segir, þá haggar það ekki minni skoðun, að „union“ er beinlínis styrkur í því að fá þessi lög. Ef það er ekki meining þeirra hv. þm., sem tala með alvöru á móti frv., að það sé háskasamlegt, þá er það ljótara en nokkur skrípaleikur að berjast á móti lögum eins og þessum. Þeir, sem ekki vilja sætta sig við þau skilyrði, sem sett eru í lögunum, og vilja heldur með opnum augum og vitandi vits steypa fisksölunni í þá glötun, sem þeir eru alltaf að tæpa á, þeir ættu sízt af öllum að setja sig á svo háan hest að brýna aðra á ábyrgðarleysi í þessu máli. Ef „union“ springur, og það getur alltaf komið fyrir, þó að þetta frv. verði þess á engan hátt valdandi, þá treysti ég mér ekki til að mæta afleiðingum þess, nema ég hafi lög eins og þessi til að styðjast við. Ég ber því ábyrgðina á þessu frv., og mér þykir gott að hafa fengið tækifæri til að segja þetta hér.

Ég veit, að margir af framkvæmdastjórum í „union“ eru ekki á móti þeim skilyrðum, sem sett eru í frv. fyrir allsherjarfélag fiskútflytjenda, heldur telja þeir þau aðgengileg. (**JAJ**: Hverjir eru það? Þetta skal verða rekið ofan í hæstv. ráðh., ef hann þorir að nefna mennina opinberlega). Þessi hv. þm., sem er alþekktur að því að fara með rakalaus ósannindi hér á Alþingi, ætti sízt að bregða öðrum um slíka hluti. Ég hygg, að einhverjir af framkvæmdastjórum í „union“ líti þannig á, að þeir hafi fengið umboð til að selja þessa árs fiskframleiðslu og geti því ekki brugðizt því umboði. Enda liggur það í hlutarins eðli, að sölusamlagið, sem tekið hefir að sér sölu á framleiðslunni, er skyldugt til að framkvæma hana, og í þessu lagafrv. er ekkert, sem leysir það frá þeirri skyldu.

Hv. þm. hélt því fram, að örðugt væri fyrir S. Í. F. að selja gömlu birgðirnar, þar sem fiskinnflytjendur á Spáni vildu nota innflutningsleyfi sín til þess að kaupa heldur nýjan fisk af næsta árs framleiðslu. Þetta er ekki rétt. Á Spáni er úthlutað innflutningsleyfum fyrir eitt missiri í senn, eða skemmri tíma. Á næsta ári

verður úthlutað þar innflutningsleyfum seint í apríl eða í maí, sem ekki verða notuð fyrir nýjan fisk nema að nokkru leyti.

Hv. þm. sagði, að allar brtt. samflokksmanna hans í Nd. við frv. hefðu verið felldar. En þetta er ekki allskostar rétt. Þar var samþ. að lækka lágmark á hundraðshluta niður í 75% af fiskmagninu. Kom þar fram frá öðrum en sjálfst.-*mönnum till. um meiri lækkun, eða niður í 65%.* Ef þess hefði verið óskað sérstaklega af sjálfst.mönnum að lækka hámarkið á útflutningsmagni fyrir „union" meira en gert var, hefði það ef til vill ekki verið alveg útilokað. En slík till. kom ekki fram.

Ef fiskútflytjendur vilja leggjast á eitt, þá hygg ég, að ekki sé neinn vandi fyrir þá að ná 75% hámarki. Ég ætla, að S. Í. F. hafi haft 85—90% af fiskútflutningnum á síðasta ári.

Ég held, að ég hafi þá ekki ástæðu til að svara fleiru í ræðu hv. þm. N.-Ísf. En gegn þessum látlausu ýfingum verð ég að mótmæla því mjög kröftuglega, að verið sé með þessu frv. að sundra sölusamtökum fiskútflytjenda. Það er þvert á móti. Með þessu frv. er verið að styrkja sölusamtökin og tryggja það, að þau starfi á heilbrigðum grundvelli.

**Magnús Guðmundsson:** Hæstv. atvmrh. hefir beinlínis tekið fram oftar en einu sinni, að þetta frv. sé flutt til þess að styrkja sölusamband fiskútflytjenda. **(JAJ:** Svo mikið hefir hann nú ekki þorað að segja). Jú, það hefir hann gert; hann var einmitt að segja það nú síðast í ræðu sinni. Hver trúir þessu, þegar það er athugað, að hann hefir áður sem þm. í Alþfl. hvað eftir annað flutt frv. um einkasölu á saltfiski? Nú er eins og hann sé snúinn frá því og vilji ekki ganga lengra en það, að styrkja sölusamlagið með þessari einkasöluheimild í frv. Nú held ég, að það væri *heppilegast fyrir málið í heild* og sölusaml., ef hæstv. ráðh. vildi sofa á frv. enn í nokkra mánuði og vita, hvort hann verður þá ekki algerlega búinn að skipta um skoðun á því tímabili, þannig að hann telji þá réttast að nema einkasöluheimildina alveg úr frv.

Mér þótti undarlegt, að hæstv. atvmrh. skyldi leyfa sér að halda því fram, þvert á móti því, sem ég veit að er rétt, að margir af stjórnendum S. Í. F. séu frv. samþykkir í aðalatriðum. Eftir því hljóta a. m. k. 3 af þeim að hafa látið þetta í ljós. Ég skora á hæstv. ráðh. að nefna nöfn þessara manna og segja, hvað farið hefir á milli hans og þeirra um þetta efni. Hæstv. ráðh. var áður nýbúinn að segja í ræðu sinni, að hann hefði þá nýskeð talað við tvo af stjórnendum samlagsins, og að þá hefði verið ginnungagap á milli skoðana ráðh. og þeirra í þessu máli. Það hljóta því að hafa verið hinir þrír úr stjórninni, þessir mörgu, sem hann fullyrti, að væru frv. samþykkir.

Hæstv. ráðh. brýndi mjög röddina og sagði, að það væri óforsvaranlegt, ef fisksölusamb. vildi ekki ganga að skilyrðum frv. — Það er sjálfsagt þetta, sem hæstv. ráðh. hefir verið að ræða um við þá 2 menn, er hann nafngreindi úr stjórn S. Í. F., og form. Sjálfstfl., og hann lýsti sjálfur úrslitunum. Og þetta eru þeir mennirnir, sem ég hygg, að hafi mest að segja í stj. S. Í. F.; má því gizka á, hvernig farið hefði, jafnvel þó að hinir hefðu verið allir hlynntir frv., en það vitum við báðir, að ekki er.

Hæstv. ráðh. lýsti því sjálfur yfir við 2. umr. þessa máls, að ef einhver af stærri fiskútflytjendum brytist út úr sölusamlaginu, þá væri S. Í. F. dautt. Einnig hefir hann sagt, að hann *viti um menn í sölusamlaginu, sem muni brjótast* úr því, ef þetta frv. verður samþ. Hann hlýtur að sjá, að hér er hann algerlega kominn í mótsögn við sjálfan sig, er hann segist með frv. vera að vernda samlagið, því að hann hefir enga von, og getur ekki haft neina von um, að S. Í. F. haldi áfram að starfa eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Ég skal taka það fram, að ég hefi enga hugmynd um, hvað ráðamenn samlagsins ætla að gera í því efni; ég hefi ekki talað við nokkurn mann úr stjórn S. Í. F. um það. En ég hefi séð svarbréf frá stjórn Landsbankans og stjórn S. Í. F. til sjútvn. Nd., og af þeim svörum dreg ég þá ályktun, að það séu engar líkur til, að sölusambandið haldi áfram að starfa. Ég hefi enga ástæðu til að ætla, að þessar stjórnir lýsi því yfir bréflega, sem þær ætla sér ekki að standa við.

Hæstv. atvmrh. sagðist vera fús á að taka á sig ábyrgðina á þessu máli, og ég veit, að það er rétt að því leyti, er snertir hina pólitísku ábyrgð, en það er aðallega önnur ábyrgð — hin fjárhagslega —, sem hann getur ekki risið undir. Það skiptir engu máli, hverju hann lýsir yfir í því efni. Allir vita, að þá ábyrgð getur hann *ekki borið.*

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Þegar hæstv. atvmrh. var að tala um það í sinni síðustu ræðu, að ákvæði þessa frv. mundu beinlínis styrkja sölusambandið, þá er hann sannarlega að leika skrípaleik. Honum er vel kunnugt um, að a. m. k. einn maður úr stjórn S. Í. F. aðhyllist „grúppusystemið" og telur, að það muni vera betra, eða a. m. k. eins heppilegt og núv. fyrirkomulag. Hæstv. ráðh. veit því, að þessi maður muni ekki vinna að því, að sölusambandinu verði haldið áfram á sama grundvelli og nú. En hinsvegar var það vitanlegt, að ef þetta frv. hefði ekki fram komið, þá var engin minnsta hætta á, að þessi framkvæmdarstjóri mundi fara að vinna á móti S. Í. F. Og hæstv. ráðh. veit það vel, að stjórnendur S. Í. F. hafa allir þá pólitísku skoðun, að þeir eru andstæðir rikiseinkasölu, og jafnframt að sumir þeirra munu ekki vinna að stofnun nýs sölusamlags eða halda við S. Í. F. eftir að þetta frv. er lögfest og gefin von um „grúppusystem". Af þessum orsökum er það vitanlegt, að við hinir mörgu og smáu fiskútflytjendur, sem viljum láta S. Í. F. halda áfram, *getum það bókstaflega ekki*, eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Það er öllum, sem til þekkja, vitanlegt.

Ég skoraði á hann að segja, hverjir af forstjórum fisksölunefndarinnar það væru, sem álitu, að þetta frv. væri til styrktar fisksölusambandinu. **(Atvmrh.:** Það hefir enginn sagt það). Það er gott, að það er þá tekið aftur. **(Atvmrh.:** Þetta er ekki að taka aftur. Ég hefi

aldrei sagt þetta. Ég sagði, að mér væri kunnugt um, að sumir, eða flestir framkvæmdarstjórarnir teldu, að þau skilyrði, sem sett eru fyrir allsherjarfélagsskap, væru ekki aðgengileg. Hitt hefi ég ekkert sagt um). Þá er þessu snúið við hjá hæstv. ráðh. (**Atvmrh.**: Ég hefi engu snúið við. Þetta er það, sem ég sagði). En þótt hann segi það, þá er það ekki rétt; ég er sannfærður um það. Og ég byggi það fyrst og fremst á því, að ég hefi talað við þessa menn og haft við þá mikil viðskipti fyrir mitt félag, og veit hug þeirra. Það má vera, að það sé e. t. v. einn maður, sem vill koma á „grúppusystemi" og segi þetta því, en það er ekki vilji hinna. Ég fullyrði, að bankastjórn Landsbankans og a. m. k. tveir af aðalforstjórunum hafa sagt hæstv. ráðh. það skýlaust, að þeir teldu ómögulegt að halda S. Í. F. saman, ef frv. þetta væri samþ. óbreytt. Vill ráðh. neita þessu? Það er óhugsandi, að fisksölusamlagið eða „union" geti safnað því fiskmagni, sem þarf til þess að fá þau hlunnindi, sem boðin eru í frv. Hæstv. ráðh. vildi láta líta svo út, að allt hefði verið reynt, sem unnt hefði verið, til þess að fá samkomulag í málinu, og síðast hefði hann átt tal við Sjálfstfl. um þetta. En til hvers er að gera tilraun til samkomulags, þegar ákveðið er að slaka í engu til, eins og t. d. halda 12. gr. óbreyttri. Hitt eru allir sammála um, að það er hægt að ganga inn á þær breyt. á fyrirkomulagi S. Í. F. að einhverju leyti, en það liggur undir ákvörðun sambandsmanna sjálfra. Það er gert svona til að sýnast að vera að brjóta upp á samtali um samkomulag, þegar vissa er fengin fyrir því, að það á engu að breyta. Annars er sjáanlegt, að eins og frv. er byggt, þá eru t. d. stór samlög, sem ná yfir heil héruð, sett mjög svo hjá. Þær breytingar, sem stjórnarfl. þykjast vilja fá á skipulagi S. Í. F., eru á þá leið, að menn, sem hafa e. t. v. 100 skp., hafi jafnmikið vald og þeir, sem máske hafa 35 þús. skp. Stóra samlagið, sem nær yfir heilt hérað og gætir hagsmuna hundraða manna, á ekki að hafa meiri atkv.rétt en samlag, sem nær yfir eina verstöð, með t. d. 10 meðlimi. (**Atvmrh.**: Vald þessara félaga er alls ekki jafnt. Hvar stendur það í frv.?). Hvar stendur þetta í frv., spyr hæstv. ráðh. Þetta stendur ekki skýrum stöfum í frv., en ráðh. segir, að ef fengist slík breyting á skipulagi S. Í. F., þá hefði þetta frv. ekki verið flutt á þinginu. Þeir, sem mikið hafa undir höndum, eiga að hafa mjög takmarkaðan rétt, en hinir smærri, sem litilla hagsmuna hafa að gæta, fullan rétt, en oft eru það menn, sem jafnframt eru bændur og eiga því ekki eins mikið undir fisksölu og þeir, sem byggja á því sína framfærslu og sinna. Ef „grúppusystem" verður upp tekið, þá er það svo, að miklu betra er að vera í lítilli „grúppu" en stórri, þar sem menn geta ekki á þessum tímum selt allan fiskinn vegna hafta og takmarkana hjá viðskiptaþjóðunum. Á því byggist líka álit þeirra manna, sem vilja hafa „grúppusystem". En er það til hagsbóta fyrir heildina? Nei, þvert á móti. Það fyrirkomulag, sem við höfum haft, hefir sýnt sína stórkostlegu yfirburði í fisksölunni, eins og ég hefi áður lýst, og með öðru fyrirkomulagi mun ekki unnt að ná sama árangri. Auðvitað er ég ekki að ásaka þann pólitíska flokk, sem hefir það á stefnuskrá sinni að keyra allt í ríkisrekstrarfjötra og taka einkasölu á sem allra flestum vörum út- og innlendum, þótt þeir reyni með öllu móti að framkvæma sitt „ideal", sem þeir nú einu sinni aðhyllast í stjórnmálum og atvinnumálum. En að Framsfl. skuli láta sósíalista blekkja sig aftur til fylgis við ríkiseinkasölu, eftir þá reynslu sem síldareinkasalan gaf, er undrunarefni.

**Pétur Magnússon** óyfirl.: Ég hefi ekki á þeim þingum, sem ég hefi átt sæti, látið mig sjávarútvegsmálin miklu skipta af skiljanlegum ástæðum. Ég hefi litil afskipti haft af þeim málum utan þings. En þetta mál, sem hér er um að ræða, er svo sérstætt, að mér finnst ég verða að friða samvizkuna áður en það nær lögfestu, og segja um það nokkur orð, meðfram út af ummælum, sem féllu í síðustu ræðu hæstv. ráðh. — Þessi löggjöf er, að minu viti, ákaflega hættuleg, að ekki sé meira sagt. Ég undrast það, að hæstv. ráðh. skuli á fyrsta stjórnarári sínu leggja út í slika tilraun, sem jafnhættuleg getur orðið og afdrifarik fyrir þjóðfélagið. Og ég undrast það því meir, sem ég fæ ekki séð, að þessum málum sé nú þannig komið, að nokkur ástæða sé til tilraunastarfsemi sem þessarar. Hann talar um það, hæstv. ráðh., og stagast á því ræðu eftir ræðu, að fyrirkomulagið á fisksölunefndinni sé algerlega óviðunandi og að mikil óánægja sé meðal þeirra manna, sem falið hafa n. sölu síns fiskjar, sem eru yfirleitt allir stærstu fiskiframleiðendur landsins. En hvernig er nú þessi óviðunandi tilhögun á fisksölun.? Hún er þannig, að þeim mönnum, sem langmesta reynslu og þekkingu hafa á þessum málum allra manna hérlendra, hefir verið falið að annast yfirstjórn saltfisksölunnar. Ég sé ekki annað en að við höfum hér gert nákvæmlega hið sama og aðrar þjóðir hafa gert á undanförnum árum. Þær hafa reynt að nota sína beztu krafta og sérþekkingu í hverju máli til hins ýtrasta. Og við megum vel við una að feta í fótspor þeirra í þessu efni. Síðan fisksölun. tók til starfa, og þeir menn, sem yfir mestri þekkingu og reynslu ráða á þessu sviði, tóku söluna í sínar hendur, hefir orðið gifurleg breyt. á í þessum efnum. Verð á saltfiski hefir farið hækkandi, síhækkandi meira að segja, og ég býst við, að með því verðlagi, sem nú er orðið í heiminum, geti menn ekki búizt við hærra verði fyrir saltfiskinn en verið hefir síðustu ár. Og þessir menn hafa unnið undir eftirliti þeirra peningastofnana, sem aðallega hafa varið fé til lána til sjávarútvegsins, og það eftirlit á að veita fyllstu tryggingu fyrir því, að engin hlutdrægni komi fram í störfum framkvæmdarstjóranna. Enda er ég sannfærður um, að ekki verður með rökum haldið fram, að svo hafi verið. Ég er sannfærður um, og hefi á því nokkurn kunnugleika, að fisksölun. hefir unnið með hag fiskframleiðenda yfirleitt fyrir augum og ekki látið nokkurrar hlutdrægni gæta í störfum sínum. Það er talað um það, að ekki sé lýðræðisfyrirkomulag á skipun n. og frkvstj. hennar,

heldur séu þeir sjálfskipaðir. Ég vil nú fyrst spyrja, hvort er meira um vert í þessum efnum, að notaðir séu beztu kraftarnir, eða á hvern hátt þeir eru valdir, þótt ekki sé í vali þeirra farið eftir ákveðnum lýðræðisreglum. Fyrir þá, sem njóta eiga starfs þessara manna, er sannarlega meira um það vert, að hinir hæfustu menn fáist til starfsins en eftir hvaða reglum þeir eru valdir. En þess verður að gæta, að enginn maður er neyddur til þess að vera í þessum samtökum. Hér eru starfandi aðrir fiskkaupmenn, og þó nokkrir framleiðendur selja þeim og standa utan við samtökin. Þessu á að breyta. Nú á að skipa 7 manna n., sem á að fara með yfirstj. fisksölunnar, og eftir ákvæðum 3. gr. frv., sem fjallar um skipun n., hygg ég ekki of mikið sagt, þótt menn geri ráð fyrir því, að meiri hl. n. verði valinn eftir öðrum sjónarmiðum en þeim, hvort fyrir hendi sé þekking eða reynsla á því að selja fisk. Eftir reynslu undanfarinna ára orkar það varla tvímælis, að það, sem fyrst og fremst verður litið á, er, hvar í flokki menn standa og hve mikla verðleika þeir hafa sem slíkir, og hve mikla þörf þeir hafa fyrir bitlinga. Það eru ekki nema 6 ár síðan önnur höfuðgrein sjávarútvegsins, síldarútvegurinn, var sett undir svipað fyrirkomulag og hér á að gera við fisksöluna. Ég á hér við síldareinkasöluna. Og sú reynsla, sem þar fékkst, sýnir ljóslega, að það var annað en þekking á síldarverzlun og framleiðslu, sem mest var tekið tillit til þegar valin var yfirstjórn þeirra mála. Og mun ekki verða svipað þegar búið er að koma á ríkiseinkasölu á saltfiski? Ætli það verði ekki önnur sjónarmið, sem til greina koma, en kunnugleiki manna og æfing í því að selja fisk suður í Miðjarðarhafslöndum?

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að þrátt fyrir þessa skipulagningu, sem frv. þetta, ef að l. verður, felur í sér, myndi fisksölun. halda áfram störfum sínum. Svo komst ráðh. í æsingu og talaði um ábyrgðarleysi hjá fisksölun., ef hún hætti störfum vegna þessarar löggjafar. En ef ráðh. má vera að hlusta á mig, þá vil ég leyfa mér að spyrja hann: Hvað á n. að gera, þegar ákvæði frv. þessa eru komin til framkvæmda? Eftir 3. gr. getur atvmrh. falið fisksölun. að úthluta útflutningsleyfum. En samkv. 1. mgr. sömu gr. má enginn bjóða fisk til sölu eða selja til útlanda nema með leyfi atvmrh., sem gert er ráð fyrir í síðari málsl. að verði yfirfært til fiskimálan. Ég get ekki betur séð en ef þetta verður framkvæmt eins og ráð er fyrir gert, og sem telja má víst, að þá verði valdið í þessum málum allt í höndum 7 manna nefndarinnar. Þótt fisksölun. héldi áfram störfum, þá myndi hún ekkert vera nema skrifstofuáhald, sem yfirstjórn fisksölunnar notaði eftir því sem henni byði við að horfa, þ. e. a. s. leyfa henni að gera vissar ráðstafanir, en taka fram fyrir hendurnar á henni hvenær sem n. svo sýndist. Viðhorfið er þá orðið þannið, að yfirstjórnina eiga að skipa menn, sem gera má ráð fyrir, að verði fáfróðir um þau störf, sem þeir eiga að leysa af hendi, en undir þeim standa svo menninirnir með sérþekkinguna og reynsluna, en þeir mega bara ekki hreyfa sig nema að mjög takmörkuðu leyti. Svo tala þessir menn um ábyrgðarleysi hjá þessum mönnum, ef þeir ætla að hætta störfum þegar svona er komið, og atvmrh. segist óhræddur skuli taka á sig ábyrgðina af þessari löggjöf. Það er þægilegt fyrir hæstv. ráðh. að gefa þessa yfirlýsingu, en ég geri ráð fyrir því, að hún verði heldur létt í vasa, ef til hennar ætti að taka, þegar búið væri að fara eins með þessa grein sjávarútvegsins og farið var með síldarútveginn forðum. Sú einkasala var á 3—4 árum ekki einasta búin að eyða stórfé úr ríkissjóði og frá einstökum framleiðendum, og baka stórtjón með allskonar óhæfilegum ráðstöfunum, heldur var hún búin að eyðileggja sölumöguleikana, leggja atvinnuveginn í rústir. Ef fisksölufyrirkomulagið, sem nú á að koma á, verður búið á 3—4 árum að koma sjávarútveginum í annað eins horf, eyðileggja markaðinn á Spáni, Ítalíu og Portúgal, hvað verður þá úr ábyrgð eins ráðh., sem hér er fram boðin? Þetta er svo hræðileg hugmynd, að menn þora varla að hugsa hana til enda. En allir, sem vilja sjá nokkuð í þessu máli, hljóta að hafa opin augun fyrir því, að ef svo hörmulega tekst til, sem ég er ekkert að fullyrða um, en þó ástæða til að óttast, miðað við þá reynslu, sem bæði við og aðrar þjóðir hafa fengið í þessum efnum, þá er Ísland liðið undir lok sem sjálfstætt ríki. Það væri fullkomin fjárhagsleg eyðilegging fyrir landið. Og þá er lítið varið í ábyrgð eins ágæts ráðh. Hæstv. atvmrh. hefir látið í ljós margsinnis hér, að ekki sé ástæða til þess að gera ráð fyrir einkasölu, þótt frv. gangi fram, að einkasöluheimildin í 12. gr. yrði ekki notuð. En það skiptir ósköp litlu máli, hvort sú heimild verður notuð eða ekki, því að ákvæði 3. gr. gera það að verkum, að strax og l. ganga í gildi er í raun og veru um einkasölu að ræða, og allir ókostir einkasölunnar koma fram á því skipulagi. — Ég get endurtekið það, sem ég sagði í byrjun minnar ræðu, að mig undrar það, að ekki verr en þessum málum er hjá okkur komið, þar sem á undanförnum 3 árum hefir myndazt skipulag, sem hefir reynzt vel, þótt e. t. v. séu nokkuð skiptar skoðanir um útlitið, að hæstv. ráðh. skuli fara að leggja út í glæfralegar tilraunir eins og hér er verið að gera. Það bætir ekkert úr, þótt hann bjóðist til að taka á sig ábyrgðina.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég ætla ekki að teygja tímann með því að endurtaka mikið af því, sem búið er að segja í þessu máli. Ég verð þó að taka fram, að ég kann hálfilla við, er hv. þm. fara að gera mér upp orð hér í hv. d. og síðan að andmæla því, sem ég hefi ekki sagt. Ég lét ekki svo um mælt, að framkvæmdarstjórar S. Í. F. væru samþykkir þessu frv. Hitt sagði ég, að sumir þeirra hefðu þá skoðun, að skilyrði frv. fyrir því, að félag framleiðenda tæki að sér sölu á saltfiski, væru ekki ósanngjörn, — ég hygg, að ég hafi sagt, ekki óaðgengileg. Annars vildi ég gjarnan, að þeir hv. þm., sem telja eins mikla hættu á því, að S. Í. F. leysist upp vegna framkomu þessa frv. og þeir láta í veðri vaka, vildu segja það, hvernig þeir telja, að stjórnin hefði átt að

haga sér í þessu máli, ef S. Í. F. hefði leystst upp, og engin lög hefðu verið um þetta efni. Það er víst, að mikil hætta er á því, að S. Í. F. leysist upp, en sú hætta eykst ekki við það, að þessi lög eru sett. Það er þvert á móti víst, að þau minnka þá hættu. Hv. þm. N.-Ísf. segist vita til þess, að einn af framkvæmdastjórunum telji heppilegast það, sem hann kallar „grúppusystem", og gerir hv. þm. ráð fyrir, að þessi maður muni fara út úr samlaginu, ef frv. verði samþ. En sé svo, að mikil hætta sé á þessu, þá er hún ekki meiri fyrir það, þó þetta frv. verði að l., eða þó það hafi komið fram, heldur en ef engin l. hefðu verið um fisksöluna, heldur er hættan undir þeim kringumstæðum miklu minni, vegna þess, að meðan engin löggjöf er til um þetta efni, er ekkert til, sem hindrar það, að menn gangi úr S. Í. F., þó þeir hafi gefið því umboð til þess að selja sinn fisk, og með því geta þeir rofið félagið. Aftur á móti ef frv. verður samþ., getur samlagið fengið útflutningsumboð fyrir yissan hundraðshluta af fiski landsmanna. Þannig verður S. Í. F. tryggara í sæti eftir en áður. Ef því S. Í. F. rofnar þrátt fyrir þessi l., þá var þó miklu meiri hætta á því, ef engin l. hefðu verið sett, að svo hefði farið, og þá var fyllsta ástæða til að ætla, að sama ástand hefði orðið hér með fiskverzlunina og varð hér 1931 og hv. sjálfstæðismenn hafa lýst, hve herfilegt var og bágborið, og ég skal ekki úr draga.

Hv. 2. þm. Rang. kvað, og það með fullum rétti, mikið ríða á því, að til framkvæmdarstjóra við svona fyrirtæki, hvort sem það væri stofnað fyrir frjáls samtök eða skipulagt með löggjöf, veldust hinir hæfustu og beztu menn. Ég tel það einnig mjög mikilsvert, og því meira vert, sem meira fjármagn fer um hendur þessa fyrirtækis. En ég verð að telja ekki lakari tryggingu fyrir að svo verði, þó þetta frv. verði að lögum. Hitt er fjarri öllum sanni, að fiskimálanefnd sé ætlað að hafa framkvæmdastjórnina með höndum, nema í því eina tilfelli, ef það sýnir sig, að sölusamtök útvegsmanna sjálfra geta ekki haldið uppi sæmilegu fyrirkomulagi, þá er heimilt að fela fiskimálastjóra að annast útflutning og sölu fiskjarins, þó ekki lengur en þangað til útflytjendurnir hafa komið sér upp félagsskap, sem fellur undir ákvæði þessara laga, til þess að taka útflutninginn í sinar hendur aftur.

Ég get ekki fallizt á þann mun, sem hv. andmælendur telja, að sé á einkasölu, sem mynduð er með löggjöf, og einkasölu, sem mynduð er með frjálsum samtökum. Að því er snertir viðskiptamenn okkar í markaðslöndunum, er á þessu enginn munur. Ef slík stofnun kemst á, dæma þeir hana eftir því, hvernig hún reynist þeim sem viðskiptamaður. Þeir láta sig litlu skipta, hvort hún er mynduð fyrir valdboð ríkisins eða samtök útflytjenda. Og ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég er ekki sá princip-riddari, að ég leggi verulega upp úr því, hvort söluskipulag kemst á gegnum löggjöf eða með samtökum útflytjendanna sjálfra. Aðalatriðið fyrir mér er að fá skipulagið sem bezt og hentugast, hvaða leið sem til þess er farin. En meðan ekki fæst trygging fyrir því, að þessum málum verði sæmilega skipað af fiskeigendunum sjálfum, tel ég óhjákvæmilegt fyrir hvaða stjórn sem er að hafa heimild til þess að koma því fyrirkomulagi á, sem hér er um að ræða.

Ég get svo látið útrætt um þetta mál af minni hálfu. Kysi ég helzt, að umr. mætti verða stillt svo í hóf, að málinu geti orðið lokið á þessum fundi.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Hæstv. ráðh. hefir nú dregið allmikið úr ummælum þeim, sem hann hafði um, að margir í forstjórn þessara fiskimála — nú segir hann sumir þeirra — teldu ekki frv. eða ákvæði þess óaðgengilegt til þess að halda fisksölusambandinu áfram. **(Atvmrh.:** Ég sagði, að skilyrðin til þess að fá löggildingu sem aðalútflytjandi teldu þeir ekki óaðgengileg). Ef hæstv. ráðh. meinar þetta, þá veit hann, að hér getur verið um að ræða þann mann, sem telur „grúppu-systemið" heppilegast, því hann gerir vitanlega það, sem hann getur, til þess að eyðileggja fisksölusambandið. Hæstv. ráðh. þykist þá náttúrlega hafa nokkra afsökun, en hann gat ekki með nokkru móti komizt hjá að viðurkenna, að með þessu frv. hefir hann lagt sölusambandið á höggstokkinn. Um það er skýlaus yfirlýsing bæði frá Landsbankanum og fisksölunefndinni í heild, máske að undanteknum bankastjóra Útvegsbankans. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég hefi áður sagt um þetta efni. Það er vitanlegt, að þegar þeim, sem óánægðir kunna að vera með fisksölusambandið, er heimilað með lögum að hafa annað fyrirkomulag, þá taka þeir því. Þeir, sem vilja einkasölu, hverfa frá fisksölusambandinu, og þeir, sem hafa trú á „grúppusystemi", líka. Þeir, sem nú óska að fá „grúppusystemið", hafa um 20 til 30% af framleiðslunni, og þeir mundu til að byrja með fá löggildingu. Ef leitað væri til þessara manna um það, hvort þeir vildu halda fisksölusambandinu áfram, myndu þeir vafalaust engu svara og þar með þegjandi drepa sambandið. Ég sé ekki, hvernig fisksölunefndin getur leitað til fiskeigenda, þegar hún veit fyrirfram, að þannig er í pottinn búið. Ég tel óhugsandi, að hún geri það.

Hæstv. ráðh. spurði, hvernig ríkisstj. hefði átt að mæta, mér skildist þeim vandræðum, sem væru í fisksölumálunum, án laga í þá átt, sem hér er gert með frv. Hún þurfti engum vandræðum að mæta, því það er vitanlegt, að ef þetta frv. hefði ekki komið fram, þá hefði fisksölusambandið haldið áfram og haft nálega sama — líklega meira — fiskmagn en á þessu ári. En þó svo hefði farið, sem vitað er, að ekki hefði orðið, að fisksölusambandið hefði liðazt sundur, þá var hægurinn hjá að gefa út bráðabirgðalög á milli þinga. Allur kattarþvottur þeirra, sem þykjast vilja bæta um fisksölumál okkar Íslendinga, en sem að mínu áliti verður til stórkostlegrar bölvunar, er auðsær. Því hver maður veit, að fisksölusambandið hefði haldið áfram, ef ekki hefði komið fram slíkt frv. og hið góða fyrirkomulag er óhætt að segja, sem á fisksölumálum okkar hefir verið undanfarin ár

og hæstv. ráðh. hefir sungið lof í ræðum sínum, var þannig tryggt áfram, ekki sízt vegna þess, að fisksölunefndinni hafði tekizt að fá ábyggilegt samkomulag við innflytjendurna um innflutning á nálega öllum þeim fiski, sem við getum selt til Suður-Evrópu.

Hæstv. ráðh. vildi reyna að telja einhverjum, sem ekki þekkja til, trú um, að innflytjendurnir á Spáni og Ítalíu létu sig litlu skipta, hvort hér væri ríkiseinkasala á fiski eða sölusamtök framleiðenda. Ég hefi áður sýnt honum fram á, hver munur er hér á og hvern mun innflytjendur gera á þessu tvennu. Eins og viðskiptunum hefir verið hagað undanfarið, hafa þeir fundið sig örugga og enga tregðu sýnt á því að kaupa fiskinn föstu verði. Þeir vita, að sölusamlagið er byggt á frjálsum samtökum, og það er trygging fyrir því, að samstarfið verði gott. Það veitir alla þá tryggingu, sem innflytjendurnir þurfa til þess að geta keypt föstu verði; því hagsmunir seljandanna hér eru þeir sömu og þeirra, sem með fiskinn verzla þar syðra. En með stjórnskipaðri einkasölu telja þeir sig ekki hafa neitt öryggi. Slík lög geta orðið felld úr gildi þegar minnst varir, og þeir menn, sem með slíka einkasölu fara, geta verið alveg óhæfir til að hafa það starf með höndum.

Hæstv. ráðh. þarf ekki að vera að berja sér á brjóst og segja: Ég er enginn princip-riddari, — því það er ekkert annað en principástæður einar í þessu máli, sem ráða því, að þetta frv. er borið fram og samþ. En það sætir undrum, að þeir menn, sem annars telja sig hafa samvinnu að sínu stefnumáli, skuli ljá lið sitt til slíkra verka. Þeir hafa þó vissulega reynsluna fyrir sér frá síldareinkasölunni, hábölvaðarar minningar. Menn geta verið vissir um það, að „grúppusystemið“ verður ekki lengi notað, og þegar það líður undir lok, verður sama fram undan í fisksölumálunum eins og í síldarsölumálunum á tíma síldareinkasölunnar. Það lítur ekki út fyrir, að sporin hræði í þessu efni.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Það er sýnilegt, að það stefnir í sömu átt á þessu sviði og öðrum, í þjóðnýtingaráttina. En ég hygg það sannmæli, að meiri hluti íslenzku þjóðarinnar sé andstæður slíkri stjórnmálastefnu. Og vissulega var það ekki á prógrammi Framsfl. fyrir síðustu kosningar, að hann ætlaði að vinna að framgangi þjóðnýtingarstefnunnar. Það er áreiðanlegt, að í mörgum þeim kjördæmum, þar sem framsóknarmenn komust að, er meiri hluti kjósenda andvígur þjóðnýtingu í verzlun og atvinnurekstri, ekki sízt á því sviði, sem hér er um að ræða, þar sem hún er áður nokkuð reynd. Framsóknarmenn létu glepjast til þess af jafnaðarmönnum að hoppa inn á síldareinkasöluna, en þeir munu allir sem einn hafa iðrazt eftir það, enda urðu þeir sjálfir til þess að leggja hana niður.

Hér er vissulega um líf eða dauða íslenzku þjóðarinnar að ræða. Takist illa til um fisksölúna, leiðir það til þess, að sjávarútvegurinn bíður þann hnekki, að ekki verður hægt að gera skipin út, jafnvel þó ríkið vildi taka á sig að einhverju leyti áhættuna við útgerðina. Það hefir því miður verið tekið of lítið tillit til þarfa sjávarútvegsins á undanförnum þingum. Það hefir verið tekið of lítið tillit til þess, hvernig ástand hans er og við hversu mikla örðugleika hann hefir átt að stríða. Það hefir verið vaninn, ef ríkissjóður hefir þurft að fá skattauka, að leita til sjávarútvegsins, einkum þorskútgerðarinnar. Og þessi mjólkurkýr ríkissjóðs hefir ekki ennþá lagt upp laupana, þrátt fyrir sihækkandi skatta og ákaflega mikla erfiðleika á öllum sviðum. Það er áreiðanlega vegna þess, að þessi síðustu tvö þrjú ár hefir tekizt vel til með fisksöluna. Það hefir tekizt að stýra framhjá stærsta bölinu á því sviði, umboðssölu fiskjarins, og því böli, sem þar fylgir ávallt með, verðfallinu. Það hefir tekizt að hækka verðið til muna og fá meira öryggi í verzluninni gagnvart markaðslöndunum. Þessu, sem áunnizt hefir, á nú öllu að kasta á glæ, þessu lífakkeri, sem þjóðarbúskapurinn hefir hjarað á hin síðustu vandræðaár. Í staðinn á útgerðin að sæta þeim kjörum í fisksölunni, sem þetta frv. skapar, sem að allra dómi hlýtur að vera miklu lakara heldur en það ástand, sem verið hefir síðan fisksölusambandið var stofnað.

Ég hygg, að þó þeir, sem fylgja þessu frv., og þar á meðal hæstv. atvmrh., tali djarflega um, að hann taki á sig ábyrgðina af samþykkt þess, þá fari fyrir þeim eins og mönnunum, sem létu glepja sig til að setja ríkiseinkasölu á síld á sínum tíma, að þá iðri þessa verks. En það er engan veginn nóg fyrir þjóðina. Síldarútvegurinn hafði milljóna og tugi milljóna tap af síldareinkasölunni, og það versta var þó, að hann tapaði síldarmarkaðinum, sem við höfðum haft öruggan í Svíþjóð um mörg undanfarin ár. Hvernig hefði útlitið verið nú, ef þetta óhapp hefði ekki skollið yfir? Það hefði verið nokkuð bjartara heldur en það er nú. Nú er ráðizt að aðalgrein sjávarútvegsins, þorskveiðunum, og þegar þar er komið á sama rekspölinn, sem síldareinkasalan kom síldarútveginum, hvar stöndum við þá? Hvaðan fær ríkissjóður þá tekjur sínar og með hverju borgum við þá þær nauðsynjar, sem við þurfum að fá frá öðrum löndum?

Ég get látið máli mínu lokið að þessu sinni, en þess vildi ég óska þeim ógæfumönnum, sem að þessu frv. standa og framgangi þess, að þeir þurfi aldrei að horfast í augu við þau vandræði, sem af þessu geta leitt, a. m. k. sem fulltrúar þjóðarinnar.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., 19. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 903).

## 73. Smjörlíki.

Á 29. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.** (þmfrv., A. 323).

Á 34. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Með l. um tilbúning og verzlun með smjörlíki, nr. 32 19. júní 1933, voru ýms ákvæði sett þessu máli viðvíkjandi, og svo til ætlazt, að hægt væri að hafa eftirlit með tilbúningi smjörlíkis, og heimild til að hafa sérstakan eftirlitsmann. Þegar svo átti að fara að setja reglugerð um þetta efni, þótti æskilegt að fá breytt nokkrum atriðum í l. Landbn. hefir því eftir tilmælum landlæknis flutt þetta frv., sem hér liggur fyrir.
Menn munu hafa rekið augun í það, að smjörlíkisverksmiðjurnar auglýsa hver í kapp við aðra, hvert smjörlíkið sé fjörefnaríkast og hver tegundin hafi mest smjörinnihald o. s. frv. Nú er það svo, að það er hægt að bæta allt smjörlíki með fjörefnum, svo að það getur að því leyti jafnazt á við smjör. Frv. þetta fer fram á, að bæta skuli smjörlíkið með A- og D-fjörefnum, að fengnum till. Rannsóknarstofu háskólans, sem hæstv. atvmrh. hlutast til um, að rannsaki smjörlíkið. Þá er ekki lengur um það að villast, hvort smjörlíkið hefir það fjörefnainnihald, sem vera ber. En það er líka hægt að hafa of mikið af fjörefnum eins og hægt er að hafa of lítið af þeim. Rétta leiðin er því sú, sem frv. þetta fer, að ákveða skuli nákvæmlega, hvernig allt smjörlíki skuli bætt fjörefnum. Um skeið var ákveðið, að smjörblöndun smjörlíkisins skyldi vera 5%. En þegar átti að fara að framkvæma þetta, kom í ljós, að ekki var nægilegt smjör til fyrir verksmiðjurnar, og hefir því blöndunin verið nokkuð misjöfn. Það er því gert ráð fyrir því, að atvmrh. geti að vísu mælt fyrir um, að smjör skuli vera í smjörlíkinu, en þá tiltekinn hundraðshluti, sem sé hinn sami fyrir alla, og ekki leyfilegt að láta blöndun fara fram á annan hátt. Þetta miðar að því að gera rannsókn á smjörlíkinu auðveldari og að kaupendurnir geti fengið þá vöru, sem þeir eiga að fá, en ekki hægt að koma fram með villandi auglýsingar þessu viðvíkjandi.
Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fara frekar út í málið nú, en vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv.gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 323).
Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 323, n. 820).

**Frsm. (Jónas Jónsson):** N. hefir komið sér saman um að mæla með þessu frv. óbreyttu, og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv. fyrir n. hönd.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 323, 847).
Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 847. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Páll Hermannsson:** Ég hefi ásamt hv. 4. landsk. þm. borið fram brtt. á þskj. 847, sem er um það, að í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands" komi „mjólkursölunefndin". Það er gert ráð fyrir því í 2. málsl. sömu efnismálsgr., að atvmrh. geti eftir till. B.fél. Ísl. ákveðið, að í öllu smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, skuli vera ákveðinn hundraðshluti af smjöri. Aftur á móti er ákvæði í 9. gr. frv. til l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, sem liggur fyrir þinginu, þar sem gert er ráð fyrir að blanda smjörlíki með smjöri, ef tregða reynist um sölu smjörs, og skuli landbúnaðarráðh. þá ákveða það eftir till. mjólkursölunefndar. Hér er sjáanlega ósamræmi, þar sem á öðrum staðnum er Búnaðarfél. Ísl., en á hinum staðnum mjólkursölunefndin. Mér skilst, að það sé því eðlilegra, að samræmi verði hér á milli, og að menn hljóti að vera sammála um það.
Þá má geta þess, að frv. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma er ekki orðið að lögum, en virðist nú vera komið í það horf, að það verði að lögum. Ég geri ráð fyrir, ef hv. deild vill fallast á till. okkar hv. 4. landsk. þm., megi láta 9 gr. frv. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma

falla niður af því þá verður hér í þessum lögum skýrt tekið fram þetta ákvæði. Þó er það auðvitað ekkert aðalatriði, heldur hitt, að fært sé til samræmis. Ég lít svo á, að eins og nú standa sakir sé eðlilegra, að mjólkursölunefndin hafi þetta með höndum.

ATKVGR.

Brtt. 847 samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, JBald, JJ, EÁrna.

PM, ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ, MG, MJ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (IngP) fjarstaddur.

**Magnús Jónsson:** Í 44. gr. þingskapanna stendur: „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.“ Ég álít, að þetta eigi við, að þeir, sem séu viðstaddir, greiði atkv.

**Jón Baldvinsson:** Mætti þá ekki eins lesa lengra út sömu grein og segja: „Engin ályktun er *lögmæt nema meira en helmingur* fundarmanna, þeirra, sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.“ **(MJ:** Hver er óatkvæðisbær? — **MG:** Það ætti hv. 4. landsk. að vera kunnugast um).

Frv., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 874).

Á 64. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 20. des., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 921).

---

## 74. Eftirlit með opinberum sjóðum.

Á 11. fundi í Ed., 15. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá** (þmfrv., A. 84).

Á 13. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Ég hefi flutt þetta frv. af þeim ástæðum, að ég veit, að nú er orðinn hér á landi fjöldi af slíkum sjóðum sem þetta frv. ræðir um, og þeim sjóðum fjölgar árlega, en ekkert allsherjareftirlit er nú með stjórn og reikningshaldi þessara sjóða eða því, hvort haldnar séu nákvæmlega skipulagsskrár þeirra. Ég geri ráð fyrir því, að langflestir þessir sjóðir séu í góðra stjórnenda höndum, en þó er ekki víst, að þeir séu allir undir gæzlu þeirra manna, sem séu færir um að veita þeim forstöðu á þessum breytingatímum. Þó vil ég alls ekki vera með getsakir í garð sjóðstjórna að órannsökuðu máli.

Það, sem ennfremur vakti fyrir mér, var að athuga, hvort allir þessir sjóðir væru ávaxtaðir á tryggum stöðum, hvort eignirnar væru í öruggum sjóðum eða stofnunum, hvort útlán væru nægilega tryggð með fasteignaveði, og í hverju væru eignir þær, sem kynnu að vera í öðru en innstæðu í sjóðum og skuldabréf. Það er vitanlegt, að slíkir sjóðir eða sjóður hefir nær tæmzt vegna kaupa á hlutabréfum, er síðan hafa orðið verðlaus.

Ég er reyndar persónulega þeirrar skoðunar, að þessir sjóðir ættu ekki að vera algerlega bundnir við peningaeign eina saman, nema skipulagsskrá mæli beinlínis svo fyrir. Það mun alltítt um sjóði erlendis, að þeir verji nokkru af fé sínu til að kaupa reglulega vel tryggð hlutabréf og jafnvel fasteignir, og mun það nokkuð stafa af því, hve lágir innlánsvextir eru þar. En það hefir líka sýnt sig nú á tímum, að öruggast er að hafa ekki allar eignirnar í samskonar verðaurum. Peningar geta fallið niður úr öllu valdi, hlutabréf orðið að litlu eða engu og fasteignir stórlækkað. En um leið og *peningar lækka, hækka oft aðrar eignir*, t. d. fasteignir, og helzt þá meira jafnvægi á eignum sjóðsins þrátt fyrir verðbreytingar, eftir því sem eignir hans eru minna einskorðaðar, en hér skal þó ekki farið frekar út í það mál að sinni.

Ég skal taka það fram, að ég hefi ekki viljað að svo stöddu máli láta frv. ná til fleiri sjóða en hér um ræðir. En ég vona, að *málinu* verði sýnt sú velvild, að það fái að ganga til n., og gæti sú n. þá íhugað, hvort ætti að víkka það starfssvið, sem frv. ræðir um.

Ég hefi stungið upp á, að þeir menn, sem þetta eiga að annast, væru kosnir af Alþingi til 5 ára í senn. Tel ég heppilegra, að ekki sé skipt um þá árlega, heldur gegni þeir starfinu nokkurn tíma í senn og hætti því ekki undir eins og þeir eru farnir að kynnast þessum sjóðum. Vegna kostnaðar hefi ég ekki viljað stinga upp á fleirum en 2, og hefi lagt til, að laun þeirra verði svo lág sem ég hefi séð mér frekast fært.

Ég álít áríðandi að velja til þessa starfs ábyggilega og sanngjarna menn, sem forðast alla pólitík í starfi sínu. Þetta kemur ekki pólitík við, heldur er aðeins farið fram á þetta eftirlit til að tryggja það enn betur, að þessum sjóðum sé stjórnað sæmilega.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég tel sjálfsagt, að þetta frv. gangi til n. Vil ég upplýsa það í því sambandi, að samkv. þál. frá vetrarþinginu 1933 hefir fjmrh. lagt fyrir hagstofuna að safna skýrslum um alla opinbera sjóði. Enn eru þær skýrslur ekki komnar allar, en þó er nokkuð komið. Tel ég sjálfsagt, að n., sem fær þetta mál til athugunar, kynni sér, hversu langt sú skýrslusöfnun er komin.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 10:2 atkv.

---

Á 53. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 609 og 639).

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. með einni smábreyt.

Þessir sjóðir, sem hér um ræðir, eru bæði nokkuð margir og dreifðir, svo að sjálfsögðu er ekki nema eðlilegt, að það opinbera skipi einhverskonar eftirlit með þeim, a. m. k. það lágmarkseftirlit, að það viti, hvaða sjóðir eru til í landinu. Það er það minnsta, sem hægt er að komast af með í þessu efni, en samt getur farið svo, að það verði heldur til þess að draga úr töpum sjóðanna. Þess vegna er sjálfsagt að skipa sæmilegt eftirlit með þessum sjóðum. Aftur á móti er jafnsjálfsagt að gera þetta eftirlit sem einfaldast og ódýrast. Fjöldinn allur af sjóðunum er vel geymdur og vel stjórnað. Sumir af sjóðunum hafa verið lagðir undir ýms yfirvöld, sem geyma þá og varðveita, t. d. biskup, og háskólann má einnig nefna. Háskólaráð sér um og stjórnar þeim sjóði og skipar nákvæma endurskoðun á hverju ári á honum. Slíka sjóði er vitanlega ástæðulaust að leggja undir aðra yfirstjórn.

Aftur á móti er rétt, að einhverjir menn séu til þess valdir, að halda skrá yfir sjóðina, hafa yfirlit yfir, hvaða sjóðir eru til, og geta gripið inn í, hvenær sem þeim þykir eitthvað á bresta í meðferð þessara sjóða. Okkur virtist með þessu frv. vera séð fyrir þessu á ódýran hátt.

Það var hér frv. fyrir þinginu í fyrra, sem gekk í svipaða átt, enda þótt það væri að vísu nokkuð umfangsmeira. Í því var gert ráð fyrir, að sjóðirnir væru lagðir undir yfirstjórn fjmrn. Mér finnst það að ýmsu leyti vera óheppilegra fyrirkomulag. Ég er hræddur um, að ef yfirstjórn þessara sjóða ætti að vera í höndum ráðuneytisins ásamt öðrum málum, sem stjórnarráðið fæst við, þá yrði eftirlitið aðeins á pappírnum. Þetta eftirlit hlýtur að verða mikið gagnlegra, ef Alþ. kýs 2 menn, sem eiga að bera ábyrgðina á því, að þetta starf verði vel og samvizkusamlega af hendi leyst. Þessir menn hafa meiri hvöt til þess að rækja þetta starf vel heldur en gert væri, ef ráðuneytið hefði það með höndum. Í frv. þessu var og ákveðið, að ríkisendurskoðandi skyldi endurskoða þessa sjóði. Ég tel óþarft að skipa sameiginlegan endurskoðanda fyrir alla sjóðina, þar sem vitanlegt er, að á mörgum þeirra er framkvæmd nákvæm endurskoðun, t. d. eins og á háskólasjóðunum. Öll endurskoðun ráðuneytisins fer nákvæmlega fram á ári hverju, og er að því er háskólanum viðvíkur birt í Árbók háskólans. Það er engin ástæða til þess að gera þetta, nema því aðeins, að þeim mönnum, sem skipaðir eru til eftirlitsins, þyki eitthvað á bresta í þessu efni, t. d. ef þeir taka eftir því, að þeir fá ekki skýrslu um einhvern sjóðinn, og endurskoðandi getur þá gert ráðstafanir til þess að kippa því í lag. 3. og 4. gr. frv. gefa þessum mönnum fullkomna heimild og fullkomið vald til þess að sjá um, að þessu sé öllu haldið í lagi. Í sjálfri skipulagsskránni eru nákvæm ákvæði um stjórn og endurskoðun. Þess vegna er hægt að halda sjóðstj. að því að framkvæma þessa hluti alveg eins vel og sett væru ákvæði um það í lögum.

Ég held, að n. sé öll sammála um aðalatriði þessa frv., en hv. minni hl. gerði aðallega ágreining út af því, að í fyrra var samþ. þál., þar sem stj. er falið að láta safna skýrslum um sjóði, sem nú eru til í landinu. Hagstofan hefir sent út plögg til þess að safna skýrslum, og hv. minni hl. virðist vilja bíða eftir þessum skýrslum, áður en hann tekur ákvörðun um málið. Meiri hl. vill ekki bíða. Það, sem upp kemur við skýrslusöfnunina, verður ekkert, sem kemur mönnum á óvart. Skýrslusöfnunin er aðeins framkvæmd til þess að fá frekari tryggingu fyrir því, að hægt verði að semja skrá yfir alla sjóðina. Það er hægt að gera skrá yfir sjóðina án slíkrar eftirgrennslunar.

Verði frv. þetta samþ. og þessir umsjónarmenn verða kosnir af þinginu, þá verður þeirra fyrsta verk að taka við þessum skýrslum frá stjórnarráðinu, þegar búið er að safna þeim, og þar fá þeir efni í þessa skrá samkv. 1. gr. frv. Það er engin ástæða til þess að láta skýrslurnar koma endilega allar inn, áður en Alþ. tekur málið í sínar hendur. Aftur á móti er ekki séð fyrir, hve mikið þetta verk verður. Verk þessara manna verður mikið eða lítið eftir því, sem reynslan verður um skilsemi sjóðsstj. við það að gefa skýrslur. Reynslan sýnir fyrst, hve mikið þessir menn eiga að fá í þóknun fyrir þetta eftirlit. Þess vegna hefir þóknun þeirra ekki verið þegar ákveðin. Sú 150 kr. þóknun, sem hvorum fyrir sig er ætluð árlega, er vitanlega eingöngu miðuð við lítið starf. Ég gæti hugsað mér, að þóknunin yrði höfð dálítið hærri. Þetta er trúnaðarstarf, og það skiptir áreiðanlega fjárhagslega mjög litlu máli fyrir það opinbera, þótt ráðh. ákveði þetta. Þetta getur munað nokkrum hundruðum króna í mesta lagi, en það er rétt að orða 5. gr. þannig, að ráðh. ákveði þóknun til eftirlitsmannanna, eins og eftir brtt. meiri hl. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með þessari einu breyt.

Ég býst við, að hv. þdm. geti fallizt fyrst og fremst á sem einfaldasta lausn þessa máls og hinsvegar, að leiddi reynslan í ljós, að frekari ákvæði þyrfti um þetta, þá spillti þetta frv. ekkert fyrir slíkri umbót. Þvert á móti verða þessir menn, sem skipa á, manna tillögubeztir í þessu efni um það, hvað frekar þurfi að gera af hálfu löggjafans í þessu máli.

**Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson)** [óyfirl.]: Það varð úr, að ég kom með dagskrá, sem prentuð er á þskj. 639. Þó er ég samþ. efni frv. En ég vil hafa skýrara ákvæðið um eftirlit þessara sjóða en gert er með því að skipa þessa eftirlitsmenn, eins og frv. gerir ráð fyrir. Í frv., sem flutt var á Alþ. 1933, þskj. 65 þ. á., er gert ráð fyrir sterkari yfirumsjón með sjóðunum heldur en það frv., sem hér liggur fyrir, gerir

með þessum eftirlitsmönnum. Þar er þetta látið heyra undir fjmrn.

Ég get ekki tekið undir það með hv. frsm. meiri hl. n., að það sé þýðingarlaust, að ríkisendurskoðunin fjalli um sjóðina. Þar, sem lítið er um endurskoðun, veitir vissulega ekkert af þessu.

Hv. þm. minntist á, að allt væri í lagi með háskólasjóðina, þar sem hann þekkir bezt til. Það getur vel verið, en það er ekki þar með sagt, að alstaðar sé eins ástatt í þessu efni. Þess vegna er það mjög veigamikið atriði, að trygging sé fengin fyrir því, að sjóðirnir séu endurskoðaðir. Það er ekki eingöngu nauðsynlegt, að öll fylgiskjöl séu með, heldur þarf að fara með sjóðina samkv. skipulagsskrá, en það hefir stundum viljað bera við, að svo væri ekki gert.

Það er engin ástæða til þess, að þessir sjóðir séu að kaupa veðdeildarbréf með mismunandi verði. Þeir ættu að fylgja í þessu efni því kaupverði, sem Landsbankinn hefir venjulega á þessum bréfum. Þetta kemur misjafnt niður, ef þeir, sem að þessum sjóðum standa, geta keypt bréf fyrir hærra verð, ef til vill með öðru verði. Það þarf að setja upp skorður við þessu, svo að misnotkun komi ekki til greina.

Svo er eitt atriði enn, sem ég vildi taka fram. Ég vildi helzt hafa einhverja hugmynd um, hve margir sjóðir eru til í landinu og hve mikið fé er hér um að ræða. Slíkar skýrslur eru ekki þýðingarlausar, enda þótt hv. frsm. meiri hl. n. finnist þær vera það.

Í þriðja lagi tel ég miklu heppilegra, að hæstv. ríkisstj. byggði á þessari löggjöf, í stað þess að hallast að svo veikri löggjöf sem frv. þetta gerir ráð fyrir viðvíkjandi sjóðunum. Ég vil því halda fast við þá rökst. dagskrá, sem ég hefi borið fram á þskj. 639. Í trausti þess, að hún verði samþ., vona ég, að hæstv. ríkisstj. hafi slíka löggjöf í undirbúningi.

Það er ómögulegt að bíða mjög lengi eftir einhverjum sjóðum. Hagstofan hefir fundið marga af þessum sjóðum með því að fletta upp í Stjtíð. Þannig má gera nokkra skrá og ég tel ekki hættulegt að veita hagstofunni heimild til þessarar skýrslusöfnunar, sem gæti verið búin fyrir næsta þing. — Vil ég svo mælast til þess, að mín till. verði samþ.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 639, frá minni hl. fjhn., felld með 8:3 atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 609 (ný 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 676).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 53. fundi í Nd., s. d. var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 676).

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 18. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 676, n. 794, 826).

**Frsm. (Ólafur Thors):** Þetta mál hefir fengið afgreiðslu hjá hv. Ed. og verið þar ágreiningslaust. Það var í raun og veru líka afgr. ágreiningslaust frá fjhn. þessarar d., og gaf n. út um það sameiginlegt nál. Einn nm. skrifaði undir það með fyrirvara og flutti svo á eftir allverulegar breyt. á frv., sem munu, ef þær verða samþ., gerbreyta svo að segja efni frv. Mér finnst hann því varla geta sótt af miklu kappi, að þær till. nái fram að ganga, þar sem hann með undirskrift sinni undir nál. þó hefir tjáð sig í höfuðefnum samþykkan frv. Ég vænti því, að þetta mál geti fengið ágreiningslítla afgreiðslu og nái fram að ganga, þar sem það er komið svo langt sem raun ber vitni um, og þar sem allir hljóta að vera sammála um, að þau fyrirmæli, sem frv. fer fram á að verði lögfest, séu þörf og að af þeim geti ekkert annað en gott leitt. Menn getur náttúrlega greint á um, hvað stórvægilegt gagn þessi fyrirmæli hafi í för með sér, en hitt hlýtur að vera ágreiningslaust, að ekkert illt geti af þeim hlotizt. — Ég leyfi mér því að vænta þess, að þetta mál þurfi ekki að tefja störf þingsins á síðustu stundu með löngum umr. og geti náð samþykki.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Það er rétt, sem hv. frsm. tók fram, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara og bar fram brtt. við frv., sem hér liggja fyrir á þskj. 826.

Það má segja um tilgang þessa frv., sem hér er um að ræða, að hann sé nytsamlegur, því hann gengur á þá leið, að hafa betra eftirlit með opinberum sjóðum eða sjóðum, sem hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. Aftur á móti virðist mér fyrirmæli frv. eins og þau eru nú ekki svo fullkomin sem skyldi, og ef þau ættu að ná tilgangi sínum, þá er nauðsynlegt að gera á þeim talsverðar breyt. Þess vegna hefi ég leyft mér að bera fram þessar brtt., sem eru í stuttu máli þær, að í staðinn fyrir að frv. gerir ráð fyrir, að Sþ. kjósi 2 menn til þess að líta eftir þessum sjóðum, þá geri ég ráð fyrir, að fjmrh. hafi yfirumsjón með stjórnum slíkra sjóða og fjmrn. haldi þá skrá, sem talað er um í frv. Hinsvegar virðist mér vanta tilfinnanlega í þetta frv. ákvæði um það, að sjóðsreikningarnir skuli endurskoðaðir, því frv. fer aðeins fram á, að skipaðir séu 2 menn af Sþ. til þess að hafa eftirlit með og halda skrá yfir

þessa sjóði. En það eru engin fyrirmæli um það, að þeir skuli endurskoðaðir. Þess vegna hefi ég leyft mér að leggja til, að ríkisbókhaldið hafi með höndum endurskoðun allra þeirra sjóða, sem hér um ræðir, því þeir eru svo nátengdir opinberum rekstri og reikningsfærslu, að það virðist vera eðlilegast. Mér virðist sjálfsagt, úr því farið er að setja löggjöf um slíka sjóði, að þá sé fyrirskipað, að þeir skuli endurskoðaðir, því það er sú mesta trygging á eftirliti með opinberum sjóðum, að þeir séu endurskoðaðir rækilega.

Þá hefi ég líka lagt til, að reikningar sjóðanna séu birtir í B-deild Stjtíð., svo almenningi verði gefinn kostur á að fylgjast með þeim sjá hvernig þeir eru á hverjum tíma, hvernig stjórn þeirra er og livernig fé þeirra er varið. Ég álít nauðsynlegt, að það sé ekki einungis Alþ., sem eigi kost á því að fylgjast með þessum sjóðum, heldur og allur almenningur í landinu, sem á kost á að kynna sér B-deild Stjtíð.

Loks hefi ég lagt til það nýmæli, að fjmrh. sé heimilt með reglugerð að setja ákvæði um ávöxtun sjóða þeirra, sem hér er um að ræða, sem tryggi það, að sjóðirnir séu alltaf ávaxtaðir á sem öruggastan og hagkvæmastan hátt. Ég tel, að úr því farið er að setja löggjöf um þessa sjóði, sem ég álít fyllstu nauðsyn á, þá sé sjálfsagt að setja þau ákvæði, sem geri það að verkum, að þetta eftirlit geti orðið á þá leið, að treysta megi, að það komi að sem fullkomnustu gagni.

Að öllu þessu athuguðu má sjá, að mínar till. miða til þess að gera frv. fullkomnara og til þess að það nái frekar þeim góða tilgangi, sem óneitanlega í því felst. Þess vegna vænti ég þess, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. þessar till. mínar.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Ég ætla nú ekki að fara að hefja langar umr. um þetta mál. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að tilgangur sá, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., sé betur tryggður með fyrirmælum sjálfs frv. heldur en með brtt. hv. 1. landsk. á þskj. 826. Ég hafði haldið, að það, sem aðallega vekti fyrir hv. 1. landsk., væri það, að hann hygðist með þessu geta sparað ríkissjóði einhver útgjöld, en nú heyri ég það á hans ummælum, að það er a. m. k. meðfram, ef ekki sérstaklega hitt, að hann álítur, að öryggið muni verða meira, ef hans brtt. eru samþ. Um þetta má náttúrlega lengi deila, og deilur eru að því leyti þýðingarlausar, að þetta er svo óflókið mál, að hver einasti þm. getur gert það upp við sig sjálfan, hvort hann álíti öruggara að leggja þetta starf ofan á annað starf, sem hinn opinberi endurskoðandi hefir, eða að fá það tveimur þar til sérstaklega kjörnum mönnum af Sþ. Það er sem sagt mín skoðun, að öryggið sé meira með því að fela þetta starf tveimur þar til kjörnum mönnum, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég held því, að þrátt fyrir framkomu þessara brtt. hv. 1. landsk., ættu menn að aðhyllast frv. eins og það liggur fyrir.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Ég hefi nú í raun og veru litlu við það að bæta, sem ég sagði áðan. Hv. frsm. gat þess, að hann hefði talið, að fyrir mér hefði aðallega vakað með þessum brtt. sparnaður sá, sem gæti ef til vill leitt af því, að ríkisbókhaldið og fjmrn. hefði með höndum endurskoðun þessara sjóða. Ég skal taka það fram í þessu sambandi, að þó að ég að vísu álíti, að einhvern sparnað gæti af þessu leitt, þá er það ekki aðalatriðið fyrir mér. Aðalatriðið álít ég vera það, að endurskoðun og eftirlit með þessum sjóðum sé á þá lund, að tryggt sé, að þeim sé varið eftir sínum tilgangi og að þeir séu ávaxtaðir tryggilega. Og ég álít, að trygging fyrir þessu fáist miklu betri með því að samþ. þær brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram, heldur en með því að samþ. frv. óbreytt, sérstaklega þar sem það gerir í raun og veru ekki ráð fyrir neinni endurskoðun, heldur bara einhverju eftirliti. En með brtt. er farið fram á fasta endurskoðun ásamt eftirliti, fyrir utan þá tryggingu, sem óneitanlega er fólgin í því, að sjóðsreikningarnir skuli birtir opinberlega fyrir almenningi, því það ætla ég, að sé einhver bezta tryggingin fyrir því, að svo sé um hnútana búið, að ekki sé neitt athugavert við sjóðshaldið. Þar að auki álít ég, að með skynsamlegri reglugerð, sem fjmrh. setti um ávöxtun sjóðanna, væri þar um mjög merkileg fyrirmæli að ræða, því ég tel hafa skort nokkuð á, að sumir opinberir sjóðir hafi verið ávaxtaðir jafntryggilega sem skyldi; en ef fjmrh. setti um það reglugerð, þá væri girt fyrir það, að sá misbrestur yrði á meðferð opinberra sjóða eftirleiðis.

Ég get ekki séð, hvað það er, sem er athugavert við mínar brtt. út frá tilgangi frv., get ekki betur séð en að þær gangi allar í þá átt að gera eftirlitið og öryggið tryggara, og þess vegna sé tilganginum betur náð með því að samþ. mínar brtt.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Ég vil aðeins vekja athygli hv. 1. landsk. á því, að ýmsir af þessum sjóðum eru nú undir eftirliti fjmrn. Og ég hygg, að það sé alveg eðlilegt og fullkomlega aukið öryggi, að þingkjörnir menn hafi eftirlit bæði með þeim sjóðum og eins öðrum, sem l. þessi ná til. Það er náttúrlega ekki á alveg réttum skilningi byggt, að þó birtir séu reikningar slíkra sjóða í Stjtíð, þá fái menn með því tæmandi upplýsingar um það, hvernig fé sjóðanna sé geymt. Og það er vegna þess, að í slíkum reikningum gæti t. d. verið einn liður, sem talaði um skuldabréf, en þar í gætu vitanlega verið falin margvísleg skuldabréfakaup, sem full ástæða væri til að athuga. — Ég held, að það sé sama, hvernig maður veltir þessu máli fyrir sér, að öryggið verður betur tryggt með því fyrirkomulagi, sem flm. þessa frv. hefir stungið upp á, heldur en með brtt. hv. 1. landsk. Og úr því það er ekki sparnaðurinn, sem vakir fyrir hv. 1. landsk., þá er mér óskiljanlegt, hvers vegna hann hefir borið þessar brtt. fram.

Þetta ætla ég að láta nægja og vænti þess, að hv. þd. lofi frv. að ná fram að ganga óbreyttu, þar sem sérhver breyt. á því er mjög líkleg til þess að drepa það, svo áliðið sem orðið þingtímans.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Ég get sjálfsagt ekki sannfært hv. þm. G.-K. um það, að brtt. mínar miði til meira öryggis, en samt ætla ég, að það liggi í augum uppi, þar sem farið er fram á það, að ríkisendurskoðunin skuli hafa á hendi nákvæma endurskoðun allra þessara sjóða, sem hér um ræðir, að láta uppi álit sitt um stjórn þeirra og vörzlu, og þar sem það er einmitt falið þeim mönnum, sem ætla má, að séu manna færastir til þess, þá sé ég ekki betur en að þessi fyrirmæli miði til fullkomnara öryggis heldur en felst í frv. sjálfu.

Um opinbera birtingu sjóðsreikninganna er það að segja, að það er náttúrlega rétt, sem hv. þm. G.-K. segir, að sumir reikningarnir bera ekki nákvæmlega með sér, hvernig sjóðnum sé varið, en menn geta þó fengið mjög mikla hugmynd um það, ef reikningarnir eru nákvæmlega haldnir og þeir birtir opinberlega.

**Hannes Jónsson:** Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hv. 1. landsk., hvort hann hafi athugað það með þessa endurskoðun, sem ákveðin er í 1. brtt., hvort hún gæti orðið eins auðveld eins og hann virðist gera ráð fyrir. Það er nú svo um ýmsa sjóði, sem hlotið hafa staðfestingu konungs á skipulagsskrá sinni, að það er ákveðið, að þeir skuli ávaxtaðir á vissum stöðum, t. d. í sparisjóði úti á landi. Mér virðist því, að það geti orðið erfitt fyrir ríkisbókhaldið að hafa fullkomna endurskoðun á þessum sjóðum með höndum. Ég teldi það mjög hagkvæmt, ef hægt væri að koma þessum sjóðum, sem á annað borð ávaxtast hér í Rvík, undir eina yfirstjórn, en ég er í miklum vafa um, að hægt sé að koma því við um alla þá sjóði, sem til eru í landinu, en hinsvegar er það mjög nauðsynlegt að draga meira saman starfsemi þeirra.

ATKVGR.
Brtt. 826,1 felld með 15:13 atkv.
— 826,2—4 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 19:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 826,5 tekin aftur.
5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 676, 880, 882).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19:6 atkv.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég á hér litla brtt. á þskj. 880, sem ég vil mæla með, að verði samþ., ef frv. verður á annað borð samþ. Brtt. þessi er um það eitt, að í stað tveggja eftirlitsmanna, sem frv. gerir ráð fyrir, þá verði þeir þrír. Er það til meira samræmis við flokkaskiptingu í þinginu að hafa þá þrjá heldur en tvo. Hinsvegar tel ég, að ekki eigi að samþ. þetta frv., vegna þess aðallega, hve skammt það nær. Hefi ég því borið fram rökst. dagskrá í málinu á þessa leið:

**„Þar sem ríkisstjórnin hefir með höndum skýrslusöfnun og annan undirbúning til löggjafar um opinbera sjóði, þykir deildinni ekki rétt að afgreiða málið án þess að þeim undirbúningi sé lokið, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."**

Þessa dagskrá vænti ég, að hv. d. samþ., og ber því að skoða brtt. mína aðeins sem varatill.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt svo hljóðandi rökst. dagskrá frá hv. 2. þm. Reykv.: [Sjá að ofan].

Liggur þá þessi dagskrá einnig fyrir til umr.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Það er búið að ræða þetta mál það mikið hér í þinginu, að það má telja að fullu upplýst. Ég sé ekki, að þessi dagskrá hv. 2. þm. Reykv. hafi við rök að styðjast. Ég hygg, að hún muni vera í raun og veru fram borin vegna þess, að hin svokallaða „Rauðka" vill gjarnan seinna hafa eitthvert gagn af þeirri hugsun, sem bak við frv. liggur, með því að skila henni síðan sem sínu eigin fóstri. Mér er ekki skiljanlegt, hvað annað getur legið til grundvallar fyrir því, að þessir hv. þm. vilja fresta þessu máli. Ég vil benda hv. flm. dagskr. á það, ef hann telur sig hafa viturlegri till. fram að bera í þessu mál heldur en þær, sem í frv. felast, að hann hefir næga aðstöðu til þess að koma þeim á framfæri síðar, þó frv. þetta verði samþ. hér.

Brtt. hv. 2. þm. Reykv. um að eftirlitsmennirnir skuli vera 3, en ekki 2, eins og lagt er til í frv., tel ég meinlausa, en líka þýðingarlausa, og hefi ég ekki meira um hana að segja, en ég mun greiða atkv. á móti henni, af því ég tel, að af samþykkt hennar gæti leitt það, að frv. kynni að daga uppi, því þá þyrfti frv. að koma aftur fyrir hv. Ed., og þar sem svo áliðið er þingtímans sem nú er orðið, þá tel ég ekki öruggt, ef farið yrði að þvæla frv. milli d., að málið fái afgreiðslu. Hinsvegar fæ ég ekki séð, að slík endurskoðun sem þessi sé svo pólitískt atriði, að hver flokkur þurfi að hafa mann við það starf, en sú hugsun mun standa á bak við till. Ég óska því, að þetta frv. verði afgr. sem lög nú frá þessari umr.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég veit ekki, hvort það stafar af minnisleysi hjá hv. þm. G.-K., að hann talar svo sem það sé í fyrsta sinni á þessu þingi, að hugmynd sú, sem liggur á bak við þetta frv., kemur fram. Við jafnaðarmenn höfum tvisvar flutt frv. um eftirlit með opinberum sjóðum, og í síðara skiptið var samþ. þál. um það, að ríkisstj. safnaði skýrslum um opinbera sjóði, og greiddi hv. þm. G.-K. atkv. með þeirri brtt. Því fer fjarri, að „Rauðka" vilji nokkuð ásælast þetta mál. Dagskrártill. mín er fram komin fyrir það eitt, að málið er í rannsókn hjá ríkisstj. Því er gersamlega ótímabært að vilja afgr. þetta mál á þessu stigi, enda er það svo, að frv. þetta gengur mikið styttra en þörf er á, og ég get ekki betur skilið en að ástæðan fyrir því, að hv. sjálfstæðismenn sækja svo fast að koma frv. fram, hljóti að vera sú, að flm. frv. er úr þeirra flokki. Það er áður viðurkennt í þessari hv. d., að sú rannsókn á þessu máli, sem stj. hefir

verið falin, sé nauðsynleg, og get ég ekki annað skilið en að hv. d. verði sjálfri sér samkvæm í því efni, er til atkvgr. kemur.

Hvað það snertir, að þetta mál sé ekki pólitískt, þá hefir það sýnt sig áður, að lánveitingar úr opinberum sjóðum geta verið pólitískar, og nægir í því sambandi að nefna hið fræga Hlaðgerðarkotsmál. Slík dæmi benda ótvírætt til þess, að full þörf sé á því fyrir stjórnmálaflokkana að hafa þátttöku í eftirlitinu.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Ef dagskrártill. hv. 2. þm. Reykv. verður felld, kemur til atkv. brtt. mín á þskj. 882. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þessa brtt., því ég gerði grein fyrir henni í gær, en hún er um það, að gefa fjmrh. heimild til að setja reglugerð um ávöxtun opinberra sjóða, sem tryggi það, að sjóðirnir séu alltaf ávaxtaðir á sem öruggastan hátt. Ég tel því alvel sjálfsagt, að brtt. þessi verði samþ., ef frv. þetta verður að l.

En úr því að ég stóð á fætur, skal ég taka það fram, að ég ætla að greiða atkv. með dagskrártill., vegna þess, að felldar voru þær brtt., sem ég bar fram við frv. við 2. umr. Ef þær hefðu verið samþ., þá taldi ég frv. það bætt, að sómasamlegt væri að gera það að l. En í þeim búningi, sem frv. er nú, tel ég það svo lítilsvert, að ekki sé rétt að samþ. það, heldur eigi það að bíða.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Það mun vera sameiginlegt með okkur hv. 2. þm. Reykv., að við látum það ekki spilla fylgi okkar við mál, þó aðrir flytji en okkar eigin flokksmenn, og hygg ég því, að honum sé rétt að deila vægilega á mig í þessu efni. Ætti honum því að vera ljúft að fylgja þessu frv. þrátt fyrir það, þó það sé flutt af andstæðingi, þar sem jafnaðarmenn hafa verið fylgjandi þessu máli á undanförnum þingum, eins og hann lýsti í ræðu sinni. Svo undarlega bregður þó við, að hann kveðst nú ætla að tefja fyrir þessu frv. með því að greiða atkv. með dagskrártill. Sú skýrslusöfnun, sem hann minntist á, getur ekki réttlætt þá afstöðu eða dregið úr þörf þeirrar endurskoðunar, sem frv. mælir fyrir um. Í sambandi við þá lánveitingu, sem hann nefndi og taldi verið hafa pólitíska, þá vil ég taka fram, að það er ekki rétt. Sú lánveiting var ekki pólitísk, þó hún væri gerð að pólitísku máli í sambandi við þann ráðh., sem veitti þetta lán.

Um brtt. hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. ætla ég að gera það tilboð, að greiða fyrir samþ. þeirra hér í hv. d., ef hv. flm. vilja tryggja mér það, að frv. nái fram að ganga í hv. Ed., en vilji þeir það ekki, þá beiti ég mér gegn þeirra brtt.

Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir framkomu hv. 1. landsk. í þessu máli. Fyrst skrifar hann undir nál. um að samþ. frv., en þegar dagskrártill. kemur fram um að vísa málinu frá, þá kveðst hann muni samþ. hana. Sú grein, sem hann gerði fyrir þessari breyttu afstöðu sinni, var lítt skiljanleg, en hann hefði getað komið með aðra grg., sem allir hv. þdm. hefðu skilið, og það eru þau rök, að hv. 2. þm. Reykv. bæri till. fram. Það hefðu allir getað skilið. Hv. þm. hefir með undirskrift sinni lagt til, að frv. verði samþ., með yfirlýsingu sinni hefir hann lagt til, að það verði fellt; nú skora ég á hann að taka einn snúninginn enn, þegar að atkvgr. kemur, og þá með handauppréttingu að samþ. frv. Það er ekkert óheiðarlegt fyrir hann að láta að síðustu skoðanirnar ráða.

**Sigurður Kristjánsson:** Þegar hv. 2. þm. Reykv. flytur brtt. um að fjölga eftirlitsmönnunum í þrjá, held ég, að hann hafi ekki athugað það, að í 2. gr. frv. er svo fyrir mælt, að stjórnir þessara sjóða séu skyldar til að gefa árlegar skýrslur til eftirlitsmannanna um hag sjóðanna, og að eftirlitsmennirnir geti krafizt frekari skýrslna, ef þeim sýnist, og stjórnir sjóðanna séu skyldar til að svara fyrirspurnum eftirlitsmannanna, annars eða beggja, um allt, sem þeir vilja vita viðvíkjandi meðferð sjóðanna. Með þessum ákvæðum skilst mér, að það sé tryggt, að engar misfellur eigi að vera hægt að fela í sambandi við meðferð sjóðanna, þó að ekki sé eftirlitsmaður fyrir hvern pólitískan flokk í þinginu, þar sem öllum spurningum verður að svara, hvort sem annar eftirlitsmaðurinn eða báðir bera þær fram. Ef hv. 2. þm. Reykv. hefir ekki sézt yfir þessi ákvæði 2. gr., er hann samdi sínar brtt., þá skil ég ekki, hvað vakað hefir fyrir honum, nema ef vera kynni það, sem stendur í 5. gr. frv., að eftirlitsmenn skuli árlega fá þóknun fyrir starf sitt, er greiðist úr ríkissjóði, og þar stendur, að fjmrh. skuli ákveða þá þóknun. Það getur skeð, að þetta hafi haft áhrif. En þrátt fyrir þetta ætla ég ekki að fylgja þessari brtt.

Um brtt. hv. 1. landsk. held ég, að sama máli sé að gegna og með brtt. hv. 2. þm. Reykv., að hv. flm. þessarar brtt. hafi ekki lesið 3. gr. frv. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Nú þykir eftirlitsmönnum athugavert við fjárgæzlu sjóðs eða brotin skipulagsskrá hans, og ber þeim þá að tilkynna það fjármálaráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði hrundið í lag, sem ábótavant kann að vera.“ Í þessari gr. eru ákvæði um sama efni og felst í brtt., og er það tryggt með þessari gr., að ráðh. hafi vald til þess að gera þær ráðstafanir, er geri fjárgæzluna örugga. Ég held þess vegna, að till. þessi sé óþörf og mundi verða einskonar líkþorn á frv., ef samþ. yrði. Ég álít þess vegna, að ekki sé rétt, að hún hljóti samþ. Frv. þetta tel ég þarflegt og mun greiða því atkv. Þar af leiðandi greiði ég að sjálfsögðu atkv. gegn dagskránni frá hv. 2. þm. Reykv. Ég get ekki stillt mig um, þó þetta mál sé ekki persónulegt, að láta í ljós undrun mína yfir því, að hv. 1. landsk. skuli ætla að greiða atkv. með dagskránni. Ég fæ ekki séð, hvernig hann fer að því í einu að samþ. mál og að vísa því frá. Ég held, að þetta hljóti að stafa af því, að þessi hv. þm. hafi komið of nærri því virðulega sköpunarverki, sem kallast Rauðka, og hafi fyrir það freistazt til að hverfa frá sinni skoðun. Kemur mér í huga frásögn Snorra um byggingu borgarveggja Ásgarðs. Goðin höfðu gert samning um það við mann einn, er til þess bauðst, að hann skyldi byggja borg-

armúrinn. Skyldi hann ljúka verkinu fyrir fyrsta sumardag þann næsta, en missa verkalaunanna, ef hann fengi ekki lokið verkinu á tilsettum tíma. Smiðurinn beiddist þess, að hann mætti hafa lið af hesti sínum, þeim er Svaðilfari hét, og samþykktu goðin það. Tók nú smiðurinn til starfa og vannst verkið skjótt, en þó var það miklu meira, sem hesturinn vann en smiðurinn, og undruðust goðin, hve miklu sá hestur orkaði. Og er leið að sumarmálum, sáu goðin, að smiðurinn mundi fá lokið borgarsmíðinni á tilsettum tíma. Tóku þau þá með sér ræðu um það, hver því hefði valdið, að smiðnum var leyft að hafa lið af hestinum, og kom öllum ásamt, að því hefði Loki valdið. Var það því dæmt, að hann skyldi setja ráð til þess, að smiðurinn yrði af smíðakaupinu. Loki brá sér þá í líki Rauðku og rann í nánd hestinum og til skógar. En er hesturinn skildi, „hvat hrossi þat var", þá trylltist hann og sleit af sér aktygin.

Nú ætla ég, að hv. 1. landsk. hafi farið svipað og Svaðilfara. „Rauðka" hefir komið of nærri hönum, og hann hefir kennt, „hvat hrossi þat var", og því hefir hann nú slitið af sér sannfæringuna og gengið frá fyrri orðum sínum.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Ég þarf ekki að svara hv. 6. þm. Reykv. mörgum orðum, en ég vil benda honum á það, að það er algerður misskilningur hjá honum, að í 3. gr. felist það, sem borið er fram í viðaukatill. minni, og er það einmitt höfuðgalli frv., að fjmrh. hefir ekkert vald yfir sjóðunum. Þess vegna kemur það eins og skollinn úr sauðarleggnum í 3. gr., þegar talað er um, að fjmrh. skuli gert aðvart, er misfellur finnast á meðferð sjóðanna, og síðan eigi hann að gera ráðstafanir til þess að lagfæra það, sem aflaga fer. En fjmrh. er hvergi í frv. gefið neitt vald eða nein heimild til þess að skerast í þau mál. Hér er því um fullkominn misskilning að ræða hjá hv. þm. (GÞ: Hver hefir þá umráð yfir sjóðunum?). Það eru langoftast skipulagsskrár sjóðanna, sem kveða á um það.

Um það frumlega tal hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K. um afstöðu mína til dagskrártill. hv. 2. þm. Reykv. skal ég ekki ræða. Þeir halda því fram, að ég hafi skipt um skoðun við það, að foringi minn hafi borið fram þessa dagskrá. Ég skal í því tilefni taka það fram, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, og í sambandi við þann fyrirvara flutti ég brtt., sem umsteyptu frv., og var fyrirvari minn miðaður við það, að brtt. yrðu samþ. En þetta mistókst. Af því leiðir það, að ég tel mér rétt að greiða atkv. með hinni rökst. dagskrá.

Ég ætla, að hv. þm. skilji þetta, þó hann vilji ekki skilja það og sjái ástæðu til að færa þetta út á annan veg heldur en rétt er. Og ég vildi þá mega spyrja hv. þm., í hverju er fólginn fyrirvari um undirskrift nál., ef ekki í því, að maður áskilji sér rétt til breyt. Og ef manni er ekki sama um, hvernig þeim brtt. reiðir af, getur svo farið, að maður sjái ekki ástæðu til að vera með framgangi málsins. Í fyrirvaranum felst sú forsenda, að maður fylgi málinu, ef þær breyt. komast fram, sem maður telur nauðsynlegar. Þetta er svo auðskilið mál, að ég ætla, að báðir þessir hv. þm. skilji það, þó þeir vilji ekki svo vera láta.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég ætla ekki að tefja umr. um þetta mál, en aðeins leggja fram skrifl. brtt. við þskj. 676, samkv. bendingu hv. 6. þm. Reykv.

Viðvíkjandi þeim orðum, sem hv. þm. G.-K. beindi til mín, þess efnis, hvort það tefði ekki málið í Ed., ef þessar brtt. mínar og samflokksm. míns yrðu samþ., verð ég að lýsa yfir því, að ég get ekkert um það fullyrt. Ég hefi ekki talað við samflokksmenn mína þar, en ég vænti þess, að þeir hindri ekki afbrigði og tefji ekki málið. Vona ég, að hin rökstudda dagskrá verði samþ.

**Forseti (JörB):** Ég get þess, áður en umr. lýkur, að ég álít ekki þörf þessarar skrifl. brtt., því að ef brtt. hv. 2. þm. Reykv., verður samþ., þá leiðir þetta af sjálfu sér, því að þá er ekki nema um „redaktionella" breytingu að ræða.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin frá 2. þm. Reykv. felld með 17:13 atkv.
Brtt. 880 samþ. með 17:14 atkv.
— 882 samþ. með 18:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 902).

Á 67. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 922).

## 75. Einkasala á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

Á 13. fundi í Ed., 17. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum og efni til raflagna** (þmfrv., A. 103).

Á 16. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Ed., 20. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Eins og hv. þdm. hafa séð, hefir meiri hl. fjhn. flutt frv. þetta eftir tilmælum hæstv. fjmrh.

Ég vil strax taka það fram, að nm. hafa áskilið sér rétt til að hafa óbundnar hendur í einstökum atriðum frv.

Þetta mál er talsvert umfangsmikið og grípur mjög inn í verzlunarreksturinn eins og hann er nú. Ég álít, að frv. stefni í rétta átt, þó að ég hinsvegar viðurkenni, að talsverðan undirbúning þurfi að gera áður en öllu, sem frv. ræðir um, verði komið í framkvæmd. Það fer fram á að taka einkasölu á þeim vöruflokkum, sem um getur í 1. gr. frv., og innflutningur á þessum vörum skiptir nú millj. kr. árlega. Frv. fylgir nokkurt bráðabirgðayfirlit um innflutning þessara vöruteg. árið 1933, og eru þar taldar vörur fyrir rúmar 2 millj. kr. Í þetta yfirlit var þó ekki hægt að ná mótorum til báta og skipa, sem að verði munu nema nokkrum hundr. þús. kr. Þetta frv. má því segja, að grípi yfir innflutning upp á talsvert hátt á 3. millj. kr. árlega, ef ekki meira.

Kost þessarar einkasölu tel ég það, að með henni er hægt að tryggja það, að alltaf séu til fyrirliggjandi hæfilegar birgðir af hverri vöruteg. og hæfilegar tegundir. Með þessu mætti og standandisera bifreiðar og mótorvélar og gera ódýrari fyrir notendur og einfaldara að útvega varahluti.

Ég man ekki, hver ódæmafjöldi er nú til af bifreiðateg. hér á landi. Þeir, sem hafa verið svo ólánssamir, að kaupa þær teg. af þeim, sem fátt er til af í landinu nú, eiga mjög erfiða aðstöðu um að ná í varahluti til þeirra. Eigendur þeirra bifreiða verða oft að bíða mánuðum saman eftir varahlutum í þær frá verksmiðjunum. M. a. er hægt að komast hjá þessum ókostum með einkasölu, að því er snertir bifreiðar og e. t. v. einnig um vélar í báta, sem svipað er hægt að segja um og bifreiðar. Hingað til lands hafa verið fluttar ýmsar teg. af þeim, sem svo hafa reynzt misjafnlega. Það hefir því miður of mikið verið gert að því, og með lítilli fyrirhyggju, að kaupa vélar, sem ekki er hentugt að nota af greindum ástæðum, og sala þeirra hefir of oft farið eftir dugnaði seljenda til að koma þessum hlutum inn á menn. En ef ríkið hefði einkasölu á þessum hlutum, mundi það hafa allmiklar birgðir af varahlutum til þeirra, svo að tiltölulega stuttan tíma þyrftu menn að bíða eftir vélahlutum, sem þá vantaði. A. m. k. þyrftu þeir ekki að bíða mánuðum saman eftir þessum hlutum frá útlöndum.

Oft hefir áður verið rætt um það, að leyfa aðeins innflutning á fáum tilteknum teg. bátamótora. Ég álít, að ríkið eigi að stefna að því að taka sölu þessara véla í sínar hendur. Hitt er annað mál, að til þess þarf talsverðan undirbúning og til þessa undirbúnings hæfa menn.

Meðal þeirra vara, sem hér er um að ræða, eru vörur, sem ekki eru að öllu leyti þarfar. Þó að rafmagnsáhöld séu nauðsynleg, eftir því sem notkun rafmagns eykst, þá er þó munur á verði þessara áhalda. Sum þeirra eru einföld og ódýr, en önnur líka dýr og fín, sem ekki eru fyrir aðra en efnað fólk. Á þessum tímum, þegar þarf að spara innflutning til landsins, ber þess einnig að gæta, að ekki sé keypt annað en það, sem landsmenn hafa efni á að nota. Ríkið getur haft hæfilegan „lager" af rafmagnsáhöldum í landinu. En ég ætla, að þegar margir kaupmenn og heildsalar flytja inn þessa hluti, þá muni vera óþarflega mikið af fé landsmanna bundið í birgðum af þessum vörum.

Þetta er svipað og með tóbakssöluna, áður en tóbakseinkasalan tók til starfa. Áður en hún tók til starfa, voru birgðir af þeirri vöru miklu meiri en á eftir. Einkasalan varð því m. a. til þess, að minna af fé landsmanna var bundið í þessari vöruteg.

Ennfremur mundi ríkið vafalaust geta fengið betri lánskjör erlendis en einstakir menn, og er það kostur við þetta fyrirkomulag.

Það, sem e. t. v. mætti finna að frv., er, að það sé óþarflega yfirgripsmikið og í því of rífar heimildir handa ríkisstj., um að hún geti, hvenær sem hún sér sér fært, tekið þessa verzlun í sínar hendur, og að ekki ætti að veita þessar heimildir fyrr en undirbúningur hefði verið gerður. En ég álít, að þessar heimildir þurfi stj. að hafa, til þess að hún, áður en hún hefst handa um undirbúning, geti verið viss um, að hún geti notað þann undirbúning og fái þetta vald.

Ég geri ráð fyrir, að við flm. frv. tökum liðlega í till. um breyt. og lagfæringar á því, og teljum það rétt, að ríkið taki í sínar hendur verzlun með þessar vörur, svo að hún fari vel úr hendi, þegar nauðsynlegur undirbúningur hefir verið gerður.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ríkissjóður þurfi að binda mikið af eigin fé í slíku fyrirtæki, heldur býst ég við, að stj. muni ekki takast verr að fá lán til þessara hluta heldur en kaupmönnum. Ríkissjóður hefir ekki bundið neitt fé í fyrirtæki eins og tóbakseinkasölunni.

Ég mæli með því, að frv. gangi til 2. umr. N. hefir í heild sinni lesið frv. yfir, þó að kannske megi segja, að hún hafi ekki athugað það nægilega enn. En ég álít, að ekki þurfi að vísa því til n. aftur, heldur munu flm. þess halda áfram að athuga það og taka til greina leiðbeiningar því viðvíkjandi.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég var ekki meðnm. mínum sammála um að taka mál þetta til flutnings. Ég býst við, að flestum hv. þdm. sé svo kunn mín afstaða til slíkra mála sem þessa máls, að ekki sé neinn undrandi yfir því.

Mér virtist hreyfa sér nokkurskonar hrollur, jafnvel hjá hv. 4. landsk., út af því, að ríkið fengi svo ákaflega yfirgripsmikla heimild um einkasölu eins og í frv. er gert ráð fyrir, og þá geta menn skilið, að ég muni ekki vera hrifinn af frv.

Það eru til tvö stig viðvíkjandi slíkum einkasölum. Annað stigið er það, að ríkissjóður taki verzlun með einstakar álagningarmiklar og ónauðsynlegar vörur í sínar hendur til tekjuauka, því að sumir álíta, að ríkissjóður hafi drýgri tekjur af að verzla með þær heldur en að taka toll af þeim. Með þessari aðferð geta verið menn, sem ekki eru þó með einkasölu yfirleitt, af þeirri ástæðu, að þeir álíta þetta hentuga aðferð til skattaálagningar. Hitt stigið er þessi sannfæring um, að ríkið eigi að taka þennan atvinnurekstur í sína þjónustu, þ. e. a. s., að það eigi að þjóðnýta verzlunina eins og hvað annað. Mér virðist, að hér í þessu frv. sé um

þetta síðarnefnda stig að ræða, því að hér er að langsamlegum meiri hluta um nauðsynjavörur að ræða, svo sem mótorvélar, sem allar eru nauðsynlegar, og bifreiðar, sem að langmestu leyti eru nauðsynlegar líka. Ýmiskonar rafmagnsvélar, rafmagnsáhöld og efni til raflagna eru líka nauðsynjavörur. Í frv. er því alls ekki um að ræða vörur, sem láta má skeika að sköpuðu um, hvernig gengur með verzlun á.

Því er haldið á lofti, að það liggi til grundvallar þessu frv., að með því fyrirkomulagi, sem það gerir ráð fyrir, eigi að láta verzlunina fara betur úr hendi en hún fer nú. Miklu meira af ræðu hv. þm. gekk út á að reyna að sýna fram á þetta heldur en að halda því fram, að frv. væri flutt til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Ég er hv. þm. ósammála, af því að ef frv. á að vera til tekjuöflunar, þá vil ég bara segja það, að ég álít, að ríkissjóður muni ekkert græða á þessari verzlun, heldur sé það aðeins hugsunarvilla að halda það. Ég hefi oft deilt við fjmrh. um þetta, og þeir hafa ekki getað sannað mér annað en að þetta sé hugsunarvilla, af þeirri ástæðu, að ríkissjóður getur aldrei aflað neinna tekna af þessum vörum, nema með því að leggja á þær, á hvern hátt sem hann svo gerir það.

Það má lengi deila um það, hvort þessi eða hin tekjuöflunarleiðin sé ódýrust. Ríkissjóður mundi ekki græða á verzlun með þessar vörur í einkasölu annað en það, sem hann getur eins vel grætt á annan hátt, því að þegnar þjóðfélagsins verða hvort sem er að borga þennan gróða. Ríkissjóður getur því alveg eins tekið þennan gróða með skattaálagningu.

Hv. frsm. hefði ekki átt að vera svo kvíðinn eins og mér virtist hann vera, ef það er víst, að verzlunin með þessa hluti færi betur úr hendi hjá stj. heldur en kaupmönnum. En þó að ríkið tæki að sér alla utanríkisverzlunina, þá held ég, að hún mundi ekki fara vitund betur úr hendi.

Það, sem alltaf er nefnt í þessu sambandi, já, það er þessi glundroði. Glundroði. Það er sagt, að til landsins hafi komið margar teg. af þessum vörum, t. d. hafi af bifreiðum verið fluttar inn alls um 70—80 teg. En hvernig eiga nú landsmenn að fara að vita, hvaða teg. reynast hér bezt, nema með því að flytja inn margar teg.? Það er einkenni frjálsrar verzlunar, að mörg sýnishorn eru fengin og reynd, til þess að hægt sé að halda því bezta. Aftur á móti er það svo, að þegar einkasölur hafa komizt í einstök sambönd, þá verða menn að hafa sömu vöruteg., hvernig svo sem þær eru og jafnvel gömul model. Það skal allt fara í landslýðinn, sem búið er að kaupa inn. Með einkasölu er oft miklu fábreyttara vöruval um að ræða heldur en með frjálsri verzlun, og minna á boðstólum. Nýjar vörur koma auðvitað á sínum tíma, en ekki fyrr en hinar eru allar búnar.

Svo er ég nú ekki viss um, að með einkasölu takist að koma glundroðanum af. Ég hefi heyrt sagt, að forstjórar viðtækjaverzlunarinnar pöntuðu hvaða tegundir, sem óskað er eftir, þó að þeir hafi að vísu birgðir af vissum teg. Þá sé ég ekki annað en að hér komi það sama út. Menn fá þetta nú að því er snertir viðtækjaverzlunina, og ég geri ráð fyrir, að eins mundi það vera í einkasölu á þeim vörum, sem hér er um að ræða. Það aleina, sem mér skilst, að mundi vera frábrugðið í einkasölu á þessum vörum, er það, að einkasölufyrirkomulagið mundi spilla fyrir því, að menn gætu fengið varahluti í aðrar teg. en þær, sem einkasalan hefði á boðstólum, því að hún mundi ekki vera skuldbundin til að hafa fyrirliggjandi varahluti í aðrar vöruteg. en þær, sem hún flytti sjálf inn að meginhluta. Menn mundu þá þurfa að bíða lengi eftir varahlutum í þær vöruteg., sem fátt er til af í landinu, ellegar fá þá alls ekki.

Útkoman skilst mér því verða þessi, að ef einkasala á þessum hlutum kæmist á, þá fengi maður bara ríkisverzlunarglundroða í staðinn fyrir einkarekstrarglundroða. Hvort af þessu tvennu er bragðbetra, það skal ég ekki segja.

Hv. frsm. sagði það, sem oft er á minnzt, að í frjálsri verzlun sé óþarflega mikið fé bundið í vörubirgðum. Þetta getur vel verið. Hv. þm. upplýsti sjálfur, að af því væri allmikið lánsfé. En um leið og verzlanir binda mikið fé í vörubirgðum, þá er þar bara fest nokkuð af samanspöruðu fé landsmanna. Það er hluti af þjóðarauðnum, sem alls ekki er tapaður fyrir því. Ég sé ekki ástæðu til að ætla, að það sé svo mjög mikill skaði í því fólginn, þó að svo sé. Nú, þegar búið er að hafa innflutningshöft í nokkur ár, þá eru vörubirgðirnar hjá kaupmönnum ekki orðnar fjarskalega miklar í landinu. Þær eru nú farnar að mestu, kannske er eitthvað niðri við hafnarbakkann af óleyfilegum vörubirgðum. Menn fá t. d. yfirleitt ekki leyfi fyrir innflutningi á bifreiðum fyrr en á síðustu stundu.

Reynslan hefir verið sú allt frá gömlu einkasölunni til hinnar nýju, að verðlagið hefir ekki verið hentugt. Það er auðvitað ýmislegt, sem veldur því. Það er talið, að einkasalan muni geta gert góð innkaup. Ég efast um, að hún geti gert betri innkaup en einstaklingar. Það eru svo sterkar verzlanir, sem flytja inn þessar vörur, að þær hafa alltaf nóg af þeim teg., sem þær hafa umboð fyrir. Það eru því litlar líkur til þess, að innkaupskjörin verði betri. Það má líka benda á eitt enn, að forstjórar einkasölu munu ekki leggja sig eins í líma eins og kaupmenn, sem eiga fyrirtækin sjálfir. Með þessu vil ég ekki gefa í skyn, að þeir reki ekki verzlanirnar forsvaranlega, en þeir reka þær ekki af ýtrustu kröftum eins og kaupmenn gera. Og þó að eiginhagsmunahvötin sé kannske ekki beinlínis göfug hvöt, þá er það þó ein sterkasta hvötin hjá manninum. Og hún er ekki heldur neitt ógöfug, á meðan hún skaðar ekki aðra. — Það er líka einn ókostur við einkasöluna, að ef þessi síhungraða hít, ríkissjóðurinn, á að hafa ágóðann af verzluninni, þá freistast menn til að setja verðið óeðlilega hátt, því ríkissjóðurinn þarfnast alltaf meiri tekna. Ég hefi aldrei upplifað það, að ríkissjóður sé ekki í peningaþörf. Og þá er tekið það ráð, að hækka verðið, setja nýja tolla á o. s. frv., til þess að fá pen-

inga. Ég er viss um, að þegar búið er að stofna einkasölu, þá er gripið til þessa, til þess að afla peninga.

Enn er ótalinn sá ókostur, að þetta truflar viðskiptalífið í landinu. Fjöldi manna verður atvinnulaus. Þá vil ég spyrja, hvort þessar auknu einkasölur séu ekki óheppilegar fyrir gjaldeyrisverzlunina. Mér er sagt, að einkasölur séu óþægari í þessum efnum en einkafyrirtæki. Einkasölurnar þykjast eiga meira undir sér, og kaupa því inn, hvað sem líður gjaldeyrisleyfum. Þetta er ekkert óeðlilegt, því þetta eru ríkisstofnanir.

Í 4. gr. frv. er ætlazt til þess, að ríkið setji á stofn viðgerðarverkstæði fyrir bifreiðar og mótora. Bílaviðgerðir eru núna heilmikil atvinnugrein, og tugir manna, sem vinna við slíkt. Ef ríkið á að reka þessa atvinnu, þá verður að binda þar í mikið fé.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál. Ég vildi aðeins lýsa skoðun minni á því.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég ætla ekki að tefja umræður mikið í þetta skipti. Það var aðeins eitt atriði, sem ég ætlaði að tala um, og hefir nú lauslega verið drepið á það af hv. 1. þm. Reykv. Ég vil spyrja hv. flm. frv., hvað þeir hugsa sér með því ákvæði í frv., að stj. skuli leggja rekstrarfé til viðgerðarverkstæðis fyrir bifreiðar og mótora. Ég vil spyrja þá, hvað þeir gera ráð fyrir, að verkstæðin eigi að vera stór, og hvort þau eigi að vera víða um land. Ef hér á að framkvæma einkarekstur einnig á verkstæðum þessum, þá þurfa þau að vera víða um land. Ég vildi aðeins fá umsögn um það, hvort verkstæði ættu bara að vera í Rvík. Það hefir ekki lítið að segja fyrir fjárhagsáætlunina, hvort þau eiga að vera víðar, eða hversu fullkomin þau eiga að vera. Ég ætla svo að láta þetta nægja og ekki tefja umr. meira.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Það eru nokkur atriði, sem fram hafa komið við þessar umræður, sem ég vildi minnast á. Frv. er flutt að tilhlutun minni, svo það er eðlilegt, að ég drepi á nokkur atriði, sem borin hafa verið fram gegn frv. Mér finnst ekki ástæða fyrir okkur hv. 1. þm. Reykv. að deila hér um það hvort það er hugsunarvilla eða ekki, að ríkið geti grætt á einkasölu. Það mál er svo ljóst, að ekki þarf að deila um það. Það, sem gerist, ef ríkið tekur verzlunina í sínar hendur, er það, að ríkið tekur til sín ágóða, sem áður rann til þeirra, sem verzluðu með vöruna. En ef varan er tolluð, þá er tollinum bætt við heildarálagninguna, en ágóðinn rennur eftir sem áður til hinna, sem með vöruna verzla, en með einkasölu rennur ágóðinn í ríkissjóð í stað einstakra manna. Þetta ætti að vera fullskýrt hverjum manni.

Að hér sé um æðra stig einkasölu að ræða, er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv. Það er hægt að reka einkasölu með tvennt fyrir augum, bæði að fá ágóðann og skipuleggja vöruna. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að þetta er ekki eingöngu gert í tekjuöflunarskyni, heldur líka með það fyrir augum, að skipuleggja verzlunina. Að þessu leyti er þetta hliðstætt viðtækjaverzluninni. Ég vil upplýsa í þessu sambandi, að samkv. þskj. frá 1932 um svipað efni, þá eru 74 teg. bifreiða í notkun hér á landi, og 47 teg. af mótorvélum. Það er auðvitað mikið tjón að þessu, því að þá er þörf stórra birgða af varahlutum, og nú er óþægilegt að afla þeirra nema til algengustu tegunda.

Hv. 1. þm. Reykv. benti á, að upplýst væri, að viðtækjaverzlunin útvegaði tæki, sem beðið væri um. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt. En þó að þetta sé svona, þá er þó mikill munur á því, að leyfa hvaða verzlun sem er, að bjóða almenningi eina teg. fram yfir hinar og reyna að fá hann til þess að kaupa hana, eða einkasölu, sem hugsar um að hafa eingöngu hin beztu tæki til og halda þeim að kaupendunum, þó hún neiti ekki að panta önnur tæki, ef menn vilja þau heldur. Það er mikill munur á því, hvort því er eingöngu haldið að kaupendunum, sem bezt reynist, eða þeim er boðin hvaða teg. sem er, og jafnvel líka þær, sem reynast illa.

Þá talaði hv. þm. um það, að einkasalan myndi hækka verðið. Ég get nú t. d. bent á það, að verð viðtækjaverzlunarinnar er hagstæðara en hjá samskonar fyrirtækjum annarsstaðar, t. d. í Danmörku. Það er því ekki hægt að ásaka hana um okur. Ef um nauðsynjavarning er að ræða, þá hamla kröfur almennings því, að reynt sé að hafa ágóðann óhæfilega háan. Það er á valdi Alþ. að hindra það, ef of langt er gengið í þeim efnum.

Viðvíkjandi fyrirspurn um það, hvað átt væri við með 4. gr., þar sem talað er um viðgerðarverkstæði, skal ég geta þess, að það er talið líklegt, að bezt muni henta, ef einkasala er sett á stofn, að tök séu á að gera við bifreiðar hjá einkasölunni. En þetta hefir ekki verið hugsað í stórum stíl, og er jafnframt gert ráð fyrir öðrum verkstæðum. En þetta má auðvitað taka til athugunar síðar.

Þá vil ég minnast lítillega á það, hvort það er óheppilegt vegna gjaldeyrisráðstafana, að setja á stofn einkasölu. Ég get ekki séð, að sú áhætta sé fyrir hendi hvað snertir þetta frv. Og það er vegna þess, að það er ekki svo mikil álagning á þessar vöruteg., að ríkissjóður freistist til óeðlilegra gjaldeyrisviðskipta.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta, en tek að lokum undir þá ósk frsm., að málinu verði vísað áfram, án þess að það fari til nefndar.

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Það er nú liðin heil helgi síðan við hv. 1. þm. Reykv. áttum tal saman um þetta mál hér í d. Þá varpaði hann fram þeirri spurningu, hvort ekki væri réttast að taka alla utanríkisverzlunina undir ríkisrekstur, fyrst stigið væri svo stórt spor sem gert væri með þessu frv. Ég skal svara honum því, að ekki stendur á mér til að samþ. það, og ég vil vona hið sama um hv. 1. þm. Reykv., úr því hann hefir nú komið með uppástungu um þetta, hvort sem það er í spaugi eða alvöru. En

það er annað, sem til þarf. Það þarf mikinn undirbúning áður en slíkt kemst í framkvæmd, bæði útvegun hæfra manna til þess að veita forstöðu svo stórvöxnu fyrirtæki, húsnæði og annað slíkt, sem þarf að undirbúa áður.

Ég hefi haldið því fram sem röksemd fyrir einkasölu almennt, að gjaldeyrir myndi sparast, hægt að liggja með minni vörubirgðir, og hafa til sölu þær vörur einar, sem reynslan hefir sýnt, að koma að beztu gagni, og má í því sambandi sérstaklega nefna bifreiðar og bátamótora, þar sem afarmikill glundroði ríkir nú í verzlun með þær vöruteg. En hv. 1. þm. Reykv. er á öðru máli. Honum finnst glundroðinn ágætur. Hann segir, að frjálsa verzlunin dragi að sér sýnishorn úr öllum löndum. Mér finnst það nú vera í fullstórum stíl og megi spara sér ýmislegt í því sambandi. Ég get fallizt á, að ríkisverzlunin yrði fábreyttari, einungis af því að þá kæmi ekki til greina allt það rusl, sem hrúgast á markaðinnu í hinni frjálsu verzlun. Ég lít á það sem kost. Annars er reynslan til vitnis um það, að ríkisverzlanir hafa ekki á boðstólum verri vörur en í frjálsri verzlun. Hv. 1. þm. Reykv. hefir orðið að játa, hvað snertir verzlunina með viðtæki, að þar væru ávallt til hæfilegar birgðir og miðaðar við þarfir. En að vísu væri pantað þar eftir óskum manna. Slíkt verður vitanlega að fara eftir því, um hvaða vöruteg. er að ræða. Það er minna tjón, að liggja með miklar birgðir margra teg. af viðtækjum en bifreiðum og bátamótorum, sem útheimta mikla og dýra varahluti. Það er t. d. ekki hægt að bera saman bollapör og bifreiðar. Menn geta drukkið úr hverskonar bollum sem er með sama árangri, en um notkun bifreiðanna gegnir allt öðru máli. Ég hefi hlýtt á kvartanir þeirra manna, sem neyðzt hafa til þess að kaupa bifreið, e. t. v. einustu bifreiðina þeirrar teg., sem hér hefir verið til, og svo þegar eitthvað bilar, verða þeir að velja um tvo kosti: Bíða svo og svo lengi, unz hægt hefir verið að afla varahlutanna eftir óratíma, eða taka varahluti, gerða fyrir aðrar teg., laga þá til og nota síðan, til stórtjóns og skemmda fyrir bifreiðina. Hina sömu sögu má segja um bátamótora. Það getur því enginn sagt, að einu gildi, þótt allar þessar teg. séu í hrærigraut á markaðinum. Það má að vísu segja, að það geri minna til, þótt margskonar teg. útvarpstækja sé um að velja, en ég tel bráðnauðsynlegt að standardisera bátamótoranotkunina.

Hv. 1. þm. Reykv. hélt, að ríkisverzlunin myndi ekki komast að hagfelldari kjörum vegna þess, að hún myndi ekki selja meira af bifreiðum en nú væri gert, t. d. fyrir General Motors, Ford o. s. frv. Auðvitað eru duglegir menn fyrir þessi fél. hér, en ég efa ekki, að ríkið eigi líka kost á mjög hæfum mönnum til þessara starfa. Það hefir sýnt sig, að þeirra er völ. Og hvað innkaupin snertir, mætti vafalaust komast að hagfelldari kjörum með því að kaupa í stærri stíl frá fáum verksmiðjum, sem þá myndu eðlilega sjá, að betur borgaði sig að selja meira og slá heldur af verðinu, þar sem salan væri alveg viss, að svo miklu leyti sem landsmenn notuðu bifreiðar. Og ég geri fastlega ráð fyrir því, að af þeim samgöngutækjum, sem nú eru þekkt, séu bifreiðar okkur fyrst og fremst hentugar, og að í okkar fólksfáa landi verði ekki horfið að notkun járnbrauta.

Hv. 1. þm. Reykv. er þeirrar skoðunar, að eiginhagsmunahvöt kaupmannanna sé þess valdandi, að í þeirra höndum hljóti verzlunin að fara betur en hjá ríkinu. Ég fæ ekki betur séð en að eiginhagsmunahvötin komi fyllilega til greina hjá forstjórum ríkisstofnana. Þessir forstjórar eru ekki óafsetjanlegir embættismenn. Þeir hafa verið ráðnir með því skilyrði, að þeim mætti segja upp með stuttum fyrirvara, ef þeir ekki standa vel í sinni stöðu. Þeim má því vera kappsmál, að neytendur vörunnar séu ánægðir með stj. fyrirtækisins, svo að ekki þurfi þar um að kvarta. Sú hætta er náttúrlega til, sem hv. þm. minntist á, að ríkissjóðurinn, sem er svo hungraður í peninga nú á tímum, vilji hækka verulega álagninguna á þeim vörum, er hann hefir einkasölu á. En ef við tökum t. d. tóbaksvörur, sem einkasala er á hér á landi, þá hygg ég, að ekki sé eins hátt verð á þeim hér hjá okkur eins og víða í nágrannalöndunum er á innfluttum tóbaksvörum. Ég veit t. d., að erlendar sigarettur í Danmörku eru miklu dýrari en hér. (JAJ: Er ekki tollurinn líka hærri?). Það er ekki mikill munur á því, þegar allt kemur til alls, hvort tekjurnar eru teknar sem tollur eða verzlunarálagning. En í Danmörku er lagt svona mikið á þessa vöru, að verðið er miklu hærra en hjá okkur. (MG: Heldur hv. þm. virkilega, að tóbaksvörur séu dýrari í Danmörku en hér?). Nú ætlar hv. 1. þm. Skagf. að fara að pexa. Hann hlýtur að hafa heyrt, hafi hann ekki troðið bómull í eyrun, að ég sagði, að erlent tóbak væri miklu dýrara í Danmörku. (MG: Það kemur bara ekkert þessu máli við). Ég gefst alveg upp við að svara hv. 1. þm. Skagf., þegar hann byrjar að pexa um smámunina. Það er ekki alltaf hægt að elta hann inn á allar þær krókagötur, sem hann fer, þegar hann byrjar að snúa út úr málunum. En hv. þm. getur sannfært sig um þetta atriði, bara ef hann vill.

Þetta frv. snertir gjaldeyrisspursmálið að því leyti, að það gerir kleift, ef að l. verður, að liggja með minni birgðir en nú er gert. Því vil ég hinsvegar ekki neita, að ríkissjóður kunni að hafa ástæðu til að neita um gjaldeyri til annara vörukaupa en þeirra fyrst og fremst, sem hann hefir einkasölu á og tekjur af, eins og t. d. er um tóbak og vín. En ef um alvarlegar fjárhagsþrengingar er að ræða, eins og nú virðist vera, kemur auðvitað að því, að fé verður að takmarka til kaupa á þessum vörum, og þá eru hæg heimatökin hjá ríkissjóði að takmarka innflutninginn, ef þeir alvarlegu hlutir, sem óneitanlega liggja nú fyrir, koma til framkvæmda, t. d. takmörkun á sölu fiskjarins. Meðan við erum að finna aðrar leiðir fyrir framleiðsluvörur okkar, er ekki nema um það að velja, annaðhvort að takmarka innflutning til landsins eða láta ísl. krónuna falla í verði og fylgja eftirspurninni. Þetta eru hlutir, sem athuga þarf af stj. eða hæstv. fjmrh. og öðrum þeim, sem með þessi mál fara, og þurfa þeir að gera upp við

sjálfa sig, hvort ekki sé æskilegra að takmarka innflutninginn. Ríkisstj. og þingmeirihlutinn hefir raunar ráðizt í það fyrr, þ. á m. hv. 1. þm. Skagf., að takmarka innflutning til landsins, þótt ríkið hafi ekki haft þær vörur í einkasölu. (MG: Þetta er ný upplýsing). Á því er enginn eðlismunur, að takmarka vörur, sem ríkið verzlar með og fær álagningarágóða af, eða takmarka vörur, sem verzlað er með í frjálsri verzlun og ríkið fær tolltekjur af.

Þá er ein fyrirspurn, sem komið hefir fram viðvíkjandi sérstöku ákvæði í 4. gr. frv., en hæstv. fjmrh. hefir raunar svarað henni. Þetta er einungis öryggisákvæði um viðgerðarverkstæðin, ef þau verkstæði, sem nú eru starfandi, t. d. í sambandi við umboðsmenn bifreiðaverksmiðjanna erlendu hér, hættu eða vildu ekki taka til viðgerðar þær bifreiðar, sem keyptar væru hjá ríkiseinkasölunni, þá geti ríkið sjálft sett upp slík viðgerðarverkstæði, en það mun ekki vera ætlunin að gera að svo stöddu, nema brýna nauðsyn bæri til. Tel ég sjálfsagt, að þessi öryggisheimild felist í frv.

Ég tel mig þá hafa svarað aðalaths., sem fram hafa komið frv. viðvíkjandi. Við hv. 1. þm. Reykv. verðum auðvitað aldrei sammála um stefnuna í þessum málum. Hann heldur fram hinni svo kölluðu „frjálsu“ verzlun, sem alls ekki er nú frjáls, en ég er þeirrar skoðunar, að ríkið eigi að hafa mjög hönd í bagga með verzluninni og taka að sér að verzla með allmargar vöruteg. Hv. þm. stendur enn á sama stigi og hinir svo kölluðu „fríverzlunarmenn“ stóðu, að vilja hafa allt sem frjálsast í þessum efnum. Hann hefir ekki lært mikið af því, hv. þm., að verið er nú að búast við, að takmörkuð verði kjötsalan okkar til útlanda, og e. t. v. vofa yfir allmiklar takmarkanir á sölu fiskjarins. Þótt við höfum ekki lengur frjálsan aðgang að höfnum erlendis til að selja þar fiskinn úr togurunum okkar og öðrum þeim skipum, sem flytja út nýjan fisk, þótt þjóðirnar í nágrannalöndunum girði sig hver í kapp við aðra allskonar verzlunar- og tollmúrum, þá heldur þm. því fram, að við eigum enn að hafa allt sem frjálsast hér hjá okkur. Hér á að vera „fríverzlun“, þótt hún sé að líða og liðin undir lok í flestum löndum heims. Þótt það sé að mörgu leyti illt að þurfa að viðhafa allar þessar hömlur, þá erum við nauðbeygðir til að dansa með. Það hafa aðallega verið menn úr flokki hv. 1. þm. Reykv., sem „fríverzluninni“ hafa verið fylgjandi, en þeir hafa margir hverjir játað, að henni er ekki unnt að framfylgja, a. m. k. hafa þeir einróma samþ. að banna innflutning á landbúnaðarafurðum, svo að nefnt sé dæmi. Í ræðu, sem form. Sjálfstfl. flutti í sumar eða haust, gat hann þess, að mig minnir, að við gætum ekki lengur hagað okkur í verzlunarmálunum á sama hátt og við hefðum gert. Takmarkanirnar yrðu að vera.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er eins um þessi einkasölufrv. og yfirleitt skattafrv. þau, sem hin nýja ríkisstj. flytur, að ekki virðist á annað vera litið en stundarhagsmuni ríkissjóðs. Það er ekki litið á hag og þarfir bæjar- og sveitarfél. eða einstaklinga, en allt miðar að því á þessum eymdarárum að þrautpína út einhverja peninga handa ríkissjóði. Menn munu áreiðanlega reka augun í það, að verið er að taka ávallt meira og meira af skattstofnum sveitar- og bæjarfél. handa ríkinu, þótt vitanlegt sé, og sérstaklega ætti hæstv. ríkisstj. að vera vitanlegt, að mörg bæjar- og sveitarfél. eru að komast í þá öngþveiti, að ríkissjóður hefir orðið að hlaupa undir bagga með allmörgum þeirra með skuldaeftirgjöfum svo tugum þúsunda og jafnvel hundruðum þúsunda nemur. Með þessu háttalagi er verið að tryggja ríkissjóði tekjur í bili, en hvað verður það lengi, þegar svo nærri er gengið, að sveitar- og bæjarfél. fá ekki nægilegar tekjur til nauðsynlegustu útgjalda. Það er mikil óforsjálni af sjálfri ríkisstj., sem á að hafa skilning á sveitarmálum, að fara þannig að. Það er auðvitað sjáanlegt, að ætla verður sveitar- og bæjarfél. einhvern hluta af þessum sköttum og tollum, sem ríkissjóður er þegar búinn að taka til sín, og ef svo á að fara að ganga einnig inn á þá braut, að taka verzlunarágóðann af einstaklingunum, hvar eiga þá sveitar- og bæjarfél. að taka sínar tekjur? Allt stefnir í þá átt, að gera sveitar- og bæjarfél. ómögulegt að halda uppi lögskilum. Ég veit, að í flestum bæjarfél. eru aðaltekjurnar fengnar af verzluninni. Þannig er það t. d. á Ísafirði, og mér er fullkunnugt um, að í mörgum öðrum bæjum er niðurjöfnun aukaútsvara þannig, að meginhluti þeirra lendir á verzlunarágóðanum. En þegar þær tekjur hverfa, hvar á þá að taka tekjur bæjarfél.? Ég tel það skyldu hæstv. ríkisstj., að sjá bæjar- og sveitarfél. fyrir nýjum tekjum, um leið og hún leggur út á þessa braut. Hér er ekki um annað að ræða en að ríkisstj. verður að gefa eftir eitthvað af því, sem hún þegar hefir tekið. Hjá bæjar- og sveitarfél. eru nú þegar megn vanskil hvað innheimtu aukaútsvara snertir, einungis af getuleysi til að greiða. Ríkið, það er ekki einasta ríkissjóður. Menn verða að athuga það. En viðvíkjandi verzlunarmálunum, ætti það að vera „princip“ stj., að stuðla að því, að neytendur gætu fengið innfluttar þær vörur, sem þeir þurfa að kaupa, sem allra ódýrast og hagkvæmast, og að ágóðinn af verzluninni lenti sem allra mest hjá innlendu verzlunarstéttinni. En ég tel ekki þetta frv., sem hér er borið fram, miða í þá átt. Hv. 4. landsk. segir, að það eigi að standardisera þessar vörur. Það eigi að kaupa örfáar teg. af bifreiðum og vélum. En hvað er með því verið að gera? Það er ekki hægt fyrir okkur að standardisera þar, sem við erum ekki framleiðendur. Árlega verða stórstígar framfarir á sviði þessarar framleiðslu, og erfitt að fylgjast með öllum þeim umbótum, sem eiga sér stað, en frv. þetta, ef að l. verður, útilokar, að við njótum lengur þess bezta fáanlega, með því að hafa hér einungis á boðstólum eina eða tvær teg. af þessum vörum. Við vitum, að ein verksmiðja, sem e. t. v. hefir skarað fram úr í smíði þessara véla um 4—5 ára skeið, getur verið komin langt aftur úr innan lítils tíma. Það er þess vegna óhugsandi að ná gæðastandard með höftum á innflutningi, og binda sig við fáeinar verksmiðjur. Bæði hæstv. ráðh., og eftir því sem mér skildist, einnig hv.

4. landsk., halda því fram, að það beri að útiloka umboðsmenn þessara verksmiðja hér. Þeir séu of margir, og ættu að fækka. Hvað kemur í staðinn? Auðvitað erlendir umboðsmenn, sem reyna að selja einkasölunni þessar vörur, og vel gæti farið svo, að þeir yrðu landinu drjúgum dýrari en hinir innlendu. Því að ágóði sá, sem innlendu umboðsmennirnir hafa haft, hefir verið skattlagður í þágu ríkis, sveitar- og bæjarfél., en umboðslaun erlendra manna koma til með að fara alfarið út úr landinu.

Hvað því viðvíkur, að koma eigi í veg fyrir, að of mikið fé bindist í þessari verzlun, þá get ég ekki álitið, að mikið fjármagn sé þar nú bundið. Ég veit ekki betur en að þær verksmiðjur, sem selja hér mest, eigi hér varahluti. Mér er kunnugt um tvær verksmiðjur, sem eiga hér varahlutaforða, og þegar verksmiðjur yfirleitt fara að selja nokkuð að ráði, munu þær eiga hér lager, og fá gjaldeyri einungis eftir því, hve mikið gengur út af vörunni. Það mun því verða líkt fjármagn bundið í verzluninni áfram eins og hingað til, þótt breytt væri um verzlunarform. Ég veit ekki til, að menn kaupi bifreiðar eða mótora til þess að liggja með.

Hv. 4. landsk. minntist á tóbakseinkasöluna og taldi, að við myndum hafa af henni hagnað og þægindi. Reynslan er ólýgnust í því efni. Þegar verzlunin með tóbak var aftur gefin frjáls í nokkur ár eftir einokunina, þurfti að leggja 10—12% aukalega á það tóbak, sem til var, ef fá átti einhvern hagnað af sölunni. Tóbakseinkasalan gerir vöruna dýrari fyrir neytendum, og samt næst ekki meiri hagnaður, þegar tollur og verzlunarágóði eru lagðir saman, heldur en tollurinn einn gaf áður. Hv. þm. sagði, að forstjórar ríkisfyrirtækjanna hefðu nú svo sem sprotann á sér með að standa vel í stöðu sinni. Ég veit ekki, hvernig hann hugsar sér þetta. Hann meinar sennilega þann sprota, að verzlunin sýni ágóða. Það er ósköp auðvelt í framkvæmd, þar sem enginn er keppinauturinn og leggja má á vöruna eins og þurfa þykir. Vöruna er hægt að selja svo dýrt, að gefa þurfi fyrir hana 50—70% meira en í frjálsri verzlun, og sú hefir reynslan orðið af þeim ríkisverzlunum, sem við höfum haft hér. Hinsvegar getur enginn risið upp og sagt: Þessi vara er seld óhæfilega háu verði, af því að ekkert er til samanburðar. Að blanda hér inn í gjaldeyrismálinu, er auðvitað gert til þess að tina eitthvað fram frv. til gildis. Flm. er kunnugt um, að kaupendur varanna óska síður en svo eftir einkasölu. Það er ég sannfærður um.

**Magnús Guðmundsson:** Það væri synd að segja, að maður fengi miklar upplýsingar hjá hæstv. stj. um þetta mál, sem er þó ekkert smámál. Í frv. er ekki vikið að því einu orði, hve mikið eigi að leggja á þessar vörur, og heldur ekki, hve mikilla tekna má vænta af þessari einkasölu. Um þetta tvennt vildi ég gera fyrirspurnir til hæstv. fjmrh. Hann er nú raunar ekki í d. nú sem stendur, en það er sennilega sama, þó að spurningunni sé beint til hv. 4. landsk., því að hann veit vafalaust allt, sem hæstv. fjmrh. veit um þessi efni.

Hér hefir verið rætt um einhvern heljarundirbúning, sem þessi einkasala krefjist. Ég á erfitt með að skilja, í hverju allur sá undirbúningur liggur. Hv. 4. landsk. talaði um útvegun á húsnæði, manni og samböndum. Ég hélt, að slíkt tæki engan óratíma. Ég vil spyrja hv. 4. landsk., hvað hæstv. stj. muni þurfa langan tíma til þess arna, og hvenær megi búast við því, að einkasölunni verði skellt á. — Hv. 4. landsk. talaði um það, að frv. þetta væri afleiðing af þeim verzlunarhömlum, sem nú væru komnar á í heiminum, og að Sjálfstfl. yrði að beygja sig fyrir þeirri staðreynd. Ég kannast ekki við, að slík frv. sem þetta standi í neinu sambandi við þær hömlur á frjálsri verzlun, sem orðið hefir að gera í ýmsum löndum. Ég veit ekki til þess, að einokunarhugmyndunum hafi skotið upp hér í nágrannalöndum okkar nú á síðustu árum. T. d. í Danmörku, þar sem er jafnaðarmannastj. eins og hér, ber ekkert á slíkum einokunarfrv. sem hér rignir niður. Það lítur út fyrir, að jafnaðarmennirnir hér á landi séu meiri jafnaðarmenn en danskir skoðanabræður þeirra. Hvorki í Danmörku né Svíþjóð þekkist þessi skæðadrífa af einokunarfrv. Ég hefi ekki fundið það ómaksins vert að hafa tölu á þeim, sem fram eru komin á þessu þingi, en ný og ný bætast við daglega, svo að tala þeirra er orðin legió, og verður þó sennilega talsvert hærri um það er lýkur. Það fer að verða talsvert í því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það væri bara vinnusparnaður að taka alla verzlunina í hendur þess opinbera í einu, í stað þess að vera stöðugt að smánarta utan í frjálsa verzlun landsmanna.

Ég mun svo ekki hrella hv. 4. landsk. meira að sinni, honum finnst allt vera tómt pex, sem ég segi um þessa hluti. Þó vil ég taka það fram, að það er hreinasta blekking hjá þessum hv. þm., þegar hann heldur því fram, að tóbak sé yfirleitt dýrara í Danmörku en hér. Hann gæti e. t. v. hitt á innflutta sígarettuteg., sem væri dýrari þar en hér, en allt annað tóbak er þar miklu ódýrara.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Það má vera, að orsökin til þess, að hæstv. fjmrh. gaf svo fáar upplýsingar um þetta mál í ræðu sinni í fyrradag, hafi verið sú, að komið var nærri fundarslitum. Ég hefi því fáu einu að svara honum. Þó sagði hæstv. ráðh. dálítið, sem mér þótti vænt um að fá skýrt fram, en það var, að hér væri ekki að ræða um einkasölu, sem fyrst og fremst ætti að afla ríkissjóði tekna, heldur væri hún sett á, af því að það verzlunarfyrirkomulag væri heppilegast, og ríkinu mundi farast verzlunin betur úr hendi en einstaklingum. M. ö. o.: Hæstv. ráðh. er að boða þjóðnýtingu verzlunarinnar, einstaklingarnir eiga að hætta við verzlun, og ríkið eitt að taka við. Þetta er ekkert nýtt hvað snertir hv. 4. landsk. og flokk hans. Hitt hafa menn ekki vitað eins greinilega áður, að þetta væri líka stefnumál Framsóknarfl. Eins og ég lýsti skýrt í minni fyrri ræðu, eru til tvennskonar einkasölur. Hingað til hafa menn haldið, að Framsóknarfl. gengi inn á einkasölu sem heppilega leið til þess að afla þurfandi ríkissjóði tekna, og þá helzt af óþörfum eða lítt

þörfum vörum. En nú er bert, að flokkurinn hefir gengið inn á þá stefnu, að einkasölur séu sjálfsagðar, af því að þær séu betra fyrirkomulag verzlunar en einstaklingsrekstur. Og ég benti á, að það væri í fyllsta máta undarlegt, ef báðir stjórnarflokkarnir eru sammála um þetta mál, að þeir skyldu ekki fara að undirbúa það, að taka alla utanríkisverzlunina í hendur ríkisins. Því á að halda áfram að ofurselja landslýðinn kvölurum sínum, kaupmönnunum, með ýmsar aðrar vöruteg., fyrst stjórnarliðið er búið að uppgötva miklu betra verzlunarfyrirkomulag? Það var auðvitað fjarri því, að ég væri að gera þetta að mínum till., ég er eins og menn vita, á móti því, að ríkið reki nokkra verzlun. Reynslan hefir ósannað öll pappírsrök ríkisverzlunarinnar. Ég endurtek það, að ég vildi, að forsvarsmenn ríkiseinkasalanna vildu kynna sér betur reynslu einokunarverzlunarinnar gömlu. Rökin fyrir þeirri verzlun, eða því fyrirkomulagi á verzluninni, voru sterk á pappírnum, alveg eins og rökin fyrir einkasölum nú. Þá var sagt sem svo, að ef konungur hefði alla verzlun í sínum höndum, væri alltaf hægt að flytja inn nóga, en þó ódýra vöru, hægt að áætla nákvæmlega, hvað mikils þyrfti með, svo komizt yrði hjá því að senda fleiri skip upp en nauðsynlegt var. Alltaf hefði átt að vera hægt að tryggja góða vöru o. s. frv. En hver varð reynslan af þessu fyrirkomulagi? Hún varð sú, að þessi verzlunarmáti varð sú mesta plága, sem yfir land þetta hefir komið, engin drepsótt, ekkert harðæri átti eins mikinn þátt í því að koma íbúafjölda landsins niður í 30000 manns eins og einokunarverzlunin. Um það munu allir sagnfræðingar sammála. En nú munu menn segja: þessu víkur allt öðruvísi við nú á dögum. Stj. setur auðvitað þessar einkasölur á með heill þjóðarinnar fyrir augum. En munurinn er ekki svo mikill sem menn halda. Í gamla daga var konungurinn hafður þessi forsjón, sem stj. á að vera nú. Konungur hafði þá aðferð, að selja hafnirnar á leigu, en auðvitað átti strangasta eftirlit að vofa yfir höfðum kaupmannanna, taxtar voru settir o. s. frv., sem auðvitað var allt þverbrotið. En þegar einkasalan loks var afnumin, þá voru margir landsmenn á móti því, svo impóneraðir voru þeir af rökum einokunarinnar, að þeir þorðu ekki almennilega að sleppa þessu fyrirkomulagi, sem þó hafði leikið þá svo grátt. En þetta var nú samt gert, einokunarverzlunin var afnumin af kjarkmiklum mönnum. Verzlunin komst í gott horf, þjóðin rétti við efnalega, en það gerði svo aftur stjórnarfarslega endurreisn mögulega. Ég vildi, að forsvarsmenn þessarar nýju einokunar vildu athuga betur þessa reynslu, en horfa minna á sín pappírsrök, þótt þau kunni að líta glæsilega út.

Annars ætlaði ég ekki nú að fara inn á umr. um frjálsa og ófrjálsa verzlun; um það efni hefir oft verið rætt hér, en þar sem umr. var beint inn á almennar brautir, þóttist ég hafa afsökun fyrir því að láta þessi orð fylgja.

Hv. 4. landsk. minntist á það í fyrstu ræðu sinni, að þessar ráðstafanir kynnu að valda truflunum í viðskiptalífinu, og skildist mér það vera vegna þessara truflana, að hann treysti sér ekki til þess að bera fram till. um að einoka alla verzlunina. Það er þó gott að fá viðurkenningu á því, að ráðstafanir þessar valdi truflunum. En það er ekki nóg með það, að þær valdi truflunum í lífi einstaklinga, heldur veldur þetta líka truflunum á starfsrekstri bæjarfél. Eins og hv. þm. N.-Ísf. benti á, fá bæjarfél. mestan hluta af tekjum sínum með álagningu aukaútsvara, þ. á m. á verzlanir. Og sölsi nú ríkið alltaf meira og meira af þessum atvinnurekstri undir sig, hlýtur þessi tekjustofn stórum að minnka.

Það, sem hv. þm. talaði um glundroðann í frjálsu verzluninni, var aðeins endurtekning þess, sem hann er margbúinn að segja hér áður, og er því óþarfi að svara því sérstaklega. Ennfremur hélt hv. þm. því fram, að miklir peningar stæðu í vörubirgðum, þó að ég hefði sýnt fram á það í fyrri ræðu minni, að svo væri ekki. Ég er viss um, að það stendur ekki mikill gjaldeyrir í vörubirgðum, eftir að búið er að framkvæma innflutningshöftin. Og vissar vöruteg. binda lítinn gjaldeyri. Ég þekki enga, sem liggja með birgðir af bílum, mótorum eða rafmagnsvélum, mest af þessu er pantað bara eftir hendinni, og mikið af því flutt inn með gjaldeyrisfresti, og þá ekki meira af hverju en hægt er að selja áður en gjaldfresturinn er úti. Og svo eru nú þessar mörgu teg., sem alltaf er verið að stagast á, teg., sem þurfi að bíða eftir varahlutum í. En nú er það svo, að þegar maður kemur og vill t. d. kaupa bíl, spyr hann, hvort hægt sé að fá varahluti í hann hér á landi. Ef svo er ekki, verður hann að gera það upp við sjálfan sig, hvort hann vill samt sem áður kaupa þessa bílateg. Oftastnær fer það svo, að hann kaupir bíl, sem svo mikið er selt af, að seljandi telur sér fært að liggja með safn varahluta. Geri hann það ekki, þá er það sökum þess, að hann álítur, að kostir þeirrar bílateg., sem hann tekur, séu þyngri á metunum en þau óþægindi, að geta ekki fengið varahluti hér á landi. Og ef má dæma eftir reynslunni með viðtækjaverzlunina, má gera ráð fyrir, að bílaeinkasalan neyðist líka til þess að panta þessi ýmsu merki, eftir því sem menn óska. Og það gott leiðir af mörgum teg. á markaðinum, að menn prófa þær. En einkasalan prakkaði sennilega upp á menn þeirri einu teg., sem hún hefði bitið sig fasta í. Ef hefði verið hér einkasala á bifreiðum frá upphafi, býst ég við, að við sætum enn með gamla Ford, af því að hann kom hingað fyrst.

Hv. 4. landsk. var á því, að forstjórar einkasölunnar mundu áreiðanlega hafa hitann í haldinu, og engin hætta væri á því, að þeir gerðu ekki allt, sem í þeirra valdi stæði til þess að stofnunin mætti blómgast, því að þeir hefðu alveg sömu eigingirnishvötina og einstakir kaupmenn. Ég endurtek það, að þessir menn hafa ekki aðhald til annars en að reka fyrirtækið svo forsvaranlega, að ekki þyki ástæða til þess að setja þá af vegna beinnar vanrækslu. Þetta er galli, sem fylgir öllum embættisrekstri. Það reynist alltaf svo, að erfitt er að fá menn til þess að leggja alla krafta sína fram, nema þeir

hafi einhverja eiginhagsmuni af því. Um margt er það svo, að ríkið verður að treysta á samvizkusemi *embættismanna sinna, en* það á ekki að reyna á það á fleiri sviðum en þörf er til. Það er mikill munur á því, hvað kaupsýslumaður gerir meira fyrir verzlun sína, ef hann veit, að dugnaður hans launast með álitlegri fúlgu í hans eigin vasa, og forstjóranum, sem má vera sama, hvernig verzlunin lafir, ef hún gengur það þolanlega, að embætti hans sé ekki hætta búin.

Hv. 4. landsk. færði það sem meðmæli með einkasölum, að hæg væru heimatökin hjá ríkinu, ef það vildi takmarka innflutning einhverrar þeirrar vöru, sem ríkiseinkasala væri á. Ég vil benda honum á það, að þegar ríkið sjálft hefir einkasölu á vörunni, á það meiri hagnaðar að gæta í sambandi við sölu hennar en annars, og öll líkindi eru til þess, að Alþ. hugsaði sig um tvisvar, áður en það færi að takmarka innflutning á slíkri vöru, sem þýddi þá um leið tekjumissi fyrir ríkissjóð. — Þá reyndi þessi sami hv. þm. að afsaka einkasölufarganið með því, að það væri afleiðing þeirra verzlunarhafta, sem nú væru í veröldinni. Þetta getur hv. þm. ekki sýnt fram á með neinum líkum. Allt skraf um verzlunarhömlur úti í heimi í sambandi við þetta mál er að tala í austri, þegar málið sjálft er í vestri. Þessar hömlur eru víða *settar til þess að ná betri verzlunarjöfnuði* ríkja á milli, og geta haft áhrif á það, hvaðan varan er keypt, en alls ekki, hvernig. En mér er ekki kunnugt um, að þetta einkasölufargan *gangi nokkurstaðar yfir í heiminum nema hér.* Hv. 1. þm. Skagf. hefir bent á það, að ekkert slíkt er á ferli hér í nágrannalöndunum, og eru þó jafnaðarmannastjórnir við völd í Danmörku og Svíþjóð, og líklega bráðum í Noregi. Þar er eins og annarsstaðar verið að takmarka innflutning á ýmsum vörum og gera verzlunarsamninga við aðrar þjóðir, en hvergi eru einkasölur talin lausn viðfangsefnanna, nema hér. Og ef þessi pest ætlar að fara að geysa yfir löndin, þá á hún upptök sín hér á Íslandi.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Ég vil ekki neita því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði um það, að bæjarfél. hefðu minni möguleika til þess að leggja á aukaútsvör, eftir að ríkið hefir tekið mikið af verzluninni í sínar hendur. Og það er rétt, að tekjur bæjarfél. má ekki skerða. En á þessu mætti ráða bót með því móti, að ríkið greiddi bæjarfél. nokkurn meiri hluta af nettógróða einkasölunnar en því er nú ætlað að greiða. Þetta atriði mætti taka til athugunar, ef til þess kæmi, að ríkið tæki undir sig verzlunina í stórum stíl.

Hv. þm. N.-Ísf. hélt því fram, að ekki væri hægt að standardisera mótorana, af því að þeir *væru ekki framleiddir hér á landi.* En við getum standardiserað þá í notkun, með því að nota aðeins fáar teg., þær sem bezt reynast, ég sé ekki, að nein nauðsyn sé á því að binda sig við *eina teg. Það mætti t. d. hafa 2—3 teg. af bátamótorum;* ég nefni það til, af því að það hefir sýnt sig, að 2—3 af þessum vélum eru langmest notaðar hér við land. Og enn fráleitari mótbára er það, að einkasalan mundi að eilífu *nota samskonar vélar. Ég teldi þann forstjóra* standa illa í stöðu sinni, sem ekki fylgdist svo vel með á sínu sviði, að hann vissi strax þegar nýjar og endurbættar vélar koma á markaðinn. — *Ég vildi ennfremur beina nokkrum orðum* til hv. þm. N.-Ísf. út af orðum hans um tóbakseinkasöluna. Hann taldi, að þrátt fyrir mikla álagningu hefði mátt takast að ná jafnmiklum tekjum í ríkissjóð með frjálsri verzlun. Nú verður að hafa það hugfast, að tóbak er eyðsluvara, sem menn geta verið án, eða a. m. k. minnkað mikið við sig, en mótorvélar eru ómissandi nauðsynjavara. Enda hefir sýnt sig, að hagnaður á innfluttu tóbaki hefir orðið mismunandi, eftir því hvernig áraði. Þegar afkoma manna er yfirleitt bágborin, er keypt miklu minna af tóbaki en í góðærum. Það er því um þetta eins og hefir verið margsýnt fram á hér á Alþ., að sala og neyzla þessarar vöru, tóbaksins, fer mjög eftir árferði. En dálítið öðru máli er að gegna um bátavélar og bifreiðir, sem eru nauðsynlegar vörur, af þeim er alltaf keypt eitthvað, og er ekki verulegur munur frá ári til árs, þó hann kunni að verða einhver. En það þarf að hafa miklu meiri aðgæzlu og nákvæmni um þessar vörur, sem eru nauðsynlegar, að séu góðar, heldur en t. d. um tóbakið, þó þetta hafi verið *gert þar, og fluttar inn góðar vörur, og* mun því ekki síður vandað um þessar vörur. Enda eru gerðar kröfur og ríkið hefir aðhald frá landsmönnum sjálfum um vöruvöndun.

*Ég vil svara hv. 1. þm. Reykv.* því, að aðhaldið er ekki eingöngu frá ríkisstj., heldur líka frá fólkinu, neytendunum í landinu. Forstjóra verzlunarinnar mundi ekki haldast uppi að hafa slæmar vélar eða dýrar.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði um, að það ætti að útiloka innlenda umboðsmenn, en útlendir umboðsmenn ættu að koma í staðinn. Ég veit ekki, hvernig hann hugsar sér að fóðra þetta. Ríkisverzlanir kaupa yfirleitt beint frá verksmiðjunum, sem framleiða, en ekki af umboðsmönnum erlendis. Ég hygg, að sé sú aðferð tekin upp, sparist milliliðakostnaður, sem er algerður aukakostnaður í verzluninni, en vitanlega yrðu þar erlendir menn, sem hagnast af því að búa til þessar vörur, alveg eins og nú er. Hjá því er ekki hægt að komast, en milliliðina mætti vel spara. Ég ætla, að nú séu 3 eða 4 milliliðir frá verksmiðjum í bílaframleiðslunni; þeim mætti fækka að skaðlausu, enda væru forstjórarnir ekki vaxnir sínu starfi, ef þeir gætu ekki komizt í samband við verksmiðjurnar sjálfar og fengið vöruna jafnódýra og milliliðirnir. — Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að hér væru varahlutir fyrirliggjandi. Þetta er rétt hvað snertir stærstu verksmiðjurnar, en ég þekki þó mörg dæmi þess, að bátar hafa stöðvazt 2—3 mán. um hábjargræðistímann, vegna þess, að varahlutir voru ekki til. Þetta hefir riðið mörgum að fullu, beinlínis sett þá á höfuðið, svo þeir hafa ekki verið þess megnugir að halda áfram sínum atvinnurekstri. Þá ber og þess að gæta, að varahlutir eru oft ákaflega dýrir, bæði í vélar og bifreiðar. Samkeppni um bílaframleiðslu og sölu hefir

verið svo mikil, að verð þeirra hefir nokkuð lækkað, þó samkomulag sé nú komið á milli framleiðenda að einhverju leyti um verðið. En um samkeppni í varahlutum hefir ekki verið að ræða, heldur geta þeir sett þar verðið eftir geðþótta. Vafalaust mætti laga þetta að einhverju leyti með ríkiseinkasölu. — Ég ætla, að ég hafi þá svarað hv. þm. N.-Ísf.

Hv. 1. þm. Skagf. fann ástæðu til að standa upp til að mótmæla því, að tóbak væri ódýrara hér en í Danmörku. Hann kom ekki nálægt því, sem ég sagði, og hann hefir ekki mótmælt því, enda getur hann ekki mótmælt því, að erlent tóbak er dýrara í smásölu í Danmörku en hér, þó hann geti fundið dæmi þess með danska vindla, að þeir séu ódýrari þar. Þá spurði hv. þm., hvað ætti að leggja á vöruna og hvað undirbúningurinn eigi að taka langan tíma. Það er eðlilegt, að hv. þm. spyrji að þessu, því hann treystir ekki ríkisstj. til neinna hluta. En ég trúi ríkisstj. til þess, að hún hraði hlutunum eftir því sem hægt er, en þó ekki meira en svo, að unnt sé að undirbúa málin vel, afla þeirra gagna, sem þarf, og finna þá menn, sem til þarf að veita fyrirtækinu forstöðu. Ég hygg, að það sé erfitt að gera grein fyrir álagningunni, hver hún er nú, eða að þm. viti það yfirleitt. Ég held, að bílakaupmenn gefi ekki upp, hver hún er. Ég álít, að álagningin eigi að fara eftir því, hve nauðsynleg varan sé, sem verzlað er með, hún eigi að vera lítil á bíla og mótora, en gæti t. d. verið nokkru hærri á útvarpstæki og jafnvel sumar rafmagnsvörur. Ég býst ekki við, að hægt sé að svara því nú sem stendur, hvort leggja skal á 10—20 eða 30%. Ég álít aðeins, að hún eigi að vera lægri á nauðsynjavörum.

Hv. þm. hélt, að það ætti ekki að taka langan tíma að útvega menn, sambönd og húsnæði, líklega tekur þetta nokkurn tíma, og það er a. m. k. ekki hægt fyrr en þingið hefir samþ. að heimila ríkisstj. að gera þetta. Það er í frv. þessu gert ráð fyrir því, eins og hv. 1. þm. Skagf. veit, að ríkisstj. geti tekið einkasölu á einni teg. eða jafnvel einum vöruflokki, án þess að hitt fylgi með eða allt sé tekið. Það fer eftir því, hvað hæstv. ríkisstj. getur hraðað undirbúningi þessa máls, og ég álít, að honum eigi að hraða eins og hægt er, en þó svo, að allt fari vel úr hendi.

Hv. 1. þm. Skagf., og hv. 1. þm. Reykv. raunar líka, hafa talað um, að þetta frv. sé einn liðurinn í haftastefnu stj., en eigi ekkert skylt við haftastefnur allra ríkja í verzlunarmálum, og sé ekki þörf á ríkiseinkasölu vegna viðskiptatakmarkana annara þjóða.

Þessir hv. þm., 1. þm. Skagf. og 1. þm. Reykv., hafa ekki heyrt neitt um einokun, sem þeir kalla svo, þ. e. ríkisrekstur, á Norðurlöndum. Ég er eiginlega alveg hissa á því, að kjósendur í Skagafirði og Rvík skuli hafa sent svo fáfróða menn á þing. Veit ekki hv. 1. þm. Skagf., að Stauningsstj. hefir flutt till. um að þjóðnýta Nationalbankann (MG: Ég skal skýra það skipulag), en hverjir stöðvuðu þetta mál? Dönsku jafnaðarmennirnir eða stj. hefir ekki meiri hl. í efri deild þingsins danska, þangað höfðu verið kosnir menn eins og hv. 1. þm. Skagf., kosnir samkv. úreltu fyrirkomulagi, eftir gömlu skipulagi, sem er ósamboðið öllu lýðræði, og það voru þessir menn, sem stöðvuðu málið. Jafnaðarmenn neituðu að selja hluti ríkissjóðs í Landmandsbankanum, á því strandaði; þeir vildu þjóðnýta Nationalbankann og halda hlutunum í Landmandsbankanum. Það má geta þess, að verzlunin á Norðurlöndum er öðruvísi háttað en hér hjá okkur. Hér eru aðeins keyptar vörur til neyzlu í landinu sjálfu, og innflutningsverzlunin hér er því aðeins þjónusta við þjóðina. En annarsstaðar hafa fjölmargir atvinnu af milliríkjaverzlun, „transit"-verzlun. Danir selja t. d. mikið af þýzkum vörum, Svíþjóð og Noregur hafa líka transitverzlun. (MG: Er þess vegna ómögulegt að þjóðnýta í Danmörku?). Ég sagði, að það væri ekki eins auðvelt. Ég ætla að benda hv. þm. á það, að í Noregi er korneinkasala, sem hefir svo mikið fylgi meðal þjóðarinnar, að borgaraflokkarnir, sem fara með völdin í landinu, treysta sér ekki til að afnema hana. Það var einu sinni gert stutta stund, en hún var sett á aftur og þykir góð. (JAJ: Hún þykir góð í vissum tilfellum fyrir ríkið!).

Hv. 1. þm. Reykv. finnst þau rök góð hjá okkur, sem við færum fram með frv. Hann er að linast í málinu, en vildi þó fara annað til að forðast okkar rök, hann vildi vísa í gömul plögg, gamla einokunarverzlun. Ég þekki þessi plögg, þessi einokun var búin að murka svo lífið úr þjóðinni, að eftir voru aðeins 30 þús. íbúar í landinu, eins og hv. þm. tók fram. Hvað sjáum við af þessari einokun? Við sjáum af henni, að þegar konungurinn hafði verzlunina, konungurinn var þá sama og ríkið, þá þótti hún miklu skárri en þegar kaupmennirnir höfðu hana, þeir voru eitrið í verzluninni. Þá var flutt inn ormamjölið og aðrar skemmdar vörur, og klögumálin gengu í sífellu. Það mætti segja um þetta eins og einn núv. sjálfstæðismaður sagði um ritsímann, þegar hann kom og átti að vera ríkisfyrirtæki, að hann væri verri en svarti dauði, verri en móðuharðindi og verri en öll harðindi.

Ég vil ekki neita því, sem hv. 1. þm. Reykv. segir, að slíkar ráðstafanir sem þessi valdi truflun, öll tilfærsla veldur truflun. Þegar tekin er af mönnum atvinna, sem þeir hafa haft, veldur það truflun í bili, en það er fljótt að komast aftur í samt lag, eins og hv. þm. játaði. Ég veit, að vinnan verður minni og ekki verður notað eins mikið húsnæði, en þetta kemst ákaflega fljótt í samt lag aftur, eins og hv. 1. þm. Reykv. viðurkenndi.

Ég var búinn að svara þessu með gjaldeyrinn. Þegar takmarka verður gjaldeyrinn, verður ríkið að sætta sig við það að takmarka innflutning á vörum, sem ekki eru nauðsynlegar og annars gæfu tekjur í ríkissjóð, en það snertir ekki bifreiðar eða vélar.

Hv. þm. var að mæla bót hinu frjálsa vali, hann hélt því fram, að þegar menn keyptu bíla eða vélar, þá spyrðu menn hvort fengjust varahlutir o. þ. h. En því er nú verr og miður, að menn gera þetta ekki. Ég þekki mörg dæmi þess, að menn hafa verið tældir til að kaupa bifreiðir og vélar, sem ekki fengust varahlutir í, og þeir hafa sagt, að þeir hefðu ekki keypt, ef þeir hefðu þekkt þennan ágalla. Við vitum það,

að duglegur sölumaður telur menn oft á að kaupa gallaða hluti. Slíkar hvatir á ríkið ekki að hafa, að tæla menn til að kaupa hluti, sem ekki eru full not af. — Hv. þm. hélt einnig, að forstöðumenn ríkisstofnana hefðu ekkert aðhald í starfi sínu um að leysa verkið vel af hendi, það væri ekkert sagt, ef allt slampaðist af, þó ekki væri allt sem bezt af hendi leyst. Hv. þm. þekkir þetta af reynd. Hann er starfsmaður ríkisins og getur því talað af þekkingu. En ég hefi nú þá trú, að hann mundi ekkert vanda sig *meira í starfi sínu eða gera betur, þó hann fengi* prósentur af hverjum guðfræðinema, sem útskrifaðist með 1. eink. Það verður að velja vandaða og samvizkusama menn til þessara starfa eins og annara, menn sem rækja sitt verk af alúð.

**Magnús Guðmundsson:** Mér þykir verst að geta ekki litið eins oft upp á pallana og hv. síðasti ræðumaður; ég er þannig settur. (**JBald:** Farðu í ræðustólinn). Hv. þm. minntist á tóbakið í Danmörku. Hann vildi láta líta svo út, að aðflutta tóbakið þar væri dýrara en hér (**JBald:** Ég sagði það ákveðið), en þetta er mjög villandi, því Danir flytja lítið inn af tóbaki. Þeir vinna mest sjálfir.

Hv. þm. lýsti yfir því, að hann vissi ekkert, hvað langan tíma undirbúningur þessa máls tæki, eða hvað einkasalan ætti að leggja mikið á. Ég lít þá svo á, að stj. hafi ekkert ákveðið um þetta ennþá og álít því hæpið að láta stj. hafa óbundnar hendur um þetta.

Hv. frsm. dró úr áhrifum frv. og gaf í skyn, að ekki þyrfti að taka einkasölu á öllum þessum vörutег. í einu o. s. frv. Hann talaði um, að erfitt væri að segja, hvað leggja ætti mikið á, og hann vissi ekki, hvað lagt væri á nú. Ég sé ekki, að það komi þessu máli neitt við eða hafi áhrif, hvað lagt er á nú. Ef það er svo sem hv. þm. vildi gefa í skyn, að kaupmennirnir séu blóðsugur eða leggi óhæfilega mikið á, vill ríkið þá fara í sama farið? Ég held, að ríkisstj. geti gefið upp, hvaða álagningu hún hugsar sér, alveg án tillits til þess, sem kaupmenn gera. (**JBald:** Hvað sagði ég í ræðu minni?). Hv. þm. sagði bókstaflega ekkert, sem hægt er að festa hendur á, hann sagði allt óákveðið, svo ekki er hægt að henda reiður á neinu. Hann hélt því fram, að einkasölur gætu verið góðar vegna þeirra hafta og takmarkana, sem ríktu í verzlun þjóðanna, en það eru ekki margar þjóðir, sem skylda okkur til að kaupa af sér. Það er e. t. v. helzt Spánn, sem skyldar okkur að kaupa af sér, en stjórn þess lands hefir aldrei krafizt, að ríkið tæki að sér verzlunina.

Það fór sem mig varði, að þm. kæmist í bobba, þegar ég bar saman einkasölufrv. hér og í Danmörku. Hann nefndi aðeins eitt einasta dæmi um einkasölu eða ríkisrekstur, og það var Nationalbankinn, en ef hann heldur, að þar hafi verið um ríkisrekstur að ræða, þá er það algerður misskilningur. Eftir till. stj. átti bankinn að eiga sig sjálfur. (**JBald:** Hverjir áttu að stjórna honum, hver átti að bera ábyrgðina?). Ríkið ber enga ábyrgð. (**JBald:** Hver átti að stjórna?). Bankastjórar auðvitað. Þegar seilzt er í þetta dæmi, þá er ekki um auðugan garð að gresja. Mér skildist á ræðu hans, að eiginlega væri jafnaðarstefnan ómöguleg nema hér á Íslandi. Það væri ekki hægt að hafa einkasölur í Danmörku, af því þar er „transit"verzlun. Þá er hvergi hægt að hafa einkasölu nema hér? Það fer þá að verða skiljanlegt, þó hér rigni niður einkasölufrv., ef þm. álítur, að jafnaðarstefnan eigi ekki erindi í verzlunarmálum nema hér.

En annars kemur „transit"verzlun ekkert þessu máli við, því þar sem hún er, þar eru fríhafnir, þar *í er allur galdurinn fólginn.* (**JBald:** Er það ekki hluti af verzluninni?). Jú, vitaskuld. En þar fer engin innanlandssala fram, svo að *einkasala til landsmanna getur* alveg eins verið fyrir því. Ég slæ því þess vegna föstu, að hv. þm. gat ekki nefnt eitt einasta dæmi um *ríkisrekstur í verzlun í Danmörku, ekki einu* sinni peningaverzlunina.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Hv. 4. landsk. kom alveg prýðilega orðum að minni hugsun um það, hversu aðhaldið að forstjórum ríkiseinkasölu væri miklu minna en að kaupmönnum, með því að nefna aðhaldið frá notendum vörunnar. Hann sagði, að ríkið mundi áreiðanlega hafa eftirlit með þessum ríkiseinkasöluforstjórum. En það er einmitt það, sem þeir geta ekki. Notendur hafa sett sterkt eftirlit með kaupmönnum og framkvæma það á þann virka hátt, að þeir kaupa ekki af þeim, sem þeim líkar ekki við. En þetta eftirlit geta þeir einmitt ekki framkvæmt, þegar um einkasölu er að ræða. Einkasalan getur því framkvæmt allt, sem henni sýnist, allt þangað til einhver stjórn einhverntíma rumskar og tekur í taumana.

Hv. þm. segir, að ef einkasala væri á bifreiðum, fækkaði milliliðum. Hvað ætli bifreiðarnar séu þá keyptar gegnum marga milliliði? Ég skal ekkert fullyrða um það, því að ég hefi ekki rannsakað það svo. En ég hygg, að stærstu bifreiðaverzlanirnar hér á landi noti eins fáa milliliði og mögulegt er. Ég veit ekki, hvort þeir kaupa bifreiðarnar beint út úr verksmiðjunum, en þeir kaupa þær þá af þeim, sem verksmiðjurnar láta selja vörurnar í fyrsta sinn. Annars er það svo með þessa vöru, þó að skrítið sé, að það þarf ekki að hafa mikil áhrif á verðið, þó að milliliðir séu fleiri, heldur fá þeir þá bara *þeim mun minna. Álagningin er* ákveðin á vöruna þegar í byrjun, og svo fá milliliðirnir hver sinn part þar af.

*Því er ekki hægt að neita, að verzlun með* bifreiðar hefir komizt af sporinu við innflutningshöftin, því að sumir, sem áður hafa keypt bifreiðar frá Ameríku, hafa orðið að kaupa þær frá Danmörku, af því að það stóð svo lengi á að fá leyfi til innflutningsins, að ekki var hægt að kaupa þær frá framleiðslulandinu. Það er því áreiðanlegt, að einkasalan kemst ekki framhjá fleiri milliliðum en stærstu verzlanirnar hér hafa gert.

Þá var hv. þm. enn að segja, að nauðsynlegt væri að kaupa aðeins fáar teg. Þar minnti hann okkur á afskipti annara þjóða. Ef við ætlum nú aðeins að kaupa 4—5 teg., og þá auðvitað þær beztu, þá mundu það verða amerísku bifreiða-

teg., því að þær eru almennt taldar sterkastar. Þá gæti nú farið svo, að við rækjum okkur á þessi verzlunarafskipti annara þjóða. Þá gæti farið svo, að t. d. Ítalía segði: „Þið þykist græða 10 millj. á því að selja okkur fisk, og þá eruð þið ekki of góðir til að kaupa af okkur bifreiðar. Það er hart, ef ríkið sjálft kaupir bifreiðar af þjóð, sem það getur engar vörur selt, og setur einkasölu, sem útilokar bifreiðaverzlun við okkur, sem kaupum vörur af því". Þetta atriði gæti því orðið erfiðara viðfangs en hann heldur, því að það er líka miklu hættara við, að þær þjóðir, sem kaupa vörur af okkur, heimti, að við kaupum þeirra vörur, ef þær vörur eru seldar hér í einkasölu, heldur en ef verzlunin er frjáls.

Ég skal ekki fara langt út í það, hvort Nationalbankinn hafi verið þjóðnýttur, þar sem hv. 1. þm. Skagf. hefir nú minnzt á það, sem ég hefði viljað taka fram. Það er vitanlega skakkt, að þó að ríkið hafi seðlabankann, þá sé hann séreign sósíalista. Má þar nefna Landsbankann sem dæmi. Er hann sósíalistisk stofnun, þó að hann hafi frá upphafi verið ríkisbanki? Nei, hv. þm. verður að benda á eitthvert betra dæmi þess, að ríkið hafi látið bankann hverfa úr höndum einkarekstrarins.

Hv. þm. benti á korneinkasöluna í Noregi. En ætli það standi ekki í sambandi við það, að bændur hafi þar verið að reyna að rækta korn sjálfir og hafi þótzt fá of lítið fyrir það? Nú eru bæði í Danmörku og víðar miklar bollaleggingar um það, hvernig eigi að tryggja verð fyrir kornið. Í Noregi er þessi einkasala þannig til orðin fyrir bændur, og þar sem þeir eru nú mikill hluti af kjósendum stj. þar, þá hefir hún ekki séð sér fært að afnema hana, því að hún á að tryggja bændum sæmilegt verð á korni því, er þeir framleiða.

Hv. þm. spurði mig, hvort ég hefði ekkert lært af reynslunni. Ég hefði nú haft ástæðu til að spyrja hann að því sama, þegar hann teflir sínum pappírsrökum á móti mínum reynslurökum, og maður á alltaf að láta reynslurökin ganga fyrir. „Greindur nærri getur, en reyndur veit þó betur" segir gamalt og gott orðtæki, og ekki sízt er þetta svo, þegar um jafnsterk reynslurök er að ræða eins og frjálsa og ófrjálsa verzlun.

Hv. þm. sagði, að konungsverzlunin hér áður fyrr hefði verið góð. Já, hún var góð fyrir landsmenn, en hún stóð stutt, af því að konungur tapaði svo miklu á henni. Það getur vel verið, að ríkið með öllum sínum klaufaskap í verzlunarsökum geti hagað verzluninni þannig, að hún sé góð fyrir almenning í bili, en þá tapar ríkið. Svona gekk það líka með gömlu verzlunina. Konungur tapaði, en landsmenn græddu.

Það er alveg víst, að við þekkjum svo vel þessar einokunarstefnur, að við þurfum ekki að neyða þjóðina til að fá enn eina nýja reynslusönnun í þessum efnum. Við skyldum bara sjá, hvernig allt yrði, þegar einokunin væri komin á og menn gætu ekki farið neitt annað. Það væri engin hætta á, að yrði flýtt sér að afgreiða viðskiptamennina, því að ekki væri hættan mikil, að þeir færu eitthvað annað. Þá yrðu ekki lengi að koma upp háu búðarborðin eins og áður var, þar sem enginn fékk að koma inn fyrir nema fyrir sérstaka náð þessara merkilegheitahlunka fyrir innan, sem sögðu „spise", þegar matmálstími var kominn og ráku svo alla út. Svo urðu menn að bíða og bíða tímunum saman, þangað til þessir háu herrar vildu láta svo lítið að afgreiða þá. Ekkert lá á, því að ekki þurfti að óttast, að menn færu annað, þar sem ekki var í annað hús að venda. Eitt fyrirtæki sýndi þetta mjög vel nú fyrir nokkrum árum. Þar voru að vísu prýðisgóðir starfsmenn, en þeim var ekki fjölgað, þó að miklu meira væri að gera. Þetta var pósthúsið. Fyrir nokkru síðan pöntuðu mjög margir ýmsa hluti frá Frakklandi. Við þetta óx svo starfið á pósthúsinu, að menn urðu að bíða þar klukkutímunum saman, kannske allan daginn, eftir að fá sína böggla. Engum kom til hugar að fjölga starfsmönnunum. Þetta var ríkisstofnun, og engin hætta var á, að menn færu neitt annað. Mig langar ekkert til að fá svona verzlun, en það er alveg víst, að svona verður hún, ef einkasala kemst á og þetta sterka eftirlit notendanna hverfur.

Hv. þm. þótti það koma úr hörðustu átt, að ég skyldi tala í meðallagi vel um embættisrekstur og nauðsynina á því, að því fyrirkomulagi yrði komið á, að embættismönnum væri því betur goldið, því betur sem þeir ræktu starf sitt. Þetta álít ég, að sé í raun og veru alveg nauðsynlegt, hvort sem prófessorar eiga hlut að máli eða ekki. Þessu hefir líka verið komið á sumstaðar utanlands, t. d. í Þýzkalandi. Þar eru hin föstu laun prófessoranna kannske mjög lág, svo fá þeir visst gjald fyrir hvern stúdent, sem vill sækja fyrirlestra þeirra, svo að þeir, sem mest orð fer af og beztir þykja, hafa mjög mikil laun, en hinir, sem lélegri þykja, fá lág laun. Þetta hvetur þá vitanlega til að rækja starf sitt sem allra bezt, enda eru þýzkir prófessorar orðlagðir fyrir það, hve mikið þeir leggi á sig fyrir starf sitt. Þarna hafa menn séð, að getur verið gott að koma þessu á, og gæti vel verið heppilegt að hafa eitthvað þessu líkt hér, t. d. að kennararnir fengju eitthvað aukalega fyrir hvern þann nemanda, sem útskrifaðist með hárri einkunn. Ég er ekki með þessu að halda því fram, að þeir, sem við einkasölu starfa, muni rækja störf sín svo illa, að stórvítavert sé, en það er mikill munur á því að rækja störf sín svo, að menn verði kannske ekki reknir fyrir sviksemi, og svo hinu, að vinna starf sitt eins vel og mögulegt er. Og það er einmitt þetta, sem gerir muninn á vinnu einkasöluforstjóranna, sem bara hugsa um það, að þeir verði ekki reknir, og svo vinnu þeirra, sem eiga alla afkomu sína og sinna undir því, að starfið sé rekið með atorku og dugnaði.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Hv. 1. þm. Skagf. fannst ég litlar upplýsingar gefa um það, hve mikið ætti að leggja á þessar vörur, sem hér ætti að taka einkasölu á. Þetta er rétt. Ég hefi ekki getað sagt þar til um neina hundraðstölu, en hitt get ég sagt honum, hvaða reglum eigi að fylgja. Það á að leggja sama sem ekkert á nauðsynlegustu vörurnar, en hæfilegt gjald á

hinar, sem ekki teljast eins nauðsynlegar, svo sem finar rafmagnsvélar.

Það er ekki vitað nú, hve mikil álagningin er á þessar vörur. Ég býst við, að hvorugur okkar viti t. d. það, hve mikið lagt er á bifreiðar. Þó er mér sagt það, að á bifreiðarnar sjálfar sé ekki lagt mjög mikið, en aftur á móti talsvert mikið á varahluti, enda eru þeir dýrir. Það, sem því mætti miða við nú, er það, að útsöluverð væntanlegrar einkasölu yrði a. m. k. ekki mikið hærra en það er nú í verzlunum. Þá teldi ég tilganginum náð, ef verðið þyrfti ekki að hækka eða jafnvel, að það lækkaði, og tel ég víst, að það mætti lækka a. m. k. á varahlutum, þó að það hækkaði þá á vörum, sem ekki teldust nauðsynlegar, og að þær væru þá seldar með það fyrir augum, að ríkissjóður hefði tekjur af. Hitt álít ég, að megi ekki gera að skattstofni fyrir ríkissjóð, svo sem bifreiðar, mótora, gúmmí og annað slíkt, en að segja ákveðið um það, hve hátt álagið megi vera, það er ekki hægt að svo stöddu. Þó skal ég ekki fullyrða, nema því megi koma við um suma af þessum hlutum. Hv. þm. getur þá ekki sagt, að ég hafi engu svarað því, sem hann spurði um, því að það eru þó a. m. k. til reglur til að fara eftir í þessum efnum.

Hv. þm. er ennþá að tala um bankalögin í Danmörku og að stj. þar hafi engar einokunartill. komið með. Það stóð nú samt í honum, þegar hann fór að tala um, að Nationalbankinn ætti sig sjálfur. Sú breyt. er þar á orðin um þann banka, að hann var stofnun, sem var eign hlutafél., sem réð yfir honum, en var síðan tekinn og settur undir stjórn ríkisins. Þó að þetta sé orðað svo, þá sé ég samt ekki betur en að bankinn sé þjóðnýttur. Hann er tekinn af einkafyrirtæki og lagður undir ríkið.

Hér um árið héldu margir því fram, að Landsbankinn ætti sig sjálfur, en ríkið skipaði stjórnina. (MG: Það er líka rétt). Þó að það standi kannske ekki beinum orðum í l., að ríkið eigi bankann, þá er þó ekki verulegur eðlismunur á því, þar sem bankinn er stofnun, sem ríkið mundi aldrei láta fara á höfuðið. Alveg eins er það í raun og veru með Nationalbankann í Danmörku, þó að þar séu engin föst ákvæði um það, að ríkið eigi hann. Það sýndi sig líka, að dönsku íhaldsmennirnir álitu þetta sósíaliseringu á bankanum, því að þeir vildu ekki vera með þessari breyt. á fyrirkomulagi hans, nema ríkið seldi aktíurnar í Landmandsbankanum. Svo er nú það, að dönsku jafnaðarmennirnir geta nú ekki komið fram öllu, sem þeir vilja, því að þeir hafa ekki meiri hluta í Fólksþinginu, og ekki heldur í Landsþinginu einir út af fyrir sig. Sama er að segja um sænsku sósíalistana. Norsku sósíalistarnir eru ekki við stjórn, því að þeir eru þar ekki í meiri hluta, en ef hægt er að fá aðra til að samþ. ríkisrekstur, þá eru sósíalistar þar tilbúnir til samvinnu í smærri sem stærri stíl.

Það er útúrsnúningur hjá hv. 1. þm. Skagf., að jafnaðarmennska sé alstaðar ómöguleg nema á Íslandi, af því að ekki væri hægt að hafa transitverzlun. Ég sagði aðeins það, að það væri auðveldara hér á landi en annarsstaðar, af því að hér á landi væru vörur keyptar aðeins til að nota hér á landi. Verzlun er því ekki stundið hér sem sérstakur atvinnurekstur, heldur aðeins sem þjóðfélagsþjónusta. Þess vegna er svo auðvelt að koma á ríkisrekstri hér á landi. Þetta hefir hv. þm. ekki skilið, en það gæti verið, að hægt væri að gefa honum tíma í þessu við 3. umr. (MG: Það veitir víst ekki af því!). Nei, það er áreiðanlegt, að það veitir ekki af því.

Hv. þm. sagði, að í Danmörku væru flestar vörur lagðar upp í fríhöfn, og þess vegna kæmi það landinu ekkert við. Hann veit það þó, að þær eru settar í vörugeymsluhús kaupmanna, og margt af þeim vörum, sem Danir selja okkur, er ekki selt úr fríhöfnum, heldur úr vöruskemmum kaupmanna.

Ég þarf litlu að svara hv. 1. þm. Reykv. Hann kom inn á þetta sama og hv. 1. þm. Skagf., Nationalbankann danska. Honum fannst seðlabankinn engin séreign sósíalista, þó að hann væri lagður undir ríkið. Þetta hefir verið gert hér, og það er svo með ýmsa hluti, að þeir eru svo gamlir í hugum manna, að mönnum finnst þetta hafa verið svo lengi. Og þegar hv. þm. segir, að bankinn sé ekki sósíaliseraður, þá er það bara af því, að sósíalistar eru búnir að sannfæra hann og aðra um, að það eigi svo að vera. Það eru þau áhrif, sem sósíalistar hafa haft á íhaldsmenn, sem voru á móti því. Þá má benda á bæjarreksturinn. Hér er bæjarrekstur á gasi, rafmagni og ennfremur vatnsveitunni. Sumstaðar er einkarekstur á þessu. En hér þykir bæjarreksturinn svo sjálfsagður, að sjálfstæðismönnum í bæjarstj. kemur ekki til hugar að bera fram till. um að fá einstaklingum í hendur vatnsveituna, rafveituna eða gasstöðina, allt saman af því, að þeir eru orðnir rótgrónir í þeirri sósíalistisku skoðun, að bæjarreksturinn sé heppilegastur. Nú eru allir flokkar sammála um þennan bæjarrekstur. Sjálfstæðismönnum finnst hann svo sjálfsagður, að þeim finnst, að þetta hafi alltaf verið þeirra eigin stefna, þó að þeir hafi barizt á móti henni svo lengi sem þeir gátu.

Þá segir hv. þm., að það sé kosturinn við frjálsu verzlunina, að notendur hefðu strangt eftirlit með henni, og þeir framkvæmdu það á þann virka hátt, að þeir verzluðu ekki við þá, sem þeim líkaði ekki við. Þetta er rétt. En hv. þm. sagði líka, að notendur gætu ekki framkvæmt þetta eftirlit með einkasölu, því að þar yrðu þeir að verzla og gætu ekkert annað farið, hversu illa sem þeim líkaði. En ætli notendur bifreiða og mótora þegðu lengi yfir því, ef einkasalan flytti inn ónýtar teg.? Ég býst við, að það yrði ekki lengi lagt í lágina. Þetta verður vitanlega ekki borið saman við það, hve magnlausir menn voru gagnvart einokunarverzluninni fyrir mörgum öldum. Nú eru mönnum allar leiðir opnar til að bera fram umkvartanir sínar um það, sem þeim líkar illa. Þeir hafa aðgang að útvarpinu, blöðin standa þeim opin, og þeir geta fengið þingmenn til að bera það fram á Alþ. Misfellur á rekstri einkasölu yrði ekki fremur látnar liggja í þagnargildi heldur en ef um einkaverzlun væri að ræða, heldur

þvert á móti. Það er því alveg áreiðanlegt, að sá forstjóri einkasölu, sem vanrækti þá skyldu sína, að flytja inn góða og vandaða vöru, hann yrði ekki lengi í stöðu sinni. Hér yrði því um fullkomið aðhald að ræða. Hv. þm. bjóst jafnvel við, að þeir mundu ekki þurfa fleiri milliliði, enda er engum auðveldara að komast í bein sambönd en verzlunum, sem hafa einkarétt til þess að flytja þessa vöru.

Ég má svo ekki eyða tímanum meira, enda get ég látið hér við sitja.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Ed., 23. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Jón Auðunn Jónsson:** Mér þótti vænt um, að hv. 4. landsk. tók undir þá aths. mína, að of langt væri gengið í því að taka alla skattstofna til handa ríkissjóði, enda væri nú svo komið, að bæjar- og sveitarfél. væru því nær tekjustofnalaus. Vænti ég þess, að hann og aðrir, sem slíkum frv. fylgja, viðurkenni þetta líka í reyndinni, en ekki aðeins í umr. á þingi, og reyni að bæta úr.

Það, sem hv. 4. landsk. sagði um að ekki hefðu komið fram kvartanir yfir einokuninni á 15. og 16. öld, er ekki rétt. En það mun hafa verið svo, að þýðingarlaust var að kvarta. Slíkt voru aðeins neyðaróp, sem ekki voru heyrð.

Hv. þm. gekk illa að benda á, að jafnaðarmannaflokkar Norðurlanda hefðu komið með slíkar till. sem þessar. Hann benti reyndar á kornsöluna í Noregi, en hún er gerð eingöngu fyrir norska framleiðendur til þess að halda uppi verðinu, svo að norskir bændur geti orðið samkeppnisfærir í framleiðslu korns, með ríkisstyrk.

Þessi stefna hefir jafnan gripið um sig, þegar millirikjaverzlun hefir verið heft, en hún er einungis til óþurftar öllum heimi. Auðvitað ber að framleiða hverja vöru þar sem framleiðslan er ódýrust og auðveldust. Hitt er fásinna að halda uppi óhagstæðri framleiðslu með styrk af almannafé. Það er til þess eins að halda uppi dýrtíðinni.

Hv. þm. hélt því fram, að komast mætti framhjá umboðsmönnum með því að hafa slíka einkasölu. Hann hlýtur þó að vita, að öll meiriháttar verksmiðjufyrirtæki hafa sín sölufélög, sem annast sölu framleiðslunnar, og þessi sölufélög taka sín umboðslaun, hvort sem þau skipta við ríki eða einstaklinga. Hjá því verður ekki komizt.

Um standardiseringu vörunnar með þessu fyrirkomulagi hefir verið rætt áður, og skal ég ekki fara langt út í það efni. En víst er það, að vörugæðin eru ekki tryggðari með því að við skiptum við eitt eða tvö fél., sem kunna að vera góð þessa stundina, en geta verið orðin aftur úr að nokkrum árum liðnum.

Mér skildist á hv. þm., að hagnaður á þessum einkasöluvarningi ætti að fara eftir kaupgetu í landinu. (**JBald:** Eftir því, hvort vörurnar væru nauðsynlegar eða ekki). Já, álagningin. Mér skildist, að ríkið myndi eiga að hafa nokkuð jafnar tekjur og ábyggilegar af þessari verzlun, en þá yrði að leggja meira á vörurnar í vondu árferði en góðu, til þess að ná sama hagnaði. Það yrði að leggja mest á þær, þegar kaupgeta almennings væri minnst.

Ég vona, að flokkur sá, sem hv. þm. er formaður fyrir og virðist hafa aðalráðin í stj. eins og nú stendur, athugi, hvernig hægt er að framfleyta bæjar- og sveitarfél., hvað eftir er af tekjustofnum fyrir þau, sem geri þeim fært að rísa undir þeim miklu skyldum og útgjöldum, sem á þau eru lögð.

**Magnús Guðmundsson:** Ég ætla aðeins að beina fáeinum orðum til hv. 4. landsk. út af deilu okkar um Nationalbankann danska. Ég sé ekki betur en að við séum sammála um, að afstaða hans til ríkisins, samkv. till. jafnaðarmannastj. dönsku, sé nákvæmlega sama og afstaða Landsbankans var eftir stofnlögum hans frá 1885. Hv. þm. vildi engan mun gera á því tvennu, að stofnun ætti sig sjálf eða væri í ríkisrekstri. Munurinn er sá, að ríkið verður að borga þann halla, sem af henni kann að leiða, ef það rekur hana, en annars ber stofnunin sjálf ábyrgðina. Þetta sýnir, hve dönsku jafnaðarmennirnir fara varlega. Þeir vilja ekki, að ríkið beri fjárhagslega ábyrgð á seðlabankanum. Danskir jafnaðarmenn fylgja nú þeirri sömu stefnu í bankamálum sem hér var uppi 1885. Hv. 4. landsk. lætt ekki skilja það, að dönsku jafnaðarmennirnir eru ekki róttækari nú en við vorum hér 1885.

Fyrir nokkrum árum var útrunnið einkaleyfi það, sem talsímafélag Kaupmannahafnar hafði, og framlengdi jafnaðarmannastj. það þá um 20 ár. Ég spurði hlutaðeigandi ráðh., hví ríkið tæki ekki að sér talsímarekstur inn, en hann svaraði, að ríkið hefði nóg á sinni könnu, þótt það tæki ekki að sér slíkan rekstur.

Þá er transitverzlunin. Hv. þm. sagði, að hún gerði svo erfitt fyrir um að taka einkasölu erlendis. Segir hann, að ekki sé hægt að þjóðnýta verzlunina vegna þessarar transitverzlunar. Hv. þm. heldur, að ef þjóðnýtt sé verzlunin, þá leggist svo mikið á transitverzlunina, að hún eyðileggist. Í þessu felst bein játning um það, að ríkisrekstur í verzlun geri vörur landsmanna dýrari, því að transitverzlun getur í þeim efnum ekki verið nein undantekning. Er gott að hafa fengið þá yfirlýsingu frá hv. 4. landsk., sem telur sig vera höfuðpostula ríkisrekstrarkenningarinnar, sérstaklega í verzlun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:6 atkv.

Till frá 1. þm. Reykv. um að vísa frv. til fjhn. felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

**já:** JAJ, MG, MJ, PM, PBr, ÞÞ, GL.

**nei:** IP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, EÁrna.

---

Á 21. og 25. fundi í Ed., 25. og 30. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr.

**Frsm. (Jón Baldvinsson):** Við, sem erum í meiri hl. fjhn., höfðum ætlað að vera búnir að gera brtt. við frv. fyrir þessa 2. umr. En við höfum nú í smíðum nokkrar till. um breyt. á frv., og með því að ekki liggur fyrir að bera þær fram skriflega hér í hv. d., þá mælumst við til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá nú og taki það á dagskrá aftur ekki síðar en á laugardaginn kemur, þ. e. að tveim dögum liðnum.

*Forseti tók málið af dagskrá.*

Á 29. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr.

*Forseti tók málið af dagskrá.*

Á 31. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 103, n. 202, 310).

**Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson):** Eins og ég hét við 1. umr. þessa máls, höfum við flm. þess, sem erum í meiri hl. fjhn., íhugað frv. betur og átt tal um það við menn, sem kunnugir eru og fróðir í þeim greinum, sem það varðar. Við höfum síðan komið okkur saman um að bera fram nokkrar brtt. við frv., og eru þær á þskj. 310.

Brtt. þessar fela ekki í sér neinar verulegar efnisbreyt., nema þá, að inn í b-lið 1. gr. er bætt rafmagnslömpum. Það mun töluvert vera flutt af þeim til landsins, og þar sem þeir eru svo skyldir ýmsum öðrum vörum, sem undir frv. falla, þótti rétt að taka þá með. Að öðru leyti er ekki um miklar breyt. að ræða. Við höfum þó fært sumt af hinum teknisku heitum í b-lið til betra máls og sett inn ný heiti, sem iðnaðarmenn hafa þegar tekið upp í samráði við málfræðinga. Þó hefir þessu ekki verið alveg fylgt um íslenzk heiti á rafmagnsvörum, enda eru þau nokkuð mismunandi eftir því, hvar er á landinu. Hér í Rvík er t. d. sagt „rafmagnsveita", „rafmagnsstraumur" o. s. frv., en annarsstaðar á landinu „rafveita", „rafstraumur". Við teljum reykvísku orðmyndirnar viðfelldnari og réttari.

Landssímastjóri hefir farið fram á, að felld verði niður úr frv. ritsíma- og talsímaáhöld, með því að landssíminn einn flytji nú þessar vörur inn, og því einskonar einkasala á þeim nú þegar. Við höfum þó ekki talið rétt að fella þessar vörur niður úr frv., en höfum bætt inn í 4. gr. heimild til að fela ríkisstofnunum að sjá um innkaup á einstökum vöruteg. Stj. gæti því falið landssímanum að hafa verzlunina með þessi áhöld.

Ég vil í sambandi við þessar brtt. minnast á það, að borizt hefir til nefndarinnar till., sem samþ. var á síðasta fiskiþingi og felur í sér mótmæli gegn þeim hluta frv., er fjallar um einkasölu á mótorum. Till. þessi kom frá meiri hl. fjhn. fiskiþingsins, en um atkvæðamagn það, sem hún var samþ. með, er mér ekki kunnugt, Það er þó alveg ljóst, að ágreiningur hefir verið innan fjárhagsnefndar fiskiþingsins um þetta mál, þar sem till. er borin fram af aðeins nokkrum hluta hennar, enda er mér kunnugt um það, að ýmsir útgerðarmenn líta svo á, að einkasala á mótorum muni verða til bóta og hindra, að inn í landið verði flutt framvegis mikið af bráðónýtum vélum, eins og tíðkazt hefir. Meiri hl. n. hefir því ekki séð ástæðu til að taka þessi mótmæli til greina.

Það er þá ekki margt fleira, sem ég þarf að segja af hálfu meiri hl. n. Fyrirsögn frv. þótti ekki tæmandi eins og hún var og hefir því verið breytt lítið eitt. En áður en ég hætti að tala um þetta mál vil ég minnast á eitt atriði, sem talað var um við 1. umr. og mikla þýðingu hefir í þessu sambandi. Það er sú hætta, sem er á því, að bæirnir, og þá einkum Rvík, missi tekjur við það, að verzlunin eða einstakar greinar hennar séu reknar í einkasölu. Samkv. lögum greiða einkasölur nú 5% af nettóhagnaði í bæjarsjóði. Ég geri nú ekki ráð fyrir stórfelldum hagnaði fyrst um sinn af þeirri verzlun, en nokkur myndi hann þó verða, og ég held, að það sé ómótmælanlegt, að bæirnir tapi einhverjum tekjumöguleikum við þessar ráðstafanir. Ég vildi því athuga rækilega, hvort ekki væri hægt að ákveða, að hærri hundraðstala af nettóhagnaði en nú er ákveðið rynni til bæjar- og sveitarsjóða. Um þetta liggja ekki fyrir neinar till. nú, en ég mun athuga til 3. umr., hvort ekki er hægt að bera fram slíka till. um sanngjarnari skiptingu arðsins milli ríkis og bæjar- eða sveitarfél. Sú till. kæmi þá ekki frá n., heldur frá mér, annaðhvort sem brtt. við frv. þetta eða sem breyt. á gildandi l. um þetta efni.

Ég sé, að komið er fram nál. frá minni hl., sem leggst á móti málinu, eins og vænta mátti, og mun ég svara þeim mótbárum, er hv. minni hl. hefir talað fyrir sínu máli.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Það er svo fyrirmælt í þingsköpum, að við 2. umr. skuli ræða um einstakar greinar og brtt. Samkv. því verður varla svigrúm til að ræða mitt nál. nú, því að það er um málið almennt og beinist ekki að einstökum greinum og er eiginlega aðeins rök þau, sem ég færði gegn málinu við 1. umr.

Um brtt. meiri hl. hefi ég í rauninni ekkert að segja; þær eru svo lítilvægar. Orðabreyt. tel ég til bóta. Það er hugsunarréttara að segja rafmagnsveita en rafveita, því að það er magnið, krafturinn, sem veitt er, en ekki rafið sjálft, þótt rafmagns yrði fyrst vart í sambandi við það efni. Það er einn af meginkostum íslenzkunnar, hve hugsunarrétt hún er, og þann kost hennar ætti ekki síður að varðveita í orðalagi löggjafarinnar en annarsstaðar.

Ég er líka sammála þeirri brtt. meiri hl., að undanskilja ritsíma- og talsímaáhöld einkasölunni. Ég skil kannske betur en hv. meiri hl. þá, sem vilja vera lausir við afskipti einkasölunnar, en ég skil satt að segja síður í meiri hl. að fallast á að skilja landssímann einan eftir í svaði frjálsrar verzlunar, en láta hann ekki eins og alla aðra verða blessunar einkasölunnar aðnjótandi. En ég er feginn fyrir hönd allra, sem undan einokuninni losna — og get því vel fallizt á brtt. þessa.

Síðan málið var til 1. umr. hafa komið fram ýms mótmæli gegn því, að það nái fram að ganga. Þannig hafa borizt ákveðin mótmæli gegn því frá Fiskiþingi Íslands, að því leyti sem það

snertir sjávarútveginn. Mér fannst hv. frsm. meiri hl. leggja minna upp úr þessum andmælum en ástæða er til. Þegar betur er litið á eru andmælin einmitt sönnun þess, að allir vilja vera lausir við einkasölu á þeim vörum, sem þeir sjálfir þurfa að nota. Það er einkennilegt, að þeir, sem kunnugastir eru bátaútveginum og eiga lífsafkomu sína undir því, að hann gangi vel, skuli ekki grípa tveim höndum við þessari einkasölu, sem á að hjálpa þeim svo ákaflega vel, eftir því sem hv. meiri hl. n. heldur fram. Þessu bjargráði, sem þjóðin er ekki nógu þroskuð ennþá til að kunna að meta. — Ef leitað hefði verið álits þeirra, sem eiga hugsmuna sína undir því að fá góða og ódýra bíla, þá geri ég ráð fyrir, að þeir hefðu beðizt undan því, að tekin væri einkasala á þeim. Og ef svo hefði verið leitað til þeirra, sem verzla með rafmagnsvörur, þá býst ég við, að farið hefði á sömu leið. Þetta eru miklu sterkari rök gegn þessu máli heldur en hv. meiri hl. n. vill vera láta. Því að hverjir eru það, sem eru öruggastir um að fylgja sinni sannfæringu í þessu máli? Það eru þeir, sem eiga lífsuppeldi sitt undir því að verzla með þessa vöru, og einmitt það, að fiskiþingið varð til þess að andmæla þessari bjargráðaráðstöfun viðvíkjandi bátaútveginum, sýnir glöggt, að þeir, sem bezt þekkja til á þessu sviði, hafa ekki trú á því, að einkasalan útvegi þeim þessa vöru fyrir betra verð og með hagkvæmari kjörum en þeir hafa áður haft við að búa.

Það getur vel verið um þetta mál, eins og svo mörg önnur, að forlög þess séu ráðin fyrirfram, og sama sé, hvað fyrir kemur, að það haggi ekkert sannfæringu manna, en ef nokkur rök ættu að hagga sannfæringu manna, þá eru það þær mótbárur, sem komu frá fiskifélaginu um einkasölu á mótorvélum. Auk þess hafa komið fram, síðan þetta mál var síðast til umr., mótmæli frá verzlunarstéttinni, sem ég skal ekki gera að umtalsefni, bæði vegna þess, að það er betra þegar ræða á almennt um málið, og svo vegna þess, að ég hygg, að þessum andmælum sé ekki lokið ennþá. Það eru að vísu komin andmæli frá nokkrum hundruðum kaupmanna, en þegar maður lítur á, hvaðan þau eru komin, þá sést, að þau eru mest frá ákveðnum stöðum, en frá öðrum stöðum á landinu hafa engin andmæli komið ennþá, svo búast má við, að þau komi fleiri en lýkur.

Ég skal ekki fjölyrða mikið um þetta mál almennt, af því að það á ekki við við þessa umr. En mér finnst alvarlegastur, bæði að því er snertir þetta frv. og fleiri einkasölufrv., sá glundroði og upplausn, sem slíkar byltingar á atvinnulífinu hljóta að koma af stað, og ef það er talin nauðsyn að koma slíkum byltingum á, þá finnst mér að eigi að velja til þess þann tíma, sem þjóðfélagið hefir efnalega bezt ráð á því að láta svo og svo mikið fara forgörðum af sínum verðmætum. Því að það er tvímælalaust játað af öllum, og m. a. af hæstv. ráðh., að slíkar aðgerðir sem þessar hafa alltaf í för með sér mikla truflun meðan þær eru að komast á.

Það hafa komið fram andmæli, er snerta nokkuð á 4. þús. manna, sem nú hafa atvinnu við verzlun, og það má búast við því, að svo og svo mikill hópur af þessu fólki verði atvinnulaust eða atvinnulítið, ef þetta frv. verður samþ. og haldið verður áfram á þessari sömu braut. Það getur verið, að þjóðfélagið komist fljótt í jafnvægi aftur, en slíkt sem þetta hlýtur að hafa í för með sér mjög mikla byltingu meðan á því stendur, og ég veit ekki, hvort hæstv. stj. og þingi finnst nú vera heppilegur tími til þess að koma sliku róti á, — hvort þeim finnst það heppilegt, samtímis því, að verið er á alla bóga að gera hallærisráðstafanir. Það er búið að gera mikla hallærisráðstöfun fyrir landbúnaðinn, og það liggur fyrir að gera það sama fyrir sjávarútveginn, og sífellt er verið að hækka þá upphæð, sem ætluð er til atvinnubótavinnu til þess að létta af atvinnuleysinu. Ég veit ekki, hvort þessum mönnum finnst þetta heppilegur tími til þess að koma upp í landinu allmiklum nýjum atvinnuleysingjahóp á þessu sviði, sem hér er um að ræða. Ég held, að þetta mundi enginn gera, sem hefði ábyrgðartilfinningu og þá hugsun, sem þarf til þess að láta sér annt um þjóðfélagið, og ég býst við, að það séu þessar ástæður, sem valda miklu um það, að jafnaðarmannaflokkarnir í nágrannalöndunum hafa ekki lagt út á þessa braut, sem þessir nýbökuðu valdhafar hér á landi eru svo fljótir að leggja á og er svo annt um. Ég er hræddur um, að það þyki nokkuð óþingleg orð að segja þetta gamla máltæki, „að fiflið leggur fyrst á forāðið.“ Þessir nýbökuðu valdhafar, sem hvorki hafa vit né góðan vilja á við flokksbræður þeirra í öðrum löndum, verða einmitt fljótastir til þess að kasta sér út í þetta fen, sem hér er um að ræða. Það getur verið, að nágrannaþjóðirnar horfi með ánægju á þetta, og þeir vilji gjarnan hafa einhver tilraunadýr, rétt eins og þegar mönnum finnst rétt að gera tilraunir á kanínum og rottum áður en það er reynt á mönnum, eða eins og þegar hér áður fyrr rak ókennda skepnu á land, þá var sveitarómögum fyrst gefið að éta af henni, áður en borið var fyrir almennilegt fólk. Ég geri ráð fyrir, að nágrannaþjóðirnar líti með eftirvæntingu á það, hver árangurinn af þessu verður hér hjá okkur; þeim finnst ekki svo mikið um okkur Íslendinga.

Hv. frsm. meiri hl. tók til greina eina þá ástæðu, sem ég bar fram móti einkasölum yfirleitt, sem sé þann tekjumissi, sem af þeim hlýzt fyrir bæjarfél., og var hann að tala um, að það væri kannske rétt að bera fram nokkra breyt. á l. um gjöld til bæjarfél. af ríkiseinkasölum. Það er gott að heyra slík huggunarorð fyrir bæina, en þó væri meira virði, að það væri einhver trygging fyrir efndum á því. Það er ekki víst, þó að hv. frsm. meiri hl. komi með till. í þá átt, að henni yrði tekið greiðlega, m. a. af hálfu hæstv. fjmrh., sem ekki mundi vilja sjá af því fé úr ríkissjóði. Eftir stefnu þessa hæstv. fjmrh., sem virðist hafa það eina áhugamál að reyta sem mest af tekjustofnum frá bæjarfél., þá er ég hræddur um, að hann taki dauflega í að láta þessa stofna borga allmiklu meira fé til bæjanna, a. m. k. komi það illa heim að hækka þessi gjöld til bæjanna jafnhliða því, að ríkissjóður ræðst meir og meir á aðaltekjustofna

bæjanna, sem eru beinu skattarnir. E. t. v. má vænta yfirlýsingar frá hv. frsm. meiri hl. um þetta nú við þessa umr., og væri æskilegt, að hún kæmi fram. Þá getur maður sagt, að þessi eina ástæða sé að nokkru rýrð, ef hægt er að bæta úr þessu, en þá eru líka tekjurnar minni, sem ríkissjóður hefir af þessu, eða þá verðið hærra fyrir þá, sem þurfa að nota þessar vörur.

**Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson):** Það, sem hv. frsm. minni hl. bar fram hér, var að nokkru leyti það sama og fram kom við 1. umr. þessa máls. Mér skildist hann líta svo á, að við hefðum fellt niður úr frv. ritsíma og talsíma, en það var ekki gert, eins og hv. þm. getur séð, ef hann vill það á sig leggja að lesa okkar brtt. (*MJ: Ég hélt, að hv. frsm. talaði í samræmi við nál.*), því að það er einmitt tekið upp í brtt., en því er bætt inn í 4. gr., að heimilt sé að fela einkasöluna ríkisstofnun, og það eru þá möguleikar til þess, að landssíminn geti fengið þessa einkasölu í sínar hendur. Það er kannske eðlilegt, og ég er ekkert að binda hendur hæstv. ríkisstj. í því efni, að landssíminn geti tekið sölu á þessum áhöldum í sínar hendur.

Hv. 1. þm. Reykv. er ennþá, eins og flokksbræðrum hans er títt að gera, að vitna til jafnaðarmanna á Norðurlöndum, að þeir séu ekki svona gráðugir í einkasölur eins og við Íslendingar. Ég get nú sagt hv. þm., að það er þegar orðið nokkuð af ríkiseignum þar, fyrirtækjum og öðru, t. d. eru járnbrautirnar að mestu ríkiseign. Það svarar til þess, að ríkið hér ætti og ræki bifreiðarnar á vegunum. Þessu hafa jafnaðarmenn í þessum löndum unnið að smátt og smátt, eftir því sem þeir hafa getað, að stuðla að því að kaupa einkajárnbrautirnar, til þess að leggja þær undir ríkið, þó að einhverjir fleiri flokkar hafi verið með þeim í því, eins og hér á sér stað nú, að Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa orðið sammála um að taka upp einstakar teg. einkasölu, án þess þó að Framsóknarflokkurinn *játist undir það*, að hann sé með þjóðnýtingu. Þannig verður það að vera, og er í nágrannalöndunum, að jafnaðarmennirnir nota hvert tækifæri til þess að leggja fyrirtæki undir ríkið.

Til viðbótar þeim ástæðum, sem þessi hv. þm. bar fram við 1. umr. þessa máls, bætti hann þeim ummælum, að sá meiri hluti, sem nú réði í landinu, væri fífl, sem ætti að etja á forað og hvorki hefði vit né vilja á við skoðanabræður sína í öðrum löndum, og líkti hann svo fólkinu við kanínur og rottur, sem hafðar væru til tilrauna. Það er ánægjulegt að vita til þess, að þessi maður skuli eiga að kenna prestaefnum landsins góðan munnsöfnuð og ráðinn til þess af ríkinu — þjóðnýttur —, ef hann gerir það eitthvað í þessa átt. Þá verða sjálfsagt prestaefnin í þessu landi vel upp alin og fær um að inna sín störf af hendi. Þetta flutti hann svo hitalaust sem mest mátti vera; hann hafði ekki þá afsökun, að hann væri vondur, heldur var hann kaldur og rólegur meðan hann var að kalla andstæðingana fífl og líkja þeim við kanínur og rottur. Ég veit ekki, hvort þetta orðbragð prestaskólakennarans *hefir veruleg áhrif* á atkvæði manna um þetta mál. Ég hefi enga trú á því, að það bæti fyrir málstað hans og þeirra manna, sem hann talaði fyrir.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Það er aðeins út af einu atriði, er fram kom í ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem ég þarf að segja nokkur orð.

Hv. þm. sagði, að hv. frsm. meiri hl. hefði verið að tala um, að komið gæti til mála að hækka eitthvað það tillag, sem sveitar- og bæjarfél. fá af tekjum ríkisverzlana, og í þessu sambandi fór hann fram á að fá einhverja yfirlýsingu í þessu máli.

Ég get ekki gefið neinar yfirlýsingar um það að svo stöddu, nema það er hugsanlegt, að hægt sé að ganga inn á að ætla sveitar- og bæjarfél. eitthvað meiri part af ágóða þessara fyrirtækja, sem hér um ræðir, heldur en hingað til *hefir tíðkazt. En um það hefir ekkert verið rætt*, svo ekki er hægt að gefa neinar yfirlýsingar um það.

Svo var annað atriði, sem hv. þm. talaði um, að það yrði atvinnuleysi, sem stafaði af því, að þessi fyrirtæki kæmust á fót. Það kann að vera, að eitthvað af verzlunarmönnum misstu atvinnu, en ég hefi ekki trú á, að það yrðu margir, vegna þess, að þessi fyrirtæki mundu þurfa marga starfsmenn. Þó þeir yrðu ekki eins margir eins og við einkarekstur, þá mundi sá munur ekki verða gífurlegur, svo atvinnuleysið í heild mundi áreiðanlega ekki mikið aukast, þó að þetta yrði gert.

Ég ætla ekki að svara því, sem hann talaði um, að við værum fífl. Ég lít svo á, að slík ummæli séu þeim mönnum mest til skammar, sem þau segja, en ekki þeim, sem fyrir slíku verða.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson)** [óyfirl.]: Það er nú í raun og veru óþarfi fyrir mig að standa upp aftur, því að hv. frsm. meiri hl. er eðlilega latur að tala um þetta mál, hann veit, að það *er allt* ákveðið *fyrirfram*, hvernig það skuli fara. Það er þessi gamla setning: „Ég er ekki kominn hingað til þess að láta sannfærast“, sem þar *gildir algerlega*.

Hv. frsm. benti á dæmi úr nágrannalöndunum, en hann fann nú einu sinni ekkert nema þjóðbankann danska, sem reyndist ekki vera verk jafnaðarmanna, en nú nefndi hann ríkisjárnbrautirnar, og get ég nú búizt við, að þrátt fyrir tveggja vikna undirbúning sé hann búinn að tæma allt, sem hann getur fundið af þessu tægi hjá nágrannaþjóðunum.

Það er ekki stefnumunur milli okkar sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna, að sjálfstæðismenn séu á móti allskonar ríkisrekstri, ríkisrekstur á ýmsum sviðum er viðurkenndur af öllum flokkum. Ég hefi t. d. aldrei heyrt talað um hér á landi, að póst-, síma- og skólamál og ýms fleiri mál ættu að vera rekin af einstaklingum. Það er augljóst, að það eru ákveðin fyrirtæki, sem eru ýmist svo mikil um sig eða þannig vaxin, að það er heppilegast, að þau séu í höndum eins fyrirtækis, og þá er víðast hvar horfið að því ráði, m. a. af fjárskorti, að láta

ríkið reka þau. En það er ekki þar fyrir, að það eru eins dæmi til þess, að þessi fyrirtæki séu rekin af einstaklingum. Í Bandaríkjunum hefir talsíminn verið rekinn af einu fél., sem hefir 400 þús. menn í þjónustu sinni, og það er dálitið einkennilegt, að það er sagt, að hvergi sé betri símaafgreiðsla en þar, og nálega allar nýjungar á þessu sviði koma einmitt frá verkfræðingum þessa fyrirtækis. Járnbrautirnar þar hafa til skamms tíma, og ég held ennþá, verið reknar af einstaklingum, og er rekstur þeirra engan veginn lakari heldur en ríkisjárnbrauta. En það er önnur ástæða, sem veldur því, að ríkin reka yfirleitt járnbrautir, og hún er sú, að þau þurfa að haga járnbrautunum eftir hernaðarþörfum, og jafnvel þó það væri stórkostlega óhentugt fyrir ríkin að reka járnbrautirnar, þá verða þau að halda dauðahaldi í þær vegna þessara hernaðarmála.

Hv. frsm. og hæstv. ráðh. þótti illt, að ég heimfærði til þeirra þetta gamla máltæki, en ég tek ekkert aftur af því, sem ég sagði um það, og ef þeim finnst það eiga vel við sig, þá er það líkt eins og Steingrímur sagði: „Þegar presturinn sagði í stólnum, að dagur drottins kæmi eins og þjófur á nóttu, þá kallaði einhver upp frammi í kirkju og sagði: „Ha! hver var að tala um mig?“

Hér er verið að gera tilraunir, sem engin af hinum Norðurlandaþjóðunum hefir lagt út í að gera, og hafa þó þar verið jafnaðarmannastjórnir um lengri tíma. Hvað er þetta annað en gamla máltækið, að „etja fiflinu á foraðið“. Þessi ágæta! ríkisstj. okkar hefir hvorki þekkingu, gætni né velvilja á við stjórnir nágrannaþjóðanna. En hitt er annað mál, hvort rétt er að blanda mér inn í þetta sem prestaskólakennara, en það er nú einu sinni þeirra vani að sletta því að mér, að ég sé prestakennari, þegar öll þeirra rök eru þrotin, en þeim finnst það kannske heilbrigðara að „þegja við öllu röngu“; það er eins mikils virði að kunna að kalla það ljóta ljótt eins og það er lítilmótlegt að þora ekki að rísa upp á móti ranglætinu, af því að kunna ekki að velja því rétt orð. Þessir hv. þm. mega senda sína útsendara í tíma til mín og vita, hvort það orðbragð, sem ég hefi, muni spilla nemendunum.

Hv. 4. landsk. hélt því fram, að svona orðbragð hefði ekki áhrif á atkvæðagreiðsluna um þetta mál. Það getur vel verið, en það hefir álíka mikil áhrif og sterk rök, því að það hefir engin áhrif, þó að meginþorri þeirra manna, sem nota bátamótora, leggist fast á móti þessu einkasölufargani; það hefir álíka mikil áhrif og þó að ég noti hér einhver stór orð.

Hæstv. fjmrh. gaf það, sem hann kallaði yfirlýsingu, um það, sem ég óskaði eftir áðan, en ég vildi helzt fá þessa yfirlýsingu dálítið skýrari heldur en hún var. **(Fjmrh.:** Hún fæst ekki skýrari að svo stöddu). Þá er loforð hv. frsm. meiri hl. um að bæta úr tekjustofnum bæjarfél. með því að hækka þessi gjöld frá ríkisstofnunum, einskis virði. Það eru bara falleg orð frá honum, sem ekkert gildi hafa. Nei, þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. var, það, sem hún náði, sýnilega á móti þessari till. frsm., því að hann sagði á þá leið, að hugsanlegt væri að láta eitthvað meira af ágóða þessara fyrirtækja renna í sveitar- og bæjarsjóði.

Það er augljóst mál, að hér er um mikla skerðingu að ræða fyrir bæjarfél., þegar það er gert jafnhliða því, að alltaf er verið að seilast nær og nær þeim öðrum tekjustofnum, sem bæjarfél. geta haft.

Þá var hæstv. ráðh. að leitast við að svara því, er ég hreyfði viðvíkjandi atvinnuleysinu, sem af þessu mundi leiða. Hann sagði, að ekki mundi verða mikill munur á starfsmannafjölda, en það er sá mikli munur, að það verður allt annað fólk, sem þarna mun vinna, a. m. k. ef þessi einkasala verður framkvæmd undir stjórn hæstv. núv. stj., þá bregður hún vana sínum, ef hún skipar í þessar trúnaðarstöður yfirleitt þá menn, sem nú vinna af þessu starfi. En það eitt, að skipta um starfslið, sem skiptir hundruðum og kannske þúsundum, orsakar mikla truflun og atvinnuleysi í landinu.

Mér finnast þessar tvær ástæður, sem ég hefi fært fram, standa í fullu gildi þrátt fyrir þessi litlu andmæli frá hæstv. ráðh. og hv. frsm. meiri hl. n.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Ed., 9. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 310,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:6 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 8:5 atkv.

Brtt. 310,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 8:5 atkv.

5.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 310,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 8:1 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum o. fl.**

---

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 378, 500).

**Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson):** Þegar þetta mál var til 1. umr., var drepið á það, að kaupstaðirnir fengju minni útsvör borguð, ef tekið væri upp mikið af einkasölum á ýmsum vörutegundum.

Við 2. umr. talaði ég um að koma fram með till. um að auka það útsvar, sem ríkisstofnanir greiða nú með l. nr. 47 frá 1924, eða að bæta sérstaklega við þetta frv. till. um hærri greiðslu þeirra einkasala, sem hér um ræðir.

Við meiri hl. fjhn. höfum komið okkur saman um, að till. á þskj. 500 verði prentuð upp.

Það vantar tvö orð í fyrra þskj. Þar er farið fram á, að af verzlunarhagnaði þessara einkasala séu 30% greidd af hálfu ríkissjóðs til bæjar- og sýslusjóða. Þar af skulu greidd 10% til þess bæjarsjóðs, þar sem einkasalan hefir aðsetur sitt, og er þar átt við Rvík. En hin 20% eftir mannfjölda milli annara kaupstaða og sýslusjóða.

Það er erfitt að segja, hvernig skiptingin ætti að vera. Yfirleitt eru það kaupstaðirnir, sem misstu við þetta. Nokkur kauptún gætu einnig komið til greina. Það er erfitt að ákveða, hvar markalínan á að vera í þessu efni. Það hefir komið til mála að taka kauptún með 600 íbúa eða fleiri, en einnig gætu minnstu kauptúnin haft einhvern hagnað af verzlun með þær vöruteg., sem hér um ræðir. Þess vegna er þessi skipting tekin, að skipta ⅔ af þessum verzlunarhagnaði milli bæjarsjóða, annara en Rvíkur og sýslusjóða. Með þessu móti kemur þá of mikið óbeint í hlut þeirra kauptúna, sem einhvern hagnað hafa haft af þessari verzlun undanfarið.

Við meiri hl. fjhn. leggjum til, að þessi till. okkar verði samþ. sem viðbót við 4. gr. frv. Það er tiltekinn sami gjalddagi eins og á aukaútsvari ríkisstofnana eftir l. frá 4. júní 1924, 1. marz. Þetta skal greiðast af ágóða næsta árs.

Ég hefi svo ekki fleira um þetta mál að segja. Ég er búinn að taka það fram, sem liggur til grundvallar þessari brtt.

ATKVGR.

Brtt. 500 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 41. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 515).

Á 43., 44. og 45. fundi í Nd., 22., 23. og 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Þó að þetta frv. komi nú fyrst fyrir þessa hv. þd., hygg ég, að hv. þdm. hafi nokkuð kynnt sér það og fylgzt með gangi þess í hv. Ed. og muni því ekki vera þörf á langri framsögu. Það má í raun og veru færa fram tvær aðalástæður fyrir því, að frv. þetta er fram komið, og get ég ekki gert mun á þeim, hvora á að telja fremri. Önnur ástæðan er sú, að vörur þær, sem um er að ræða, eru mjög margháttaðar. Teg. bíla og mótorvéla eru mjög margar og þar að auki fylgir hverri teg. mesti aragrúi af varahlutum, sem gerir alla notkun þessara þarflegu áhalda mjög erfiða, og hefir það í för með sér, að óeðlilega mikið fé er bundið í þessari verzlun. Önnur ástæðan fyrir þessu frv. er því sú þörf, sem á því er að skipuleggja þessa verzlun. Áður hefir ríkið tekið einkasölu á annari líkri vöruteg., sem eru viðtæki. Eins og öllum er kunnugt, grundvallaðist sú stofnun á þeim rökum, að með einkasölufyrirkomulagi væri hægt að tryggja tvennt í senn, góð og heppileg tæki og ríkissjóði nokkrar tekjur. Hin ástæðan fyrir þessu frv. er því sú, að verzlunarálagning á þessar vörur geti flotið í ríkissjóðinn. Í þeirri verzlun, sem við eigum nú við að búa á þessum vörum, er álagningin töluverð, og eru því nokkrar horfur á því, að hér geti orðið um tekjustofn að ræða fyrir ríkissjóð. Í grg. frv. eru færðar ástæður fyrir því, að réttara þótti að hafa þessi l. í heimildarformi fremur en beina skipun, vegna þess, að auðsætt er, að allmikinn undirbúning og rannsókn þarf áður en einkasala er hafin. Það verður t. d. ekki um það sagt, að svo vöxnu máli, hvort rétt er að taka vöruteg. allar í einu eða smátt og smátt. En áður en þessi nauðsynlegi undirbúningur hefst, þarf heimild fyrir einkasölunni. Alþ. hefir gefið fordæmi fyrir slíkum einkasölum áður. Það var fyrir eina tíð hér einkasala á olíu og sömuleiðis heimild fyrir einkasölu á benzíni. Þannig hafa verið heimildir til fyrir slíkum einkasölum sem þessari, og vísa ég til þeirra fordæma, ef einhverjum kann að þykja athugavert að samþ. þessa heimild. Í grg. frv., sem flutt var að minni tilhlutun í hv. Ed., hefi ég fært fram rök fyrir þessum ástæðum, og leyfi ég mér að vísa til þeirra. Það mætti kannske um það spyrja, hver yrði hagnaður af einstökum teg., en sökum þess, að undirbúningstíminn hefir verið stuttur, hefir ekki unnizt tími til þess að rannsaka það að svo stöddu máli. Það fer vitanlega nokkuð eftir því, hvernig verzlunin verður framkvæmd, en slíkt kemur fram við nánari athugun. Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð fleiri, en óska, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég á að vísu sæti í þeirri n., sem gera má ráð fyrir, að frv. þetta fari til, og mætti því kannske segja, að óþarfi sé, að ég fari að tala um það langt mál nú. En ég vil þó ekki láta þessa 1. umr. hjá líða svo, að ég ekki lýsi afstöðu minni til þessa frv. Eins og liggur í hlutarins eðli, þar sem ég telst til Sjálfstæðisflokksins, er ég eindreginn á móti slíku frv. sem þessu. Það hefir verið varið með því, þetta einokunarfargan stjórnarflokkanna, bæði fyrr og síðar, að það væri rétt að láta ríkið hafa verzlun á þeim vöruteg., sem gæfu mikinn verzlunarhagnað. Þetta hygg ég, að muni vera stefnuskráratriði a. m. k. annars stjórnarflokksins, þannig orðað og rökstutt. En úr því það er rökstutt með þessu, verður maður að hafa leyfi til að álykta sem svo, að ekki geti verið tilgangurinn að setja á stofn ríkiseinkasölu, sem eigi að taka ágóða af vörum, sem nauðsynlegar eru atvinnuvegunum. Nú vita allir, að hér er um hinar mestu nauðsynjavörur að ræða, og til þess að halda niðri verði á þessum vörum, er einfaldasta leiðin sú, að hafa verzlun með þessar vörur algerlega frjálsa. Það virðist því svo í raun og veru, að brotið sé með þessu frv. a. m. k. stefnuskáratriði Framsóknarflokksins, þar sem settar eru í einokun nauðsynlegar vöruteg., nema skýringin sé sú, að stefna flokksins sé að breytast, sem sé þannig, að hann vilji nú fá einkasölu á sem flestar vöruteg. án tillits til þess, hvort þær eru nauðsynlegar eða ekki, eða hvort þær þoli mikla álagningu eða ekki. Í rök-

stuðningi framsóknarmanna fyrir þeirra stefnu, sem verið hefir, felst í raun og veru viðurkenning fyrir því, að vörur eigi að vera dýrari í ríkiseinokun en í frjálsri verzlun, því ef svo væri ekki, þá væri ekki heldur ástæða til að einskorða stefnuskrána við það, að vörur í einkasölu geti gefið mikinn verzlunarágóða, og er það vitanlega mikil játning fyrir því, að vörurnar eigi að vera dýrar. Höfuðástæðan, sem Sjálfstæðisflokkurinn færir fram gegn þessari einkasölu, er sú, að vitanlega sé ófært að hafa nauðsynjavörur með hærra verði en þær þurfa að vera. Ég tel í raun og veru óþarft að fara langt út í þá hlið málsins, því það er viðurkennt, að vörur eru dýrari í einkasölu heldur en í frjálsri samkeppni, en af því leiðir líka, að þessar nauðsynlegu vörur eiga að vera í frjálsri verzlun.

Í sambandi við þetta mál hefði ég gaman af að fá upplýsingar um það frá hæstv. stj., hvað líður frv., sem kom fram í byrjun þings og virtist eiga að vera tekjuöflunarfrv. Þetta frv. var víst um bifreiðaskatt eða öllu heldur benzinskatt, þar sem farið var fram á verulega hækkun á þeim skatti. Eins og þessi mál horfa nú við á sjónarsviðinu, hefir mér dottið í hug, að e. t. v. væri tilætlunin eða setja þessi frv. hvort í samband við annað, þannig að um leið og tekin væri einkasala á bifreiðum og mótorvélum, sem ganga fyrir steinolíu og benzíni, þá eigi nú líka að taka einkasölu á þessum vörum. Það er nú svo ástatt með þessar vöruteg., að þó þær séu nauðsynjavörur, þá er nú svo háttað með þær, að tæplega er hægt að segja, að þær séu í frjálsri verzlun, og þó að ég aðhyllist frjálsa verzlun, þá er hér á landi svo ástatt með þessar vörur, að tæplega er hægt að segja, að um þær gildi frjáls samkeppni. Það væri því áreiðanlega miklu nær, að ríkið tæki einkasölu á þeim vörum heldur en þeim teg., sem frv. ræðir um. Það er í raun og veru óskiljanlegt, þegar hér er stungið upp á einkasölu á allskonar mótorum og mótorvélum, sem nota benzín, að þá skuli benzínið ekki vera tekið með. Því til sönnunar, að hér sé um minni skaða að ræða almennt séð, og af því mikil verzlunarálagning er á benzíni, þá skal ég benda á það, að samkv. tekjuskattsskrá Rvíkurbæjar má alveg fullyrða, að eitt fél. hér í bænum, sem verzlar með benzín og olíu, skilar mjög ríflegum ágóða af verzluninni. Þessu til sönnunar get ég bent á, að tekjuskattur þessa fél. var á 23. þús. kr., og liggur í augum uppi, að til þess að fél. geti borið svo háan tekjuskatt, hlýtur ágóðinn að vera alveg gífurlegur. Þessi ágóði af þessari verzlun rennur auðvitað beint í vasa þeirra, sem eiga fyrirtækið, og það er áreiðanlega mikil ástæða til þess að athuga, hvort ekki er meiri ástæða að taka einkasölu á þessum vörum fremur en þeim, sem í frv. eru.

Hæstv. ráðh. sagði, að til hefði verið heimild fyrir ríkiseinkasölu með steinolíu og benzín. Þetta er rétt. Sú heimild var í l., en mér er spurn, hvort sú heimild er ekki enn til, ég hefi ekki gáð að því, en mér hefir verið sagt, að svo væri. En ef svo er, þá væri hægurinn hjá fyrir stj. að nota þá heimild. Til þess þyrfti enga nýja lagasetningu. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég væri frekar tilleiðanlegur til þess að veita stj. lið til þess að koma á þeirri einkasölu, einkasölu á steinolíu og benzíni, sem þegar má í raun og veru teljast, að sé í einkasölu í framkvæmdinni, þar sem verzlun með þessar vörur er í höndum einstakra fél. Til þess mundi ég fremur fylgja hæstv. ráðh. heldur en einkasölu á þeim vörum, sem frv. ræðir um.

Hæstv. ráðh. talaði um, að þetta frv. mundi gefa tekjur, ef að l. yrði. Ég efa ákaflega mikið, að svo verði. Það er augljóst, að þetta er svo margbrotin verzlun, að hún hefir geysikostnað í för með sér. Þegar þessar vörur verða teknar út úr einstaklingsverzluninni, liggur í augum uppi, að kostnaðurinn verður margfaldur fyrir landsmenn, miðað við það, sem verið hefir, og tekjur ríkissjóðs hverfandi litlar, nema tilætlunin sé sú, að hækka verð á þessum vörum frá því, sem verið hefir, en það gefur mér einmitt tilefni til þess að spyrja aftur, hvað líður benzínskattinum, og hvort búizt er við, að tekjur af þessu frv. nálgist að vera eins miklar og af bifreiðaskattinum. Ég vil taka það fram, þó hæstv. ráðh. væri áðan að vísa til heimildar, sem áður hefir verið gefin til einkasölu á einstöku vöruteg., að það er varla sambærilegt við þetta frv., þó heimiluð hafi verið einkasala á steinolíu, því það er vitað, að sú verzlun hefir verið aðeins á örfárra manna höndum, og þess vegna lítil hætta á því, að heimildin yrði misnotuð. Hinsvegar eru þær vöruteg., sem frv. ræðir um, á höndum fjölmargra manna í landinu, og er því alveg augljóst, að ef á að taka alla þá verzlun af þessum mönnum, þá veldur það þeim geysilegu atvinnutjóni. Ég tel það því fullkomna óhæfu að veita þá heimild, sem farið er fram á með þessu frv.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Hæstv. ráðh. færði fram tvær ástæður fyrir þessu frv. Hann sagði, að vöruteg. væru margvíslegar og þess vegna þyrfti að skipuleggja verzlun með þær. Það er eins og þetta orð, þessi sjúkdómur, að skipuleggja, fari eins og eldur í sinu hér um hv. d. Þessi einkasala er nú raunar spilling, sem komin er í Framsóknarflokkinn frá sósíalistum, og þá er ekki annars að vænta en að þetta ljúfa orð sé notað til að tákna fyrirbrigðið. Ég geri ráð fyrir, að hv. meiri hl. þessarar d. sé sama, þótt hann raski atvinnulífi mikils hluta landsmanna og valdi miklu tjóni þeim, sem verða fyrir barðinu á frv., ef þeir geta þjónað sínum skipulagshugsjónum. En mér dettur í hug að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort honum hefir ekki flogið í hug, að þessi einkasala geti komið óþægilega við utanríkisviðskiptin, sérstaklega nú á síðustu tímum, þegar það er látið fylgja þessum heimildarlögum, að markmiðið með einkasölu sé að fækka vöruteg., sem eru nú í framboði á innlendum markaði. T. d. vildi ég spyrja hann í þessu sambandi viðvíkjandi einkasölu á bílum, hvort ekki hefir flogið í hug hans, að það geti valdið erfiðleikum, ef ákveðið er að skipuleggja sölu með eina teg. bíla, en ekki heimila aðrar. Ég geri nú ráð

fyrir, að tekin verði sú teg., sem praktiskust er, en hvort ekki verði erfiðleikar, ef tekin er ein teg., en almenningi verður óheimilt að nota aðrar, hvort hæstv. ráðh. hefir ekki dottið í hug nú, þegar allar þjóðir líta ríkt eftir því, að vörur frá sér séu ekki útilokaðar, og leggja fram stórfé til þess að hjálpa framleiðslu sinni, til þess að víkka markað fyrir sínar vörur, dettur honum þá ekki í hug, að ef við setjum hömlur á fjölda teg. þeirra vara, sem inn hafa verið fluttar, muni vinir okkar í öðrum löndum spyrja, hvort óheimilt sé að selja framleiðslu þeirra, og hvort hæstv. ráðh. ekki óttast, að óþægindi geti stafað af svo óvinsamlegri lokun gegn vörum viðskiptaþjóðanna, hvort þá geti ekki farið svo, að ekki verði komizt hjá því að heimila innflutning frá þeim þjóðum, er við verzlum mest við, af því þær vilji hafa opinn markað hér fyrir sínar vörur. Ég hefi tekið eftir því, að það er lítið alveg sérstaklega eftir verzlun með bíla, og það er ekki ómögulegt, að það komi í bakseglin, ef framkvæmt verður það skipulag, sem ríkisstj. ber nú fram eftir skipun sósíalista. Þó ekkert tillit sé tekið til hagsmuna ísl. verzlunarborgara, gæti þá ekki verið ástæða til að taka til greina erlenda hagsmuni? Þetta á ekki einasta við um bíla, heldur líka allskonar mótora, rafmagnsáhöld og tæki. Okkur er nú svo þröngur bás markaður með okkar útflutningsvörur, að það er vissulega ekki rétt að eiga neitt á hættu fyrir ekki meira spursmál en þetta er, og mér finnst það athugavert á þessum tímum, þegar þjóðirnar hafa svo mjög opin augu fyrir viðskiptahömlum, að ríkisstj. fari ekki að gamni sínu að þröngva hagsmunum erlendra þjóða, sem sennilega mundu taka eftir því, þó við séum fáir og smáir. Þá var hin ástæðan fyrir flutningi þessa frv. sú, að því er hæstv. ráðh. sagði, að nokkrar tekjuvonir væru af frv. Í sambandi við það dettur mér í hug annað atriði. Eins og sakir standa er víst meira takmarkaður innflutningur á bifreiðum en öðrum vörum, af því að þær eru dýrari en aðrar vörur, og það er því eðlilegt, að meira sé dregið úr innflutningi þeirra en sumra annara vöruteg., svo lengi sem þess gerist þörf að takmarka innflutning á vörum.

Eftir því, sem ráða má af því fskj., sem prentað er með frv., hefir innflutningur á þeim vörum, sem hér er um að ræða, verið um 2,4 millj. kr. árið 1933. (**Fjmrh.**: Viðtækin eru talin með í þessu). Já, það mun vera svo, þá eru hinar vörurnar um 2 millj. kr. virði.

Mér þykir eðlilegt, að á það sé mjög lítið við úthlutun gjaldeyrisleyfa, hvaða vöruteg. það er, sem farið er fram á að flytja inn. Nú mun það vera venjulegt, eftir því, sem ég þekki til, að verzlunarfyrirtæki ríkissjóðs þurfi ekki mikið að hafa fyrir því að leita gjaldeyrisleyfa og að þau gangi fyrir öðrum í því efni. Og eins og hér er háttað nú á seinni tímum, þar sem að því er virðist er ótrúlega mikil eftirspurn eftir erlendum varningi, en gjaldeyrismagnið lítið, þá held ég, að það sé varhugavert að leggja undir ríkið sölu þessara vöruteg. og gera innflutning þeirra þar með óháðan gjaldeyrishömlum, sem eru líklegar til að vera gjaldeyrisfrekar og mikið eftirspurðar, ef innflutningur þeirra er óheftur. Það virðist af grg. frv., að það sé meiningin að gera þessar vörur ódýrar; þar er talað um, að á þessum vörum sé nú mikil álagning, líklega til að benda á, að með „skipulagningu“ mætti gera þær ódýrari. Mér virðist því, að svo geti farið, að bifreiðar, dýrar ljósakrónur og annað þesshátttar, verði ásamt tóbaki og brennivíni aðallúxusvörur landsmanna, sem þeir geta fengið ótakmarkað af frá ríkinu, ef eitthvað er til að borga með, og nota þess vegna meira af en heppilegt er. Mér finnst fara illa á, að landsmenn verði að neita sér um ýmsan smávarning, sem framleiddur er erlendis og innflutninghömlur eru á, og kaupi í þess stað þennan dýrasta, óþarfasta og ljótasta lúxusvarning, sem til landsins flyzt. M. a. að þessu athuguðu finnst mér ástæða til þess fyrir fjhn. að velta því vel fyrir sér áður en hún leggur til, að þetta frv. verði gert að l. Því ég get ekkert lagt upp úr orðum hæstv. stj. um það, að það kunni að taka fjölmörg ár að koma einkasölu á allar þessar vöruteg. Ég hefi ekki trú á, eins og nú er háttað, að hæstv. stj. mundi draga að taka undir ríkið að sem mestu leyti verzlun þessara vöruteg., sem hér um ræðir, fyrst og fremst til þess að reyna að hafa af því einhverjar tekjur, og svo eru fleiri atriði, sem rekið gætu á eftir. Vil ég ekki eins og sakir standa nefna tvö atriði, sem mér þykir líklegt, að myndu ýta á eftir og að einhverju leyti liggi á bak við þetta mál. (**Fjmrh.**: Þetta eru getsakir.).

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Ég ætla ekki að fara langt út í þetta mál að sinni; ég geri ráð fyrir, að tækifæri gefist til að ræða það nánar við síðari umr. Þó vil ég ekki láta hjá líða að minnast á fyrirspurnir þær, sem fram komu frá hv. 3. þm. Reykv.

Hann spurði, hvað liði frv. um hækkun á benzínskattinum, og hvort nokkurt samband væri milli þess frv. og frv., sem hér liggur fyrir. Frv. um benzínskatt liggur eins og menn vita fyrir n. í Ed., og á þessu stigi málsins er ekkert hægt að upplýsa um, hvort það gengur áfram í gegnum þingið eða með hvaða hraða, né hvernig því lyktar. En ég get upplýst það, að ekki hefir verið hugsað neitt sérstakt samband milli þessara tveggja frv. Ég held, að ég hafi áður tekið fram hér í d., að tekjuöflunarfrv. þau, sem nú eru fram komin af hálfu stj., eru þannig hugsuð, að ef þau eru öll samþ., gefi þau tekjur upp í þann tekjuhalla, sem nú er á fjárlfrv. Satt að segja reiknum við ekki með miklum tekjum af þessu frv., a. m. k. ekki á næsta ári.

Þá spurði hv. þm., hvort ekki væri eins gott að hætta við þær einkasölur, sem heimilaðar eru í þessu frv., og snúa sér í staðinn að því að taka einkasölu á steinolíu og benzíni. Ég skal taka það fram, að stj. hefir nokkuð athugað þetta mál, því eins og hv. þm. tók fram, er heimildin til einkasölu á olíu ennþá í gildi. Um verzlun þessarar vöru er það að segja, að til hennar hefir verið komið upp afardýrum tækjum, hinum gríðarmiklu tönkum. Áður en til ríkiseinkasölu gæti komið þyrfti að rannsaka

nákvæmlega, með hvaða kjörum væri hægt að ná tökum á þessum geymum, og er vafasamt, hvernig það mál færi.

Auk þess er önnur ástæða fyrir því, að stj. hefir ekki að svo stöddu getað sinnt þessu máli. Svo sem kunnugt er, hefir olíuverzlunin verið þannig rekin hér að undanförnu, að mikið hefir verið lánað út til útvegsmanna. Það hefir haft í för með sér, að þessi verzlun hefir verið rekin með mjög litlum ágóða, eftir því sem fram virðist koma, og skuldasöfnun er mikil. Ef taka ætti upp ríkisverzlun, yrði því að skipta snögglega um verzlunarháttu í þessari grein, og mundi það í byrjun koma óþægilegri röskun á viðskiptalífið. Það væri að vísu heilbrigðara, að olían væri seld gegn staðgreiðslu og bankarnir lánuðu aftur meira til útgerðarinnar. En gegnum þessa verzlun hefir komið talsvert veltufé inn í landið, sem þá yrði að fást annarsstaðar handa bönkunum að lána út. Stj. hefir ekki séð sér fært eins og sakir standa að gera framkvæmdir í þessa átt.

Hv. þm. talaði um, að af skattskrá Rvíkur væri sjáanlegt, að eitt olíufél. hér greiddi 20—30 þús. kr. í skatt. Þetta mun vera Olíuverzlun Íslands. Ég man ekki, hvað ágóðinn var mikill hjá því fél., en hann var ekki nándar nærri eins mikill og menn gætu haldið af skattupphæðinni. Það stafar af því, hvað fél. hefir litið innborgað hlutafé. Við vitum, að þegar fél. hafa litið hlutafé, þá verður skattálagningin hlutfallslega mjög há, miðað við tekjur. Að öðru leyti stafar þessi hái skattur af því, að þetta fél. hefir sennilega afskrifað eitthvað minna af skuldum heldur en Shellfél., sem er alveg hliðstætt. Það er ekki á skattskrá, og sýnir það, að þessi verzlun er alláhættusöm.

Hv. þm. sagði, að sér fyndist öðru máli gegna að gefa stj. heimild til einkasölu á þeim vöruteg., sem hér er um að ræða, heldur en þó hún hefði heimild til að taka einkasölu á olíu, því verzlunin með hana snerti svo fáa, en verzlunin með hinar vöruteg. svo marga. Það kann að vera, að einkasala á olíu snerti færri aðila heldur en einkasala á öllum þeim varningi, sem hér er um að ræða. En þess ber að gæta, að ekki komist að neinn misskilningur í því sambandi, að hér er aðeins farið fram á, að ríkið taki að sér heildsölu á þessum vörum, og það snertir ekki þann aragrúa af mönnum, sem hafa atvinnu af viðgerðum í sambandi við sölu varahluta, né þá, sem lifa á smásölu þessara vöruteg. Þegar þess er gætt, hygg ég, að það séu ekki mjög mörg firmu, sem þetta snertir verulega. Þau eru auðvitað nokkur, en ekki svo miklu fleiri heldur en olíueinkasala snertir, að af þeim sökum sé rangt að veita þá heimild, sem hér er farið fram á, hafi það verið rétt að heimila einkasölu á olíu.

Ég ætla svo ekki að fara lengra út í ræðu hv. 3. þm. Reykv., ég hefi haldið mér við þær fyrirspurnir, sem hann beindi til mín.

Þá skal ég fara nokkrum orðum um ræðu hv. 5. þm. Reykv. Hann benti sérstaklega á tvennt, sem honum virtist mæla á móti þessu frv. Að einkasala þessara vöruteg. gæti valdið óþægindum í sambandi við utanríkisverzlunina, og að hún í höndum ríkisins mundi verða gjaldeyrisfrekari heldur en frjáls verzlun. Í sambandi við fyrra atriðið minnist hv. þm. á, að óframkvæmanlegt gæti orðið fyrir ríkiseinkasölu að halda sér við eina teg. vöru í hverri grein, því fleiri en eitt af viðskiptalöndum okkar myndi sennilega krefjast, að við keyptum eitthvað af þessum vörum frá sér. Um þetta er það að segja, að ég geri alls ekki ráð fyrir, að þessi viðskipti mundu valda meiri óþægindum, þó einkasala kæmist á, nema síður væri. Og þó það kunni að vera rétt, að hafa þyrfti fleiri en eina teg. á boðstólum í hverri grein, þá er það alls engin ástæða á móti einkasölu. Árið 1930 voru 74 mismunandi teg. af bílum í notkun hér á landi, svo þó að ekki dygði að binda sig aðeins við eina teg., væri auðvitað hægt að hafa miklu færri teg. heldur en nú er. Auk þess vil ég benda á annað í þessu sambandi, og það er, að eins og kunnugt er, höfum við orðið að flytja inn meira af bílum heldur en e. t. v. er æskilegt, vegna krafna frá viðskiptaþjóðunum. En ef einkasala kæmist á, þá hygg ég, að auðveldara yrði að halda niðri eftirspurninni, svo að hún skapaði ekki óeðlilega mikinn innflutning.

Um síðara atriðið, að einkasala á þessum vörum myndi verða gjaldeyrisfrek, er það að segja, að það er rétt, að reynslan er ekki sem ánægjulegust í þessum efnum. Vegna þess hvað mikill hluti ríkisteknanna er nú af tollum og verzlunarhagnaði af tóbaki og áfengi, þá má segja, að ríkið sé bundnara við að flytja inn þessar vörur heldur en æskilegt væri. En talsvert öðru máli gegnir með einkasölur, sem settar eru upp á þeim tíma, sem gjaldeyrisskortur er, því þá er hægt að gæta þess, að byggja aldrei á meiri tekjum af innflutningnum heldur en leyfilegt er miðað við gjaldeyrismöguleikana. Þetta er örðugra þegar um er að ræða einkasölur, sem ríkið er búið að binda sig við á góðu árunum að njóta mikilla tekna af. Eins og nú er ástatt myndi stj. fara mjög varlega í að ætla fyrir innflutningi og tekjum af þessum vörum, því það er vitanlega eins mikils um vert fyrir stj. að gæta greiðslujafnaðar við útlönd eins og afkomu ríkissjóðs.

Annars er það svo, að þó þessi rök séu dregin fram gegn einkasölum, þá er alveg eins hægt að nota þau gegn álagningu hárra tolla á óþarfavarning. Það er t. d. alveg sama freisting fyrir ríkið að láta flytja inn áfengi, hvort sem það fær tekjur af því með háum tolli eða verzlunarálagningu. Þetta eru nokkur rök gegn því, að ríkið leggi tolla á og verzli með óþarfar vörur, en alls ekki svo sterk að mínum dómi, að þeirra vegna beri að leggja þessa tekjuöflunaraðferð niður.

**Pétur Halldórsson** óyfirl.: Ekki þykja mér það mikil rök fyrir því aðalatriði, að fækka þurfi bifreiðateg. á markaðinum hér, þó hæstv. fjmrh. segi, að 74 teg. bíla hafi verið í landinu 1930. Hann á eftir að segja frá því, hvað margir bílar voru af hverri teg. Ef ekki hafa verið nema einn til tveir bílar af 60—70 teg., en yfir 90% af öllum bílunum af tveimur eða

þremur teg., eins og mér þykir líklegt, að hafi verið, þá er þetta ekki mikil röksemd fyrir nauðsyn einkasölu til þess að fækka bílateg., sem hér eru á boðstólum. Af sérstakri ástæðu hafa nokkrar bílateg. reynzt hentugastar til notkunar hér á landi. Við notum næstum eingöngu ameríska bíla, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir hafa kraftmeiri mótora heldur en þeir evrópisku, og við þurfum einmitt bíla með *sterkum mótorum*.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekkert hættulegt, þó einkasala þyrfti að hafa þrjár til fjórar teg. bíla á boðstólum, við skulum segja eina teg. frá hverri þjóð, sem setti fram kröfu um, að bílamarkaðinum hér væri ekki lokað fyrir sér. En eins og nú er getur engin þjóð sérstaklega krafizt að fá selda bíla frá sér, því það er undir vali kaupendanna komið, hvaða bílar eru fluttir inn. (**EystJ**: Þetta er misskilningur. Gjaldeyrisnefnd beinir oft viðskiptunum til ákveðinna landa). En fyrst þegar ríkisstj. hefir innflutninginn algerlega í sinni hendi, þá koma eðlilega kröfur frá öðrum ríkisstj. um, að þeirra þegnar séu ekki útilokaðir með sína framleiðslu. Þá er málið orðið á milli ríkisstj., þegar stj. hér er orðin beinn aðili að innflutningnum. Ef slíkar kröfur koma fram nú, getur stj. sagt, að þetta sé ekki hennar viðfangsefni, innflutningurinn fari eftir því, hvaða teg. kaupendurnir vilja eiga.

Mér þótti einkennilegt að heyra það hjá hæstv. ráðh., að hann gerði ráð fyrir, að gjaldeyririnn mundi verða takmarkaður við þessa einkasölu *og að stj. mundi fara varlega í að áætla tekjur* af henni. Það kann að vera, að hæstv. stj. mundi vilja fara varlega í að áætla tekjur af einkasölunni, a. m. k. fyrst í stað, en það mun enginn fá mig til að trúa því, að hún neiti sér um að láta ríkissjóð fá *allar* þær tekjur af þessari verzlun, sem hægt er að fá. Enda yrði það erfitt fyrir hvaða ríkisstj. sem væri, sem hefir um margt annað að hugsa en að vasast í verzlun, ef hún ætlaði að fylgjast svo vel með í þessum innflutningi, að hún ákveði sjálf, hvað inn á að flytja í hvert skipti af því, sem um er beðið.

Svo er nú ekki rétt að bera saman að jöfnu áfengiseinkasölu og einkasölu á þessum vörum teg. og tekjuvonir ríkissjóðs af þeim. Því tekjur ríkissjóðs af áfengiskaupum verða sennilega tífaldar við gjaldeyrisþörfina, en hér mundi tekjuvonin ekki verða nema ¼ af gjaldeyrisþörfinni. Hæstv. ráðh. sagði, að því minni freisting yrði fyrir stj. til þess að taka þessar vörur í sínar hendur. En segjum nú svo, að stj. hafi þurrausið aðrar tekjulindir sínar, svo sem af sölu tóbaks og áfengis, og þetta eru mjög takmarkaðar tekjur, eins og allir vita, og samt sé þörf á auknum tekjum. Þá má sá fjmrh. vera í meira lagi staðfastur, sem ekki réttir út hendurnar eftir þeim tekjum, sem honum eru heimilar, ekki sízt þegar svo á stendur sem hér, að það hefir ekki bein útgjöld í för með sér fyrir *neinn af þegnunum*, þó að ríkið auki tekjur sínar á þennan hátt.

Þá er eitt atriði, sem ég nefndi ekki í fyrri ræðu minni, en gerir mig mjög undrandi út af því, að stj. skuli telja sig þurfa að flytja svona frv. Sé því svo varið, að þau fyrirtæki, sem hér um ræðir, séu rekin með verulegum hagnaði, þá fær ríkissjóður ekki svo lítið í tekjuskatt af þeim. Og mér er næst að halda, að þessi fyrirtæki beri svo háa skatta til bæjar og ríkis, að þau muni ekki hafa miklar tekjur afgangs. Þegar komið er upp í 50 þús. kr. tekjur, fara 40% að þeim í ríkissjóðinn, og þar að auki 4% eða meira í bæjarsjóð. Svo er með þessu frv. verið að *seilast í 15—20% af því, sem eftir* verður í höndum þeirra manna, sem með þessa sölu hafa að gera. Og ég er sannfærður um, að nokkur hluti þessara 15—20%, sem nú verða eftir hjá seljendum, fara forgörðum hjá stj. sem aukinn rekstrarkostnaður. Af þessu þykist ég mega ráða, að þetta sé meira stefnumál en fjárhagsmál fyrir hæstv. stj., ekki sízt þar sem hv. Ed. samþ., að 30% af hagnaðinum við ríkisrekstur þessarar verzlunar skyldi afhendast bæjar- og sýslusjóðum. Það, að hæstv. stj. skuli leggja mikla áherzlu á að fá þetta frv. samþ. nú, sýnir, að hér er um prinsipmál að ræða, þessum ríkisrekstri á að skella á vegna þess ágæta princips, sem þeir nefna því ljóta orði: skipulagning.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Hæstv. ráðh. sagði, að enginn vissi, hvað benzínskattinum liði. Undarlegt er nú þetta, og ég verð að segja, að ég trúi ekki þessari fullyrðingu hæstv. ráðh., ég hygg, að hann fylgist fullvel með því, hvað afgreiðslu mála líður. Ég veit ekki nema eins sé með það, sem hæstv. ráðh. sagði um einkasölu *á steinolíu*. *Hann sagði, að stj. hefði hugsað* mikið um þetta mál og athugað það gaumgæfilega, en þó vissi ekki hæstv. ráðh., að heimild til þess að taka einkasölu á olíu var í gildi. Má það merkilegt heita, ef stj. hefir haft mikið fyrir því að *athuga málið og ekki hugkvæmzt* að athuga, hvort hún hafði ekki heimild til að taka einkasölu á þessari vöruteg. Hæstv. ráðh. taldi mikil vandkvæði á því að taka einkasölu á olíu og benzíni, því að hér hefðu verið reistir stórir og dýrir tankar, og olíufél. lagt í mikinn kostnað. Ég skil ekki í öðru en að mætti komast að sæmilegum skilmálum um kaup á tönkunum, ef um það væri að ræða, að ríkið tæki í sínar hendur sölu á þessum vörum, fél. hefðu þá ekki um marga kosti að velja og mundu vafalaust taka þann kostinn að selja tankana við sæmilegu verði heldur en að láta þá standa tóma. Hæstv. ráðh. gerði lítið úr hagnaðinum af þessari verzlun, en ég hefi bent á, að þar er um talsverðan ágóða að ræða. Hann benti á það, að annað stærsta steinolíufél. borgar engan tekjuskatt, og mismunur á afkomu fél. muni stafa af því, að Olíuverzlun Íslands hafi yfirsézt að afskrifa tapaðar skuldir. Ja, þá fer nú að fara glansinn af þeim mikla fjármálamanni, hv. 2. þm. Reykv., ef hann hefir ekki haft forsjá til að afskrifa hæfilega skuldir við fyrirtæki, þar sem hann á ekki minni hagsmuna að gæta en svo, að í hans vasa rennur helmingur ágóðans af fyrirtækinu. Nei, ég held, að hæstv. fjmrh. geri of lítið úr fjármálaspeki þessa manns. Aftur á móti held ég, að hæstv. atvmrh. hafi gert fullmikið úr yfirburðum hans á því sviði, í umr.

um Rauðku hér á dögunum. Ég held, að hæstv. ráðh. sé að gera hv. 2. þm. Reykv. óþarfa getsakir, ef hann heldur, að þessi hv. þm. greiði meiri skatta til ríkis- og bæjarsjóðs en hann endilega þarf. Ég verð að halda, að mismunurinn á afkomu þessara tveggja fél. liggi í einhverju öðru. Olíuverzlun Íslands hefir að vísu lítið hlutafé, en það fyrirtæki hefir líka minni rekstrarkostnað. Það hefir t. d. ekki byggt tanka sína sjálft. En hitt fél. hefir meira hlutafé, en það hefir líka sjálft byggt tanka sína og á öll mannvirkin, sem það þarf til afnota, og kemur það talsvert öðruvísi út.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði um lítinn ágóða af Olíuverzlun Íslands, þá gefur tekjuskatturinn, sem ég hefi minnzt á, talsverða hugmynd um það atriði. (**Fjmrh.**: Ég nefndi ekki sérstaklega Olíuverzlun Íslands). Jæja, en ég mun þó hafa skilið hæstv. ráðh. rétt. — Þegar talað er um mikinn eða lítinn ágóða af fyrirtæki, verður að taka tillit til þess, af hve miklum höfuðstól ágóðinn er. Ég hygg, að ágóði sá, sem hér um ræðir, sé nærri 100% af höfuðstólnum, ég hefi ekki gert ráð fyrir því, að þessar tekjur séu lagðar í varasjóð, — en ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að fél. hefði láðst að afskrifa skuldir, þá eru miklar líkur til, að talsvert af tekjum fél. liggi í varasjóði. — Ég get ekki fallizt á það, að þetta sé lítill ágóði. (**Fjmrh.**: Þetta eru ekki háar upphæðir). Nei, það þurfa ekki að vera háar upphæðir, en það er góð afkoma miðað við þann höfuðstól, sem þarna er lagður í hættu, hluthafarnir fá hlutafé sitt svo að segja allt endurborgað á einu ári. Þetta bendir til þess, að verzlun með þessa vöru sé mjög ábatavænleg. Hér er líka mikið talað um það, hvað olíuverðið sé hátt, það mun vera um helmingi hærra hér en í nágrannalöndunum, t. d. Færeyjum. Þó mun afkoma útgerðarmanna ekki vera betri þar en hér. Að öllu þessu athuguðu vil ég undirstrika það, að mér fyndist nær að taka einkasölu á þessum vöruteg. en þeim, sem frv. þetta hljóðar um. Af því yrði tvímælalaust talsverður ágóði, sem nú rennur í vasa einstakra manna, sem hafa aðstöðu til að selja þessa vöru. Mér skilst, að með því mætti slá tvær flugur í einu höggi, afla ríkissjóði tekna og lækka eitthvað verðið til að létta á atvinnurekstrinum.

Ég get ekki annað en látið undrun mína í ljós yfir því, að skipulagsnefndin skyldi ekki láta það verða sitt fyrsta verk að athuga þetta mál. Mér skilst, að sé nokkursstaðar skipulagningar þörf, þá sé það á þessu sviði. Og þó að þeir, sem ágóðann hirða, eigi gott skilið að dómi hæstv. ráðh., þá viðurkenni ég það ekki sem nægilega ástæðu til þess að láta verzlun þeirra afskiptalausa, ef heill annars aðalatvinnuvegar okkar krefst breytingar.

Ein af aðalástæðunum, sem hæstv. ráðh. flytur fyrir þessu frv., sem hér er um að ræða, er sú, að nú sé lagt svo mikið á þessar vörur, að óhæfilegt sé. Hér er í 1. lið aðallega rætt um bíla og í 3. lið um mótorvélar. Ég veit ekki betur en að verzlun með þessar vörur fari fram á þann hátt, að verksmiðjurnar, sem framleiða vörurnar, hafa sína umboðsmenn hér á landi og greiða þeim laun, hér er því ekki um álagningu að ræða í venjulegum skilningi þess orðs. Þótt segja megi, að þessi umboðslaun séu nokkurskonar álagning, þá er þess að gæta, að umboðsmennirnir verða alltaf að hafa á boðstólum feiknin öll af varahlutum, og hefir það mikinn kostnað í för með sér. Hæstv. ráðh. verður að athuga, að vegna þessarar skyldubyrðar umboðsmanna verður mikill frádráttur á tekjum þeirra af umboðinu. Aftur á móti mun vera um allmikla álagningu að ræða á þriðja aðalflokki frv., rafmagnsvélum og ýmsum áhöldum. En ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að eigi einkasalan aðeins að hafa heildsöluna á þessum vörum, er þar með bætt við nýjum millilið. Þeir, sem selja þessar vörur nú, fá þær beint frá framleiðendum. Þar er um enga heildsölu að ræða. Tæki nú ríkiseinkasala heildsölu á þessum vörum, væri þar með bætt við nýjum millilið, og hlyti það að koma fram annaðhvort í verðhækkun eða í minni verzlunarágóða. Ég held því, að ágóðinn af einkasölu á þessum vörum yrði aldrei mikill, og bezt bæti ég trúað því, að við nánari athugun treysti ríkisstj. sér ekki til þess að taka einkasölu á þessum vörum. Það er sennilega með ráðnum hug, að þetta er haft í heimildarformi í l., en það er mitt álit, að það sé óforsvaranlegt að veita stj. þessa heimild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Nd., 28. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:14 atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 50., 51., 52., 53. og 54. fundi í Nd., 4., 5., 6., 7. og 8. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 515, n. 616).

**Frsm. meiri hl. (Ólafur Thors)**: Fjhn. hefir klofnað í málinu, en þó gefið út sameiginlegt nál., sem er stutt og laggott. Þetta er að því leyti óvenjulegt, að það er ekki algengt, að n., sem klofnar, skili sameiginlegu nál. Hv. þm. V.-Ísf., hv. 3. þm. Reykv. og ég leggjum til, að frv. verði felld, en hv. 2. þm. Skagf. og hv. 1. landsk. leggja til, að það verði samþ.

Ég verð að taka það fram, að það, sem ég segi til að andmæla frv., og þau rök, sem ég færi fyrir því, að það verði felld, eru ekki mælt f. h. hv. þm. V.-Ísf., því hann hefir ekki falið mér það eða beinlínis látið í ljós sína skoðun að öðru leyti en því, að hann er andvígur því, að frv. verði samþ. Það, sem ég tek fram hér, verður því að teljast sagt f. h. mína og hv. 3. þm. Reykv. Við mælum gegn þessu frv. af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi látum við í ljós þá almennu skoðun um slík frv., að það sé ekki eðlilegt, að Alþ. lögfesti slíkar einkasölur, án þess að samtímis sé gerð grein fyrir því, hver áhrif einkasalan muni hafa á hagsmuni almenn-

ings annarsvegar og á hag ríkissjóðs hinsvegar. Um þetta frv. er það að segja, að það er vitanlegt, að hv. fjhn. hafa ekki fullnægt þessu grundvallaratriði. Þar næst er það varhugavert og ámælisvert út af fyrir sig, að fá ríkisstj. og þó raunar einum ráðh. í hendur slíkt vald, sem ráðgert er með frv., þar sem hér er um að ræða heimild fyrir stjórnina til að taka einkasölu á mörgum tegundum vara, sem mikið eru notaðar hér á landi. Slík heimild gefur ráðh. vald til þess að sveifla sverði yfir höfði allra þeirra manna, sem eiga lífsframfæri sitt undir því, að mega halda áfram að reka þá atvinnu, sem þeir hafa rekið. Þessir menn geta verið sviptir atvinnu sinni eftir geðþótta ráðh., og tel ég ekki sæmilegt að veita einum manni slíkt vald. Ég tel, að ríkisstj. verði á hverjum tíma að gera upp við sjálfa sig, hversu langt hún óskar að ganga á þessari braut, og leita svo samþykkis Alþ. um það, hversu langt spor skuli stigið í þessa átt. Hitt, að Alþ. gefi ríkisstj. ótakmarkaða heimild, án þess að upplýsingar liggi fyrir um það, í hvað ríkum mæli á að hagnýta þá heimild, er í mörgum atriðum rangt. Það er rangt af því, að einstökum ráðh. er fengið of mikið vald, án þess að tryggt sé, að hann misbeiti því ekki, og í öðru lagi er það skylda löggjafans að gera grein fyrir því, hvort ríkissjóður er þess megnugur að taka á sig þá fjárhagslegu örðugleika, sem leiða myndu af því, ef ríkið tæki í sínar hendur svo umfangsmikla verzlun. Við sjálfstæðismenn á Alþ. höfum orðið að sveigja frá þeirri stefnu okkar, að einstaklingar hafi atvinnurekstur með höndum á einstökum sviðum, vegna þess, að utanaðkomandi atvik hafa leitt í ljós óvenjulega þörf fyrir slík afbrigði frá stefnu okkar. En þó að við höfum þannig beygt okkur fyrir þessum utanaðkomandi áhrifum, þá liggur ekki í því nein tilkynning um það, að trú okkar á einstaklingsframtakið hafi minnkað að einu eða neinu leyti. Okkar skoðun er sú, að vegna þess að við höfum orðið að stíga þetta spor í öfuga átt, þá beri okkur skylda og nauðsyn til að gera þetta aldrei, ef utanaðkomandi orsakir eru ekki fyrir hendi. Enginn vitiborinn maður getur haldið því fram, að nauðsyn sé á þessari einkasölu. Við erum ekki búnir að sjá fyrir endann á þeim óþægindum, sem hið ísl. ríki gæti bakað sér með því að seilast að nauðsynjalausu inn á þá kaupsýslu, sem hér ræðir um. Til þess er stofnað af frumkvöðlum þessa máls í því skyni, að ríkissjóður geti orðið aðnjótandi þess hagnaðar, sem einstaklingar hafa nú af þessari verzlun. Við sjálfstæðismenn erum andvígir því, að ríkið af þessari ástæðu brjóti niður framtak einstaklingsins, og er það m. a. af þeirri skoðun okkar, að við teljum, að ríkið hafi verri aðstöðu til þess að inna þetta svo af hendi, að heildarhagnum sé jafnvel borgið eins og ef einstaklingar hafa þetta með höndum. Í þessu sambandi vil ég minna á, að það er varhugavert fyrir ríkið að gera það tvennt í einu, að haga skattalöggjöfinni eins og það nú hefir gert með breyt. á tekju- og eignarskattsl., sem nú er víst um það bil að verða að l., sem er á þann hátt að skerða í ríkum mæli fjáröflunarmöguleika sveitar- og bæjarsjóða, og svo annarsvegar að drepa niður með valdboði atvinnurekstur einstaklinga, sem að öðru leyti standa undir fjáröflunarþörf bæjar- og sveitarfélaga. Allir sjá, hvert þetta leiðir, og mun það verða svo, að ríkið verði að sjá fyrir þörf bæjar- og sveitarfélaga á annan hátt. Mér er sagt af fróðum mönnum, að sá atvinnurekstur, sem er meginþáttur í þeirri verzlun, sem hér á að taka úr höndum einstaklinga, sé rekinn af 3 eða 4 fél. í bænum, og það er upplýst, að þessi fél. gjalda til hins opinbera 80—90% af ágóða þeim, sem þau hafa af atvinnurekstrinum. Ríkið hefir þannig með skattaálagningunni og bæirnir með útsvarsálagningunni tryggt sér að mestu leyti þann ágóða, sem nú á að seilast til. Ég hika ekki við að staðhæfa, að ef það er rétt, að ríkið og bæirnir fái nú ⅘—9/10 af ágóðanum, þegar þessi atvinnurekstur er í höndum einstaklinga, þá muni breyt. beinlínis orsaka tap fyrir ríkissjóðinn og bæjarsjóðina. Ég er ekki heldur í vafa um, að ef ríkið tekur þetta að sér, þá muni það fara það verr úr hendi, að heildartekjurnar verða því minni, sem þessu nemur, ef ríkið færir það yfir til sín. Ennfremur verður að hafa vakandi athygli á því, að margskonar aðsteðjandi örðugleikar muni leiða af því, ef ríkið tekur þetta í sínar hendur. Af þessu myndi leiða atvinnumissi fyrir marga menn, og ætti ríkið ekki að gera leik að því að eiga þátt í því með framkvæmdum sínum að auka hóp atvinnuleysingjanna. Ein afleiðingin af frv. mun verða sú, að ýmsir menn verða sviptir atvinnu sinni, því það er eina leiðin fyrir ríkið til þess að vega upp á móti þeim missi á arði, sem af því myndi leiða, ef ríkið tæki þessa verzlun í sínar hendur, að fækka þeim mönnum, sem hafa haft lífsframfæri sitt af þessu.

Ég veit, að það má færa fram mörg önnur sterk rök mínu máli til framdráttar. En ég hygg, að þau rök, sem ég hefi nú fram fært, eigi að vera öllum hugsandi mönnum fullnægjandi sönnun þess, að hér er lagt inn á skakka braut, frá hvaða sjónarhól sem þetta mál er skoðað. Það er skakkt af stj. að fara fram á það, að þingið veiti einkasöluheimild án þess að gerð sé grein fyrir þeim afleiðingum í fjárhag ríkissjóðs og almennings, sem af þessu leiðir. Það er skakkt, að í slíku leyfi sé heimild, en ekki beinlínis ákveðið, með hvaða vörur skuli hér verzla. Það er rangt að gera þetta samtímis því, sem ríkið sviptir bæjar- og sveitarfél. sínum tekjustofnum í jafnríkum mæli og gert er í tekju- og eignarskattsl., sem voru samþ. í dag. Af þessum fjórum höfuðástæðum erum við sjálfstæðismenn andvígir þessu frv. og mælumst til þess, að hv. þdm., jafnvel þó að í öðrum flokkum séu, geti litið með réttsýni á málið og aðhyllist þá till. okkar og hv. þm. V.-Ísf., að fella þetta frv.

Sé ég svo ekki ástæðu til að láta fleiri rök fylgja að þessu sinni, nema formælendur frv. gefi mér til þess tilefni.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég hafði lýst því yfir við stj. áður en þing byrjaði og eins sýnt það með atkvgr. á þingi, að ég mundi fylgja stj. um þá tekjuöflun, sem nauðsynleg er til þess að af-

koma ríkissjóðs yrði sæmileg næsta ár. En nú liggur hér fyrir frv., sem er vafasamt, að hve miklu leyti er tekjufrv. og að hve miklu leyti það eigi að vera til hagræðis fyrir þá, sem kaupa þessar vörur. Ég fæ ekki séð, að það sé líklegt, að þetta frv. mundi skapa tekjur næsta ár, eða það mundi a. m. k. ekki skapa ríkinu betri aðstöðu til að komast af næsta ár, því að þó að þessi einkasala kynni að gefa einhverjar tekjur á því ári, þá mundi stofnkostnaður og annað slíkt á fyrsta ári verða svo mikill, að um bætta afkomu yrði ekki að ræða. Ég lít því svo á, að vilji minn til að fylgja hæstv. stj. um það að gera afkomu ríkissjóðs sæmilega á næsta ári, þurfi ekki að leiða til þess, að ég fylgi þessu frv., enda hafði ég fyrir þingbyrjun lýst þessu yfir við hæstv. fjmrh.

Hvorki í frv. né í umr. um þetta mál í Ed. hefir það komið fram, hverja von mætti gera sér um tekjur af frv. En það er ekki eingöngu það atriði, heldur mörg önnur, sem eru ekki upplýst í málinu. Þegar frv. sem þetta er borið fram, er skylt að leggja fram allar þær upplýsingar, sem þm. þurfa til þess að geta myndað sér rökstudda skoðun um málið. Mér er það t. d. óljóst, þrátt fyrir grg. frv. og umr. í Ed., hver yrði stofnkostnaður þessara einkasala. Mér er óljóst, hvað mundi fara í súginn af verðmætum, sem eru fyrir hendi, en yrðu ónotuð, ef frv. yrði að l. Mér er líka óljóst, eins og ég sagði áðan, hverra tekna ríkið má vænta af þessari einkasölu. Mér er óljóst, hvaða álagning hæstv. stj. ætlast til, að verði á mótorum, bifreiðum og öðru slíku. Sumpart get ég búizt við, að einkasalan verði rekin til ágóða fyrir ríkissjóð, en sumpart til hagnaðar fyrir almenning við lækkuðu verði og álagningarlaust, en þá er það nauðsyn, að þingið sjálft mæli fyrir um það, hvaða vöruteg. það eru, sem almenningur á að fá við kostnaðarverði, og hvaða vöruteg. það eru, sem ríkissjóður á að hafa leyfi til að græða á. Það er svo með ríkið eins og aðra, sem oft eru peningaþurfi, að ef einhver álagningarheimild er til, þá er hún notuð, þó að um nauðsynjavöru sé að ræða, en ég veit ekki betur en að það sé í stefnuskrá stjórnarflokkanna og núv. stj. að leggja ekki háa skatta á nauðsynjavörur, og tel ég ekki vert að leiða stj. í freistni að því er snertir þær „nauðsynjavörur“, sem hér á að taka einkasölu á. Mér er líka ókunnugt um það, að hve miklu leyti álagning á þessum vörum er ákveðin af erlendum verksmiðjum. Mér er ókunnugt um það, hvort það, hvað varahlutir í mótora og bifreiðar eru dýrir, stafar fyrst og fremst frá álagningu innlendra manna eða frá því, að verksmiðjurnar sjálfar selji varahluti tiltölulega hærra verði heldur en heilar vélar. Mér er ókunnugt um það, ef álagningarákvæðin eru sett af verksmiðjunum, hvaða kjör mætti vænta, að einkasalan gæti fengið hjá verksmiðjunum, því að það er vitanlegt, að ef ríkið gæti fengið betri kjör en aðrir umboðsmenn þá styður það að því, að einkasölu verði komið á. Mér er líka ókunnugt um það, að hve miklu leyti þessi einkasöluheimild verði notuð, hvort t. d. yrði sett á stofn einkasala á rafmagnsvélum og raftækjum, og hvað væri þá líklegt, að hún gæfi af sér. Ef mér væri t. d. sagt, að líkur væru til, að slík einkasala gæti gefið 100 þús. kr. hagnað á ári, og jafnframt væri kunnugt, að sama verzlun í einstaklingsrekstri borgaði um 50 þús. kr. í bæjarsjóð og ríkissjóð í útsvar og tekjuskatt, þá væri ljóst, að einkasala gæfi raunverulega ekki meira en 50 þús. kr. arð. Ef það, að brjótast í að setja slíka einkasölu á stofn og raska um leið nokkuð atvinnulífi þjóðarinnar, gæfi ekki nema 50 þús. kr. tekjur, þá mundi ég bjóða stj. að fylgja henni til að afla þessara peninga með auðveldari hætti. Það þyrfti t. d. ekki annað en að leggja ½—1% á einhvern gildandi toll eða skatt. Ég hefi fylgt frv. um eldspýtnaeinkasöluuna, af því að hún er mjög einföld og lítið örðugri en t. d. að selja frímerki og hafði þar að auki enga teljandi truflun í för með sér. En eigi að taka einkasölu á t. d. rafmagnsvélum og rafkrónum og öllu slíku, þá væri þar um mikið verzlunarbákn að ræða, og ef það gæfi ríkinu raunverulega ekki meiri arð en t. d. einföld eldspýtnaeinkasala, þá vildi ég heldur reyna aðra leið til tekjuöflunar.

Þá vil ég einnig benda á, að nú er óhentugur tími til að setja á stofn stórfellda einkasölu á þeim vöruteg., sem að talsvert miklu leyti mega teljast lúxusvörur. Þar á ég ekki við mótorvélar, heldur sumar bifreiðar og ýms raftæki, því að menn eiga bæði bifreiðar og raftæki umfram nauðsyn. Þær vörur eru mjög háðar smekk fólks og tízku á hverjum tíma, og slíkar vörur eru verr fallnar bæði til samvinnuverzlunar og ríkisverzlunar en aðrar vöruteg. Það má auðvitað segja, að t. d. hárvötn, áfengi og tóbak séu líka lúxusvörur og háð smekk manna, en það er miklu auðveldara að fullnægja þeim smekk en t. d. því, hvernig rafkróna eigi að líta út, hvernig bifreið eigi að vera eða kápur, pelsar og annað slíkt. Ef nokkrar teg. tóbaks eða áfengis eru hafðar á boðstólum, má eiga það víst, að kröfum almennings er fullnægt svo, að ekki verður um kvartað.

Þá má og benda á það um vöruteg., sem nauðsynlegt er að takmarka innflutning á, að nú séu ekki hentugir tímar til að taka einkasölu á þeim. Þeir, sem stofna til einkasölunnar, munu telja sér skylt að sjá um, að hún gefi góðan arð. Nú eru ströng höft á innflutningi bifreiða, og nú hefir verið afgr. til 3. umr. frv. um, að öll rafmagnstæki skuli háð innflutningshöftum, og ber það vott um vilja þingsins til að halda niðri kröfum um erlendan gjaldeyri fyrir þessar vörur, og er fyrirsjáanlegur árekstur á milli þessa þingvilja og væntanlegrar viðleitni til að sýna sem bezta útkomuna af nýrri ríkiseinkasölu. Það er bersýnilegt, að þessir tímar eru erfiðir til að setja á stofn umfangsmikla einkasölu af þessu tægi. Sagt er, að nú séu um 40—50 teg. mótorvéla í notkun í landinu og 70—80 teg. af bifreiðum. Þó að þetta sé mikill ókostur og oft erfiðleikum bundið að fá varahluti, þá er sízt æskilegt að varpa þeirri skyldu yfir á ríkið, að eiga á hverjum tíma og hverjum stað að hafa nóga varahluti í allar þessar teg., meðan þær endast. Það verður þol-

að einstaklingsrekstrinum, þó að biða verði í 1—2 mán. eftir varahlutum, en ríkinu verður það ekki þolað. Gæti svo farið, að þessar skyldur éti upp allmikið af arðinum.

Þær einkasölur, sem nú eru reknar hér á landi, — og ég er hlynntur þeim öllum —, eru á áfengi og tóbaki og nú nýlega samþ. einkasala á eldspýtum. Auk þess liggur fyrir þinginu frv. um ríkisútgáfu á skólabókum, sem er allt annars eðlis en aðrar einkasölur. Allar þessar einkasölur eru allt annars eðlis en sú bifreiða- og raftækjaeinkasala, sem hér um ræðir. Mér virðist og, að þær einkasölur, sem nágrannaþjóðir vorar hafa sett á stofn, séu af allt öðrum rótum runnar. T. d. var í Noregi tekin upp einkasala á korni í þeim ákveðna tilgangi, að norskir bændur gætu fengið hærra verð fyrir korn sitt en ella. Einkasalan kaupir allt innlent korn háu verði og innflutt korn lágu verði, og síðan er kornið selt aftur við meðalverði, sem ekki er hærra en kornverðlag í frjálsri verzlun í öðrum löndum. Deilur stóðu fyrst í 3—4 ár eins og alltaf, meðan verið að að koma á nýju skipulagi og það er að festast, en nú eru allar slíkar deilur þar hættar og skipulagið viðurkennt af öllum.

En það er ekki eingöngu í Noregi, heldur líka Svíþjóð og Englandi, sem líkt fyrirkomulag hefir verið tekið upp, ekki beinlínis einkasala, heldur ákveðin skylda til að blanda aðflutt korn með innlendu korni.

Ég nefni þessi dæmi til að sýna fram á, að óskynsamlegt er að vera annaðhvort með eða móti öllum einkasölutill. án tillits til málavaxta. Það verður í sambandi við hverja einkasölu að rannsaka allt, sem mælir með og móti og leggja svo rannsóknirnar fyrir þingið. Að rannsókuðu máli geta svo þm. tekið ákvarðanir sínar um, hvort einkasölu skuli skellt á eða ekki, og þarf þá engar almennar heimildir að gefa. Það verður að upplýsast, hvað sé ætlað til tekjuöflunar og hvað sé ætlað til hagræðis fyrir almenning, og fastákveða, hvað skuli vera álagningarlaust og hvað mikið megi leggja á aðrar vörur. Ég væri t. d. á móti því, að stj. fengi heimild til að reka slíka einkasölu á mótorum, að það væri ótakmörkuð heimild til að hækka verðið, þegar peninga vantar í ríkissjóðinn. Ég nefni mótorana sérstaklega, vegna þess að margt virðist mæla með einkasölu á mótorum, og þá með því skilyrði, að ekki sé álagning á þeim, og einnig með því skilyrði, að ekki sé rekin skuldaverzlun á ábyrgð ríkisins. Ef ríkið ætti að lána mótorana, þá er hætt við, að skuldirnar gætu verið orðnar nokkuð miklar eftir 2—4 ár, og ef útgerðinni gengi þá illa, þá gætu komið fram háværar raddir um það, að ríkið eigi ekki að iþyngja útgerðinni með því að krefja hana um þessar mótorskuldir. Það eru ýms slík atriði, sem þarf að athuga í sambandi við hverja grein þeirrar einkasölu, sem frv. gerir ráð fyrir.

Það er alveg rétt, að teg. bifreiða eru nú allt of margar í landinu, og væri vafalaust hagnaður að því að nota færri teg. En nú stendur svo sérstaklega á um þessa vöruteg., að hún er ekki frjáls og getur ekki orðið frjáls á næstu árum, og ég vil segja, að stj. bæði getur beitt og á að beita innflutningsleyfum til þess að standardisera meira en verið hefir bifreiðar og mótora, sem notaðir eru í landinu. Ég veit það, að það er ekki víst, að við höfum tök á því að velja úr þær teg. einar, sem sérfræðingar telja beztar, því að við munum í þessu efni verða að fara talsvert eftir óskum þeirra viðskiptaþjóða, sem við eigum útflutninginn undir. Innflutningshöftin geta verið alveg eins örugg til að ná þessum tilgangi, að fækka teg., og einkasala. Ef einkasala þykir síðar tiltækileg, þá mun byrjun hennar verða auðveldari og ódýrari fyrir ríkið heldur en nú er.

Ég tel það enga bót, að í Ed. hefir verið sett inn í frv., að bæjar- og sveitarfél. skuli fá nokkurn hluta af einkasölutekjunum. Það er almennt viðurkennt, að veita þurfi bæjarfél. aukna tekjumöguleika, en mér virðist, að báðar þær till., að til bæjarfél. renni helmingurinn af tekjuskatti, og þessi von um hagnað af einkasölu á bifreiðum o. fl. séu tálvonir einar. Þessar tillögur eru gagnslausar. Það verður bráðlega að gera till. um tekjuöflun fyrir bæjarfélög, en þessar tálvonir hjálpa ekki.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 11. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Fulltrúar meiri hl. fjhn. hafa gert grein fyrir því, hvers vegna þeir vilja ekki fallast á frv. þetta. Ég ætla hér að minnast á nokkur atriði, er fram komu í ræðu frsm. meiri hl., hv. þm. G.-K. Bar mikið á þeirri röksemd hjá honum, að flokkur hans væri á móti málinu, því að hann vildi ekki einkasölu í verzlunarmálum. Þetta kemur engum á óvart, og er sú skoðun kunn hér á Alþ. Hitt er vitað, að bæði Alþýðufl. og Framsóknarfl. telja, að oft geti verið hentugt að grípa til einkasölu á aðfluttum vörum, annarsvegar til að afla ríkissjóði tekna, en hinsvegar til að koma sölu á nauðsynjavörum í betra horf. Þessar tvær meginástæður liggja til grundvallar fyrir frv. En þó að það sé meginregla Sjálfstfl. að vera á móti einkasölu, þá er þó vitað, að hann hefir brotið gegn þeirri reglu, og má þar minna á einkasölu á tóbaki, sem lögfest var á Alþ. fyrir atbeina hv. 1. þm. Skagf. Alþýðufl. álítur reyndar, að hún hafi gefizt vel og orðið ríkinu góður tekjustofn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða hér um einkasölur almennt og skoðanamun Alþýðu- og Sjálfstfl. í því efni. Þó vil ég benda á, að sjálfstæðismenn rugla oft saman einkasölu og þjóðnýtingu verzlunar. En einkasala þarf alls ekki að vera þjóðnýting, heldur er hún aðeins oft handhæg tekjuöflunarleið.

Hv. þm. G.-K. og líka hv. þm. V.-Ísf. færðu það fram sem eina ástæðu gegn frv., að það væri svo illa undirbúið, að ekkert sé enn vitað um það t. d., hvað þessi einkasala muni gefa af sér. Ég held, að það verði oftast örðugt að segja um það fyrirfram, hvaða hagnað einkasölur muni gefa fyrst í stað. Hér hafa t. d. verið afgreiddar

úr hv. d. breyt. á stimpill., og verður ekki með vissu sagt, hvaða tekjur það muni gefa. Þó taldi meiri hl. d. rétt að lögfesta þetta. Yfirleitt er það svo um einkasölur, að þær gefa ekki jafnmiklar tekjur fyrsta árið og seinna, og að ekki er unnt í upphafi að segja fyrir með vissu hvaða tekjur þær gefa áður en reynsla er fengin. Þessi röksemd þessara hv. þm. er því ekki veruleg ástæða til að leggjast á móti frv.

Um frv. er það að segja, að það fer fram á heimild til handa stj. um einkasölu á þremur vöruteg., bifreiðum, mótorvélum og rafmagnsáhöldum. Frv. gerir ráð fyrir, að stj. sé heimilt að taka undir þessi ákvæði eftir atvikum einn þessara flokka, alla flokkana eða jafnvel hluta af einum þeirra. Í grg. er bent á, að ekki sé enn nægilega athugað, hvort heppilegt muni vera að taka þegar alla flokkana, svo að réttara þykir að hafa þetta aðeins heimild. Þegar af þessari ástæðu er örðugt að áætla tekjurnar af þessari fyrirhuguðu einkasölu. Þeir, sem treysta núv. stj., í hverra tölu ég er, vilja una við, að nánari athugun fari fram af hennar hálfu, og þeir treysta því, að heimildin verði ekki notuð, nema rannsókn leiði í ljós, að það sé heppilegt.

Andmælendur þessa frv. hafa kallað það geigvænlegt gagnvart þeim, sem nú verzla með þessar vöruteg., að hafa þessa heimild yfir höfði sér. Ég geri ekki svo mikið úr því, þótt þeir verði að láta af sinni heildsölu. Og það vill nú svo til, að einkasöluheimild á rafmagnstækjum er áður þekkt. Í l. nr. 51 frá 3. nóv. 1915 var sveitarstjórnum, sem ætluðu að koma sér upp rafmagnsvélum, leyft að taka einkasölu á þeim rafmagnstækjum, er þær þurftu í sambandi við fyrirtækið. Samkv. samþykkt frá 1916 var sýslun. Vestmannaeyja veitt einkaheimild á rafmagnstækjum og lömpum. Var þessi einkasöluheimild margra kaupstaða og kauptúna, þ. á m. heimild Rvíkurbæjar til einkasölu á raftækjum, í gildi frá 1. jan. 1916 til 1. jan. 1924, eða þangað til vatnal. afnámu þessa heimild.

Hv. þm. G.-K. fannst það hart fyrir einstaka þegna þjóðfélagsins, að ríkið tæki að sér einkarekstur þeirra. Frá sjónarmiði okkar Alþýðufl.manna eru þetta ekki harðir kostir. Við aðhyllumst þá aðalstefnu, að hagur einstaklingsins verði að víkja fyrir heill heildarinnar. Þó að einstaklingur verði að láta af gróðamöguleika til hagsmuna fyrir heildina, þá eru það ekki þungar búsifjar í garð þessa einstaklings, heldur einungis réttlæti.

Hv. þm. sagði, að ýmsir yrðu með þessu sviptir atvinnu, og væri hart að leika þjóðfélagsþegna á þann hátt. En ég held, að hér verði ekki um mikla almenna atvinnuminnkun að ræða, þó að hún yrði að líkindum nokkur, með því að heildsalan yrði rekin á hagkvæmari hátt, svo að nokkur fólkssparnaður yrði að. En þetta yrði ekki mikið, og yrði líklega helzt um að ræða einhverja tilfærslu á atvinnunni. Myndu e. t. v. og að nokkru leyti aðrir menn starfa að þessum hlutum en áður gerðu það, hvað snertir heildsölustarfsmennina, en að öðru leyti má búast við, að sömu menn og áður vinni að störfunum. En tilfærsla á atvinnunni í landinu er hættulaus frá almennu sjónarmiði.

Mér skildist á hv. þm. G.-K., að með þessu frv. yrðu kaupstaðirnir sviptir tekjumöguleikum, sem sé þeim útsvörum, sem þeir hafa haft af þessari verzlun. En eftir frv. er ætlazt til, að bæjarsjóðum og sýslusjóðum sé bætt þetta upp með því, að þeir fái 30% af hagnaði einkasölunnar á þessum vöruteg.

Mér skildist á hv. þm. V.-Ísf., að hann teldi hæpið, hvort heppilegt myndi að taka upp einkasölu á mótorum. Frá almennu sjónarmiði held ég, að það væri heppilegt. Enn eru fluttar til landsins óhæfilega margar teg. af þessari vöru. Þegar ötulir kaupsýslumenn hafa umboð fyrir einhverja vöruteg., geta þeir komið henni út, þótt hún sé mun lakari en ýmsar aðrar. Þarf ekki alltaf mest selda varan að vera bezt. En hv. þm. V.-Ísf. minntist líka á það í þessu sambandi, að það gæti orðið óþægilegt fyrir ríkið, ef það verzlaði með mótora, því að smábátaútvegurinn væri þannig staddur, að stundum gæti orðið erfitt um greiðslu, og menn gerðu yfirleitt aðrar kröfur til ríkis en einstaklinga í þessum efnum. En þá mætti hafa þá leið, að ríkið hefði aðeins umboðssölu á þessari vöru, athugaði, hvaða teg. væru heppilegastar, og sæi svo um, að þær teg. yrðu fluttar til landsins. Það gæti að minu áliti vel komið til mála, að ríkið tæki góðar og hagkvæmar tegundir af mótorum í umboðssölu. Þessa leið ætti stj. a. m. k. að rannsaka.

Ég skal að lokum benda á það, að minni hl. fjhn. telur, að á þessum tímum sé full þörf á fjáröflun fyrir ríkissjóðinn til þess að geta afgreitt hallalaus fjárl. og að standa í skilum við kröfuhafa ríkissjóðs og halda þó uppi sæmilegum framkvæmdum. Til alls þessa er brýn þörf á auknum tekjum, og það er álit okkar, sem að þessu frv. stöndum, að einkasölur eins og þessar eigi að gefa sæmilegan arð og um leið eigi að vera hægt að reka þær þannig, að viðskiptamennirnir beri ekki skarðan hlut frá borði, en ríkissjóður hafi þó drjúgar tekjur.

Þá er einnig nauðsynlegt að koma á betra skipulagi innflutnings á vélum í mótorbáta, og að þær einar teg. séu fluttar inn, sem heppilegar reynast fyrir bátaútgerðina, en að hætt verði að selja þær teg., sem gefast illa. Þessi tvö sjónarmið eru því vissulega gild rök fyrir því, að frv. er nauðsynlegt og réttmætt. Þó gróði nokkurra manna falli í ríkissjóð, er hann vissulega betur kominn þar en hjá fáum einstaklingum þjóðfélagsins.

Ég vil svo óska eftir, að frv. gangi fram, og ég treysti hæstv. ríkisstj. til þess að athuga vel, hversu mikil ástæða væri til að nota allar heimildirnar, sem í frv. felast, því vel gæti komið til mála að nota þær ekki allar að svo stöddu. En ég ber fullt traust til hæstv. stj. um, að hún hafi þar eingöngu alþjóðarhag fyrir augum.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Það voru nokkur atriði í ræðu hv. þm., sem gefa mér tilefni til þess að segja nokkur orð. M. a. er sú ástæða talin fyrir frv., að færri teg. verði í landinu, ef ríkið taki einkasölu á bílunum. Nú eru teg. sagðar 74. Við það er sérstaklega að athuga, að ekki er nóg aðeins að segja það. Hefði n. þurft

að gera frekari grein fyrir þessu, því það hlýtur að vera hægt að upplýsa, hvernig þessu er varið. Hvort ekki er kannske nema 1 stykki af 70 teg., en flestar af hinum 4. Þá má benda á, að margar þessar teg. eru notaðir bílar, sem fengizt hafa með tækifærisverði. Þá má oft fá góða og lítið notaða, því þar ræður tízkan svo miklu um, einkum í Ameríku. Þar skipta margir, sem efni hafa á því, árlega um bíla, og kemur þá oft mikið af notuðum bílum á markaðinn, og menn geta komizt þar að góðum kaupum. Sennilega á einkasalan að ná yfir þá líka, en tæplega mun hún þó hafa þá fyrirliggjandi. En mér þykir það óþarft og hart að banna mönnum að gera góð kaup. Vitanlega verður það á ábyrgð kaupanda, að tryggja sér varahluti, og hvað langur tími fer til þess að útvega þá. Ríkinu yrði vitanlega ekki gert að skyldu að hafa varastykki í þá bíla, sem þannig væru fengnir. Bílunum er ekki hægt að fækka, nema banna innflutning á notuðum bílum, en það er ósanngjarnt, því þeir geta oft verið góðir, og því hagkvæmara að flytja þá til landsins en að gera mönnum að skyldu að kaupa nýjan bíl. Ég veit dæmi til, að góðir notaðir bílar hafa fengizt frá Englandi með mjög hagkvæmum kjörum. Það má því ekki gera að aðalröksemd fyrir frv., að ekki megi flytja til landsins nema 2—3 teg. Þessi rök verða að takmarkast af þessu atriði. Hér kemur einnig margt fleira til greina, og gætu af þessu hlotizt ýms óþægindi fyrir ríkið. Margar þjóðir líta eftir því, hvort þeirra valútur eru útilokaðar eða ekki.

Mér þótti það næsta einkennilegt við ræðu hv. 1. landsk. hvað hann talaði mikið um, að stj. þyrfti að kynna sér markaði og annað í þessu máli, og að ekki væri víst, að hún tæki mikið af því í sínar hendur, heldur ætti hún að rannsaka, hvort hún vildi taka einkasöluna eða ekki.

Eitt af því, sem Sjálfstfl. hefir haldið fram, er, að málið væri lítið upplýst og illa undirbúið, en eftir orðum hv. 1. landsk. er það aukaatriði, hvort það er gert fyrir eða eftir að l. eru sett. Hingað til hefir nú þótt viðkunnanlegra að gera það áður. Hv. 1. landsk. viðurkenndi, að sú rannsókn hefði ekki farið fram, en ætti að fara fram. Við 1. umr. var viðurkennt, að málið væri ekki undirbúið, og því er sjálfsagt, að sá undirbúningur fari fram áður en Alþ. leggur sinn dóm á málið, því mér þykir betur fara á því en að það sé ekki gert fyrr en búið er að setja l. Annars virðist vera komið eitthvert hik á frv., og mun því vera bezt að láta það hvíla sig og bíða þar til búið er að gera fulla grein fyrir ástæðum. Þá fyrst er hægt að ætlast til, að þetta verði gert að l. Þá er annað atriði, sem mér fannst næsta undarlegt. Hv. þm. sagði, að ekki þyrfti að líta á, eða telja málinu til fyrirstöðu, þó nokkrir menn yrðu atvinnulausir og einhver skipti yrðu á mönnum, en hinir að leita til annara atvinnugreina, þeir væru svo fáir, að ekki væri ástæða til þess að líta á þá. Ef litið er þannig á, verður a. m. k. að sýna fram á, að almennir hagsmunir verði þó eitthvað meiri en það tjón, sem einstaklingarnir verða fyrir. Það er að vísu ekki hægt að sanna, en það hafa verið færðar sterkar líkur að því, að l. um einkasölu á bifreiðum o. fl. yrðu ekki tekjur fyrir ríkið, heldur það gagnstæða. Við 1. umr. voru leidd rök að því, sem ekki hefir verið hnekkt, að eins og nú er gengi 75—80% af tekjum þessa atvinnurekstrar í opinber gjöld, útsvar og tekjuskatt. — Því hefir verið haldið fram, að allar líkur væru til þess, að reksturinn yrði dýrari hjá ríkinu en hann er nú og þess vegna litlar líkur fyrir því, að ríkissjóður hafi meiri hag af, að frv. gangi fram, en það gangi ekki fram. Þessu hefir ekki verið svarað eða líkur færðar fyrir öðru.

Hv. 1. landsk. taldi það aukaatriði, þó nokkrir borgarar þyrftu að leita sér annarar atvinnu. Þetta er eitt af því, sem deilt er um í veröldinni, en það er sannað, að hagsmunum þjóðarinnar er það fyrir beztu, að ekki séu fleiri við sömu störf en þörf er á — að verkið sé unnið með sem minnstum kostnaði. En mér finnst ekki rétt að ganga inn á þær ráðstafanir á tímum eins og nú eru, sem gera mikla röskun á atvinnu manna. En þó að þetta sé almenn kenning, má ekki fylgja henni blint eftir, hverjar sem afleiðingarnar verða á hverjum tíma, og sízt eins og ástæður eru nú. Þó getur verið rétt — og ég held, það sé rétt — að leita úrlausnar til þess að létta af rekstrinum og gera hann ódýrari, en ekki með ráðstöfunum eins og hv. frsm. mælti með í sinni ræðu, að í þessu tilfelli væri rétt að láta málið ganga fram og taka ekki tillit til þeirra, sem við þessa verzlun vinna og við það mundu missa atvinnu. Það er ekki lítill hluti af verzluninni, sem hér er um að ræða, því það skiptir millj., ef tekin er einkasala á öllum þeim teg., sem frv. gerir ráð fyrir, og er það ekkert óveruleg upphæð.

Ég skal svo ekki að sinni færa fleiri rök gegn því, að ekki skipti máli, þó menn þeir, sem að þessu vinna, missi atvinnu sína, en það sýnist þó vera nokkurt atriði. Eftir frv. eru framkvæmdir þessa máls alveg á valdi stj., þar sem þetta eru aðeins heimildarlög, það hefir því nokkuð að segja, hvernig þetta er framkvæmt, ef það á að gerast á annað borð, hvort það er gert smátt og smátt eða allt í einu. Finnst mér það skipta miklu máli. Mér finnst það engin bót í máli, þó komizt hafi inn í frv. í Ed. að skipta væntanlegum ágóða milli ríkis og bæjarfél. Það gerir einkasöluna ekki sætari í munni, en á að lokka þá, sem þessar tekjur eru teknar frá. En bæjarfél. eiga fulla kröfu og heimtingu á, að tekjur þeirra séu ekki rýrðar eins og gert er með þessum l.

Við 1. umr. málsins var það tekið fram, að út af ummælum og afstöðu hæstv. fjmrh. mætti draga þá ályktun, að honum væri fjárhagshliðin ekki lengur aðalatriði, heldur hitt, að þetta væri orðið stefnumál, því sósialistar vilja taka sem flest úr höndum borgaranna og leggja í hendur ríkisins. Ég undrast í raun og veru ekki, þó ég heyri af vörum hæstv. fjmrh., að tekjuvonin sé ekki aðalatriði, heldur stefnumálið, að taka þetta úr höndum borgaranna, og verður þá að líta á önnur atriði í ljósi þeirrar afstöðu. Ég get því skilið afstöðu hv. flm. og annara stuðningsmanna frv. út frá því sjónarmiði, að fá það til þess að nudda um við hv. kjósendur

og telja þeim trú um, að þeim sé þetta fyrir bestu. Ég verð því að segja, að ekkert hefir komið fram, sem þoki málinu feti nær því, að hér sé um gagnlega stofnun fyrir þjóðina að ræða. Það væri þá helzt fyrir þá að leggja eyrun við, sem vilja hlusta eftir principástæðum og meta frv. eftir því.

**Guðbrandur Ísberg:** Það kemur að sjálfsögðu ekki hæstv. stj. eða fylgismönnum hennar á óvart, þó sjálfstæðismenn séu á móti einkasölu, og þá einnig þessu frv. En þó er það ekki eingöngu af því, að hér sé um einkasölu að ræða, því sjálfstæðismenn hafa í einstökum tilfellum fylgt því, t. d. um vínverzlunina. En það er alveg ófrávíkjanlegt skilyrði, að um munaðarvöru sé að ræða. En hér er í fyrsta sinn gengið inn á þá braut, að slepptri einkasölu ófriðaráranna, að taka einkasölu á vöru, sem almenningur getur ekki verið án. Því viðtæki verða að heimfærast undir þær vörur, sem menn geta verið án. Það er algengt, t. d. um nágranna, að annar hefir viðtæki, en hinn ekki, og komast þó báðir jafnt af. En hér er gengið inn á að einoka vöru, sem almenningur kemst ekki hjá að nota, og þó á að fara hér saman, að afla fjár fyrir ríkissjóð og samtímis að verða til hagnaðar fyrir borgarana. Hér er í frv. gert ráð fyrir að taka einkasölu á 3 vöruteg., bílum, bátavélum og rafmagnsáhöldum. Af verzlun með bifreiðar mun vera lítill hagnaður, enda býst hæstv. stj. ekki við nýjum tekjum af því. Í sambandi við bifreiðarnar hefir réttilega verið bent á það, að þótt teg. kunni að vera margar, þá eru það þó örfáar teg., sem eru algengar, innan við 10 teg., að ég hygg. Nú gildir það sama um bifreiðar sem öll véltæki, að reynslan verður að skera úr því, hvaða teg. séu heppilegastar.

Raunin hefir orðið sú, að við kaupum nú aðallega bifreiðar frá einu tilteknu ríki. Einmitt bifreiðar frá þessu ríki hafa reynzt hér bezt, vegna okkar sérstöku staðhátta, og þess vegna orðið ofan á í samkeppninni.

Ég hygg, að ef frestað yrði að koma á einkasölu á þessari vöru, þá mundi svo fara, með skynsamlegum gjaldeyrishömlum, að lélegar teg. hverfi úr sögunni, og að eftir verði aðeins fáar teg., sem hafa reynzt vel. Er þá þar með úr sögunni sú nauðsyn, sem einkasölumennirnir telja nú vera fyrir hendi, að girða fyrir innflutning óhæfilega margra misjafnra tegunda bifreiða. Nú um skeið hefir innflutningur bifreiða verið mjög takmarkaður og hlýtur þarafleiðandi að gefa litlar tekjur. Tekjurnar mætti vitanlega auka, með auknum innflutningi bifreiða. En hvar er þá gjaldeyrissparnaðurinn? Nei. Það er áreiðanlega ekki heppilegt, að ríkið fari að verzla með bifreiðar. Af því yrðu engar verulegar tekjur fyrir ríkissjóð, og hagræði fyrir almenning í því efni kemur heldur ekki til greina.

Þá vil ég snúa mér að mótorunum eða bátavélunum. Mér skildist á hv. 1. landsk., að hann gæti sætt sig við, að ríkið tæki umboðssölu á þessari vöru. Nú er mér kunnugt um það, að þessi vara er einmitt nú aðallega seld í umboðssölu, og umboðsmennirnir fá ákveðin umboðslaun. Til þess að koma út vörunni hafa umboðsmennirnir farið þá leið, að láta mönnum vöruna í té með afborgunum. Þetta hefir verið talið mikið hagræði fyrir menn, því að um marga hefir verið svo farið, að þeir hafa ekki getað lagt út andvirðið strax. Hefir nú ríkið hugsað sér að gera þetta? Ætlar það að halda þessari venju, eða eiga þeir einir að fá vöruna, sem greitt geta strax? Ef horfið er frá þessu, þá er sá tilgangur frv. brotinn, að það eigi að vera almenningi til hagræðis.

En ef þetta er hinsvegar látið haldast, þá efast ég um þann hagnað, sem ríkið á að hafa af þessari verzlun.

Um þriðju teg., raftækin, hefir verið réttilega á það bent, að við val á þeim hlutum kemur smekkur manna mjög til greina. Oft eru flutt inn tæki, sem mönnum líka ekki, og eru því ekki keypt. Slík vara er því hættuleg í verzlun, og ég hygg, að einkasalan verði ekki heppnari í þessu tilliti en kaupmenn, svo að hæpið verði um hagnaðinn. Hagræði almennings verður hinsvegar kannske svipað.

Svo er það annað, sem ég vildi minnast á, en það er öflun varahluta. Það má segja, að auðvelt verði að afla varahluta til þeirra tækja, sem einkasalan sjálf selur, en það þarf að afla varahluta til allra þeirra tækja, er til eru í landinu. Í sambandi við það er ég viss um, að einkasalan mun reka sig á mikla örðugleika.

Það eru til svo margar teg. bifreiða og bátamótora. Það verður erfiðara fyrir einkasöluna að útvega varahluti til véla, sem ekki eru kannske til nema ein til tvær af á landinu, heldur en menn, sem um árabil hafa haft umboð á þessum vélum. Ég efast því ekki um, að hér stefnir til óhagræðis fyrir almenning hvað varahluti snertir til allskonar tækja. Ég er því viss um, að hér geta ekki farið saman auknar tekjur fyrir ríkissjóð og hagræði fyrir almenning, því að ef þetta á að verða hagræði fyrir almenning, þá verða tekjurnar engar. Hitt er ljóst, að ríkið kemst ekki hjá því að leggja fé til þessarar stofnunar, og það mikið fé. Ég vildi því spyrja hæstv. fjmrh., hvernig hann hafi hugsað sér að afla þessa fjár og hvort hann hafi gert sér grein fyrir því, hvað stofnkostnaður muni verða mikill.

Ég hygg, að ég taki ekki aftur til máls við þessa umr. Ég er ekki aðeins á móti þessu frv. vegna þess, að hér er einkasala á ferðinni, heldur vegna þess, að hér er verið að marka nýtt spor á einkasölubrautinni, að taka upp einkasölu á þurftarvörum almennings.

**Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Það eru aðeins örfá orð út af þessum tveimur síðustu ræðum.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að ég hefði gengið inn á, að málið væri illa undirbúið. Það er viðurkennt, að það sé æskilegt, að frekari rannsóknir verði látnar fram fara í þessum efnum, enda frv. byggt á því, þar sem það er í heimildarformi. Hinsvegar er það ætlun mín, að meginhlutinn af þessum vörum geti gefið arð, án þess að verð vörunnar hækki, og hægt sé því að hafa þessa verzlun til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð án óhagræðis fyrir almenning.

Þessi sami hv. þm. sagði, að það yrði að vera sannað, að rekstrarkostnaður við verzlunina yrði minni með því að ríkið tæki hana í sínar hendur heldur en nú er. Ég hygg nú, að hv. þm. sé það ljóst, enda kom það fram á öðrum stað í ræðu hans, að því færri sem fara með þessa verzlun því minni verður kostnaðurinn. Reksturinn verður t. d. einfaldari og ódýrari með því, að einn hafi hann með höndum, heldur en tíu aðilar. Hv. þm. mun því vera mér sammála um það, að ekki sé heppilegt að hafa verzlunina á mörgum höndum, enda er hann sjálfur í samtakastarfsemi bóksala, sem m. a. mun vinna að því, að þeir séu ekki óeðlilega margir, sem stunda þessa atvinnugrein. Hv. þm. veit það vel, að hin frjálsa samkeppni er ekkert sáluhjálparmeðal í þessum efnum, heldur er það skipulagið.

Hv. þm. talaði um það, að afstaða mín og flokks míns mótaðist bara af því, að þetta væri einkasala. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm., ég lít ekki á einkasölu yfirleitt sem sáluhjálparatriði, og það mætti benda á fleiri en eina teg. einkasölu, sem við Alþýðuflokksmenn teldum vafasamar og vart tímabærar. Einkasala sem slík er okkur ekkert programatriði, hinsvegar viðurkennum við, að það er oft heppileg leið til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð og til þess að koma á bættu sölufyrirkomulagi. Það færi betur, ef Sjálfstfl. hefði eins heilbrigð sjónarmið á þessu máli og væri eigi bara á móti frv. af því, að hér er um einkasölu að ræða.

Út af ræðu hv. þm. Ak. vil ég segja það, að það er vitanlega skoðanamunur hjá okkur á þessu máli. Hann vill ekki, að ríkið hafi einkasölu á öðru en munaðarvöru, t. d. víni og tóbaki, og álítur, að einkasalan hafi aðeins eitt takmark, sem sé tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Þessi hv. þm. gengur alveg framhjá því, að einkasalan getur komið á hagkvæmu sölufyrirkomulagi og ríkissjóður jafnhliða haft sínar tekjur af henni án þess að varan hækki í verði. Sá gróði, er áður féll til fárra einstaklinga, fer þá til ríkisins.

Hv. þm. Ak. taldi vafa á því, að hagnaður yrði af einkasölu á bifreiðum, því að höft væru á innflutningi þeirra. Það fer ekki hjá því, að alltaf verður einhver sala þrátt fyrir höftin, en annars er mestur hagnaðurinn á sölu varahlutanna.

Fróður maður um þessa hluti hefir sagt mér, að ef setja ætti saman bifreið úr varahlutum, sem annars kostar 12—14 þús. kr., þá mundi hún kosta um 70 þús. kr., svo mikið er lagt á varahlutina. (**PHalld:** Heldur hv. þm., að sá gróði renni til seljenda hér?). Ég ætla, að góður bróðurhluti renni til þeirra, þótt nokkuð kunni að renna til verksmiðjanna. Hv. þm. Ak. sagði um mótorana, að þessi breyt. yrði til óhagræðis fyrir almenning. Ég ætla nú, að einfalt verði að halda sama skipulaginu, að menn geti fengið þá eins og nú, upp á afborganir, með áskildum eignarétti seljanda.

Hv. þm. gat þess, að vafasamur hagnaður mundi verða af raftækjum, vegna þess að jafnan væri hætt við úrgangi, að vörur lægju á lager og seldust ekki. Það er aðgætandi, að þetta nær aðeins til eins hluta af rafmagnsvörum, sem sé lampanna, en eins og frv. ber með sér nær það til rafmagnsmótora, rafmagnsvéla og vélahluta, rafgeyma og rafhylkja, rafmagnslampa, glóðarlampa, rafmagnsmæla o. s. frv. Ég hygg, að allar þessar vörur, sem taldar eru upp í d-lið 1. gr., séu ekki svo lágt verðlagðar nú, að eigi megi hafa hagnað af sölu þeirra án þess að verðið sé hækkað.

Ég mun svo eigi fjölyrða meira um þetta, ég held, að ræður þessara tveggja hv. þm. hafi ekki gefið ástæðu til frekari aths.

**Jóhann Jósefsson** (óyfirl.): Það er ákaflega umsvifamikil verzlun, sem ríkisstj. vill með frv. þessu hafa heimild til að leggja undir einkasölu ríkisins. En ég verð að taka undir það, sem komið hefir fram við þessar umr., að ef um er að ræða að gera nokkrar gælur við einkasölur yfirleitt, þá er miklu hreinna, að það sé stefnt beint að því að taka einhverjar ákveðnar teg. heldur en svona víðtæka heimild sem þessa, og það þegar af þeirri ástæðu, að þegar lögfest er, að stj. hafi heimild til þess að taka þessa og þessa grein verzlunar undir ríkiseinkasölu, þá er e. t. v. að óþörfu veikt atvinnuöryggi þeirra manna, sem að þessum verzlunum standa.

Hér er nú ekki talað um annað en að stj. hafi heimild til að gera þetta, og mér hefir frekar heyrzt af því, sem þeir hafa lagt til málanna, sem mestu ráða um það, hvað gert verður, að það stæði jafnvel ekki til að nota þessa heimild, nema þá að einhverju leyti. Ég verð að segja það, að ég er eins og flokksbræður mínir yfirleitt á móti þessari íhlutun ríkisins á verzlun, sem hér er um að ræða, nema ef einhverjar almennar knýjandi ástæður liggja til. Þetta er ákaflega yfirgripsmikil verzlun og eins og vitanlegt er, þá eru það mjög margir hér á landi, sem hafa atvinnu sína af að selja þessa hluti eða gera við þá, og svo er kringum þessi fyrirtæki heill hópur af starfsmönnum. Þetta út af fyrir sig, að stj. gerir sig líklega til að taka þessa verzlun í sínar hendur, hefir fyrst og fremst þau áhrif, að þessir menn mega alltaf búast við á hverri stundu að missa sína atvinnu. Hv. 1. landsk. talaði um þennan „svokallaðan rétt“ manna til að reka þessa eða aðra atvinnu. Mér finnst hv. þm. gera nokkuð lítið úr þessum rétti manna til þess að fá að stunda löglega atvinnu í friði. Að vísu er það svo í þessu þjóðfélagi sem víðar, að réttur manna til þess að hafa með höndum ýms störf er ýmist lögfestur eða byggður á venjum og þess vegna orðin hefð. Hv. 1. landsk. er t. d. hæstaréttarmálaflm. og hefir öðlazt það starf með margra ára lærdómi og staðizt próf til þess að teljast hæfur til þessa starfs. Þetta veitir honum rétt til þess að gegna vissu starfi í þjóðfélaginu, sem aðrir menn, sem ekki hafa uppfyllt sömu skilyrði og hann og hans stéttarbræður, hafa ekki leyfi til að ásælast. Þessi réttur hans og annara embættismanna er verndaður með l., en þó að réttur okkar alþýðumanna sé ekki verndaður á sama hátt með l., þá leyfi ég mér að halda því fram, að á meðan við rekum atvinnu okkar eftir landsins l. og meðan við gjöldum skatta og skyldur, gef-

um keisaranum það sem keisarans er, þá hefir þjóðfélagið, þó ekki sé það beint af lagalegum þá af siðferðislegum ástæðum, þær skyldur gagnvart okkur þegnunum að láta atvinnu okkar í friði, svo fremi alþjóðarheill ekki krefst þess, að hún sé af okkur tekin. Nú er það svo í stjórnarskránni með eignarréttinn, að hann er ennþá í þessu landi álitinn svo mikils virði, að hann má ekki skerða, nema þá að alþjóðarheill krefjist, enda komi fullar bætur fyrir. — Hér er um ákaflega mikil réttindi að ræða hjá alþýðumönnum, sem hægt er að vísu undir einhverju yfirskini að láta ríkið teygja arma sína til. Yfirskinin geta verið svo mörg og þau eru mismunandi „ekta“, því í máli eins og þessu eru það engin rök, þó hægt sé að segja, að sala mótorvéla gefi sennilega góðan arð af sér, og að sá arður sé eins vel kominn í ríkisfjárhirzlunni eins og hjá einhverjum og einhverjum borgara ríkisins. Þetta eru engin rök. Þetta má segja um svo fjarskalega margt, og verður því aðeins haldið fram, að ríkið hafi ekki neinar skyldur við sína borgara. Nú er það svo bæði hér og annarsstaðar, að ríkið á í raun og veru borgarana og getur farið með þá eins og það vill, skattlagt atvinnu þeirra, tollað neyzluvörur þeirra og hefir yfirleitt nægar leiðir til þess að ná bróðurpartinum af þeim arði, sem atvinna þeirra gefur af sér, en til þess liggja að vísu oft knýjandi ástæður.

Ég vil þess vegna alls ekki taka undir það, að hér sé um neinn „svokallaðan rétt“ að ræða. Sá maður, sem hefir lagt tíma og fé til þess að mennta sig í einhverri atvinnugrein og lagt hana fyrir sig, á sannarlega mjög sterka kröfu til þjóðfélagsins á því, að hann sé látinn í friði með þessa atvinnu sína, með því tilskildu vitanlega, að hún brjóti ekki í bág við l. landsins. — Hér er t. d. verið að tala um mótorvélar, og hv. 1. landsk. sagði, að sér fyndist ríkið gæti eins vel verið þar umboðsmaður og hirt gróðann eins og hver annar. Ég neita því alls ekki, að þetta geti vel verið svo. En hræddur er ég um, að slík umboðsmennska ríkisins yrði stirð í vöfum og að viðskiptamönnunum þætti e. t. v., að nokkuð mikill einstrengingsháttur væri á afgreiðslunni og vafningar á móts við það, sem nú er. Maður veit það t. d., svo ég tali nú um mótorvélar, af því að ég er kunnugastur þeirri verzlun og þeim, sem við hana fást, að þar eru sífellt á ferðinni kröfur til endurbóta hvað snertir vélarnar. Sjómenn vilja vitanlega alltaf fá það, sem er bezt, og þá um leið það, sem kostar minnst í rekstri. Mótoriðnaðurinn sjálfur er mjög ungur, og hin síðustu ár hefir hann tekið miklum og skjótum framförum. Það, sem menn álitu vera mestu kostavélar fyrir nokkrum árum, eru nú álitnar heldur úreltar. Kröfurnar eru mjög sterkar um góðar vélar og allar nýjar endurbætur eru gripnar fegins hendi. Umboðsmenn, sem hafa tekið að sér að finna kaupendur að vissum vélum, verða vitanlega að leggja sig mjög í líma bæði með að velja góðar teg. og verksmiðjur og eins að leggja á sig ferðalög og ýmsan annan kostnað til þess að vinna fyrir þær vélar, sem þeir hafa tekið að sér að selja. Hér við bætist svo það, að þessir menn eru oft og tíðum trúnaðarmenn beggja, kaupanda og seljanda, og verða stundum jafnvel að taka á sig fjárhagslega áhættu við þessa verzlun. Ég veit af nánum kunnugleika, þó ég hafi ekki svo heita megi haft neina umboðsmennsku í þessum efnum, að svona gengur þetta til. Ég get því ekki fellt mig við það í þessu tilfelli frekar en öðrum, að úr höndum þessara manna sé tekin þeirra atvinnugrein og engar bætur komi.

Í sambandi við þessar umr. hér hefir verið minnzt á varahluti og hvað það væri nauðsynlegt vegna þeirra, að valdar væru ágætar mótorteg. með varahlutum, og þær áttu að verða ódýrari og betri, ef ríkið tæki við þessari verzlun. Allt er þetta nógu fallegt í munni, en hér ber þess að gæta, að þetta er á mjög hraðri framför allt, sem snertir mótorvélar, og sjómenn eru nú einu sinni svo gerðir, að þeir vilja alltaf fá það nýjasta og bezta af vélum, sem þeir hafa heyrt nefnt. Og þó að ríkið tæki einkasölu á mótorum og flytti inn einhverjar af þeim mörgu teg., sem nú flytjast til landsins, þá býst ég við, að ekki liði langur tími þar til fréttist af öðrum góðum teg., sem almenningur vildi gjarnan eignast. Þá gæti vel farið svo, að ríkið væri samningsbundið við þær verksmiðjur, sem það upphaflega hefði gert samninga við, en menn yrðu þá óánægðir yfir því, að nú væri ekki lengur hægt að fylgjast með tímanum og fá þær vélar, sem svöruðu kröfum tímanna.

Það er sagt um varahluti, að þeir séu ákaflega dýrir, og mér hefir heyrzt það á þeim mönnum, sem mæla með frv., að dýrleiki varahlutanna stafi einkum og sér í lagi af því, að umboðsmennirnir leggi svo mikið á þá. Hv. 1. landsk. þm. nefndi dæmi um bíl, sem kostaði ekki nema nokkur þús., en ef átt hefði að setja hann saman úr varahlutum með því verðlagi, sem er á þeim hér, þá mundi hann hafa kostað tugi þús. Þetta dæmi nefndi hann til þess að sýna fram á, hversu fyrirkomulag verzlunarinnar væri óhentugt, þegar um einkarekstur væri að ræða. En sannleikurinn er sá, að verksmiðjurnar selja varahlutina miklu dýrari hvern út af fyrir sig heldur en vélina, þegar hún er seld í heilu lagi, svo að það þarf enga umboðsmenn til til þess að skrúfa upp verðið, eins og hv. 1. landsk. hélt fram, að þeir gerðu. Þetta er ekkert óeðlilegt fyrirbrigði, heldur kannast allir við það, sem einhverntíma hafa haft með vélar af þessu tægi að gera og hafa þurft að kaupa í þær varahluti árum saman. Ég hefi sjálfur árum saman keypt varahluti í ýmsar teg. véla og nær alltaf milliliðalaust, og ég er alveg sannfærður um, að þetta er nú einu sinni svo, að varahlutir eru seldir ákaflega dýrt. Þess vegna býst ég við því, að þó að ríkið tæki þessa grein verzlunar í sínar hendur, þá yrðu varahlutirnir jafndýrir eftir sem áður. Það sama og á sér stað um mótorvélar í þessum efnum, á sér líka stað hvað bifreiðar snertir. Það er víst ósköp líkt um kaup á bifreiðum og varahluti í þær og um kaup á mótorvélum og varahluti í þær. Að þessu athuguðu býst ég ekki við því, að það yrði nein hagsbót að því fyrir kaupendur hér á landi, þó að ríkið tæki þessa verzlun í sínar hendur. Það mundi minnka öll fjölbreytni og það yrðu

fáar teg. á boðstólum, en það er nú einu sinni svo, að kaupendurnir þurfa að hafa og vilja hafa fjölbreytni.

Það hefir réttilega verið sagt um frv., að það liggi ekki fyrir nein áætlun um það, hvað menn búast við, að þetta frv., ef að l. verður, muni gefa af sér miklar tekjur í ríkissjóð, en þess er í rauninni ekki heldur að vænta, þegar ríkisstj. er algerlega í óvissu um það, hvort hún ætlar að nota þessa heimild, og líka um það, að hve miklu leyti hún muni notfæra sér hana, þó að hún nú geri það. Hér virðist því vera fast að því heldur óþörf lagasetning á ferðinni. En hitt er vitað, að hún er vel til þess fallin að minnka atvinnuöryggi þeirra manna í landinu, sem nú leggja stund á þessa verzlun. Og í sambandi við það, að minnzt er á atvinnuöryggi, verð ég að segja það, að ég held, að það sé ekki á það ófremdarástand bætandi, sem ríkir í atvinnumálum hér á landi á þessum tímum. Það er verið að tala um, hversu það væri ákaflega gott, ef hægt væri að sameina verzlunina úr höndum fleiri manna, að það muni sparast mikið á því o. s. frv. Það kann að vera, að eitthvað mætti spara á þessu sviði við svona ráðstöfun. En þess verður að gæta, að það verða margir menn, sem missa atvinnu sína um leið og þessi l. komast í framkvæmd, og þessir menn verða fyrr eða síðar á einhvern hátt þjóðinni að byrði, sumpart með því, að þeirra verður að veita atvinnuleysisstyrki eða skaffa þeim atvinnubótavinnu, og sumpart með því, að þeir fyrir einhverra manna milligöngu geta fengið vinnu, þar sem aftur aðrir verða að víkja úr sæti, sem þá bætast aftur við í atvinnuleysingjahópinn.

Hv. 1. landsk. var að tala um stefnur í þessu máli og sagði, að fyrir sínum flokki væri það ekki aðalatriðið, að ríkið ræki verzlun með eitt og annað. Ég veit ekki, hvað hann á við, þegar hann er að tala um „sáluhjálparatriði“ í sambandi við þetta, en hjá hinu er ómögulegt að komast, að hann og hans flokksmenn líta á það sem eitthvað ákaflega eftirsóknarvert og eitthvað, sem taki öllu öðru fram í þessu efni, að ríkið leggi undir sig sem allra mest af verzlun landsmanna, og það þrátt fyrir það, að þeim hlýtur að vera það ljóst, að þessu fylgja ýmsir gallar, eins og t. d. hvað snertir atvinnu einstakra manna, eins og ég hefi áður minnzt á, o. s. frv.

Þá hefir náttúrlega verið sjálfsagt að benda á það í sambandi við þetta mál, eins og hv. 1. landsk. gerði, hvað hin frjálsa samkeppni sé skaðleg í þessum efnum. Það er orðinn fastur „passus“ í öllum þeirra ræðum, að benda á galla hinnar frjálsu samkeppni. Þegar um þetta er rætt, þá er bezt að gæta að því, hvaða atriði það eru, sem fyrir liggja. Ég held nú satt að segja, að þegar verið er að ræða um verzlun eins og þá, sem hér liggur fyrir að ræða um, þá sé erfitt að gera sér grein fyrir því, hvernig hin frjálsa samkeppni geti verið skaðleg. Ég held meira að segja, að einmitt samkeppni í sölu á t. d. mótorvélum geti komið því til leiðar, að borgunarskilmálar verði betri, a. m. k. hefir það verið svo á þessum síðustu kreppu-tímum, að þeir, sem selja vélar hingað til landsins, hafa starfað svo mjög til samkomulags að því er snertir greiðslu á þessum vélum, að þess sjást ekki dæmi í þessari verzlun, ef litið er 5 til 10 ár aftur í tímann. Þá voru verzlanirnar miklu harðari í öllum kröfum um greiðslur en þær eru nú. Það er eftirtektarvert, hvað mótorvélar, og þær góðar, fást nú með góðum borgunarskilmálum. Og hvers vegna er þetta? Það er vegna þess, að það er svo mikið kapp í seljendum við að vinna kaupendur að þessum vélum. Það er hin frjálsa samkeppni, sem þar er á ferðinni og gerir það, að þeir, sem smíða vélar og selja þær hingað til lands, leggja sig í líma til þess að hafa vélarnar sem bezt gerðar og úr sem beztu efni og sem ódýrastar, og síðan að selja landsmönnum þær með eins góðum borgunar- og greiðsluskilmálum og unnt er. Það er meira að segja hægt að benda á dæmi um það, að vélaverksmiðjur í útlöndum hafa gengið í bandalag, fjárhagslegt bandalag, sín á milli, til þess að geta staðizt það betur að gefa greiðslufrest á vélum.

Ég býst nú við því, að þetta mál, eins og önnur slík mál, sem hér hafa komið fram, eigi að knýja fram, og það vegna þess, að það sé nokkurskonar sáluhjálparatriði hjá hv. 1. landsk. og hans flokki, að svo verði. Og þá liggur það náttúrlega næst fyrir, að menn bíði eftir því með eftirvæntingu úti um landið, og jafnvel með ótta sumir hverjir, að hvaða leyti þessari ógn-un, sem í frv. felst og er stefnt að þeim mönnum, sem nú verzla með þessa hluti, verður komið í framkvæmd.

Það er vitanlegt, að framkvæmd þessara l. kostar talsverða áreynslu fyrir ríkissjóð, því að verzlun með þessa hluti, sem hér um ræðir, verður ekki rekin fyrir hið opinbera nema með talsverðum fórnum til þess að byrja með, þ. e. a. s. það verður að festa fé, þegar inn eru keyptar vörurnar, til þess að setja á stofn verzlun með.

Það stendur í 4. gr. frv.: „Ríkisstj. leggur fram nauðsynlegt fé til einkasölunnar, svo og til viðgerðarverkstæða fyrir bifreiðar og mótora, eftir því, sem þykir þurfa, og er henni heimilt að taka það að láni.“ Hér er ákvæðum frv. ekki einasta stefnt að þeim mönnum, sem verzla með þessar vörur, heldur einnig að þeim, sem halda uppi viðgerðarverkstæðum til þess að gera við þær, og öllum þeim, sem nú hafa vinnu við það.

Maður skyldi nú ætla, að ákvæði næstsíðustu málsgr., þar sem talað er um, að dálitlar prósentur af væntanlegum verzlunarhagnaði af þessari verzlun eigi að renna í bæjarsjóði, sé nokkurskonar agn fyrir þm. En þrátt fyrir þetta ákvæði get ég ekki aðhyllzt þetta einkasölufrv. Og það jafnvel ennþá síður fyrir það, að það er allt í óvissu um það, hvað stj. ætlar sér í þessu efni. Það liggur engin áætlun fyrir um það, hvað ríkið þurfi að kosta til, eða hvað það búist við að hafa mikinn afrakstur af slíkri einkasölu, og engin ákveðin fyrirætlun um það, hvort eigi að taka einkasölu á þessu öllu strax eða einhverjum hluta af því, og ekki heldur, á hverju eigi þá að byrja. Það er engu líkara en að þessu sé varpað fram yfirvegunarlítið og svona eins

og til þess að gefa í skyn, að þrengja eigi að atvinnurekstri í þessum efnum, án þess þó að það liggi ljóst fyrir, hvernig eigi að taka á þessu máli.

Þau eru nú ekki svo fá einkasölufrv., sem liggja fyrir þessu þingi, og allt virðist benda á það, að því sé stefnt af þeim, sem nú fara með völdin, að taka einkasölu á sem allra flestum vöruteg., og einkum þá þeim, sem einhvern verzlunarhagnað gefa af sér að dómi stj. Það er í raun og veru ekki lengur um það að ræða, að taka einstaka vöruteg., eins og t. d. tóbak og vín og hafa á þeim einkasölu, heldur er syndaflóð ríkiseinkasölu byrjað að flæða yfir þetta land, og mér virðist stefna beint að því, það er a. m. k. ekki hægt að sjá annað en að það eigi að uppræta allan einkarekstur í verzlun hér á landi. Hvað langan tíma það tekur, skal ég ekki segja, en það virðist ekki þurfa að taka alllangan tíma, eftir þeim gangi, sem hefir verið í þessum málum á þessu þingi.

Nú er þess að gæta, að þeir, sem reka verzlun hér á landi, munu yfirleitt standa að nokkuð miklu leyti undir byrðum ríkisins fjárhagslega, og það sýnir, að ef þessar ráðstafanir verða gerðar, og þó að þær hafi þá kosti í augum jafnaðarmanna og kannske líka framsóknarmanna, að gera megi ódýrari verzlunarreksturinn með þessar vöruteg. með því að taka hann af Pétri og Páli og leggja allt undir eina stofnun, þá er það ljóst, að smátt og smátt myndast hópur manna, sem hefir ekki í neitt hús að venda með atvinnu, og það er engu síður alvarlegt atriði, þegar maður lítur á þann stóra hóp, sem þegar er fyrir atvinnulaus, en annað í þessu sambandi, og þetta annað er það, að t. d. er með þessum ráðstöfunum tekið fyrir kverkar þess, að menn leggi fram krafta sína með það fyrir augum að geta rekið sjálfstæða verzlun. Ég ímynda mér það, þó að engar tölur liggi fyrir um það, að sjaldan eða aldrei hafi verið eins mikill aragrúi af ungum, heilbrigðum og vel menntuðum mönnum hér í Rvík eins og einmitt nú, sem ekki hafa að neinu að hverfa hvað atvinnu snertir. Maður rekur sig daglega á þennan og hinn, sem hefir þá raunasögu að segja, að þessi maður sé búinn að ljúka námi og hafi jafnvel skuldir á baki sér eftir námið, en hann komist bara hvergi að. Þetta er böl, og ég veit, að allir viðurkenna það, að þetta er stórt þjóðarböl, en þær ráðstafanir, sem stjórnarliðið stendur að hvað það snertir að leggja höft á alla verzlun og koma bæði henni og öðrum framkvæmdum sem mest undir ríkiseinokun, þær létta ekki þetta böl. Þær auka þetta þjóðarböl, og sú ástæða ein út af fyrir sig ætti að vera nægileg til þess að opna augu hv. þdm., svo að þeir fylgdu ekki öllum þessum einokunarfrv. svo fast eftir, að gera þau að l. á þessu þingi.

Ég ímynda mér nú kannske, að þetta frv. sérstaklega sé mörgum mönnum þyrnir í augum, og jafnvel þeim, sem fylgt hafa öðrum einokunarfrv., því að það er þess eðlis; það fjallar um þesshättar vöruteg., sem ég fyrir mitt leyti er alveg viss um, að er mjög óhentugt fyrir ríkið að ætla sér að taka einkasölu á. Og um gróðann, sem menn ætla sér að hafa af þessari verzlun, er það að segja, að ég býst við, að þó að hann kunni að hafa verið talsverður hjá einstökum mönnum, sem fengizt hafa við þessa grein verzlunar, þá mundi hann verða hverfandi lítill, þegar verzlunin væri komin í það horf, sem stefnt er að með þessu frv., og afrakstur af henni yrði þess vegna minni en margur e. t. v. gerir sér í hugarlund, og minni heldur en menn við fljóta yfirskoðun gætu hugsað sér, þegar þeir lesa frv. Hér er nefnilega um vöruteg. að ræða, þar sem það skiptir miklu máli, hver það er, sem fæst við að reka verzlunina. Það er allt annars eðlis að reka verzlun með þessar vörur en með t. d. tóbak og vín, því að það geta allir sæmilega vitibornir menn, sem kunna að leggja saman 2 og 2, staðið fyrir tóbaks- og vínseinkasölu, en það er ekki á allra manna færi að standa fyrir verzlun með vélar og vélarhluta svo að vel fari úr hendi og sé til hagsbóta fyrir kaupendur. Það geta eiginlega engir, nema þeir, sem hafa svo að segja alizt upp við þess háttar verzlun og gerþekkja hana.

**Jakob Möller** óyfirl.]: Ég verð að játa það, að ég kveinka mér við að taka til máls um slíkt mál sem þetta, eftir að hv. þm. Vestm., sem hefir náttúrlega miklu meiri þekkingu og reynslu í þessum efnum heldur en ég, hefir talað um það. En þetta mál er svo margbrotið, að þess er náttúrlega naumast að vænta, að í einni einstakri ræðu verði það skoðað frá öllum hliðum og krufið til mergjar í öllum greinum, jafnvel þó að hinir fróðustu menn fjalli um það.

En mér virðist, að af hálfu þeirra manna, sem fylgja þessu máli hér fram, hafi verið gerðar svo hverfandi litlar tilraunir til þess að kryfja málið til mergjar og skýra það og gera grein fyrir því, hvaða rök mæli með því að setja slíka löggjöf sem þessa og hvaða líkindi séu til þess, að tilbreyting í verzlun eins og þessari muni gefast vel fyrir þjóðina. Og mér virðist þetta mál þess eðlis, að það sé rétt, að þá sé af andstæðingum frv. farið nánar út í þá hluti og reynt að gera bætur á því, sem vantað hefir á í ræðum stuðningsmanna frv., og að reynt sé að skýra fyrir mönnum, hvernig þessi mál horfa við.

Það bar á góma við 1. umr. málsins, og ég minnist þess, að hæstv. fjmrh. lét þá skoðun í ljós, að þær vöruteg., sem með frv. þessu er farið fram á, að verði lagðar undir einkasölu ríkisins, væru álagningarmiklar, og þær gæfu mikinn arð þeim mönnum, sem hafa verzlað með þær. Ég lét þá þegar í ljós efasemdir um þetta, og ég hygg, að þessir menn geri sér algerlega rangar hugmyndir um þetta í raun og veru. Það er vitanlegt, eins og ég benti á þegar við 1. umr. málsins, að mikið af þessum vörum er selt af þeim, sem þær framleiða, fyrir ákveðið verð, svo að þess er ekki að vænta, að með einkasölu geti þær orðið nokkuð ódýrari fyrir þá, sem þær eiga að nota.

Um bifreiðar og mótorhjól munu vera ákveðin fyrirmæli frá þeim verksmiðjum, sem framleiða þessi tæki, með hvaða verði hver einstök teg. skuli seld, og sá ágóði, sem þeir

menn fá, sem hafa umboð fyrir verksmiðjurnar, þá eingöngu fólginn í ákveðnum umboðslaunum. Það er eðlilegt, að framleiðendur slíkra hluta séu fúsir til að greiða talsvert há umboðslaun til þess að auka sölu þeirra teg., sem þeir framleiða, og afla sér með því líkinda til þess að fá vaxandi markað fyrir framleiðslu sína. En hinsvegar er þess að gæta, að ef einkasala er sett á stofn í landi, þá hverfur náttúrlega að talsverðu leyti ástæðan til þess að hafa þessi umboðslaun svo há, svo að það er alveg undir hælinn lagt, hve miklar tekjur gætu orðið af slíkri einkasölu, þó að þótt hafi borga sig að greiða einstökum umboðsmönnum nokkuð há umboðslaun, sem hafa haft það á hendi að ryðja til rúms ákveðinni teg. í samkeppninni við aðrar teg. Það eru líka talsverð líkindi til, að svo verði breytt til í þessu efni, að umboðslaun, sem áður hafa verið greidd innlendum umboðsmönnum til að skapa markað fyrir einstakar teg., verði framvegis greidd erlendum agentum fyrir að mæla með vörunni við einkasöluna. Það eru því allar líkur til, að þessi verzlunarar̃ður, sem áður hefir lent hjá einstökum umboðsmönnum, hverfi úr landi til erlendra umboðsmanna. Mér er ekki kunnugt, hvernig reynslan hefir verið í þessu efni um einstakar einkasölur, sem hér hafa verið stofnaðar. En maður heyrir ýmislegt um þá hluti. Maður heyrir, að umboðslaunin hverfi ekki með öllu úr landi, en það eru getgátur um, að þau renni ekki til ríkissjóðsins, heldur í vasa einstakra manna, hérlendra að vísu, sem standi nærri þessum einkasölufyrirtækjum. Þetta dirfist ég nú ekki að dæma neitt um. En mér finnst, að það liggi nokkurnveginn í augum uppi, að þegar einkasala á ákveðinni vöruteg. er komin í fastar skorður og búið er að gera samninga við ákveðnar verksmiðjur um kaup á þeim vörum, sem á að verzla með, minnki hvötin til að borga fyrir útbreiðslu vörunnar, enda ástæða til að greiða minni umboðslaun en áður, þar sem að einstakur umboðsmaður, sem tekur vöruna að sér, verður vitanlega að leggja í nokkurn kostnað til þess að vinna markað fyrir vöruna. Umboðsmenn verða að ferðast á milli landa og um landið sjálft. Þeir verða að hafa undirumboðsmenn úti um landið, skrifstofur, geymsluhús o. s. frv. Þetta hefir allt nokkurn kostnað í för með sér, sérstaklega meðan verið er að fá menn til þess að kaupa sérstakar teg., sem ekki hafa verið á markaðinum áður. Hinsvegar sýnir reynslan, að þegar einkasölur eru komnar á, virðist lítil hvöt hjá forstöðumönnum þeirra til þess að ryðja til rúms nýjum teg., og þessi reynsla af einkasölunum er einmitt sterkasta ástæðan til þess að óttast afleiðingarnar af þessu breytta fyrirkomulagi. Þær afleiðingar koma á tvennan hátt, fyrst á þann hátt, að vörurnar, sem á boðstólum eru fyrir notendur, eru e. t. v. lakari að gæðum en vörur, sem hægt væri að fá og mundu ryðja sér til rúms, ef um frjálsa verzlun væri að ræða. Þegar nú einmitt er um þessar vörur að ræða, hifreiðar og allskonar vélar og rafmagnsáhöld, er þess að gæta sérstaklega, að framleiðslan á þessum vörum er í stöðugri framför ár frá ári. Alltaf koma á markaðinn fullkomnari og fullkomnari vélar, bæði að því leyti að fullnægja betur kröfum um afköst og kröfum um sparnað í rekstri. Þeir, sem þekkja framfarirnar í smíði mótora síðustu áratugi, vita, að fyrir tiltölulega fáum árum voru mótorar, sem ætlaðir voru í báta, svo stórir og þungir, að þeir voru nærri hálf báthleðsla, og auk þess afardýrir í rekstri, eyddu bæði mikilli olíu og mikilli smurningu. Nú er farið að framleiða svo litla mótora, að það er alveg furðulegt, hve miklum framförum þessi framleiðsla hefir tekið á skömmum tíma. En þegar einkasala er komin á laggirnar vofir yfir sú hætta, að hún fylgist ekki með í þessu efni, og menn verði að nota gamlar og úreltar vélar. En við það bíður einstaklingurinn og þjóðin í heild hnekki. Atvinnurekstur landsmanna verður ekki samkeppnisfær við aðrar þjóðir, sem reka samskonar atvinnu með betri og fullkomnari tækjum en þær vesælu þjóðir, sem búa við það fornaldarfyrirkomulag, sem einkasölur eru. Ég get fundið orðum mínum stað í þeirri reynslu, sem fengizt hefir af ísl. einkasölum. Ég geri ráð fyrir, að það geti alveg eins átt við um gæði og afkastamöguleika véla eins og hitt, sem mér er sérstaklega kunnugt um. Og þegar það fer saman, að með vaxandi framförum er hægt að framleiða vélarnar bæði betri og ódýrari, þá verður tjónið tvöfalt af að fylgjast ekki með. Það er ekki aðeins, að menn fái ófullkomnari tæki en kostur er á, heldur verða menn líka að borga þau hærra verði. Við höfum hér einkasölu fyrir á sama sviði, og á ég þar við viðtækjaverzlunina. Ég fullyrði, að þessi einkasölustofnun hefir ekki fylgzt með tímanum. Ég get sannað, að hún fylgist ekki með að því er verðlag snertir, og ég geri ráð fyrir, að það sé eins um gæði vörunnar. Ég get lagt fram sannanir um þetta, og ég skal gera það, ef einhver er hér, sem efar, að ég fari með rétt mál. Ég þori að staðhæfa, að viðtækjaverzlun ríkisins selur viðtæki um það bil helmingi hærra verði en hægt er að fá fullkomlega sambærileg tæki fyrir. Þessi einkasala hefir frá byrjun bundið sig við ákveðna viðskiptavini og ekki hleypt á markaðinn ódýrari tækjum, sem nú er hægt að fá. Ég hygg, að gera megi ráð fyrir því sama, ef sett verður á stofn einkasala á bifreiðum, mótorhjólum og rafmagnstækjum. E. t. v. eru framfarirnar ekki á neinu sviði eins örar og í framleiðslu raftækja, og má því gera ráð fyrir, að einkasala á raftækjum verði enn meira haft á framfarirnar í landinu en nokkur einkasala hefir verið áður.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að fluttar væru inn óhæfilega margar teg. af bifreiðum og mótorvélum. Það hefir áður verið bent á, að þetta er meira í orði en á borði. Sannleikurinn er sá, að fullkomnustu vélarnar ryðja sér alltaf til rúms, ef þeim er hleypt að, og þó að flutt sé inn ein og ein af öðrum teg., þá gætir þess lítið. Það hefir verið upplýst hér um bifreiðarnar, að langflestar bifreiðar hér eru frá 4—5 verksmiðjum. Ég býst við, að líkt sé að segja um mótorvélar, að flestar þeirra, sem hér eru í notkun, séu frá örfáum verksmiðjum. Þetta

leiðir eiginlega af sjálfu sér, bæði vegna þess, sem ég benti á áðan, að vélar, sem gefa beztan árangur, ryðja sér mest til rúms, en við það bætist svo, að vélar, sem flestir nota, hafa þann kost, að eigendur þeirra þurfa aldrei að óttast stöðvun á rekstri vegna vöntunar á varahlutum, því að fyrir því er jafnan séð, að til séu birgðir af varahlutum í slíkar vélar víðsvegar um landið. Hinsvegar geta hinar sjaldgæfari vélar valdið örðugleikum vegna þess, að varahlutir eru ekki ætíð við hendina og þarf kannske að fá þá langt að og jafnvel frá útlöndum. Mér dettur dæmi í hug í þessu sambandi um hv. þm. Ak. Hann fór héðan í bíl, sem bilaði á leiðinni. En af því að hann hafði verið svo hygginn að kaupa algenga teg., gekk honum greiðlega að ná í varahlut og gat haldið áfram ferð sinni. Þetta er einmitt örugg vörn gegn því, að menn glæpist á að kaupa margar teg., því að vöntun eins lítils varahlutar getur valdið stöðvun á atvinnurekstrinum, og menn vilja ógjarnan brenna sig á því soði. Hinsvegar er sjálfsagt að búa svo um, að landsmönnum standi opið að hagnýta sér það, hvenær sem fullkomnari teg. kemur á markaðinn. En fyrir það er girt að meira eða minna leyti með einkasölufyrirkomulaginu. Það sýnir reynslan af viðtækjaeinkasölunni, sem bindur sig við þær verksmiðjur, sem hún byrjaði að skipta við, og hleypir ekki að fullkomnari og ódýrari tækjum, sem nú eru komin fram. Einkasala er þannig eigi aðeins líkleg til þess að gera atvinnureksturinn erfiðari og ágóðaminni, heldur stuðlar hún að því, að við fáum ekki staðizt samkeppnina við nágrannaþjóðir okkar.

Hv. frsm. minni hl. var að tala um, hve varahlutir væru afskaplega dýrir. Hv. þm. Vestm. hefir raunar svarað því að nokkru leyti og sýnt, að sú tilgáta hv. 1. landsk., að hátt verð á varahlutum væri því að kenna, að umboðsmenn notuðu aðstöðu sína til að selja þá okurverði, hefir við engin rök að styðjast. Þessi tilgáta er auðvitað hin mesta fjarstæða. Þetta sýnir, hve fylgismenn þessa frv., bæði hæstv. ráðh. og aðrir stuðningsmenn, hafa aflað sér furðulega lítilla upplýsinga um þetta mál. Það ætti a. m. k. að mega krefjast þess af hæstv. stj., sem ber fram frv. sem þetta, að hún hefði áður en hún bar það fram aflað sér einhverra upplýsinga um málið, t. d. um það, hvers vegna verð á varahlutum til þessara tækja, sem hún ætlar að byrja að verzla með, er svo hátt. Það hefir verið upplýst í umr., og ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. hafi gert grein fyrir því áður, að mjög mikill þáttur þeirrar verzlunar, sem hér um ræðir, að ríkið taki að sér, er einmitt útvegun, verzlun og meðferð þessara varahluta. Það má gera ráð fyrir því, að sala á vélum og bílum verði með nokkuð svipuðum hætti og salan hefir verið, og hv. 1. landsk. lét skína í það, að komið gæti til mála jafnvel, að þessi einkasala ríkisins, sem á nú að taka að sér þessa verzlun, yrði ekkert annað en umboðsverzlun með þessa hluti, bíla og vélar og annað, sem hér er um að ræða. Það þýðir það, að það þarf aldrei að liggja með birgðir svo teljandi sé af vélunum sjálfum, en hitt er alveg eins víst, að einkasalan verður að afla sér geysilegra birgða af allskonar varahlutum til allra þessara véla, og það hefir í för með sér miklu meiri kostnað, fyrirhöfn og umstang en þessir fylgismenn frv., sem um þetta hafa talað, gera sér nokkra hugmynd um.

Það má dálítið ráða af því, sem hv. 1. landsk. talaði um viðvíkjandi þessu fyrirbrigði, hvað þessir varahlutir eru dýrir. Hann sagði, að ef einhver ákveðin bílateg. væri sett saman hér úr varahlutum, þá yrði hún e. t. v. helmingi dýrari en bílar, sem koma heilir frá verksmiðjum. Þetta stafar af því, hve varahlutirnir eru seldir háu verði. En þetta er sem sagt mjög eðlilegt. Verksmiðjur, sem framleiða bifreiðar og mótorvélar, vita nokkurn veginn, hve mikið þær geta selt, t. d. árlega. Þær framleiða því þá teg. véla eða bifreiða, sem selst á tiltölulega skömmum tíma. Aftur á móti er síður hægt að vita, hve mikið af varahlutum þarf til þess að fullnægja eftirspurninni eftir þeim. Það stendur í sambandi við það t. d., hve fljótt vélarnar gengju úr sér, hve lengi þær eru notaðar, hve lengi er reynt að lappa upp á þær gömlu og hve vönduð meðferðin er á þeim. Hinsvegar útheimtir geymsla þessara hluta mjög mikla fyrirhöfn. Það verður t. d. að geyma hvern hlut á sínum stað, hafa bækur yfir þá, mikið mannahald og eftirlit með því, að alltaf sé hægt að ganga að hverjum hlut á sínum stað, án þess að mikil leit þurfi að koma til. Þannig er þetta ekki einungis hjá verksmiðjunum, heldur einnig hjá hverjum einstökum umboðsmanni um heiminn. Þetta veldur því, að varahlutir, sem legið er með mikið af frá ári til árs, verða miklu dýrari, bæði vegna þessarar geymslu og umsjónar með þeim, vöxtum af verði því, sem í þeim liggur, o. s. frv. Þessir hlutir ganga úr sér við geymslu og verða ónýtari. Þess vegna fer því svo fjarri, að það sé neitt furðulegt, að vélar, sem settar eru saman úr varahlutum, séu dýrari en þær, sem koma tilbúnar beint frá verksmiðjunni sjálfri.

Þessi hörmulega fáfræði og vanþekking af hálfu hæstv. stj., sem frv. ber fram, og annara stuðningsmanna frv., er nóg ástæða til þess að vísa frv. aftur heim til föðurhúsanna til nánari athugunar og rannsóknar.

Hv. þm. V.-Ísf. talaði um þetta mál í gær af talsverðri skynsemi, enda þótt kunnugt sé, að hann sé ekki „principielt“ mótfallinn ríkiseinkasölu á ýmsum sviðum. Hann benti m. a. á einn ágalla, sem verður á slíkum verzlunarrekstri, sérstaklega hvað snertir mótorvélar. Þær eru, eins og kunnugt er, að mestu leyti seldar til fiskiskipa. Það er líka kunnugt, með hvaða hætti þeir útgerðarmenn, sem slík skip gera út, fá fé til þess að afla sér slíkra tækja. A. m. k. er það mjög almennt, ef ekki algild regla, um kaup á mótorvélum eða mótorbátum, ef þeir eru keyptir tilbúnir með vélunum, að verksmiðjan, sem vélarnar smíðar, veitir kaupanda borgunarfrest um lengri eða skemmri tíma. Ég efast um, að hægt væri að halda þessum verzlunarmáta áfram, eftir að búið er að koma á ríkiseinkasölu á þessum hlutum. Ég geri ráð fyrir, að þessar verksmiðjur, sem áður hafa selt

einstaklingum framleiðsluvörur sínar með þessum hætti og veitt þeim greiðslufrest, mundu segja sem svo við ríkiseinkasöluna: fyrst ríkiseinkasala er komin á fót á þessu sviði, þá er vitanlega sjálfsagt, að hún beri a. m. k. ábyrgð á skilum slíkra skulda sem hér er um að ræða.

Eins og nú er ástatt um afkomuhorfur vélbátaútvegsins, er ég smeykur um, að ef einkasalan ætti að taka á sig þá áhættu, sem fylgir slíkri lánveitingu, þá gæti það orðið til þess að höggva skarð í þá tekjuvon, sem hægt er að gera sér um þessa verzlun, því að ágóðinn af hverri vél er ekki lengi að ganga til þurrðar, ef svo og svo mikið af andvirði þeirra tapast hjá kaupendum. Ég geri ráð fyrir, að sama sé að segja um þetta eins og svo margt annað í sambandi við þetta, að hvorki hæstv. stj. né fylgismenn hennar hafa gert sér glögga grein fyrir því, hvernig útkoman af þessari verzlun mundi verða að þessu leyti. Ég vil því taka undir með hv. þm. V.-Ísf., að þetta atriði málsins eitt sé þess eðlis, að það gefi fullkomna ástæðu hvað svo sem öðru líður í þessu sambandi, til þess að hugsa sig tvisvar um áður en lagt verður út í stofnun slíks fyrirtækis fyrir ríkisins reikning. Ég mun hafa látið þess getið við 1. umr. þessa máls, að ef til vill væri meiri hagnaður af verzlun með þær vöruteg., sem taldar eru upp undir staflið d í 1. gr. frv., sem sé verzlun með rafmagnsvélar og allt þesshátt ar. Ég hefi aflað mér þeirra upplýsinga því viðvíkjandi, að ég þori að fullyrða, að fjarri fari því. Það er kunnugt, að einkasala á rafmagnsvélum og áhöldum hefir alla þá ókosti til að bera, sem einkasölur með aðrar teg. hafa. Í framleiðslu þessara tækja eiga sér stað mjög miklar endurbætur og framfarir. Tækin verða alltaf fullkomnari og fullkomnari með hverju árinu, sem líður, og fullnægja því alltaf betur og betur kröfum manna í þessu efni.

Hvað tillit til smekks manna viðvíkjandi þessum tækjum snertir, má e. t. v. segja, að slíkt skipti engu, og að einkasalan hafi samt aðstöðu til þess að koma út sínum vörum, hvað sem smekk manna á þeim líður. Um þetta er það að segja, að menn verða þá nauðugir viljugir að kaupa þau tæki, sem einkasalan hefir á boðstólum, hvort sem þeim líkar útlit tækjanna betur eða verr. Slíkt er að vísu ekki veigamikið atriði í þessu sambandi. Hitt er vitanlega miklu alvarlegra atriði, ef svo fer sem gera má ráð fyrir, að einkasalan fylgi ekki þeim framförum, sem upp koma á þessu sviði. Þetta hefi ég bent á áður í sambandi við viðtækjaverzlunina, og þarf ég því ekki að fara fleiri orðum um þetta atriði. En þar sem talað er um, að einmitt þessar vörur muni gefa mikinn arð, þá vil ég segja það, að sú reynsla, sem hefir fengizt í því efni, bendir þvert á móti í gagnstæða átt, ef ekki er gert ráð fyrir því, að verð þessara vara hækki til mikilla muna.

Ég hefi aflað mér upplýsinga um það, að verðlagið á þessum vörum er lægra hér en t. d. á öðrum Norðurlöndum. Heildsöluverð á rafmagnstækjum er mun lægra hér en annarstaðar á Norðurlöndum. Það er líka kunnugt, að hér hafa verið stofnuð fyrirtæki, sem verzla með þessar vörur, en reynslan hefir sýnt og sannað, að þau fyrirtæki hafa ekki skilað miklum arði í hendur eigendanna. Hvernig er þá hægt að búast við því, að slík verzlun í höndum ríkisins gefi stórar tekjur af sér, án þess að verðið hækki beinlínis?

Mér skilst af yfirlýsingum stuðningsmanna þessa frv., að einkasalan eigi að vera almenningi trygging fyrir því, að þessar vörur, sem hér um ræðir, verði seldar við hæfilegu verði og a. m. k. ekki dýrari en tíðkazt hefir.

Ég veit, að það er óþarfi að benda hv. frsm. minni hl., hv. 1. landsk., á einstök dæmi um verzlunarfyrirtæki, sem verzlað hafa með rafmagnstæki, er ekki hafa safnað auði á síðustu árum. Hann er þessu vitanlega jafnkunnugur og ég.

Ég veit, að margt fleira mætti um þetta mál segja, sem í rauninni væri æskilegt, að menn gerðu sér glögga grein fyrir í þessu sambandi. Þar sem um það er að ræða, að ríkið taki að sér svo víðtækan rekstur sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En eins og ég tók fram í upphafi máls míns, játa ég hreinskilnislega, að mig brestur mjög næga þekkingu á þessu sviði til þess að geta gefið tæmandi upplýsingar um alla þá annmarka, sem gera má ráð fyrir, að verði á ríkisrekstri á þessari verzlun. En þar sem um svo þýðingarmikið mál er að ræða, væri í rauninni mjög nauðsynlegt, að leitað væri upplýsinga og umsagnar út fyrir hv. þing til þeirra manna, sem ætlast mætti til, að hefðu mesta reynslu fyrir sér í þessum efnum, svo að hv. þdm. stæðu betur að vígi um að mynda sér skoðun á málinu, því að ég verð að játa, að þess er ekki að vænta, að hv. þm. geti af sinni eigin þekkingu myndað sér neina ábyggilega skoðun á því, hvort slík fyrirtæki sem hér um ræðir séu líkleg til þess að gefa góðan árangur í höndum ríkisins.

Ég mun e. t. v. bera fram till. við síðustu umr. málsins, þess efnis, að leitað sé umsagnar þeirra, sem mesta þekkingu á þessum málum hafa.

Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. geti verið þessu mótfallnir, því að vitanlega verður hver um sig að játa ófullkomleika sinn og þekkingarskort í þessu efni. Sérstaklega tel ég nauðsynlegt, að sem nákvæmastra og ýtarlegastra upplýsinga sé aflað í þessu skyni, þegar tekið er tillit til þess, að svo og svo margir menn, sem stundað hafa slíka verzlun og lagt mikla fyrirhöfn og mikið fé í hana, tapa að öllum líkindum þessari vinnu, ef ríkiseinkasala kemst á.

Ég tel það blátt áfram skyldu hv. þm. að taka ekki ákvörðun um svo veigamikið mál, án þess að leita allra þeirra upplýsinga og allrar þeirrar fræðslu, sem kostur er á.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Mig langar til þess að svara nokkrum atriðum í ræðu hv. 1. landsk.

Ég vil taka það fram, að það er eins og meirihlutaflokkarnir hér á hv. Alþ. hafi tekið upp þann sið, að svara andstæðingunum sem allra minnst, koma sem minnst við málefnin, en láta andstæðingana um að upplýsa þau. Ég get vel

trúað, að þeim komi vel að losna við að svara fyrir sumt af því, sem fram er borið hér í hv. d. Það er ekki svo merkilegt, enda hefir svo farið um þetta mál, að það hefir ekki verið varið með nokkrum rökum, hvorki við þessa umr. né 1. umr.

Ég hafði gaman af þeim ummælum hv. 1. landsk., að því færri sem störfuðu við fyrirtæki, þess meira „rationelt" væri það rekið. Hann hefir kannske ekki ætlað að komast þannig að orði, því að vitanlega er „rationel" rekstur fyrirtækja ekki undir öllum kringumstæðum sjálfsögð afleiðing af fámenni við fyrirtækin. Þetta er sérstakt atriði, sem stendur ekki í beinu sambandi við það, hvort fleiri eða færri vinna við fyrirtækin, því að oft er þannig ástatt um ýms fyrirtæki, að það þarf ekki nema örfáa til þess að annast rekstur þeirra, og þó eru þau fyrirtæki jafn „rationelt" rekin og mörg önnur, sem fleira starfsfólk vinnur við.

Það atriði, sem við hv. 1. landsk. deildum um, var það, hvort rétt væri, eins og nú er ástatt í þessum efnum, að fækka starfsfólki við þessi fyrirtæki, t. d. niður í 50, ef gengið er út frá því, að 100 vinni nú við þau. Vitanlega er ég sammála hv. þm. um það, að heppilegast sé, að sem minnstur kostnaður verði á rekstri þessara fyrirtækja. En ég benti á, að það væri hvorki sanngjarnt, réttmætt né hagkvæmt, að ætla sér að fækka þeim um helming, sem við þessa atvinnu fást nú. Af slíkri ráðstöfun myndi fyrst og fremst leiða það, að meira framboð yrði á vinnu í öðrum rekstri í kapp við þá, sem þar eru fyrir. En nú er svo komið, að eins og stendur getur engin atvinnugrein bætt við sig auknu starfsliði.

Á öllum venjulegum tímum er eðlilegt, að fólki fækki í vissum starfsgreinum, þegar vegna framfara í rekstrinum minnkar þörf fyrir mannlega vinnu. En á krepputímum eins og nú eru, þegar svo að segja engin starfsgrein getur bætt við sig fólki, sem missir atvinnu í annarri starfsgrein, horfir þetta öðruvísi við. Þá verður helzta ráðið til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og neyð, að hver fái að halda þeirri atvinnu, sem hann hefir. Þetta er einmitt sú stefna, sem við höfum tekið í kreppumálunum. Það er fróðlegt til samanburðar að athuga, hvaða tökum Bandaríkin hafa tekið kreppuna og með hvaða árangri.

Strax og tók að bera á verðlækkun í Bandaríkjunum vegna minnkandi kaupgetu eða kaupvilja, var það ráð tekið, að segja mönnum upp atvinnu þeirra í stórum stíl. Frá því í sept. 1929 og fram á þennan dag hefir þeim stöðugt farið fækkandi, sem atvinnu hafa þar í landi. Ég held, að þetta stafi af því, að Bandaríkjamenn hafi farið ranga leið í kreppumálunum, þrátt fyrir aðdáun stjórnarflokkanna hér á landi á stefnu þeirri í atvinnumálunum, sem nú er uppi í Bandaríkjunum. Vandræðin eru alltaf að aukast. Mönnum er sífellt sagt upp atvinnu þeirra til að reka fyrirtækin „rationelt", eins og hv. 1. landsk. orðaði það svo fagurlega. Við höfum hingað til haft aðra aðferð í þessum efnum. Við höfum haldið áfram framleiðslunni og fært hana út og þolað lægra og lægra verð ár eftir ár. Ég skal ekki segja um það, hvort við þolum þetta lengur, en þetta höfum við gert. Og hvor aðferðin skyldi vera hollari fyrir vinnandi fólk í landinu, sem hv. 1. landsk. þykist vera fulltrúi fyrir?

Með þessu frv. á nú að fækka þeim mönnum um allt að því helming, sem hingað til hafa haft atvinnu við sölu, dreifingu og viðgerðir á þeim tækjum, sem frv. fjallar um. Frv. gerir ráð fyrir, að viðgerðir á tækjunum fari fram í viðgerðarstofnunum ríkisins, enda þótt nægilegt sé af viðgerðarstofum einstakra manna fyrir. Sé það tilætlunin, að leggja þær viðgerðarstofur niður, er augljóst, að við það fara mikil verðmæti forgörðum. E. t. v. er þetta þó eitt af þeim atriðum frv., sem hv. 1. landsk. var að tala um, að mætti fresta, en ekki kom það samt skýrt fram.

Það hafa nú að vísu engar sannanir verið færðar fyrir því, að hægt sé að fækka þeim mönnum, sem nú hafa atvinnu á ýmsan hátt af tækjum þeim, sem frv. fjallar um, en við skulum gera ráð fyrir, að svo sé. Treystir hv. frsm. minni hl. sér þá til að sjá þeim mönnum fyrir nýrri atvinnu? Það má e. t. v. segja, að þeir menn, sem á þennan hátt væri hægt að spara, ef frv. verður að l., vinni ekki gagnleg störf, en er betra, að þeir fari inn á önnur starfssvið og trufli þar atvinnulífið með framboði á vinnu sinni? Ég hefi oft heyrt hv. frsm. minni hl. segja, að atvinnuleysið væri böl, sem hið opinbera ætti að bæta. Það er því harla undarlegt, ef hæstv. stj. vill stofna til aukins atvinnuleysis, til þess að láta kostnað af því skella á ríkissjóði og bæjarsjóðum á eftir. Sú ástæða fyrir þessu frv., að það spari mannahald, er því næsta skrítin, þegar augljóst er, að þeir, sem verða atvinnulausir af völdum frv., hljóta annaðhvort að trufla atvinnulífið á öðrum sviðum eða lenda á ríkissjóði og bæjarsjóðum.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að ég teldi heppilegast að hafa sem fæsta starfsmenn við verzlanir. Það er rétt, að bezt er, að bæði verzlun og framleiðsla sé rekin með sem hagkvæmustu móti, en þess ber að gæta, að á krepputímum er langerfiðast, að fækka mönnum í einni atvinnugrein og koma þeim í aðrar. Þá sagði hann líka, að ég væri í samtökum bóksala og viðurkenndi skipulag þar, m. a. í því skyni að takmarka fjölda sölustaða. En það stendur nú einmitt svo á um þessar mundir, að víða mætti fækka þessum sölustöðum, en þó er það ekki gert, einmitt af því, hve viðurhlutamikið þykir að taka atvinnu af nokkrum manni með valdi á þessum tímum. Til slíks myndi ég aldrei veita samþykki mitt.

Annars var þetta dæmi hv. frsm. minni hl. fjarstæða. Félagsskapur bóksala er einmitt helzt hliðstæður við félagsskap bílasala, ef hann væri til, sem mér er ókunnugt um. En e. t. v. væri hægt að fá þá til að skipuleggja sig, ef þeir hafa ekki gert það þegar, svo að hv. frsm. minni hl. þyrfti ekki að hafa fyrir því.

Það er með öllu rangt, að ég sé mótfallinn þessu frv. af því einu, að hér er um einkasölu að tefla. Ég er ekki svo kreddufastur í þeim efnum, að ég sé ekki fús til að fylgja hvaða

einkasölu sem er, ef ég tel að hún sé til hagsbóta, ekki aðeins fyrir ríkissjóð, heldur og þjóðarbúið í heild. Ég er t. d. fylgjandi einkasölu *ríkisins á áfengi, þótt ég hafi að vísu ætlað* að ná þar öðru takmarki um leið. Ég skoða þá einkasölu sem einskonar hreinlætisráðstöfun, hvort sem hún nú hefir náð þeim tilgangi eða ekki. Ég óttast hvorki né elska einkasölur og skal stuðla að því, að áfengisverzlunin eignist fleiri systur í hvert skipti sem ég tel það gagnlegt og rétt. Ég mun taka afstöðu gagnvart málsins meginefni í hvert sinn. En rekið hefi ég mig á talsverð óþægindi í viðskiptum við einkasölur þær, sem hér eru, eins og hv. frsm. minni hl. hefir sjálfsagt gert líka í viðskiptum sínum við tóbaks- og áfengisverzlunina. Ég ætlaði t. d. að fá um daginn tóbakssteg., sem ég reyki nær eingöngu og hefi reykt í mörg ár, en þá var hún alls ekki til. Sennilega er tilætlunin, að allir reyki „blámann" eða þessháttar, enda mun það vera eitt af „principum" einkasölunnar, að fækka vörunum.

Hv. frsm. minni hl. var að tala um, að varahlutir í bíla væru dýrir nú. Þetta kemur engum á óvart, sem þekkir til viðskiptaaðferða bílaverksmiðjanna. Þær hafa það viðskiptalag, að selja bílana sjálfa mjög ódýrt, máske stundum með tapi, en vinna það upp á varahlutunum. Sum stykki í bílunum eru með vilja höfð svo ónýt, að þau hljóti að bila eftir vissan tíma, og þau stykki eru oft á þeim stað, t. d. inni í miðjum mótor, að spilla verður öðrum hlutum jafnframt, til að komast að þeim. Engin ríkiseinkasala getur komið í veg fyrir þessa viðskiptahætti verksmiðjanna.

Með slíkri einkasölu sem þessari er komin *ríkisábyrgð á hverja krónu, sem keypt er fyrir* og jafnvel valútuábyrgð líka. Þetta eitt út af fyrir sig er í rauninni nægilegt til þess að ég álít ekkert vit í því, að ríkissjóður fari að óþörfu að leggja út í slíka verzlun. Ég hefi enn enga röksemd heyrt fyrir réttmæti þess, að ríkið taki á sig að óþörfu þessa milljónaábyrgð fyrir útlenda seljendur.

**Frsm. meiri hl. (Ólafur Thors):** Það hafa nú allmargir hv. þm. talað síðan ég flutti frumræðu mína í þessu máli. Meðal þeirra er hv. þm. V.-Ísf., sem flutti merkilega ræðu um málið og gerði grein fyrir sinni afstöðu. Get ég tekið undir margt af því, sem hann sagði, og látið nægja að vísa til þess. Flokksbræður mínir hafa líka margir fært fram ýtarleg rök gegn frv., sem ég skal ekki fara að endurtaka hér. En hitt má öllum ljóst vera, að í máli sem þessu er bæði skylt og eðlilegt, að sjálfstæðismenn tefli fram öllum sínum rökum gegn þessu skaðræðisfrv. og mun ég því bæta nokkrum röksemdum við þær mörgu, sem þegar eru fram komnar.

Hv. frsm. minni hl. hefir gert tilraun til þess að sýna fram á það, að frv. væri á einhverju viti byggt. En þau rök hans hafa ekki fært mér neinar sannanir. Hann sagði, að Sjálfstæðisfl. hefði stundum vikið frá því „principi" sínu, að vera á móti einkasölum. Ég hafði sagt, að Sjálfstfl. hefði stundum orðið að gera þetta af óumflýjanlegum eða utanaðkomandi ástæðum. En ég sagði, að þeim mun meiri skylda bæri flokknum til að gera þetta ekki að ástæðulausu, *einkum þegar um væri að ræða svo stórfellda* einkasölu sem hér og illa undirbúna. Hér er ekki einu sinni gerð tilraun til þess að skýra frá því, hvaða áhrif þetta frv., ef að l. verður, kann að hafa á hag ríkissjóðs og almennings, en þó er ráðherra gefið með því vald yfir lífsmöguleikum mörg hundruð manna í landinu, vald, sem ég a. m. k. treysti ekki hlutaðeigandi ráðherra til að fara rétt með og beita svo vel fari.

Ég sýndi fram á, að þó að Sjálfstæðisfl. hefði vikið frá stefnu sinni á þessu sviði þjóðmálanna, þá væru þar í hverju tilfelli sérstök rök fyrir hendi, sem á engan hátt lægju til þess, að flokkurinn hefði ástæðu til að ganga inn á þetta frv., sem hér er nú til umr.

Hv. þm. fann sýnilega til þess, að hér er teflt á tæpasta vað, þar sem verið er að ásælast rétt þessara manna, án þess að gerð sé tilraun til að gera grein fyrir afleiðingum frv., þeim sem áður eru greindar. Hann vildi fyrir sitt leyti afsaka afstöðu sína til þessa máls með því loforði, að hann skyldi mælast til þess við stj., að hún notaði enga heimild l. án þess að rannsaka, hverjar teg. þessarar einkasölu væru þess eðlis, að verzlunarrekstur á því gæti aflað ríkissjóði tekna, eða eins og hann orðaði það, að hann vildi, að ríkisstj. tæki ekki einkasölu á öðrum vörum en þeim, sem nánari rannsókn stj. leiddi í ljós, að hún teldi, að mundi færa ríkissjóði arð.

Það liggur nú í hlutarins eðli, að ef það vakir ekki eingöngu fyrir hv. flm. að drepa niður atvinnurekstur *einstaklinganna*, þá getur engin stj., hversu léleg sem hún annars er, hugsað sér að hagnýta þessa heimild, nema rannsókn leiði það í ljós, að dómi stj., að um arð geti verið að ræða ríkissjóði til handa. Ég fyrir mitt leyti hefi nauðalitla trú á núv. hæstv. stj., en þær getsakir vil ég þó ekki gera henni, að hún fari að nauðsynjalausu að taka í hendur ríkisins verzlunarrekstur, sem hún veit, að ríkissjóði er skaði að hafa með höndum. Mér finnst satt að segja, að ummæli eins og þessi bendi til þess, að hv. flm. þessa frv. sé það ljóst, að það er citthvað fleira en beinir hagsmunir ríkissjóðs, sem valda því, að málið er lagt fram hér á þingi. Og þá liggur nærri fyrir okkur stjórnarandstæðinga, sem vitum, að stjórnarflokkarnir, a. m. k. þeir menn í þeim, sem þar ráða mestu, eru beinir fjandmenn einkafyrirtækjanna, — það liggur nærri fyrir okkur að álíta, að gefnu tilefni, að það, sem fyrir hv. flm. vaki, sé *eingöngu það, að rífa niður einstaklingsframtakið.*

Ég er satt að segja orðinn kaldur fyrir þessum kenningarvaðli sósialista, að hagur einstaklingsins eigi að víkja fyrir hag almennings. Þetta er hægt að færa fram á kosningafundum, en hér í þinginu hefir það lítinn hljómgrunn, því að menn þekkja nú orðið þetta hismi, sem er verið að bera hér á borð. Að sjálfsögðu eru menn sammála um það yfirleitt, að það sé hagur alþjóðar, sem á að ráða mestu um af-

stöðu manna til mála, en hitt er ágreiningur um, með hverjum hætti alþjóð manna sé bezt borgið, og þar kemur fram höfuðágreiningur milli sósialista og sjálfstæðismanna. Við vitum það, sem sósialistar verða nú líka meira og minna að játa, þó að þeir hafi ekki hátt um það, að hagsmunum almennings er bezt borgið með því, að atvinnureksturinn sé ekki í höndum ríkisins, heldur einstaklinganna. Og þegar svo slíkar gamlar tuggur eru prýddar með fullyrðingum um það, að þetta séu ekki þungar búsifjar þeim til handa, sem hafa stundað þessa atvinnu, þó að þeir verði fórnarlömb á altari þessarar almenningsheillar, þá hlýtur hv. þm. þó að skilja, að jafnvel þó að atvinnulífinu kynni að einhverju leyti að verða betur borgið með því að rífa atvinnureksturinn úr höndum einstaklinganna og færa hann yfir á það opinbera, eru þetta þó þungar búsifjar í garð einmitt þeirra manna, sem fyrir því verða og atvinnuna missa. Það er enginn vafi á því, að þessum hv. þm. mundi finnast það þungar búsifjar, ef hann væri sviptur þeirri atvinnu, sem hann hefir sjálfur stundað. Hitt má vitanlega um deila, hvort eigi að veita einstaklingum þessar þungu búsifjar vegna almenningsheillar, en hér er því ekki til að dreifa, þó að sleppt sé almennum skoðanamun, sem er milli jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna í þessu efni, því að það er fullkomlega rökstudd staðhæfing, að það sé ekkert upplýst af hendi jafnaðarmanna og engin tilraun gerð til að upplýsa það, að hagsmunum heildarinnar sé betur borgið með því, að leggja þessar þungu búsifjar á þessa einstaklinga, sem nú bera skarðan hlut frá borði, ef þetta frv. verður lögfest.

Hv. frsm. minni hl. vék því að mér, að það væri rangmæli, sem ég sagði, að frv., þótt að lögum verði, rýri á nokkurn hátt tekjur bæjarfél. og þá fyrst og fremst tekjur þessa bæjarfél. Hann benti mér á það og hélt, að ég vissi það ekki, að í frv. væri ákvæði um það, að hlutaðeigandi bæjarfél. skyldi fá 30% af þeim arði, sem yrði af þessum atvinnurekstri. Nú hefir verið skýrt frá því við þessar umr., og mér vitanlega hefir það ekki verið véfengt, um 3—4 fél. hér í bæ, sem reka verzlun með eina af þeim aðalvöruteg., sem frv. fjallar um, og það liggja fyrir skjallegar sannanir um það, að í ríkissjóð og bæjarsjóð drjúpi um 80—90% af þeim arði, sem fél. hafa af þessum atvinnurekstri. Ég hefi ekki séð skýrslu þessa og fullyrði því ekkert um það, hve mikið af þessum feng bæjarfél. hefir fengið, en ég tel þó alveg víst, að það sé meira en helmingur, og þætti ekki ótrúlegt eftir þeirri arðskiptingu, sem er milli bæjarfél. og ríkisins á þessu sviði, að a. m. k. 50—60% fari til bæjarfél. Það er þá í fyrsta lagi munurinn á 60% og þeim 30%, sem frv. gerir fyrirheit um, og ég er sannfærður um, að sá arður, sem ríkið ætlar að gjalda 30% af, verður miklu minni en sá arður, sem einstaklingarnir hafa borið úr býtum af þessum atvinnurekstri og gjalda af 50—60%. Það er því óhögguð staðreynd, sem ég hefi haldið fram, að hér er verið að gera leik að því, að rýra verulega tekjustofna bæjarfél., samtímis því, sem skattalögin brjóta eina meginstoðina undan fjáröflunarmöguleikum bæjarfél. með nýrri og breyttri löggjöf.

Ég hjó í það, að hv. frsm. meiri hl. taldi, að það mundu ekki vera líkur til þess, að þessi löggjöf leiddi atvinnuleysi nema þá yfir örfáa menn. Hann á eftir að færa þeim orðum sínum stað. (StJSt: Frsm. meiri hl.?). Já, maður er nú svo óvanur að vera frsm. meiri hl., að það er engin von, að maður sé búinn að lifa sig inn í þá dýrðlegu rullu að vera frsm. meiri hl. og tala með því valdi, sem því fylgir, að vera meirihlutamaður!

Hv. frsm. **minni** hl. á eftir að leiða líkur að því, hvað þá að sanna það, að þessi löggjöf mundi ekki leiða atvinnuleysi yfir nema örfáa menn. En þó að hann vilji leyna þeirri staðreynd, að af þessu frv. leiddi augsýnilega mikið atvinnutjón fyrir stóran hóp manna, ef að l. verður, þá tókst honum ekki að leyna hinu, að hér er verið að búa út jötur, sem á að raða á stjórnargæðingum eftir því sem tækifæri gefst til. Hann sagði, að það gæti orðið um einhverja tilfærslu á atvinnunni að ræða, það yrðu kannske ekki alveg sömu mennirnir og þeir, sem nú stunda þessa atvinnu, þeim mundi ekki fækka, en það mundi verða tilfærsla. Þarna erum við þá komnir að einum þættinum í þessu máli, og hann er sá, að það er verið að hrekja frá þessari atvinnu þá menn, sem hafa rekið hana af þekkingu og dugnaði og í skjóli ríkisvaldsins og þingmeirihlutans verið að koma þar að fáfróðum fylgispökum lýð, sem hefir góða lyst á því eldi, sem nú bíður hans. En hvort þetta er gert fyrir almenning, það er annað mál.

Það er engum vafa undirorpið, að sá verzlunarrekstur, sem hér um ræðir, a. m. k. að því er sumar þær vörur snertir, sem frv. fjallar um, er mjög vandasamur, og það er enginn efi á því, að almenningur á mikla hagsmuni undir því, að sú verzlun sé rekin af fagmönnum með fullkominni þekkingu. Og það er í þriðja lagi enginn vafi á því, að það er beinlínis augljós tilgangur þeirra, sem að þessu máli standa, að virða meira þörf hungraðra fylgispakra sálna en þekkingu, sem almenningur hefir mesta þörf fyrir. Einnig frá þessu sjónarmiði er þetta frv. skaðræðisgripur.

Ég hefi verið að hlusta á þessar umr. og hefi verið að leita að einhverjum sólskinsbletti í þessari auðn, en ég hefi ekki getað komið auga á neinn, bókstaflega ekkert, ekki eina einustu skynsamlega ástæðu fyrir flutningi þessa máls. En ég hefi komið auga á margt annað en skynsamlegar ástæður, sem gera mér skiljanlegt, hvers vegna þetta frv. er flutt, þ. á m. það tvennt, sem ég hefi drepið á, annarsvegar að útvega lífsframfæri fylgifiskum sínum, en hinsvegar að drepa niður einstaklingsframtakið. Ég hygg, að þetta tvennt eigi veigamikinn þátt í því, að þetta frv. er fram komið. En langt er seilzt til þess loflega tilgangs, þegar ekki er hikað við að fara fram á það, að þm. í fullkominni blindni fái einum ráðh. slíkt alræðisvald í hendur yfir framfærslumöguleikum borgaranna, og um leið færð yfir á ríkissjóð jafn-

veigamikil fjárhagsáhætta og af þessu frv. leiðir af margvíslegum ástæðum, sem áður hefir verið bent á, og jafnframt færður yfir allan almenning sá voði, sem af því leiðir, að þekkingarsnauðir menn veljist til að veita forstöðu þessum atvinnurekstri, í stað þeirra manna, sem fyrir langa lífsreynslu og góða hæfileika hafa aflað sér þeirrar þekkingar, sem mikil nauðsyn er fyrir til þess að geta rekið þessa verzlun svo vel, að sæmilega megi fara úr hendi. Það er langt seilzt til þessa. Og þó að mig undri margt, sem fram hefir komið á þessu þingi, þá er þó í rauninni ekki nema eitt frv., sem ég er meira undrandi yfir en því máli, sem hér er til umr., þ. e. a. s. frv. um fiskimálanefnd og einkasölu á saltfiski, og ég verð að játa, að þeim, sem þar eru að verki, hefir tekizt að skyggja á þá, sem bera þetta frv. fram, og hafði ég þó ekki trú á, að það væri auðvelt. Ég viðurkenni, að það frv. gengur enn lengra í óskammfeilni og ábyrgðarleysi en hér er gert, en það er af því, að þar er farið inn á svið, sem er ennþá viðkvæmara og ennþá meira er komið undir, að vel fari úr hendi, en nokkurntíma er um það mál, sem hér um ræðir, og er þetta þó engan veginn lítilfjörlegt mál.

Ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. minni hl. sjái og finni til þeirrar skyldu, sem hvílir á honum, að hann með sinni rökfimi leitist a. m. k. við að færa þó fram einhver rök til stuðnings þessu frv. Ég veit, að hann viðurkennir, að hann gerir enga tilraun til að gæta velsæmis hér á þingi, ef hann reynir ekki að hrekja neitt af því, sem sagt hefir verið gegn þessu frv. Geri hann tilraun til þess, þá lofa ég honum því, að við sjálfstæðismenn munum ekki telja það eftir okkur, að ganga svo frá því máli, að þar standi ekki steinn yfir steini. En þó að það sé svo, að ég viti fyrirfram, að sá leikur muni enda með því, að hv. frsm. minni hl. verði fullkomlega undir í þeirri viðureign, þá skal ég samt meta við hann viljann fyrir verkið, ef hann reynir það. Ég veit ekki, hvað langt hann getur komizt í því að verja rangan málstað, en ég veit, að hann hefir mikla reynslu í því, og ég hika ekki við að fullyrða, að sjaldan hefir verið meiri þörf fyrir það, að vondur skóli hafi kennt góðum manni eitthvað af þeirri list að verja rangan málstað en sú þörf, sem hv. 1. landsk. hefir á því, að sýna einhvern lit í þessu efni. Og ég get ekki neitað, að ég fyrir mitt leyti hlakka beinlínis til að heyra, hvernig honum fer þetta vandasama starf úr hendi. Ég veit, að hver einasti þdm. bíður eftir að hlusta á það, hvernig þessi maður kemst úr þessum vanda. En um það erum við allir sammála, að reyni hann ekki að bera hönd fyrir höfuð sér í þessu máli, þá er það sú fullkomnasta uppgjöf, sem menn þekkja til á þessu þingi.

**Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég skal játa, að það er ekki mjög hvetjandi að standa upp eftir niðurlagið á ræðu hv. þm. G.-K., þar sem hann með mörgum orðum og stórum hótaði því, að allur hans flokkur myndi ganga fram á vígvöllinn á móti mér með mörgum ræðum og stórum, og ég skal játa, að hefði ég ekki síðast ætlað mér að segja hér nokkur orð, þá hefði ég nú hætt við það, þegar ég fékk þessa ógnun. Ekki þó vegna þess að ég óttist rök hv. þm. G.-K. og flokksmanna hans, heldur kvíði ég þeim leiðindum, er stafa af öllum orðaflaumi sjálfstæðismanna, slagorðaglamri þeirra og andlausum vaðli „þófaranna“, sem illræmdur er á þessu þingi. Og þó að hér hafi verið haldnar stórar ræður í 3 stundir af andstæðingum þessa máls, þá sé ég aðeins ástæðu til að taka fram örfá atriði, því að mest af ræðum andstæðinga þessa máls hafa verið endurtekningar, sem búið er að hrekja. En ég verð að segja hv. þm. G.-K. það, út af því, að hann sagðist ekki hafa heyrt, að ég eða aðrir flm. frv. hefðu fært rök fyrir því, að ríkissjóður fengi tekjur af einkasölu þessari, né að nokkuð betra skipulag mundi fást á verzlun með þessar vöruteg., að þrátt fyrir það, þótt ég færi að endurtaka þau ágætu rök, sem færð hafa verið fram um þetta, þá býst ég við, að það fengi lítlu um þokað um skoðanir hv. sjálfstæðismanna í þessu efni, því að þeir munu ekki vera komnir hér til þess að láta sannfærast í þessu máli. Ég held, að ég þurfi ekki að svara hv. þm. G.-K. öðru en þessu.

Ég vil beina því til hv. 5. þm. Reykv., að það er algerlega byggt á misskilningi á minni ræðu að segja, að ég hafi talið frv. það til gildis, að það yrði til þess að minnka um helming atvinnu þeirra manna, sem t. d. vinna að viðgerð á þeim hlutum, sem frv. nær til. Ég taldi frv. það til gildis, að það mundi, ef að l. yrði, koma því til vegar, að minna yrði um milliliði í verzlun með þessar vöruteg. En viðgerðir á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum o. þ. h. geri ég ráð fyrir, að yrðu hinar sömu eftir sem áður. Það er algerlega á misskilningi byggt, að samþykkt þessa frv. mundi leiða til atvinnuleysis. Þetta var það eina af ræðu þessa hv. þm., sem ég sé ástæðu til að svara.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í hugleiðingar um stefnu Roosevelts og Bandaríkjastj. í sambandi við þetta. Það yrði of langt mál.

Ræða hv. 3. þm. Reykv. var öll hugleiðingar um einkasölu yfirleitt, sem hann með mörgum orðum reyndi að sanna, að væru óheppilegar fyrir þjóðfélögin. Hann benti á eitt dæmi, sem hann taldi því til sönnunar, sem var það, að hann sagði, að einkasala á viðtækjum hefði leitt til þess, að þau hefðu orðið dýrari og að vegna hennar væri skortur á úrvali af þeim. En eftir áreiðanlegum upplýsingum get ég fullyrt, að verðlag á viðtækjum hér á landi er stórum lægra en verð á viðtækjum í nágrannalöndunum, þar sem engin einkasala er. Og hér er hægt að fá öll þau viðtæki, sem bezt þekkjast yfirleitt. Fullyrðing hv. þm. um þetta er því alveg röng.

Hv. þm. Vestm. hneykslaðist sérstaklega á þeim orðum mínum, er ég talaði um svo kallaðan rétt til atvinnu. Ég vil halda við mín orð um, að þar sem um slíkan atvinnurekstur sem þennan er að ræða, þá álít ég réttinn til hans ekki svo sérlega heilagan, að ekki megi við honum hrófla. Mín skoðun er miklu nær kenningum hins fræga franska heimspekings, August

Canté, að það eitt sé réttur þjóðfélagsþegnanna, að gera skyldu sína gagnvart samfélaginu. En þessi lífsspeki er mjög fjarri stjórnmálastefnu Sjálfstæðisfl., sem heldur fram „rétti“ einstaklinganna gegn hagsmunum fjöldans. Og ég mótmæli því fyrir mitt leyti, að einstaklingarnir eigi skilyrðislausan rétt til þess að fá að halda áfram störfum við einhvern tiltekinn atvinnurekstur, ef hagstæðara er fyrir fjöldann, að sá atvinnurekstur færist úr höndum einstaklinganna og yfir til heildarinnar. Ég fellst á, að í þessu efni sé réttur manna ekki annar en sá, að fá að gera skyldu sína í þjóðfélaginu, og það gera menn með því að vinna að þeim málum, sem miða að almenningsheill. Og hér ætla ég, að sé um að ræða eitt af þeim málum, og þess vegna álít ég, að ekkert sé um það að segja, þó að einstakir menn hafi óþægindi af því, að fullnægt verði þeirri skyldu að stuðla að almenningsheill. Flestir þeir, sem hafa umboðssölu á bifreiðum og slíku með höndum, held ég, að séu ekki svo úrræðalausir, að þeir verði til vandræða fyrir þjóðfélagið, þó að þeir misstu þessi störf. Þeir munu, sumir hverjir, hafa eitthvað annað upp á að hlaupa heldur en þessi störf.

**Frsm. meiri hl. (Ólafur Thors):** Ég veit það, að þingheimur, sem hlýddi á mína ræðu áðan, heyrði, að ég deildi á frsm. minni hl. n. Ég skoraði á hann að verja sig og sínar gerðir og gerðir samherja sinna í þessu máli. Ég deildi á hann fyrir það, að hér væri farið fram á, að hæstv. Alþ. tæki ákvörðun um, að ríkið tæki í sínar hendur viðskipti, sem árlega nema milljónum króna og að þetta væri gert á þann hátt, að hæstv. Alþ. afsalaði sér þeim skýlausa rétti, sem það á hverjum tíma hlýtur að eiga að hafa til þess að vita, hverra hagsmuna er von fyrir ríkissjóð af slíkum ráðstöfunum, og einnig, hver áhrif slíkar ráðstafanir hefðu á hagsmuni almennings.

Ég benti á, auk þeirrar skyldu, sem á Alþ. hvílir um að gera sér slíkt ljóst, áður en það tæki slíka ákvörðun, að ekki væri hér um sérstakan ákveðinn verzlunarrekstur að ræða, heldur heimild fyrir ráðh. til að ráða framtíðarmöguleikum margra borgara þjóðfélagsins, og að hæstv. Alþ. geti ekki veitt slíka heimild og þó haldið velsæmi sínu. Ég benti á, að þó að hv. Alþ. vissi ekkert um, hvorki eftir upplýsingum frá ráðh. né öðrum, hver áhrif þetta hefði á hag ríkissjóðs og almennings, þá væri það þó upplýst, að mikil og margvísleg áhætta væri lögð á ríkissjóð með ákvæðum frv., ef að l. verða, þ. á m. sú áhætta, að gengisbreyt., sem fyrir gætu komið, gætu skaðað svo stóran verzlunarrekstur. Ég benti á, að það væri sá meinbugur á þessu, að hætta væri á, að minni varfærni yrði sýnd um gjaldeyrisnotkun, þegar verzlun þessi væri í höndum ríkisins, og auk þess sá meinbugur, sem leiðir af því, að skipt væri á þekkingu og vanþekkingu í forstjórn verzlunarinnar. Ég bar það einnig á hv. frsm. minni hl., að hann hefði orðið ber að því að ljóstra því upp, að það vekti fyrir hv. flm. þessa máls að beita hlutdrægni í atvinnuveitingu við þennan atvinnurekstur, eftir að hann er tekinn úr höndum einstaklinga og færður yfir á ríkið. Ég bar það líka fram, að af frv. þessu mundi leiða atvinnuleysi, ef það yrði samþ. Ég fann vel, eins og allir aðrir hv. þdm., að þessum hv. þm. bar skylda til þess að standa upp og reyna að verja sig. Hv. 1. landsk. innti af hendi þá skyldu að standa upp, það verð ég að játa, að hann gerði. En lengra gekk hann í raun og veru ekki í þeim efnum. Hann gerði tæplega tilraun til þess að þvo hendur sínar, hvað þá meira. Þetta ber vott um það, að hvort sem hv. þm. hefir vitað, hvað hér er á ferðinni, áður en þessar umr. hófust, eða ekki, þá hefir okkur lánazt að opna augu hans nú með okkar rökum. Hafi honum ekki verið ljóst áður, hvar hann var staddur, þá skilur hann þó nú, hvað hér er á ferðinni. Og um leið og ég bendi öðrum hv. þdm. á þá fullkomnu uppgjöf af hendi þessa hv. þm. um varnir í þessu máli, þá held ég, að ég verði samtímis að játa, að hann í þessu máli hafi sýnt hugarfar hins iðrandi syndara, þar sem hann hefir ekki gert tilraun til að verja sjálfan sig. Vilji nú þessi hv. þm. taka þeim eðlilegu afleiðingum af þessu, þ. e. a. s. þeim, að leggjast nú á sveif með okkur, sem viljum hindra framgang þessa máls, annaðhvort með því að greiða atkv. gegn því eða með því að eiga hlut í því, að það komi ekki oftar á dagskrá — vilji nú hv. þm. taka með öðru hvoru þessu afleiðingum af því hugarfari hins iðrandi manns, skal ég fyrir mitt leyti virða það við hann og telja hann mann að meiri fyrir. En nái þetta hugarfar ekki öðrum eða sterkari tökum á hv. þm. en svo, að hann skorti kjark og þrek til þess að verja sig, en hefir hinsvegar nægilegt blygðunarleysi til þess, eins og ýmsir aðrir hv. þm., að rétta upp sína hönd til samþykkis þessu óþrifamáli, þá finnst mér vegur hans í þessu máli verða svo lítill sem verða má. Ég óska hv. þm. svo góðs, að hann taki þeim einu eðlilegu afleiðingum af hinni þöglu játningu sinni, að eiga sinn hlut í því, að þetta mál komi ekki á dagskrá oftar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd. var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, JörB.

nei: SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO.

2.—6. gr. samþ. með 17:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:16 atkv.

---

Á 59. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 515, 802, 816, 830).

**Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vil gera örstutta grein fyrir brtt., sem minni hl. hefir flutt á þskj. 802. Það eru mest orða-

breyt., sem bornar eru fram að tilhlutun rafmagnseftirlitsins og landssímastjóra. Þar var bent á það, að þess hefði ekki verið gætt nógu vel, að nota þau orð, sem höfð eru á þessum hlutum meðal fagmanna í þessum greinum, en við samningu frv. mun hafa verið farið eftir þeim orðum, sem standa í verzlunarskýrslum. Ég sé ekki ástæðu til að skýra þetta nánar. Þetta eru mest orðabreyt. T. d. í staðinn fyrir „rafmagnsmótorar" koma rafhreyflar, í staðinn fyrir „rafmagnsvélar" koma rafvélar o. s. frv. Sömuleiðis er lagt til, að inn í þessa gr. sé bætt orðinu „aðallega", til þess að sýna, að upptalningin sé ekki tæmandi.

Ennfremur er lagt til að bæta við í upptalninguna nokkrum teg. af raftækjum, sem ekki standa í frv., sem bent hefir verið á af fróðum mönnum, að rétt væri að hafa í upptalningunni. Önnur brtt. við frv. stefnir að því sama og er í samræmi við aðalbrtt.

Hér er um enga efnisbreyt. að ræða, heldur aðeins orðabreyt., og sé ég því ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 816,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 802,1 samþ. með 17:2 atkv.
— 816,2 samþ. án atkvgr.
— 830 samþ. án atkvgr.
— 802,2, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 816,3 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:16 atkv. og endursent Ed. með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafvélum, *rafáhöldum o. fl.***

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 854).

Á 65. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 4:6 atkv.

Á 67. fundi í Ed., 20. des., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 923).

## 76. Eftirlit með opinberum rekstri.

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um eftirlit með opinberum rekstri** (þmfrv. A. 114).

Á 15., 16., 17. og 18. fundi í Nd., 20., 22., 23. og 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 25. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er á sama hátt komið fyrir deildina og næsta mál á undan. Er það flutt af meiri hl. allshn., en minni hl. hefir ekki tekið sérstaka afstöðu til þess. — Á undanförnum árum hefir ýmiskonar ríkisstofnunum og ríkisrekstri fjölgað mjög ört, og mun svo halda áfram. Yfir flestar þessar stofnanir eru settir forstjórar, sem hafa alla stjórn þeirra og allt ráð í hendi sér. Þó yfirumsjón heyri að vísu undir stjórnarráðið, segir það sig sjálft, að slíkt getur aldrei orðið nákvæmt. Hér er því farið fram á að skipa 3 manna ráð með hlutfallskosningu á Alþ. til að hafa þetta yfirlit á hendi. Það virðist sjálfsagt að hafa sömu skipun á þessu við fyrirtæki þau, sem ríkið lætur reka, eins og tíðkast við margskonar atvinnufyrirtæki, sem félög standa að, að sérstök stjórn sé skipuð við hlið forstjóra, án þess þó að skerða hans vald.

Í stærri málum og þar, sem um mikilsverðar ákvarðanir væri að ræða, mundu verða haldnir fundir, og forstjórarnir leggja þar málin undir eftirlitsráðin. Þessar fundargerðir yrðu svo fskj. með skýrslum forstjóranna til þingsins. Einnig ættu þessi ráð að koma saman á fundi með ráðherrunum, þegar samræma þarf ýmsan rekstur ríkisins og taka tillit til hans á margan hátt við samning fjárl.

Annars býst ég ekki við, að um þetta mál þurfi að verða neinn ágreiningur, því allir munu sjá, að hér er um að ræða gott mál og þarft.

**Jakob Möller:** Nei, það þarf sjálfsagt ekki að verða neinn ágreiningur um útungunarstarfsemi skipulagsnefndarinnar. Það skiptir ekki miklu máli, að öðru leyti en því, að allri þessari útungun fylgir verulegur kostnaður fyrir ríkissjóð. Enda get ég ekki séð annað en þetta sé eingöngu gert til þess að stofna embætti og geta komið fleiri mönnum í góðar stöður. Því að efninu til er þetta það skínandi humbug, að á betra verður ekki kosið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JJós, JÓl, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, EmJ, EystJ, FJ, GG, HannJ, HV, JörB.

**nei:** JónP, JS, ÓTh, PHalld.

SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, JakM greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (PO, BÁ, BB) fjarstaddir.

---

Á 36., 37., 38., 39., 40., 41., 42., 43., 44., 45., 46., 47., 48., 49., 50., 51., 52. og 53. fundi í Nd., 14., 15., 16., 17., 19., 20., 21., 22., 23., 24., 27., 28., 29. og 30. nóv., 4. 5., 6. og 7. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 114, n. 419, 610).

**Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson):** Ég hefi borið fram smávægilega brtt. við frv., og er hún á þskj. 610. Þar er gert ráð fyrir því, að þegar ríkisstj. kalli þessi ráð saman á fund, svo sem mælt er fyrir í 4. gr. frv., séu forstjórar ríkisstofnananna líka kvaddir til þess að mæta. Þetta er til bóta að því er ég held.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Frv. þetta er samið af hinni svonefndu skipulagsn. atvinnuveganna, og er einn ávöxturinn af hennar lélega starfi. Minni hl. allshn. hefir ekki viljað vera með í flutningi þess og skilað sérstöku nál. á þskj. 419. Svo sem sjá má af því nál., er minni hl. ekki mótfallinn því í principinu, að haft sé sem bezt eftirlit með starfsemi ríkisstofnana. En hann telur, að eins og frv. þetta er orðað, sé engin réttarbót að því, og tilgangi þess verði ekki náð með ákvæðum frv. Í 1. gr. frv. er mælt svo fyrir, að ríkisfyrirtækin skuli flokkuð niður í þrjá aðalflokka. Í fyrsta flokknum á að vera póstmálakerfið, landssíminn, ríkisútvarpið og skipaútgerð ríkisins. Í öðrum flokki tóbakseinkasala ríkisins, áfengisverzlun ríkisins, viðtækjaverzlun ríkisins og áburðareinkasala ríkisins. Í þriðja flokki skrifstofa vegamálastjóra, skrifstofa vitamálastjóra, skrifstofa húsameistara ríkisins, ríkisprentsmiðjan og landsmiðjan. — Svo sem sjá má af þessari upptalningu, hlýtur eftirlitið með stofnunum í hverjum flokki að vera allmikið verk. Starfsemi ráðanna er svo nánar tiltekin í 2. málsgr. 3. gr. Þar segir: „Forstjórum stofnana þeirra, sem ræðir um í 1. þessum, skal skylt að leggja fyrir ráð það, sem stofnunin heyrir undir, öll mikilsvarðandi mál, sem starfræksluna varða, gera grein fyrir innkaupum, starfsmannahaldi, kaupgjaldi og tilhögun starfs, fjárhag, álagningu á vörum og öðrum meginreglum, sem starfrækslan miðast við."

Eins og sjá má af þessu, eiga ráðin að taka til athugunar allan rekstur hverrar ríkisstofnunar fyrir sig, fylgjast með innkaupum á vörum, starfsmannahaldi, kaupgjaldi o. s. frv., í stuttu máli sagt, fylgjast með öllum rekstri stofnunarinnar í stóru og smáu. Hinsvegar samræmist þetta illa 5. gr., sem fjallar um launakjör þeirra manna, sem í ráðunum sitja; þar er gert ráð fyrir, að hver þeirra fái 400 kr. þóknun á ári. — Í 3. gr. er ákvæði um það, að ráðin þurfi ekki að halda fundi nema einu sinni í mánuði hverjum. Varla er þó hægt að ætlast til þess, að ráðin komist yfir sitt mjög svo víðtæka verksvið með ekki meiri fundarhöldum, og held ég, satt að segja, að ákvæði 3. gr. séu sett til þess að sýnast. Það eigi að telja mönnum trú um, að hér sé um raunverulegt eftirlit að ræða. — Ég get upplýst það í þessu sambandi, að við ríkisprentsmiðjuna Gutenberg er auk framkvæmdarstjóra þriggja manna stjórn, og hefir hver þessara manna 500 kr. laun. Þessari stj. er svo ætlað að koma einstöku sinnum á fund ríkisstj. og gefa ráð. Þess er ekki getið í frv., hvort þessi stj. á að starfa áfram með sömu launum eða falla undir ráðin sbr. 1. gr. Ég get ennfremur upplýst, að í stjórn landssmiðjunnar sitja 5 menn með 600 kr. þóknun hver á ári. Það hefir ekki heldur verið tekið fram, hvort þessi stjórn eigi að leggjast niður og færast undir ráðin samkv. frv. eða vera jafnframt á sínum 600 kr. launum. Kannske hæstv. forsrh. geti upplýst um þetta, því hann hefir víst verið einn í þessari stjórn. Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. kalli ráðin saman og ráðgist við þau um samræmingu á störfum ríkisstofnananna. En það er ekki fullljóst, hvað átt er við; hvort ætlazt er til, að reksturinn verði færður saman og framkvæmdastjórum fækkað og skrifstofuhald sameinað, eða hvort átt er við eitthvað annað. Ég skal t. d. benda á, að ég veit ekki betur en útvarpsstjóri hafi 2000 kr. á ári fyrir eftirlit með viðtækjaverzluninni. Er það tilætlun hv. 2. þm. Reykv. að leggja þetta eftirlit niður? Það er kannske svo, að það verði lagt niður og útvarpsstj. fái ekki áfram þessar 2 þús. kr. fyrir að gera ekki neitt. En ég held, að frv. komi ekki að neinu liði, því það er ekki hægt að búast við, að 3 manna ráð geti að gagni sett sig inn í allan rekstur þeirra stofnana, sem undir þau heyra. Hvernig eiga t. d. 3 menn, sem koma á fund einu sinni í mánuði, að geta sett sig inn í rekstur tóbakseinkasölunnar, vínverzlunar ríkisins og viðtækjaverzlunar ríkisins, og áburðareinkasölu ríkisins, hvert er innkaupsverð, hvert útsöluverð, hver eru laun starfsmanna o. s. frv., samkvæmt því sem talið er upp í 3. gr.? Ég get ekki búizt við, að ráðin geti innt þetta af hendi, heldur mun tilgangurinn vera sá einn, að koma með nýja bitlinga fyrir stuðningsmenn hæstv. stj. Frv. er bara kák, sem aldrei kemur að gagni. Í stað þess ætti heldur að ráða fastan starfsmann, sem væri vel launaður og hefði kritiska gagnrýni og eftirlit með þessum stofnunum, heldur en að fela pólitískum gæðingum stj. að koma á 12 fundi á ári til þess að rabba saman, án þess að gera nokkurt gagn.

**Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson)** [óyfirl.]: Hv. 8. landsk. og hv. þm. Snæf. hafa skilað nál. til 2. umr. En það, sem þeir færa fram móti frv., finnst mér ákaflega veigalítið. Þeir halda því fram, að þetta verði kostnaðarauki og aðeins bitlingar til gæðinga stj. Ég get ekki hugsað mér, hvernig það gæti orðið. Þegar kosningin fer fram með hlutfallskosningu í Sþ., hvernig ætti þá ríkisstj. að hafa áhrif á það, hvaða fulltrúa Sjálfstfl. og Bændafl. velja. Andstæðingar stj. koma alltaf að mönnum í ráðin. Það er skoðun okkar, að það sé nauðsynlegt að hafa nákvæmt eftirlit með rekstri ríkisstofnananna, en það er ekki hægt að ætlast til þess, að ráðh. geti annazt það nema að nokkru leyti, og er því vel viðeigandi, að það, sem hann getur ekki séð um sjálfur, sé falið sérstökum trúnaðarmönnum. Er það mjög í samræmi við það, sem tíðkast hjá samvinnufél. og öðrum hliðstæðum stofnunum þjóðfélagsins, að stærri ákvarðanir komi undir slík fulltrúaráð, sem sett eru til þess að fylgjast með rekstrinum, en hafa þó ekki úrslitavald, heldur leggja fram ráðgefandi till.

Hv. 8. landsk. sagði sjálfur, að kostnaður við

stj. tveggja ríkisfyrirtækja — ríkisprentsmiðjunnar og landsmiðjunnnar — væri meiri en kostnaður við eftirlitsráðin. (GÞ: Eiga stjórnirnar að leggjast niður?). Já, það er ætlazt til þess; að vísu hefir ekki verið talað um í n. eftirlit útvarpsstjóra með viðtækjaverzluninni, en ég fyrir mitt leyti er því samþ., að það verði einnig lagt niður. Þá hefir verið ágreiningur um, hvort 400 kr. væri nóg þóknun fyrir að sitja í ráðunum. Það er að vísu ekki rétt, að það sé ákveðið að halda ekki fundi nema einu sinni í mánuði; það er aðeins lágmark. Má vel hafa fund einu sinni í viku, borið saman við kaup í mþn., þar sem menn hafa um 8—12 kr. á dag. Ég held, að hægt sé að afgr. málin á þessum tíma, ef þau eru eins vel undirbúin frá forstjórum stofnananna og venjulegt er við umfangsmikil fyrirtæki einstakra manna. T. d. er mjög einfalt að athuga við verzlanir innkaupsverð, útsöluverð, laun o. þ. h. Þessi gögn getur forstjórinn komið með og lagt fram til athugunar. Þessi mótmæli sjálfstæðismanna eru því á engum rökum reist, og ættu allir flokkar, sem telja sig fylgjandi lýðræði, að vera hlynntir slíku eftirliti, þar sem allir hafa jafna ihlutun, stjórnarfl. og stj.andstæðingar, er tryggir, að það sé síður misnotað. Annars hafa forstjórar stórra fyrirtækja ískyggilega mikið vald, ef þeir vilja misbeita því.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** óyfirl.: Það eru að eins örfá orð. — Það er að vísu svo, að þessi ráð á að kjósa með hlutfallskosningu af Alþ. Þetta atriði hefir n. tekið upp hjá sér, en sú skipun er ekki gerð eftir kröfu Sjálfstfl. Við þá kosningu fengi stjórnarliðið 6 af 9 mönnum í ráðin, og mætti vel við una að fá þar hitlinga fyrir 6 af sínum mönnum. En það, sem ég legg áherzlu á, er, að ég tel þetta alveg tilgangslaust. Mér er alveg ljóst, eins og hv. 2. þm. Reykv. hlýtur að vera líka, sem rekur stórt atvinnufyrirtæki og veit, hvað það væri mikið verk, ef ætti að setja sig inn í hans rekstur allan — mér er alveg ljóst, að það er tilgangslaust að ætla 3 mönnum að setja sig inn í rekstur allra þeirra stofnana, sem undir þá heyra, með þeim tíma, sem þeim er til þess ætlaður. Það má vel vera, að það megi fá upplýsingar um innkaup, verð og kaupgjald frá framkvæmdastjóra. En það er ekkert eftirlit, að fá allar upplýsingar hjá framkv.stjóra, og engin trygging fyrir, að þær séu réttar, þó þær gangi gegnum ráðin. Eru stofnanirnar verr settar að því leyti, að stjórnirnar verða lagðar niður, t. d. við Gutenberg og landssmiðjuna, sem hv. 2. þm. Reykv. mun þó vera í. Ég get ekki að neinu leyti talið það eftirlit, þó ráðið spyrji framkvæmdastjóra, fyrir hvaða verð hafi verið keypt, hvort nauðsynlegt sé að hafa svona marga starfsmenn, eftir hvaða reglu hafi verið lagt á o. s. frv. Ég sé ekki, að þetta séu nokkrar ástæður fyrir þessu frv. Eða er það nokkurt eftirlit með opinberum rekstri, þó upplýsingar, sem framkvæmdarstjóri gefur ráðinu, séu svo lagðar fyrir ráðh.? Þessar upplýsingar er framkv.stj. skylt að gefa ráðh., og gæti hann þá lagt þær fyrir skrifstofu sérfræðinga til yfirskoðunar. Hitt er ekkert eftirlit, að byggja á tölum og skýrslum framkvæmdastj., nema sannfæra sig um, að þær séu réttar.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að vald framkv.stj. væri mikið, og hætta gæti stafað af því, ef hann misbeitti því. En mundi viðkomandi ráðh. nokkru nær, eða vera öruggari um, að framkvstj. misnotaði ekki það vald, þó hann fengi gegnum ráðið þær upplýsingar, sem hlutaðeigandi framkvstj. hefði gefið því? Ég fæ ekki séð, að hann færi að gefa réttar upplýsingar um sjálfan sig, ef hann ætlaði að misbeita sínu valdi, heldur rangar tölur og aðrar blekkingar. Það er því engu nær, ef framkvstj. ætlar að misnota vald sitt, þó hann gefi ráðinu skýrslu. Það, sem ráðið verður því að gera, er að sannfæra sig um, að skýrslurnar séu réttar, enda tekið fram í 3. gr. frv., að ráðin hafi heimild til þess að aðgæta bækur og reikningshald og önnur skjöl, er stofnunina varða, eins og líka sjálfsagt er.

Hv. 2. þm. Reykv. féllst á þá staðhæfingu mína, að ráðin gætu ekki með þeim launum, sem þeim eru ætluð, jafnvel þó þau hefðu fundi einu sinni á viku, sett sig svo inn í rekstur fyrirtækjanna, að eftirlitið yrði kritiskt. Þau gætu aðeins safnað skýrslum, sem framkvstj. gefur, en ríkisstj. er engu nær fyrir slíka skýrslusöfnun. Hv. 2. þm. Reykv. hefir með þessu viðurkennt, að fari ráðið þessa leið, þá geti það ekki sannfært sig um, hvernig stofnunin er rekin. Ég efast því um, að það sé til bóta að leggja niður stj. ríkisprentsmiðjunnar og landssmiðjunnar. Hinsvegar er mér ljóst, að það er hlægilegt að setja 5 manna stj. fyrir landssmiðjuna með 600 kr. árslaunum hvorn, og það menn, sem ekkert vit hafa á þeim hlutum. Þetta getur ekki verið svo umfangsmikið, að það þurfi 5 manna stj. auk framkvstj. Mér finnst miklu einlægara, að framkvstj. leggi þetta beint fyrir ráðh., og getur hann svo vísað því til sérfræðinga. Hitt er ekki annað en hégómi og hitlingar, að greiða 5 mönnum 600 kr. hverjum, því ég efast um, að þeir hafi komið saman á fundi, eða a. m. k. ekki nema mjög sjaldan. Þá væri nær að hafa 3 menn í stj. Gutenberg en 5 í stj. landssmiðjunnar, því slíkt er alveg fjarri lagi. Þó efast ég um, að rétt sé að leggja niður þessar stj. og láta koma í staðinn valdalaus ráð.

Það er langt frá, að þessi 3 manna ráð geti verið þannig skipuð, að þeir hafi þá fagþekkingu, sem nái yfir öll þau fyrirtæki, sem undir hvert ráð heyrir. Ég efast um, að hægt sé að finna menn, sem hafi þekkingu jafnt á póstmálum, símamálum, útvarpi og skipaútgerð. Þá menn er hæpið að finna, eða þó þeir finnist, að ríkisstj. heppnist að fá þá í þessi ráð. Ef um vandasamt mál væri að ræða, sem framkvstj. vildi leggja fyrir ráðið, væri heppilegra, að hann færi með það beint til sérfræðings, því ráðið gæti hvort sem væri ekki tekið ákvarðanir án þess. Mér þætti a. m. k. gaman að sjá, hvaða menn — sennilega þm. — það væru úr liði ríkisstj., sem hefðu hæfileika til þess að taka þetta að sér. Hæstv. forsrh. hefir setið í stj. landssmiðjunnar, en mun nú ekki vilja taka það að sér, og er þá fallinn í valinn einn

þeirra bezti maður. Það er bara hlægilegt, að 3 menn þannig skipaðir taki afstöðu, sem gangi í bága við till. framkvæmdastjórans, mannsins, sem hefir hæfileika og þekkingu á starfinu. Slíkt er ekki annað en vitleysa.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri ekkert skilyrði um það, að fundir mættu ekki vera oftar en einu sinni á mánuði. Það er rétt, og ef framkvstj. tæki upp á því að kalla alltaf saman fundi, þegar honum fyndist þörf á, þá gætu þeir orðið fleiri en einn á viku. En ég efast um, þó fylgismenn stj. séu sporléttir, að þeir yrðu það til lengdar, ef þeir ættu að fara á marga fundi á viku, eða að þeir hefðu tíma og aðrar ástæður til þess að vinna mikil störf fyrir ekki neitt. En eigi að starfa eins og gert er ráð fyrir, með einum fundi í mán., þá eru 400 kr. nóg.

**Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson)** óyfirl.: Ég skil satt að segja ekki, hvernig hv. þm., sem síðast talaði, tekur þetta mál, ekki heimskari maður en hann er eða ókunnugri atvinnufyrirtækjum. Hann getur þó ekki látið sér detta í hug, að allir þeir menn, sem sitja í stjórnum ýmsra slíkra félaga, séu menn, sem hafi sérþekkingu á öllu því, sem fyrirtækið eða stofnunina snertir, t. d. að þeir menn, sem eru í stjórn útgerðarfélaga, hafi sérþekkingu á störfum sjómanna, menn, sem margir hafa aldrei á sjó komið. Þessir menn geta þó haft mikilsverða þekkingu á heildarrekstrinum. Hér á Alþ. koma t. d. fram margskonar gögn í ýmsum málum, og þó ekki sé hægt að segja, að alþm. séu allir sérfræðingar, verða þeir að kynna sér málin eftir því, sem tök eru á, jafnvel með aðstoð sérfræðinga, og setja svo lög eftir því, sem fyrir liggur.

Endurskoðun heyrir ekki undir ráðin; það hafa aðrir á hendi. En með endurskoðun fylgir ekki eftirlit með ýmsu í rekstrinum, sem gerist utan við alla reikninga, og getur því dulizt endurskoðanda. Mætti finna mörg dæmi þess, sem ég hirði ekki að nefna. Þó ráðh. vilji fylgjast með yfirstjórn þessara stofnana, getur hann það ekki svo tryggilegt sé. Ég álít því hyggilegra og betra að fá þessa menn kosna af þingi, sem aðstöðu hafa til þess að fylgjast með, og er ekki síður ástæða fyrir andstæðinga ríkisstj. að fylgjast með, að hún misnoti ekki sína aðstöðu. Hv. þm. var að tala um, að það væri ekki nóg greiðsla, sem þeim mönnum er ætluð, sem sitja í ráðunum, en hún er þó nærri því, sem greitt er fyrir svona nefndarstörf. Ég geri ekki ráð fyrir, að forstjórar ríkisstofnananna komi með falsaðar skýrslur fyrir ráðin, sem eiga að hafa eftirlit með þeim. Ég geri ráð fyrir, að mikill partur af þeim skýrslum, sem þau koma með, sé ekki undirbúinn af þeim sjálfum, heldur kannske af hlutaðeigandi bókhaldara. Þetta verða meðlimir þessara ráða að hafa rétt til að athuga og geta gengið úr skugga um, ef villur eru, en venjulega má ganga út frá því, að skýrslurnar séu réttar. En eins og hér á þingi eru dregnar mismunandi ályktanir af sömu gögnum, eins getur það komið fyrir, að forstöðumenn þessara fyrirtækja dragi aðrar ályktanir af sömu forsendum heldur en þessi ráð mundu gera. Fari svo, að reynslan sýni, að þörf verði fyrir meiri greiðslur til þessa starfs en hér er gert ráð fyrir, má úr því bæta síðar. Ég álít, að hér sé um aukið eftirlit að ræða og minni tilkostnað en nú er.

**Thor Thors:** Minni hl. allshn. lætur þess getið í lok nál., að hann telji rétt, að haft sé frekara eftirlit með starfrækslu ríkisstofnananna en verið hefir hingað til, en telur hinsvegar, að þetta frv. nái ekki tilgangi sínum.

Það hefir komið fram við umr., að hv. 2. þm. Reykv., sem miklu mundi ráða um framkvæmd þessa máls, ætlast til þess, að lögð sé niður stj. ríkisprentsmiðjunnar, en þar er 3 manna stj., sem er launuð með 500 kr. handa hverjum manni. Í stað þess á að koma þetta ráð, sem auk eftirlits með ríkisprentsmiðjunni á að hafa eftirlit með skrifstofu vegamálastjóra, vitamálastjóra, húsameistara og landssmiðjunni. Sjá þá allir, að hér er ekki verið að auka eftirlit með ríkisstofnunum, heldur er verið að skerða það.

Ég er honum sammála um það, að það þurfi að auka eftirlit með ríkisstofnunum yfirleitt, en þá hefði hann átt að gera frv. svo úr garði, að það yrði til þess, að eftirlitið yrði meira. En með þeim fundahöldum, sem ráðgerð eru í frv., að þessi ráð skuli halda fundi ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði, þ. e. a. s. að það er byggt á því sem aðalreglu, að það komi saman einu sinni í mánuði, og með þeirri kaupgreiðslu, sem hverjum manni er ætluð, þá er ekki hægt að ætlast til, að þessi ráð hafi það eftirlit, sem að verulegu gagni komi. Það getur verið gott út af fyrir sig, að þessi ráð komi saman á fund með forstjórum ríkisstofnananna, sem legðu þá fram skriflegar skýrslur, en það er ekki nóg. Ef eftirlitið á að koma að fullu gagni, þá þurfa ráðin ekki aðeins að koma saman á fundi með forstjórum ríkistofnananna, heldur þurfa þau að rannsaka reikningshald og skjöl stofnananna. Þau þurfa að hafa aðgang að faktúrum fyrirtækjanna, símskeytum, bréfaviðskiptum og bankaviðskiptum. T. d. 2. flokkur á að hafa eftirlit með tóbakseinkasölunni, áfengisverzluninni, viðtækjaverzluninni og áburðareinkasölunni. Það er ekkert eftirlit að gagni, meðan ekki er rannsakað, hvar þessi fyrirtæki kaupa sínar vörur, hvort þau hafa nægilega gætt þess, að hafa sem ríkasta samkeppni um framboð á þessum vörutegundum, hvort innkaup eru eftir því, hvort álagningin er í samræmi við landslög og hvort vörugæðin eru þau, sem hægt er að ætlast til með því verðlagi, sem á vörunni er. Þetta veit hv. þm. vel, að er mjög mikið starf, og hvernig sem stendur á samningu þessa frv., þá býst ég við, að maður með hans skapgerð mundi ekki telja það neitt eftirlit með einhverju fyrirtæki, sem honum væri trúað fyrir að hafa eftirlit með, að hitta forstjórann einu sinni í mánuði og láta þar við sitja.

Að þetta sé sambærilegt við yfirstjórn hlutafélaga og samvinnufélaga, er ekki rétt hjá honum. Stjórnir hlutafélaga og samvinnufélaga hafa úrslitavald um málefni þeirra félaga, en þessi ráð eiga aðeins að hafa tillögurétt. Stjórn-

ir samvinnufélaga og hlutafélaga eru beinir aðilar í þeim málum, sem þeirra félög varða, en það eru þessi ráð ekki viðvíkjandi ríkisfyrirtækjunum, nema þá sem almennir skattþegnar í þjóðfélaginu.

Ég teldi, að til þess að þetta frv. gæti náð tilgangi sínum, væri nauðsynlegt, að þessi ráð kæmu saman a. m. k. einu sinni í hálfum mánuði og gerðu sér verulegt far um að rannsaka alla starfshætti hverrar einstakrar stofnunar, sem þeim er falin, og ef svo er, þá er þetta orðið verulega mikið starf, ef á að rækja það samvizkusamlega, og þá tel ég 400 kr. ársþóknun ekki nægja. Ég hefði ekkert á móti því, að nokkru fé væri varið til slíks eftirlits, ef þá er tryggt, að það komi að notum, en það finnst mér ekki nægilega gert með þessu frv.

Hann sagði að lokum, að þeir flokkar, sem vildu fylgja lýðræðinu, ættu að aðhyllast þetta frv., því að hér væri spor í lýðræðisáttina, þar sem stjórnarandstæðingum væri gefinn réttur til að útnefna menn í þessi ráð. Það er nú samt svo, að stjórnarandstæðingar fá í þessi ráð einn mann á móti hverjum tveimur frá stjórnarflokkunum, og það má fyllilega gera ráð fyrir, að réttur þessara fulltrúa okkar verði lítill, heldur verði afl atkvæða látið ráða, eins og kemur ljósast fram hér á þingi í hverju einasta máli, svo glöggt, að það stappar nærri hneykslí. Það hefir komið hér fram, að hér er ekki til neinn réttur nema réttur meiri hlutans. Minni hl. Alþingis, sem hefir meiri hl. þjóðarinnar að baki sér, hefir ekki rétt til neins hér á þingi. Þetta vil ég biðja hv. 2. þm. Reykv. að athuga næst þegar hann slær um sig með orðinu lýðræði.

**Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson)** óyfirl.: Ég ætla aðeins að taka það fram út af þessu, sem síðasti ræðumaður kom með um minni hl. þings og meiri hl. þjóðarinnar, sem er nú svo algengt, að talað sé um. Jafnvel þó að Sjálfstfl. gæti talið Bændafl. með sér, sem sýnist þó ekki vera hægt hér á þingi, nema nokkurn hluta hans, þá hafa Sjálfstfl. og Bændafl. ekki meiri hl. kjósenda.

Annars var ýmislegt, sem hv. þm. sagði, athugunarvert, og þess eðlis, að ég get fallizt á það, en það er tilgangurinn með þessu frv., og sá eini tilgangur, að reyna að koma á fót öruggu eftirliti með þessum stofnunum, og það er komið undir því, hvernig tekst með mannval í þessi ráð, og ég geri ráð fyrir, að af því að í þau verða settir menn úr hverjum flokki, þá hafi þeir aðhald hver af öðrum. Hitt hefir ekki mikið að segja, hver þar er í minni hl., því að allir hafa þeir aðgang að fá þá sömu vitneskju, sem þeir eiga að fá viðvíkjandi þessum rekstri. Þar getur sá, sem er í minni hl., komið með sín ráð, en það eina, sem hægt væri að segja, að minna tillit væri tekið til hans, væri þá það, að hans ráð væru síður tekin til greina af stj., en sem opinber starfsmaður hefir hann þar jafnan rétt og þeir, sem kosnir eru af hinum flokkunum.

Hefði það verið meiningin með þessu að taka upp einhverja bitlinga, þá hefði verið hér talað um hærri laun en hér er gert ráð fyrir, enda virðist mér mest fundið að því, hvað launin séu lág móts við starfið. Ég hefi áður skýrt frá því, hvernig þetta væri skoðað frá minni hálfu; það væri miðað við þau laun, sem menn fengju í milliþn., og þyrfti ekki að gera ráð fyrir, að þeir þyrftu að halda fleiri fundi en það. En ég hefi ekki á móti því, að athugað sé til 3. umr., hvort ekki eigi að breyta þessum launagreiðslum þannig, að þessir menn hefðu 10 kr. fyrir hvern fundardag, sem þeir hafa, og þá færi það eftir því, hve mikið þetta starf væri, hvað þeir fengju úr býtum borið.

Ég hefi áður bent á það, að það sé alls ekki einskorðað í frv., að það eigi aðeins að halda einn fund í hverjum mánuði, heldur, að þeir skuli ekki vera sjaldnar en þetta. Þetta er einmitt vegna þess, að 8. landsk. benti á það, sem ég hygg, að sé rétt, að a. m. k. stjórn landssmiðjunnar hafi ekki haldið fundi svo oft. Þess vegna er sjálfsagt að setja eitthvert ákvæði um það, og því er það ákveðið í frv., að fundir skuli vera minnst einu sinni í mánuði.

Ég hefi svo ekki meira um þetta að tala, en vil aðeins bæta því við, að undir stjórnareftirliti eru ekki nema tvær af þeim stofnunum, sem hér er um að ræða, og þar sem nú er t. d. útvarpsstjóri aðskilinn frá dagskrárnefnd, þá er heppilegt að hafa svona stjórn ásamt útvarpsstjóra. Sama má segja um póst og síma. Þær tvær greinar hafa nú verið sameinaðar, og er þar um mjög viðtækt starf að ræða, og þó að það séu störf, sem falla vel saman, þá er það mikið verkefni fyrir eina stofnun og því rétt að hafa sem nánast eftirlit með því.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** óyfirl.: Það er náttúrlegt, að hv. 2. þm. Reykv. vilji halda fast við frv., sem hann hefir sjálfur samið og borið fram.

Ég er alveg sammála þeim tilgangi, sem í frv. felst, en hinu held ég fram, sem hv. þm. hefir líka orðið að viðurkenna, að sá tilgangur næst ekki með þessu frv.

Hann segir, að það séu ekki allt sérfræðingar, sem stjórna þessum fyrirtækjum, og ekki væru alþingismennirnir sérfræðingar. Þetta er út af fyrir sig rétt, en hann verður að gæta að því, að hér á þingi munu þm. yfirleitt leita upplýsinga hjá sérfróðum mönnum um þau mál, sem á að setja l. um, ef sérþekkingar þarf við og þeir telja sjálfa sig ekki hafa nóga kunnugleika á málinu. Eins yrði með þessi ráð. Í þau geta ekki valizt svo hæfir menn, að þeir hafi sérþekkingu á öllum þeim málum, sem fyrir þá kunna að koma viðvíkjandi opinberum rekstri. T. d. þeir, sem hafa sett sig vel inn í þau störf, sem heyra undir vegamálastjóra, hafa naumast eins vel vit á því, sem tilheyrir landssmiðjunni. Hver verður þá afleiðingin af þessu? Hún verður sú, að ef þessi ráð fá til meðferðar málefni, sem þau hafa ekki næga sérþekkingu á, þá geta þau ekki annað en leitað til sérfróðra manna. Þá sjáum við, að þessi ráð geta ekki afgr. ýmis mál án þess að leita út fyrir sig. En þá fæ ég ekki annað séð en að viðkomandi ráðh. geti alveg eins séð um slíka rannsókn, tekið

skýrslur framkvæmdarstjóra fyrirtækjanna og leitað síðan upplýsinga hjá sérfræðingum.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að forstjórarnir kæmu ekki með falskar skýrslur. Þar er ég á sama máli og hann, en hann tók það áður fram, að framkvæmdarstjórunum væri gefið mjög svo víðtækt vald, sem þeir gætu misbeitt, og gegn því væru þessi ráð sett. En ég geri ráð fyrir, að þeir, sem annars misbeittu sínu valdi, gætu átt það til að gefa rangar skýrslur, því að þeir væru ekki svo heimskir að leggja sjálfir snöruna um háls sér með því að játa á morgun það, sem þeir hafa brotið í dag, með því að skýra frá því, að þeir hefðu misbeitt sínu valdi. En ef einhver misbeitir valdi sínu, hvaða tryggingu hefir þá þetta ráð fyrir því að fá réttar skýrslur, þegar þær koma frá þeim, sem hafa brotið og á að hafa eftirlitið með? Það, sem hér er um að ræða, er það, að ef þetta eftirlit á að koma að fullu gagni, þá verða þessi ráð sjálf að endurskoða og athuga það, sem þau eiga að hafa eftirlit með. En ef á algerlega að treysta skýrslum frá forstjórunum, eins og hann vildi gera, þá þarf ekki að stofna neitt sérstakt ráð til að hafa slíkt eftirlit með höndum, og meðan ekki er annað upplýst, þá verður að álíta, að þessir menn séu samvizkusamir og trúir í sínu starfi, en allt eftirlit af hálfu hins opinbera er til að ganga úr skugga um, hvort svo sé, en það er ekki hægt til fulls með því að byggja eingöngu á skýrslum frá þeim sjálfum, eins og hv. 2. þm. Reykv. vill gera. Ég aftur á móti vil hafa þetta eftirlit þannig, að til þess séu fengnir þar til hæfir menn, sem eiga sérstaklega að setja sig inn í opinberan rekstur, rannsaka hann og endurskoða og gefa síðan skýrslur til stj. Ég álít, að slíkt eftirlit sé miklu öruggara en þó að þetta ráð komi saman einu sinni eða tvisvar í mánuði og byggi þá eingöngu á skýrslum frá framkvæmdarstjórunum. Ég er honum því alveg sammála um það, að slíkt eftirlit beri að hafa, en okkur skilur á um leiðirnar. Ég vil hafa það miklu strangara og það megi þá kosta eitthvað meira — ef það er þá fyrirfram öruggt, að það eftirlit verði nægilegt — en með þessu fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, að nógu sterkt eftirlit verði með þessum trúnaðarmönnum, ef þeir eru ekki heiðarlegir í störfum sínum.

**Thor Thors:** Hv. 2. þm. Reykv. þóttist vilja leiðrétta það í minni ræðu, að stjórnarflokkarnir væru í minni hl. meðal kjósenda. Ég vil benda honum á það í eitt skipti fyrir öll, að Alþfl. og Framsfl. höfðu við síðustu kosningar samtals um 22600 atkv. En þeir, sem voru í opinberri andstöðu við núverandi stj., Sjálfstfl. og Bændafl., hlutu samtals um 25600 atkv. Munurinn er því um 3000 atkv., sem þessir yfirlýstu stjórnarandstæðingar hafa meira en stjórnarflokkarnir. (HV: En kommúnistar?). Kommúnistar skipta hér engu máli, en séu þeir taldir með stjórnarsinnum, þá verða atkv.tölurnar svipaðar. Hv. þm. getur talið þá sem sína stuðningsmenn, ef hann vill, og óska ég honum þá til hamingju með þá fylgismenn sína.

Hitt skiptir ekki heldur neinu máli í þessu sambandi, þó að stjórnarflokkarnir hafi öðruhverju, þegar hv. þm. V.-Ísf. vildi ekki hlýða þeim, getað flekað einn mann úr Bændafl. til að greiða atkv. með þeim gegn vilja stjórnar Bændafl. og gegn vilja kjósenda þeirra. Þessi hv. þm. minnist þess ekki, hverjum hann á sína kosningu að þakka. Það var hv. þm. V.-Húnv., sem dró hann á eftir sér inn í þingsalinn. Það situr því ekki vel á honum að vera hér að brjóta á móti vilja flokksins.

Annars virðist það, eftir þeim umr., sem hér hafa farið fram, að það sé ekki mikið, sem á milli ber, og ég vildi gjarnan ræða þetta mál við hv. 2. þm. Reykv. í allshn. fyrir 3. umr. Ég geri ráð fyrir, að við viljum þá bera fram brtt., sem tryggja það, að þeim tilgangi, sem Sjálfstfl. óskar eftir, verði náð, sem sé þeim, að þetta eftirlit verði aukið, svo að gagni komi.

**Magnús Torfason:** Þetta er í annað skiptið í dag, sem ég er ónáðaður, og það alveg ófyrirsynju. Það er þó ekki gustuk, því að ég er allmjög kvefaður. En mér finnst, að Bændafl. geti ekki setið undir þeim árásum, sem hv. síðasti ræðumaður gerði á hann, án þess að svara nokkru til.

Ég hygg, að það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hafi hann borið hér fram sökum algerðs ókunnugleika og skilningsleysis á Bændafl. Honum er víst ekki kunnugt um það, að Bændafl. er ekkert annað en smámynd af gamla Framsfl. Ef hann vill athuga það betur, þá hygg ég, að hann geti séð, að núv. form. flokksins sé í honum miðjum, eins og Tryggvi Þórhallsson var í gamla Framsfl. Hannes Jónsson er þverrar handar til vinstri við Jón í Stóradal, en hvað mig snertir, þá er ég vinstra megin við formanninn og snertuspöl til hægri við Jónas Jónsson, og því er eðlilegt, að slíkt komi fram við atkvgr. okkar. En ég neita því harðlega, að nokkur Bændaflokksmaður hér á þingi hafi nokkurntíma greitt atkv. gegn nokkurri samþykkt flokksins. En flokkurinn er svo frjálslyndur, að hann setur engin höft ná handjárn á starfsmenn sína, og ég get lýst yfir því, að ég kann einstaklega vel við mig í svo frjálslyndum flokki. Það er satt, að við tveir, sem eigum hér sæti í d., höfum stundum greitt atkv. hvor gegn öðrum, en þau atkv. verða þá = 0, eða vega hvort annað upp, alveg eins og við hefðum báðir setið hjá við atkvgr., eins og oft hefir verið.

Því er Bændafl. frjálslyndastur og sjálfum sér samkvæmastur allra flokka. Hann krefst þess eins af sínum mönnum, að þeir fylgi af alhug málum bænda, þeirrar stéttar, sem nú á við þrengstan kost að búa, en mest ríður á, að fái sinn hlut réttan.

**Thor Thors:** Það var nú fremur ófögur og ómerkileg lýsing, sem hv. 2. landsk. gaf á flokki sínum, er hann sagði, að atkv. tveggja hv. þm. hans hér í d. væru = 0. En hann má sjálfur bezt vita, hvers virði hann er.

Hann kvartaði um kvef, og get ég vorkennt honum þann krankleika, og vil ráðleggja honum að leita sér læknis og lyfja við honum. En ef hann kallar það ónæði, að til hans sé talað

eða á hann minnzt á þingi, vil ég líka gefa honum ráð við því, og það er, að segja af sér þingmennsku og víkja af þingi. Honum hefir nú áður verið gefið slíkt ráð, af manni, sem ég ber að vísu ekki mikið traust til, en virðist þó hafa séð rétt, er hann gaf það ráð. Þessi maður, þm. S.-Þ., taldi, að hv. þm. ætti ekki að vera að sletta sér fram í opinber mál, því að ekki væri rétt að láta slík gamalmenni, sem gengin væru í barndómi, vera að „leika sér að gullum þjóðarinnar".

Um stöðu hv. þm. til vinstri við þennan og hægri við hinn, og alla þá niðurröðun í Bændafl., sem hann talaði um, verð ég að segja, að ég skildi hana ekki fullkomlega. Væri eflaust bezt, að hann léti taka mynd af sér og flokki sínum, svo að þetta yrði mönnum ljósara, enda kæmist þá kannske meiri festa á liðið. Væri svo rétt að útbýta myndinni hér á þingi, mönnum til glöggvunar. Þá sagði hv. 2. landsk., að Bændafl. væri aðeins smámynd eða vasaútgáfa af Framsfl. Ef hv. þm. er alvara með þetta, þá er auðséð, að klofningurinn úr Framsókn er og hefir aldrei verið annað en „grín". Annars er ekki nema gott, að kjósendur Bændafl. og þjóðin öll fái að vita þetta.

**Magnús Torfason:** Hvað síðasta atriðið í ræðu hv. þm. Snæf. snertir, þá vita allir, að ég lýsti yfir því í vor fyrir kosningarnar, að ég stæði nákvæmlega í sömu sporum og ég hefði staðið 1933, og átti ég með því við það, að Bændafl. væri hinn gamli Framsfl. En hv. þm. Snæf. hlýtur þá að vera á þeirri skoðun, að núv. Framsfl. hafi ekkert breytzt, og bjóst ég ekki við þeirri viðurkenningu úr þeirri átt.

Hv. þm. Snæf. æskti skýringar á ræðu minni. Ég þóttist hafa talað svo ljóst, að engum væri ofvaxið að skilja mig, en annars ætla ég að láta hann vita, að ég er ekki á þing kominn til að vera þar barnakennari. Hitt veit hv. þm. áður, að ég er inn á þingið kominn í fullri óþökk Sjálfstfl.

Umr. (atkvgr.) frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

**Thor Thors:** Ég skal geta þess, að frá því að þetta mál var rætt síðast hér í d. hefir allshn. haldið fund og orðið ásátt um brtt. við frv., og mælist hún því til þess, að það fái að ganga áfram til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 610 samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 753, 761).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 761,1 samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GTh, HV, JÓl, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, StJSt, JörB.
nei: PO.
GG, GÍ, JónP, ÓTh, SK greiddu ekki atkv.
Átta þm. (GÞ, GSv, HannJ, JakM, JJós, JS, JG, MT) fjarstaddir.
Brtt. 761,2 samþ. með 16:2 atkv.
— 761,3 samþ. með 16:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:4 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 60. fundi í Ed., 13. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 786).

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Þetta frv. var hjá allshn. Nd., og vildi ég gera það að till. minni, að því verði vísað til 2. umr. og allshn. þessarar deildar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 786, n. 846).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigða synjað með 4:7 atkv.

Á 65. fundi í Ed., 19. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 786, n. 846).

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Meiri hl. hefir skilað stuttu nál. í þessu máli, en um þriðja nm., hv. 2. þm. Rang., er það að segja, að um afstöðu hans til málsins er ekki vitað, því að hann gat ekki mætt á fundi n., en meiri hl. leggur til, að frv. sé samþ.

Frv. talar sjálft skýru máli um tilgang sinn, og kostnaðurinn, sem af því mundi leiða, er ekki meiri en það, að kostnaður allra n. yrði ekki meiri en stjórnarkostnaður eins ríkisfyrirtækis er nú.

Það er um það deilt, hvort þetta eftirlit sé nauðsynlegt, en eftir því sem ríkisfyrirtækin verða fleiri er ekki óeðlilegt, að það séu ekki forstjórarnir einir, sem standi gagnvart ríkinu, og er nefndunum ætlað að hafa hönd í bagga með ákvörðunum þeirra og um leið nokkurskonar trúnaðarmenn þess ráðh., er stofnunin heyrir undir. Þetta er í stuttu máli efni frv.

Nefndin eða meiri hl. hennar mælir með því, að frv. verði samþ.

**Magnús Guðmundsson:** Ég varð hissa, er ég sá þetta frv. Ég skil ekki, að það verði nein bót að setja einhverja þrjá pólitíska menn yfir einhvern flokk ríkisstofnana, menn, sem eiga að koma á fund við og við og fá 12 kr. fyrir hvern

fundardag. Það er ákveðið í frv., að þeir eigi a. m. k. að koma á fund tvisvar í mánuði, en þeim er hinsvegar hvergi bannað að hafa fundi á hverjum degi, en ef þeir færu að koma oft saman á fundi, þá er ég hræddur um, að kostnaðurinn yrði meiri en hv. frsm. meiri hl. vildi vera láta.

Hann hélt því fram, að kostnaðurinn yrði ekki meiri en fyrir stjórn einnar ríkisstofnunar. Hann mun hafa átt við landssmiðjuna, og það er vitaskuld vitleysa að hafa alla þessa menn í stjórn hennar, og nægði að hafa þrjá, en það er líka kunnugt, að mönnum var bætt í stjórnina bara af pólitiskum ástæðum.

Það merkilega við þetta frv. er sú braut, er farið er inn á með því, sem sé að blanda saman löggjafarvaldinu og framkvæmdarvaldinu. Í stjórnarskránni er löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið aðskilið hvert frá öðru, en með þessu frv. er löggjafarvaldið að seilast inn á svið framkvæmdarvaldsins. Það, sem þingn. eiga að gera, er að fylgjast með framkvæmdum opinberra stofnana, en framkvæmdir stofnana eru ekki löggjafarmál.

Þetta er ekki eina frv., sem fram hefir komið í þessa átt; þau eru mörg fleiri, og þetta er gert í öðrum löndum, en þetta er einn af sjúkdómum þingræðisins og getur orðið því hættulegt. Ef þessi n. verður skipuð skv. því, sem hv. frsm. meiri hl. hugsaði sér, þá verður kostnaðurinn lítill, en þá verður líka eftirlitið lítilfjörlegt. Þessi n. á að fylgjast með og gera sér grein fyrir innkaupum, kaupgjaldi, starfsmannahaldi, álagningu á vörur, — í stuttu máli, þeir eiga að fylgjast með öllu hjá öllum opinberum stofnunum. Ef n. á að gera þetta, þá er það svo mikið verk, að ég er viss um, að þó lítið sé núna látið yfir kostnaðinum, þá mun það leiða til stofnunar nýrra starfa með smátt og smátt hækkandi launum, því ef þetta á að ganga svo vel sé, þá þarf að leggja mikla vinnu í það. Það er ekki svo lítið að fylgjast með póstinum, símanum, ríkisútgerðinni og útvarpinu, sem allt er sett í einn flokk, eða vegamálum, vitamálum, störfum húsameistara, ríkisprentsmiðjunni og landssmiðjunni. Þetta allt eiga mennirnir að fá inn í hausinn á tveimur fundum í mánuði. Ef þetta hinsvegar eiga að verða pólitísk bein —. (**JJ**: Sjálfstfl. fengi þrjú bein). Já, en hann er ekkert gráðugur í þau. (**Fjmrh.**: Sjálfstæðismenn í allshn. Nd. voru með málinu). Það skiptir í rauninni ekki máli hvað mína afstöðu snertir, því að það er skoðanafrelsi í Sjálfstfl., en annars hefi ég hér á þskj. 419 nál. þeirra, og þar stendur, að frv. sé vanhugsað. (**Fjmrh.**: Það varð samkomulag um málið eftir að frv. kom fram). Ég hefi engin bréf fyrir því, en nál. liggur hér fyrir, og er þetta mál var rætt í Nd., heyrði ég frsm. minni hl. tala snarplega móti því. Ég verð að segja það, að annaðhvort verður kostnaður við eftirlitið meiri en hér er gert ráð fyrir eða það verður humbug. Hvort sem er, er ég á móti þessu máli. Ég get ekki skilið, hvaða bót yrði á framkvæmdastjórninni, þótt þar kæmu þrír menn, sinn úr hvorum flokki og togi sinn í hvern skekilinn. Framkvæmdarstjórarnir vita ekki, hvað þeir eiga að gera til þess að þóknast öllum, og loks verður svo ráðh. að skera úr, alveg eins og nú.

Ég mun ekki orðlengja þetta frekar. Ég ætla, að þetta sé eitt af afkvæmum hinnar svokölluðu „Rauðku" og býst við, að hv. þm. S.-Þ. renni blóðið til skyldunnar og hann segi nokkur orð.

**Jónas Jónsson** (óyfirl.): Ég þarf ekki að segja mikið til varnar frv., því hefir verið svo vel tekið, og samkomulag var milli flokkanna í Nd. um það. Þetta er heldur ekki að furða, því að frv. bendir á nýja leið til þess að bæta úr göllum á okkar stjórnarfari.

Hv. 1. þm. Skagf. vildi halda því fram, að ef þetta væri illa borgað, mundi lítil vinna verða í það lögð. Hér er þó fjöldi manna, sem vinna mikið starf fyrir litla borgun, t. d. hreppstjórar og oddvitar, sem ætlazt er til, að inni þennan þegnskap af hendi án þess að full laun komi fyrir. Hv. þm. er þetta kunnugt sem fyrrv. sýslumanni. Hann hélt því fram, að hér væri verið að blanda saman löggjafarvaldinu og framkvæmdarvaldinu og hélt sig að þeirri þriskiptingu sem mikið hefir borið á síðan seint á 18. öld. Hann veit þó, að þessu er blandað saman. Hann hefir sjálfur með röggsemi blandað þessu saman, er hann var bæði dómari og hafði framkvæmdarvald sýslumanns á hendi í Skagafjarðarsýslu. Okkar aðstaða er þannig vegna dreifbýlis og fátæktar, að ekki er hægt að koma á fullkominni verkaskiptingu. Ég játa, að koma mætti á eftirliti með ríkisstofnunum á annan hátt, t. d. með því að auka starfskraftana í stjórnarráðinu, en húsið rúmar ekki fleiri en þar eru, og með núv. starfsfólki væri ekki hægt að anna þessu. Ég er viss um, að hv. 10. landsk., sem hafði umsjón með þessum fyrirtækjum, viðurkennir, að vitaskuld er ómögulegt fyrir einn mann að vera kontrollerandi í þessu efni. Hv. 1. þm. Skagf. hefir sem ráðh. haft yfirumsjón með varðskipunum. Ég býst við, að hann hafi ekki haft tíma til að kynna sér ýtarlega allt þeim viðvíkjandi. Ég hafði heldur ekki tíma til þess, er ég var ráðh. Ef húsakostur væri betri í stjórnarráðinu og Alþingi vildi setja hjálparstarfsmenn, er ættu að framkvæma eftirlitið, þá væri það vegur, en það mundi verða dýrt. Stjórnarráðið fékk sér t. d. fulllærðan endurskoðanda og varð að borga honum allhátt kaup, eins og slíkum mönnum var borgað annarsstaðar. Ef margir menn yrðu fengnir, er ég hræddur um, að eftirlitið yrði dýrara en ráð er fyrir gert í frv. Ef frv. nær fram að ganga, er viðurkennt, að hér er fengið ódýrt aðhald, en þó nokkuð áhrifamikið. Það er gert ráð fyrir því, að í eftirlitinu taki þátt þeir flokkar, sem hafa aðalfylgið í þinginu. Ef tveir menn ættu að vera í n., kosnir meirihl.kosningu, væri andstaða hv. 1. þm. Skagf. skiljanlegri. En það er þvert á móti. Þrír menn eru í n. og flokkarnir eiga sinn manninn hver, til þess að skapað verði alhliða aðhald.

Ég vil nefna nokkrar stofnanir, sem núv. stjórnarflokkar hafa átt mestan þátt í að byggja upp, í þeirri trú, að þær yrðu til almennra nytja, t. d. ríkisútvarpið, tóbakseinkasalan, landssmiðjan og ríkisprentsmiðjan. Okkur er ljóst, að á þeim flokkum hvílir sama skylda, að

búa svo um, að þær komi að sem mestu gagni fyrir þjóðina og séu tryggilega reknar. Og mér finnst ómögulegt annað en að hv. 1. þm. Skagf. meti það nokkurs, að einmitt andstöðuflokkum stj. er með þessu gefið tækifæri til að hafa eftirlit með þessum fyrirtækjum og fylgjast með rekstri þeirra. Þeim ætti að vera þetta kærkomið, því fremur, sem þeir hafa sýnt þessum stofnunum mikla mótstöðu og andúð. En við í stjórnarflokkunum látum það koma fram með þessu, að við erum ekkert hræddir við athugun og gagnrýni andstæðinga okkar, og höfum engu að leyna. Við lítum svo á, að það sé æskilegt, að þeir flokkar, sem af principi og hagsmunaástæðum eru andvígir þessum stofnunum og öðrum af sama tægi, hafi aðstöðu endurskoðandans til þess að gera sínar aths., segja frá því, sem þar er að gerast, og gefa minni hl. eða andófsmönnum stj. á hverjum tíma aðstöðu til að skapa þessum rekstri heilbrigt aðhald með rökstuddri kritik, sem þá kemur fram í skýrslum eða aðfinnslum á Alþingi. Ég þykist þess vegna viss um, að hv. 1. þm. Skagf. muni sjá það við nánari athugun, að þetta er einmitt gott fyrir hans flokk, á meðan hann er í minni hl. og í stjórnarandstöðu. En frá flokkssjónarmiði er það enginn ávinningur fyrir stjórnarflokkana. Þetta frv. er þó ekki borið fram til þess að gera fyrirtækin þóknanlegri fyrir andstöðuflokkana, heldur af því, að stjórnarflokkarnir álíta, að það sé heppilegt að hafa eftirlit með opinberum rekstri. Í ensku máli er líka talað um andstöðuflokka hans hátignar konungsins, þá sem eru á móti stjórninni. Kónginum er ekki einungis eignaður sá flokkur, sem stj. styðst við — þingmeirihlutinn—, heldur andstæðingarnir líka, af því að kritíkin þykir svo nauðsynleg og sjálfsögð í stjórnmálabaráttunni. Ég skal benda á það, að við tvær af þessum eldri ríkisstofnunum eru nú þriggja manna stjórnir, sem mundu falla niður, þegar þetta frv. er orðið að lögum. Fyrir Gutenberg er þriggja manna nefnd, og hafa nefndarmenn, hver um sig, 500 kr. þóknun á ári fyrir störf sín. Fyrir landssmiðjunni er einnig þriggja manna stjórnarnefnd, og þeir hafa um 600 kr. á ári fyrir störf sín, hver um sig.

Eftir því sem gert er ráð fyrir í frv., þá hygg ég, að allur kostnaðurinn við þessi þrjú ráð yrði eitthvað dálítið minni en hann hefir verið við þær tvær stjórnarnefndir, sem áður hafa starfað og nú verða lagðar niður.

Á aukaþinginu síðastl. haust var samþ. að skipa eina yfirstjórn allra sjúkrahúsa í landinu, og hygg ég, að hv. 1. þm. Skagf. hafi undirbúið það sem heilbrigðismálaráðh. með landlækni, og er það meiningin, að þessi yfirstjórn spítalanna taki til starfa nú um áramótin. Að vísu er henni dálítið óðruvísi fyrir komið. En landlæknir hefir játað við mig í einkasamtali, að hann gæti hugsað sér, að spítalanefndinni yrði breytt í samskonar ráð og frv. fjallar um, af því að hann áleit, að starfssvið hennar væri sama eðlis. — Vegna þess að ég er einn af þeim, sem hafa unnið að samningu þessa frv., þá vildi ég skýra það í fáum dráttum, áður en til atkvgr. kæmi. Og mér finnst, að margt bendi til þess, að afstaða hv. 1. þm. Skagf. breytist til fylgis við þetta frv., þegar hann hugsar málið betur, af því að það gefur andstöðuflokkum stj. betri aðstöðu til að fylgjast með rekstri þessara stofnana.

**Magnús Guðmundsson:** Ég held ég verði að hryggja hv. þm. S.-Þ. með því að láta hann vita, að ég hefi ekki breytt skoðun minni á þessu máli við ræðu hans. Það er svo erfitt að koma mér í skilning um það, að þeir menn, sem sitja í þessum ráðum og eiga að koma í þessar ríkisstofnanir einu sinni eða tvisvar í mánuði, muni geta sett sig inn í öll smáatriði viðkomandi rekstri þeirra. Og það mun jafnvel reynast erfitt fyrir þá að athuga öll hin stærri atriði og fylgjast með stjórn og störfum fyrirtækjanna. Hv. þm. var eitthvað að tala um samkomulag milli flokka í Nd. um þetta mál, einskonar samkomulag, eins og hann orðaði það. Ég veit ekkert um, hverskonar samkomulag það hefir verið. En hitt kann að vera, að það hafi ekki verið þar neitt hitamál og ekki um það deilt. Það ætla ég ekki heldur að gera hér í d. En ég vil bara benda á, að hér er um 9 óþarfa bitlinga að ræða, sem ekki leiða til nokkurs gagns. Þessir menn geta ekki leyst þessi eftirlitsstörf af hendi svo að nokkur mynd sé á, nema að leggja í það miklu meiri vinnu en hin tiltekna borgun svarar til. Og ef unnið yrði að þessu með alúð og kostgæfni, hlýtur kostnaðurinn að verða mikill, eins og við hvert annað starf, sem krefst mikillar vinnu. Hver fundardagur þessara ráða kostar ríkið 108 kr.

Út af þrískiptingu valdsins fór hv. þm. S.-Þ. að minna mig á það, að ég hefði einu sinni verið sýslumaður í Skagafirði og farið þar bæði með dómsvald og framkvæmdavald sameinað í einu starfi. Ég viðurkenni, að það er slæmt fyrirkomulag. Og í öðrum löndum þykir það svo illt, að þar er það alstaðar fullkomlega aðgreint. Þetta eru því engin rök, þó að það verði að láta þetta viðgangast hér á landi, að sýslumannsstarfið sé tvíþætt vegna sérstakra staðhátta. En í þessum efnum þarf ekki að fara þannig að.

Það væri annars nógu gaman, ef einhver er svo minnugur, að hann geti talið á fingrum sér, hvað búið er að stofna mörg ráð og nefndir á þessu þingi. (JJ: Það hafa líka verið lögð niður ýms störf). Ég kem að því síðar. En þetta væri ákaflega fróðlegt. Það hefir einhver sagt, að þessi bitlingastörf væru orðin á annað hundrað að tölu. Ég veit það ekki með vissu og þori ekki að fullyrða þetta, en þau eru mörg.

Hv. þm. sagði, að varðskipin hefðu verið eftirlitslaus og óreiða á stjórn þeirra. Nú er búið að setja þau undir skipaútgerð ríkisins, og það hélt ég, að hann áliti nægilegt, enda álít ég líka, að svo sé. En svo á líka að setja varðskipin undir eitt af þessum nýju ráðum, en það heyrir náttúrlega undir hlutaðeigandi ráðh. í stjórnarráðinu, og ráðh. undir þingið. Svo að varðskipin eru nú ekki orðin alveg stjórnlaus!

Þá var hv. þm. eitthvað að miklast af því, hversu mikil óhlutdrægni væri sýnd með þessu frv. við val manna í ráðin. En það er bara dá-

litið leiðinlegt, að hann og stj. skyldi ekki muna eftir 4. flokki þingsins. Ekki er nú sanngirnin meiri en það, að sá flokkur á ekki að koma að mönnum í ráðin; og þó eiga þau ekki að kosta mikið. (JJ: Máske kommúnistar eigi líka að komast þar inn?). Það á að sýna öllum þingflokkum fulla sanngirni í þessu efni.

Þá gerði hv. þm. mikið úr því, að það væri gott fyrir andstöðuflokka stj. að láta endurskoðendur frá sér vera með nefið niðri í hverjum dalli hjá stj., svo að hann geti tilkynnt sínum flokki, hvað þar er að gerast. Ég er nú þannig gerður, að ég gef ekkert fyrir þetta og vil ekkert með það hafa. Ég vil, að hver stj. beri fulla ábyrgð á sínum framkvæmdum gagnvart þinginu, og vil ekki hafa neina spióna á hennar vegum, sem svo er ætlað að bera út um borg og bý, meira eða minna afbakað og orðum aukið, það sem þeir kunna að komast á snoðir um.

Ég álít, að það sé ekki gott t. d. fyrir stofnun eins og landssmiðjuna að vera undirgefin þriggja manna ráði, sem e. t. v. telur það sína pólitísku skyldu að snuðra um verkefni hennar og rekstur og flytja öðrum fregnir af því, en ganga máske framhjá stærri atriðum, sem meira er um vert, og nenna ekki að leggja vinnu í að setja sig inn í það, sem er flóknara og vandasamara og veldur máske mestu um rekstrarafkomu stofnunarinnar. Það er þetta, sem ég óttast að verði afleiðingin, að þessir eftirlitsmenn snuðri aðeins eftir hinum snöggu pólitísku blettum á opinberum stofnunum.

Hv. þm. sagði, að það ætti að afnema núv. stjórnir landssmiðjunnar, ríkisprentsmiðjunnar og viðtækjaverzlunarinnar. Ég man ekki, hverjir eru í þessum nefndum, en ég tel þetta gott og blessað og álít, að það hefði átt að afnema þær án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Ég er viss um, að landssmiðjan hefir ekkert gagn af slíkri yfirumsjón, og forstjórinn í Gutenberg getur áreiðanlega verið einn um stjórn þar og þarf ekki á þessum meðráðamönnum að halda. Annars er mér mikil ánægja að benda á það, að hann leysir sitt starf prýðilega af hendi, og þó að einhver pólitískur eftirlitsmaður væri sendur þangað upp eftir, þá á hann ekkert erindi þangað nema sem spión. — En kostnaðurinn við þessi ráð hlýtur að verða töluverður, og hver nefnd getur ráðið miklu um það, hve mikið hún leggur í kostnað.

Þá minntist hv. þm. á yfirstjórn spítalanna, sem skipuð var samkv. lögum frá síðasta þingi. Ég átti engan þátt í þeirri nefndarskipun; það mun vera eftir till. landlæknis. Ég hefi alltaf litið svo á, að þessar nefndir eða ráð væru flest óþörf. En ég get náttúrlega skilið, að því er öðruvísi varið um hv. þm. S.-Þ., sem er þessi dæmalausi ráðamaður og vill hafa sæg af ráðum og nefndum yfir öllum stofnunum, sem ég hefi nú sýnt fram á, að hafa annaðhvort enga þýðingu eða leiða ekki til góðs fyrir stofnanirnar.

Það er náttúrlega rétt, að þessum ríkisfyrirtækjum fjölgar árlega, og til mikilla muna nú á þessu þingi. Mætti máske réttlæta þessar nefndarskipanir með því að sýna fram á, að hlutaðeigandi ráðh. komist ekki yfir að hafa eftirlit með starfsemi þessara stofnana. En ég álít, að þá sé miklu heppilegra að bæta við ráðh. til þeirra starfa, því að hann ber þó ábyrgð á þeim, en nefndirnar eru algerlega ábyrgðarlausar. Hver nm. gerir ekkert annað en að mæta þar í umboði síns stjórnmálaflokks, og ég held, að það leiði ekki til annars en ills eins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:4 atkv.
2.—7 gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 8:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:4 atkv.

---

Á 67. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 924).

---

## 77. Aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Á 40. fundi í Ed., 16. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna** (þmfrv., A. 475).

Á 42. og 44. fundi í Ed., 19. og 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 8 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þó að á frv. þessu standi, að það sé flutt af meiri hl. allshn., má telja, að það sé frá henni allri, því að hún er samþykk flutningi málsins. En á þessu stendur svo, að ekki náðist til allra nm., þegar flutningur þess var ákveðinn. — Ég þarf ekki að láta mörg orð fylgja frv. að þessu sinni. Það er flutt að tilhlutun dómsmrh., en nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt., ef þeim virðist þess þörf. N. hefir enn ekki athugað frv. gaumgæfilega, en mun taka það til athugunar milli 1. og 2. umr. N. er öll sammála um, að lög um þetta efni séu nauðsynleg og réttmæt, eigi aðeins vegna ríkisins, heldur og vegna embættismannanna sjálfra. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni, aðeins lýsa yfir því, að n. mun taka frv. til athugunar fyrir 2. umr.

**Magnús Guðmundsson:** Ég get sagt það sem mína skoðun, að ég álít ekki neitt á móti því að setja löggjöf um hámarksaldur opinberra starfsmanna. En ég vil um leið láta þess getið,

að ég get búizt við, að það verði nokkuð dýrt fyrir ríkið að setja hámarkið við 65 ára aldur. Ég fyrir mitt leyti teldi réttara að miða við 70 ára aldur, og þannig mun það vera t. d. í Danmörku. En jafnframt því að setja lög um þetta efni verður að athuga það, að hið opinbera getur ekki látið sig engu varða, hvað verður um þessa starfsmenn, ef þeir víkja úr stöðum sínum 65 ára gamlir, eða jafnvel þó að miðað væri við 70 ára aldur. Embættismönnum hefir verið gert að skyldu að leggja fé í lífeyrissjóð, og er það að vísu gott fyrirkomulag. En það stendur svo á nú, að þessi lífeyrissjóður er ekki búinn að starfa nema svo stuttan tíma, að þeir, sem nú nálgast 65 eða 70 ára markið, fá mjög lítið úr honum og geta því orðið í vandræðum með að sjá sér farborða, ef ekki er séð fyrir þeirri hlið málsins í tíma. Því lægra, sem aldurslágmarkið verður sett, því fleiri verða fyrir barðinu á þessum lögum og því meiri kostnaður ríkissjóðs við að hlaupa undir bagga með þeim. Eftirlaun þessara manna yrðu svo lág, 80—100 kr. á mánuði, að eignalausum mönnum, sem búið hafa við lág laun, yrði ókleift að komast af *nema fá einhverja uppbót*. Það væri mjög nauðsynlegt að fá upplýsingar um, hve margir eru nú í embætti eldri en 70 ára og hve margir eldri en 65 ára. Ég vænti þess, að n. geti útvegað skýrslur um þetta efni fyrir 2. umr., svo að hægt sé að athuga, hvaða byrðar yrðu þessu samfara fyrir ríkissjóð. *Annars held ég*, að margir 65 ára menn séu svo ernir, að ekki sé ástæða til að láta þá fara frá starfi, enda skilst mér á frv., að stj. geti látið þá fara, sem orðnir eru 65 ára, en sé skylt að láta sjötuga menn leggja niður störf. Það verður þá undir áliti stj. komið á hverjum tíma, hvort hún lætur þessa menn fara úr embættum sínum. Ef hér sæti óbilgjörn stj. gæti hún rekið þessa menn nær því fyrirvaralaust, svo að þetta 5 ára tímabil væri fremur ótryggt. Ég vildi gjarnan heyra umsögn hæstv. dómsmrh. um það, hvort hann ætlar sér, ef frv. verður samþ., að láta alla, sem orðnir eru 65 ára, fara þegar í stað. Ef hann svarar því játandi, þá er full ástæða til að taka málið til gagngerðrar athugunar, því að þá getur verið, að þessir menn verði að fara fyrirvaralaust um næsta nýár. Það væri lítil nærgætni af því opinbera, ef þessum mönnum, sem flestir eru eignalausir, væri ekki séð fyrir sæmilegum lífeyri, fyrst þeim er bannað að vinna á starfssviði sínu áfram.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það eru ekki mörg atriði í þessu frv., sem ég þarf að taka til athugunar við þessa umr. Ég býst við, að flestir viðurkenni þann hámarksaldur, sem þetta frv. hefir, og fallist á heimild til þess að láta embættismenn fara frá embættum 65 ára og skylda þá til þess 70 ára. Í þessu sambandi vil ég benda á, að hvað snertir hæstaréttardómara, er miðað við 65 ára aldur. Þess vegna er ekki rangt að miða við 65 ára aldur í þessu frv. Þetta sýnir, að þegar lögin viðvíkjandi hámarksþjónustualdri hæstaréttardómara voru samin, var álitið, að þessir menn væru ekki færir að gegna embættisstörfum eftir þennan aldur. Einnig má í þessu sambandi benda á reglur, sem settar hafa verið í Landsbankanum í þessu efni. Þar er þjónustutíminn einnig bundinn við 65 ára aldur, þannig að þeir, sem náð hafa þeim aldri, hafa fengið 1—2 ára framlengingu, en hafa svo orðið að fara frá störfum. Mér er kunnugt um tvö dæmi síðan þessar reglur gengu í gildi, þar sem menn, sem náð hafa áðurnefndum aldri, hafa fengið 1—2 ára frest, af því að þeir voru álitnir starfhæfir, og urðu síðan að leggja niður störf.

Viðvíkjandi þeirri fyrirspurn, sem beint hefir verið til mín um það, hvernig þetta verði framkvæmt, vil ég taka það fram, að ég geri ráð fyrir, að þetta verði þannig framkvæmt, að sá maður, sem telst vera ern og hæfur til þess að gegna embætti sínu, fái framlengingu fram yfir 65 ára aldur, svipað því sem á sér stað í Landsbankanum, eins og ákvæði frv. gefa beinlínis í skyn, en annars ekki. Það er vitanlega mjög misjafnt, hversu ernir menn eru og hversu færir þeir eru til þess að starfrækja embætti sín eftir 65 ára aldur. Það fer eftir heilsu manna, og þessi mismunur virðist vera algengur. Þegar á að setja reglu um slíkt atriði sem þetta, verður að miða við þá meðalreglu, sem virðist gilda í þessu efni. Flestir hrörna, þegar þeir eru komnir yfir sextugsaldur, og þess vegna er eðlilegt, að löggjöf sé sett um þetta hér, eins og erlendis hefir tíðkazt, svo að um þetta atriði sé ákveðin *reglugerð eins og viðvíkjandi Landsbankanum* og hæstaréttardómurunum.

Vitanlega má segja, að það kosti ríkið talsvert fé að láta þessa menn fara frá störfum og greiða þeim eftirlaun. En þegar talað er um aukinn kostnað fyrir ríkissjóð vegna þessara eftirlauna, þá *ættu menn að athuga það, að venjulega* verður þetta ekki nema 1—2 árum fyrr en ella hefði verið. Svo er annað atriði, sem er fullt eins þýðingarmikið í þessu sambandi, og það er það, að ekki er gott að segja, hvað það kostar þjóðfélagið í heild sinni að hafa svo gamla menn í þjónustu sinni, að þeir geti ekki unnið störf sín á viðunandi hátt. Ef sá kostnaður hefði verið reiknaður út, væri gaman að bera hann saman við þann beina kostnað, sem af því mundi leiða að láta menn fara frá embættum eftir sextíu og fimm ára aldur og láta þá fá eftirlaun.

Án þess að ég vilji nefna nöfn, vil ég samt minna menn á það, að bæði á fyrra ári og þessu ári kom fyrir vanræksla, sem stafaði af því, að hlutaðeigandi embættismenn voru ófærir um að inna starf sitt af hendi, sökum elli. Þeir voru búnir að missa starfsþrekið til þess að gegna embættinu og sjá um fjársjóði þess. En slíkir menn eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Þeir menn, sem álitnir hafa verið vandaðir og heiðarlegir menn alla sína æfi, eru ekki taldir fremja þær yfirsjónir, sem kunna að koma fyrir við embættisfærsluna á elliárunum, af ásetningi.

Að öðru leyti er ekki mikið um þetta mál að segja. Þeir, sem um það hafa talað, eru yfirleitt sammála mér um það, að nauðsynlegt sé að setja löggjöf um hámarksaldur embættismanna. Á þessu stigi málsins sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta. Fyrst þegar andmæli

hafa komið fram, er ástæða til þess að svara því, sem ég tel þurfa að svara.

**Magnús Jónsson** óyfirl.]: Ég býst við, að almennt sé talið, að heppilegt sé að setja einhver ákvæði um aldurshámark starfsmanna ríkisins. Ekki aðeins sökum þess, að slíkir menn standi svo illa í stöðum sínum, heldur einnig af því, að það er sanngjarnt, að þeir rými til fyrir ungum og efnilegum mönnum, sem hafa fullan rétt á stöðunum. Það er ekki rangt, út af fyrir sig, að taka unga krafta í þjónustu ríkisins. En það fylgir böggull þessu skammrifi. Gallinn við þetta frv. er sá, að það er eingöngu tekið fram, að þessir embættismenn skuli fara frá, þegar þeir hafa aldur til, en það er ekkert tekið fram um afleiðingarnar af þessari ráðstöfun eða neitt frekar séð fyrir þessu. Embættismenn, sem starfa í þjónustu ríkisins, eru mjög illa launaðir samanborið við aðra starfsmenn. Embættismenn, sem hafa á hendi ábyrgðarmiklar trúnaðarstöðum fyrir ríkið, eru verr launaðir heldur en menn, sem vinna við einstaklingsfyrirtæki. Þetta ósamræmi gengur meira að segja svo langt, að ríkið sjálft greiðir þeim mönnum, beint og óbeint, miklu hærri laun, sem starfa utan við embættaskipulagninguna. Milliþ.nefnd ræður ekki svo til sín skrifara, að honum séu ekki ætluð hærri laun heldur en ríkið sér sér fært að greiða sínum embættismönnum. Þetta atriði hlýtur að koma til greina í sambandi við það ákvæði frv., að hægt sé að segja: Þú hefir haft góð laun, og þess vegna ættir þú að vera kominn í það góð efni, að þú gætir hvílt þig, þegar þú ert orðinn 65 ára gamall. Lífeyririnn nægir þér.

Þetta er ekki hægt að segja við íslenzka embættismenn. Þeir eru svo illa launaðir. Mér finnst þess vegna óhjákvæmilegt að setja í þessi sömu lög ákvæði um eftirlaun, sem skuli ganga til þessara manna, sem þannig fara frá fyrr en annars var ætlað, þegar launa- og lífeyrislögin voru sett. Ef það verður ekki gert, þá bætist ný ástæða fyrir þessa menn til þess að vera óánægðir með sín kjör. Því að þetta er raunverulega ekkert annað en óbein lækkun á launum þeirra, þar sem starfstími þeirra er styttur.

Í þessu frv. er farið fram á, að embættismenn fari frá 65 ára, en geti fengið framlengingu, en séu skyldugir til að fara frá, þegar þeir eru orðnir 70 ára gamlir. Það er ekki hægt að miða þetta ákvæði við samsvarandi ákvæði í löggjöf nágrannaþjóðanna. T. d. hafa háskólakennararnir 12000 kr. laun til 65 ára aldurs. Í því tilfelli er þetta ákvæði mjög eðlilegt. Þeim er sagt að rýma til fyrir yngri vísindamönnum. Það er skiljanlegt. En hjá þjóð, sem ekki hefir efni á að greiða sínum starfsmönnum sæmileg laun, horfir þetta allt öðruvísi við.

Hæstv. ráðh. vitnaði í tilhögunina í Landsb. í þessu efni. Þar kemur fram þetta sama. Bankarnir greiða sínum starfsmönnum miklu hærri laun en ríkið greiðir sínum starfsmönnum. Auk þess er lífeyrisákvæðið þar miklu ríflegra. Lífeyrissjóður ríkisins fyrir allan þann sæg starfsmanna, sem í þjónustu þess er, er ekki nema 50000 kr., en í bankanum 25000 kr. fyrir þann litla hóp, sem þar vinnur. Þeir, sem fara frá í bankanum 65 ára gamlir, eiga því við ágæt kjör að búa. En aftur á móti verður að hlaupa undir bagga með mönnum, sem unnið hafa hjá ríkinu til 65 ára aldurs, til þess að þeir verði ekki þurfamenn, þegar þeir láta af starfinu. Eigi því að setja lög um þetta atriði, verður um leið að setja ákvæði um einhver eftirlaun handa embættismönnum, þegar þeir fara frá. Það er ófært að láta þessa menn vera komna upp á ákvæði fjárl. Það hefir stundum reynzt örðugt að koma ákveðnum mönnum í fjárl. Yfirleitt má segja, að ófært sé að láta þessa menn lifa á bónbjörgum, í stað þess að hafa fast ákvæði um þetta atriði.

Hæstv. ráðh. talaði um, að það væri samkomulagstilraun, sem fælist í því að láta aldurstakmarkið leika á 5 ára tímabili, frá 65—70 árum. Að vissu leyti er þetta samkomulagstilboð. En aftur á móti er það varhugaverð leið, að hópur manna sé látinn vera alveg háður duttlungum þeirra, sem eru við völd í það og það skiptið. Það má tvímælalaust gera ráð fyrir því, að þessu verði stundum misbeitt af hálfu þess opinbera. Ráðh. getur hæglega notað þetta vald til þess að rýma burt þeim, sem hann vill, en látið hina sitja. Samkv. ákvæði þessa frv. fer það meir eftir „pólitiskri" heilsu hlutaðeigandi embættismanns heldur en líkamlegri heilsu hans, hvort hann er látinn halda embætti sínu eða látinn fara. Ég beini þessum orðum ekki sérstaklega til núv. stj. Það má gera ráð fyrir, að þannig verði þetta framkvæmt í framtíðinni. Ég held því, að heppilegra verði að hafa fast aldurshámark. Ég er sannfærður um, að ef setja á aldurshámark, þá má ekki hafa það lægra en 70 ár. T. d. mætti hafa það 69 ár, og svo heimild um 1 árs framlengingu. Þetta er peningaatriði, sem hér kemur til greina.

Nú vil ég víkja að þeim áhrifum, sem þessi ákvæði hafa á lífeyrissjóðinn. Ég hefi að vísu ekki spurt sérfræðing um þetta, en ég tel þó, að þetta hefði þau áhrif á hann, að það yrði að breyta ákvæðunum um hann, svo að hann tæmdist ekki alveg við þetta. Mér skilst, að fleiri myndu þurfa styrk úr þessum sjóði en gert var ráð fyrir í upphafi, og þess vegna þyrfti sennilega að endurskoða, hvort hann þyldi slíka viðbót.

Hæstv. ráðh. talaði um, að ómögulegt væri að sjá, hversu mikið það kostaði fyrir ríkið að hafa gamla embættismenn í þjónustu sinni. Það er rétt, að það er ein orsökin til þess, hve embættin eru stundum illa rækt, en vissulega heldur ekki nema ein. Það sýnir reynslan. Hæstv. ráðh. þýðir ekki að vitna í eitt dæmi, sem hafi átt sér stað nýlega, þar sem embættið var slælega rækt sökum þess, að gamall maður sat í því. Það má nefna mörg dæmi um lélega embættisfærslu bæði hjá ungum embættismönnum og gömlum. Það ber einnig á það að líta í þessu sambandi, að þeir, sem lengi hafa haft embætti á hendi, hafa líka fengið æfingu við það, og auk þess geta þeir bætt upp þann orkumissi, sem stafar af aldrinum, með aðstoð annara manna.

Ég fyrir mitt leyti get ekki verið því mótfallinn, að sett sé lagaákvæði um hámarksaldur

embættismanna. Ég vil aðeins, að farið sé hægt og varlega í sakirnar, sökum þess að okkar aðstaða er önnur en t. d. annara þjóða í þessu efni, og eins af því, að hægara er að færa sig upp á skaftið seinna eftir vild. Eins verður líka að athuga það, að það er nauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir gagnvart þeim embættismönnum, sem fara úr stöðum innan 65 ára aldurs, því að laun þeirra eru svo lág.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Ástæðan fyrir því, að ég varð ekki meðflm. þessa frv., er ekki sú, að ég væri mótfallinn því, að sett væru lög um hámarksaldur embættismanna. Ég álít það alveg réttmætt. Ég gerði það ekki sökum þess, að í frv. er ákvæði, sem ég felli mig ekki við, og auk þess vantar í það ákvæði, sem ég tel nauðsynlegt að hafa.

Ég tel ákvæði frv. um hámarksaldurinn ekki fullnægjandi. Ég álít 65 ára aldurshámark of lágt. Að vísu segi ég ekki, að þess séu engin dæmi, að gamlir embættismenn hafi verið orðnir svo hrumir, að þeir hafi átt bágt með að rækja embætti sín á viðunandi hátt. Hinsvegar er það undantekning, að menn á þessum aldri séu ófærir um að gegna störfum sínum, og þess vegna álít ég, að ef það kemur fyrir, að þeir séu búnir að missa starfsþrek sitt, þá sé hægt að fara aðra leið en þá, að setja lög, sem skylda þá til þess að hætta störfum á þessum aldri. Þess ber að gæta, að á þessu máli eru tvær hliðar. Önnur snýr að þjóðfélaginu, en hin að mönnunum sjálfum.

Það liggur í augum uppi, að það er ekki svo lítill kostnaðarauki fyrir ríkissjóð að gera það að almennri reglu, að embættismenn láti af störfum 65 ára að aldri. Vitanlega er það ekki meiningin, að ríkið sleppi alveg af þeim hendinni og ætlist til, að þeir sjái fyrir sér sjálfir að öllu leyti. Menn á þessum aldri eru yfirleitt ekki færir um að byrja nýja starfsemi. Þeir eru flestir eignalausir og verða því að leita fátækrahjálpar, ef ríkið hugsar ekkert um þá. Og það er hæpinn vinningur fyrir ríkissjóð.

Hvað þeirri hlið þessa máls viðvíkur, sem snýr að embættismönnunum sjálfum, þá má segja, að flestir séu búnir að koma upp börnum sínum á aldrinum 65—70 ára, en þó eru þess mörg dæmi, að embættismenn á þessum aldri eigi fyrir óuppkomnum börnum og auk þess stórri fjölskyldu að sjá. Af þeim ástæðum er ómögulegt að ætlast til þess, að þeir geti komizt af með það fé, sem gera má ráð fyrir, að þeim sé ætlað úr lífeyrissjóði.

Hæstv. forsrh. benti á það, og vildi telja það hliðstætt ákvæðum þessa frv., að samkv. lögum um hæstarétt væri ráðh. heimilt að láta dómara þar fara úr embætti, þegar þeir eru 65 ára að aldri. En hér ber mikið á milli. Í fyrsta leiga er hér aðeins um heimild að ræða fyrir ráðh., en samkv. frv. eiga allir embættismenn að láta af störfum, þegar þeir hafa náð þessum aldri, nema ráðh. veiti þeim sérstaka undanþágu. Í öðru lagi er svo ákveðið, að dómarar í hæstarétti haldi fullum launum, er þeir láta af embætti. Og loks er á það lítandi, að dómarar í hæstarétti gegna einhverjum allra ábyrgðarmestu stöðum í landinu, og því hefir þótt rétt að gæta hinnar ýtrustu varúðar um það, að starfskraftar séu ekki á nokkurn hátt farnir að þreytast eða sljóvgast áður en þeir láta af embætti. Þó sýnir reynslan, að svo hefir verið litið á, að ekki væri ástæða til að beita þessari heimild að jafnaði, því að ekki mun nema einn dómari í hæstarétti hafa farið úr embætti samkv. henni.

Um bankastarfsmennina stendur einnig sérstaklega á. Þó sjaldnast sé nokkur hætta á, að menn séu farnir að sljóvgast á þessum aldri, eru þeir samt oft farnir að stirðna, en í allri bankastarfsemi er það einmitt hraðinn, sem mest veltur á. Því hefir þetta ákvæði um aldurshámark starfsmannanna verið sett í reglugerð bankans.

Hinsvegar skiptir það litlu máli um allflesta embættismenn, þótt nokkuð dragi úr starfshraða þeirra með aldrinum. Fæstir þeirra eru svo störfum hlaðnir, að þeir geti ekki annað embætti sínu án mjög mikils vinnuhraða.

Ég verð því að líta svo á, að hvort sem litið er á málið frá sjónarmiði embættismannanna eða þjóðfélagsins, sé varhugavert að setja aldurshámarkið svo lágt sem gert er í frv. Ég gæti sætt mig við, að það væri miðað við 70 ár, og gilti þá undantekningarlaust.

Þá þykir mér það og mjög hæpið, að draga bæjar- og sveitarfélög undir ákvæði frv. Í sveitunuum eru þeir, sem gegna ábyrgðarmestu störfunum, oddvitarnir, valdir til þeirra starfa með kosningum, og falla því ekki undir ákvæði frv. En að fara að láta þessi ákvæði ná til sáttamanna og stefnuvotta, er a. m. k. alveg meiningarlaust og þarflaust og á því ekki að ná lögfestu. Vildi ég því leggja til, að þetta yrði fellt burt úr frv.

Hinsvegar vantar algerlega í frv. öll ákvæði um það, hversu búið skuli að þessum embættismönnum, eftir að þeir hafa orðið að láta af embætti. Það er ekki einu sinni tekið fram, að þeir skuli njóta eftirlauna úr lífeyrissjóði, sem þó er vafalaust tilætlunin. En eins og hv. 1. þm. Skagf. hefir bent á, yrðu þessi laun úr lífeyrissjóði svo ófullkomin, að menn gætu alls ekki lifað á þeim einum saman. Hann sýndi fram á það, að menn, sem gegnt hefðu embættum áratugum saman, fengju aðeins 80—100 kr. á mánuði úr sjóðnum. Það er því óhjákvæmilegt að setja inn í frv. bráðabirgðaákvæði um eftirlaun þeirra manna, sem láta verða af embætti samkv. ákvæðum frv., þangað til lífeyrissjóður er orðinn þess megnugur að geta innt þessar launagreiðslur af hendi.

Ég hefi þá skýrt frá því, hvað olli því, að ég varð ekki meðflm. að frv. þessu. En ég tel víst, að hv. n. taki það til meðferðar milli umr. og geri á því nauðsynlegar endurbætur.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Enginn af þeim, sem hér hafa rætt þetta mál, hefir mælt í gegn því, að rétt sé að setja löggjöf um hámarksaldur embættismanna. En hinsvegar hafa þeir fundið ýmislegt að frv. og bent á ýmsa galla, sem þeir telja að séu á því, bæði

frá hagsmunasjónarmiði þjóðfélagsins og einstaklinganna, þ. e. embættismannanna.

Hv. 2. þm. Rang. og hv. 1. þm. Skagf. töluðu einkum um það, að embættismönnum væri illa séð fyrir eftirlaunum með frv. Það er alveg rétt, að eftirlaun íslenzkra embættismanna eru lág og að illa hefir verið séð fyrir þeim embættismönnum, sem hafa orðið að hverfa frá stöðum sínum sakir elli eða vanheilsu. En þó að við höfum með réttu næma samúðartilfinningu með þessum mönnum, ber þess líka að gæta, að öðrum þegnum þjóðfélagsins, sem margir hverjir hafa unnið alla æfi baki brotnu að alvel jafnnauðsynlegum störfum, er ekki af hálfu þjóðfélagsins séð fyrir neinum launum eða tryggingu í ellinni. En hugsunarhátturinn er nú einu sinni svo, að okkur finnst þetta harðneskjulegri meðferð á embættismönnum en öðrum, þótt svo sé í raun réttri ekki. Þetta er mikið mál, sem þarf að taka til athugunar allt í heild, en ég skal játa, að þörf er á að athuga eftirlaunakjör embættismanna sérstaklega, í sambandi við kjör starfsmanna annara stofnana, t. d. Landsbankans, og þyrfti þá að endurskoða lögin um lífeyrissjóð. En í sambandi við þetta frv. virðist mér þó ekki þörf á að taka til athugunar eftirlaun annara embættismanna en þeirra, sem verða að láta af embætti á aldrinum frá 65—70 ára. Sá, sem verður að fara frá embætti 65 ára, verður á tvennan hátt hart úti. Hann missir embættislaun sín og um leið tækifærið til að vinna sér rétt til hærri eftirlauna. Það væri því rétt, að þessum mönnum væri á einhvern hátt ívilnað með sérstökum ákvæðum. Það gæti líka orðið aðhald fyrir ráðh. um að neita ekki um undanþágur að óþörfu, ef hann vissi, að með því væri ríkissjóði sköpuð útgjöld í hærri eftirlaunum en annars tíðkast.

Þeim hv. þm., sem voru að finna að frv., þótti einnig aldurstakmarkið vera ákveðið of lágt og hölluðust að því, að það yrði 70 ár. Þeir sögðu, að það færi alveg eftir duttlungum ráðherra, hvort eða hvenær embættismaður væri látinn fara frá á þessu 5 ára tímabili, frá 65 árum til 70 ára. Þetta kann að vera rétt að nokkru leyti, en þess er að gæta, að ekki er hægt að setja svo almennar reglur, að ekki geti komið fyrir, að þær geti komið hart niður á einstökum mönnum. Því verður hér að miða við það aldurstakmark, sem reynslan hefir sýnt, að bezt á við. Ef aldurstakmarkið er bundið við 70 ár, er það sama og að gefa undir fótinn um það, að menn geti setið í embættum eftir að þeir eru orðnir óhæfir.

Annars er það svo, að hægt er að láta svo að segja alla embættismenn fara úr embættum sínum á hvaða tíma sem er, án sérstakrar lagalegrar ábyrgðar fyrir ráðh. Sannleikurinn er sá, að réttur embættismanna til æfilangra embætta er ekki til í íslenzkri löggjöf. (MJ: Er þetta ekki ótímabundinn samningur?). En ef ráðh. færi að beita valdi sínu á þann hátt, væri auðvitað stefnt í fullkomnar ógöngur. Með þessu frv. er embættismönnum einmitt gefin trygging fyrir því, þótt óbein sé, að þeir eigi rétt til embætta sinna, ef þeir hafa rækt þau vel og samvizkusamlega, fram til þess aldurshámarks, sem lögin ákveða. Hvort þeir eru látnir fara frá á þessu 5 ára bili, frá 60 árum til 70 ára, er því engu fremur háð duttlungum ráðh. heldur en þeir eru nú alla sína embættistíð, undir hverri óhlutvandri stjórn, án annara afleiðinga en þeirra fyrir hana, að embættismaðurinn fær laun sín samkv. uppsagnarfresti.

Í stjskr. er ákveðið, að dómara í hæstarétti megi láta fara úr embætti, er þeir hafa náð 65 ára aldri. Þar með er viðurkennt, að embættismönnum sé farið að förlast, þegar þeir hafa náð þessum aldri. Ég get alls ekki fallizt á þá skoðun, að dómarar í hæstarétti hafi vandasömust störf allra embættismanna. Dómarar í undirrétti, sem auk rannsókna í málum hafa ýms önnur störf á hendi, hafa að mínu áliti fullkomlega eins vandasöm störf. Annars er ekki hægt að gera stigmun á mikilvægum störfum í þágu þjóðfélagsins.

Sama er að segja um bankastarfsmennina. Hv. 2. þm. Rang. vildi telja, að ákvæðið um hámarksaldur þeirra kæmi af því, að vinnuhraði væri svo mikill í bönkunum, að þeir gætu ekki unnið nógu hratt, er þeir væru komnar á þennan aldur. Það er rétt, að hraði við vinnu er hvarvetna að aukast, en ekki fremur í bönkunum en annarsstaðar. Og þeir tveir starfsmenn, sem látið hafa af embætti samkv. þessum ákvæðum, hafa einmitt báðir verið í bókfærsludeild bankans, þar sem engum afgreiðsluhraða er til að dreifa. Ályktun mín út af aldursmarkinu í Landsbankanum og hæstarétti er því alveg rétt.

Þá var talað um það, að rétt væri að taka starfsmenn sveitarfélaga undan ákvæðum laganna. Ég tel það litlu máli skipta, hvort það verður gert eða ekki, og legg því ekkert kapp á það atriði.

Ég tel því rétt, að halda 65 ára hámarkinu, en bæta hinsvegar þeim, sem láta af embættum samkv. ákvæðum laganna milli 65 og 70 ára, það upp með nokkru ríflegri eftirlaunum en annars tíðkast. Eftir að menn eru komnir yfir sjötugt, tel ég ekki ástæðu til að víkja frá því fyrirkomulagi um eftirlaun, sem nú gildir, en hinsvegar teldi ég rétt að taka lögin um lífeyrissjóð til athugunar.

**Magnús Guðmundsson:** Ég efast um, að lögin um lífeyrissjóð þurfi endurskoðunar við um annað en það, hvort hann þoli skellinn af því, að þetta frv. verði að lögum. En ef auka á greiðslur úr honum, er auðvitað með öllu rangt, að þeir fái meira úr honum, er skemur hafa lagt í hann, en hinir, sem meira hafa lagt fram eins og hæstv. forsrh. virtist leggja til.

Það er auðsætt, að aldursmarkið 65 ár er of lágt, enda eru margir í fullu fjöri á þeim aldri, og ef þessir menn eiga ekki að fá neitt í elli sinni nema styrk úr lífeyrissjóði, sem enn er ekki nema 13—14 ára og því tiltölulega smávaxinn ennþá, þá er illa frá þessu máli gengið.

Hæstv. forsrh. sagði áðan, að frv. ætti ekki að ná til þeirra, sem kosnir væru, og væri slíkt í samræmi við lýðræðisreglur. En hvernig er það þá um prestana? Á frv. ekki að ná til þeirra?

Það er rétt, að starfsmenn Landsbankans láta af störfum 65 ára gamlir. En halda þeir ekki

margir fullum launum á eftir og hinir háum eftirlaunum? Og hvernig eru laun þeirra í samanburði við laun embættismanna ríkisins á meðan þeir starfa?

Ég skal ekki fara að meta gildi embætta. Það má vel vera, að einhver önnur embætti séu eins mikilvæg og embætti dómara í hæstarétti. En það er sá munur á ákvæðum stjskr. um hæstaréttardómara og ákvæðum frv., að dómara í hæstarétti má láta fara úr embætti, en samkv. frv. eiga allir embættismenn að fara úr embætti á þessum aldri, nema ráðh. veiti sérstaka undanþágu. Auk þess er dómurum í hæstarétti tryggð sérstaklega góð elli með fullum launum. Svo skildist mér hæstv. ráðherra halda því fram, að embættismenn, sem komnir eru á þennan aldur, væru ekki háðir duttlungum viðkomandi ráðh., ef frv. yrði samþ. En þar er ég á öðru máli. Ef frv. verður samþ. eins og það er, þá á hver maður, sem er í embætti og er orðinn 65 ára, undir högg að sækja til hlutaðeigandi ráðh. um það, hvort hann fær að vera í embættinu áfram. Hvort orða má það þannig, að hann sé háður duttlungum ráðh., læt ég liggja á milli hluta, en það er á valdi ráðh., hvort hann verður áfram í embættinu eða ekki, því að í frv. stendur ekkert annað en það, að starfsmenn, „sem þykja til þess nógu ernir til líkams og sálar, séu látnir halda störfum sínum þar til þeir eru fullra 70 ára.“ Það á að fara eftir því, hvað viðkomandi ráðh. þykir vera. Það er skýrt og greinilegt. Ef hér ætti að vera einhver annar dómari heldur en pólitískur ráðh., þá liti málið öðruvísi út, því að þá gæti maður búizt við, að rannsakað yrði í hverju tilfelli óhlutdrægt, hvort viðkomandi embættismaður sé hæfur til að gegna sínu embætti áfram eða ekki. En það er ekki hægt að búast við því af öllum ráðh. a. m. k., að þeir rannsaki það óhlutdrægt. Svo af þessum sökum getur reglan um það, hvenær mönnum er vikið úr embætti, orðið mismunandi, eftir því, hvaða stjórn situr, og meira að segja getur komið fyrir, að ráðherrar í sama ráðuneyti fylgi mismunandi reglum.

Ég get ekki gengið inn á það, sem hæstv. ráðh. sagði, að embætti séu ekki æfistarf. Að sönnu er það rétt, að það er hvergi tekið fram í lögum neitt um þetta beinlínis, en það er helguð sú regla með aldagamalli venju, að embætti séu lífstíðarstarf. Það hafa ekki fallið dómar um það, svo mér sé kunnugt, en þessi venja er ákaflega gömul, og það hefir verið litið svo á, að þeim embættismanni, sem vel hefir staðið í stöðu sinni, sé rangt að víkja frá. Það er vitaskuld ekki rétt, sem hæstv. ráðh. gaf í skyn, að embættismaður, sem ekki stendur sæmilega í stöðu sinni, af hvaða ástæðum sem er, verði ekki að fara frá hvenær sem er. (**Forsrh.**: Ég sagði aldrei neitt í þessa átt). Þá hefir hæstv. ráðh. talað svo ógreinilega, að ekki hefir verið hægt að skilja hann, því að hann hélt því fram öðrum þræði, að embættismenn væri hægt að láta fara hvenær sem ráðh. vildi, en á hinn bóginn að þeir ættu ekki að fara fyrr en aldurstakmarkið væri komið.

Hvað snertir þessa undantekningu um þm. og ráðh. er ég ekki viss um við hvað mikil rök hún hefir að styðjast. Ég skil ekki, að þm. og ráðh. megi vera hálfærir af elli frekar en embættismenn. Og ef það er nauðsynlegt vegna ríkisins að ákveða aldurshámark embættismannan 65 ár, þá finnst mér það líka nauðsynlegt um þm. og ráðh., sérstaklega þó ráðh.

Hæstv. ráðh. nefndi, að ekki væri hægt að setja reglur, sem hittu nákvæmlega á það rétta. Það kann vel að vera. En það er fjarri því að vera nákvæmlega rétt, þegar aldurstakmarkið er sett við 65 ára aldur, af því að margir menn eru svo hraustir andlega og líkamlega 65 ára, að þeir geta vel gegnt embætti, og hvers vegna á þá að lögbjóða, að þeir láti af embætti á þeim aldri?

Hæstv. ráðh. nefndi, að verkamenn hefðu enga tryggingu fyrir að hafa vinnu áfram eftir 65 ára aldur. En það er ekki rétt, því að ýmsir verkamenn hafa það, vegna þess að vinnuveitendur telja slíkt skyldu, og auk þess er nú verið að undirbúa tryggingar fyrir verkafólkið þessu viðvíkjandi.

En hvar sem aldurstakmarkið er sett, þá eru ákvæði frv. ósanngjörn að því er snertir embættismenn, sem eiga að fara frá nú þegar. Það er engin sanngirni að ætlast til þess, að þeir embættismenn, sem hafa búizt við að vera eitthvað áfram í sínu embætti, fái ekki einhvern frest til þess að undirbúa sig undir þá breyttu lifnaðarháttu, sem þeir verða að búa við, fari þeir úr embætti. Segjum t. d., að maður hefir ráðið sér húsnæði eftir þeim embættistekjum, sem hann hefir, en svo á hann að fara frá 1. janúar næstkomandi, en hann getur ekki losnað við húsnæðið fyrr en í vor. Það verður að sýna þessum manni einhverja sanngirni, hann verður að fá frest til þess að undirbúa sig, hann má ekki vera verr settur en vinnukona, sem ekki er skyldug að fara úr vistinni hvenær sem er.

Ég vil ennfremur undirstrika, að ég vil, að það komi fram skýrslur um það, hvað margir þessir menn eru, svo hægt sé að mynda sér skoðun um, hvað mikið fé þurfi til þess að bæta þessum mönnum til. Og ennfremur vil ég fá skýrslur um það, hvað mikið þessir menn eiga að fá úr lífeyrissjóði og í eftirlaun, svo hægt sé að mynda sér skoðun um, hvaða fjárhagsleg áhrif þetta mál kann að hafa. Það er alls ekki mikið verk að búa til þessar skýrslur, það getur fjármálaráðuneytið gert á fáum dögum.

Ég skal ekki ræða mikið um þá pólitísku hlutdrægni, sem mætti beita í þessu efni, en til munu þær stjórnir, og dettur mér ekki í hug að undanskilja hæstv. núv. stjórn, sem kannske mundi þykja gott að fá tækifæri til þess að veita fjölda embætta í einu.

Því er náttúrlega ekki að neita, að ýmsir embættismenn eru smeykir við þetta frv., þar sem þeirra líkamlega velferð getur verið undir meðferð þessa máls komin, það er alls ekki undarlegt, þó að þeir séu dálítið hikandi og hræddir, þegar mál eins og þetta kemur hér fram.

Ég skildi ekki, hvað hæstv. ráðh. átti við, þegar hann var að tala um, að sumir embættismenn væru komnir af lögaldri sakamanna. Ég þekki það ekki eftir okkar löggjöf, að nokkurt ald-

urshámark sé til, sem losi menn algerlega við refsingu. Slíkt á sér ekki stað fyrir aldurinn einan. Ég kalla þetta því ekki nein rök í málinu.

Það er sagt í grg. fyrir þessu frv., að það sé í ýmsum löndum ákveðið 65 ára aldurshámark. Ég vildi fá að vita, í hvaða löndum það er. Ég þekki til í tveimur nágrannalöndum okkar, þar sem aldurshámarkið er ekki ákveðið undir 70 ára aldri. Í Danmörku er aldurshámarkið yfirleitt miðað við 70 ár, og það er algengt, að menn séu lengur í embætti, og í Englandi er gagnvart sumum embættismönnum ekkert aldurshámark. Í Danmörku þekki ég t. d. hæstaréttardómara, sem hafa gegnt embætti til 80 ára aldurs. En 65 ára aldurshámarkið þekki ég ekki sem aðalreglu hjá neinu ríki, og vildi ég gjarnan fá að heyra, í hvaða ríkjum það er.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég þarf í raun og veru litlu að svara því, sem fram hefir komið, því að það eru að mestu leyti endurtekningar á því, sem áður hefir verið sagt.

Viðvíkjandi því atriði, sem hv. 1. þm. Skagf. minntist á, að ég hefði talað um, að sumir embættismenn væru komnir yfir lögaldur sakamanna, þá vil ég taka það fram, að ég sagði aðeins, að það mætti líta svo á, að menn, sem væru komnir á vissan aldur, kæmust að vissu leyti yfir lögaldur sakamanna samkv. almenningsálitinu. Þess vegna er óþarfi af hv. 1. þm. Skagf. að vera að reyna að snúa út úr því og vera yfirleitt að gera tilraun til þess að ræða um það sérstaklega. Við vitum það báðir mætavel, að samkv. lögunum er þetta aldurshámark ekkert til, en það er komið inn í vitund fólksins, að það sé rangt að refsa embættismönnum, sem eru komnir yfir vissan aldur og hafa ávallt verið sómamenn, en sakir elli eða heilsubilunar hefir orðið eitthvað á. Þeir eru í meðvitund fólksins orðnir börn aftur, og því finnst ekki frekari ástæða til að refsa þeim en börnum. Sé ég svo ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frekar.

Það var spurt um, í hvaða löndum aldurshámarkið væri miðað við 65 ár og í hvaða löndum 70 ár. Ég hefi ekki nú sem stendur við hendina skrá yfir þetta og get því ekki upplýst þetta nú, en ég hygg, að t. d. í Þýzkalandi sé miðað við 65 ár. Sem sagt aldurshámarkið er ýmist miðað við 65 eða 70 ár, en ég tilgreini það ekki nánar í þetta skipti, en get gert það síðar. (MG: Hvers vegna ekki strax?). Vegna þess að ég hefi ekki við hendina skrá yfir þetta. Hv. þm. er ekki of góður til þess að bíða eftir því þangað til við 2. umr. málsins.

Þá hefir verið talað um, að það væri ranglátt gagnvart þeim, sem hefir verið greitt úr lífeyrissjóði undanfarið, ef ákveðið er að láta þessa menn koma á þann sjóð nú. Þetta get ég ekki álitið neitt ranglátt, því að vitanlega munu þeir menn, sem greiða í lífeyrissjóð, njóta þeirra hlunninda, sem hann veitir, jafnt eftir sem áður. Geti sjóðurinn ekki staðið undir sjálfum sér, mun ríkið standa undir honum. Þó að þetta sé ekki ákveðið í l., þá verður það vitanlega gert.

Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um prestana, að þeir væru kosnir. Það er rétt; þeir eru kosnir, en síðan fer fram venjuleg veiting af hálfu þess ráðuneytis, er þau embætti veitir, og gildir hún æfilangt. Um þessa embættismenn gildir því annað en um menn, sem kosnir eru fyrir visst tímabil.

Þá hefir verið fundið að því ákvæði frv., að embættismenn skuli fara úr embætti 65 ára, en hægt sé að leyfa þeim að vera til 70 ára aldurs. Það skiptir ekki máli, hvort ákvæði þetta er á þennan veg orðað eða sagt er, að þeir megi fara úr embætti 65 ára. Mér er sama, hvort þetta ákvæði er þannig orðað eða eins og það er í frv. Það þarf jafnt að koma til beinna aðgerða ráðh. að leysa menn frá embættum, hvort sem þetta ákvæði er orðað eins og í frv. eða eins og mér skildist hv. 1. þm. Skagf. vildi orða það, því að samkv. orðalagi hv. 1. þm. Skagf. þarf viðkomandi embættismaður að sækja um leyfi til ráðh. og ráðh. að veita það leyfi.

Þá hefir verið minnzt á, að á þessu tímabili frá 65 ára aldri og til sjötugs, eigi embættismenn ærið mikið undir högg að sækja til ráðh., þar sem það er á hans valdi, hvort embættismaður fær að sitja áfram í sínu embætti eða ekki. Ég hefi nú í þessu sambandi vakið athygli á því, að það er ekki mikið breytt aðstaða ráðh. gagnvart embættismönnum frá því, sem nú er. En það, sem aðallega er fundið að þessu, er, að með þessu millibilsástandi væri viðkomandi embættismaður háðari ráðh. en eðlilegt væri. En í því sambandi benti ég á þau rök, sem ekki hefir verið reynt að mótmæla, að þetta sama vald hefir viðkomandi ráðh. gagnvart embættismönnum nú. Ég ætla ekki að fara frekar inn á að rökræða þetta; ég veit, að þessi regla, hvenær mönnum er vikið úr embætti, gildir. Um þetta eru til fræðibækur, að vísu ekki á íslenzku, heldur á erlendum málum, en reglan er svona, þó hún sé ekki upphaflega fyrir okkar embættismenn. Þess vegna er ekki önnur vörn fyrir embættismann, hvort sem hann er 65 ára eða eldri, en sú pólitíska ábyrgð, sem viðkomandi ráðh. bakar sér með því að láta mann fara úr embætti sínu, ef hann rækir það vel. Þessi vernd er sterk, því að undir öllum kringumstæðum mundi það verða ráðh. til hnekkis og alveg fordæmt, ef hann léti embættismann fara úr embætti þrátt fyrir þó að hann væri því vel vaxinn. Þetta er sú eina vernd, sem embættismenn hafa, en hún er sterk. Þess vegna er þetta ákvæði frv. ekki nein veruleg breyt. frá því, sem er nú gildandi um embættismenn. Sú regla, sem hv. 1. þm. Skagf. var að tala um að gilti í þessu efni, er ekki til, en ég ætla ekki að fara að ræða um þetta við hv. þm.; það er betra að ná í bók um þetta efni handa þeim hv. þm., sem véfengja, að þetta sé rétt. (MG: Hvaða bók er það?). Hún er viðvíkjandi löggjöf, sem er hliðstæð þeirri íslenzku um þetta efni. Um þetta skal ég svo ekki ræða öllu meira. En það hefir verið minnzt á í þessu sambandi, að það væri engu síður ástæða til að láta það sama gilda um þm. og ráðh. Um þetta má deila, og skal ég ekki fara sérstaklega út í það.

Þá hefir verið minnzt á, að þetta vald væri

ágætt vopn í höndum pólitískra stj. til þess að láta embættismenn fara frá og veita sínum fylgismönnum embættin. Ég viðurkenni, að það er alveg eins hægt fyrir ráðh. að misnota þetta vald gagnvart embættismönnum nú eins og verið hefir. Hv. 1. þm. Skagf. minntist á, að sér dytti ekki í hug að undanskilja núv. stj. frá því að veita embætti pólitískt og misnota þetta vald. Um þetta þýðir náttúrlega ekki að deila, en ég ætla aðeins að segja það, að það verður varla verr beitt þessu ákvæði af núv. stj., þó að lögum yrði, heldur en rétturinn til að veita embætti hefir yfirleitt verið notaður af stjórnum þess flokks, sem þessi hv. fyrrv. ráðh. heyrir til, því að það tiðkaðist ákaflega mikið, að embætti væru veitt pólitískt af hans flokki. En að vera að beina því sérstaklega að þeirri stj., sem nú situr, að hún muni misnota þetta vald, situr sízt á þessum hv. þm. Ég ætla nú að benda á nokkur embætti, sem hafa verið veitt á síðasta ári, t. d. bæjarfógetaembættið á Akureyri. Ætli það sé ekki pólitískt? Eða þá sýslumannsembættið í Húnavatnssýslu. Ég veit ekki betur en sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu sé flokksbróðir þessa hv. þm. Bæjarfógetaembættið á Ísafirði flýtti þessi hv. fyrrv. ráðh. sér að veita áður en það var auglýst.

Hvernig hefir þetta svo gengið til hér í Rvík? Ég vil aðeins drepa á það, fyrst því er aðallega beint til mín eða núv. stj., að hún muni misnota þetta vald. T. d. hefir formanni Heimdallar verið veitt starf við rafstöðina, sem var beinlínis búið til, og borgarritarastarfið var veitt Tómasi Jónssyni, sem er sjálfstæðismaður. Svona mætti lengi telja, og það hefir nú einu sinni verið svo, að það hefir verið talin pólitísk veiting, ef embætti hefir verið veitt öðrum en sjálfstæðismönnum, því að undanfarið hefir ekki öðrum verið veitt embætti, eins og sjá má af því, að næstum allir embættismenn eru sjálfstæðismenn.

Það situr sízt af öllu á þessum hv. þm. að beina þeirri ásökun til núv. stj., að hún muni misnota sitt vald í þessum sökum, því að það er varla hægt að ganga lengra í því að veita eingöngu sínum flokksmönnum embætti heldur en þessi hv. þm. hefir gert.

Menn eru yfirleitt sammála um, að nauðsynlegt sé að setja eitthvert visst aldurshámark, en það er deilt um, hvort eigi að binda það við 65 ára aldur eða 70 ára aldur. Að aldurshámarkið er sett eins og nú er í frv., er fundið það til foráttu, að það þurfi jafnframt að sjá þessum mönnum fyrir betri eftirlaunakjörum en nú er samkv. gildandi lögum. En þessi mótbára er ekki frambærileg til þess að hnekkja þessu frv., ef það er viðurkennt, sem fram hefir komið hjá öllum, er um þetta mál hafa talað hér, að nauðsyn sé að setja þetta aldurshámark vegna þess, að þeir, sem komnir eru yfir visst aldurshámark, séu ekki færir um að gegna sínu starfi. Og þá verður að finna leið til þess að gera svo sæmilega við þessa embættismenn, að þeir geti látið af starfi. Það er viðurkennt af öllum, sem hafa talað í þessu máli, að það sé nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið, að þeir embættismenn, sem er farið að förlast í sínu starfi, séu leystir frá því, og virðist mér því öll rök, sem fram hafa komið í þessu máli, hníga í þá átt, að frv. þetta eigi að samþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta mál. Þau atriði, sem fram hafa komið gegn þessu frv., eru flest svo lítilfjörleg og hnekkja á engan hátt aðaltilgangi þess. Þetta frv. verður tekið til athugunar í n., og getur verið, að henni finnist þurfa að breyta því að einhverju leyti, en samkv. þeim umr., sem um frv. hafa orðið, virðist viðurkennt, að höfuðregla frv. sé rétt og nauðsynleg.

**Magnús Jónsson** óyfirl.]: Ég get sagt eins og hæstv. forsrh., að það er ekki margt nýtt, sem hefir komið fram í þessu máli. Það stendur orð á móti orði, og má segja, að komið sé út í nokkurskonar karp.

Ég skildi ekki, hvað hæstv. ráðh. átti við, þegar hann var að tala um, að menn kæmust yfir lögaldur sakamanna og að þeir væru í meðvitund fólksins orðnir börn aftur. En ég verð að segja það, að ég þekki alls ekki þetta almenningsálit. Ég veit til þess, að mönnum þykir það öllu raunalegra og leiðinlegra, ef aldraður maður lendir í einhverri óreiðu með sitt starf heldur en þó að slíkt hendi yngri menn. En hér er ekki um það að ræða, hvort menn geti rækt starf sitt eins vel, þegar þeir eru orðnir háaldraðir, eins og áður. Okkur kemur öllum saman um, að menn hafi ekki eins góð skilyrði til þess þá eins og þegar þeir eru á bezta aldri. Ég tel bara, að allfreklega sé í sakirnar farið með því að hafa þetta 65 ára takmark. Það eru alveg eins margir, sem eru 65 ára, svo heilsugóðir, að þeir geta vel gegnt starfi sínu nokkuð lengi eftir það.

Mér finnst heimskulegt að halda því fram, að það sé sama, hvort í l. er mælt svo fyrir, að menn skuli vera leystir frá embættum þegar þeir eru 65 ára, og að ef þeir eigi að fá að sitja lengur í þeim, þá þurfi sérstaka heimild til þess, eða hvort aðeins er til heimild fyrir því að láta embættismenn fara frá embætti, þegar þeir hafi náð þeim aldri, en að ekki séu samþ. l. um, að þeir að öðrum kosti skuli láta af embætti. Á þessu er geysimikill munur. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að svo að lesa fyrstu mgr. frv., og hún hljóðar svo:

„Hver sá opinber embættis- eða starfsmaður í þjónustu ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða stofnana, sem þau ráða yfir eða eiga, hvort sem hann er skipaður af konungi eða ráðherra eða öðrum löglegum aðila, eða þó hann sé fastráðinn, skal leystur frá embætti sínu eða starfi sínu af sama aðila, er veitti honum það eða réði hann til þess, þegar hann er orðinn fullra 65 ára.“

Ákvæði frv. um þetta eru svo skýr og skýlaus sem mest má vera til þess að allir hljóti að sjá, að ráðh. er algerlega vítalaus, þó að hann láti alla starfsmenn ríkisins og allra bæjarfélaga landsins fara frá starfi sínu fyrir fullt og allt, þegar þeir hafi náð þessum aldri. Hitt kemur svo á eftir, að ráðh. getur látið þessa embættismenn halda áfram starfi til 70 ára aldurs, þó þannig, að á því árabili getur ráðh. hve-

nær sem er látið þá fara. Ráðh., sem ekki er allt of viðkvæmur fyrir orðalagi l., getur látið þá alla fara. En ef orðalag frv. hefði verið þannig, að ráðh. mætti láta þá fara, þ. e. að hann hefði heimild til þess að láta þá fara á þessum aldri, þá þyrfti hann að hafa einhverja ástæðu til þess, einhverja sérstaka ástæðu, sem embættismaðurinn sjálfur gæfi tilefni til. (**Forsrh.**: Vill hv. þm. ganga inn á, að þetta verði ákveðið þannig?). Ég vil árétta það, að ráðh. hefir, samkv. frv., vald til að láta embættismenn fara frá starfi sínu hvenær sem er á þessu árabili. (**Forsrh.**: Ráðh. hefir vald til þess hvort sem er). Samkv. frv. er það á valdi ráðh. að gera það að reglu, sem á að vera undantekning.

Hæstv. ráðh. sagði, að embættismenn eigi ekkert frekar undir högg að sækja eftir þessu frv., ef að l. verður, heldur en nú. En munurinn er þó sá, að nú er það svo, að ef ráðh. ætlar ekki að beita ofbeldi, þá verður hann að hafa einhverjar sakir á hendur embættismönnum til þess að geta staðizt við að láta þá fara frá embætti, en ef frv. verður að l., þá verður ráðh. að færa fram ástæður fyrir því, að hann láti þá vera kyrra í embættum eftir 65 ára aldur.

Þó að þetta frv. verði samþ., skal ég ekki deila um, hvort núv. stj. misbeitir þeim l. Manni verður bara á að halda, að það geti kannske komið fyrir, ef litið er á hina pólitísku sögu undanfarinna ára, því að þannig skipti um, þegar framsóknarstj. tók við, að við embættaveitingu var af þeirri stj. ekkert spurt um verðleika manna eða starfhæfni, heldur aðeins farið eftir því, hve fylgispakir menn voru við stj.; ég held, að ég sé eina undantekningin frá þeirri meginreglu. En mín embættisveiting var svo torsótt, að ég varð að bíða langan tíma eftir því, að það mál væri afgert, sem ekki þurfti þó nema eitt pennastrik til. Þá stóð fast með veitingu á röð af embættum, vegna þess að það embætti var ekki veitt svo lengi, sem mér var loks veitt. Var það embætti þess manns, sem tók mitt embætti, og þess, sem tók hans embætti. Þegar sá ráðh., sem átti að veita þetta embætti, sem ég fékk, var í siglingu, greip annar inn í, leysti þennan hnút og veitti mér embættið. Ætlar svo hv. núv. dómsmrh. að fara að halda því fram, að þarna hafi ekki kennt hlutdrægni hjá hv. fyrrv. fyrrv. fyrrv. dómsmrh.?

Fleira og fleira mætti telja svipað þessu, hvað hlutdrægni fyrrv. framsóknarstj. snertir um embættaveitingar, og væri nógu fróðlegt að athuga tölu þeirra manna, sem fyrir þeirri hlutdrægni hafa orðið.

Hæstv. núv. stj. hefir ekki enn sýnt mikla hlutdrægni í þessu efni, og vona ég og óska þess, að hún hagi sér betur í þessu efni heldur en fyrrv. framsóknarstj. En ef þessi hv. stj., sem nú situr, færi að dæmi hv. fyrrv fyrrv. fyrrv. dómsmrh., hv. þm. S.-Þ., þá er ég ekki í vafa um, að hún sópaði burt úr embættum mörgum opinberum starfsmönnum, til þess svo að veita embættin aftur sínum flokksmönnum. Það má bera hv. þm. S.-Þ. þetta frá mér. Í hans stjórnartíð var beinlínis sett löggjöf til þess að losa embætti í þessu skyni.

Ég er kannske nokkuð kominn út í aukaatriði. En eitt af aðalatriðum þessa máls er, hve kostnaðarsamt það mundi verða fyrir ríkið að samþ. þetta frv. Ég tel betra að setja það aldurshámark, sem nú er í frv. miðað við 65 ára aldur, upp í 70 ára aldur, eða þá 69 eða 68 ára aldur, með því að svo megi framlengja embættisþjónustuna um eitt eða tvö ár. En ákvæði frv. um þetta efni tel ég óhafandi.

**Magnús Guðmundsson**: Það, sem ég sagði um núv. hæstv. stj., var það, að ég vildi ekki undanþiggja hana hlutdrægni, og af því varð hæstv. forsrh. svo reiður sem raun varð á. Þetta hefir stungið hann svona illa, rétt eins og ég hafi komið við holgrafið kýli. Út af því fór hæstv. forsrh. að tala um mínar embættaveitingar og að ég hefði verið hlutdrægur í því efni.

Viðvíkjandi því, að bæjarfógetaembættinu á Ísafirði var ekki slegið upp, er það að segja, að því embætti hafði verið slegið upp fáum mánuðum áður, því að það losnaði fáum mánuðum eftir að það var veitt. Þetta var ástæðan til þess, að því var ekki slegið upp aftur.

Ég viðurkenni alls ekki, að ráðh. hafi rétt til þess að setja hvern embættismann frá embætti sínu hvenær sem er, fyrir engar sakir. Það er algerlega óleyfilegt. Jafnvel þó að ekki séu til bein lagaákvæði, sem tryggi embættismenn gegn þessu, þá er það af öllum talið algerlega rangt, og það kemur í bága við reglur, sem fylgt hefir verið hér á landi um aldir. Þess vegna er það algerlega villandi, þegar hæstv. ráðh. heldur því fram, að með því að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði engu breytt frá því, sem nú er, því að ráðh. hafi hvort sem er rétt til að setja menn frá embættum. Ef frv. breytti ekkert afstöðu embættismanna gagnvart ríkisvaldinu, þá væri það líka algerlega óþarft.

Ég nefndi presta í minni ræðu, af því að um veitingu embætta þeirra hefir hér á landi verið farið eftir lýðræðisreglum, þannig, að þeim hefir verið veitt embættið, sem flest atkv. hefir hlotið við kosningu í söfnuðum. Verði frv. samþ., þá á, skilst mér, að láta presta fara frá embættum sínum, jafnvel þó að söfnuðir kynnu að vilja hafa þá áfram, þegar þeir eru búnir að ná vissum aldri. Frv. fer því alveg í bága við það, sem hæstv. forsrh. sagði vera tilgang þess.

Um lífeyrissjóð embættismanna er það að segja, að ef á að fara inn á þá leið að láta þá menn, sem við þessi l. missa embætti sín fyrr en annars mundi vera, fá nægilegt fé úr lífeyrissjóði, án tillits til þess, hvort sjóðurinn stenzt það eða ekki, þá má þeim vera sama, en öðrum embættismönnum ekki, því þeir eiga sjóðinn. Þeir hafa tekið af sínum launum, eftir lagaboði, til þess að mynda þennan sjóð, sem nú er orðinn um 1 millj. kr. Sjóðurinn er eingöngu myndaður á þennan hátt, að því undanteknu, að ríkið hefir lagt fram 50 þús. kr., sem það gaf sjóðnum í byrjun. Að fara svo að skerða þennan sjóð með sérstöku lagaboði, fram yfir það, sem samþykktir sjóðsins ákveða, er algerlega óheimilt.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég sé ekki ástæðu til að fara að lengja mjög umr. um þetta mál, en vil þó benda á það, að ég hefði gaman af því, þó að það sé ekki hægt nú, að taldir yrðu upp þeir embættismenn, sem ekki eru sjálfstæðismenn og hefir verið veitt embætti á meðan Sjálfstfl. var við völd. Annars skal ég ekki deila um það. En ég minntist aðeins á þetta vegna þess, að því var beint til stj., að hún mundi misbeita ákvæðum frv. þessa, ef að l. verður.

Það hefir verið deilt um það, hvaða rétt samkv. *núgildandi löggjöf embættismenn* hafa gagnvart ríkisvaldinu, og sagt hefir verið, að óþarft sé að samþ. ákvæði þessa frv. um aldurshámark embættismanna, ef það sé rétt, sem ég hefi bent á, að ráðh. hafi heimild til þess að víkja þessum mönnum frá starfi. Í grg. frv. er bent á það, að sú stj., sem nú situr, muni fara eftir þeim reglum, sem frv. ákveður, og það þó að ekki væru til l. um það. Stj. getur fyrirskipað reglur um slíkt með auglýsingu. En þó að þessi stj. sé fastráðin í að fara eftir þeim reglum, að miða við 65 ára aldurshámark, þá álít ég rétt að binda þetta í l., svo að það verði ekki komið undir geðþótta stj. fyrr og síðar, hvernig reglur um slíkt verði hafðar. Hver stj. getur með auglýsingu ákveðið það, sem í frv. er gerð till. um, að lögfest verði, ef ekki eru til l. um slíkt. Þetta er meira að segja hægt að gera á morgun. Séu ekki til l. um þetta og fari stj. að auglýsa reglur um þetta, þá er það undir hælinn lagt, hvort *næsta* stj. ákveður ekki þetta aldurshámark jafnvel ekki hærra en 60 ár.

En það er ein vörn, sem embættismenn alltaf hafa gagnvart því, að ríkisvaldið fremji það ranglæti að víkja mönnum frá embættum, sem starfað hafa vel, og hún er sú, að við það tapar ráðh. Þetta er sú vernd, sem embættismenn hafa í þessu efni.

Um það hefir verið talað, sérstaklega af hv. 1. þm. Reykv., að eðlilegra væri að setja það í l., að ráðh. hafi aðeins heimild til að leysa menn frá *embættum sínum eftir* að þeir eru orðnir 65 ára, og að 70 ára sé þeim skylt að láta af embætti, í stað þess, sem í frv. er gert ráð fyrir, að embættismenn skuli fara frá embættum sínum, er þeir hafa náð 65 ára aldri, en að ráðh. sé heimilt að láta þá halda embætti, með því að ákveða það sérstaklega, allt til 70 ára aldurs.

Mér er það nú ekki meira áhugamál, að þetta orðalag sé haft á frv., sem hv. 1. þm. Reykv. leggur svo illa út og gefur í skyn, að sé haft svona *í þeim tilgangi að losa sem flest embætti* handa fylgismönnum stj., að ég get fallizt á, að orðalag þess sé haft þannig, að sérstaka ákvörðun ráðh. þurfi til þess að embættismaður verði leystur frá embætti á aldrinum 65—70 ára. Ég get ekki fært fram betri sannanir en þessa fyrir því, að ekkert býr undir því, að það orðalag er haft á frv., sem nú er.

Fleira var það ekki, sem ég þurfti að færa fram um þetta efni, nema viðvíkjandi því, að deilt hefir verið um það, hvort embættismenn *eigi lífeyrissjóðina*. Ef þeir fara frá embættum án þess að það sé vegna heilsubrests eða þess háttar, þá fá þeir ekkert úr sjóðunum aftur. Þess vegna er það álitamál, hvort embættismenn eigi lífeyrissjóðina.

Ég óska þess, að sú n., sem fær málið til meðferðar, athugi það rækilega og að málið verði afgr. sem allra fyrst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Ég vil f. h. allshn. mælast til þess, að málið verði tekið út af dagskrá. N. hefir haft málið til meðferðar á undanförnum fundum, og það er útlit fyrir, að samkomulag náist um brtt. við frv., en þær eru þannig vaxnar, að n. telur heppilegra, að þær komi fram við 2. umr., því það er hugsanlegt, þó þær næðu ekki fram að ganga við 2. umr., að hægt væri að víkja svo til, að samkomulag næðist við 3. umr. Ég verð því, af því að n. lítur svo á, að ekki sé tryggt, að brtt. komi aðeins fram við 3. umr., að mælast til þess, að málið verði að þessu sinni tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 4. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 475).

**Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Meiri hl. allshn. gerir engar brtt. við frv. við þessa umr., og minni hl. sennilega ekki heldur, þar sem ekkert hefir frá honum komið ennþá. Þær brtt., sem fram kunna að koma, verða því sennilega bornar fram við 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Ed., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Ed., 8. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 475, 717).

**Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Ég vildi aðeins láta fylgja örfá orð þeim brtt., sem útbýtt hefir verið hér í d. Eins og komið hefir áður fram undir umr. þessa máls hér í d., þá hefir allshn. haft málið til athugunar, en það hefir ekki getað orðið úr því, að n. öll gæti flutt brtt. Það hafa komið fram raddir í n. um það, að gera viðtækari brtt. á frv. heldur en þessar, sem

meiri hl. flytur, en ég hygg, að það hafi að mestu leyti verið vegna annríkis eins nm., að ekki hefir verið hægt að vinna að því að flytja sameiginlegar brtt., sem þá hefðu kannske orðið eitthvað viðtækari. — Málið hefir nú tvisvar sinnum verið tekið af dagskrá, og þar sem nú er orðið áliðið þingtímans, höfum við í meiri hl. ekki séð ástæðu til þess að óska þess, að það verði enn þá tekið af dagskrá. Hinsvegar get ég búizt við, að í Nd. komi fram breyt. í þá átt, sem ég veit, að minni hl. er sérstaklega umhugað um, að fengist á frv., sem ég hygg, að muni vera aðallega þær, að betur séu tryggð eftirlaun þeirra, sem frá fara. Annars geri ég ráð fyrir því, að hv. minni hl. geri grein fyrir, hvað það er, sem hann hefði helzt óskað, að lagfært yrði í frv., og mætti þá taka það til athugunar, þegar málið kæmi til Nd. Ég geri ráð fyrir, að stj. gæti þá alveg eins þar unnið að þeirri breyt., ef hún vildi fallast á hana.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég kann ekki við að láta þetta mál fara framhjá mér því sem næst umr.laust, því ég er því að mörgu leyti ósamþykkur. Ég skal fyrst geta þess, að mér finnst flytjendur málsins ekki hafa undirbúið það nægilega. Við 1. umr. var óskað eftir því, að allshn. aflaði sér skýrslna yfir fjölda þeirra embættismanna, sem nú ættu að hverfa úr stöðum sínum samkv. þessu frv. En það hefir ekkert komið frá n. um þetta og engar upplýsingar legið fyrir aðrar en þær, sem Morgunblaðið hefir birt, og má vera, að n. telji það fulláreiðanlega skýrslu. Það var og ætlazt til, að n. kæmi fram með skýrslur um laun hvers þessara manna, eftirlaun og lífeyri, og athugaði, hvað þessi breyt. mundi kosta ríkissjóð. Þetta allt hefði n. þurft að athuga, en hér liggur ekkert fyrir af þessu. Ég skal strax taka það fram í þessu sambandi, að mér finnst tæplega hægt að svo stöddu að vísa mönnum fyrirvaralaust burt úr embættum sínum, nema sæmilega sé við þá gert. Þeir hafa nú margir hverjir svo lítil eftirlaun eða lífeyri, að það er nærri því að vísa þeim út á kaldan klakann, ef þeim er vikið frá án nokkurrar meiri ívilnunar.

Hvað snertir aldurstakmörkin, þá er ég því mótfallinn að hafa þau svona lág. Því hefir verið haldið fram af mörgum, að norrænn kynstofn héldi sér betur heldur en í suðrænum löndum, og jafnvel að Íslendingar entust hvað bezt af hinum norrænu þjóðum. Því finnst mér, að þó þessi takmörk séu ef til vill í öðrum löndum, sé ekki nauðsynlegt að hafa þau svona lág hér. Það lægsta, sem mér finnst talandi vera um, eru 68 ár, eða jafnvel ekki neðar en 70 ár. Nú getur það að vísu verið, að menn séu farnir að stirðna nokkuð til starfs, þegar þeir eru komnir hátt á sjötugsaldur, en þá er að taka það með, að mönnum verða hægari þau störf, sem þeir eru búnir að vinna að fjölda ára og orðnir vanir við.

Hvað brtt. meiri hl. á þskj. 717 viðvíkur, skal ég játa, að þær miða í áttina til þess að bæta frv.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, þar sem ég býst við, að fleiri muni taka til máls.

**Magnús Guðmundsson:** Mér finnst þessi brtt. á þskj. 717 ekki vera sérlega ákveðin. Það getur orðið erfitt að gera út um það, hverjir séu minni háttar sýslunarmenn. Ég vildi fá að heyra frá hv. meiri hl. allshn. einhver dæmi um það, hverja hún telur minni háttar sýslunarmenn, og eins um það, hver eigi, að hennar áliti, að meta það, hvort það sé sama valdið og á að gefa lausn frá embættum, eða m. ö. o. ríkisstj., eða einhverjir aðrir. Ég vil svo minna á það, að við 1. umr. þessa máls í þessari d. var því lofað, að gefnar skyldu upplýsingar um það, í hvaða löndum 65 ára aldurshámarkið væri haft. Hæstv. forsrh. lofaði að upplýsa þetta hér. Ég þekki ekki slík lög, en þori ekki að fullyrða, að þau séu ekki til. Þar, sem ég þekki til, er aldurshámarkið 70 ár, og þar er þetta víðast svo, að menn geta verið í embættum nokkuð lengur en þetta aldurshámark segir til um, ef þeir eru við góða heilsu.

Hér er þetta aftur á móti svo, að eftir þessu frv. á að reka menn úr embættum strax og þeir verða sjötugir, og svo rammt er að kveðið, að þeir, sem nú eru orðnir sjötugir, eiga að fara frá embættum sínum 1. næsta mánaðar, eftir að þessi l. koma í gildi, eða m. ö. o. algerlega fyrirvaralaust. Og þetta eru kannske menn, sem eru búnir að starfa í þjónustu hins opinbera í 40—50 ár. Það hefir ekki verið séð fyrir þessum málum betur en svo, að þeir hafa mjög lágan lífeyri. Þetta kemur þess vegna alveg aftan að þeim, þar sem hér er um nýmæli að ræða og þeir eiga ef til vill að fara frá með tveggja eða þriggja daga fyrirvara. Ég held, að ég hafi tekið það fram við 1. umr. þessa máls, að að mínu áliti er farið verr með þessa menn, sem hafa sumir verið starfsmenn ríkisins í 40 ár, heldur en vinnukonur, sem eru ráðnar til eins vetrar. Þetta finnst mér ósanngjarnt. Það eiga að vera ákvæði til bráðabirgða í l. eins og þessum, ef nokkuð er hugsað um sanngirni.

Það vantar líka alla athugun um það, hvað lífeyrissjóður embættismanna þolir af gjöldum, og það leiðir af sjálfu sér, að ekkert vit er í því að setja allmikið af gjöldum á þann sjóð án þess að það hafi fyrst verið athugað, hvað hann þolir.

Ég mun þess vegna greiða atkv. á móti þessu frv. Það er illa undirbúið og ósanngjarnt. Það eru tveir stórir ókostir og vitaskuld nægilegir til þess, að ekki er hægt að greiða atkv. með því.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Mér skildist það, þegar þetta mál var til 1. umr. hér, að hæstv. forsrh. féllist á það, að það mundi þurfa að sjá þessum opinberu starfsmönnum, sem yrðu að fara frá embættum, ef þetta frv. yrði að l., fyrir einhverskonar eftirlaunum eða einhverri uppbót, fram yfir þann lífeyri, sem starfsmenn ríkisins nú fá. Mér finnst það vera einn meginókosturinn við þetta frv., að ekkert er fyrir þessu séð. Það þýðir ekkert að tala um há laun eða þesskonar í þessu sambandi, því að allir þm. vita, að þeir fara með rangt mál og eru aðeins með kjósendadekur, þegar þeir tala um há laun hjá embættismönnum ríkisins. Því að þar eru engin

há laun til, ekkert annað en vesælustu þurftarlaun, sem menn komast ekki af með, og verða því að strita utan embætta sinna til þess að geta séð fyrir sér og sínum. Um þá menn er ekki hægt að setja slík ákvæði sem þessi, öðruvísi en kasta mönnum burt með fullkominni harðýðgi.

Tilsvarandi ákvæði þessum hafa gilt hér á landi, sem sé um hæstaréttardómarana. Það er hægt að láta þá fara frá 65 ára gamla, en þar er sá mikli munur á, að þeir missa einskis við að verða að fara frá, því að þeir fá full laun eftir sem áður. Og það er þess vegna vitaskuld allt annað en það, sem hér er rætt um.

Ákvæðin um hæstaréttardómarana eru aðeins sett af því, að þessir menn eru óafsetjanlegir annars. Hinsvegar getur svo farið, að þeir sakir elli geti ekki gegnt starfi sínu, og þá verður ríkið að hafa einhver ráð til þess að skipa þessar ábyrgðarríku stöður mönnum, sem áreiðanlega eru í fullu andlegu fjöri. Það er gert með því að hafa þetta ákvæði í l., og þeim, sem frá verða að fara, eru tryggð full laun. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru engin ákvæði sett um það, að sjá fyrir þessum mönnum, sem þannig á að láta fara frá. Mjög margir af þeim mönnum, sem falla undir ákvæði þessara l., halda nokkurn veginn óskertum starfskröftum, eins og yfirleitt er um menn, þó að þeir séu orðnir 65 ára. Mér þótti ákaflega eftirtektarvert að sjá skrána, sem birt var í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum, yfir þá embættismenn, sem náð hafa 65 ára aldurshámarki. (IngP: Og þar á meðal dána hreppstjóra?). Bæði hreppstjóra og aðra. En annars hafði allshn. gengið inn á það, að láta gera skýrslu yfir þessa menn, sem hér ræðir um, en það hefir hún ekki gert. Skýrsla Morgunblaðsins er því sú eina afsökun, sem n. hefir fyrir því, að skjóta sér undan þeirri sjálfsögðu skyldu sinni. Annars nefndi ég skrána ekki sérstaklega til þess að sanna, hversu áreiðanleg hún væri, heldur vegna þess, að allur fjöldinn af þeim mönnum, sem ég þekkti á þessari skrá, heldur fullu starfsþreki. Praktiskt talað má ef til vill segja, að menn hafi ekki fullan starfsþrótt, þegar þeir eru komnir á þennan aldur, en sé heldur farið að förla, en a. m. k. þeir menn, sem ég þekkti á þessari skrá, hafa svo mikla starfskrafta ennþá, að engum, sem þekkir þá, dettur í hug, að þeir geti ekki rækt sín störf fullkomlega vel.

Mér finnst, að ef á að halda því til streitu að hafa aldurshámarkið 65 ár, þá eigi að vera í frv. ákvæði um það, að þessir menn hafi full laun til 70 ára aldurs. Þetta væri alltaf nokkur hemill á hvaða stj. sem væri til þess að láta menn ekki að óþörfu fara frá fyrr en þeir eru sjötugir. Þá er möguleiki til þess að láta þá menn fara frá embættum sínum, eftir að þeir eru orðnir 65 ára gamlir, sem sökum ellihrumleika þættu ófærir til þess að gegna þeim. En þeir ættu þá að halda fullum launum til 70 ára aldurs.

Ég þarf í rauninni ekki að minnast á það, sem hv. 1. þm. Skagf. minntist á í þessu sambandi, að það er náttúrlega alveg einstakt að setja það í l., að menn skuli fara frá embættum sínum 1. jan. 1935 samkv. l., sem samþ. eru í kringum 14. des. árið áður. Þetta eru menn, sem enga hugmynd hafa haft um annað en að þeir sætu í náðum í sínum stöðum, en svo kemur allt í einu ákvæði um það, að þeir eigi að fara frá eftir nokkra daga. Það hlýtur að verða gert, þó að allshn. hafi ekki viljað sinna því, að sett verði ákvæði til bráðabirgða um þessa menn.

Sannast að segja bjóst ég við því, eftir því sem orð féllu við 2. umr. þessa máls, að talsvert af brtt. mundi koma fram við þessa umr. Þetta hefir brugðizt hrapalega, því að hér hefir aðeins ein brtt. komið fram, sem erfitt er þó að vita, hvað átt er við með. Ég býst við, að skýrsla Morgunblaðsins hafi komið henni af stað. N. hefir farið að sjá, að í hópi þeirra manna, sem átti að vikja frá embættum, væru ýmsir menn, sem vel mundu geta gegnt störfum sínum, þó að þeir væru komnir á þennan aldur, eins og t. d. maðurinn í lyftunni hjá útvarpinu. Ég býst við, að hann mundi falla undir það, sem kallað er minniháttar sýslunarmenn í brtt. meiri hl. allshn. Þetta er mjög óákveðið, og það nær ekki nokkurri átt, að í l., sem varða menn svona miklu, séu a. m. k. ekki ákvæði um það, hvaða menn það yrðu, sem heyrðu undir l. En ef brtt. er samþ., þá er ekki hægt að sjá það.

Mér hefði fundizt það heppilegast, ef forseti hefði viljað taka málið út af dagskrá, til þess að við, sem ekki erum í n., úr því að n. hefir ekki viljað verða við óskum okkar um að endurbæta frv., fáum tækifæri til þess að koma fram með brtt. Ég mundi bera fram brtt. um það, að embættismennirnir héldu fullum launum til 70 ára aldurs, þó að þeir yrðu að hætta störfum á aldrinum frá 65 til 70 ára. Ég get auðvitað borið fram skrifl. brtt. um þetta. Mér finnst það óhjákvæmilegt, að slík till. komi fram. Það ætti einmitt að vera einhver hemill á stj. um það, að láta menn ekki fara frá embættum fyrr en þeir eru 70 ára, eins og hæstv. forsrh. gekk inn á við 1. umr. málsins, að það þyrfti ekki að vera regla, enda þótt l. væru orðuð þannig, að láta menn fara frá 65 ára gamla.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég gat því miður ekki verið viðstaddur til þess að hlusta á nema litinn hluta af ræðu hv. 1. þm. Reykv., en þeim ummælum, sem féllu hjá 1. þm. Skagf. um það, að frv. væri ósanngjarnt, illa undirbúið og því um líkt, án þess að það væri rökstutt hið allra minnsta, sér maður ekki ástæðu til þess að svara. Þannig ummælum, sem sprottin eru af einskonar geðvonzku, leggur maður ekki mikið upp úr, og sérstaklega legg ég ekki mikið upp úr ummælum um sanngirni og réttlæti úr þeim munni, því að ég býst við, að ég leggi annan mælikvarða á slíkt heldur en hann.

En um það, að það sé leiðinlegt orðalag að kalla suma af embættismönnum ríkisins „minni háttar embættismenn“, þá er það nú gert í hegningarl., eins og hv. dm. mun kunnugt. En þau l. eru yfirleitt mjög vel samin, og þess vegna

ekki óeðlilegt, að það sé samræmt við þau, þegar skilgreint er, hvað átt er við með því orði.

Annars er á leiðinni brtt. frá hv. 1. þm. Eyf., sem ég get alveg fellt mig við. Það, sem svo hv. 1. þm. Skagf. sagði um málið að öðru leyti, eru atriði, sem ekki eru svaraverð.

En viðvíkjandi þeim orðum, sem féllu hjá 1. þm. Reykv., vil ég taka það fram, að það er alveg rétt, að ég minntist á það, þegar þetta frv. kom fram í d., að hún athugaði það. Ég veit ekki betur en að þetta frv. hafi verið athugað sérstaklega af allshn. þessarar d., og að meiri hl. hennar hafi leitað eftir samvinnu við minni hl. n. um frv. og reynt að koma á samkomulagi um þetta mál, sem báðir aðilar teldu viðunanlegt. Ég lýsti yfir því við 1. umr. málsins, að ég væri fús til þess að ræða skynsamlegar brtt., sem kæmu fram undir meðferð málsins. Málið hefir nú verið lengi á döfinni hér í þessari d., en það hefir ekki verið óskað eftir þeirri samvinnu, sem ég bauð upp á, og nú er bezt, að málið gangi sinn gang. Að mínu áliti er frv. þannig úr garði gert að öllu leyti, að bezt sé að samþ. það óbreytt eins og það er. Ég tel, að embættismönnunum sé sýnd alveg nægileg sanngirni í frv. Þeir eru komnir á þann aldur, að þeir eiga að vera búnir að vinna sér inn eftirlaun og hafa þau nokkur. Ég álít, að embættismannastéttinni — þó að ég sé embættismaður, og ætti ef til vill út frá því sjónarmiði að taka málstað þeirrar stéttar — sé gert eins hátt undir höfði í þessum efnum eins og öðrum stéttum þjóðfélagsins, og ég álít, að betur sé gert við þá stétt en aðrar. Samt sem áður var ég fús til þess að reyna að koma þessu máli fram með því að sýna till. allra flokka sanngirni og slá af ýmsu, þó að frv. yrði þá að mínu áliti ekki eins gott og upphaflega. Það er alltaf svo um hvert mál, þegar menn mætast til samkomulags, að þá verður annar að gefa eitt eftir fyrir annað, sem hann telur aðalatriðið að komist fram. Aðalatriðið í þessu frv. er það, að ekki séu menn í embættum hjá ríkinu til stórtjóns fyrir þjóðfélagið, menn, sem á efri árum lenda í misfellum með störf sín og kosta þjóðfélagið og ættingja sína fleiri tugi þús. Það er oft og einatt til stórkostlegs tjón að hafa þessa menn, sem hér um ræðir, í embættum. Það erum við búnir að margreyna, sem þurfum að leita til ýmissa embættismanna, sem eru orðnir hrumir.

Hitt er líka stórt atriði í þessu máli, að geta tekið starfskrafta ungu kynslóðarinnar inn í störf þjóðfélagsins, og ala ekki upp „próletara" af embættismannaefnum, sem ekki koma til starfa fyrr en þeir eru orðnir miðaldra menn. Þetta eru aðalatriði frv. Smærri atriði þess mátti alltaf koma sér saman um, því að þau hafa ekki eins mikið að segja eins og sú meginregla, sem liggur hér til grundvallar. En það hefðu menn sérstaklega átt að gera fyrr, því að ég hefi ætlazt til þess, að þetta frv. gengi fram á þessu þingi, og nú er orðinn nokkuð stuttur tími til þess að koma því gegnum Nd.

**Varaforseti (SÁÓ):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. við þetta frv., frá hv. 1. þm. Reykv., er svo hljóðar: „Á eftir 2. gr. komi ný grein, er svo hljóðar: Nú er embættis- eða starfsmaður leystur frá embætti samkv. þessum lögum, og bera honum þá full embættislaun til 70 ára aldurs."

Till. er of seint fram komin, auk þess er hún skrifl., og þarf tvennskonar afbrigði til þess að hún verði tekin til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 731,IV) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson** óyfirl.: Ég verð nú að taka undir það með hv. 1. þm. Skagf., að ég veit ekki vel, hvað átt er við með því, þegar talað er um „minni háttar sýslunarmenn", eins og gert er í brtt. á þskj. 717. Nú á dögum er, að ég held, allmikið hætt að gera greinarmun á mönnum, eftir því, hvað embættin, sem þeir hafa, eru göfug, og kalla þá „meiri háttar" og „minni háttar" embættismenn. Eftir þessari brtt. að dæma, þá virðist það vera meginreglan, að minni háttar sýslunarmenn séu undanþegnir þessum l., og aukaatriði, að starfið sé ekki aðalstarf. Mér virðist réttara, að þetta ákvæði sé eingöngu bundið við það, að starf þeirra sé ekki aðalstarf. Það er líka alveg nægilegt, að l. nái til þeirra starfsmanna ríkisins, sem hafa sýslanina að aðalstarfi, en ekki til hinna, sem hafa hana sem aukastarf. En t. d. störf eins og að vera bréfhirðingamaður eða stöðvarstjóri í sveit eru alveg bundin við það, að vera húsbóndi á ákveðnu heimili, og a. m. k. hvað símann snertir, þá er það starf, sem ákveðinn maður verður að hafa með höndum, hvað gamall sem hann verður, og ef hann verður ófær til þess að gegna því sjálfur, þá verður hann að láta annan á heimilinu gera það.

Það er gert ráð fyrir því, að þetta eigi líka við hreppstjórana. Það eru svo margir ágætir heiðursmenn hreppstjórar, að ég kann ómögulega við að kalla þá „minni háttar" starfsmenn. Það er ekkert minni háttar starf, sem þeir hafa. (**MG:** Kannske n. vilji þá kalla þá meiri háttar starfsmenn?). Ég veit ekki, hvað n. álítur um það, en ég vil, að þessu athuguðu, leyfa mér að bera fram brtt. við brtt. hv. n., þannig, að l. nái þá ekki til þeirra sýslunarmanna ríkisins, sem ekki hafa sýslanina að aðalstarfi, og leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. um það atriði.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það var verið að beina því til hv. allshn. og mín, að það væri óviðkunnanlegt orðalag á brtt. þeirri, sem n. hefir borið fram við frv. þetta, að kalla suma starfsmenn ríkisins minni háttar sýslunarmenn. Ég vil nú benda hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. Eyf., sem eru svona móðgaðir fyrir hönd hreppstjóranna, á það, að þeir verða þá að fá breytt líka 101. gr. hegningarl., því að þetta er vitanlega jafnmóðgandi í henni eins og í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa þessa gr. upp:

„Sýni maður sig í nokkurri þesskonar mótgerð, sem vikið er að í 99. gr., við minni háttar réttarþjóna, eða lögregluþjóna, tollþjóna, hrepp-

stjóra, stefnuvotta eða þess háttar sýslunarmenn hins opinbera," o. s. frv.

Þetta býst ég við, að n. hafi haft til hliðsjónar, þegar hún var að skilgreina, við hvað hún átti. Það hefir ekki hingað til verið talið sérandi fyrir hreppstjórana, þó að þetta orðalag væri notað um starf þeirra. Vitanlega er átt við það, með því að tala um minni háttar sýslanir, að sú sýslan, sem maðurinn hefir með höndum, er umfangsminna starf en önnur störf kunna að vera, en ekki það, að fara í manngreinarálit eftir því, hve virðuleg staðan er, sem maðurinn hefir með höndum. Ég býst við, að n. hafi skilgreint þetta alveg rétt, því að það hefir alltaf verið átt við þetta með þessari skilgreiningu í hegningarl.

**Varaforseti (SÁÓ)**: Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt., frá hv. 1. þm. Eyf., við brtt. allshn. á þskj. 717:

Fyrir: „né til minni háttar sýslunarmanna, enda sé starfið ekki aðalstarf þeirra", komi: né heldur til þeirra sýslunarmanna, er ekki hafa sýslanina að aðalstarfi.

Þessi brtt. er skrifl. og of seint fram komin, og þarf því tvennskonar afbrigði til þess að hún megi koma fyrir, og vil ég leita þeirra afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 731,I) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Mér fannst það nú satt að segja koma úr hörðustu átt, þegar hæstv. forsrh. var að varpa sökum á mig út af því, að ekki hafi verið gerðar nauðsynlegar breyt. á frv. hér í d. (**Forsrh.**: Þetta er rangt með farið). Hæstv. forsrh. talaði um það, að ekki hefðu komið fram till. um nauðsynlegar lagfæringar á frv., og að mér hefði verið boðin samvinna um þetta mál í n., og ég hefði ekki þegið hana. Ég skal játa það, að þó að leitt sé, þá hefi ég ekki getað rækt störfin í allshn. eins vel og skyldi upp á síðkastið, því að það vildi svo til, að einn bankastjóri Búnaðarbankans veiktist, og ég hefi orðið að vera til viðtals í bankanum á þeim tíma, sem n. kemur saman á. Það kom ósk um, að ég kæmi með brtt. eða léti í ljós, á hvern hátt ég teldi bezt séð fyrir lífeyri handa embættismönnum. Ég segi eins og er, að ég var ekki við því búinn þá, og ég hélt líka, að heppilegra væri, að slík till. kæmi úr annari átt. Það er jafnan viðkvæðið hér, þegar minni hl. kemur með till., sem hafa einhver útgjöld í för með sér, að hann verði þá að sjá um öflun tekna á móti. Virðist því eðlilegast, þar sem stj. stendur að þessu máli, að till. um þetta atriði komi frá henni eða meiri hl. n. Hinsvegar skal ég játa, að það getur verið, að ég hefði reynt að bera fram till. um þetta, ef mér hefði ekki skilizt frá öndverðu, að málið ætti ekki að ganga fram fyrr en á næsta þingi. Mér hefir verið gefið það í skyn og mér hefir fundizt það einhvernveginn liggja í loftinu, enda hefir verið hægagangur á málinu. Ég verð líka að segja, að ég álít heppilegra að láta málið bíða næsta þings, sem væntanlega kemur saman eftir þrjá mánuði, heldur en að hraða því af lítt undirbúnu. Það hefir verið bent á hér áður, að allmikinn kostnað mundi af því leiða að lækka embættisaldur embættismanna niður í 65 ár, því að óhjákvæmilegt væri að láta þessa menn njóta einhvers lífeyris eftir að þeir fara úr embættum sínum. En um það munu vera skiptar skoðanir, hvernig því skuli fyrir komið. Ég var að hugsa um að bera fram rökst. dagskrá í þessu máli, en það er nú orðin venja stjórnarflokkana í þessari hv. d. að standa saman um að drepa allar till. frá okkur sjálfstæðismönnum, jafnvel þó að ekki sé nema um lítilfjörlega lagfæringu að ræða og að því er virðist án tillits til þess, hvort verið er að gera rétt eða rangt, svo að ég vil ekki vera að tefja deildina með því að bera hana fram.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Rang. var að tala um, að eðlilegra væri, að brtt. við frv. kæmu úr annari átt en frá minni hl. n. Ég verð að segja, að mér finnst hitt eðlilegra, að brtt. komi frá þeim, sem eru óánægðir með frv. Annars hefi ég lýst því yfir áður, að þó að ég telji aðalatriði frv. rétt og sanngjörn, þá er ég fús til samkomulags um breytingar á smærri atriðum. En aðalatriði frv. hafa þegar verið viðurkennd bæði að því er snertir Hæstarétt og Landsbankann. Því hefir þegar verið slegið föstu um báðar þessar stofnanir, að starfsmenn þeirra skuli ekki vera eldri en 65 ára. Með því er viðurkennt, að menn á þeim aldri séu farnir að tapa starfskröftum. Viðvíkjandi þeirri skýrslu, sem minni hl. n. óskaði eftir, að lögð yrði fram, skal ég segja það, að ég sé ekki, að á því sé svo mikil þörf. Pétur Zóphóníasson hefir nú lagt fram skýrslu í Morgunblaðinu, sem er góð á sinn hátt. Sumir, sem þar eru taldir, eru að vísu dánir, sumir komnir úr embættum vegna elli og lasleika, sumir láta aðra menn gegna störfum sínum af því að þeir eru sjálfir orðnir blindir o. s. frv. Í raun og veru er skýrslan ágætt sönnunargagn þess, að aðalreglan í frv. er rétt. Kunnugir geta bent á marga í þessum hóp, sem eru orðnir illa færir til að gegna störfum sínum, þó að vitanlega séu ýmsar undantekningar. Ég hafði haldið, að hægt væri að ná samvinnu um þetta frv. og að ekki þyrfti að gera það að flokksmáli fremur en ákvæðin um Hæstarétt og Landsbankann. En í stað samvinnunnar fara nú andstæðingarnir út í hatrammar ádeilur, þó að þeir í öðru orðinu þykist vera sammála um grundvallaratriði málsins. Blærinn yfir andstöðu þeirra er alltaf sá sami.

**Magnús Guðmundsson**: Mér finnst það koma í ljós, að eitthvað muni vera athugavert við frv., þó að hæstv. forsrh. segði, að aðfinnslur mínar væru ekki svaraverðar, því að nú rignir niður skrifl. brtt. Annars get ég sagt honum það, að mér er nákvæmlega sama, hvort hann svarar mér eða ekki. En hann ætti þó að finna þörf hjá sér til að svara, þegar hans eigin stuðningsmenn koma með aðfinnslur. Hæstv. forsrh. var að kvarta yfir harðvítugri andstöðu

í deildinni. Mér sýnist ástæðulítið fyrir hann að vera að bera fram kveinstafi út af því. (**Forsrh.**: Slúður!). Já, það er nú siður hans, þegar eitthvað er rekið ofan í hann, að kannast ekki við að hafa sagt það. En hann sagði, að ekki væri til neins að bjóða samvinnu vegna þess, hve andstæðingarnir væru illir viðskiptis. Nú neitar hann auðvitað að hafa sagt það.

Að því er snertir starfhæfni þeirra manna, sem náð hafa 65 ára aldri, þá hygg ég það ekki nærri sanni, sem hann sagði, að þeir væru venjulega orðnir óhæfir til starfs. Það mun oftar, að menn á þeim aldri séu sæmilega starfhæfir, þó að auðvitað séu til undantekningar.

Hæstv. forsrh. vitnaði í hegningarlögin frá 1869, um að þar væri talað um minni háttar sýslunarmenn. En eins og hv. 1. þm. Eyf. benti á, hafa hugmyndir manna um þessi efni mjög breytzt síðan þau lög voru sett. Þá var litið á suma menn sem minni háttar, sem nú kemur alls ekki til greina. Ég er samdóma hv. 1. þm. Eyf. um, að þetta orðalag sé ekki hæfilegt, og auk þess of óákveðið. Það er nú svo um sum þau störf, sem hér koma til greina, að það væri blátt áfram hlægilegt að halda því fram, að 65 ára maður gæti ekki innt þau af hendi fyrir aldurs sakir. Um bréfhirðingastörf t. d. er það svo, að þau verður að fela húsbóndanum á heimilinu, og ég held, að það þætti broslegt, ef því væri haldið fram, að 65 ára bóndi uppi í afdal gæti ekki haft þau störf á hendi og yrði að fela það vinnukonunni, ef hann hefði hana þá nokkra. Ég hygg, að það sé nægilegt, eins og hv. 1. þm. Eyf. benti á, að kveða svo á um þetta, að lögin nái ekki til annara en þeirra, sem hafa opinbera sýslan að aðalstarfi. Það er nú í sjálfu sér heldur kátlegt, að alþingismenn og ráðherrar mega eftir frv. vera svo gamlir sem verkast vill. Það gerir ekkert til, þó að þeir séu orðnir hálfvitlausir af elli. En ef bréfhirðingamaður í sveit er við starf sitt eftir að hann er orðinn 65 ára gamall, þá á að vera einhver voði á ferðum fyrir landið.

Þá vil ég lýsa brtt., sem ég ber fram við 3. gr. frv., um að í staðinn fyrir 1. jan. 1935 komi 1. jan. 1936. Finnst mér rétt að gefa þeim starfsmönnum, sem hér eiga hlut að máli, nokkurt svigrúm, sérstaklega af því, að ekki hefir verið gerður neinn undirbúningur til að útvega þessum mönnum launaviðbót eða eftirlaun. Það mun varla verða gert á þessu þingi, því að fjárl. eru komin svo langt áleiðis, að ég hefi ekki trú á, að fært þyki að taka slíkt upp.

**Forseti (EÁrna)**: Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. Skagf., svo hljóðandi: „Í stað „1935“ til enda greinarinnar komi: 1936.“

Þessi brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifl., og verður því að leita tvöfaldra afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 731,V) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson** óyfirl.: Út af því, sem hæstv. forsrh. vitnaði í hegningarlögin frá 1869, skal ég taka það fram, að það hefir engin áhrif á mig. Ég hneykslaðist ekki á því, þó að konungur og ráðgjafar þeirra komist svo að orði sem þar segir. Það mun hafa þótt eðlilegt á þeim tímum, að þeir herrar skiptu mönnum í flokka. Ég vil benda á, eins og ég þóttist gera í fyrri ræðu minni, að till. byggist ekki eingöngu á því, að mér sé illa við orðalagið, heldur er hér um efnisbreyt. að ræða. Aðalatriðið er, að eftir till. n. eiga ákvæði frv. ekki að ná til minni háttar starfa, en eftir minni till. eiga þau ekki að ná til þeirra sýslana, sem eru alger aukastörf. Eftir till. n. eiga ákvæði frv. t. d. ekki að ná til skrifara í stjórnarráðinu, þó að þeir hafi náð þessum hámarksaldri, en samkv. minni till. má leysa þessa menn frá starfi, af því að þeirra starf er ekki aukastarf. Þetta tel ég alveg rétt og í fullu samræmi við hugsun og tilgang frv. Þó að starf sé kallað minni háttar, getur það verið erfitt og ofætlun gömlum mönnum, svo að full ástæða sé að leysa þá frá því, ef það er aðalstarf. Gamlir menn geta oft verið færir um að annast létt aukastörf, þó að þeim sé ofætlun að vinna fullt verk. Ég ber því þessa till. ekki eingöngu fram vegna metnaðar fyrir hönd hreppstjóra og annara heiðursmanna, heldur til þess að lagfæra frv. að þessu leyti. — Ég skal taka það fram út af ummælum, sem hafa fallið, að ég er ekki að verja minn metnað, því að ég hefi aldrei verið hreppstjóri né annað slíkt, og ég býst alls ekki við, að ég verði nokkurntíma hreppstjóri.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Út af till. meiri hl. n. og till. 1. þm. Eyf. vil ég segja það, að n. mun hafa haft fyrir sér þá skýrgreiningu, sem ég benti á í hegningarl. Þetta skiptir auðvitað ekki miklu máli, en vitanlega er átt við það, að störfin séu misjafnlega umfangsmikil, en ekki hitt, að skipta eigi mönnunum í flokka. En eins og ég sagði áðan, þá lít ég svo á, að till. hv. 1. þm. Eyf. leggi áherzlu á það, sem er aðalatriði málsins. Tel ég hana því heppilegri en till. n., og mun rétt að samþ. hana. Um þá skrifl. brtt., sem leggur það til, að 65 ára embættismenn haldi fullum launum þar til þeir eru sjötugir, er það að segja, að ég get ekki fallizt á hana. Það var minnzt á þetta hér við 1. umr. og talið, að ef til vill væri ástæða til að hækka þau eftirlaun, sem þessum mönnum ber eftir launalögunum. En ég býst við, að niðurstaðan verði sú með þessa menn eins og aðra, sem láta af störfum, að þingið verði að taka afstöðu til þeirra, sem telja verður, að ekki hafi nægileg eftirlaun samkv. launalögum.

Þá er till. frá hv. 1. þm. Skagf. um að lögin komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1936. Ég sé ekki ástæðu til að samþ. þessa till., vegna þess, að ef rétt er að innleiða þessa reglu, þá er rétt að innleiða hana strax. En að því er snertir einstaka embættismenn, sem lögin ná til, þá geri ég ráð fyrir, að þeir fái einhvern frest, kennarar t. d. ljúki sínu kennsluári o. s. frv. Þess vegna er eðlilegt — enda þótt þetta sé orðað þannig í lögum — að þetta sé framkvæmt með tilliti til þeirra manna, sem undir lögunum búa. Ég mun því greiða atkv. á móti þeirri till., að þessu verði frestað til 1. jan. 1936.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég ætla aðallega að segja nokkur orð út af ræðu hv. meðnm. míns. Það mátti skilja orð hans þannig, að hann hefði ekki átt kost á því að koma fram með brtt. (**PM:** Þetta er hinn mesti misskilningur). Þetta er vitanlega hreinasti misskilningur. (**PM:** Já, hjá hv. þm., sem talar). Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið, að málið hefði að vísu verið rætt í n. og að þá hefði verið talað um það við sig, hvort hann vildi ekki bera fram brtt. Við meirihl.-menn lýstum því yfir, að við vildum, að hægt væri að ná samkomulagi í n. um brtt. Ég lýsti yfir því sjálfur, að ég hefði ekki löngun til þess að bera fram brtt. En ég kvaðst fús til samstarfs um þær brtt., sem kynnu að koma í þá átt, sem hv. 2. þm. Rang. minntist á, sem sé viðvíkjandi eftirlaunum þeirra, sem eiga að fara úr embættum eftir ákvæðum þessara laga. Ég held, að hv. þm. hljóti að muna eftir því, að ég spurði hann tvisvar bæði í Sþ. og hér í þessari hv. d., hvort hann vildi ekki bera fram brtt. Hann tók vel í það, og þess vegna hefi ég orðið þess valdandi, að þetta mál hefir tafizt hér í hv. d. Af þessum ástæðum taldi ég bezt, að n. stæði saman um þessa till., en sú ósk mín stafaði ekki af því, að ég vildi sjálfur gera breyt. á frv. Ég hafði hingað til litið svo á, að annríki hv. þm. hafi valdið því, að þetta gat ekki tekizt. Hitt er aftur á móti rangt, sem ég vona, að hv. þm. hafi ekki meint, að meiri hl. n. hafi á nokkurn hátt tafið fyrir því, að hann gæti komið fram með brtt.

Hvað meiri hl. n. snertir, tel ég alls ekki rétt að halda því fram, að tilgangslaust sé að koma fram með brtt., því að þær verði allar drepnar. Mér fannst ræða hv. þm. vera í þeim anda, að mér þykir líklegt, að hann sé því mótfallinn, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Í n. gerði hann ekki tilraun til þess að sporna við því, að málið næði fram að ganga. Mér þykir leitt, að ekki skuli vera samkomulag um þetta atriði, því að samvinnan við hv. 2. þm. Rang. hefir verið ágæt í allshn.

Hitt get ég látið mér í léttu rúmi liggja, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að meiri hl. n. hefði neitað að bera fram brtt. Það er eingöngu staðhæfing út í loftið, sem á ekki við neitt að styðjast. Ég er viss um, að hv. 2. þm. Rang. kannast við, að þetta er rangt hjá hv. 1. þm. Reykv. Það er mjög eðlilegt, að meiri hl. n. geti ekki hitt á að semja brtt., sem hv. minni hl. líkar, úr því að engar brtt. koma frá honum.

Að öðru leyti er ekki ástæða til þess að svara mikið fleiru af því, sem fram hefir komið í þessum umr., því að flestu hefir verið beint til hæstv. dómsmrh., og hann mun svara því. Ég vil aðeins geta þess, að hvað orðalag á brtt. okkar meiri hl. snertir, þá finnst mér hafa kennt töluverðrar hártogunar á því. Það er alltaf verið að tala um minni háttar menn af andstæðingunum, en ekki minni háttar störf. Allir, sem mælt mál skilja, sjá, að hér er átt við minni háttar sýslanir, en ekki minni háttar menn. Ég tel t. d. meiri háttar sýslan að vera þm. Skagf. heldur en að vera hreppstjóri í sýslunni. (**JAJ:** Það er ekki sýslan að vera þm.). Ég verð að segja það, að hversu gömul sem hegningarl. eru orðin, verð ég samt að telja, að þetta orðtak, sem notað er í hegningarl., sé alveg rétt. Hversu miklir jafnaðarmenn sem við viljum vera, getum við samt ekki annað en rekið okkur á bæði meiri og minni háttar sýslanir og störf í þjóðfélaginu, og það er engin móðgun við þá, sem þeim störfum gegna. Ég vil benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að ég tel það meiri háttar sýslan að vera guðfræðiprófessor við háskólann en að kenna kristinfræði í barnaskóla. Bæði störfin eru skyld. Þetta er því ekkert annað en leit að efni í þex. Ég get látið mér í léttu rúmi liggja, þótt brtt. okkar verði breytt, en það er rétt hjá hv. 1. þm. Eyf., að hans brtt. er ekki eins viðtæk. Brtt. okkar tekur til allra minni háttar sýslana, jafnvel þótt þær séu aðalstarf, en hans brtt. nær aðeins yfir þær sýslanir, sem eru aukastarf. (**BSt:** Samkv. hugsun frv.). Það má vel vera. Ég skal ekki um það deila. En við meiri hl. allshn. litum svo á, að minni háttar sýslanir heyrðu ekki undir þá, sem höfðu þá vinnu fyrir aðalstarf. Ég skal játa, að að þessu leyti er efnismunur á brtt.

Um brtt., sem síðar hafa komið fram, skal ég láta afstöðu mína við atkvgr. nægja. Ég hefi sjálfur aflað mér upplýsinga um þá menn, sem sitja í svo nefndum embættum. Ég hefi ekki haft tækifæri til þess að afla mér upplýsinga um þá, sem eru í þeim stöðum, sem venjulega eru kallaðar sýslanir. Eftir þessum upplýsingum að dæma, sem ég hygg, að séu mjög nærri sanni, eru nú í embættum 28 menn, sem eru meira en 65 ára gamlir, en ekki nema 12 menn, sem eru yfir 70 ára gamlir. Ég vil taka það fram, að mikið vantar á, að skýrsla sú, sem birt var í Mgbl. um þetta efni, sé rétt. Mörg þeirra nafna, sem þar eru birt, finnast ekki í tölu lifenda. (**JBald:** Hefir nokkur tekið mark á því?). Líklega enginn nema ef til vill hv. 1. þm. Reykv. Ég skal geta þess, að ég hefi dálítið athugað eftirlaunamálið sjálfur. Meðan lífeyrissjóðurinn er jafnungur og hann er, veitir hann embættismönnunum ekki nægan lífeyri. Það er rétt. En þegar lífeyrissjóðurinn er orðinn 38 ára gamall, virðist mér hann veita embættismanninum ¾ embættislaunanna. Hinsvegar eru 60 embættismenn búnir að vera 30 ár í embætti. Það eru litlar líkur til þess, að menn komist ekki í embætti fyrr en 35 ára eða þar yfir. Það gæti þó komið fyrir, en samt má ætla, að það verði undantekning, þegar þetta er komið í réttan farveg.

Ég hefi litið þannig á þetta mál, eins og nú standa sakir, að svipað sé að segja um þessa embættismenn og þá, sem farið hafa frá af fúsum vilja á tímabilinu síðan lífeyrislögin gengu í gildi. Það hefir verið reynt að bæta upp laun embættismanna, eftir því sem þörf hefir krafið. Hvað prestastéttina snertir, hefir það verið föst venja á hv. Alþ. að bæta upp prestum, sem segja upp embætti, eftirlaun að vissu marki. Ég hafði hugsað mér, að þessa leið mætti fara á tímabilinu þangað til lífeyrissjóðurinn getur staðið undir eftirlaunum. Það var hugmyndin með þennan lífeyrissjóð, að hann gæti orðið þannig, að hann stæði undir eftirlaunum. Það verður líklega látið þar við sitja.

Það er eitt atriði enn, sem þörf er að drepa á, og það er lagasetningin í þessu efni. Andstaðan gegn frv. er ekki byggð á því. Allir, nema ef það væri hv. 1. þm. Skagf., kannast við, að réttmætt sé að setja slíka löggjöf sem þessa. Enda þótt menn séu yfirleitt sammála um réttmæti þessa ákvæðis, getur samt verið álitamál hvar takmarkið skuli sett. Ég fyrir mitt leyti get sagt, að enda þótt ég sé ekki orðinn 65 ára gamall, finn ég samt, að ég er ekki sami maður og ég var, þegar ég var á bezta aldri. Ég held, að við allir, sem erum komnir yfir 60 ára aldur, getum sagt það með sanni, að störf, sem við gátum leyst vel af hendi, þegar við vorum 30—40 ára að aldri, getum við ekki leyst nándar nærri eins vel af hendi nú. Ég fyrir mitt leyti tel því alls ekki fjarri sanni, að aldurshámarkið sé miðað við 65 ára aldur, sérstaklega þegar sá varnagli er sleginn, að mönnum sé heimilt að gegna störfum til sjötugs, ef heilsan leyfir.

Þetta mál er þannig vaxið, að óþarft er að setja í það þvergirðing, og vona ég, að það þurfi ekki að koma fyrir, a. m. k. ekki í n. — Ég vona svo að lokum, að úr þessu rætist og að nú komi fram þær brtt., sem hv. andstæðingar vilja, að geti orðið samkomulag um við afgreiðslu málsins. Mér virðist n. líka fús á að taka til greina brtt., sem fram eru bornar.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Mér er óskiljanlegt, hvernig hv. frsm. gat skilið orð mín þannig, að ég hefði verið að ásaka hann um, að ég hefði ekki átt kost á að flytja brtt. í hv. n. (**IngP:** Hv. þm. minntist á það, að gagnslaust væri fyrir hv. minni hl. að koma með brtt.). Ég talaði aðeins um þá fjárveitingu, sem yrði að leggja fram úr ríkissjóði, ef bæta ætti kjör þessara manna, sem hér um ræðir. Vitanlega gat ekkert staðið í veginum fyrir því, að ég flytti brtt. við frv., þar sem ekki þurfti að ganga inn á þær. Ég hefi ekkert kvartað yfir hv. nm. í allshn.

En það var annað atriði, sem hv. þm. minntist á, er ekki var rétt með farið. Hann sagði, að svo virtist, sem ég áliti rétt að sporna við því, að þetta mál næði fram að ganga á þessu þingi. Ég hefi nú tvívegis lagt spurningu fyrir hv. þm. þessu viðvíkjandi, fyrst í n. og svo síðast í morgun. Í fyrra skiptið var svar hans mjög óákveðið, en samt skildist mér á honum, að hann byggist ekki við, að þetta mál næði fram að ganga á þessu þingi. Hann var líka óviss um þetta í morgun. Ég minntist á þetta atriði í fyrri ræðu minni, en sást þá yfir að geta um þær ástæður, sem raunverulega mæla mest með því, að þetta mál verði látið bíða. Þær ástæður eru, að almennt er gert ráð fyrir, að lagt verði frv. til nýrra launalaga fyrir næsta þing. Milliþn. hefir setið á rökstólum á annað ár, til þess að íhuga þetta vandamál, og heyrt hefi ég, að þessi n. sé langt komin með störf sín. Það má að sjálfsögðu gera ráð fyrir því, að hún verði búin að ljúka störfum fyrir næsta þing, og þá má gera ráð fyrir, að frv. til almennra launalaga liggi fyrir næsta þingi.

Það er enginn ágreiningur um það, að það eru viss atriði í frv., sem þarfnast meiri athugunar en þau hafa enn fengið. Það er vafasamur „móral" hjá hæstv. forsrh., að hætta að sýna sanngirni fyrir það eitt, að hann telur sig hafa orðið fyrir aðkasti frá einhverjum í þessu máli. Það er óheppileg stefna og starfsaðferð.

Enda þótt það sé aukaatriði, vil ég samt geta þess, að ég er ósammála hv. 1. þm. Skagf. um það, að sama regla gildi um alþm. og ráðh. Það eru vitanlega kjósendur og þingið, sem eiga að dæma um, hvort hlutaðeigandi frambjóðandi sé svo heilsugóður, að hann sé starfhæfur. Annars getur almenn regla, eins og um embættismenn, ekki komið til greina í þessu efni.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég þarf ekki að svara mörgu af því, sem fram hefir komið í þessum umr. Ég vil aðeins taka það fram, að þetta frv. er vitanlega fram borið á þessu þingi með þeim ásetningi, að það verði núna að lögum.

Það hefir verið minnzt á, að eðlilegt væri, að þessi ákvæði biðu þangað til launalögin nýju verða samþ. Það getur að vísu vel verið, að launalagafrv. verði borið fram á næsta þingi, en það er ekki sennilegt, að það öðlist gildi á fyrsta þinginu, sem það er borið fram á. Þess vegna er ég því mótfallinn, að þetta frv. verði látið bíða eftir launalögunum, sem vitanlega þurfa að liggja fyrir 2 þingum áður en þau hljóta samþykki. En það er eðlilegt, að þessi meginregla sé samþ., þar sem hún hefir áður verið samþ. í okkar löggjöf viðvíkjandi Landsbankanum. Og það er fullkomin þörf á því að lögleiða þetta, vegna þess að það hefir þegar orðið tjón að því, að ekki er búið að gera það.

Hvað það snertir, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að ekki væri rétt að hætta að sýna sanngirni, þótt svo og svo hefði verið tekið í málið af andstæðingunum, vil ég taka það fram, að þetta lá ekki í mínum orðum, heldur hitt, að þegar ég bar frv. fram þá sagði ég, að bæði meiri og minni hl. væru sammála um meginstefnu frv., og því sagði ég, að ég væri fús til þess að leita samkomulags um smærri atriði frv. Ég tel frv. eðlilegt eins og það er nú og ekki þörf á að breyta því. En það stafar ekki af því, að ég ætli að hætta að sýna sanngirni í þessu máli. En ég mun verða síðastur manna til þess að kvarta yfir „opposition", því að hún hefir ávallt gert mér gagn, en aldrei skaða.

**Jón Auðunn Jónsson** [óyfirl.]: Þetta er yfirgripsmikið mál, í senn stórt fjárhagsmál fyrir ríkissjóð og hagsmunamál margra einstaklinga, og því álít ég ekki rétt að hraða því um of. Það má segja, að gott sé, að það kom fram á þessu þingi, ef þessar breytingar á að gera á annað borð, svo að embættismennirnir viti, á hverju þeir eiga von, en ég tel óverjandi að afgr. það nú á þessu þingi.

Það er alveg augljóst, að frv. hlýtur að snerta mjög hag ríkissjóðs, því að ekki verður komizt hjá því, að ríkissjóður taki á sig mikla eftirlaunabyrði vegna þeirra embættismanna, sem láta eiga af starfi sínu samkv. frv., ef þeir eiga ekki hreint og beint að leita á náðir bæjar- og sveitarfélaga.

Það er auðsætt af hinum skrifl. brtt., að mál-

ið er svo yfirgripsmikið, að hv. þdm. eiga ekki gott með að átta sig á því, hvar takmörkin liggja. Þannig er dyravarðarstaða ekki talin til meiri háttar staða, þótt hún sé oftast aðalstarf. Brtt. hv. 1. þm. Eyf. nær ekki til þeirra, sem hafa stöðu sína að aðalstarfi. Þeir verða að fara frá 65 ára. Þá má og benda á þær veilur í flutningi frv., að ekki hefir verið leitað nægilegra upplýsinga um aldurshámark í öðrum löndum. En ég hefi ástæðu til að ætla, að það sé, a. m. k. sumstaðar, mun hærra en hér er gert ráð fyrir. Þannig var fyrir skömmu getið í fréttum um frægan og vinsælan enskan dómara, sem nýlega væri látinn af embætti 80 ára gamall.

Ég held, að fæst íslenzk embætti séu svo slítandi, að þau ættu að gera menn óhæfa til embættis síns á yngra aldri en annarsstaðar. Svo mikið er víst, að störf erlendra embættismanna eru mun víðtækari en hérlendra, og því ætti sízt að vera ástæða til að hafa aldurshámarkið lægra hér en annarsstaðar. Sjálfur þekki ég mikinn fjölda embættismanna á aldrinum frá 65—70 ára. Mér er alveg óhætt að fullyrða, að meiri hl. þessarra manna er hæfari til að gegna embætti sínu en yngri menn og síður brestir í embættisfærslu þeirra. Þeir eru reglusamari en hinir yngri menn, bæði við störf sín og utan þeirra. Ég ber því fram brtt. þess efnis, að í stað 65 ára komi 68 ár.

Annars vil ég taka undir það með hv. 2. þm. Rang., að vel færi á að afgr. þetta mál í sambandi við launalögin. Þetta mál er lítt undirbúið, sem von er, svo mörg mál og stór sem stj. hefir flutt á skömmum tíma, enda ber frágangur margra frv. þess merki. Það er t. d. alveg ótækt, að ekki skuli liggja neitt fyrir um það, hvað lögfesting þessa frv., sem hér liggur fyrir, muni kosta ríkissjóð, né hve marga starfsmenn hins opinbera frv. snertir. Ég er þess fullviss, að ef slík skrá lægi fyrir, væri hægt að sýna fram á það, að fjöldinn allur af þessum mönnum er fullfær um að gegna embætti sínu og eru hinir ágætustu starfsmenn hins opinbera.

Ég álít því, að hæstv. dómsmrh. geti og eigi að láta þetta mál bíða til næsta þings og láta þangað til fara fram frekari undirbúning málsins með hliðsjón af till. launamálanefndar. Ég vil því bera fram rökst. dagskrá um þetta efni, og afhendi hæstv. forseta hana hér með.

**Forseti (EÁrna):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. við 1. og 2. gr. frv. um að í stað „65“ komi: 68. —Vil ég leita leyfis til þeirra afbrigða frá þingsköpum, að brtt. þessa megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 731,III) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Forseti (EÁrna):** Þá hefir mér einnig borizt frá sama hv. þm. svo hljóðandi rökst. dagskrá:

**„Það virðist eðlilegt, að aðalákvæði þessa frv., aldurshámark embættis- og fastra starfsmanna, sé sett í launalögum, og þar sem ný skipun þeirra mála mun liggja fyrir næsta þingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá“.**

**Magnús Guðmundsson:** Ég heyri á hæstv. forsrh., að hann ætlar sér ekki að fara eftir 3. gr. frv., þar sem svo er ákveðið, að þeir menn, sem hafa náð hámarki embættisaldurs, skuli víkja úr stöðum sínum 1. næsta mánaðar á eftir. Hann gerir t. d. ráð fyrir að láta kennara sitja í embættum skólaárið út. Ég er þessu alveg samþykkur, en þetta er alveg þvert á móti því, sem í frv. stendur, svo að þetta væri alveg augljóst lagabrot, að láta menn sitja í embættum 5—6 mánuði eftir að þeir samkv. skýlausum lagafyrirmælum eiga að vera farnir úr þeim. En þetta sýnir að vísu ekkert annað en það, að hæstv. ráðh. er farinn að sjá sjálfur, hve lítil sanngirni er í þessum ákvæðum frv. Það er rétt hjá frsm., að þegar lífeyrissjóður er orðinn 38 ára gefur hann embættismönnum góða tryggingu, en nú er hann aðeins 14 ára, svo að þeir embættismenn, sem yrðu að láta af embættum samkv. þessu frv., hafa ekki greitt í hann nema skamman tíma og fá því lítið úr honum, eða a. m. k. svo lítið, að langt er frá því, að það nægi þeim til lífsviðurværis. Tilgangurinn með lífeyrissjóðslögunum var sá, að hægt væri að leysa menn frá opinberum störfum með viðunanlegum kjörum, þegar samanlagður aldur og embættisaldur þeirra væri 95 ár.

Hv. frsm. sagði, að ég vildi ekkert aldurstakmark. Ég tók það einmitt fram, að ég vildi hafa aldurshámarkið 70 ár. Hann talaði um, að gera mætti breyt. til bóta á frv. í Nd. Þetta þykir mér benda á fremur vonda samvizku út af afgreiðslu málsins hér. Ég álít það fyllstu skyldu deildarinnar að ganga svo frá hverju máli, að ekki sé vitað, að það þurfi að breyta því. Hv. 2. þm. Rang. sagði, að ég væri á móti því, að þingmenn og ráðherrar gegndu störfum eftir að þeir væru komnir yfir vissan aldur. Ég sagði aðeins það, að það væri skrítið, ef t. d. sáttasemjarar yrðu að láta af störfum á þeim aldri, sem þeir menn mættu hafa, er sætu í ráðherrastól og á þingi. Ég get ekki heldur séð, að það væri nein fjarstæða að setja þingmönnum eitthvert aldurshámark, eins og þeim er sett aldurslágmark. Reynslan hefir annars sýnt, að aldurinn hefir ekki á nokkurn hátt verið farinn að draga úr starfskröftum þeirra þingmanna 65 ára, sem hér hafa átt sæti, en sjötugir menn og eldri hafa sjaldan eða ekki átt sæti á þingi, og ég ætla, að fáir embættismenn séu langt yfir 70 ára.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég bjóst við ýtarlegu áliti frá allshn. og kom því ekki með neinar brtt. Mér skildist á hæstv. forsrh., að frv. stæði til breyt. og hann gæti fellt sig við brtt. Ég óska þessu máli nú frestað til mánudags, þar sem fram eru komnar svo margar skrifl. brtt. Á morgun er hvíld frá þingfundum og þá gætu allir nm. allshn. haldið fund saman og borið sig saman um málið. Þetta er nauðsynlegt, þar sem mér skilst á þeim, sem talað hafa, að þeir sjái á málinu mörg missmíði. En það er auðvitað sjálfsögð skylda að athuga málið sem gaumgæfilegast og ganga sem bezt frá því.

Ég leyfi mér að draga það mjög í vafa, að misfellur í embættisrekstri séu tíðari hjá þeim, sem orðnir eru 65 ára, en hjá yngri mönnum.

Ég veit, að í mínu umdæmi eru af þrem hreppstjórum, sem komnir eru yfir þennan aldur, a. m. k. tveir, sem bera af öðrum í reglusemi og röggsemi í embættisfærslu, og er þó annar þeirra kominn yfir sjötugt.

Hæstv. forsrh. sagði, að við teldum skýrslu Morgunblaðsins um starfsmannafjöldann, sem á að fara frá samkv. frv. þessu, fullgilda. En það hefir einmitt komið skýrt fram, að við teljum ekki, að svo sé, því að þá hefðum við ekki krafizt frekari skýrslna af stj. Skýrsla Mgbl. er að vísu talsverður stofn, en enganveginn tæmandi.

Ég álít ennfremur, að fram þyrfti að taka í frv., að þegar skrifarar eiga að láta af störfum samkv. því, á aldrinum frá 65—70 ára, skuli leita umsagna yfirmanna þeirra, skrifstofustjóranna, áður.

Ég vil að lokum endurtaka þá ósk mína, að málinu verði frestað og allshn. sjóði hagfelldar brtt. upp úr þeim brtt. og aths., sem fram hafa komið við frv.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Skagf. viðurkennir, að hámarksaldur sé í raun og veru 70 ár. Menn sitji ekki á þingi eftir þann tíma, enda séu starfskraftar þrotnir. En þetta svigrúm milli 65—70 ára er einmitt haft til að koma í veg fyrir, að menn sitji í embættum, ef þeir verða þrotnir að kröftum nokkru fyrir þennan hámarksaldur, eins og eðlilega kemur mjög oft fyrir. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að mjög fáir yfir 70 ára sætu hér í embættum. Mér er kunnugt um, að þeir munu vera 12, og fæstir þeirra eru færir um að gegna störfum lengur.

Annars er það algengt fyrirbrigði ellinnar, að þegar menn eru orðnir mjög hrumir, hætta þeir að finna, að þeir eru hrumir, vegna þess, að þeir missa gagnrýni á sjálfa sig. Þetta er ein af sáraumbúðum ellinnar og hefir því sína kosti, en vitanlega verður ríkið að leggja annan mælikvarða á starfshæfni embættismanna sinna.

Ég þarf ekki að deila um það, hvorir séu betur fallnir til starfa, ungir eða gamlir, það er of augljóst mál. Og hvað reglusemi viðvíkur, þá eru þess einmitt sorgleg dæmi, að menn, sem hafa rækt embætti sín vel á manndómsárum sínum, afrækja þau í ellinni og gerast sekir um stórfelld embættisafbrot. Þetta frv. á einmitt að hindra það, að góðir menn lendi í því óláni, að á þá verði litið í ellinni sem menn, er ekki hafi gert skyldu sína.

**Forseti (EÁrna)**: Það hafa komið fram tilmæli um að fresta umr. En bæði er það, að miklar annir eru nú og því nauðsyn á, að framgangur mála verði sem greiðastur, og hitt, að flestir hafa nú þegar talað í þessu máli eins og þingsköp leyfa.

Mér hafa ekki borizt tilmæli frá meiri hl. allshn., sem flutti málið, að fresta umr., og mun ég því ekki gera það. Fundi verður nú frestað til kl. 5 og heldur umr. síðan áfram.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Það er rétt, sem hæstv. forsrh. hefir minnzt á, að í raun og veru greinir okkur ekki á í kjarna málsins, því, að það sé rétt að setja eitthvert aldurshámark fyrir embættismenn, og þess vegna finnst mér undarlegt, að það skuli ekki vera hægt að ná samkomulagi í málinu. Hinsvegar virðast mér undirtektir hæstv. ráðh. undir till. okkar benda til þess, að erfitt hefði verið að ná samkomulagi í n., því við höfum nú borið fram margar brtt., en engin þeirra finnur náð fyrir augum hans nema sú eina, sem flokksbróðir hans stendur að. Það er eins og jafnan hefir verið, að undirtektir þessa hæstv. ráðh. fara ekki eftir till., heldur flm. þeirra. Þetta bendir til þess, að það hafi verið yfirskin eitt, að óska eftir eða lofa samvinnu um málið.

Það hefir verið játað, að heppilegt væri að geta sett svona aldurshámark, og það má vel vera, að heppilegt væri að geta sett það nokkuð lágt. Ég er hæstv. ráðh. sammála um, að full ástæða sé til þess, að hinir eldri embættismenn rými úr stöðunum fyrir hinum yngri, sem búnir eru að búa sig undir slíkar stöður og þurfa að fá atvinnu. En það verður að gera sér ljóst, að þetta kostar nokkuð. Í frv. er gert ráð fyrir að leggja kostnaðinn á lífeyrissjóð, án þess nokkuð hafi verið athugað, hvort hann stenzt nándar nærri svo mikil útgjöld. Það er þó ekki nema einfalt reikningsdæmi, sem n. hefði átt að leysa úr. Svo verða menn að gera sér það ljóst, að þó ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir því í frv., þá hlýtur þetta einnig að valda ríkissjóði kostnaði beinlínis. Það hafa sumir hv. þm. játað hér, að þeir sjái sér ekki annað fært en bæta sumum starfsmönnum ríkisins það upp, sem verða að láta af starfi sínu, í 18. gr. fjárl., og vísa, að því er mér skilst, á þá aðferð. En mér finnst hún óheppileg. Þetta verður alltaf eins og styrkur, og ekki er fyrir það að synja, að þar geti komizt að hlutdrægni. Ég man svo langt, að ekki kostaði lítið stapp að koma einum uppgjafapresti inn í 18. gr. fjárl. með venjulegan styrk, af því að á honum var óheppilegur pólitiskur litur, að því er mönnum skildist, í augum þáv. valdhafa. Þetta er mjög óheppilegt, að uppgjafaembættismenn þurfi að sækja það undir þá flokka, sem þá og þá ráða lögum og lofum á Alþ., hvort þeir fá uppbót á eftirlaun sín; það væri betra að ákveða í l. sjálfum, hvaða þóknun þeir skuli hafa.

Það má nú e. t. v. segja, að í minni brtt. sé nokkuð freklega í þetta farið, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir, sem láta af embætti vegna þessara laga, fái full laun til hámarksaldurs, eða þangað til þeir eru 70 ára. Ég skal játa, að af þessu gæti leitt allmikinn kostnað, ef það ætti að vera regla að láta alla fara frá embætti 65 ára og halda fullum launum í 5 ár. En ég ætlast til, að þetta verki sem hemill gegn því, að verið sé að víkja embættismönnum frá starfi 65 ára, nema sérstök nauðsyn beri til, og þá hygg ég, að þetta verði ekki mikill kostnaður. Það má vel vera, að það hefði mátt orða þetta betur. Maður hefir lítið ráðrúm haft; ég átti von á, að n. mundi koma með talsvert mikið af brtt., en svo verður ekkert úr því, þegar til kemur. Við erum svo hér að semja okkar brtt. undir umr., og má vel vera, að þær hefðu orðið

öðruvísi, ef tími hefði verið til að athuga málið. Mér hefir t. d. verið bent á af einum hv. þm., að heppilegra hefði verið að orða till. þannig, að þessir starfsmenn skyldu fá hámarkslífeyri, sem mun vera ¾ launa; það mundi láta betur í eyrum og e. t. v. vera sanngjarnara. Það er ekki þægilegt að ráðgast mikið um þetta, en það er líklega hér um bil sama, því að tal hæstv. forsrh. um samvinnu er sýnilega ekki annað en fyrirsláttur, þar sem hann leggur á móti öllum brtt., sem fram koma. Ég vildi aðeins láta þessa aths. fylgja till. minni, sökum þess, að menn gætu haldið, að hér væri verið að fara fram á ákaflega mikið fé, en ég ætlast til, að reglan verði sú, að 70 ára aldurinn sé látinn gilda, og mundi ég hiklaust ganga með frv. í þá átt.

Hv. þm. N.-Ísf. hefir borið hér fram greinilega samkomulagstill., um að hafa aldursmarkið 68 ár. En það er sama, hæstv. ráðh. berst á móti henni líka. (**JAJ**: Hann hefir ekki sérstaklega minnzt á hana). Hún var komin fram er hann talaði, og hann lagði yfirleitt á móti þeim brtt., er fram voru komnar. Mér finnst það líka bera vott um ákaflega lítinn samkomulagsvilja, að geta ekki fallizt á till. hv. 1. þm. Skagf., um að þegar lögin koma fyrst í gildi, fái menn nokkurt ráðrúm áður en þeir fara úr embætti. Ýmsir 70 ára gamlir embættismenn hafa fulla starfskrafta og munu flestir svo stæðir, að þeir verða að útvega sér einhverja aðra atvinnu, ef þeir eru sviptir embætti. En það gefur að skilja, að enginn hefir ráðrúm til að útvega sér atvinnu á hálfum mánuði. Það veit enginn um, að þessi lög eiga fram að ganga, fyrr en allt í einu að þau eru samþ. með þeim hörðu ákvæðum, að menn eigi að vera farnir úr embættum innan hálfs mánaðar. Hæstv. ráðh. sagðist að vísu ætla að framkvæma þetta öðruvísi heldur en gert er ráð fyrir í frv. En það er undarlegt, að hann skuli þá ekki vilja hafa lagaheimild til þess. Í 3. gr. frv. segir, að allir embættismenn, sem náð hafa tiltekinum aldri, skuli víkja úr stöðum sínum 1. jan. 1935 eða 1. næsta mánaðar eftir að l. öðlast gildi. Þetta er eins skýrt eins og nokkurt lagaákvæði getur verið.

Í 1. gr. segir, að heimilt skuli vera að draga að láta menn fara frá þangað til þeir eru fullra 70 ára, en enginn opinber embættismaður má vera í stöðu sinni lengur en til 70 ára aldurs. Ég er hissa, að hæstv. ráðh. skuli þá ekki gangast fyrir því að fá inn í frv. ákvæði til bráðabirgða, um að fyrst þegar l. koma til framkvæmda geti menn fengið að hafa embættið t. d. hálfu ári lengur, ef sérstakar ástæður mæla með því. Hitt er annað mál, að menn verða stundum að grípa til þess, þegar eitthvað óvænt kemur fyrir, að framkvæma ekki bókstaf laganna út í yztu æsar, heldur láta heilbrigða skynsemi ráða. En að ráðh. lýsi því yfir, þegar verið er að semja lög, að hann ætli að breyta á móti þeim, í stað þess að fá þau lagfærð, það er ekki afsakanlegt.

Mér finnst alveg sjálfsagt að samþ. brtt. hv. 1. þm. Skagf., því það er það minnsta, sem hægt er að ætlast til, að menn fái ofurlítið ráðrúm til að útvega sér aðra atvinnu, þegar þeim er vísað úr þjónustu ríkisins. Það verður svo framvegis, þegar menn vita, við hverju þeir mega búast, og skil ég ekki, hvers ætti að láta þá gjalda, sem svo hittist á, að eru orðnir 70 ára þegar l. koma í gildi.

**Þorsteinn Briem** [óyfirl.]: Eftir því sem afgreiðslu þessa máls hefir verið hagað hingað til hér í d., bjóst ég sannast að segja ekki við, að frv. væri ætlað fram að ganga á þessu þingi. Hefir mér af þeirri ástæðu farið eins og fleirum, að ég hefi eigi fundið mig knúðan til þess að bera fram brtt. við frv., þó ella hefði mér fundizt full ástæða til þess. Þetta frv. mun ganga lengra heldur en tiðkanlegt er í nágrannalöndum okkar, að því er ég bezt veit. Í Danmörku hygg ég, að aðeins ein stétt manna fái lausn 65 ára, almenna reglan mun vera, að embættismenn séu leystir frá starfi sínu 70 ára gamlir, en þó hefir ríkisstj. heimild til að leyfa mönnum að vera lengur í embætti. Slík ákvæði tel ég nauðsynleg, og væri heppilegt að lögfesta svipað fyrirkomulag hér. A. m. k. finnst mér gengið allt of langt með fyrirmælum 1. málsgr. 1. gr. frv., sem hér liggur fyrir, þar sem beinlínis er boðið, að menn skuli leystir frá embætti þegar þeir eru fullra 65 ára. Sök sér væri það, ef stj. væri aðeins heimilt að segja upp 65 ára starfsmönnum, með hæfilega tilteknum fyrirvara, t. d. eins árs, en annars giltu svipuð ákvæði eins og í Danmörku, um að menn skyldu leystir frá störfum 70 ára gamlir. Sérstaklega verð ég að álíta, að þetta frv., ef að lögum verður, eins og til mun ætlazt, komi hart niður á þeim mönnum, sem nú eru við aldurstakmarkið eða komnir yfir það. Þetta dettur yfir þá svo fyrirvaralaust, að ég sé ekki annað en þeir séu beittir meira en harðræði, jafnvel gerræði, þar sem þeim er enginn frestur gefinn til þess að sjá heimili sínu farborða.

Hv. frsm. n. veik að því, að farið myndi verða mildilega að við þá menn, sem hlut eiga að máli, en að ekki myndi verða hægt að ganga frá því atriði í fjárl. nú. En þeir, sem leystir verða frá embætti á þessu ári, geta ekki beðið eftir þessari málalausn til næsta árs fjárl.

Hv. frsm. benti á, að gerð væri ívilnun til presta, og er það rétt, en þess ber að gæta, að hámark það, sem prestar geta fengið, er þeir fara frá embætti, er 1000 kr., og ætla ég, að það verði þeim mörgum lítill framfærslueyrir, einkum ef maðurinn er ekki nema fullra 65 ára, svo að hann geti enn átt fyrir óuppkomnum börnum að sjá. Verð ég því að telja hér óþarflega geyst af stað farið, og hefði verið eðlilegra, að ákvæði sem þessi yrðu sett í væntanleg launalög.

Það hafa komið fram brtt. frá meiri hl. n. og einstökum þm. við síðasta málsl. 1. gr. Er sýnilegt, að þeim, sem þar hafa fjallað um, ber ekki saman um ákvæði þau, er setja beri. Ég geri ráð fyrir, að þar sem hraða skal málinu svo mjög, muni ekki fást almennt samkomulag, en ég vil þó bera fram skrifl. brtt., er snertir þá hlið málsins, sem snýr að minni stétt.

Í síðasta málslið 1. gr. eru ákvæði þess efnis, að þetta taki ekki til opinberra fulltrúa, sem kosnir eru almennri kosningu. Nú er einn flokkur starfsmanna í landinu einmitt skipaður á

þennan hátt, og vil ég þá, að sá flokkur falli undir þennan málslið. Vil ég þó ekki ganga lengra en það, að óska, að 1. ákvæði 1. gr. nái ekki til þeirra. Ég tel rétt að heimila, að menn séu leystir frá starfi, er þeir hafa náð 70 ára aldri, en ekki fyrr. Vil ég því bera fram þessa skrifl. brtt. og lesa hana, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo:

„Við 1. gr. frv. Á eftir síðustu málsgr. komi: Eigi taka ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. heldur til þeirra starfsmanna, sem kosnir eru almennri kosningu“.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 731,II) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég lýsi óánægju minni yfir þeirri afgreiðslu, sem þetta mál ætlar að fá hér í d. Mér hefir virzt sem sumir hv. dm. ætlist til, að hv. Nd. lagfæri frv. Sé ég þó ekki betur en að þessi hv. d. sé einfær um að ganga sæmilega frá því. Ég er viss um, að málið hefði farið skaplega fram, ef hæstv. forsrh. hefði orðið við ósk minni um að fresta málinu til næsta dags og gefa hv. allshn. færi á að athuga það. Er þetta ekki í samræmi við traust það, sem ég hefi borið til hans, að hann hraðar svo málinu, að afgreiðsla getur ekki orðið sæmileg.

Ég greiði atkv. með brtt. hv. þm. N.-Ísf um, að aldurstakmarkið sé 68 ár, enda þótt ég sé ekki fyllilega ánægður með hana. En hún fer í rétta átt.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. N.-Ísf. felld með 9:6 atkv.

Brtt. 731,I samþ. með 8:4 atkv.
— 717 þar með ákveðin.
— 731,II felld með 8:6 atkv.
— 731,III felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JAJ, MG, MJ, ÞBr, ÞÞ, GL.
nei: IngP, JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, HG, HermJ, EÁrna.

Einn þm. (PM) fjarstaddur.

Brtt. 731,IV felld með 9:5 atkv.
— 731,V felld með 8:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:6 atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 732).

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 11. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Gunnar Thoroddsen:** Ég hafði búizt við, að hæstv. forsrh. gerði grein fyrir frv. (**Forsrh.:** Ég hefi fallið frá orðinu). Mér finnst vera ástæða til að ræða þetta mál nokkuð áður en því er vísað til n., og býst ég við, að allmiklar umr. geti orðið um það. Ég vildi því beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væri rétt að fresta umr. til morguns, vegna þess að komið er fram á nótt. Þetta er 1. umr., og þá mun vera venja að ræða málin almennt. (**JakM:** Það er ekki hægt að vísa málinu til n.).

**Forseti (JörB):** Það er hægt að fresta atkvgr. til morguns um að vísa því til n., og tel ég æskilegt, að umr. verði ekki við þessa 1. umr., heldur við 2. umr.

**Gunnar Thoroddsen:** Ég tel, að það fari eftir því, hvort hæstv. forseti gefur þá kost á að ræða málið almennt við 2. umr.

**Forseti (JörB):** Ég hefi nú ekki verið strangur á því og oftast leyft slíkar umr., og mun ég þá hvað fremur leyfa það nú, ef málinu verður hleypt áfram.

**Gunnar Thoroddsen:** Með skírskotun til ummæla hæstv. forseta get ég fallið frá orðinu.

**Forseti (JörB):** Ég bið hv. þdm. að minna mig á þetta loforð, ef ég skyldi gleyma því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 732, n. 783).

**Thor Thors:** Ég fæ ekki séð, hvernig verði hægt að ræða þetta mál. Ég sé ekki betur en hv frsm. meiri hl. allshn. vanti, og mér er ekki annað kunnugt en að hæstv. forsrh. þurfi að fara á fund í utanríkismálan. nú þegar.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Allshn. hefir tekið þetta mál fyrir, og að mér skilst, eru allir nm. sammála um höfuðatriði frv. 3 af nm., hv. 2. þm. Reykv., hv. 1. landsk. og ég, eru sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, en hv. 8. landsk. og hv. þm. Snæf. áskilja sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv.

**Thor Thors:** Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., felur það í sér samkv. 1. gr. þess, að víkja skuli úr embættum öllum opinberum embættis- og starfsmönnum, þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára, hvort sem þeir eru í þjónustu ríkisins, bæjar- eða sveitarfélaga eða stofnana, sem ríkið eða bæjar- og sveitarfélög ráða yfir. Þó er samkv. 2. mgr. 1. gr. heimilt, að þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem þykja til þess nógu ernir til líkama og sálar, séu látnir halda störfum sínum þar til þeir eru fullra 70 ára, en enginn má vera í opinberu embætti eða stöðu, sem eldri er.

Hér er um algert nýmæli að ræða í íslenzkri löggjöf. Það hefir verið svo hingað til, að embættismenn hafa fengið að sitja í stöðum sínum meðan þeir sjálfir hafa óskað og talið sig færa um að gegna störfum sínum. Það hefir verið litið svo á embættismannsstarfið, sem það væri æfilangt starf, og hugtakið embættismaður er beinlínis skilgreint þannig í stjórnlagafræðinni íslenzku, að þar sé átt við æfilangt starf.

Þetta frv. er nú flutt eftir tilmælum hæstv. dómsmrh. Það var lagt fyrir Ed., og hefir nú gengið sinn gang þar, en því fylgdi nokkur grg., og skal ég leyfa mér að víkja nokkuð að einstökum atriðum þeirrar grg. Þar segir m. a., að það hafi þótt með flestum þjóðum hentugt að ákveða aldurshámark opinberra starfsmanna, og að það sé nokkuð sitt á hvað, hve hátt það hafi verið sett í hinum ýmsu löndum, en víðast hvar sé hámarkið ýmist 65 eða 70 ár, en hvergi hærra en 70 ár, og t. d. sé aldurshámarkið í Danmörku 70 ár. Ég hygg, að þetta sé alls ekki rétt, að það sé aldurshámark opinberra starfsmanna hjá flestum þjóðum. Ég hygg einmitt að það sé undantekning, ef slík ákvæði eiga sér stað. Ég viðurkenni það, að það sé rétt, að í Danmörku gildi þetta hámark, 70 ár, og sömuleiðis mun þetta sama gilda í Noregi, en ég veit ekki önnur dæmi þess. Ég hygg, að það sé ekkert slíkt ákvæði t. d. hjá Svíum, og eru þeir þó í mörgum efnum taldir öndvegisþjóð meðal Norðurlandaþjóðanna. Ennfremur er mér fullkunnugt um það, að hjá Englendingum er t. d. ekkert aldurshámark, og Englendingar hafa einmitt að því er virðist, haft þá reglu, að skipa menn, sem komnir eru á efri ár, í hin æðstu embætti og valdamestu með þjóðinni. Það má t. d. minna á, að núv. forsrh. Breta, Mac Donald, er maður, sem er mjög við efri aldur, og ennfremur má minna á það, að einhver vandasamasta staðan, sem Englendingar ráða yfir, sem er sendikonungsstaða þeirra yfir Indlandi, — en svo minnir mig að Englendingar nefni hana, — er skipuð manni, Lord Willingdon, sem a. m. k. er kominn yfir 70 ára aldur. Og það má rekja þess fjöldamörg dæmi úr sögu Englendinga, að þeir menn, sem mestu hafa ráðið með þeirri öndvegisþjóð, hafa einmitt verið menn, sem hafa verið komnir mjög á efri aldur. Þannig má minna á það, að tvö síðustu valdatímabil Gladstone voru á þeim tíma, þegar hann var kominn upp undir og yfir áttræðisaldur. Ég þori að fullyrða það, að hjá Frökkum sé heldur ekkert aldurshámark, og það hefir verið mjög áberandi á ýmsum tímum í sögu frakknesku þjóðarinnar, hversu aldurhnignir menn það hafa verið, sem með æðstu völd hafa farið með þeirri þjóð. Þess er t. d. skammt að minnast, að Clemenceau, sem var um tíma langvoldugasti maður í Frakklandi, var kominn nær áttræðu, þegar völd hans voru mest með þjóðinni. Mér er heldur ekki kunnugt um það, að á Spáni sé neitt aldurshámark, og núv. forseti spanska lýðveldisins er mjög aldurhniginn maður. Ég veit ekki heldur til þess, að á Ítalíu sé neitt aldurshámark. Hefði þó kannske frekar mátt vænta þess þar en annarsstaðar, þar sem þjóðmál þeirra eru ekki háð almennri gagnrýni, eins og í lýðfrjálsum löndum, heldur farið eftir geðþótta eins flokks þar í landi, sem öllu ræður, sem sé Fasistaflokksins. Ég minnist þess ekki heldur, að hafa séð það, að þýzka nasistastjórnin hafi tekið upp neitt aldurshámark, og má þó um það land gilda hið sama og ég sagði um Ítalíu, að einn flokkur getur algerlega ráðið því, hver ákvæði og hvaða reglur gilda þar í landi.

Ég verð þess vegna að halda því fram, að það sé ekki rétt, sem segir í grg. þessa frv., sem hæstv. forsrh. mun bera ábyrgð á, að hjá flestum þjóðum sé eitthvert aldurshámark. Ég hygg einmitt, að það sé undantekning, ef svo er, og ég viðurkenni þær 2 undantekningar, sem gilda í Danmörku og Noregi. En þar er þetta bundið við 70 ár, en eigi við 65 ár, eins og ráðgert er í þessu frv.

Eigi nú að taka upp aldurshámark hér á landi, sem ég skal viðurkenna, að geti verið a. m. k. rannsóknarefni, þá fæ ég eigi séð, að ástæða sé til þess að hafa það lægra en hjá nágrannaþjóðum vorum, Norðmönnum og Dönum. Ég held, að Íslendingum sé ekki svo hnignað, að þeir endist verr en almennt gerist um menn meðal Norðmanna og Dana. En ég sé hinsvegar, að það er ástæða til þess að fara varlegar hér á landi en í þessum löndum, með tilliti til embættismannanna sjálfra. Og það tillit byggist á því, að hér á landi eru embættismenn yfirleitt lægra launaðir en hjá þessum nágrannaþjóðum okkar. Íslenzku embættismennirnir hafa þess vegna ekki sama tækifæri til þess að safna í fjársjóð til efri ára eins og stéttarbræður þeirra meðal nágrannaþjóða okkar ættu að hafa. Ég tel, að ef á að lögleiða hér eitthvert aldurshámark, þá verði að taka nokkurt tillit til þeirra manna, sem þetta mundi bitna á. Það er öllum vitanlegt, að efnahagur íslenzkra embættismanna er yfirleitt þannig, að þeir yrðu þess ekki megnugir að sjá sér sjálfir farborða í ellinni, ef svipta ætti þá stöðum sínum, og sérstaklega ef það yrði gert eins gersamlega fyrirvaralaust eins og ráðgert er í þessu frv., sem samkv. 4. gr. þess á að öðlast gildi þegar í stað, þ. e. a. s. innan fárra daga, og mennirnir eiga því að víkja úr stöðum sínum nú þegar 1. jan. 1935. Þetta ákvæði út af fyrir sig tel ég algerlega óviðunandi og til fyllstu smánar fyrir ríkisstj. að bera slíkt fram. Það vita allir hv. þm., að jafnvel þjónustustúlkur, sem ráðnar eru í vistir, hafa nokkurn uppsagnarfrest. Það er ekki hægt að reka þær úr vistinni að ósekju fyrr en lögákveðinn hjúaskildagi kemur. Hv. þm. vita það ennfremur, að með öllum atvinnustéttum í landinu ríkir nokkur uppsagnarfrestur. Það mun vera almenn venja, að verzlunarmenn hafi 3 mánaða uppsagnarfrest, og það mun vera nokkurn veginn ákveðin venja, að bifreiðastjórar hafi a. m. k. 1 mánaðar uppsagnarfrest. En þá menn, sem hafa fórnað lífi sínu í þágu íslenzka ríkisins, sem hafa unnið í þágu þess fram á elliár, á nú að flæma úr embættum sínum gersamlega fyrirvaralaust, og að því er bezt verður séð, reka þá miskunnarlaust út á gaddinn. Þetta tel ég til smánar fyrir ríkisstj. að bera fram. Embættismenn í þjónustu ríkisins eiga heimt-

ingu á uppsagnarfresti eins og aðrir starfsmenn. Þeir eiga því meiri kröfu til þessa, sem alltaf hefir verið litið á embættismannsstarfann sem æfilangan starfa. Hvað myndi bíða þessara manna, ef fara á að vísa þeim úr stöðum sínum, eins og frv. gerir ráð fyrir? Þeir hafa að vísu lagt fé í lífeyrissjóð embættismanna. Sá sjóður er nú ekki nema 13 eða 14 ára gamall. Hann er svo til kominn, að ríkið hefir einu sinni lagt honum til 50 þús. kr., en annars hefir hann fengið fé sitt með því, að árlega hefir verið tekinn til hans ákveðinn hluti af launum embættismanna. Er hann nú um 1 millj. kr. að upphæð. Hlutur þessara manna yrði sá, ef ekkert annað væri gert þeim til styrktar, að þeir fengju um 80 til 100 kr. í eftirlaun á mánuði. Margir þeirra eru fjölskyldumenn, og eiga margir óuppkomin börn, sem þeir styrkja til náms í ýmsum skólum. Allir hafa þeir skapað sér lifnaðarháttu út frá þeim efnahagslegu skilyrðum, sem embættið veitti, í trausti þess, að þeir fengju að halda því. En fyrirvaralaus brottrekstur hindrar þá í því að breyta lifnaðarháttum sínum svo sem nauðsynlegt er, ef þeir verða sviptir starfi og tekjum. Þessir menn hafa t. d. allir leigt sér húsnæði í samræmi við embætti sitt og laun. Ef frv. verður samþ., verða þeir að fara úr embætti 1. jan. 1935, en þeir geta ekki losnað við húsnæði sitt fyrr en í fyrsta lagi 14. maí næstk. Væru það a. m. k. ekki óeðlileg eða of mikil verðlaun til þessara aldurhnignu embættismanna, sem velflestir hafa gegnt starfi sínu dyggilega á undanförinni æfi, að þeir fengju slíkan frest, að þeir gætu sagt upp húsnæði því, er þeir hafa.

Ég hygg, að það ætti að vera öllum ljóst, að hér er næsta fantalega að farið gagnvart þessum mönnum, en tillitið til þeirra er annað sjónarmið þessa máls. Hitt sjónarmiðið er það, hversu mikinn kostnaðarauka þetta hefir í för með sér fyrir ríkissjóð. Má gera ráð fyrir, að einstaka þm. og e. t. v. nægilega margir myndu vilja sjá fyrir þessum gömlu embættismönnum, svo sem hingað til hefir verið siður, með því að taka upp í fjárl. nokkurn styrk til þeirra. En ég álít, að til þess að þessir þm. geti gert sér fulla grein fyrir frv., þurfi að liggja fyrir skýrsla um það, til hve margra embættismanna það tekur.

Hæstv. forsrh., sem ber fram frv., ætti að sýna málinu þann sóma að vera viðstaddur í d., meðan verið er að rökræða það. Vík ég því til hæstv. forseta, að svona fundir eru harla þýðingarlitlir og þinginu beinlínis til skammar. Hér er um stórvægilegt ágreiningsmál að ræða, en þeir, sem bera það fram, vilja ekki hlusta á rök í málinu. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort hann telur yfirleitt fundarfært í d. (**Forseti:** Það var fundarfært, þegar fundur hófst. Býst ég við, að hv. þm. séu ekki langt í burtu). En þetta er ekki meira en það, sem maður á að venjast í seinni tíð.

Hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur til að gefa þessa skýrslu, svo að hv. þm. geti áttað sig á, hversu viðtækt frv. er. Þessi skýrsla þarf að upplýsa, hve margir embættismenn eru nú komnir yfir 65 ára aldur og hve margir yfir 70 ára.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar, að hér væri um nýmæli að ræða í íslenzkri löggjöf. Ég skal viðurkenna, að samkv. 56. gr. stjskr. — í grg. stendur 57. gr., en á að vera 56. gr. — má veita dómurum hæstaréttar lausn frá embætti, þegar þeir eru orðnir 65 ára að aldri, en eigi skulu þeir þó missa neins í af launum sínum. En hér er um algert undantekningarákvæði að ræða. Hæstaréttardómarar eiga að halda fullum launum, eftir að þeir eru farnir frá embætti, og mega allir sjá af því, hvílíkur munur er á hlutskipti þeirra og hinna, sem frv. fjallar um. Í grg. er sagt, að í stjskr. sé gert ráð fyrir, að mönnum sé vísað úr embætti, er þeir eru komnir yfir 65 ára aldur. Þetta er algerlega rangt. Þetta ákvæði stjskr. er hreint undantekningarákvæði, sem er til styrktar þeirri reglu, að embættismannastarfinn sé yfirleitt æfilangur. Þeim lögfræðingi hefir því skjátlazt, sem samið hefir grg., hvort sem það er hæstv. forsrh. eða einhver starfsmaður hans.

Ég veit líka, að það eru til ákvæði í starfsreglum íslenzkra fyrirtækja, t. d. Landsbankans, um að menn skuli fara frá embætti, er þeir hafa náð 65 ára aldri. En þessum starfsmönnum er ávallt gefinn eins til tveggja ára frestur. Og það er ennfremur vitað, að starfsmenn Landsbankans hafa betri launakjör við að búa en starfsmenn ríkisins yfirleitt. Þessi ákvæði bitna því ekki eins hart á þeim og almennum starfsmönnum ríkisins.

Ég tel óheppilega mikið vald lagt í hendur ráðh. samkv. 1. gr. frv., auk þeirrar óþægilegu aðstöðu, sem embættismenn á aldrinum 65—70 ára hafa samkv. þeirri gr. Eins og ég gat um áðan, á það að vera aðalreglan, að embættismenn fari frá 65 ára, en þó getur ráðh. gefið þeim, sem þykja nógu ernir til líkams og sálar, heimild til að sitja til 70 ára aldurs. Þarna er ráðh. gefið vald til að úrskurða mann úr embætti hvenær sem er á aldrinum 65—70 ára og hvernig sem á stendur. Má nota þetta ákvæði allóþyrmilega og harðdrægt af hendi óbilgjarnrar ríkisstj. Ég get ímyndað mér, að ekki yrði þarna alltaf litið á heilsuna eina, og yrði sennilega stundum frekar spurt um hina pólitísku heilsu, hvernig hún væri að dómi ráðh. Sjá allir, hvernig slíkt vald má misnota.

Ég þykist nú hafa bent á, að þetta frv. er ekki svo undirbúið sem skyldi. T. d. vantar allar upplýsingar um það, til hve margra embættismanna það nær. Enn vantar upplýsingar um það, hvað stj. ætlar að gera til styrktar þeim mönnum, sem þannig verða sviptir embætti.

Ég þykist ennfremur hafa bent á, að það er óviðeigandi, harðneskjulegt og jafnvel smánarlegt af ríkisvaldinu að ætla þannig að flæma úr starfi menn, sem búnir eru að starfa vel og dyggilega fyrir ríkið, e. t. v. alla æfi, og það alveg fyrirvaralaust. Ég hefi hinsvegar vikið að því, að það er fullkomið rannsóknarefni og íhugunarmál, hvort við eigum að taka upp aldurshámark, enda þótt einstaka þjóð, eins og Danir og Norðmenn, hafi gert það. Málinu liggur a. m. k. ekki svo mjög á, að því þurfi að flaustra af nú í þinglokin, jafnvel svo, að menn þurfi að ræða það yfir tómum stólum. Það verðskuldar

meiri rannsókn en þá, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., og þar sem líkur eru til, að þing komi aftur saman eftir fáa mánuði, sé ég ekki betur en að menn geti beðið þangað til.

Ég vil því, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp svo hljóðandi rökst. dagskrá:

**„Þar eð eigi eru fyrir hendi nægar upplýsingar um það, til hversu margra embættis- og sýslunarmanna frv. þetta tekur, né á hvern veg yrði séð fyrir þessum mönnum, ef þeir yrðu sviptir störfum sínum, og þar eð það verður að teljast skylda ríkisvaldsins að veita starfsmönnum sínum nokkurn uppsagnarfrest, svo sem tíðkast á öllum sviðum einkarekstrar, telur deildin rétt að fresta þessu máli til næsta þings og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“**

Ég vænti, að þessi rökst. dagskrá komi hér til umr. og athugunar ásamt frv. sjálfu.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Eitt af því, sem hv. þm. Snæf. fann sérstaklega að, var það, hve fáir menn væru í d. Þessar stöðugu endurtekningar til birtingar í Alþt. eiga sér alveg ákveðinn tilgang. Oft hafa áður verið færri viðstaddir á þingi en t. d. nú. Og ég ætla að láta það koma fram, að ég hefi verið viðstaddur inni í ráðherraherbergi allan tímann, sem hv. þm. talaði, og hlustað á ræðu hans. Annars er alltaf nokkur hætta á, þegar beitt er því, sem kallað er málþóf, að andstæðingarnir hlusti ekki á þau rök, eða réttara sagt rökleysur, sem bornar eru fram. Það sagði mér vel metinn bæjarmaður ekki alls fyrir löngu, að við þingmeirihl. hefðum lært af meiri hl. bæjarstj. Rvíkur, því að þegar svæsnar umr. eru í bæjarstj., þá fer meiri hl. inn í sérstakt herbergi innar af fundarsalnum og kemur ekki aftur fyrr en umr. er lokið.

Í máli því, er fyrir liggur, er fyrsta spurningin sú, hvort setja beri svona l. eða ekki. Ég skildi ekki til fullnustu, hvort hv. þm. Snæf. væri því fylgjandi eða ekki. Mér skildist hann telja það hreina undantekningu, ef við færum að setja l. um aldurshámark embættismanna. Hann benti á, að til hefðu verið meðal erlendra þjóða margir vel starfshæfir menn, og það eftir að þeir voru búnir að ná hærra aldri en 65—70 ára. Það sannar ekki annað en það, að alltaf eru til undantekningar. Það er ekki til neins að vera að benda á menn eins og Clemenceau og Gladstone, sem sköruðu fram úr sinni samtíð að þreki. Hér er verið að smíða reglur um okkar starfsmenn, og verður þar að miða við hið almenna. Þetta hafa nágrannaþjóðir okkar gert, og við líka með ákvæðunum í hæstaréttarl., sem sýna, að við treystum ekki mönnum, sem orðnir eru eldri en 65 ára, til að vinna sæmilega störf sín þar. Sama er að segja um Landsbankareglugerðina. Störfin í Landsbankanum eru svo almenn, að við þau má miða að talsverðu leyti önnur embættisstörf. Þessi störf eru að miklu leyti falin í bókfærslu, eins og hjá sýslumönnum og fleiri starfsmönnum ríkisins. Við höfum því slegið þessu föstu í tveim stofnunum landsins, og væri ekkert óeðlilegt, þótt sett væru l. um aldurshámark embættismanna í öðrum stöðum líka.

Það er auðvitað ekki annað en misskilningur, að menn hljóti embætti til lífstíðar. Embættismönnum má segja upp sem öðrum. Og þannig er okkar löggjöf í þessum efnum. Hitt er ekki annað en gömul trú. Það þýðir heldur ekki neitt að benda á, að ekki megi setja l. um uppsögn manna, sem eru bilaðir að starfskröftum, af því, að þeir hafi þá ekki næg eftirlaun. Ef það er rétt, sem ég held fram, að starfskrafturinn sé almennt farinn að bila á þessum árum, þá er það þjóðfélagsins að sjá fyrir þessum mönnum, er þeir fara að hvíla sig, og ef þeim er ekki séð fyrir nægilegum eftirlaunum, þá er það Alþingis á hverjum tíma að veita þeim hæfilegan lífeyri, ekki sízt nú, þar sem segja má, að þeir verði nokkuð hart úti. Það getur orðið þjóðfélaginu dýrara að hafa í störfum gamla menn, sem ekki eru lengur starfshæfir, en að greiða þeim sæmileg eftirlaun. Það hefir hvað eftir annað komið fyrir, að menn, sem hafa rækt starf sitt ágætlega alla æfi, hafa farið frá með smán, af því að starfskraftarnir voru svo bilaðir, að þeir gátu ekki lengur valdið starfinu. Ég þarf ekki að nefna nein dæmi. En þarna er um beint ranglæti að ræða gagnvart þessum mönnum.

Í hinni rökst. dagskrá segir, að ekki liggi fyrir nægjandi upplýsingar í málinu, t. d. um það, hversu margir embættismenn verði að fara frá, ef l. ganga í gildi. En Mgbl. hefir nú birt skrá um þetta frá Pétri Zóphóníassyni, aðstoðarmanni hagstofunnar. Sjálfstæðismenn í Ed. báðu mig um skrá yfir þessa menn, og lofaði ég að láta útbúa hana. En þegar þessi skrá kom í Mgbl., benti ég þeim á hana, og lýstu þeir yfir því, að þeir gerðu sig ánægða með þá skýrslu. Geri ég ráð fyrir, að þessi hv. þm. geri sig líka ánægðan með þessar upplýsingar og telji Mgbl. nægilega góða heimild. En ég ætla ekki um það að dæma, hversu áreiðanlegar þessar upplýsingar eru. Þess má geta, að þessi skrá upplýsti, að margir þessara manna væru komnir yfir sjötugt og orðnir gersamlega óstarfhæfir og eru margir þeirra farnir úr störfum fyrir elli sakir. Veit ég t. d. um 2 presta, sem farnir eru úr störfum. Ég hefi meira að segja heyrt þá röksemd, að óþarfi sé að setja þetta aldurstakmark, því að yfirleitt séu menn farnir úr störfum um sjötugt.

Ég viðurkenni, að þeir eigi að fara fyrirvaralaust, þó að ég leggi minna upp úr því en hv. þm. Snæf. Ég vil benda á, að það felst í ákvæðum frv., að embættismenn fari ekki frá störfum fyrr en t. d. að loknu skólaári. Þó að ég viðurkenni, að það hefði mátt orða ákvæðið nákvæmar, þá tel ég, að það komi ekki að sök, þar sem því hefir sérstaklega verið yfir lýst, að sá skilningur sé lagður í ákvæðið. Ég vil minna á það, að ef þetta þykir verulegur galli á frv., þá mun ég bíða og sjá, hvernig því miðar áfram, og ef nægur tími vinnst til þess að koma málinu áfram, þá lagfæra það við 3. umr. og láta það fara aftur til Ed.

Það hefir komið fram till. til rökst. dagskrár, þar sem er farið fram á að láta málið bíða til næsta þings. En ef menn hafa á annað borð tekið afstöðu til þessa máls, og ef það er réttlátt, þá er það engu réttlátara á næsta þingi. Ef

reglan er rétt, þá álít ég, að það eigi tvímælalaust að ákveða aldurshámark embættismanna, og þá er engu síður rétt að gera það á þessu þingi en því næsta. Ef l. eru framkvæmd þannig, að þeir, sem eru í miðju starfsári, verða ekki látnir fara fyrr en því er lokið, þá er fyrirvarinn engu minni en þó að l. gengju í gildi í júlí, því þá stendur eins á, að þeir yrðu að fara. Einu atriði, sem minnzt hefir verið á, hefi ég komið örlítið að áður, en það eru eftirlaun þessara manna. Þetta er dálítið atriði, því það er ómögulegt að neita því, að eins og löggjöfin er nú, en hún er frá 1921, þá eru eftirlaun þeirra manna, sem komnir eru á efri aldur og fara úr embættum, svo lítil, að þeir eru tiltölulega illa settir, þar sem þeir eru ekki búnir að vinna sér inn eftirlaun nema stuttan tíma, eða frá því að l. frá 1921 gengu í gildi. Það er ekki annað að gera en þingið verður að taka afstöðu til þessa máls á hverjum tíma, og þá eru þessir menn ekki verr settir en aðrir, sem búnir eru að vinna sér inn há eftirlaun. Reynslan hefir verið sú, að yfirleitt hefir betur verið farið með þá menn, sem hafa fengið eftirlaun sín ákveðin af þinginu, en hina, sem hafa fengið þau samkv. launal. Það er rétt, sem hv. þm. Snæf. minntist á, að embættismönnum er veittur eftirlaunaréttur, en viðvíkjandi tilfinningunni fyrir því, að eftirlaun þessara manna séu lág, en þau eru þetta frá 1500—1800 kr. á ári, þá vil ég segja það, að við finnum ekki til þess, þó að aðrir, sem starfað hafa í þjónustu ríkisins alla ævi, svo sem t. d. vegavinnumenn, fái engin eftirlaun, en þannig er ástatt með fjölda starfsmanna bæði hjá ríkinu og einstaklingum. En menn hafa sérstaka tilfinningu fyrir embættismönnunum og þykir þetta slæm meðferð á þeim, þó að þeir séu fram að sjötugu búnir að taka miklu hærri laun en aðrir, sem engin eftirlaun fá. Menn mega ekki láta þessa tilfinningu fyrir sérstakri stétt blekkja sig. Það er tilætlunin að koma á almennri tryggingarlöggjöf á næsta þingi, en í raun og veru hafa embættismenn ekki meiri rétt til eftirlauna en margir aðrir starfsmenn ríkisins. Ég vil segja fyrir mig sem embættismann, að ég tel mig ekki hafa unnið þarfara verk síðan ég varð embættismaður en áður, meðan ég vann algenga vinnu. En flestir okkar finna ekki sérstaklega til þess, þó aðrir en embættismenn þurfi að fara á sveitina.

Ég vil svo að endingu mælast til þess, að hin rökst. dagskrá verði felld og frv. látið ganga áfram.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. var eitthvað að gera að umtalsefni umr. á fundum bæjarstj. Rvíkur. (**Forsrh.**: Var það ekki rétt frá skýrt?). Jú, að vissu leyti var það. Það hefir tíðkazt nokkuð síðan farið var að halda bæjarstjórnarfundi í kaupþingssalnum, að einstakir fundarmenn hafa farið inn í afherbergi. En það er ekki mikil ástæða til að finna að þessu. Þó að menn sitji í þessum afherbergjum, þá geta þeir heyrt hvert orð í fundarsalnum. En hér er kvartað yfir því, að menn fara undir vissum kringumstæðum út úr húsinu og skáka í því skjóli, að málið verði ekki borið undir atkv. Þetta þekkist ekki á fundum bæjarstj. Rvíkur. Ég man ekki eftir neinu tilfelli, þar sem bæjarfulltrúi hefir gengið af fundi og látið sig vanta meðan á umr. stóð. Ég man ekki eftir, að það hafi komið fyrir, að menn hafi farið af fundi og komið svo aftur til þess að greiða atkv. Þetta er alveg sérkennilegt fyrir hið háa Alþ. Í þessu sambandi vil ég vekja máls á því, að það væri æskilegt, að það gæti orðið að samkomulagi að gera þá breyt. á þingsköpum Alþ., að atkvgr. fari fram strax að loknum umr. Það er sannarlega óviðkunnanlegt, að þeir, sem hafa mál að flytja, séu neyddir til þess að ræða þau fyrir tómum stólum. En ef þingsköpunum væri breytt, þá væri ekki hægt að fara þessu fram, þá yrðu þm. að sætta sig við að vera svo nálægt, að þeir geti heyrt það, sem fram fer. Að þessu leyti held ég, að hæstv. forsrh. verði að taka aftur samanburð sinn á bæjarstj. Rvíkur og hinu háa Alþ. En hinu þori ég ekki að neita, að meiri hl. bæjarstj. Rvíkur kunni á stundum að láta sumum ræðum andstæðinganna ósvarað. Það er auðvitað ekkert við því að segja, enda hefir ekki verið kvartað yfir því hér. Það er líka algengt í þessari hv. d., að stjórnarandstæðingar halda ræður um málin, sem hvorki ráðh. né fylgismenn stj. telja sér skylt að svara. En það er ekki hægt að setja reglur um þetta eða skylda menn til neins í þessum efnum.

En viðvíkjandi þessu máli, sem hér er til umr., skal ég játa, að ég álít það hafa töluvert til síns máls. Það verður af mörgum ástæðum að teljast eðlilegt að setja ákvæði um það, hvenær embættismenn og starfsmenn ríkisins eigi að láta af störfum. Þó að ég sé fullkomlega sammála þeim, sem vilja athuga þetta, þá er óviðunandi að setja lagaákvæði um þetta gersamlega undirbúningslaust að öllu leyti. Mér finnst, að embættismenn og starfsmenn hins opinbera eigi heimtingu á að njóta fyrirvara um það, hvenær þeir láta af störfum. En þegar lögleiða á svona nýmæli, þá eiga menn heimtingu á að fá undirbúningstíma til að búa sig undir að missa stöðu sína. Þeir eiga heimtingu á að fá ekki aðeins venjulegan fyrirvara um uppsögn á starfi, heldur líka frekari undirbúningstíma.

Ég játa, að það geti verið nauðsynlegt að hafa heimild í l. til þess að leysa þá menn frá störfum, sem ekki eru færir um að gegna þeim. Þetta getur komið fyrir, en það munu vera færri tilfelli, þar sem það er brýn nauðsyn, enda þá oftast hægt að ná samkomulagi. Það er líka ástæða til þess að menn, sem eru orðnir svo háaldraðir, að gera má ráð fyrir því, að lífsstarfi þeirra sé um það bil lokið, rými fyrir yngri mönnum. Það er vitanlegt, að það er fjöldi ungra manna, sem hefir búið sig undir að vinna í opinberri þjónustu, en komast hvergi að. Það er ástæða til þess, ef unnt er, að greiða fyrir því, að þessir menn geti fengið eitthvað að starfa. Að þessu leyti get ég fallizt á hugsun frv., þó því aðeins, að l. séu framkvæmd með mannúð og skilningi á högum og ástæðum þeirra manna, sem l. eiga að bitna á. En ég tel, að ekki sé séð fyrir því í þessu frv. Eftirlaunakjör embættismanna eru svo léleg, að þess er ekki að

vænta, að menn geti komizt af með þann styrk, og því tel ég sjálfsagt, að veittur sé nokkur frestur á framkvæmd l., svo að þeir menn, sem þetta á að koma fram við, fái frest til þess að undirbúa sig undir að sjá sér farborða, eftir því sem unnt er. Ég tel þess vegna rétt að bera fram brtt. við frv., sem hnigur í þá átt, að fresta framkvæmd l. til 1. jan. 1937, og vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta hana, í þeirri von, að hann leiti afbrigða fyrir henni, þar sem hún er skrifl. og ekki borin fram með nægum fyrirvara.

Ég skal játa, að ég tel þann frest of stuttan, sem brtt. fer fram á, því það er varla viðeigandi styttri frestur en 5 ár frá því að l. ganga í gildi. En ég vildi sjá, hvaða undirtektir þessi hugmynd fær, og ef hún verður samþ., þá mætti athuga milli umr., hvort samkomulag gæti orðið um að hafa frestinn lengri, hvort sem það nú verða 5 ár eða skemmri tími. Mér finnst þetta sanngirnismál, og ég er sannfærður um, að embættismennirnir sætta sig betur við löggjöfina, ef þessi brtt. verður samþ. En það er augljóst, að það getur ekki verið höfuðatriði, hvort l. koma til framkvæmda á þessu ári eða nokkru síðar. Mér skilst, að það muni vera aðalatriðið fyrir hæstv. stj., að því sé slegið föstu, að svona skuli það vera framvegis. Ef þess er að vænta í nokkru máli, að stj. og stuðningsmenn hennar fáist til viðtals um sanngjarnlega lausn að nokkru máli, þá ætti það að vera í þessu máli. Þetta mál er þannig vaxið, að hér kemur til greina almenn mannúðartilfinning, og ég ætla, að hæstv. stj. og stuðningsmenn hennar séu gæddir henni nægilega mikilli til þess, að þeir geti tekið þetta mál til sanngjarnlegrar afgreiðslu.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 3. þm. Reykv.:

„4. gr. orðist svo: Lög þessi koma til framkvæmda 1. jan. 1937."

Þessi brtt. er bæði skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 842) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 732, n. 783, 842).

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Snæf. felld með 17:16 atkv.

1. gr. samþ. með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, JörB.

**nei:** GSv, GÍ, GTh,[1]) HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT,[2]) ÁÁ,[3]) GÞ.

2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 842 felld með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ.[4])

**nei:** EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, JörB.

4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 17:10 atkv.

**Forseti (JörB):** Út af ummælum og greinargerð hv. þm. Snæf. vil ég geta þess, að ég hafði ákveðið fund kl. 8½ um kvöldið, en þá var þessi hv. þm. ekki mættur. Beið ég því eftir honum þar til kl. vantaði 12 mín. í 9, og lét meira að segja leita að honum um húsið, en hann fannst hvergi. Skeyti hafði ég heldur ekkert fengið frá honum um að bíða, og sleit ég því umræðunni. Við næstu umr. málsins skal ég aftur hlusta á hv. þm. eins og hann vill, og vænti þess, að við séum þar með sáttir.

**Thor Thors:** Út af ummælum hæstv. forseta vil ég geta þess, að á leiðinni hingað ofan eftir hitti ég góðkunningja minn og tafðist lítilsháttar við að tala við hann, enda datt mér ekki í hug, að hæstv. forseti myndi beita slíku hrekkjabragði, að slíta umr. um þetta mikilsverða mál svo fljótlega. Læt ég svo útrætt um þetta, en vil benda hv. þm. á að lesa fyrir 3. umr. þessa máls bók Cato major: De Senectute og æfisögur þeirra Jóns Sigurðssonar og Hindenburgs.

— — — —

Á 63. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 732).

**Forseti (JörB):** Það er of skammt liðið frá 2. umr. þessa máls, og vil ég spyrja hv. d., hvort hún vill veita afbrigði, svo að málið megi koma til umr.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég vil aðeins, vegna þess að málið hefir verið í allshn., geta þess, að það hafa verið reyndar allar mögulegar leiðir til þess að fá samkomulag við forsrh. og Alþfl. um málið, en það hefir ekki tekizt. Þetta mál er rekið fram með offorsi miklu, án þess að það liggi fremur á að samþ. það á þessu þingi heldur en á næsta þingi. Vegna þeirrar and-

1) **GTh:** Ég er að vísu samþ. því, að sett verði ákvæði um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, en sakir þess hve harkalega er farið að hinum öldruðu mönnum með þessu frv., þar sem á að setja þá frá fyrirvaralaust og á sultareftirlaun, þá segi ég nei.

2) **TT:** Ég hafði kvatt mér hljóðs undir umr. um þetta mál, en vegna þess að ég var ekki mættur á því augnabliki, sem forseti tók málið fyrir, þá sýndi hann þá röggsemi að slíta þegar umr. Ég minnist ekki slíkrar röggsemi hjá hæstv. forseta fyrr. Um frv.gr. segi ég nei.

3) **ÁÁ:** Í sjálfu sér er ég samþ. meginhugmynd frv., um aldurshámark embættis- og starfsmanna ríkisins, en aðeins sem heimild, sem grípa megi til, ef á þarf að halda. En þar sem ekki er í frv. séð nægilega fyrir embættismönnunum, þegar þeir eiga að hætta, og fleiri ákvæði eru þar, sem ég tel athugaverð, þá segi ég nei.

4) **ÁÁ:** Ég segi já við brtt. þessari, sem felur það í sér, að fresta framkvæmd laganna fram yfir næsta þing. Þar fyrir get ég á næsta þingi fylgt þeirri endurbót á frv., að það gangi ekki í gildi fyrr en um áramót 1935—1936.

stöðu, sem fram hefir komið frá hæstv. forsrh. gegn því, að hægt yrði að komast til samkomulags um þetta mál, þá mun ég fyrir mitt leyti ekki samþ. afbrigði.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég hefi ekkert við því að segja, þó að ekki verði samþ. afbrigði, svo að málið megi koma fyrir nú. En vegna þeirra ummæla, að reynt hafi verið með öllu móti að fá samkomulag um það, þá vil ég svara því, að þetta er að mestu leyti rangt. Það hefir einmitt verið tekið fram af minni hálfu, að það er ekkert því til fyrirstöðu að ganga þannig frá frv., ef tími vinnst til, að fella niður síðustu gr. þess, um að l. taki þegar gildi, en að gerð verði sú breyt., að l. gangi ekki í gildi fyrr en 3 til 4 mánuðum eftir áramót. Og í öðru lagi hefi ég ekkert á móti því, að samþ. verði brtt., sem hér er á ferðinni, um það, að embættismenn fari frá störfum á þeim tíma árs, er þeir verða sjötugir, sem hentugast er.

ATKVGR.

Afbrigði til að taka málið til meðferðar leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 10:18 atkv.

Á 64. fundi í Nd., 19. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 732, 856, 868, 889).

**Thor Thors:** Það má sennilega segja um þetta mál, eins og reyndar flest mál, sem þetta þing hefir haft til meðferðar, að það hafi lítla þýðingu fyrir okkur sjálfstæðismenn að rökræða það og benda á missmíði þess og ranglæti, því það virðist regla á þessu þingi, að því greinilegar sem bent er á gallana, því fiknara virðist stjórnarliðið í að koma málunum fram, og þeim mun betri rök sem færð eru fyrir því, að málið sé óheillavænlegt og því eigi að fella það, því meira kapp er lagt á að koma því fram. Og um þetta mál er það að segja, að það virðist engin undantekning frá þessari reglu. Hæstv. forsrh. hefir tekið það að sér og sækir það með slíku ofurkappi, að það er engu líkara en glímukóngurinn sé nú kominn upp í honum, þó að hann eigi hér ekki við sterkari andstæðinga en embættismenn, sem slitið hafa sér út í þjónustu ríkisins og eru orðnir 65—70 ára gamlir. Það má vera, að hinum forna glímukonungi, hæstv. núv. forsrh., þyki frækilegt að leggja slíka menn að velli, og ef svo er, þá óska ég honum til hamingju með þann frama. Það verður að fyrirgefa okkur sjálfstæðismönnum það, þrátt fyrir þá reglu, sem hér virðist ríkjandi, að hafa orð okkar að engu, að við munum ekki láta það hafa áhrif á þá aðstöðu okkar, sem málfrelsi, þingsköp og þjóðarvilji hefir skapað okkur. Og þó að við vitum, að rök okkar séu hér lítils metin af andstæðingum okkar, þá vitum við, að það er skylda okkar gagnvart þjóðinni að láta skoðun okkar koma skýrt fram. Annars verð ég að segja, að það er hættulegur leikur hjá þessum flokkum, sem vilja skreyta sig með lýðræðisnafninu, að beita meirihl.valdi sínu eins og þeir hafa gert hér. Það er alveg sama, hvað þörf og skynsamleg till. hefir komið frá okkur sjálfstæðismönnum á þessu þingi, það hefir alltaf verið ákveðið fyrirfram, að hún skuli drepin. Þetta er ekki til þess að auka virðingu þjóðarinnar fyrir þinginu, auk þess sem þetta er hættulegur leikur, sem mun fyrr eða síðar hefna sín á þessum sömu þm.

Það voru ýms atriði í síðustu ræðu hæstv. forsrh., sem ég þarf að svara. Ég átti ekki kost á því að taka aftur til máls við þá umr., en ég mun nú rekja efni máls hans. Eins og menn rekur kannske minni til, sagði hann, að við sjálfstæðismenn hefðum yfir engu að kvarta, þó að fáir sætu í þingstólunum og hlustuðu á okkur, því slíkt hefði oft komið fyrir á undanförnum þingum, og hefði hann verið sjónarvottur að því. Ég hefi oft verið viðstaddur þingfundi á undanförnum þingum, en ég hygg, að það hafi aldrei kveðið eins mikið að vanrækslu í þessum efnum og nú. Ég hefi að vísu aðeins setið á einu stuttu aukaþingi, en ég man ekki eftir, að menn gerðu sér þá leik að því að fara út úr þingsalnum, þegar andstæðingarnir tóku til máls. Hæstv. forsrh. kvaðst hafa verið viðstaddur fyrri ræðu mína. Það getur vel verið, en ég sá hann ekki, enda er ókleift að standa í þingsæti sínu og halda ræðu, en verða jafnframt að eltast við hann um króka og kima þinghússins. Ég verð að telja skyldu hæstv. ráðh. að vera viðstaddur, þegar rætt er mál, sem hann flytur og sækir af slíku kappi, hvað sem annars líður málflutningi hans. Orðið „málþóf" er nú orðið svo margtuggið, að það er eins og hv. þm. stjórnarflokkanna séu búnir að fá það á heilann. Hæstv. forsrh. fór strax að tala um málþóf eftir að ég hafði flutt eina ræðu sem frsm. minni hl. allshn. Ég verð að segja, að ég skil ekki, hvaða málfrelsi er hér, ef frsm. n. má ekki tala einu sinni án þess að honum sé brigzlað um málþóf. Hann sagði, að það væri leikur stjórnarliða gegn málþófinu að hlusta ekki á okkur. Þeir hafa nú leikið það oft á þinginu, en það gerir okkur sjálfstæðismönnum ekkert til, því að orð okkar eru ætluð sanngjarnari mönnum en fulltrúum stjórnarflokkanna hér á þingi. Ég hygg, að það verði áður en lýkur verst fyrir þá sjálfa að hafa ekki viljað hlusta á mál okkar og svara því eins og oftast hefir verið fyllsta nauðsyn fyrir þá að gera.

Hæstv. forsrh. sagðist ekki hafa getað skilið af ræðu minni, hvort ég væri fylgjandi aldurshámarki eða ekki. Ég gat þess, að ég teldi það rannsóknarefni, hvort við ættum að taka okkur Dani og Norðmenn til fyrirmyndar, en það eru þær tvær nágrannaþjóðir okkar, sem tekið hafa upp aldurshámark. Ég taldi, að málið væri þess eðlis, að engin ástæða væri til þess að flaustra því af núna í þinglokin. Ég sagði, að það gæti og ætti að bíða til næsta þings. En það, sem við sjálfstæðismenn höfum sérstaklega á móti þessu frv., er hin kaldranalega aðferð gegn einstökum embættismönnum, sem kemur þar fram og er til ósóma fyrir ríkisstj.

Hæstv. forsrh. staðhæfði, að vegna þess að við tvær stofnanir gilti 65 ára aldurshámark, þá væri fullkomin ástæða til að lögleiða það almennt. Ég vék að því í fyrri ræðu minni, að þó að slík ákvæði giltu við þessar tvær stofnanir,

Hæstarétt og Landsbankann, þá horfði málið þar öðruvísi við. Hæstaréttardómarar, sem eiga að fara frá eftir 65 ára aldur, njóta fullra launa, og með starfsmenn Landsbankans hefir þeirri reglu verið fylgt, að þeir hafa fengið 1—2 ára frest áður en þeir eru látnir fara, og er það ólíkt því, sem ætlazt er til í þessu frv. En það nær engri átt, að slegið sé föstu sem almennri reglu því, sem er framkvæmt í tveimur undantekningartilfellum. Hæstv. forsrh. sagði, að ríkisstj. gæti sett ákveðnar reglur um það að reka menn úr embættum hvenær sem er. En þetta er misskilningur, því embættismenn eru ráðnir æfilangt. Ég veit, að hæstv. forsrh. minnist þess, ef hann krefur málið til mergjar, að hafa numið það í lagadeild háskólans, að það er byggt á því sem almennri reglu, að embættismenn séu ráðnir æfilangt. (**Forsrh.**: Hvar eru þau lög). Ég fjölyrði nú ekki um það, en bendi á það, að í stjórnlagafræði Lárusar H. Bjarnasonar stendur um embættismenn á bls. 275: „Starfið verður að vera veitt *manni um óákveðinn tíma*, og er vanalega veitt manni æfilangt.“ Þetta er sú almenna regla, sem byggt er á. Þessu er slegið föstu af Lárusi H. Bjarnasyni. Þetta er einnig skoðun hins danska stjórnlagafræðings Matsens, og þetta er ennfremur skoðun núv. prófessors í ríkisrétti, Bjarna Benediktssonar. Með allri virðingu *fyrir lögfræðiþekkingu* hæstv. forsrh., þá verð ég að meta álit þessara þriggja stjórnlagafræðinga meira en skoðun hans, sérstaklega þegar hún er flutt til rökstuðnings máli, sem hann sækir af slíku ofurkappi, mér liggur við að segja grimmd.

Ég hefi haldið því fram, að ekki hafi legið fyrir nein skýrsla um það, hvað þessi l., ef þau verða samþ., ná til margra manna, en um það hefðu átt að liggja fyrir upplýsingar hjá n. þeirri, sem hafði málið til meðferðar. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að skýrsla um þetta birtist í Morgunblaðinu, og þó hún sé auðvitað góð, þar sem hún er birt í jafnmerku blaði, þá hefir þó ekkert legið *opinberlega* um þetta hér á þinginu. Um það almenna atriði málsins, hvort rétt sé að beita aldurshámarki og hvenær, skal ég ekki neitt fullyrða. Öllum má vera það ljóst, að það, hversu vel menn endast, er einstaklegt atriði. Sumir eru með fullum starfskröftum alveg til elli, en öðrum er farið að förlast, þó aldurinn sé ekki hár. Ég benti á það við fyrri umr., að mörg af mikilmennum sögunnar hafa haldið fullri starfsorku fram í háa elli. Ég vil nefna fleiri dæmi. Ég vil minna á Hindenburg, fyrrv. forseta Þýzkalands. Hann andaðist 87 ára að aldri sem forseti Þýzkalands. Hann varð ekki forseti Þýzkalands fyrr en eftir að hann hafði náð 70 ára aldri, og var þá um langt skeið forseti Þýzkalands. Hann sat lengi við stjórn með sameiginlegu samþykki allra, þangað til nazistar komust til valda 1931. Þessi maður var að áliti þýzku þjóðarinnar bezt fær til þess að verða forseti eftir að hann var kominn yfir 70 ára aldur. Ég vil minna á Bismarck, sem lifði við góða heilsu til 83 ára aldurs og var mjög áhrifarikur meðal sinnar þjóðar. Þá vil ég minna á Briand, sem naut almennrar virðingar fyrir störf sín í þágu þjóðabandalagsins fram í háa elli. Þá má nefna brezka stjórnmálamanninn Lloyd George, sem er 71 árs að aldri og er enn einn af áhrifarikustu stjórnmálamönnum Bretlands, og er núna nýbúinn að semja viðtækt og þýðingarmikið kosningaprógramm *fyrir flokk sinn*, og er álitið af stjórnmálaflokkunum í Englandi, að það muni skipta miklu máli í kosningum þeim, sem fram undan eru. Þá má geta tveggja frægra rithöfunda, sem lifðu við góða starfskrafta fram í háa elli, en það voru þeir Henrik Ibsen og Björnstjerne Björnson. Þá má nefna eitt dæmi úr sögu Íslands, *sem öllum er kunnugt*, en það er Jón Sigurðsson, sem lézt 68 ára að aldri og hélt sæmilegri heilsu til dánardægurs og naut virðingar og trausts allrar þjóðarinnar. Það mun sumum finnast nokkuð kuldalegur vottur við minningu Jóns Sigurðssonar, að ætla nú með l. að dæma hann ómerkan til starfa fyrir þjóðfélagið þrjú síðustu ár æfi hans. Þetta atriði er svo einstaklegt og persónubundið, að skilyrðislaus löggjöf hlýtur í einstökum tilfellum að vera mjög óréttlát.

Ég er hlynntur því, að málið verði rannsakað, en ef löggjöf verður sett um þetta, þá verða þar að vera svo ríkar undantekningarheimildir, að þjóðfélagið geti notið starfskrafta þeirra manna, sem eru fullhraustir til sálar og líkama fram í háa elli. En það er meiningin með þessu frv., að menn eigi að fara skilyrðislaust, þegar þeir eru komnir yfir 70 ára aldur. Þó er það ekki þetta ákvæði, sem veldur mestri andstöðu frá minni hendi, heldur þær kuldalegu kveðjur, sem ríkisvaldið sendir starfsmönnum sínum með því að ætla að reka þá svona fyrirvaralaust eins og ákveðið er í þessu frv. Svo er ákveðið í 4. gr., að l. skuli þegar öðlast gildi, og í 3. gr. er ákvæði um, að þeir embættismenn, sem náð hafa aldurshámarkinu, skuli víkja úr embætti 1. jan. 1935, eða m. ö. o. eftir nokkra daga, en ef l. öðlast síðar gildi, þá fyrsta dag næsta mánaðar eftir að l. hafa öðlazt gildi. Þetta er ranglátt og harðneskjulegt ákvæði. En hæstv. forsrh. hefir gefið í skyn, að hann ætli ekki að beita því eins harkalega og gert er ráð fyrir í frv., en eins og ákvæðið er í frv., þá er ráðh. beinlínis varnað að beita linkind í þessum efnum. Það er þess vegna rangt hjá hæstv. ráðh., að engin ástæða sé til þess að lögleiða þetta frekar á *næsta þingi*. Því að með því að fresta málinu til næsta þings, þá er þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, gefinn nokkur frestur til þess að venjast þeirri lífsvenjubreytingu, sem þeir verða að taka upp, ef þeir eiga að vera sviptir stöðum sínum. Með því að fresta málinu má gera frv. betur úr garði, svo að allir geti þolanlega við það unað, og þá þarf það ekki að tefja tíma þingsins mikið. Það er þeim mun meiri ástæða til þess að fresta málinu til næsta þings, að þá eru líkindi til, að liggi fyrir frv. til l. um breyt. á launalögunum, og fer vel á því að leysa þetta mál í sambandi við launamálið.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri gott og *fallegt* að vilja hugsa *embættismönnunum* fyrir áhyggjulausri elli. Hann hefir víst sjálfur samið grg. fyrir frv. og segir þar: „Það þykir ekki rétt að níðast á hinum opinberu starfsmönnum,

sem komnir eru svo til ára sinna, með því að láta þá sitja lengur að starfi, heldur þykir rétt að unna þeim rólegs og amsturslauss æfikvölds.“ Þetta er hugnæmt og fallegt, en meiningin er samt að reka þá fyrirvaralaust út á gaddinn. Fyrr má nú vera umhyggjan!

Þá fullyrti hæstv. ráðh., að embættismennirnir hefðu engan meiri rétt til eftirlauna en aðrar stéttir þjóðfélagsins. En þetta er rangt. Þeir hafa fengið embætti sitt með þeirri forsendu, að þeir nytu eftirlauna. Þeir hafa goldið af kaupi sínu árlega 7% í sérstakan sjóð, hinn svonefnda lífeyrissjóð. Þetta er framlag mannanna sjálfra og þeirra eigið fé, og því nær það engri átt að segja, að þessir menn hafi ekki frekari rétt til eftirlauna en aðrar stéttir. Hæstv. forsrh. fer hér með rangt mál, en hann ætti að vita þetta, þar sem hann er og hefir verið embættismaður. Þetta er mjög tilfinnanlegt gjald fyrir einstaka embættismenn, sem eru lágt launaðir. Annars er sú stefna núna uppi, að gera meira en gert hefir verið til þess að tryggja menn í ellinni, og hafa þess vegna komið fram frá öllum flokkum till. um almennar tryggingar. Allir flokkar eru sammála um, að ellitryggingar séu teknar upp.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði líka um þetta mál. Ég get tekið undir flest af því, sem hann sagði. Hann sagði, að það væri rétt að láta eldri menn víkja og hvíla sig frá störfum, svo að yngri menn gætu tekið við. Ég get verið þessu samþykkur, en það verður að koma fram gagnvart eldri mönnum með fullri mannúð, en ekki sparka þeim í einu vetfangi. Á þessu þingi eru nú fleiri ungir menn en nokkru sinni fyrr, en ég vil segja, að það séu kaldar kveðjur til eldri mannanna, sem með atkvæði sínu hafa falið okkur umboð til að ráðstafa málefnum þjóðarinnar hér á þingi, ég vil segja, að það séu kaldar kveðjur til þeirra, ef við yngri mennirnir notum þingvald okkar til að níðast á þeim eldri eins og gert er ráð fyrir með þessu frv.

Það eru fram komnar nokkrar brtt. við þetta frv., og skal ég þá víkja að brtt. frá minni hl. n., okkur hv. 8. landsk., á þskj. 856. — Ef forseti hugsar sér að hafa fundarhlé, er nú kominn venjulegur tími til þess, og skal ég þá bíða með síðari hluta ræðu minnar. [Fundarhlé].

Ég var kominn að því að ræða um einstakar brtt., sem fram hafa komið við frv. þetta.

Eins og hv. þdm. er kunnugt um, þar ég fram þá rökst. dagskrá við 2. umr. málsins, að þar sem eigi væri vitað, til hversu margra embættis- og sýslunarmanna þetta frv. næði, né heldur hvernig ætti að sjá fyrir þeim, og þar sem það yrði að teljast óheppilegt, að ríkisvaldið veitti embættismönnum sínum ekki einhvern uppsagnarfrest, þá teldi ég heppilegast, að þessu máli yrði frestað til næsta þings. Þetta er aðaltill. okkar minni hl. allshn. En þar sem þessi till. var felld, berum við minni hl. allshn. fram brtt. á þskj. 856.

Ég hefi sérstaka ástæðu til þess að gera grein fyrir efni þessara brtt., þar sem ég sá, mér til mikillar undrunar, grein í einu víðlesnasta dagblaði landsins, sem hv. 5. þm. Reykv. hefir skrifað. Þar ásakar hann mig og hv. 8. landsk. fyrir það, að hafa borið fram brtt. við þetta frv. og enga grein gert fyrir því. Mér finnst það koma úr harðri átt, að flokksbróðir minn, sem ég met mjög mikils, skuli hefja árás á mig í blaði fyrir það, að hafa ekki gert þessu máli nógu góð skil sem nm. í allshn. Ég vil bera þessi ámæli hv. 5. þm. Reykv. saman við þau ummæli, sem hæstv. forsrh. leyfði sér að viðhafa, að ég væri með málalengingar í þessu máli. Þetta tvennt fer ekki vel saman. Þessar brtt. okkar miða að því að draga úr þeirri harðneskju, sem í frv. felst, og veita mönnum þeim, sem hér um ræðir, nokkurn uppsagnarfrest.

1. brtt. er við 3. gr. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem eru á aldrinum 65—70 ára, er lög þessi öðlast gildi, skulu þó ekki skyldir að víkja úr stöðum sínum fyrr en þeir eru fullra 70 ára.“

Næði þessi till. fram að ganga, er a. m. k. að nokkru leyti dregið úr þeirri óréttmætu og óeðlilegu harðneskju, sem í frv. felst.

Önnur brtt. er við 4. gr. frv. og felur það í sér, að gildistöku laganna skuli frestað um eitt ár, eða til 1. jan. 1936. Mér finnst það engin ofrausn, þó að þessum öldruðu mönnum sé veittur ársfrestur áður en þeir eru reknir úr embættum sínum. Brtt. þessa höfum við orðað svo hóflega, að ég vænti þess fastlega, að henni verði vel tekið af öllum hv. þdm. Við flm. þessara brtt. hreyfðum því í allshn., að höfuðaldurstakmarkið væri sett 68 ár, í staðinn fyrir 65, en á það vildu andstæðingar okkar í n. ekki fallast.

Ég má víst ekki fara út í að ræða brtt. á þskj. 868, sem hv. 2. þm. Reykv. flytur, þar sem hann hefir ekki gert grein fyrir þeim ennþá.

Í síðustu málsgr. 1. gr. frv. er svo ákveðið, að ákvæði laganna nái ekki til ráðherra, þingmanna og annara opinberra fulltrúa, sem kosnir eru almennri kosningu. Þetta ákvæði er að sjálfsögðu rétt, því að Alþingi hefir sett það ákvæði í stjskr., að kosningaréttur og kjörgengi fylgist að. Úr því nú að löggjafinn treystir mönnum á aldrinum 65—70 ára eins og öðrum til þess að gegna því vandamikla starfi að eiga sæti á Alþingi, þá hljóta þeir einnig í mörgum tilfellum að vera færir um að gegna öðrum störfum. Ég býst t. d. ekki við, að hæstv. forsrh. vilji halda því fram, að aldursforseti þessa þings, hv. 2. þm. Skagf., sem er 68 ára, sé ekki fær til þess, eða hitt, að hann telji hv. 2. landsk., sem nú er fullra 66 ára, ekki færan til flestra starfa, engu síður en hann er fær um að greiða með honum atkv. nær því í hverju máli, sjálfum sér til vansæmdar og flokki sínum til óþurftar. Þá mun og ekki heldur þurfa að gera ráð fyrir því, að hæstv. núv. forsrh. beiti því ákvæði þessara laga, sem gefur honum sem ráðh. vald til þess að láta embættismenn fara frá embættum sínum, þegar þeir hafa náð 65 ára aldri, gegn þessum embættismanni, sem jafnframt er þm. Þetta sýnir, hve mikið vald ráðh. fær yfir embættismönnum á aldrinum frá 65—70 ára.

Við flm. þessara brtt. o. fl. viljum, að það komi skýrt fram, að það, sem við finnum frv.

þessu mest til foráttu, er sú harðneskja, sem kemur fram í því gagnvart þeim embættismönnum, sem búnir eru að slíta sér út í þjónustu ríkisins, að láta þá fara frá embættum sínum fyrirvaralaust og veita enga undanþágu, heldur láta lögin öðlast gildi nú þegar.

Hvað snertir grg. frv., þá finnst mér hún afarundarlega orðuð. Þar er t. d. komizt að orði eins og frv. feli í sér einhver hlunnindi fyrir þessa menn. M. a. segir þar, að 65 ára embættismenn eigi að njóta sömu hlunninda og 70 ára. Og „hlunnindin“ eru þau, að reka þá fyrirvaralaust út á gaddinn! Yfir höfuð að tala er grg. öll mjög lævíslega orðuð; það er reynt að láta það skína í gegn, að þegar verið er að reka þessa gömlu embættismenn, þá sé það vegna mannkærleika. Slíkt yfirskin er alveg óþolandi. Ég hefði helzt viljað fresta þessu frv. til næsta þings, en ef það fæst ekki, þá viljum við sjálfstæðismenn fá frv. fært í það form, að það verði til sem allra minnstrar vansæmdar fyrir ríkisvaldið sem atvinnuveitanda.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég ætla ekki að fara að hjálpa sjálfstæðismönnum til þess að halda áfram málþófinu með því að fara að taka upp umr. um efni frv., sem þegar er orðið mjög þrautrætt í þinginu. En ég flyt hér 2 brtt., sem ég vildi aðeins minnast á. Fyrri brtt. miðar að því, að ráðh. þurfi ekki að láta þá embættismenn, sem sleppa eiga embættum sínum samkv. ákvæðum þessara laga, fara 1. dag næsta mánaðar eftir að þeir hafa átt afmæli. Heldur fái ráðh. heimild til þess að þurfa ekki að láta þá fara fyrr en síðar á árinu, þegar hagkvæmara er vegna mannaskipta. Þannig yrði t. d. um kennara, að þeir færu ekki frá nema að vori eða hausti. — Þá er 2. brtt. Hún er þess efnis, að 4. gr. frv. falli niður. En sú gr. frv. kveður svo á, að lög þessi öðlist þegar gildi. Með því að fella gr. þessa úr frv. myndu lögin eðlilega ekki öðlast gildi fyrr en á venjulegan hátt, eða 12 vikum eftir staðfestingu, og þá myndi komið nokkuð fram undir vorið, og því verða nokkur frestur til umhugsunar fyrir þá menn, sem þegar eiga að sleppa embættum sínum. — Ég leyfi mér svo að vænta þess, að brtt. þessar verði samþ. og að tími vinnist til að ganga frá málinu í Ed.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Herra forseti! Út af orðum þeim, sem féllu hjá hv. þm. Snæf. vegna þeirra ummæla minna í grein, er ég skrifaði í *Morgunblaðið í morgun*, að ekki væri enn þá komið nál. eða brtt. frá minni hl. allshn. Nd. í þessu máli, vil ég taka það fram, að þetta var sagt aðeins til þess að sýna fram á, hvern áhuga stjórnarflokkarnir legðu á að knýja mál þetta fram, að ekki væri einu sinni beðið eftir brtt. eða nál. í málinu. Annað eða meira átti ég ekki við með þessum ummælum mínum.

Um frv. það, sem hér liggur fyrir, er það að segja, að mér finnst það hreint og beint með eindæmum, — að ég ekki tala um grg., sem er alveg dæmalaust plagg, svo dæmaluast, að ég er alveg hissa á, að hún skuli hafa fylgt frv., sem kemur frá einum dómsmrh. Eins og hv. þm. Snæf. tók fram, þá er helzt í grg. að sjá, að það eigi að vera einhver hlunnindi, sem þessir gömlu embættismenn eigi að fá með frv. þessu. Það eiga kannske að heita hlunnindi fyrir þessa menn, þegar þeir eru reknir frá embættum sínum til þess að víkja fyrir yngri mönnum, eftir að vera búnir að slíta út kröftum sínum við slík sultarlaun alla æfi, að þeir hafa engu fé getað safnað. Við þessu væri í raun og veru ekki mikið að segja, ef þessir gömlu menn ættu von á þeim eftirlaunum, sem þeir gætu lifað af það sem eftir væri æfinnar. En það er nú ekki alveg því að heilsa, því að þau eftirlaun, sem íslenzka ríkið ákveður embættismönnum sínum, munu vera lægst allra eftirlauna á Norðurlöndum, a. m. k. Er því engin leið fyrir þá að lifa af þeim eingöngu. Að halda því fram, eins og gert hefir verið af ýmsum, að laun embættismanna eftir launalögum hafi verið og séu enn svo há, að vel megi af þeim lifa og safna fé að auki, er alveg ósæmilegt. Það skiptir vitanlega engu máli þó að ef til vill sé hægt að vitna til einhverra manna, sem hafi jafnvel við verri kjör að búa en þeir. Og það er vitanlega ekkert nema lýðskrum til þess að æsa þjóðina, þegar verið er að lauma því inn hjá borgurunum, að þessir menn séu öfundsverðir sakir embætta sinna og launa. Annars er ég alveg hissa, að hæstv. forsrh. skuli hafa getað fengið allshn. til þess að flytja alla þá speki, sem í grg. er, eins og t. d. þá, að á vissu tímabili æfinnar hætti menn að þroskast og standi þá í stað andlega og líkamlega um skeið. Þetta er merkilegt náttúrufyrirbrigði. Það sýnir, að nokkurn hluta æfinnar eru menn á þroskaskeiði. Svo heldur spekin áfram og gr. segir: „Úr því verði hvorki andlegar né líkamlegar breytingar á mönnum nema afturför ein.“ Hvílík speki! Að eftir visst tímabil æfinnar sé ekki um neinn þroska að ræða hjá mönnum, að eins afturförina eina. Ég hefði nú helzt viljað lesa grg. alla, en hætti við það, ef hv. þdm. vilja lofa því að lesa hana orði til orðs, en það tel ég hreint og beint skyldu þeirra, því að grg. eiga að taka fram allt það, er máli skiptir um frv. og þær stoðir, sem undir löggjöfina falla. Og sé engin rök að finna í grg. fyrir málunum, þá er næst að halda, að þau sé hvergi að finna.

Það hefir verið sagt, að embættismenn hefðu það til að vilja sitja í embættum sínum eftir að vera orðnir ófærir til þess að gegna þeim, og að tilgangur frv. þessa sé m. a. sá, að verjast þessu. Ég vil nú spyrja: Hefir þjóðfélagið nokkurn tíma orðið fyrir skakkaföllum vegna þessa? Ég held ekki. Venjan hefir verið sú, og er enn, að þegar einhver embættismaður hefir sakir aldurs síns þótt lítt fær um að gegna embætti sínu, þá hefir hann annaðhvort sagt af sér sjálfur, eða stjórnarvöldin hafa bent honum á að segja af sér. Þannig hefir og þetta verið hjá einstökum atvinnurekendum. Það hefir jafnan farið eftir samkomulagi, hvenær hinir aldurhnignu menn hafa látið af störfum sínum. Umfram þetta tel ég enga stjórn þurfa að hafa lög eða fyrirmæli, nema ef vera skyldi einhverja löggjöf til að vitna til, ef hlutaðeigandi menn vildu ekki fara, þegar það væri sanngjarnt.

Í þessari frægu grg. segir á einum stað, að það þyki rétt að unna þessum gömlu mönnum „rólegs og amsturslauss æfikvölds.“ Ég held nú, að þessir menn muni unna sér þess sjálfir, eftir því sem föng eru til, og þurfi því ekki að setja sérstök lög um það. Mér þykir það óneitanlega hljóma dálítið einkennilega, að þessi hæstv. ráðh. skuli vera að tala um að unna þessum gömlu mönnum rólegs og amsturslauss æfikvölds, þegar hann leggur ekki annað til f. h. ríkisvaldsins en að þeir séu fyrirvaralaust reknir frá embættum sínum. Það er vitanlega sagt, að þeir eigi að lifa á eftirlaunum sínum, en eins og margsinnis er búið að taka fram undir þessum umr., þá ná þau skammt, a. m. k. fyrir flesta þeirra, til þess að lifa af. Það er því víst, að eins og nú standa sakir, þá hefir ríkisvaldið ekki búið svo að þessum mönnum, að þeir geti lifað rólegu og amsturslausu æfikvöldi. Í lok grg. segir, að hvernig sem fari um þetta frv., þá sé stj. fastráðin í að fara eftir þeim reglum, sem þar eru settar. M. ö. o., stjórnin ætlar að láta alla þá embættismenn, sem komnir eru yfir 65 ára aldur og henni þykir ástæða til, fá hvíld, hvort sem frv. verður að lögum eða ekki. En slíkt yrði ekki hægt með öðru móti en því, að láta þessa starfsmenn alla frá full laun, a. m. k. ef frv. nær ekki samþykki þingsins. En þá kemur önnur hlið málsins, og hún er sú: Er þetta fært vegna fjárhagsins? Gera fjárl. ráð fyrir slíkum útgjöldum? Ég fæ ekki séð, að svo sé. Um þetta vil ég fá frekari upplýsingar hjá hæstv. ráðh. Eins og málið liggur fyrir nú, þá virðist mér munurinn aðeins vera sá, að verði frv. ekki að l., þá fari þessir menn frá með fullum launum, en annars fái þeir aðeins eftirlaun, úr því að hæstv. stj. er ráðin í að fara inn á þessa braut.

Það hafa komið fram ýmsar brtt. við frv. þetta; sumar þeirra eru til bóta, en aðrar lítið. Skal ég þá með fáum orðum víkja að þeim till., sem ég tel til bóta sérstaklega. [Eyða í handr.].

Og ég vil að lokum segja það, að ef það eiga að verða aldurslaun embættismanna ríkisins að eiga það undir geðþótta þess manns, sem fer með ráðh.embættið í hvert skipti, hvort þeir eru reknir eins og óbótamenn frá störfum sínum á aldrinum 65 ára, þá þarf a. m. k. að sjá fullkomlega fyrir þessum mönnum með mikið bættum eftirlaunum frá því, sem nú er.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég hefi flutt við þetta frv. eina brtt., sem er á þskj. 889, vegna þess að í 1. gr. frv. síðustu málsgr. er svo ákveðið, að ákvæði þeirrar gr. nái ekki til ráðh., alþm. og annara opinberra fulltrúa, sem kosnir eru almennri kosningu. Með þessu hefir höfundur frv. viljað láta í ljós þá skoðun, að þeir, sem eiga embætti sitt undir kjörfylgi, skuli ekki láta af því vegna aldurs, nema því aðeins, að sá aðili, sem veitti þeim kjörgengi, óski eftir því, og þá náttúrlega á þann hátt, sem slíkir aðilar eiga kost á því. Ég tel þetta rétta hugsun, sem þarna kemur fram í síðustu málsgr. 1. gr. frv., en þeir, sem viðurkenna, að sú hugsun sé rétt, hljóta líka að geta aðhyllzt mína brtt., sem er á þá leið, að ef embættismaður, sem hlotið hefir embætti sitt með almennri kosningu, fer frá samkv. ákvæðum þessara l., þá skuli honum heimilt að sækja um embættið af nýju. Og hljóti hann kosningu, þá skuli hann fá veitingu fyrir embættinu um 5 ára skeið. — Með þessu eru slíkir embættismenn gerðir jafnréttháir til embættis eins og höfundur frv. hefir gert ráðh. og alþm. og þá opinberu fulltrúa, sem kosnir eru almennri kosningu. Mér finnst það rökrétt afleiðing af þeirri hugsun, sem höfundur frv. hefir viljað láta í ljós með ákvæðum 1. gr., að mín brtt. verði samþ. Það getur að vísu orkað tvímælis, hversu langan tíma slíkur embættismaður ætti að öðlast embætti sitt aftur eftir að hann hefði hlotið nýja kosningu. Ég hefi ákveðið 5 ár í minni brtt., en ég mundi geta gengið inn á 4 ár og jafnvel 3 ár, ef mönnum þætti það eðlilegra. Mér finnst það ekki skipta miklu máli, ef menn bara vilja viðurkenna þá hugsun, sem felst í brtt., því hún styðst fullkomlega við þann tilgang höfundar frv., sem kemur fram í 3. málsgr. 1. gr., en hún er auk þess studd af þeirri staðreynd, að með þessum hætti gefst kjósendum tækifæri til þess að dæma um það sjálfir, hvort embættismaður, sem kosinn er með almennri kosningu, vegna aldurs eða einhvers annars fullnægir ekki lengur þeim kröfum, sem þeir gera til hans. Þetta eitt út af fyrir sig tel ég nægilegt til þess, að þessi till. ætti að ná samþykki allra. Það verða náttúrlega allir að viðurkenna, að um leið og það er rétt, að löggjöfin setji vissar tryggingar gegn því, að menn hafist lengur við í embættum sínum en þeir fyrir aldurs sakir eru færir til, þá er það kostur, ef hægt er að bjóða upp á fyrirmæli, sem rúma í sér þann möguleika, að embættismaður, sem er starfhæfur, enda þótt hann hafi náð settu aldursmarki, geti haldið áfram starfi sínu. Þetta þykist ég gera með þessari till. minni, sem náttúrlega eins og l. eru nú fyrst og fremst nær til prestastéttarinnar. Ég þykist ekki þurfa að færa önnur eða fleiri rök fyrir því, að þessi till. á, ef réttlætið ræður, að öðlast fylgi þd.

Um málið almennt ætla ég ekki að ræða, því sá málstaður, sem ég aðhyllist, hefir rækilega verið rökstuddur af flokksbræðrum mínum hér í d., og ég sé ekki ástæðu til að fara að færa fram sömu rökin og þeir. Af því leiðir náttúrlega það, að ég er andvígur því, að frv. verði samþ. Ég mun greiða atkv. með þeim brtt., sem flokksbræður mínir hafa flutt hér fram og gert grein fyrir, en ég mun svo greiða atkv. gegn frv. Það er engum vafa undirorpið, að ef þetta mál væri ekki sótt með ofurkappi, þá væri mjög auðvelt að setja löggjöf um þetta efni á næsta þingi, sem þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, gætu betur unað við heldur en fyrirmæli þessa frv., sem hér liggur fyrir. Og þar sem engin rök hafa verið færð fyrir því, að það sé þjóðarnauðsyn að lögfesta fyrirmæli frv. einmitt núna, þá sýnist mér allt of mikið ofurkapp vera lagt í þessar málsóknir. — Ég mun því af þessum ástæðum og með tilvísun til þeirra raka, sem flokksbræður mínir hafa fært fram, greiða atkv. með þeirra brtt. og vítaskuld minni brtt., en gegn sjálfu frv.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Það hefir verið deilt um þetta mál hér í d., og þau andmæli, sem komið hafa fram gegn frv., eru næstum því eingöngu þau sömu og komið hafa fram í hv. Ed. Það eru líka að miklu leyti þær sömu ástæður færðar gegn frv. núna eins og við 1. umr. málsins hér í d. Ég sé því ekki ástæðu til að endurtaka til prentunar í þingtíðindunum sömu ræðurnar aftur og aftur um þetta mál. Deilunni, sem risið hefir um það, hvort embættismenn ættu að hafa embætti sín ævilangt, hefi ég svarað í hv. Ed., og get því vísað til þess, sem ég sagði þar. Hvað viðvíkur eftirlaununum, þá fá þessir embættismenn vitanlega eftirlaun samkv. launalögunum, en það, sem hér er um að ræða, er það, hvað mikil þeirra eftirlaun verða umfram það, sem ákveðið er í launalögunum. Ég vil því ekki lengja mikið umr. með því að karpa um það sama. Þjóðin verður sjálf að skera úr því á sínum tíma, hvor stefnan sé heppilegri, að ungir menn taki við störfum eða að gamlir menn séu látnir sitja við störf, þó þeim sé farið að förlast frá því, sem er um menn á bezta aldri. Um þessar tvær stefnur skal ég ekki deila frekar, en ég skal taka það fram í þessu sambandi, að ég mæli með því, að till. hv. 2. þm. Reykv. verði samþ. Ég hélt því fram í hv. Ed., að l. mundu alltaf verða framkvæmd á þann veg, sem nú er gert ráð fyrir í þessari brtt., og til þess að sýna, að ég hefi alltaf ætlað mér að framkvæma l. þannig, þá vil ég mælast til þess, að þessi brtt. verði samþykkt.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um þetta mál til þess að karpa um einstök atriði.

**Gunnar Thoroddsen:** Hv. 2. þm. Reykv. hóf ræðu sína áðan með því að ávíta okkur sjálfstæðismenn fyrir málþóf í þessu máli. En það vildi svo til, að þegar hann tók til máls, hafði aðeins einn sjálfstæðismaður talað, hv. þm. Snæf., frsm. minni hl., og hafði hann þá flutt um hálftíma ræðu. Mér þykja slíkar ásakanir harla kynlegar og vil hafa þær að engu, og mun bera fram þær aths. við frv., sem ég tel þörf á.

Hæstv. forsrh. gat þess, að sömu rökin hefðu komið fram gegn frv. við þessa umr. eins og við 1. umr. málsins. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að við 1. umr. voru engar umr. um þetta mál, heldur var því vísað umræðulaust til n. Hæstv. ráðh. gat þess ennfremur, að hér væru borin fram sömu rökin gegn þessu frv. eins og í hv. Ed. Ég veit nú ekki betur en að við höfum nóg að starfa á fundum hér, þótt við séum ekki að hlusta á umr. í Ed., enda er það líka skylda ráðh. að skýra Nd. frá þeim rökum, sem hann hefir fært fram í Ed. Mér finnst því þessar ásakanir um málþóf ekki hafa við neitt að styðjast.

Þá skal ég víkja nokkuð að frv. sjálfu og þeim grundvelli, sem það byggist á. Meginefni þessa frv. er það, að setja í l. ákveðið aldurshámark fyrir opinbera embættis- og starfsmenn. Í frv. er farið fram á, að þetta aldurshámark sé yfirleitt 65 ára aldur; þó er leyfilegt að hafa menn í stöðum til 70 ára aldurs, en þá skal þeim skilyrðislaust vikið úr embættum. Hæstv. forsrh. talaði um 2 stefnur í þessu máli, og var á honum að skilja, að þjóðin ætti að dæma milli þeirra, annarsvegar stefnu Sjálfstfl. og hinsvegar stefnu stjórnarflokkanna. Hann vildi gefa það í skyn, að sjálfstæðismenn væru andvígir aldurshámarki embættismanna og að þeir vildu helzt hafa gamla menn í embættum. Ég held, að slíkt fleipur sé varla svaravert. Það hefir komið skýrt fram hér við umr., að sjálfstæðismenn eru því engu síður fylgjandi, að sett sé aldurshámark embættismanna. En það, sem greinir á um, er það, hvernig þetta skuli framkvæmt. Sjálfstæðismenn vilja sýna mönnum, sem starfað hafa áratugum saman í þjónustu ríkisins og slitið út kröftum sínum í þágu þess, þá sanngirni, að veita þeim a. m. k. sama uppsagnarfrest og starfsmenn hafa yfirleitt, bæði hjá einstökum mönnum og því opinbera, og búa sæmilega að þeim, er þeir láta af störfum. Það er þetta, sem við sjálfstæðismenn viljum, en ekki það, að hafa gamla og elliæra menn í embættum, eins og hæstv. forsrh. lætur sér sæma að halda fram hér í d.

Hvað viðvíkur aldurshámarkinu sjálfu, þá tel ég 65 ára aldur of lágan, hinsvegar gæti ég fellt mig við 70 ára aldur. En þó er þess að gæta, eins og bent hefir verið á, að menn eldast mjög misjafnlega fljótt. Það eru mörg dæmi þess, að menn á þessum aldri séu eins færir til þess að gegna störfum og aðrir á aldrinum 50—60 ára. Það er þess vegna í sjálfu sér varhugavert að skylda alla embættismenn til þess að láta af störfum á tilteknum aldri, hvort sem þeir eru færir til þess að gegna störfum eða ekki. Samt sem áður getur verið rétt að setja ákveðið aldurshámark, vegna þess að algengt er, að menn um 70 ára aldur séu ófærir til starfa, en hinsvegar teldi ég nauðsynlegt að gefa þá undanþáguheimild frá slíku hámarki, þannig að ef mönnum ber saman um, að maður um sjötugt sé fullfær til þess að gegna sínu starfi, þá sé honum heimilt að halda því áfram. Í Danmörku er aldurshámark embættismanna 70 ár, en ég held mér sé óhætt að fullyrða, að það sé ekki fortakslaust, heldur sé heimilt að veita undanþágur, og var bent á það í Ed., að í hæstarétti Dana sæti maður, sem kominn er hátt á áttræðisaldur. Það má líka benda á, að þó að rætt sé um það í grg. frv., að menn milli sextugs og sjötugs séu á afturfararskeiði, er það að ýmsu leyti misskilningur. Að því er snertir t. d. dómara, þá hika ég ekki við að fullyrða, að þeir muni yfirleitt einna hæfastir til þess starfs eftir 50 ára aldur, og jafnvel allt fram til 70 ára aldurs. Það starf er mjög komið undir hlutleysi manna og því, að menn líti rólegum augum á það mál, sem dæma á um. Menn á bezta skeiði og yngri árum eru oft kappsamir, en þegar menn fara að eldast nokkuð, líta þeir rólegri augum á málin, og þess vegna má segja, að þeir séu hæfastir til þessa starfs á aldrinum 50—70 ára, auk þess sem búast má við, að þeir séu þá búnir að fá meiri reynslu í þessu starfi og meiri þekkingu heldur en ungir menn. Ég bendi aðeins á þetta dæmi til þess að sýna, að það getur verið varhugavert að setja fortakslaust aldurshámark fyrir embættismenn og

starfsmenn hins opinbera. Hitt mun vera rétt, að setja einhverjar hámarksreglur, en jafnframt gefa heimild til þess að veita undanþágur frá þeim, ef sérstaklega stendur á. Það hefir verið minnzt á af hv. þm. Snæf., enda eru þess mörg dæmi, að margir stórmerkir menn með öðrum þjóðum hafi verið í fullu fjöri eftir að þeir voru komnir yfir það aldurshámark, sem ákveðið er í þessu frv. Ég skal þess vegna ekki nefna mörg dæmi þessa, en aðeins minnast á einn mann í okkar þjóðfélagi, sem samkv. þessum l. ætti fortakslaust að víkja úr sínu embætti, og það er dr. Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður, sem kominn er yfir 70 ára aldur. Ég held samt, að fáum blandist hugur um, að hann sé allra manna færastur til þess að gegna sínu starfi. Ég nefni aðeins þetta eina dæmi til að sýna, hvað slík undantekningarlaus regla getur verið varhugaverð. Í frv. er gert ráð fyrir, að þetta aldurshámark nái til mjög margra embættis- og starfsmanna. Það eru ekki aðeins embættismenn í venjulegum skilningi, heldur og starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga og ennfremur stofnana, sem ríkið, bæjar- eða sveitarfélögin ráða yfir eða eiga. Það má að vísu deila um það, hvort rétt sé að hafa þetta hámark svo víðtækt sem hér er farið fram á. Ég fyrir mitt leyti teldi öllu réttara að fella burt úr slíkum l. ákvæðið um starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga, því að ég lít svo á, að þau eigi yfirleitt að ráða sínum málum sjálf, en löggjafarvaldið eigi ekki að grípa allt of mikið fram fyrir hendurnar á þeim. En það er einkennilegt að undanskilja í frv. ákveðna starfsmenn, ráðh., alþm. og opinbera fulltrúa, sem kosnir eru almennri kosningu, sem ekki verður séð, að gegni ábyrgðarminni störfum en þeir, sem eiga að falla undir l. Að vísu er ekki hægt án stjórnarskrárbreyt. að setja aldurshámark fyrir þm., en að því er snertir ráðh., þá er engin ástæða til þess að undanskilja þá.

Ég skal ekki fara frekar út í þetta að sinni, en víkja að annari hlið þessa máls, þeirri hlið, sem snýr að embættismönnum og starfsmönnum ríkisins sjálfum. Það er auðvitað, að þegar ríkisvaldið setur slík l. sem hér er um að ræða, þá er skylda þess jafnframt að sjá að einhverju leyti fyrir því, að þeir embættismenn, sem samkv. slíkum ákvæðum verða að fara frá störfum, séu ekki settir út á gaddinn, svo að segja launalausir. Þegar menn eru látnir fara frá störfum á þessum aldri, þá er erfitt fyrir þá að byrja nýtt æfistarf, og þess vegna er einmitt ríkari ástæða til þess, að ríkisvaldið búi sæmilega að þeim. Þegar litið er á launakjör embættismanna hér á landi, þá kemur strax upp í huga manns, hvort slíkar reglur sem þessar geti átt eins vel við hér og annarsstaðar, þar sem laun embættismanna eru hærri. Á Norðurlöndum yfirleitt hafa embættismenn talsvert hærri laun heldur en hér á landi og geta þess vegna verið betur undir það búnir að láta af störfum 65—70 ára, auk þess sem þeir hafa yfirleitt miklu hærri eftirlaun. Ég held, að það sé rétt í þessu sambandi að benda á það með tilvitnun í þau l., sem gilda um eftirlaun hér hjá okkur, hvernig búið yrði að þeim embættismönnum, sem verða að fara frá störfum, því að mér hefir skilizt, bæði af umr. og viðtali við þm., að þeir gera sér ekki nokkra grein fyrir því, hverjum kjörum þessir menn eiga að sæta. Ég heyrði það á sumum þm. skömmu eftir að frv. kom fram, að þeir bjuggust við, að þessir menn ættu að fara frá með fullum launum, en aðrir höfðu enga grein gert sér fyrir því. Þar sem stj. hefir ekki séð ástæðu til þess að upplýsa þm. um þetta, þá álít ég sjálfsagt að gefa fáeinar upplýsingar um þetta efni.

Ég vil fyrst geta þess, að ýmsir starfsmenn, sem heyra undir þessi l., fá ekki nein eftirlaun, svo þeir mundu standa uppi alveg launalausir. Aðrir mundu aftur á móti fá eftirlaun, og það gildir fyrst og fremst um hina svo kölluðu „embættismenn", sem starfa hjá ríkinu. Við höfum þrenn l. um eftirlaun embættismanna, þau elztu frá 1855, önnur frá 1904 og þau þriðju frá 1921. Þessi lög veita embættismönnunum mjög misjöfn eftirlaun. Hin elztu veita yfirleitt hæstu eftirlaunin. Samkv. þeim getur maður, sem búinn er að starfa tiltekinn tíma í þjónustu ríkisins, fengið allt að ⅔ launa sinna í eftirlaun, en aldrei meira. Ég skal játa, að ef þessi eftirlaun væru ákveðin fyrir alla þá, sem undir þetta frv. falla, þá væri ekki beint frágangssök að samþ. frv. En að því er snertir eftirlaunal. frá 1904, þá eru þau langlélegust af þessum þrennum eftirlaunal. Grundvallarreglan er þessi skv. 2. gr. — með leyfi hæstv. forseta. — „Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fær í eftirlaun ⅓ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fékk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, er hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti; þó koma eigi til greina fleiri þjónustuár en 35". Við skulum nú gera ráð fyrir, að embættismaður hafi haft 5 þús. kr. í árslaun, — en það eru auðvitað margir embættismenn, sem ekki hafa þau laun —, þá á hann að fá ⅓ þeirrar upphæðar, eða 1 þús. kr. á ári, og auk þess þessa 20 kr. uppbót fyrir hvert starfsár. Við skulum segja, að hann hafi starfað í 30 ár í þjónustu ríkisins — það eru ekki margir, sem komast yfir það —, þá eru það 600 kr., sem bætast við þessar 1 þús. kr. M. ö. o., hann fær þá 1600 kr. eftirlaun á ári, eða ekki mjög mikið yfir 100 kr. á mánuði. Þegar maður nú athugar það, að ýmsir af þessum mönnum, sem eiga að fara frá, eru menn með stórar fjölskyldur, og margir þeirra eiga óuppkomin börn, þá ætti öllum að vera það ljóst, hvílík fjarstæða það er að reka þá fyrirvaralaust frá störfum og veita þeim rúmar 100 kr. í eftirlaun á mánuði. Ég býst við því, að þeir þm., sem hafa látið teyma sig, vil ég segja, til þess að fylgja þessu frv. gegnum þingið, hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvernig þetta verkar í ýmsum tilfellum. Ég vil skora á þá að íhuga, eftir að þeim hefir a. m. k. einu sinni verið bent á það, hvort það sé forsvaranlegt af ríkinu að reka þá starfsmenn frá með slíkum smánar eftirlaunum, sem starfað hafa í áratugi hjá ríkinu og slitið sér út í þjónustu þess.

Þriðju eftirlaunal. eru frá 1921, og eru um lífeyrissjóð embættismanna. Þau eru yfirleitt

skárri en l. frá 1904. Þó er þess að gæta um þennan lífeyrissjóð, sem er búinn að starfa í 12 eða 13 ár, að hann er ennþá ekki farinn að verka eins og til er ætlazt, að hann geri. Tekjur þessa sjóðs eru þær, að embættismenn greiða yfirleitt 7% af launum sínum í þennan sjóð, og svo eiga þeir, þegar þeir láta af störfum, að fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim samanlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn. Þetta verða sæmileg eftirlaun, ef búið er að borga iðgjöld af þessum launum í 20 til 30 ár, en fyrr ekki. En þar sem sjóðurinn hefir nú starfað aðeins í 12 til 13 ár, þá eru eftirlaunin samkv. þessu mjög lítil.

Ég hefi nú rakið það nokkuð, hvernig búið er að þessum starfsmönnum, sem á nú að reka frá störfum eftir nokkra daga, samkv. því, sem frv. gerir ráð fyrir. Skv. till. frá hv. 2. þm. Reykv. eiga l. ekki að ganga í gildi fyrr en eftir 3 mánuði, og er það náttúrlega nokkur bót, þó að hún sé ekki mikil.

Ég skal þá víkja að því, hversu langan uppsagnarfrest sé rétt að veita þessum mönnum. Ég fyrir mitt leyti teldi nú, að þegar l. sem þessi ganga í gildi, þá ætti það ekki að verða fyrr en nokkrum árum eftir að þau eru samþ. af þinginu. Það hefir verið bent á, að starfsmenn hins opinbera ganga yfirleitt út frá því, þó að sá réttur sé ekki tryggður með beinum lagaákvæðum, að þeir fái embætti sitt eða starf æfilangt, nema þeir brjóti eitthvað af sér. Þegar á svo að svipta þessa menn störfum, og það þegar þeir eru komnir á efri ár, þannig að þeir geta tæplega byrjað nýtt æfistarf, þá er það sjálfsögð mannúðarkrafa að veita þeim ríflegan uppsagnarfrest. Það má benda á í þessu sambandi, að í l. er gert ráð fyrir því, að þegar embætti er lagt niður, þá fái sá maður, sem því hefir gegnt, biðlaun í 5 ár, og eru það, að mig minnir, ⅔ eða ¾ af þeim launum, sem hann hefir haft. M. ö. o., löggjafinn gengur út frá því, að þegar embætti er lagt niður, þá eigi sá maður, sem hefir haft það með höndum, rétt á 5 ára uppsagnarfresti. Mér finnst nú, þegar komið er með frv. um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, að það lægi mjög nærri, að hliðstæð regla gilti og að l. kæmu ekki til framkvæmda fyrr en eftir nokkur ár. Í stað þess á nú að láta þau ganga í gildi þegar í stað, eða ef till. hv. 2. þm. Reykv. verður samþ., eftir 3 mánuði. Ég man ekki betur en að það hafi verið vítt stórlega í blöðum stj., að þegar nazistabyltingin í Þýzkalandi varð núna fyrir nokkru, þá var fjöldi manna flæmdur frá sínum störfum, og meðal þeirra voru menn, sem voru orðnir nokkuð rosknir. Þegar þeir þannig voru flæmdir frá störfum sínum og urðu að flýja úr landi, þá fór svo um þá suma, að þeir treystu sér ekki til þess að byrja nýtt æfistarf í öðru landi, heldur urðu þau sorglegu æfilok þeirra, að þeir frömdu sjálfsmorð. Og ég man ekki betur en að Alþýðublaðið hafi talað af mikilli vandlætingu um þetta ofsóknaræði nazista, að flæma menn frá störfum, þannig, að þeir ættu ekki annars úrkosti en að stytta sér aldur. Ég vona, að það fari ekki svo fyrir þeim mönnum, sem hér á nú að reka úr embættum sínum, en mér finnst, að þeir, sem vítt hafa þetta athæfi nazista í Þýzkalandi, ættu að líta með sanngirni á aðstöðu þeirra manna, sem nú á að segja upp fyrirvaralaust.

Ég skal nú fara að stytta mál mitt. Það, sem ég taldi sérstaklega rétt að benda á í þessu sambandi, var, hvernig búið væri að þessum embættismönnum, sem nú eiga að láta af störfum, og m. a. vegna þess, að ég veit, að það eru margir þm., sem höfðu ekki gert sér grein fyrir afleiðingum þessara laga, þegar þeir við 2. umr. greiddu atkv. með þessu máli.

Á aukaþinginu í fyrrahaust var samþ. þáltill. um að skipa mþn. í launamálum, og það er einn af hv. þdm., sem sæti á í þessari n. Ég teldi nú alveg sjálfsagt, að slík ákvæði sem þessi, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, yrðu einn liðurinn í þeirri allsherjar launamálalöggjöf, sem væntanlega verður lögð fyrir næsta þing. Og mér er það óskiljanlegt, hvers vegna þarf endilega að taka þetta eina atriði út úr og knýja það fram á þessu þingi. Það lægi miklu nær að taka þetta upp í launalöggjöfina, sem nú þegar mun vera undirbúin, en hefir aðeins ekki unnizt tími til þess að leggja fyrir þetta þing til afgreiðslu. Ég sé ekki heldur, að það sé nein sérstök nauðsyn til þess að keyra þetta mál í gegn nú á þessu þingi. Ég get ekki skilið, að þeir, sem nú eru orðnir 65 ára eða eldri og sitja í embættum, geri svo mikið tjón fram til næsta þings, að það sé ekki viðlit að bíða með að reka þá úr embættum. Það hefir líka verið bent á það sem eina ástæðu til þess að fresta þessu máli, að það vantar allar upplýsingar um, hversu margir embættismenn yrðu að víkja úr stöðum skv. frv. og hvernig þeirra kjör yrðu, þegar þeir yrðu að fara frá störfum. Þetta tvennt ætti að vera nægilegt til þess að þessu máli yrði slegið á frest. En meiri hl. d. hefir ekki fallizt á þessar röksemdir, og felldi því við 2. umr. rökst. dagskrá um að fresta málinu til næsta þings.

Ég skal ekki víkja mikið að grg. frv., sem er að mörgu leyti mjög einkennileg, því að út í hana hefir verið farið allrækilega af hv. þm. Snæf. og eins af hv. 5. þm. Reykv. Ég vil þó undirstrika það, að í grg. er beinlínis verið að gera tilraun til blekkingar, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Það þykir ekki rétt að níðast á opinberum starfsmönnum, sem komnir eru svo til ára sinna (þ. e. orðnir sjötugir), með því að láta þá sitja lengur að starfi, heldur þykir rétt að unna þeim rólegs og amsturslauss æfikvölds“. Nú er það svo skv. öllum þeim þrennum eftirlaunal., sem ég gat um, að sjötugum embættismönnum er gefinn kostur á að láta af störfum með eftirlaunum. Það er því ekki verið að auka rétt þeirra með því að láta þá fara frá störfum með venjulegum eftirlaunum heldur er sá réttur fyrir hendi áður. Og að láta sér slík orð um munn fara, eins og gert er í þessari grg., að það eigi að unna þessum mönnum rólegs og amsturslauss æfikvölds, þessum mönnum, sem setja á frá embættum alveg fyrirvaralaust, og sem eiga sumir hverjir að hafa í eftirlaun um ⅓ af því, sem þeir áður

hafa haft, það get ég ekki skilið hvað er annað en bein tilraun til blekkinga.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar. Það hefði kannske verið ástæða til að minnast á brtt., sem fyrir liggja. Ég mun þó ekki gera að umtalsefni nema eina þeirra. Það er brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. ber fram og er um það, að fella niður 4. gr. frv., en þýðir, að l. ganga ekki í gildi fyrr en 3 mán. eftir birtingu þeirra, sem mundi þá verða í apríl. Ég skal játa, að þetta er auðvitað sanngjarnara en að láta l. öðlast gildi þegar 1. jan. Mér finnst samt, að þetta sé hálfgert kák, því að 3 mánaða uppsagnarfrestur gerir hér mjög lítið gagn. Eins og ég gat um áðan, þá hefði ég talið sanngjarnt og alveg í samræmi við skoðun löggjafarinnar, að veita nokkurra ára frest. Þegar embætti er lagt niður, er veittur 5 ára frestur, og mér hefði fundizt sanngjarnt, að eitthvað svipað yrði haft í þessu tilfelli.

Ég vænti þess nú, þó að sú von byggist ekki á miklu, að þetta frv. nái ekki fram að ganga í þetta skipti. Mér skilst, að hæstv. forsrh. og stjórnarflokkarnir leggi mikið kapp á að fá málið fram á þessu þingi. Ég vil þó biðja þá hv. þdm., sem vilja líta með einhverri sanngirni til þeirra manna, sem um áratugi hafa unnið í þjónustu ríkisins, að samþ. a. m. k. brtt. þeirra hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., um að þessi l. gangi ekki í gildi fyrr en 1. jan. 1936, eða m. ö. o., að veita þessum starfsmönnum eins árs uppsagnarfrest. Mér finnst samþ. þeirrar till. vera sú minnsta sanngirniskrafa, sem hægt er að gera til hv. þdm. í þessu máli.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt svo hljóðandi áskorun, undirrituð af 6 alþm.: „Undirritaðir alþm. í Nd. krefjast þess samkv. 37. gr. þingskapa, að gengið verði til atkv. um það, að umr. um 4. dagskrármálið verði slitið nú þegar". Alþingi, 19. des. 1934. Gísli Guðmundsson, Páll Þorbjörnsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Bjarni Bjarnason, Þorbergur Þorleifsson, Páll Zóphóníasson.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég vildi bara spyrja hæstv. forseta um það, hvort þetta á að skilja þannig, að ef þessi till. yrði samþ., þá yrði orðið tekið af þeim mönnum, sem hafa kvatt sér hljóðs?

**Forseti (JörB):** Samkv. orðalagi þessarar áskorunar er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi, því að þar er tekið fram, að þeim skuli slitið nú þegar. **(JakM:** Það mun vera föst venja að leyfa þeim að tala, sem eru á mælendaskrá, þegar slíkar till. koma fram). Þeir, sem áskorunina stíla, hafa það eigi að síður á valdi sínu. Og ég veit, að hv. þm. muna það, að ég snemma á þessu þingi vildi miðla málum, þegar samskonar till. þessari var borin fram, en það bar ekki árangur, enda er þetta fullur réttur þm. Þetta á vitaskuld að gera umræðulaust. Þingsköp mæla svo fyrir, að atkvgr. um slíkar till. skuli fara fram umræðulaust.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég vil gera fyrirspurn til forseta um það, hvort hann sjái ástæðu til þess að skilja þá gr. þingskapanna, sem um þetta fjallar og hann vísar til, á þann veg, að það beri að svipta þá menn orði, sem um það hafa beðið. Ég vil benda hæstv. forseta á það, að ég er meðflm. að till., og ég hefi setið í þeirri n., sem um málið fjallaði. Ég hefi ennfremur ekki haft neitt óþarfa málæði um þetta mál, þar sem ég hefi aldrei tekið til máls í umr. um það. Að þessu athuguðu þykir mér það ákaflega hart, ef nú á með ofbeldi í þessu, eins og svo mörgu öðru, að svipta þm. rétti til þess að lýsa afstöðu sinni til þeirra till., sem þeir sjálfir flytja. Ég hefi aldrei vitað slíka afstöðu tekna, né heyrt getið um annað eins. Mér þykir ákaflega undarlegt, ef hæstv. forseti vill leyfa atkvgr. um þetta, þegar honum er það kunnugt, að flm. að till. hafa ekki fengið að taka til máls, eins og hér er um að ræða. Ég hefi kvatt mér hljóðs og tel það hreint og beint ofbeldi, ef ég fæ ekki að lýsa minni afstöðu til þeirra till., sem ég hefi flutt.

**Forseti (JörB):** Þetta er nú náttúrlega miklu meira en fyrirspurn. En látum það vera, því að það er nú liðið hjá. Hv. 8. landsk. veit það vel, að ég hefi ekki á valdi mínu skýlaus ákvæði þingskapanna. Ég verð þeim að hlýða og fara eftir. Ég hefi áður viðvíkjandi þessari gr. þingskapanna gefið mína skýringu á því, hvernig ég hlýt að skilja ákvæði hennar, sem eru alveg skýlaus, eftir minni meiningu. Ég þarf ekkert að segja um afstöðu þm. viðvíkjandi þessu máli, og leiði það alveg hjá mér. Ég get ekki í þessu efni farið eftir öðru en því, sem mér ber skylda til, og það er að bera þessa áskorun upp. **(SK:** Má ég gera fyrirspurn?). Ef það er eitthvað, sem snertir þessa áskorun og atkvgr. um hana, þá er það heimilt, en umr. um þetta mál þýðir ekki að viðhafa.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég var ekki alveg viss um, hvert svar hæstv. forseta var áðan. Hvort hans úrskurður var sá, að þeir hefðu ekki heimild til þess að taka til máls, sem höfðu kvatt sér hljóðs. Er það meiningin? **(Forseti:** Já, eftir áskoruninni er það). Svo vildi ég bæta því við, að þessi úrskurður er gerður samkv. 37. gr. þingskapanna, en hún fyrirbýður þetta alveg, því að hún segir það strax í upphafi, að þetta megi gera, ef umr. dragast úr hófi fram. Og það er alveg skýlaus skylda forseta að neita að bera þessa till. upp, þar sem vitað er, að þetta mál var ekki rætt af einum einasta manni við 1. umr. þess og hefir mjög lítið verið rætt ennþá við þessa umr. Ég hefi t. d. aldrei tekið til máls. Ég vil þess vegna bera fram kröfu um það til hæstv. forseta, að hann vísi þessari till. frá sem gersamlega óþinglegri og ólöglegri samkv. 37. gr. þingskapa.

**Forseti (JörB):** Ég vil biðja hv. dm. að athuga það, að ég hefi ekki neitt úrskurðarvald í þessu efni, samkv. ákvæðum þessarar gr. Þegar atkvgr. fer fram um till., þá dæmir hver einasti þm. um málið, eftir því hvernig hann lítur á það, og ég get þess vegna ekki annað gert en að bera till. upp.

**Garðar Þorsteinsson:** Hæstv. forseti hefir í raun og veru viðurkennt það, að ég eigi verulega sanngirniskröfu til þess að fá að taka til máls um þetta mál, sem hefir verið í þeirri n., sem ég á sæti í, og þar sem ég auk þess ber fram brtt. við það og hefi ekki tekið til máls, hvorki við 1. eða 2. umr. þess, né heldur nú. Og ef hann viðurkennir þetta, þá leiðir þar með af því, að hann er ekki á sama máli og a. m. k. flm. þessarar till., um, að umr. hafi dregizt úr hófi fram. Það er forseta eins að skera úr því, hvort umr. hafa dregizt úr hófi fram, og þar með að skera úr um það, hvort till. sem þessar skuli bera upp eða ekki. — Hlustar hæstv. forseti á mig? — Ég vildi spyrja hæstv. forseta um það, hver það er, sem á að dæma um það, hvort umr. hafi dregizt úr hófi fram eða ekki, annar en forseti. Ef hann álítur, að þær hafi ekki dregizt úr hófi fram, þá er honum ekki heimilt að bera till. upp. Krafa um að skera niður umr. má ekki koma fram, nema því sé um leið og fyrirfram slegið föstu, að umr. hafi dregizt úr hófi fram, Forseti hefir þess vegna ekki leyfi til þess að skjóta sér undan því að kveða upp úrskurð um þetta, því að hann á að kveða upp úrskurðinn, og enginn annar.

**Thor Thors:** Ég vil aðeins spyrja hæstv. forseta um það, hvort hann hefir aðgætt það, hvort þessir þm., sem loks var hægt að ná í til þess að skrifa undir þetta skjal, séu staddir hér á fundi, því að mér skilst, að hv. þm. N.-Þ. sé búinn að vera að smala upp undir klukkutíma, til þess að safna þessum nöfnum saman, því að sumir af þessum mönnum hafa ekki verið á fundi. Ég vil, að hæstv. forseti athugi það, hvort þessir menn eru allir mættir, því að ég hygg, að það sé ekki nægilegt að skrifa undir áskorun sem þessa, ef menn eru ekki mættir á fundi. Það er a. m. k. einkennilegur þingmannaréttur, ef þeir sýna ekki meiri áhuga en það, að þeir nenna ekki að mæta, þegar málið er rökrætt, og svo stillilega og þinglega eins og gert er í alla staði. Ég verð að telja það skilyrði til þess, að hægt sé að taka slíkar undirskriftir alvarlega, að menn séu staddir á fundinum, þegar þeir rita nöfn sín undir þær. Annars verð ég að segja það, að þetta þras um málþóf, sem stjórnarliðar eru stöðugt með hér á þessu þingi, það hefir við ædilítil rök að styðjast í þessu máli. Við 1. umr. var ekki tekið til máls. Við 2. umr. þess voru haldnar 2 nokkuð stuttar ræður, og nú við 3. umr. hefir ekki einu sinni annar nm. Sjálfstfl. úr allshn. fengið að taka til máls. Þetta verð ég að telja alveg tvímælalaust á móti orðum þingskapanna, þar sem þar er skýrt fram tekið, að til þess að hægt sé að beita þessu, þá þurfi umr. að hafa gengið úr hófi fram.

**Héðinn Valdimarsson:** Það er öllum vitanlegt, hvernig þessu málþófi sjálfstæðismanna er varið. Þar sem nú er stutt til þingslita og þeir hafa von um að geta drepið málið með því að halda umr. um það nógu lengi áfram, þá vil ég fastlega skora á hæstv. forseta að leyfa ekki frekari umr. Því að samkv. þingsköpum á að bera þetta upp umræðulaust.

**Forseti (JörB):** Hv. 2. þm. Reykv. hefi ég veitt orðið eins og öðrum, og vitaskuld þó lýst því yfir, að umr. um þetta atriði ættu ekki fram að fara. En af því að menn töldu sig þurfa að bera fram sérstakar fyrirspurnir, þá hefi ég leyft það, en nú vænti ég, að umr. sé lokið.

**Ólafur Thors:** Nú er mátulegt að ganga til atkvgr. Stjórnarliðið mun vera búið að smala sínum sauðum inn í d.

**Forseti (JörB):** Það er ekki mín skuld, þó að einhverjir kunni að vera fjarstaddir. En viðvíkjandi fyrirspurn hv. 8. landsk. vil ég benda honum á að lesa 37. gr. þingskapanna. Ég hefi áður allrækilega skýrt þessa gr. og fer ekki að endurtaka þá skýringu. Þess gerist engin þörf.

ATKVGR.

Till. um að slíta umr. samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, JörB.

**nei:** SK, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, JakM, JÓl, JónP, ÓTh, PHalld.

TT,[1]) GTh, HannJ, MT greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (JJós, JS, PO) fjarstaddir.

ATKVGR.

Brtt. 889 samþ. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, PO.

**nei:** SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ.

JörB greiddi ekki atkv.

Einn þm. (JJós) fjarstaddur.

Við atkvgr. umr brtt. 889 urðu þessar umr.:

**Sigurður Einarsson:** Með því að frv. sjálft gerir ráð fyrir, að menn geti verið í störfum til 70 ára aldurs, ef þeir eru færir um það, og þó jafnframt að starfskraftar þeirra nýtist að fullu, segi ég nei.

**Bergur Jónsson:** Ég sé ekki betur en þeir, sem kosnir eru almennum kosningum, séu undanþegnir í frv., og segi því nei.

**Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég stend upp til að mótmæla skýringu hv. þm. Barð.; hún nær aðeins til ráðh., alþm. og opinberra fulltrúa, en ekki embættismanna. (**BJ:** Hvað er fulltrúi?). Það er allt annað en embættismenn; fulltrúar eru þeir, sem kosnir eru almennum kosningum.

**Ólafur Thors:** Hv. þm. V.-Sk. hefir tekið fram að mestu það, sem mér þótti ástæða til að vekja athygli á, að það kenndi nokkurs misskilnings hjá hv. þm. Barð., og vildi ég beina því til hans, hvort hann vildi ekki breyta sínu atkv. eftir að hafa fengið þessa skýringu frá hv. þm. V.-Sk.

1) **TT:** Ég tel, að slíkt ofbeldi sem hér er haft í frammi, eigi algerlega að vera á ábyrgð stjórnarflokkanna, og mun ég því ekki greiða atkv.

**Bergur Jónsson:** Af því að það hefir verið beint til mín fyrirspurn um, hvort ég vildi ekki breyta atkv. mínu, vil ég taka það fram, að ég skil 3. málsgr. 1. gr. svo, að hún nái til allra einstaklinga, sem kosnir eru almennum kosningum, þar á meðal presta. Þetta er mín lagaskýring, og tel ég því brtt. að því leyti óþarfa.

Brtt. 868,1 samþ. með 24 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HannJ, HV, JÓl, JG, MT, PZ, PÞ, PHalld, SigfJ, SE, StJSt, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, GTh, JakM, JónP, JS, ÓTh, PO, SK, GÍ, JörB greiddu ekki atkv.
Einn þm. (JJós) fjarstaddur.

Við nafnakallið um brtt. 868 gerðu þrír þm. grein fyrir afstöðu sinni á þessa leið:

**Jakob Möller:** Ég hafði kvatt mér hljóðs áður en umr. voru skornar niður, m. a. til þess að gera grein fyrir atkv. mínu í sambandi við þessa till., en ég get eins vel gert það nú. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þó till. sé borin fram undir því yfirskini að vera mildandi fyrir embættismennina, þá er það ekki svo, heldur að breyta frv. þannig, að ráðh. geti hagað þessu eftir því, sem honum þóknast og þykir hagkvæmast, en ekki af umhyggju fyrir embættismönnunum. Þar að auki vil ég vekja athygli á því, að það hefir verið talað um, að till. væri borin fram til samkomulags, en hún getur aldrei náð til annara en þeirra, sem eru á aldrinum 65—70 ára, því síðar í frv. er ófrávíkjanlega skilyrði um, að enginn embættismaður eldri en 70 ára megi sitja í embætti. Till. er því þýðingarlaus, vegna þess að ráðh. hefir vald til þess að láta þá halda áfram störfum um lengri eða skemmri tíma, sem hann telur færa um það og ekki eru fullra 70 ára. Till. er því alveg þýðingarlaus. Ég vil vitna til ummæla, sem ég sagði um þetta áður, að flm. hafa viljað haga þessu eftir því, sem ráðh. þætti bezt henta. Ég benti t. d. á kennara, að þá er hægt að láta fara hvort sem er að vori eða hausti. Það er ekki svo mikið verið að taka tillit til þess, hvenær þessir menn eru sviptir atvinnu; allt fer það eftir geðþótta ráðh. og hvenær hans gæðingar eru reiðubúnir. Af þessum ástæðum sé ég ekki ástæðu til þess að greiða atkv. um till., ég tel hana ekki þess verða. — Vona ég, að hæstv. forseti taki þessa grg. gilda.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég get að mestu leyti haft sömu grg. og hv. 3. þm. Reykv., að því viðbættu, að ég sé ekki, að till. sé stíluð til annars en að bíða eftir mönnum, sem ríkisstj. ætlar að láta taka við af gamla manninum, ef búið er að jeta upp alla bitlinga hjá stj.

**Thor Thors:** Enda þótt ég telji brtt. í alla staði ófullnægjandi, en óvíst er, hvort brtt. á þskj. 856 verður samþ., og þar sem þetta þó er heldur til bóta, segi ég já.

Brtt. 856,1 felld með 15:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM.
nei: JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV.
JörB greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (JJós, MT) fjarstaddir.

Brtt. 856,2 felld með 15:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HannJ, JakM, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh.
nei: HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG.
JörB greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (JJós, MT) fjarstaddir.

Brtt. 868,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
Atkvgr. um frv. frestað.

Á 65. fundi í Nd., 20. des., var fram haldið 3. umr. (atkvgr. um frv.).

**Ólafur Thors:** Það vantar hér nokkra þm. í d., t. d. hv. 1. þm. Rang., sem stóð hér til kl. 4 eða 5 í nótt og var að tala fyrir brtt. sínum við fjárl. og er því ekki kominn í d., og býst ég ekki við, að neinn leggi honum það til lasts, en telji sanngjarnt að bíða með atkvgr. þangað til hann er kominn í d. Einnig vantar hv. þm. Vestm., sem er veikur, og þm. V.-Húnv., og eru þetta allt hetjur næturinnar — sannir vökumenn þjóðarinnar.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

ATKVGR.
Frv., með áorðnum breyt., samþ. með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.
nei: ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.
MT greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (JJós, JÓl) fjarstaddir.
Frv. endursent Ed.

Við atkvgr. um frv. gerðu tveir þm. svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

**Jakob Möller:** Ég lýsti því yfir við 2. umr., að ég væri í raun og veru samþ. því, að ákveðið væri aldurshámark embættismanna. En bæði er nú það, að ég tel, að hér sé ósæmilega harkalega farið að gagnvart þeim embættismönnum, sem eiga að verða fyrir ákvæðum þessara l., og svo er líka það, að meðferð þessa máls hér á þingi, og þá sérstaklega í Nd., er svo einstök, að jafnvel þó að maður væri fylgjandi frv. í öllum greinum, þá tel ég hæpið, að menn, sem annars eru gæddir sanngirni og samvizkusemi, gætu verið þekktir fyrir að greiða því atkv. Það var hér við 3. umr., þegar aðeins hv. frsm. minni hl. hafði talað og tveir flokksmenn hans, þá voru umr. skornar niður af hálfu stjórnarflokkanna og meiri hl. d., og þá sagði hæstv. forsrh. líka, að hann sæi ekki ástæðu til að ræða þetta mál við þessa d. Hann hefir þegar lýst yfir þeirri skoðun sinni í neðri deild Alþingis,

að þm. varði ekkert um þau rök, sem hann hafi fram að færa fyrir málinu, og því sé óþarfi fyrir sig að telja þau rök fram fyrir hv. d. Svo beita stjórnarflokkarnir því ofbeldi að skera niður umr. Þessi málsmeðferð álít ég að sé svo óverjandi, að ég get ekki fylgt frv. og segi því nei.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég hafði kvatt mér hljóðs, áður en umr. voru skornar niður, og ætlaði að koma fram með skrifl. brtt. við frv. Ég vil ekki misnota tímann nú til að gera grein fyrir, hvað fyrir mér vakti þar, en ég hefi enga afstöðu tekið opinberlega til frv., en mér var ljóst, að það vantaði grundvöllinn undir frv., hvað ætti að gera fyrir þá, sem væru sviptir embætti samkv. þessum l. Þess vegna ætlaði ég að bera fram skrifl. brtt., en það var mér meinað með því að skera niður umr. Ég segi því nei.

---

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 919).

Á 68. fundi í Ed., 22. des., var frv. tekið til einnar umr.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Smábreytingar hafa verið gerðar á frv. síðan það var hér síðast. Þær eru í þá átt að rýmka ákvæðin um burtför þeirra manna úr embætti, sem náð hafa hámarksaldri, og er nú ákveðið, að þeir skuli fara 12 vikum eftir að lögin hafa verið birt í B-deild Stjtíð. Þá hefir og þótt hentugra að ákveða ekki, að embættismaður léti af starfi 1. næsta mánaðar eftir að hann nær hámarksaldri, heldur megi haga því eftir störfum hans, þannig að kennari ljúki kennslumissiri, prestur fari að vori og sýslumaður um það leyti, sem reikningsskil embættisins eru gerð. Það má telja heldur til bóta að hafa þetta í lögunum, þó að ég hinsvegar geri ráð fyrir, að framkvæmd þeirra hefði orðið á svipaðan veg.

**Magnús Guðmundsson:** Það er ekki hægt að neita því, að breyt. þær, sem gerðar hafa verið á frv. í Nd., eru heldur til bóta, enda hefði tæpast verið hægt að framkvæma lög með því innihaldi, sem frv. hafði áður en þessar breyt. voru gerðar. Embættismenn þessir eru nú ekki reknir alveg fyrirvaralaust, en þessi breyt. fékkst ekki á frv. hér, þó að hún næði fram að ganga í Nd. Þó er eftir sá aðalgalli á frv., sem veldur því, að ég get ekki fylgt því, en það er 65 ára aldurshámarkið, sem ég tel of lágt. Það er fullkunnugt, að margir endast svo vel, að þeir eru mjög vel starfhæfir 65 ára gamlir, og ætti ekki að þurfa að fara í grafgötur um slík dæmi, þar sem kunnugt er, að meðal stórþjóðanna hafa jafnvel áttræðum mönnum verið falin hin erfiðustu störf, og má t. d. nefna, þegar Clemenceau var falið forsætisráðherrastarf í Frakklandi á stríðsárunum, og einnig má nefna Hindenburg, sem varð forseti Þýzkalands eftir að hann varð áttræður. Það er ófært að setja reglur, sem hitta þannig, að þær gera mönnum rangt til, en ekki rétt. Aldurshámarkið á að setja þannig, að það sé í samræmi við það, sem venjulegt er, en ekki miða það við undantekningarnar. Það er alls ekki venjulegt, að 65 ára maður sé orðinn svo hrumur, að hann geti ekki gegnt embætti lýtalaust. Mér finnst dálítið undarlegt, hve stjórnin leggur mikið kapp á að koma málinu fram á þessu þingi. Það virðist þó ekki mikið í hættu, þó að það biði næsta þings. Um aldurshámarkið veit ég líka, að hæstv. forsrh. hefir látið í ljós við ýmsa, að hann gæti vel sætt sig við 68 ár, svo að mér finnst það undarlegt ofurkapp, sem lagt er á að koma frv. fram á þessu þingi. En sé það nú svo, að stjórnin ætli sér að láta 65 ára menn gegna störfum sínum áfram, ef þeir eru ekki sérlega hrumir, þá gerir þetta minna. En mér finnst hart að láta 65 ára menn í fullu fjöri hverfa frá störfum. Það var tekið fram í aths. við frv. í upphafi, að það væri maklegt að láta þessa menn fá rólegt æfikvöld. En auðvitað er þetta biturt háð um þá menn, sem ekkert eiga, en eru sviptir atvinnu sinni á þeim aldri, að þeir geta tæplega horfið að nýju starfi. En aðallega set ég það út á frv., að í því er sett regla, sem ekki hefir stoð í hinu raunverulega lífi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 936).

---

## 78. Síldarútvegsnefnd o. fl.

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.** (A. 534).

Á 47. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég get á þessu stigi málsins verið stuttorður. Þetta frv. er byggt á sömu grundvallarreglum og frv. stj. um fiskimálanefnd, útflutning á fiski o. fl. Það liggja allar sömu ástæður fyrir því, að þetta frv. er fram borið eins og frv. um skipulagningu á fiskverzluninni. Út af umtali, sem nýlega varð í hv. Ed. í sambandi við þetta mál, vil ég taka það fram, að þeir, sem sömdu þetta frv., hafa fylgt nákvæmlega sömu reglum í till. sínum og n. sú, sem kosin var í enska þinginu til þess að gera till. til breyt. og endurbóta á síldarútvegi Breta og koma skipulagi á síldveiðina þar, sem er í ófremdarástandi eins og hér á landi. En þó ætla ég, að þeim, sem unnið hafa að þessu frv., hafi ekki verið kunnugt um till. brezku síldarmálan., þegar þeir sömdu þetta frv.

Vegna þess að komið var í óvænt efni um rekstur brezka síldarútvegsins, var skipuð sérstök n. í fyrra til þess að athuga og bera fram till. til bjargar útveginum. Og það vill svo einkennilega til, að till. þeirrar n. stefna nákvæmlega í sömu átt um skipun þeirra mála og gert

er í þeim frv., sem ríkisstj. leggur fyrir þetta þing, um fiskimálanefnd og síldarútvegsnefnd. Þó er sá munur á, að ætlazt er til, að síldarmálan. Breta sé að öllu leyti skipuð af ríkisstj. og að síldarmálan. þar ákveði, hvað mörg skip skuli gerð út á síldveiðar, hvaða veiðarfæri skuli notuð, á hvaða tímum síldveiðar skuli fara fram og hvaða veiðisvæði skuli notuð. Ennfremur hefir n. vald til þess að löggilda síldarsaltendur og útflytjendur síldarinnar, og einnig í aðalatriðum að skipa útflutningsdeildir, er taka að sér verkun á síldinni og semja um útflutning á henni og tryggja markaði erlendis. Ég hefi nýlega séð í fréttum frá Bretlandi, að gert er ráð fyrir, að þar verði skipuð síldarnefnd til þess að koma skipulagi á síldarútveginn þar, eftir till. brezku þingnefndarinnar. Ég geri ráð fyrir, að það sé engin tilviljun, að ríkisstj. hefir í frv. sínum um útvegsmálin farið í sömu átt og gert hefir verið í mesta fríverzlunarlandi álfunnar, Bretlandi, heldur mun það stafa af því, að sömu ástæður í ýmsum löndum skapa samskonar till. til úrlausnar, þó að í fjarlægum löndum sé. Enda er það sérstaklega nauðsynlegt, að við Íslendingar skipuleggjum síldarútveginn hjá okkur á sama hátt og Bretar, af því að við þurfum að keppa við þá á sömu mörkuðum, t. d. í Þýzkalandi og Bandaríkjunum. Ef við mætum brezkri samkeppni með svipaðri skipulagningu á síldarútveginum og Bretar hafa hjá sér, þá höfum við miklar líkur til þess að vinna nýja markaði. En því aðeins stöndumst við samkeppnina, að skipulagið verði sem traustast.

Það hefði verið mjög æskilegt, að þeir hv. þm., sem halda því fram, að þessum málum verði bezt skipað hjá okkur með því að hafa aðeins ráðgefandi nefndir, kynntu sér álit og till. brezku n., fyrst þeir vilja ekki viðurkenna, að ástand það, sem nú ríkir í sjávarútvegsmálum hér á landi, gefi tilefni til svipaðra aðgerða og gert er annarsstaðar. Þeir ættu að athuga, hvaða till. eru efstar á baugi um meðferð þessara mála erlendis, þar sem atvinnuvegirnir standa máske betur að vígi en hér á landi, og færa svo rök að því, á hvern hátt það muni vera hættulegt fyrir okkur Íslendinga að feta í fótspor þekktustu fríverzlunarþjóðar í álfunni.

Flutningi þessa frv. hefir verið hagað á sama hátt og við frv. um fiskimálanefnd. Það var tekið eintak af því í prentsmiðjunni áður en prentun var lokið og sent sjútvn. Nd. til athugunar. Að nokkrum tíma liðnum kváðust tveir af nm. ekki vilja eiga þátt í flutningi frv. með meiri hl. n., sem flytur frv. eftir ósk hæstv. stj. Meiri hl. sjútvn. er frv. aftur á móti samþykkur og leggur til, að það verði gert að lögum.

Ég skal svo ekki hafa þetta forspjall lengra, en óska, að frv. verði vísað til 2. umr.

**Jakob Möller** óyfirl.]: Það er náttúrlega ákaflega fróðlegt erindi, sem hv. þm. Ísaf. hefir flutt hér um álit og till. þessarar brezku síldarmálanefndar! En það er bara dálítið skrítið, að eftir að hann var búinn að lýsa yfir, hversu nákvæmlega þessu frv. bæri saman við till. brezku nefndarinnaar, þá skildist mér, að ekkert af því, sem hv. þm. skýrði frá, að væri í brezku till., sæist í þessu frv. Hv. þm. skýrði frá því, að brezku síldarn. væri ætlað að ákveða um tölu síldveiðiskipa við strendur Bretlands, hvaða veiðarfæri þau nota, og ennfremur ætti hún að ákveða veiðitíma og veiðisvæði fyrir skipin. Ég skal nú að vísu játa, að ég hefi ekki lesið þetta frv. nema lauslega, en þessi ákvæði hefi ég ekki fundið í frv., og hv. þm. vildi máske benda mér á þau. Hinu gerði hv. þm. auðvitað enga grein fyrir, að í þessu frv. eru ákvæði, sem ekki eru til í áliti brezku nefndarinnar; er það óneitanlega kynlegt, þar sem hann var að gera hv. þd. grein fyrir því og sannfæra hana um, að till. meiri hl. sjútvn. og brezku n. væru nákvæmlega samhljóða. Hvers vegna nefnir hv. þm. ekki aðalatriðin í þessu frv. og tilsvarandi ákvæði í till. brezku n.? Ég skal játa, að ég er ekki búinn að lesa frv. sem skyldi, en þó vil ég sérstaklega benda á, að ég hygg, að í till. brezku n. finnist ekki ákvæði tilsvarandi þeim, sem eru í 5. gr. þessa frv. um valdsvið síldarútvegsnefndar, a. m. k. lét hv. þm. þess ekki getið.

Annars er ekki hægt að ræða þetta ýtarlega, þar sem hv. þdm. hafa ekki séð till. brezku síldarn. og tæplega heyrt þeirra getið, nema e. t. v. þessi hv. þm. Þó lét hann þess getið, að hann hefði aðeins fengið lauslegar fréttir um það nýlega, að búið væri að skipa síldarn. í Bretlandi.

Ég tel sjálfsagt, að form. sjútvn. leggi till. brezku n. fyrir sjútvn., og þá upplýsist væntanlega, hvort þær eru nákvæmlega eins og þetta frv., og ég tel einnig víst, að hv. sjútvn. birti útdrátt úr þeim í nál., sem fylgdi frv. til 2. umr. Það væri ágætt að fá þessar heimildir áður en frv. um fiskimálanefnd o. fl. kemur hér næst til umr. í þd.

Þess er að vænta, að hv. formaður sjútvn., þm. Ísaf., afli sem flestra gagna í þessum málum, svo að honum takist að leiða hv. þdm. í allan sannleika.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Hv. 3. þm. Reykv. hætti að referera ræðu mína áður en hann komst að aðalefninu, sem eru höfuðrök þessa máls. Hann minntist ekki á það, sem ég skýrði frá úr till. brezku síldarn., að forstöðun. verði heimilað að löggilda síldarsaltendur og skipa útflutningsnefndir, sem eiga að sjá um verkun og semja um útflutning á allri brezkri síld. **(JakM:** Hvar eru samskonar ákvæði í brezku till. og þau, sem felast í 5. og 12. gr. frv.?). Ég fór ekki út í það í framsöguræðu minni, enda er ekki venja að ræða einstakar gr. í frv. fyrr en við 2. umr. málsins. En það, sem ég benti á til samanburðar, get ég gjarnan endurtekið fyrir hv. þm.; og það er í stuttu máli þetta: að brezka síldarn. á að hafa allt það vald, og jafnvel víðtækara vald á sumum sviðum, en síldarútvegsn. er ætlað að hafa hér á landi samkv. þessu frv. Það er gert ráð fyrir, að brezka n. ákveði veiðileyfi til skipa, hún ákveður, hvenær síldveiði skuli byrja og hætta, hún getur bannað síldarsöltun á vissum tímum o. s. frv.

Hér er í 5. gr. þessa frv., sem fyrir liggur, talað um, að „útflytjendur verði að skuldbinda sig til að beita fyrirmælum síldarútvegsn. um framboð og lágmarksverð á síld, sem seld er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem n. setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkv. lögum þessum.“

Þá eru í 5. gr. einnig ákvæði um, að síldarútflytjendur skuli skyldir til að taka síld til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé síldin markaðshæf vara. Ennfremur skulu þeir skyldir til að greiða fyrir því, að allir síldarframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

Vera má, að þetta sé einmitt þyrnir í augum hv. 3. þm. Reykv. En ég fyrir mitt leyti tel það nauðsynlegt, og þó að þetta sé ekki alveg orðrétt samhljóða till. brezku n., (**JakM:** Nú, ekki það!) þá vil ég fylgja því fast fram, að jafnrétti sé látið gilda í þessu efni, af því að það hefir mjög skort á um það við fiskútflutning hér á landi. Hinsvegar verður því ekki neitað, að vald brezku síldarn. er ákveðið talsvert víðtækara samkv. till. n. heldur en ætlazt er til, að verði hér á landi eftir þessu frv., og má t. d. geta þess, að brezka síldarn. hefir heimild til að kaupa og verka síld. (**JakM:** Allt undir annara handleiðslu). Og þetta sýnir betur en allt annað, að í mesta friverzlunarlandi heimsins eru menn farnir að hverfa frá hinni frjálsu samkeppni. Það er augljóst, að þeir, sem trúað hafa á frjálsa samkeppni, vilja nú koma þessum málum öðruvísi fyrir í Bretlandi. En hér á landi vilja sjálfstæðismennirnir, að fisk- og síldarútvegsnefndirnar hafi aðeins ráðgefandi vald, í stað þess, að meiri hl. sjútvn. leggur til, að þær hafi framkvæmdavald samkv. fordæmi frá Bretum.

Ég vil engu lofa um það, að skýrsla brezku n. verði prentuð með nál. sjútvn. Það hlýtur að taka talsverðan tíma að þýða skýrsluna og prenta, því að hún er löng, og álít ég tæplega leggjandi í það, vegna kostnaðarins. En hinsvegar geta þeir, sem skilja ensku, fengið skýrsluna lánaða hjá Fiskifél. Ísl. og kynnt sér hana, og ef hv. 3. þm. Reykv. vill fá að athuga einstök atriði í skýrslunni, þá er honum velkomið að sjá þau hjá mér í lauslegri þýðingu, sem ég hefi gert.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. fór eins og köttur í kringum ákvæði 5. gr. frv., sem ég hygg, að séu hin sömu og í tilsvarandi gr. frv. um fiskimálan. Og þó að hv. þm. leggi áherzlu á, að verksvið brezku síldarn. sé talsvert víðtækara en síldarútvegsn. er ætlað að hafa hér á landi samkv. frv., þá er það bara á allt öðru sviði. Hv. þm. kom ekkert inn á það atriði, hvort brezku síldarn. væri gefið það vald, sem ég undirstrikaði, að síldarútvegsn. væri fengið hér samkv. 5. gr. frv., og gerir það að verkum, að hér verður nokkurskonar síldareinkasala. Ég fullyrði ekkert um, hvort tilsvarandi ákvæði eru í till. brezku n., en hv. þm. hefir ekki bent á það. Í þess stað var hv. þm. eitthvað að fjasa um, að hin volduga friverzlunarþjóð, Bretar, væru að hverfa frá frjálsri samkeppni í viðskiptum. Hv. jafnaðarmenn liggja alltaf á því lúalagi, að nú séu allar þjóðir að hverfa frá friverzlun og frjálsri samkeppni, en þetta er algerlega rangt hjá þeim, þó að þeir e. t. v. trúi þessu sjálfir, af barnalegri einfeldni. Einstök fyrirbrigði í viðskiptum þjóðanna, sem í fljótu bragði virðast benda í þessa átt, eru miðuð við það neyðarástand, sem nú ríkir í heiminum, og því aðeins tímabundin. Hv. jafnaðarmenn vísa oftast til stefnu og framkvæmda núv. Bandaríkjaforseta, til sönnunar þessum framburði sínum. En nú geta þeir sannfærzt um það eftir nýjustu heimildum, að Roosevelt forseti er alveg að hverfa frá þeirri stefnu sinni, að leggja hömlur á framtak einstaklinga, og að straumurinn er nú að bera hann í öfuga átt við það, sem áður var. Forsetinn er nú farinn að sjá, að hverskonar hömlur í viðskiptalífi þjóðanna og útilokun frjálsrar samkeppni leiðir til bölvunar. Þetta er Bandaríkjaþjóðin nú að læra. Það tekur máske nokkurn tíma að koma viðskiptamálunum aftur í lag eftir kreppuna. En það mun takast, og þá eftir grundvallarkenningum okkar samkeppnismanna, sem hv. jafnaðarmenn halda í einfeldni sinni, að séu að hverfa úr sögunni; eða þá að þeir halda því fram meira og minna gegn betri vitund.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég vil aðeins út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði nú síðast um endurreisn hinnar frjálsu samkeppni, taka mér í munn þá gömlu setningu: „Mikil er trú þín, kona.“ En út af því, sem hv. þm. vildi bera brigður á, að ákvæðin í till. brezku n. næðu eins langt og væru eins bindandi fyrir síldarútveg Breta og þær ákvarðanir, sem við leggjum til í þessu frv. um síldarútveginn hér á landi, vil ég tilfæra nokkur atriði úr skýrslu brezku n. Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Framleiðsla einstaklinga og hin frjálsa samkeppni hafði fyrir ófriðinn opna leið til sölu á afurðunum og enga þörf til að þróa söluaðferðir sínar, en síðan markaðirnir lokuðust að meira eða minna leyti, er einstökum framleiðendum og hinni frjálsu samkeppni algerlega um megn að leysa úr erfiðleikunum.“ Í framhaldi af þessu segir þar ennfremur: „Útflutninginn þarf að skipuleggja til þess að forðast neyðarsölu til þess að við getum verið jafnvígir sterkum kaupendasamtökum, og til þess að ná aftur töpuðum mörkuðum og auka nýja.

Við mælum með því, að n. taki sjálf að sér ábyrgð á þessu, og við erum vissir um, að við flytjum þar réttilega almennar óskir þeirra, er að þessum atvinnuvegi standa. Við höfum athugað reglur um eftirlit með útflutningi, sem notaðar eru í nýlendunum og annarsstaðar, og höfum séð, að þar er aðalreglan sú, að útflutningseftirlitinu hefir verið gefið lögvald, ekki einasta til þess að koma fram sem umboðsmenn fyrir framleiðendur, heldur einnig til að koma á fót einkasölu. Í framkvæmd er þetta vald sjaldan að fullu notað, þó eftirlit og fyrirskipanir séu gefnar um kaup og sölu, þá kaupa nefndirnar sjaldan sjálfar eða selja,

Með þá nauðsyn einkum fyrir augum, að opna nýja markaði, ráðleggjum við, að síldarnefndinni verði gefið samskonar víðtækt vald til þess að hafa það til vara; en sem venju viljum við gera ráð fyrir, að hún myndi koma fram sem umboðssali um útflutninginn, en ekki sjálf hafa birgðirnar með höndum.

Nefndin ætti að hafa vald til:

a. Að stofna útflutningsdeild, sem hafi með höndum útflutning á allri verkaðri síld og semja um afskipanir, farmgjöld, tryggingar o. þ. h.
b. Að taka umboð fyrir saltendur á öllum samningatilraunum á síldarsölu til Rússlands og á aðra markaði, þar sem slíkt þætti heppilegt. Á einstöku erlendum mörkuðum mætti venjulega leyfa síldarsaltendum sjálfum að leita samninga fyrir sig, ef þeir óska, en ráðstafanir til útflutnings ætti n. ein að hafa með höndum.
c. Að krefjast upplýsinga um alla skilmála og verð í samningum, sem saltendur gera sjálfir, og taka gjald af útflutningi þeirra, eins og hann hefði verið framkvæmdur af nefndinni.
d. Taka að sér umboðssölu til útlanda, eða neita um slíka umboðssölu, nema með því lágmarksverði og útflutningslaunum, sem n. ákveður."

Ég ætla, að þetta muni vera hliðstætt ákvæðum í frv. þeim, sem nú liggja fyrir þinginu um fiskimálanefnd o. fl. og síldarútvegsnefnd o. fl.

Ég kem þá að eftirfarandi ákvæðum í till. n.:

„e. Að útvega fé til notkunar í bili til sölu á erlenda markaði.
f. Útvega umboðsmenn og geymslu erlendis.
g. Að gefa undanþágur að nokkru eða öllu leyti, ef um sérstakar verkunaraðferðir er að ræða.
h. Að taka ábyrgð á innheimtu á öllum lánum, sem n. veitir með hverskonar samningum sínum (erlendis).
i. Að örva söluna erlendis með fyrirlestrum, auglýsingum, eða á annan hátt.
j. Að kaupa og selja verkaða síld og taka að sér venjulegar skyldur sölufyrirtækja, en þó aðeins, ef nauðsyn krefur, vegna nýrra markaða eða annara sérstakra ástæðna."

N. segir, að sér sé það fyllilega ljóst, að með þessum ákvörðunum sé dregið vald úr höndum útflytjenda, en að þjóðarheill krefjist, að svo sé gert. Ég ætla, að hin sama þjóðarnauðsyn knýi til þess einnig hér á landi.

Ég tek það fram, að hér er um lauslega þýðingu að ræða. En ég hygg, að þetta nægi fyllilega til að sýna það og sanna, að aðalatriðin í frv., sem hér liggur fyrir, eru hin sömu og í þessari merkilegu skýrslu brezku n. Sá kafli skýrslunnar, sem hnígur sérstaklega að framleiðslu einstaklinga, ætla ég, að sé orðréttur á þessa leið:

„Framleiðsla einstaklinga hafði fyrir ófriðinn opna leið til sölu á afurðunum og enga þörf til að þróa söluaðferðir sínar, en nú hefir hún engin ráð til að mæta kröftuglega fjárhagsörðugleikunum á núv. mörkuðum, eða til þess að opna nýja markaði."

Þó að þetta gildi um ástandið í Bretlandi á þessum tímum, þá þarf það ekki þar fyrir að eiga við hér á landi. En ég fullyrði, að allir hinir sömu erfiðleikar séu hér fyrir hendi, nema ef vera kynni í ennþá ríkara mæli.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að mér og hv. 6. þm. Reykv. var gefinn kostur á að gerast meðflm. að þessu frv. En við álítum ekki nauðsynlegt, að við tækjum þátt í því, og felldum okkur ekki við frv., í því formi, sem það var. Hinsvegar skal ég játa, að það horfir talsvert öðruvísi við um sölu á síldinni en saltfiskinum. Bæði þessi frv., um fiskimálanefnd og síldarútvegsnefnd, eru steypt í sama móti, að öðru leyti en því, að þar sem talað er um fisk í öðru frv., þá stendur það sama um síld í hinu.

Þegar þess er gætt, að er frv. um fiskimálanefnd kom fram, þá var til í landinu öflug stofnun, sem sér um sölu á saltfiski, þá er frv. um síld borið fram með talsvert öðrum forsendum. Að vísu er til sölusamlag um matjessíld, en um það sagði hæstv. atvmrh. í útvarpsumr. fyrir nokkru, að það myndi í þann veginn að leysast upp. Hér er því ólíku saman að jafna. Fisksölusamlagið var ekki líkt því að vera að leysast upp. Það var að koma fastara skipulagi á sinn félagsskap þegar frv. um fiskimálan. kom fram. En þetta frv. er borið fram á tíma, sem atvmrh. segir, að sá félagsskapur, sem myndaður var um sölu á nokkrum hluta síldarinnar, sé í þann veginn að leysast upp. Þetta gerir viðhorfið mjög mikið annað í þessu máli. Svo er frá því að segja hvað snertir síldarsölu na sérstaklega, að ég komst að því í ferð minni fyrir ríkisstj. í fyrra, að allsterk rök lágu fyrir því, að síldarsalan væri meir á einni hendi en verið hafði. Eftir tilmælum fyrrv. stj. sat ég fund í Danzig, sem boðað var til af síldarinnflytjendum til þess að ræða þessi mál, og hafði verið óskað eftir fulltrúum frá Íslendingum og Norðmönnum, sem og mættu á fundinum. Ég skal fara fljótt yfir sögu, en geta þess, að sú varð niðurstaðan á fundinum, en þar voru mættir allir innflytjendur í Danzig, og þeir hafa nær einir á hendi dreifingu á síldinni, sem fer á pólskan markað, nema hvað hin nýja hafnarborg Gdynia hefir nokkuð dregið til sín, að innflytjendur töldu æskilegt, að einhverri einni stofnun á Íslandi væri falið að annast útflutninginn. Ég lagði svo til, þegar heim kom, að gerð væri ýtarleg tilraun til þess að fá útgerðarmenn til þess að starfa saman, vegna þess að ég sannfærðist um vilja innflytjendanna í þessu efni. Þeir tjáðu sig fúsa til þess að gera fyrirframsamning um kaup á fleiri tugum þúsunda tunna af síld, eitthvað 40—50 þús. fyrir ákveðið verð, ef skipulagið kæmist í slíkt horf. Mér virtust hér geta orðið breyt. til bóta og benti rækilega á það í skýrslu minni til ríkisstj. hve skaðlegt það væri fyrir síldarverzlunina, að hver hlypi í kapp við annan um markaðinn og orsakaði heildarverðlækkun. Þetta virtist mönnum myndi mega lækna, með því að á Íslandi væri ein sölumiðstöð, en helzt vildu nú innflytjendurnir, að Noregur og Ísland hefðu

með sér samtök í þessu efni, og þeir voru svo vongóðir í Danzig, að þeir gerðu ráð fyrir, að þetta gæti tekizt, að hafa samvinnu um alla Íslandsveidda síld. Af þessum ástæðum lagði ég til, að komið væri betra skipulagi á þennan útflutning. Fyrrv. forsrh. Ásgeir Ásgeirsson, tók því vel, og athugaði málið mjög alvarlega. Kvaddi hann hingað til Rvíkur á fund ýmsa hina stærri síldarseljendur og útflytjendur, þ. á m. hv. þm. Ísaf. Um þetta voru svo haldnir mjög margir fundir í fyrravetur og reynt að fá menn til samstarfs. Á aðra viku var unnið að því viðstöðulaust að semja lagafrv. o. þ. l. Því miður tókst þó ekki að sameina menn í það sinn. En það tókst síðar, þegar leið á árið, og var þá stofnað síldarsölusamlagið. Hygg ég, að tilraunir þær, sem hafnar voru fyrir atbeina fyrrv. forsrh., hafi verið öflugur þáttur í því að vekja menn til umhugsunar um þessi mál, sem því miður hafa verið meira látin reka á reiðanum en skyldi. Ég segi það ekki til hv. þm. Ísaf., því að ég veit, að hann hefir verið þess sinnis að hafa þetta í mjög föstum skorðum, og ennþá fastari skorðum en ég hefi getað fellt mig við. Hér er ekki tími til að ræða um framkvæmdir síldarsölusamlagsins, enda er ég því ekki nægilega kunnugur. Eitt atriði vil ég þó drepa á í þessu sambandi, og það er, að strax og ég frétti, að samlagið hefði ákveðið að skipta ekki við innflytjendur í Danzig hvað pólska markaðinn snerti, bar ég kvíðboga í brjósti fyrir óheppilegum afleiðingum. Vonandi hefir þetta ekki komið verulega að sök, en þó mun um einhver óþægindi af því að ræða. Því að það er nú svo, hvort sem um er að ræða fisk- eða síldarverzlun, að hættulegt er að „experimentera" með slíkt og kippa allt í einu verzluninni úr þeim farvegi, sem hún hefir legið í um tugi ára, og fá hana nýjum og öðrum mönnum í hendur. Þetta er sagt almennt og ekki ætlazt til, að það beri að skoða sem ádeilu á virðingarverðar tilraunir til þess að halda síldarútflytjendum saman um söluna, eins og gert var í sumar. Það er líka óhætt að segja það, að stofnun samlagsins hefir orðið til að hækka vöruverðið. Hv. þm. Ísaf. sagði það, að við sjálfstæðismenn vildum láta okkur nægja með að gera ráðstafanir í þessu efni, sem séu þannig lagaðar, að einungis sé þeirri n., sem fjalli um þessi mál, veitt ráðgefandi vald, en ekki framkvæmdavald látið fylgja. Þetta er í sjálfu sér rétt. Við, ég o. fl. sjálfstæðismenn, höfum þá grundvallarskoðun, að ekki beri í lengstu lög að grípa inn í gang atvinnulífsins, að ekki megi beita valdboði. Við kjósum miklu fremur að vera eins og hann orðaði það, ráðgefandi í þessum efnum, þ. e. a. s. tala til heilbrigðrar skynsemi manna og reyna að fá þá sjálfa til þess að gera þessa hluti. Við eigum ávallt erfitt með að beita valdboði, og erfiðara en þeir menn, sem álíta þá leið fullt eins heppilega. En hinsvegar höfum við ekki lokað augunum fyrir því, fremur en aðrir menn, að nauðsyn síðari ára hefir neytt ýmsar þjóðir til þess að gera ýmislegt það með valdboði, sem á venjulegum tímum þyrfti ekki að koma til með að gera á þann hátt. Og við höfum einnig orðið að gera þetta hér á landi bæði hvað inn- og útflutning snertir. En þetta þýðir enganveginn það, sem svo ofarlega er í huga ýmissa manna, að vegna núv. ástands geti einstaklingarnir ekki annazt verzlunina, og þar með réttlæta þeir að kasta sí og æ hnútum í hina svokölluðu frjálsu samkeppni. Hin frjálsa samkeppni á erfitt með að njóta sín, þegar jafnvægi heimsviðskiptanna raskast. Hún nýtur sín þá verr eða jafnvel ekki, en það er ekki sönnun fyrir því, að hún sé í sjálfu sér ekki góð, heldur sönnun fyrir því, að ýmsir aðstæðjandi, óviðráðanlegir atburðir gera þessa aðferð á framkvæmd verzlunar- og atvinnurekstrar svo erfiða, og það e. t. v. svo, að grípa verður til nýrra ráða, ráða, sem oft hefta, að hægt sé að koma nokkurri frjálsri samkeppni við í bili. Mér finnst dálítið óviðkunnanleg í sambandi við það, sem bæði skeður hér á þingi og öðrum þingum annarsstaðar í heiminum, þessi sífellda hlökkun yfir því, að þarna og þarna sjái menn, hvernig hin frjálsa samkeppni hafi farið. Jafnaðarmenn tala um þetta eins og það sé vottur þess, að haftastefnan sé sigurvænlegri í sjálfu sér en sú stefna, að láta allt sem frjálsast í viðskiptum. En þessu er ekki þannig varið. Jafnvel þeir, sem á þessum tímum verða að beygja sig undir haftaokið og verða að beita sér fyrir því að viðhalda því, allir að undanskildum einstöku einokunarpostulum, þrá, að það fyrirkomulag breytist í hið frjálsa horf í verzlun og viðskiptum. Því aðþrengdari sem þjóðirnar verða af haftastefnunum, því dýpri verður þráin eftir því, að eðlileg rás viðskiptanna geti átt sér stað.

Ég er nú e. t. v. kominn nokkuð frá umræðuefninu, en það voru ummæli hv. þm. Ísaf. um aðferðir okkar sjálfstæðismanna, þetta ráðgefandi vald, sem við höfum mest í hávegum, og aftur þvingunarráðstafanirnar, sem hann taldi svo heppilegar, sem komu mér út í umr. um þetta atriði.

Það er e. t. v. ofsagt, að síldarútvegsmenn séu minna gefnir fyrir samtök sín á milli en t. d. fiskframleiðendur, en þó hygg ég, að svo sé samt. Það er einhvernveginn erfitt að halda þeim í samtökum af frjálsum og fúsum vilja. Vegna þessa er e. t. v. nauðsynlegt að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem snerta síldarútveginn, þótt hinar sömu ráðstafanir eigi ekki við á sviði fiskframleiðslunnar. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að þetta samlag um sölu léttverkaðrar síldar sé til stórra hagsmuna og hindri þann rugling, sem verið hefir á sölu síldarinnar undanfarin ár. En sé svo sem hæstv. atvmrh. lýsti yfir, að þetta samlag sé að leysast upp, þá er eðlilegt, að hv. þm. Ísaf. og þeir, sem standa honum nærri að skoðunum, komi með aðrar till. í skipulagningarátt á þessum málum. Þetta frv. er hér til 1. umr., og líklegt, að því verði vísað til hv. sjútvn. og hún athugi það og byggi álit sitt á þeim forsendum, að sérstök ástæða sé til þess að sjá fyrir því, að sem heppilegast fyrirkomulag verði á útflutningi síldarinnar á næsta ári. Ég er ekki öllum atriðum þessa frv. samþ. og vildi því ekki vera með í að flytja það. En ég vildi gjarnan ljá það lið, sem ég get, og gefa þær upplýsingar, sem ég

á yfir að ráða, og orðið geta til þess að koma útflutningsverzluninni með síld í það horf, sem heppilegt má teljast fyrir alla aðila.

**Jakob Möller** [óyfirl.] Mér finnst böndin berast að hv. þm. Ísaf. um það, að hann hafi verið nokkuð djarfur, þegar hann sló því föstu hér í sinni fyrstu ræðu, að till., sem koma fram í þessu frv. um fiski- og síldarmálan., eða hvað það nú kann að heita, séu alveg eins, eins og hann orðaði það, og till., sem brezka síldarmálan. hefir gert. Eftir því sem hægt er að toga út úr hv. þm., þá kemur í ljós, að till. þessarar brezku n. eru nú talsvert á við og dreif og ekki í því formi, að hægt sé að bera þær saman við frv. En það hefir þó komið í ljós, að þótt hv. þm. státi af því, að þessi n. hafi orðið að aðhyllast höft á síldarsölunni, þá hafi hún ekki orðað nokkra till. svipað því sem þetta frv. felur í sér, að framkvæmdin verður eins og hreinasta einkasala. Því að þótt í þessum till. sé rætt um að setja lágmarksverð á síld, þá er það út af fyrir sig hvergi nærri eins afdrifarikt eins og fyrirkomulagið í þessum l., þar sem bókstaflega eru tekin öll ráð af útflytjendunum; þótt svo eigi að heita í orði kveðnu, að sérstakir útflytjendur skuli löggiltir, þá er þeirra olnbogarúm svo lítið, að þeir eru í raun og veru ekkert annað en verkfæri í höndum n. Hv. þm. hefir ekki vísað til neinna svipaðra till. af hálfu brezku n., og hið eina sameiginlega með þessum till. og frv. er það, að í báðum tilfellum er gert ráð fyrir skipulagi, sem hagkvæmara megi reynast en ef allt er látið laust og óbundið. Það er misskilningur, ef hv. þm. heldur, að sjálfstæðismenn séu mótfallnir öllum tilraunum til skipulagningar í þessum málum. Og þessi misskilningur er óþarfur, því að hann veit hv. þm., að fiskútflytjendur hafa þegar myndað með sér skipulag með aðstoð löggjafans. Það er ekki síður misskilningur, að þessi skipulagning eigi sér stað vegna þess, að hin frjálsa samkeppni hafi gefizt upp. Það eru einungis yfirstandandi tímar og þetta ólag á verzluninni, sem er undirrótin. Þetta ólag er tímabundið og mun lagast, er stundir líða. — Hv. þm. kvað sig að ýmsu leyti ósammála meðferð þessara mála í Bretlandi, og sýnir það eitt með öðru, að ekki ber nú nákvæmlega saman áliti n. og því, sem fram kemur í þessu frv. Hann sagði hv. þm., að brezka n. hefði slegið því föstu, að einstaklingsverzlunin væri ekki fær um að afla nýrra markaða. Við hér höfum reynt einkasölu og ekki orðið varir við, að hún opnaði nýja markaði, en hún lokaði gömlu mörkuðunum og þrengdi að útflutningnum af þeirri ástæðu. Ég man líka eftir sölunni á þeim tíma, þegar síldareinkasalan starfaði. Þá var það aðeins einn einasti maður, sem beitti sér fyrir því að opna nýjan markað fyrir síldina, þó að það vitanlega kæmi að mjög litlum notum fyrr en síldareinkasalan var lögð niður. En nú er svo komið, að þessi markaður, sem þessi maður í raun og veru opnaði, er aðalsíldarmarkaður landsins. Svo að þetta staðfestir það, sem hv. þm. Ísaf. var að tala um, að það væri e. t. v. öðru máli að gegna um Breta og Íslendinga og möguleika þeirra, undir frjálsu fyrirkomulagi eða einkasölu. Reynsla okkar sýnir, að einkasölufyrirkomulag er ekki líklegra til þess að opna nýja markaði heldur en einstaklingsframtakið. Það er alveg áreiðanlegt.

Hv. þm. Ísaf. tók heldur dauflega í það, að birta í nál. útdrátt úr þessari skýrslu, sem hann hefir stuðzt við. Mér hefði eigi að síður þótt það ákaflega æskilegt, að það hefði verið gert. Ég skil það, að hún muni vera svo umfangsmikil, að erfiðleikar séu á að birta hana í heilu lagi, en mér virðist, að úr því að hv. þm. hefir leyft sér að taka útdrátt úr henni, þá ætti að vera hægt að taka meira, og það á þann hátt, að menn hefðu þá meiri ástæðu til þess að byggja á því. Sannleikurinn er sá, að það er nokkuð nálægt því að geta verið misbeiting á aðstöðu, að þegar mælt er með einhverju máli, þá sé vísað í útlent rit, sem ekki er til nema í mjög fárra höndum, og e. t. v. ekki er til nema eitt einasta eintak af á landinu. Þeir, sem á slíkar tilvitnanir hlusta, geta þá ekki kontrollerað, hvort rétt er skýrt frá, eða að hve miklu leyti er skýrt frá því, sem ritið inniheldur. Nú var það svo, að fyrstu till., sem hv. þm. Ísaf. greindi frá, voru allt annars efnis en það, sem hér um ræðir í þessu frv., sem fyrir liggur, svo að þar fannst ekki nokkurt sameiginlegt atriði. Þetta kann nú að vera tilviljun, en það er undarleg tilviljun a. m. k., og ég tel, að þessum hv. þm. ætti að vera áhugamál að færa þeim orðum sínum nokkurn stað með frekari útdrætti úr skýrslunni, að till. n. séu sambærilegar við þá skýrslu, sem hér um ræðir. Ég fyrir mitt leyti véfengi það eindregið.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Hv. 3. þm. Reykv. vill halda því fram, að það sé misbeiting á aðstöðu að vísa í máli í rit, sem ekki er trygging fyrir, að allir aðrir hafi lesið. Mér þykir þetta ákaflega undarleg ásökun, vegna þess, að þó að bækur kunni að vera til, sem eru fyrir almenningssjónum, þá er langt frá því, að tryggíng sé til fyrir því, að allir hafi lesið þær.

Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um það, að einkasalan hefði lokað gömlum markaði, þá vil ég taka það fram, að það er ekki rétt. Ennfremur hélt þessi sami þm. því fram, að einhver einstakur maður hefði opnað nýja markaði fyrir síld, og mér skilst, að það sé Pýzkalands- og Mið-Evrópumarkaðurinn, sem hér er átt við. Þetta er ekki heldur rétt. Því hversu mjög sem menn kann að deila á um síldareinkasöluna, þá verður því ekki neitað, að það er hún, sem fyrst kemur ísl. síld á markað í Þýzkalandi, og sá maður, sem hv. 3. þm. Reykv. var að vitna til, var fastlaunaður starfsmaður hjá síldareinkasölunni, til þess að opna þennan nýja markað. Annars vil ég segja það, í sambandi við þetta, að þó að einstakur maður e. t. v. opni síldarmarkað í vissu landi, þá er ekki þar með sagt, að hægt sé að hagnýta þann markað eins og hann er, þegar hann er opnaður, nema salan sé skipulögð. Ég skal segja frá því t. d., að ég opnaði markað í Bandaríkjum Norður-Ameríku fyrir matjessíld á síðasta ári, og ég seldi þangað 7 þús. tunnur með sæmilegu

verði. En ég get líka skýrt frá því, að ef matjessíldarsamlagið hefði ekki verið starfandi á árinu og ekki getað tryggt það, að ekki færi nema hæfilega mikið á þennan markað, þá hefði verið ómögulegt að halda þessum markaði, en einmitt fyrir það, að þetta var skipulagt, þá var hægt að halda markaðinum áfram, á sama hátt og ég opnaði hann.

*Ég hirði ekki um að eiga frekari orðastað* við hv. 3. þm. Reykv. um það, hvort ég geti sannað, að það, sem ég las upp úr síldarmálaskýrslunni brezku, hafi verið samskonar aðgerðir eins og lagt er til í frv. stj. Ég ætla, að öllum hv. þdm. muni vera það ljóst, að svo sé, þó að hv. 3. þm. Reykv. leyfi sér að staðhæfa hið gagnstæða — raunar þó á móti betri vitund, að maður skyldi halda —, þegar þess er gætt, að hann hefir frv. fyrir framan sig og hefir hlustað á röksemdafærslu *mína í þessu máli.*

Ég þakka hv. þm. Vestm. fyrir þau vinsamlegu ummæli, sem hann lét falla hér í garð skipulagningar á síldarsölunni og vil vænta þess, að það, sem hann sagði um þetta, tákni það, að hann muni, a. m. k. að einhverju leyti, geta fylgt því frv., sem hér liggur fyrir, þó að hann geti ekki fylgt því að öllu leyti. Ég mun að sjálfsögðu, eftir óskum hv. þdm., taka málið til athugunar í sjútvn., og þá sérstaklega vegna hv. þm. Vestm., *ef hann kann að vilja flytja við* það brtt., og þá á sama hátt og gert var með frv. til l. um fiskimálan., án þess að því sé vísað sérstaklega til n., þar sem frv. er flutt af meiri hl. n.

Út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði um það, að síldarútgerðarmenn væru yfirleitt óþroskaðri félagslega en þeir, sem stunda þorskveiðar, vil ég leyfa mér að segja það, að það hefir ekki verið hringlað handjárnunum framan í síldarútgerðina á sama hátt og framan í þá, sem stunda þorskveiðar. Á ég þar við það, að síldarútvegurinn hefir verið svo ólánssamur að eiga *enga* aðstoð hjá bönkum landsins. Bankarnir hafa engin afskipti haft af síldarsölunni, en aftur á móti hafa þeir haft mjög mikil afskipti af þorsksölunni, og ég hygg, að sá mismunur, sem hefir komið fram í vilja síldarútgerðarmanna og þorskveiðimanna til þess að skipuleggja sína sölu, eigi aðallega rót sína að rekja til þess, að bankarnir hafa talsvert mikið beitt þeirri aðstöðu, sem þeir hafa gegn þeim, er selja saltfisk, til þess að knýja menn inn í samtökin. Þetta hygg ég, að sé hv. þm. Vestm. eins vel kunnugt og mér. Ég er ekki með þessu að segja, að bankarnir hafi beinlínis beitt valdi í þessum sökum, en bankarnir hafa a. m. k. notað þarna aðstöðu, sem þeir höfðu gagnvart þeim, sem selja saltfisk, en höfðu ekki gagnvart síldarútgerðarmönnum.

Hv. þm. Vestm. viðurkenndi það, að hin frjálsa samkeppni ætti erfitt uppdráttar, þegar markaðurinn „ruglaðist", eins og hann orðaði það. Þetta er vitanlega alveg rétt, en þó þannig, að gallar hinnar frjálsu samkeppni koma skýrast í ljós, þegar ruglingur kemur á heimsverzlunina, eins og t. d. undir ófriðnum mikla, og eins og hefir verið núna á þessum síðustu og verstu krepputímum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Ef till. kemur fram um að vísa þessu máli til n., þá vil ég ítreka það, að þetta mál er komið frá n., og þess vegna er ekki ástæða til þess að gera slíka till. En ég mun verða við þeim óskum, að taka þetta mál til athugunar á sjútvn.fundi svo fljótt sem unnt er.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Það er aðeins lítil aths., sem ég vildi koma með í sambandi við það, sem hv. þm. Ísaf. sagði um afskipti bankanna af því, að koma mönnum til samstarfs í fisksölumálum. Hann sagði eins og satt er, að bankarnir hefðu látið sér fátt um finnast hvað snertir síldarútveginn og þá, sem að honum standa. Ég vil engan veginn efa, að þetta sé rétt, og ég hefi sjálfur heyrt talsvert um þetta talað, en er því ekki svo kunnugur, að ég geti borið *um það af eigin reynd.* Hitt, að bankarnir hafi látið sér svo annt um að halda utan að félagslegri starfsemi um fisksöluna, það er rétt og ekki rétt. Það er að vísu rétt, að höfuðbankarnir hér í Rvík hafa látið sig þetta talsverðu máli skipta síðan fisksölusamlagið hér í Rvík var stofnað. En fram að þeim tíma og á þeim tíma, þegar fiskeigendur yfirleitt, sjómenn, útgerðarmenn, kaupmenn og kaupfélagsstjórar tóku höndum saman í veiðistöðvum víðsvegar um landið til *þess að mynda fisksölusamlag, til* þess að halda saman í þessum efnum, þá létu a. m. k. höfuðbankarnir sig það mál litlu skipta. Árið 1931, þegar mjög erfitt var með fisksöluna, þá knúðum við hart á dyr bankanna hér í Rvík, til þess að fá þeirra aðstoð til að geta gert samtökin styrkari um söluna. Það var algerlega án árangurs á þeim tíma. Ég segi við, því að þetta voru menn bæði fyrir fisksölusamlagið í Rvík, Vestmannaeyjum og víðar frá, t. d. af Austfjörðum, *menn, sem voru í hættu staddir vegna* þess ástands, sem þá ríkti í þessum málum, og vissu það, að ef bankarnir hefðu viljað veita aðstoð til þess að styðja þessi samtök, þá hefði það munað því, sem dugði.

Þessi fisksölusamlög, sem voru upphafið að fisksölusamtökunum í landinu, voru ekki samvinnufél., heldur frjáls samtök fiskeigenda úti um allt land. Þarna voru menn, sem unnu kauplaust að fisksölunni, bæði fyrir sig og aðra. En rétt er líka að geta þess *í þessu sambandi,* að sumstaðar á landinu hafa aftur á móti útibússtjórar bankanna leyst talsvert starf af hendi í þessum málum, til þess að halda svona samtökum lifandi og vakandi. Ég get t. d. sagt það um bankaútibússtjórann í Vestmannaeyjum, Viggó Björnsson, að hann hefir árum saman lagt mikið starf í að stuðla að félagsskap útgerðarmanna um fisksölu, löngu áður en sölusamlag ísl. fiskútflytjenda var nefnt á nafn. Svipað er hægt að segja um Sigurjón Jónsson, bankastjóra á Ísafirði. En að höfuðbankarnir hér í Rvík hafi látið sig það verulegu máli skipta, hver félagsleg samtök útgerðarmenn höfðu með höndum, fyrr en sölusamband ísl. fiskframleiðenda var stofnað, geri ég ekki ráð fyrir, að hafi verið. Ég hefi talsverða reynslu í þessum efnum og vissi a. m. k. um það árin 1930 til 31, hvernig útkoman var hvað þetta snertir.

Orsakarinnar er þess vegna ekki að leita í þessu. Þetta er einhvernveginn þannig lagað, því miður, að síldarútgerðarmenn hafa átt miklu óhægara með að koma sér saman í þessu efni en aðrir útgerðarmenn. Ástæðan er e. t. v. sú, að svo margir þeirra eru hvorttveggja í senn, framleiðendur og útflytjendur, eiga jafnvel fiskiskipin líka. Þetta horfir talsvert öðruvísi við en við aðra fiskverzlun. Áður en fisksölusamlagið var stofnað, voru það ekki nema 2 fél. á öllu landinu, sem voru bæði framleiðendur og útflytjendur. Allur fjöldinn var aðeins framleiðendur og hafði þess vegna nákvæmlega sömu hagsmuna að gæta, hvað þessa verzlun snerti.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 2. umr.

**Ólafur Thors**: Mér gafst ekki kostur á að vera viðstaddur, þegar 1. umr. þessa máls fór fram. Ég vildi því leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá flm. þessa frv., að hvað miklu leyti að baki þess standi óskir þeirra manna, sem við þessi l. eiga að búa, ef þau verða samþ. Ég viðurkenni fyllilega þann eðlismun, sem er á sölu saltfiskjar annarsvegar og sölu síldar hinsvegar, sem frá mínu sjónarmiði liggur aðallega í því tvennu, að ráðstafanir, sem gerðar eru viðvíkjandi síld, hafa ekki neitt svipað því eins víðtæk áhrif á hagsmuni þjóðarinnar eins og þær ráðstafanir, sem gerðar eru á sviði saltfisksölunnar, og svo hinsvegar í því, að eftir því, sem ég veit bezt til, þá hefir gengið treglega og verið meiri vandkvæðum bundið að skipuleggja frjálst samstarf milli síldarútvegsmanna heldur en saltfiskframleiðenda. En þó það sé nú svo, að vel megi játa, að nokkur vandræði hafi verið á félagsskap með frjálsum samtökum meðal síldarútvegsmanna og að betur mætti fara en raun er á, þá er þó skammt að minnast mjög hraklegra afleiðinga af ráðstöfun ríkisvaldsins á þessu sviði, svo að þm. hafa náttúrlega þar hina mestu aðvörun um að grípa ekki að nauðsynjalausu fram fyrir hendurnar á síldarútvegsmönnum. En áður en ég færi út í að gagnrýna einstök ákvæði þessa frv., sem ég þá eins gæti gert við næstu umr. málsins, vil ég leyfa mér að bera upp þessa fyrirspurn, sem ég gat um áðan, til flm. frv. Ég sé ekki, að grg. frv. geri nein tæmandi skil í þessu efni. En að sjálfsögðu mun það nokkuð marka afstöðu mína til málsins og raunar fleiri þm., hvort upplýsingar liggja fyrir um það, að þeir, sem eiga við þetta að búa, uni þessu frv. eins og það liggur fyrir, og þá samtímis, hvort þeir hafi farið fram á nokkrar sérstakar breyt. á frv., og þá hverjar.

**Frsm. (Finnur Jónsson)**: Ég skal með ánægju upplýsa fyrirspurn hv. þm. G.-K. að því leyti, sem ég get. Stj. sölusambands ísl. matjessíldarframleiðenda skipa 5 menn, þeir Steindór Hjaltalín, Ásgeir Pétursson, Hafsteinn Bergþórsson, Ingvar Guðjónsson og ég. Í grg. frv. eru meðmæli frá 3 mönnum úr þessari stj., 2 sjálfstæðismönnum og 1 jafnaðarmanni, með því að setja skipulag á síldarsöluna líkt og farið er fram á í frv. 2 úr stj., Steindór Hjaltalín og Ásgeir Pétursson, voru ekki viðstaddir, þegar þessi áskorun var samin, en þetta hefir verið borið undir þá síðan, og þeir hafa látið það hlutlaust. Hvað viðvíkur félagsmönnum í þessu samlagi að öðru leyti, skal ég taka það fram, að ég held, að þetta mál hafi ekki beinlínis verið rætt á fundi samlagsins, en aftur á móti hefir verið rætt um það sérstaklega að halda áfram síldarsamlaginu í svipuðu formi og það er nú, og ég ætla, að álit manna um það hafi verið mjög skipt, þannig að um helmingur hafi verið með því og helmingur á móti. En það, sem einkennir þá atkvgr., er það, að þeir, sem eru bæði útvegsmenn og saltendur, vilja allir hafa skipulag á þessari síldarsölu, en þeir, sem eru aðeins saltendur, standa á móti því, m. ö. o. þeir, sem ekki hafa annað en spekúlationsinteressur í þessu máli.

Ég get ekki upplýst þetta nánar, en ég held, að ég eigi einhversstaðar í fórum mínum plögg um það, hvernig álit manna skiptist í þessu máli, og ég held, að á þeim fundi, sem þetta var til umr., hafi enginn útgerðarmaður, sem jafnframt var síldarsaltandi, fyrirfundizt, sem ekki hafi viljað hafa eitthvert skipulag á síldarsölu í svipaða átt og hér er farið fram á. — Ég skal einnig geta þess, að það eru margir útgerðarmenn, alveg án tillits til stjórnmálaskoðana, sem vilja hafa hreina einkasölu á síldarverzlun, en ekki frjáls félagssamtök, eins og aðallega er gengið út frá í þessu frv.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Við 1. umr. þessa máls talaði ég á við og dreif um málið og lýsti skoðun minni á því í heild sinni, en fór ekki neitt út í einstök atriði. Ég sagði frá því þá, að eins og kunnugt er, hafi fyrrv. forsrh. gert mjög ítrekaðar tilraunir í fyrra til þess að fá síldarútflytjendur til þess að bindast föstum samtökum. Ég er á sama máli og hv. þm. Ísaf. að því leyti, að það þurfi að vera samtök um útflutning á síld, en hitt greinir okkur vitanlega á um, að hann kýs hina valdboðnu leið í þessu efni, en ég kysi heldur frjáls samtök, en ég verð að játa, að þau virðast ekki vera framkvæmanleg eftir þá reynslu, sem við höfðum síðastl. haust á fundi, sem haldinn var með síldarútflytjendum.

Nú fór það svo, eins og vitað er, að matjessíldarsamlagið var stofnað, og að því er ég hygg fékk það stoð í l. með bráðabirgðalöggjöf. En ég man nú ekki eftir því að hafa séð þetta frv. eða nein bráðabirgðal. lögð fyrir þetta þ. snertandi matjessíldarsamlag. Það getur nú að vísu verið, að mig misminni það, þar sem slíkur sægur af bráðabirgðal. hefir verið lagður fyrir þetta þ. Maður skyldi nú annars ætla, að það hefði verið talsverð bót, að þessu matjessíldarsamlagi var komið á, og á þann hátt, að það var beinlínis styrkt af löggjöfinni, og mig undrar því, að ekki skuli mega búa nema eina einustu vertíð við þessa ráðstöfun.

Hv. þm. Ísaf. er nú genginn út í bili, en mig

hefði langað til að spyrja hann, því það hefði verið fróðlegt fyrir d. að fá einhverjar skýringar á því, hvernig á því stæði, að þetta samlag hefir ekki náð tilgangi sínum. Ég tók eftir því í ræðu hæstv. atvmrh. nú á dögunum, að hann sagði, að það mundi nú vera að því komið að leysast upp. Hv. þm. Ísaf. sagði, að á þessum fundi hefði helmingur fundarmanna viljað halda áfram síldarsamlaginu, en hinn helmingurinn ekki. Ekki getur þetta þó verið af því, að síldarsamlagið hafi átt í svo miklu basli með að selja síldina í ár, þar sem kunnugt er, að miklu minna var framleitt af matjessíld á síðasta ári heldur en venjulega hefir verið. Ég veit ekki um tunnutöluna, svo að ég megi fara með það, en hitt veit ég, að það var miklu minna framleitt af þessari vöru heldur en áður hefir verið.

Það er fullkomin ástæða til þess að spyrja um það, þegar nú þetta einkasölufrv. er lagt fram, sem hér er til umr., hvernig það megi ske, að þetta matjessíldarsamlag, sem hefir verið stofnað og verið hefir styrkt með löggjöf, sé komið í upplausn, eins og hv. þm. sagði, og það þrátt fyrir það, að síðan það var stofnað, hefir verið minni síld til þess að selja en áður. Mér er þetta ráðgáta. Ég hefi satt að segja ekki þá þekkingu á því, hvað gerzt hefir í þessum síldarmálum í sumar, að ég geti gert mér það ljóst, hvaða ástæða liggur til þess, og því síður hygg ég, að það muni kunnugt Alþ. yfir höfuð að tala. Þess vegna er það, að um leið og nú skal tekið svo djúpt í árinni sem hér má sjá af þessu frv., þá er það bæði rétt og skylt af hv. þm. Ísaf., að hann gefi þingheimi glögga og greinilega skýrslu um það, hvernig stendur á því, að ekki er hægt að doka við með að setja aftur á einkasölu á síld, og hvernig stendur á því, að matjessíldarsamlagið, sem stutt er með löggjöf, getur ekki fullnægt í þessu efni, eða a. m. k. svo vel, að við megi una.

Hv. þm. Ísaf. var ekki inni áðan, þegar ég minntist á það, að matjessíldarsamlagið hefði fengið stoð í bráðabirgðal. Hinsvegar rekur mig ekki minni til þess, að þau l. hafi komið fram í sjútvn., en vel getur verið, að mig misminni þetta, vegna þess, að svo mörg bráðabirgðal. hafa legið fyrir þessu þingi.

Ég hefði viljað koma með einhverjar brtt. við þetta frv., og mun reyna að gera það fyrir 3. umr. málsins. Ég skal hinsvegar fyllilega játa vanmátt minn í því, að bera fram frá eigin brjósti ýtarlegar till. um það, hvernig skipa skuli síldarútflutningnum, þar sem ég tel mig ekki hafa nóga þekkingu á því máli til þess. Hitt tel ég nauðsynlegt, að þetta mál sé athugað gaumgæfilega, og þó einkum það, hvort í raun og veru liggi fyrir full ástæða til þess að setja aftur á fót síldareinkasölu. Því að ég vænti, að engan mann þurfi að undra það, þó að það skipulag út af fyrir sig sé þyrnir í augum margra þm. Það hlýtur að vera þyrnir í augum allra þeirra manna, sem enn hafa nokkuð í minni afdrif hinnar fyrri síldareinkasölu. En sem sagt, það er á þessum tímum bezt að tala varlega um alla hluti, og er allt um þrýtur, þá getur vel verið, að það þurfi sterkari bönd á þennan atvinnuveg en áður voru reyrð með matjessíldarsamlaginu. Ég skal játa það, að ég hélt, þegar matjessíldarsamlagið var sett á stofn og gert að l., að þá væri þessu máli borgið. a. m. k. um nokkurn tíma. Mér finnst því, að ég verði fyrir vonbrigðum, þegar nú þarf að gera slíkar ráðstafanir og hér liggur fyrir að gera, eða er álitið af kunnugum mönnum, að gera verði.

Þá vil ég ennfremur spyrja hv. þm. Ísaf. um það, hvort hann álíti, að ekki megi gera nægilega tryggan félagsskap utan um þetta, án þess að stefna beint til einkasölu.

Í grg. frv. segir, að þetta frv. sé flutt samkv. ósk atvmrh., og það er náttúrlega allrar virðingar vert, þegar stj. tekur sig fram um að skipa málum sem þessum, en þó bezt, þegar það er til bóta. En það er ekkert um það talað í grg. frv., að neinar óskir hafi komið frá þeim atvinnurekendum til sjós eða lands um þetta efni, sem að þessum atvinnuvegi standa. (FJ: Svo-o?). Ég veit, að hv. þm. Ísaf. vísar til stj. matjessíldarsamlagsins. Það er nú sýnilegt, hvernig þar er ástatt innan veggja, þegar yfirlýsing hv. þm. liggur fyrir um það, að hann vill fara í vestur, þegar hinn vill fara austur. Ég get þess vegna ekki lagt það í álit stj. matjessíldarsamlagsins, að þar sé að ræða um vilja alls almennings, sem við síldarútgerð fæst, og þetta átti ég við, þegar ég sagði, að frv. væri ekki flutt eftir óskum þeirra framleiðenda, sem við málið koma.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar. Ég endurtek það, að ég vonast til þess, að hv. þm. Ísaf. gefi glögga, greinilega og óhlutdræga skýrslu um þetta, því að það er ákaflega alvarlegur hlutur, sem þingið hefir til meðferðar, þegar það er að skipa atvinnumálunum, eins og hér er lagt til í þessu frv. Og ég vil segja það, að þar sem flestir af hv. þdm. bera nauðalítið skyn á útfærsluatriði þessarar greinar, þá sé sannarlega ekki vanþörf á því, að þeir mennirnir, sem hafa komið eitthvað að þessum málum og vilja taka á sig ábyrgðina af því, að ráðleggja þinginu að breyta enn til í þessum efnum, — að þeir færi glögg og greinileg rök fyrir sínu máli, og ekki sízt, þegar svo róttæk breyt. á fram að fara eins og hér er um rætt, sem sé, að stefna málinu inn á einkasölubrautir.

**Pétur Ottesen** óyfirl.: Síldarútvegurinn þarf ekki að standa höllum færi vegna þess, að það sé ekki viðhöfð viðleitni hjá því opinbera til þess að lappa upp á hann, a. m. k. hvað það snertir, að sjá honum fyrir mönnum til þess að standa fyrir hans málefnum að því er snertir sölu síldarafurða. Við, sem setið höfum á undanförnum þingum, þekkjum það, að ekki hefir skort viðleitni í þessa átt. En það er þó varla hægt að komast fram hjá því, að benda á það, að það mun vera álit síldarútgerðarmanna, að það, sem þingið hafi bezt og heppilegast gert í þessum málum, sé blátt áfram það, að afnema þau l., sem sett höfðu verið með ráðstöfunum þess opinbera um afskipti þess af þessum málum. Ég held, að það beri öllum saman um, að það hafi verið heppilegustu afskipti þingsins af síldarmálunum, að leysa síldarútveginn úr þeim dróma, sem hann var kominn í

fyrir aðgerðir þess opinbera. Það hefði þess vegna mátt vænta þess, að Alþ. hefði svolitið athugað sinn gang, áður en það lagði út á sömu braut sem áður hefir verið farin í þessum efnum og hefir verið svona afdrifarík og örlagarík fyrir síldarútveginn í landinu.

Mér skilst, að með þessu frv. sé gengið inn á mjög svipaða braut þeirri, sem reyndist svo átakanlega illa fyrir þennan útveg. Það er vitanlega ekki gengið alveg eins hreint til verks í þessu frv. eins og í l. um síldareinkasölu hér á árunum, en mér virðist stefnt beint að sama marki, því, að koma á einkasölu á síldinni, eða m. ö. o. að koma þessu þannig fyrir, að þeir menn fari með þetta mál, sem valdir eru til þess innan mjög þröngra takmarkana, sem um það eru sett af löggjafanum. Ég hefi ekki athugað það ennþá, hvernig tilhögun á að vera á tilnefningu manna í þessa 7 manna stj. samkv. 1. gr. frv. Hvort menn eiga að fá tiltölulega jafna þátttöku eftir bátafjölda og fyrirferð útgerðarinnar á ýmsum svæðum, sem eiga að skipa menn í þessa n. Þetta skiptir vitanlega mjög miklu máli, þegar nánar eru athuguð ýms ákvæði í þessu frv. Ég hefi ekki rannsakað þetta nákvæmlega ennþá, en ég mun gera mér grein fyrir því fyrir 3. umr. málsins með aðstoð Fiskifél. Ísl. Fyrirfram vil ég ekki bera brigður á það, að þessu kunni að vera réttlátlega niður skipt, en ég finn ástæðu til þess að reyna að fá upplýsingar um það hjá þeim aðila, sem maður getur fullkomlega byggt á upplýsingum frá. Hitt er auðsær hlutur, að ef mætti gera ráð fyrir, að val þessarar stj. yrði pólitískt litað, þá er einum stjórnmálaflokkinum tryggð alveg sérstök aðstaða, með því að kveða svo á, að 2 menn skuli skipaðir af einum ákveðnum pólitískum flokki, sem er A. S. Í. Það er alveg greinilegt samkv. ákvæðum þessa frv., að ef getur komið pólitiskur litur á þessa stj., þá hefir þessi stjórnmálaflokkur alveg yfirhöndina í því efni. Það má draga þá ályktun út úr þessari ráðstöfun, að láta einn stjórnmálaflokk hafa sérstaklega yfirhöndina í þessari stj., eða stuðla að því, að svo geti orðið, sem gefur það fyllilega í skyn, að þetta frv. stefnir til einkasölu í þessu efni. Það er alkunnugt, að það er eitt af stefnuskráratriðum sósialistanna að taka einkasölu á sem flestum viðskiptum þjóðarinnar, bæði útflutningi og innflutningi.

Það er gert ráð fyrir því í frv. þessu, að félagsskapur síldarútgerðarmanna, þeirra, sem hafa náð því takmarki að hafa yfirráð yfir 80% af síldarútflutningi, geti fengið leyfi til þess að flytja út a. m. k. það, sem þeim hluta síldarútflutningsins nemur, sem þessi félagsskapur hefir yfir að ráða. Eftir þeirri yfirlýsingu, sem mér virtist að kæmi fram, viðvíkjandi þeim félagsskap, sem myndaður var á síðasta sumri og hefir átt nokkurn stuðning í löggjöf, með bráðabirgðal., sem gefin voru út, þá virðist e. t. v. mega álíta, að þó að gert sé ráð fyrir að fela slíkum félagsskap síldarsöluna, verði það kannske ekki svo mikill þröskuldur í veginum fyrir því, að hægt sé að koma síldarsölunni yfir í einkasölu. Það má gera ráð fyrir því, ef sá félagsskapur hefir gefizt upp við sölu síldarinnar, eins og mér virðist hafa komið fram, að þá muni e. t. v. ekki betur takast til með þennan félagsskap, sem hér er talað um, að stofnaður verði, og þá geti þeir menn, sem endilega vilja koma síldareinkasölu á aftur, boðið óhræddir upp á, að slíkur félagsskapur skuli njóta þeirra hlunninda, sem um ræðir í frv., af því að þeir eru sannfærðir um það fyrirfram, að lítið af síldinni verði selt til útlanda á vegum slíks félagsskapar.

Það er ennfremur gert ráð fyrir því, að þegar slíkur félagsskapur sé frá genginn, þá megi löggilda nokkra stóra útflytjendur til þess að hafa á hendi útflutning á allmiklu af síldinni. Það koma þá ekki til greina aðrir en þeir, sem hafa hver um sig a. m. k. 25 þús. tunnur af síld til umráða, og auk þess eiga þeir að uppfylla ákvæði l. um verzlunaratvinnu, og ef um fél. er að ræða, þá verða þau að vera skrásett l. samkv. sem hlutafél., samvinnufél. eða sölusamlag síldarframleiðenda. Ég skal náttúrlega ekki segja um það, hvað langt verði hægt að komast til hagsbóta fyrir síldarsöluna eftir þessum leiðum, því að þegar slík leyfi, sem þarf til þess að mynda slíkan félagsskap, eru algerlega í höndum n., þá virðist mér, að þar sé heldur ekki hægt að vænta mikils árangurs um síldarsöluna, og þá sérstaklega, þegar maður lítur á ákvæði 11. gr. frv. En þar er svo ákveðið, að ef ríkisstj. og síldarútvegsn. í sameiningu telja, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á síld, þá megi fela slíkum félagsskap, sem ræður yfir 80% af síldarsölunni, einkasölu á allri síld, ef síldarútvegsn. lízt svo á að gera það. En ef annaðhvort er ekki um að ræða slíkan félagsskap sem þennan, eða þá, að síldarútvegsn. vill ekki veita honum leyfi til þess að hafa einkasölu á síld með höndum, þá kemur nú fyrst rúsínan í þessu frv., því að þá er það, að ríkisstj. getur ákveðið það með samþ. síldarútvegsn., að síldarútvegsn. taki sjálf að sér alla einkasölu á síld. Það er sagt hér, að ráðh. geti ákveðið þetta, ef síldarútvegsn. samþ. það. Ráðh. getur sem sé ekki þröngvað þessu upp á síldarútvegsn., en með góðu samþ. hennar getur þetta orðið, og þá getur hún orðið einkasöluhafi allrar þeirrar síldar, sem flutt er út úr landinu.

Þá er nú held ég rakið aðalefni þessa frv. Og við að athuga ákvæði frv. held ég, að það sé nokkurn veginn víst, að svo framarlega sem í n. veljast sæmilegir einkasölupostular, þá sé augljóst, hver niðurstaðan verður í málinu, nefnilega sú, að síldarútvegsn. fái einkasölu á síldinni, því að hún getur vitanlega komið í veg fyrir það með sínum aðgerðum, ef með þarf, að bæði þessi félagsskapur, sem hefir 80% af síldinni til umráða, hafi þessi mál með höndum, og að það fyrirkomulag, að fela nokkrum stórum útflytjendum framkvæmd þessara mála, að því leyti, sem þeir vilja sjá um sölu síldarinnar, verði haft. Þar sem n. hefir þetta allt á sínu valdi, þá er vitanlega hægt að sigla hraðbyri fyrir fullum seglum beint inn í það, sem vitanlega er höfuðtilgangurinn með frv., eftir því sem

efni þess bendir til, sem sé, að þessari 7 manna n. verði falin einkasala á síldinni.

Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, þó að ástæða þyki til að athuga, með hverjum hætti þessi n. verður kosin, þar sem má ganga út frá því sem gefnum hlut, að ef inn á þessa braut verður farið, sem hér um ræðir í þessu frv., þá verði það endirinn, að síldarútvegsn. taki í sinar hendur einkasölu á síldinni.

Til viðbótar því, sem ég hefi sagt um þetta, að draga mætti út úr ákvæðum þessa frv., þá vil ég benda á það — sem verður mjög ofarlega í mínum huga, þegar ég greiði atkv. um þetta mál — hve afskipti hins opinbera af sölu síldarinnar hafa yfirleitt reynzt ógiftusamlega, því að þau spor, sem áður hafa verið stigin, munu áreiðanlega hræða þá sjómenn, sem guldu það afhroð í sínum atvinnuvegi, vegna þess fyrirkomulags, sem illu heilli var komið á, sem vitanlega átti að bæta úr því erfiðleikaástandi, sem síldarútvegurinn var kominn í, þegar þau l. voru samþ., en sem reyndust þannig, að þau urðu til þess að koma útveginum í meira öngþveiti en nokkurn tíma hefir þekkzt fyrr né síðar í þessum atvinnuvegi.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég þarf að svara nokkrum fyrirspurnum frá hv. þm. Vestm., og ég vil byrja á að taka það fram, að ég hefi aldrei sagt, að matjessildarsamlagið væri komið í upplausn. Ég hefi heyrt þetta a. m. k. tvisvar eða þrisvar á þinginu og hefi ætlað mér að leiðrétta það, en einhvern veginn ekki orðið úr því. Annað mál er það, að samlagið er þannig byggt, að það er ákaflega óliklegt, að því verði haldið áfram í því formi, sem það nú er í, enda þótt árangur samlagsins megi, að því er séð verður, kallast mjög góður. Síldarsamlagið hefir haft með höndum 55 þús. tunnur til sölu, og á eftir óseldar 10 þús. tunnur. Það hefir verið hægt að selja þessar 10 þús. tunnur til Þýzkalands, en þeim hefir verið haldið aftur fram að þessu, vegna þeirra erfiðu borgunarskilmála og þeirrar gengisáhættu, sem síldarsamlagið óhjákvæmlega hefði orðið að taka á sig með frekari sölu til Þýzkalands en orðið er, þrátt fyrir það, þó að verðið sé nokkuð hátt, um og yfir 40 kr. fyrir tunnuna um borð í skipi hér.

Ég veit ekki, hversu nákvæmrar skýrslu hv. þm. Vestm. vill af mér krefjast, en ég ætla, að þetta sé nóg að svo komnu. — Bráðabirgðal. um útflutning á síld, sem hv. þm. Vestm. var að spyrja eftir, voru lögð fyrir sjútvn. með fyrstu málum þingsins, en þau hafa ekki verið tekin fyrir í n. vegna þessa frv., sem hér er á ferðinni, og á að koma í stað þeirra. Ástæðan til þess, að matjessíldarsamlagið getur ekki náð tilgangi sínum, er sú, að það hefir ekki með sölu á allri síld að gera. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að meðalverð hjá matjessíldarsamlaginu geti orðið um eða yfir 30 kr. fyrir tunnu. Þetta gefur síldareigendum 15 kr. fyrir þá síld, sem fer í eina tunnu, en meðalverð á annari síld mun tæplega fara yfir 5—6 kr. á tunnu. Það lága verð er afleiðing þess, að selt var með fyrirfram samningum eða í svokallaðri frjálsri samkeppni, en ef öll síldin hefði verið seld í samlagi, mundi verðið hafa orðið mun hærra en nú varð raunin á. Þá er og úthlutun veiðileyfa miklum vandkvæðum bundin, ef fullt réttlæti á að nást, nema n. hafi þau á hendi um allar teg. síldarframleiðslunnar. Hv. þm. Vestm. spurði, hvort ekki væri hægt að komast hjá einkasölu. Honum er það kunnugt, að ég er því fylgjandi, að komið sé á frjálsum samtökum í þessu efni, og eins og ég var með frjálsum samtökum um sölu matjessíldarinnar. En það er nauðsynlegt að hafa l. til styrktar þessum samtökum, því, eins og kunnugt er, eru útgerðarmenn skiptir í þessu máli, og sumir þeirra vilja ekki taka þátt í þessum samtökum. Ég hefi áður upplýst í svari til hv. þm. G.-K., að útgerðarmenn á Norðurlandi eru yfirleitt með skipulagi í þessum málum. Það eru aðallega svonefndir spákaupmenn, sem eru á móti. Hv. þm. Borgf. fann að því, að Alþýðusambandinu væri ætlað að skipa 2 menn í væntanlega síldarútvegsn. Ég get sagt honum, að það eru ýmsir í mínum flokki, sem líta svo á, að sjómönnum sé hér eigi tryggður sá réttur, sem þeim ber, þar sem þeir eiga 40—50% af seldum afla skips. Ég gæti fremur fallizt á, að það hefði við rök að styðjast, að sjómönnum væri hér gefin of lítil íhlutun um þessi mál en of mikil. Að því er snertir skiptingu milli landshluta um skipun þessarar n. má kannske segja, að tveimur aðiljum sé gert fullhátt undir höfði, og á ég þar við Vestfirði og Siglufjörð, því að flest skip hlutfallslega munu vera frá Akureyri og Suðurlandi. En mér er kunnugt um, að tala vestfirzkra skipa mun aukast, og það virðist eðlilegt, að Norðurland hafi 2 fulltrúa, því að það hefir einna mestra hagsmuna að gæta. Þó að mörg skip séu gerð út af Suðurlandi, verður að líta á það, að þau salta lítið á móts við aðra. Það væri æskilegt, að þetta breyttist, svo að útgerðarmenn og sjómenn gætu sjálfir notið söluhagnaðar af síldinni. Að öllu athuguðu held ég, að þetta frv. miði að því að tryggja þennan atvinnuveg og því sé rétt að samþ. það. Ég vil ítreka það, sem ég tók fram í byrjun, að það er ekki ætlazt til, að gripið verði til einkasölu nema aðrar leiðir reynist ófærar. En að skipulagning sé nauðsynleg, held ég, að sé álit meiri hl. þeirra manna, sem þennan atvinnuveg stunda.

**Jónas Guðmundsson:** Ég skal ekki lengja umræður. En ég vildi gera þá aths. við 1. gr. frv., að mér þykir þar vera gengið framhjá Austfirðingum, þar sem þeim er eigi ætlað að hafa nein áhrif á skipun n. og Austurlandi ekki ætlaður neinn fulltrúi til að gæta hagsmuna þess landsfjórðungs, og er þó n. ætlað að hafa með höndum úthlutun útflutningsleyfa, veiðileyfa til verkunar o. s. frv. Í gr. er þó sagt: „Nú er stunduð síldveiði til verkunar á Austfjörðum, og skal nefndin þá skipa sér þar fulltrúa í samráði við útgerðarmenn á Austurlandi“. Þetta virðist aðeins ná til verkaðrar síldar, og mér er ekki alveg ljóst, hvernig hv. sjútvn. meinar þetta. Það er nú svo, að síld er flutt út frá Austfjörðum, þó að varla sé hægt að segja, að um verkun síldar sé að ræða, því að hún er að

mestu leyti flutt út ísuð eða þá alveg ný. Ég vildi óska, að flm. frv. breyttu þessu þannig, að skipaður skuli sérstakur fulltrúi fyrir Austurland. Ég fer ekki fram á, að austfirzkum útgerðarmönnum sé skipað að kjósa í n., af því að síldarútgerð er þar á byrjunarstigi. En þar er þó komin á fót ein síldarverksmiðja og þannig lagður grundvöllur að því, að síldarútgerð þaðan geti átt sér stað, og í fjárl. er gert ráð fyrir, að reisa megi aðra bræðslustöð á Seyðisfirði, og eykur það nauðsynina á því, að síldarútgerðarmenn á Seyðisfirði eigi fulltrúa í n. Austfirðingar hafa hér nokkra sérstöðu vegna útflutnings á ísaðri síld, en hún er venjulega flutt út í smáum stíl og ekki hægt að tryggja fyrirfram ákveðið „kvantum“. Virðist ekki til mikils mælzt, að Austfirðingar fái sérstakan fulltrúa til að annast um hagsmuni Austfirðinga í þessu efni.

**Ólafur Thors:** Hv. þm. Ísaf. gaf nokkrar upplýsingar út af þeim fyrirspurnum, sem ég beindi til hans. Gat hann þess m. a., að á fundi, sem haldinn var meðal útgerðarmanna, hefði helmingur aðilja tjáð sig samþykkan því, að haldið væri áfram frjálsum samtökum um skipulag þessara mála, en helmingur þeirra lýst sig því andvígan. Ef eigi væri neinu sérstöku við þetta að bæta, ætti afleiðingin að vera sú, að þessi mál væru látin vera frjáls. Þegar helmingur aðilja, sem á allt sitt undir því, að þessum atvinnurekstri farnist vel, óskar ekki eftir neinum afskiptum þess opinbera, virðist rétt, að atvinnuvegurinn sé frjáls. En ég játa, að þær upplýsingar, sem hv. þm. bætti við, skipta máli. En þar sem ég er þessum málum ekki eins kunnugur nú og ég var um eitt skeið, vildi ég í sambandi við þetta beina fyrirspurn til hv. þm. Ég vildi spyrja, hvort grunur leikur á, að þessi helmingur aðilja þjóni öðrum eða hafi annara hagsmuna að gæta en sinna eigin. Mig rekur minni til, að áður var allstór hópur þeirra manna, sem fengust við síldarsöltun með hagsmuni annara en sjómanna og útgerðarmanna fyrir augum. Ef nú er um að ræða samskonar hagsmuni, ber að hafa álit slíkra aðilja að engu. Ég skal ekki draga dul á, við hvað ég á. Þessir menn voru umboðsmenn erlendra hagsmuna og voru kallaðir leppar. Ef þessir menn standa nú á varðbergi fyrir erlenda hagsmuni, þá eru þeir auðvitað alveg andvígir frjálsum samtökum. Þó að ég sé yfirleitt andvígur þvingunarráðstöfunum hins opinbera í sambandi við atvinnurekstur landsmanna, verð ég að sjálfsögðu að viðurkenna þær staðreyndir, sem skapa sérstöðu, og um slíka sérstöðu gæti verið að ræða hér. En ég vil leyfa mér að leiða athygli hv. dm. að því, að þó að niður falli 11. gr. frv., um einkasöluheimild sem einskonar þrautavaralendingu, þá er svo um hnútana búið í 2., 3. og 5. gr. frv., að heita má, að framleiðendur séu sviptir sjálfsforræði um þessi mál. Það er eðlilegt, að við, sem viljum láta framleiðendur vera sem mest einráða um atvinnurekstur sinn, lítum með andúð til slíkra fyrirmæla, þar til fyrir hendi kynni að vera sú sérstaka nauðsyn, sem við yrðum að beygja okkur fyrir. Ég veit, að flm. þessa frv. munu skilja, að við sjávarútvegsmenn hér á Alþ. séum tregir til að ljá fylgi eða lina andstöðu gegn fyrirtæki, sem lent gæti í sama feni og annað fyrirtæki á sama sviði atvinnumálanna, sem við erum nýbúnir að draga upp úr.

Hv. flm. sagði, að af stjórnendum matjessíldarsamlagsins hefðu 3 tjáð sig samþykka fyrirmælum frv., en 2, þeir Ásgeir Pétursson og Steindór Hjaltalín, létu málið afskiptalaust. Ég hefi ekki ástæðu til að vefengja, að þetta sé rétt, og ég játa, að ef það er rétt, þá skiptir það nokkru máli, og það er ekki nema eðlilegt, að okkar mótstaða linist, ef eigi er sömu mótstöðu til að dreifa hjá þeim, sem við þessi l. eiga að búa. Ég finn ekki ástæðu til að gagnrýna einstök fyrirmæli þessa frv. En ég vil endurtaka þá ósk mína, að fá upplýst áður en umr. lýkur, hvernig stendur á andstöðu þeirra aðilja, sem eru á móti frjálsum samtökum á þessu sviði.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. hefir sýnt lit á að verða við þeim tilmælum mínum að gefa upplýsingar um matjessíldarsamlagið. Mér virðist eins og honum, að árangurinn sé hreint ekki slæmur, og þeim mun undarlegra er það, að menn skuli ekki geta orðið ásáttir um að halda þeim félagsskap áfram. En vitanlega eru það aðiljar sjálfir, sem hér eiga mest í hættu. En nú er það svo, að helmingur aðilja virðist vilja halda áfram, en hinn helmingurinn ekki.

Hv. þm. Ísaf. var að mótmæla hjá mér atriði, sem ég hefi aldrei haldið fram. Ég hélt því ekki fram, að hann hefði sagt, að matjessíldarsamlagið væri komið í upplausn, heldur sagði ég, að hæstv. atvmrh. hefði sagt það. Ég fór því þar með rétt mál. Ég játa, að mig hefir misminnt um bráðabirgðal., ég sé núna, að þau hafa farið til n. þann 8. okt. En það var ekki að ástæðulausu, að mér var fallið úr minni, að þau hefðu komið til n., því að þar hefir aldrei verið um þau rætt.

Hv. þm. sagði, að þeir, sem stæðu á móti skipulagningu, væru aðallega spekúlantar. Það má vera, að þetta sé rétt, og ég vil taka undir það með hv. þm. G.-K., að ef þessir svonefndu spákaupmenn eru á verði fyrir hagsmuni annara en ísl. útgerðarmanna og sjómanna, þá verður að gjalda varhuga við þeim. Hv. þm. G.-K. óskaði upplýsinga um þetta atriði, og vil ég taka undir það. Einkasöluákvæðið var rökstutt með því, að það þyrfti að reka menn saman og gera þá bljúga, sem annars fengjust ekki til að sinna neinum samtökum. Og það getur haft sitt gildi út af fyrir sig. En það er eitt stórt atriði enn í þessum efnum. Því reynslan hefir talað sínu máli með hinum dapurlegu örlögum síldareinkasölunnar sál. Sá baggi kom ekki á bak síldarspekúlantanna, heldur kom hann á bak smáútgerðarmanna og sjómanna. Það voru þeir, sem báru skarðan hlut frá borði, eins og allir hv. þdm. vita og óþarfi er að lýsa. Þess vegna verður að gjalda varhuga við að reka sig ekki á sama skerið aftur með því, að stofna einkasölu á ný, er mundi leiða til sömu ógæfunnar og síldareinkasalan gamla. Væri þar með stofnað

til þess, að síðari villan yrði verri hinni fyrri. Það er alveg óskiljanlegt, að nokkur nauðsyn sé til að stefna málinu inn á þá braut. Ég get ekki skilið, að a. m. k. á þessu stigi sé nokkur þörf á því, og mun ég bera fram við 3. umr. brtt. um að fella úr frv. þau ákvæði, sem fela í sér einokun. Ég er því ekki mótfallinn, að gerðar séu ráðstafanir um skynsamlega íhlutun. En ég vil koma í veg fyrir, að hún verði svo róttæk, að síðari villan verði verri hinni fyrri.

Það getur vel verið, að ástæða sé til orðalagsbreyt. — eða raunar efnisbreyt. — eftir því, sem hv. 6. landsk. var að benda á. Ég verð að segja, að mér þykir skrítið, ef einstakir landshlutar og Alþýðusamband Ísl. eiga að kjósa aðalnefndina, en svo á hún að skipa fulltrúa fyrir Austfirðinga. Virðist eðlilegt, að þeir skipi sinn fulltrúa eins og hinir.

Mér finnst svo ekki ástæða til að ganga lengra inn á einstök atriði málsins við þessa umr. Að lokum skal ég minnast á, að það virðist óþarfi að blanda frystri síld inn í þetta frv. Í 1. málsgr. 3. gr. segir: „Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt“ o. s. frv. En síðar í gr. stendur: „Þó getur nefndin veitt undanþágu fyrir ísaðri síld og smásendingum af millisíld“. Nú er ísuð síld alls ekkert verkuð. Því býst ég við, að hv. þm. Ísaf. geti verið samþ., og að óþarfi sé að hafa þessa undanþágu í frv.

Mun nú vera nálægt þeim tíma, sem venjulegt er að fresta fundi, og skal ég því láta máli mínu lokið. [Fundarhlé].

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Vestm. sagði út af samtökum þeim, er mynduð voru á síðastl. sumri um sölu vissrar teg. síldar.

Mér þykir það því undarlegra, sem árangurinn af þessum frjálsu samtökum reyndist góður, að nú skuli vera horfið frá þessu og að hinu, að rígbinda þetta í fastar skorður og kjósa leið einkasölunnar. Það er sannarlega mjög undarlegt, að þessi stefnubreyt. skuli koma fram nú, *er búið er að nema úr l. síldareinkasöluna, og* viðurkennt er, að það hafi verið nauðsyn fyrir útveginn. En e. t. v. hefir hv. sjútvn. búið yfir því frá upphafi að færa málið inn á þessa braut. Frá því að bráðabirgðal. voru lögð fram í þingbyrjun og vísað til sjútvn., hefir n. fólgið frv. svo vandlega, eða öllu heldur formaður n., að fennt er yfir endurminninguna um, að því hafi nokkru sinni verið vísað til n.

Stjórnarflokkarnir munu því frá öndverðu hafa tekið þá ákvörðun að koma aftur á einkasölu og nota meirihlutavald sitt á þinginu til þess að hverfa frá frjálsu samtökunum yfir á braut einkasölunnar. Bráðabirgðal. er ekki hirt um, heldur eru þau grafin niður, og sýnir það, hver tilgangurinn er. Þetta má heita einkennilegt, þegar það er viðurkennt, að l. hafa orðið til hagsbóta fyrir síldarútveginn. Síldareinkasalan hinsvegar kom þessum atvinnuveg niður í þá mestu niðurlægingu, sem dæmi þekkjast til um nokkra atvinnugrein. Síðasta árið, sem einkasalan var, var svo komið, að enda þótt hún hefði fengið alla síldina fyrir ekkert, þá hefði það ekki hrokkið. Ríkissjóður verður nú að standa skil á einni millj. af skuldum einkasölunnar og er þegar byrjaður að borga af þessu fé.

Þá vildi ég minnast á ákvæði 1. gr. frv. Hv. formaður sjútvn. gaf mér þá viðurkenningu, að það væri rétt hjá mér, að eigi væri rétt skipt áhrifavaldinu milli landshluta um það, hverjir kysu í þessa sjö manna síldarútvegsn. Útgerðarmenn eiga að skipa fjóra menn í n., en Alþýðusamband Ísl. tvo og ráðh. einn. Við nánari athugun kemur það hinsvegar í ljós, að réttur Sunnlendinga er hér gersamlega fyrir borð borinn; gegnir sú dirfska furðu, að fótumtroða svo rétt þeirra, er gera út frá Suðurlandi, að leggja það á vald manna norðanlands, hvort nokkurt skip skuli gert út frá Suðurlandi, og það af því m. a., að Norðurland mun í framkvæmdinni fá yfirtökin í n. Þetta liggur í því, að Austfirðir og Norðurland eiga að hafa 2 fulltrúa í n., Vestfirðingar einn. Það eru 3, en Suðurland með *allan sinn stóra síldveiðiflota á að hafa aðeins* einn fulltrúa á móti hinum 3. Svo er ætlazt til, að Alþýðusambandið tilnefni 2 menn, og það bezta, sem Sunnlendingar geta vænzt um skipun þeirra, er, að annar verði tekinn af Suðurlandi, en hinn af Norðurlandi. Og þó svo færi, að hæstv. ráðh. skipaði þann mann, sem hann á að velja í n., af Suðurlandi, þá verða Sunnlendingar samt í minni hl. í n., en við því er ekkert frekar að búast, að ráðh. skipi mann af Suðurlandi í n. Þetta er vitanlega algerlega óforsvaranlegt að fela slíkri nefnd yfirráð um það tvennt, hverjir megi gera út og hverjir fái útflutnings- og söltunarleyfi. Það er óforsvaranlegt með skipun einnar n. að gera þannig upp á milli landsfjórðunga eins og gert er í frv., og nær ekki nokkurri átt að lögfesta slíkt. Ef þetta frv. nær fram að ganga, sem stjórnarflokkarnir munu nú vera búnir að ákveða og hafa ef til vill verið búnir að ákveða m. a. s. áður en þing kom saman, e. t. v. um leið og bráðabirgðal. stj. komu út í sumar, þá er það gersamlega óforsvaranlegt, ef ekki verður gætt *meiri jafnaðar og réttlætis* um áhrifavald á skipun n. Ég býst við, að þetta komi enn greinilegar í ljós, þegar fyrir liggja skýrslur um þátttöku landsmanna í sjávarútveginum að með því að láta Austfirðinga, Norðlendinga, Vestfirðinga og Sunnlendinga alla hafa sinn manninn hver í n., þá liggur í augum uppi, að réttur Sunnlendinga er gersamlega fyrir borð borinn. Þær skýrslur skulu koma hér fram fyrir 3. umr.

Út af því, sem hv. frsm., þm. Ísaf., sagði, að frv. þetta gerði ekki ráð fyrir einkasölu, nema aðrar leiðir reyndust ófærar, þá vil ég segja, að það er nú svo með þetta frv., eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, að það er þannig, að þeir menn, sem bera það fram, álíta og byggja sína stjórnmálastarfsemi á því, að einkasala sé heppilegasta fyrirkomulagið á verzlun landsmanna. Það er því gefið, að þessu frv. er ætlað að beina síldarsölunni inn á einkasölubraut. N., sem á að skipa, hefir allt valdið. Hún getur tekið alla söluna undir sig, ef henni sýnist, og hún getur fengið viðkomandi ráðh. til að fallast á það. Og þá verður að engu haft, þó til verði

aðilar, sem vilji taka að sér síldarsöluna, heldur verður í framkvæmdinni öllu siglt til einkasölu, ekki sízt þar sem þetta mál heyrir undir þann ráðh., sem vitanlegt er um, að álítur einkasölu heppilegasta fyrirkomulagið. Það er því ekki hætta á fyrirstöðu á því, að þetta verði endir málsins.

Mér finnst frv. sniðið eftir pólitiskum kringumstæðum í landinu, fyrst og fremst með tilliti til þeirrar aðstöðu stjórnarflokkanna á Alþ., að geta samþ. l. um einkasölu, og líkindi til þess, að stj. framkvæmi l. Enda svo framarlega, sem þessir flokkar vilja vera sinni stefnu trúir, þá hljóta þeir að sækjast eftir einkasölu, enda þarf ekki að fara í grafgötur um það, frv. er þannig byggt, að aðrar leiðir en einkasala eru ekki tilnefndar nema til málamynda, því með frv. er gefin krókalaus og opin leið til þess að færa síldarsöluna í einkasöluform.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ég geri ráð fyrir, að þeir menn, sem eiga við ákvæði frv. að búa, ef að l. verður, sannfærist fljótlega á því, að það er rétt, sem haldið hefir verið fram, að þetta frv. er fyrst og fremst frv. um einkasölu á síld. Það er því dálitið einkennilegt, þegar hv. frsm., þm. Ísaf., er að tala um, að einkasala sé í frv. aðeins þrautalending; það sé yfirlýst af hæstv. ráðh., að til hennar eigi aðeins að gripa, er aðrar leiðir þryti. Þetta er dálitið eftirtektarvert, þegar þess er gætt, að þessi hv. þm. hefir bæði á Alþ. og í blöðum haldið því fram, að eina rétta lausnin væri sú, að sala síldarinnar væri í höndum ríkisstj., þ. e. í einkasölu. Þessi hv. þm. hefir ætíð haldið því fram, að öll verzlun ætti að vera í einkasölu, og hans flokkur mun hafa verið honum nokkurn veginn sammála í því efni, og var ekki síldareinkasalan sæla afnumin gegn vilja þeirra herra? Og ég geng þess ekki dulinn, að enn í dag halda þeir fast við þá skoðun, að einkasala á síld sé það fyrirkomulag, sem beri að stefna að, og ég held, að það komi yfirleitt ekki frá hjartarótunum, þegar þeir segja, að einkasölu eigi aðeins að taka upp, ef aðrar leiðir þrjóti. Það má vera, að slíkt geti komið fyrir, en án þess að svo fari, geta þeir sagt, að allar aðrar leiðir en einkasala séu þrotnar, og til þess er leikur gerður með þessu frv. Þessar aðrar leiðir eru því ekkert annað en krókaleiðir. En það er eftirtektarvert, hvernig þessi ummæli hv. þm. brjóta í bág við yfirlýsingar flokksmanna hans, sem hafa haldið því fram, að eina leiðin til þess, að síldarútgerðin gæti borið sig og gefið góðan arð, væri sú, að setja á fót einkasölu á henni. Mér finnst það miður sæmilegt af þessum mönnum að halda því fram nú, að þetta sé þrautalending, þegar þeir hafa til þessa talið, að einkasala væri eina rétta leiðin.

Ég efast um, að það verði tryggt með löggjöf, að síldarútvegurinn á hverju ári geti borið sig. Þeir, sem til þess atvinnuvegar þekkja, vita, að hann er óviss og áhættusamur, og þess vegna er með l. hvorki hægt að tryggja það, að útgerðin eða síldarsöltunin gefi arð. Fyrir nokkrum árum var öll okkar síldarsala í Noregi og Svíþjóð. Sala matjessíldar til Póllands og Þýzkalands þekktist ekki þá. Nú er sú breyt. á orðin, að höfuðmarkaður fyrir okkar síld er fluttur til Mið-Evrópu, en síld sú, sem notuð er í Svíþjóð og Noregi nú, er að miklu leyti veidd af Norðmönnum og Svíum sjálfum. Ég veit, að það eru uppi mjög sterkar raddir um það, að rétt sé að hafa eitthvert samlag um sölu á matjessíld, en að sala á grófsaltaðri síld eigi hinsvegar að vera frjáls. Ég veit ekki um afstöðu hv. þm. Ísaf. til þessa spursmáls, en ég vil spyrja hann að því, hvort hann geti fallizt á, að sett væru ákvæði í frv. um það, að verzlun með grófsaltaða síld skuli algerlega vera frjáls. — Það er sérstaklega eitt atriði, sem útilokar það, að hvorki Alþ., ríkisstj. né félagsskapur geti sagt um fyrirfram, hve mikið óhætt er að salta á hverju sumri af grófsaltaðri síld, og það er það, að okkur er það hulið, hvað Norðmenn og Svíar, Danir, Finnar, Eistlendingar og Þjóðverjar fiska mikið af grófsaltaðri síld utan við landhelgina á hverju ári. Það er talið, að síðastl. ár t. d., þegar gerð voru út á veiðar um 80 skip hér frá landi, þá hafi hinsvegar verið um 200 skip frá þessum þjóðum utan við landhelgina. Nú má gera ráð fyrir, að fleiri þjóðir kunni að fara að stunda þessar veiðar, og að þær þjóðir auki sína veiði, sem áður hafa stundað hana. Þess vegna verður ekki hægt fyrirfram að segja um það, hve mikið Íslendingar geta selt af grófsaltaðri síld á næsta ári. Hinsvegar er það vitað, að sú verkunaraðferð, sem útlendu veiðiskipin viðhafa, er grófsöltun, en ekki matjessöltun. Hv. þm. Ísaf. hristir höfuðið. Það kann að vera, að þessi skip noti matjessöltun að einhverju leyti, en það er erfiðari aðferð, sem útheimtir meiri vinnukraft og betri geymslu en yfirleitt er kostur á á þessum skipum. Það kann að vera, að Þjóðverjar hafi þó eitthvað notað þá aðferð, en mér er tjáð, að Norðmenn, Svíar og Danir grófsalti aðeins. Það er vitanlegt, að matjessöltunin er ákaflega áhættusöm og erfið, og er mikið undir veðráttu komið, hvernig sú verkunaraðferð tekst. Útlenda flotanum er nauðsynlegt að fá sem mestan afla á sem stytztum tíma, af því þeir veiða utan við landhelgina og hafa ekki möguleika til að fara með aflann inn á víkur og firði til þess að verka hann, og því síður, að þeir megi veiða þar. Af þessu leiðir, að útlendi flotinn hefir styttri veiðitíma en okkar skip, og af því leiðir líka, að þeir neyðast til að nota þá veiðiaðferð, sem fljóttækari er.

Ég hygg, að hv. þm. Ísaf. vilji ekki halda því fram, að hægt sé að segja fyrirfram, hve mikið kvantum af grófsaltaðri síld óhætt sé að veiða á hverju ári, þegar vitað er, að 200 skip eru að veiðum utan við landhelgina. Þessi skip geta veitt svo mikið kvantum af síld, að ekki seljist sú síld, sem ísl. veiðimenn hafa fengið söltunar- og veiðileyfi fyrir, og einnig þó að veiðileyfin séu ekki fullnotuð. Hinsvegar getur líka komið fyrir, að þó veiði- og söltunarleyfi séu fullnotuð, þá vanti samt síld á markaðinn, af því að svo mikil óvissa er um veiðimagn hinna erlendu skipa. Þetta gerir það að verkum, að ekki er hægt að setja í l. ákvæði, sem tryggja markað á síld. Þó sett væru ákvæði um veiði-

leyfi og söltunarleyfi, þá er það tilviljum ein, ef þau stæðu heima fyrir markaðinn. Framleiðslan gæti orðið of mikil, þó veiðileyfin væru ekki notuð, en það kemur af því, að markaðurinn gæti verið yfirfylltur af grófsaltaðri síld, sem veidd væri utan landhelgi; eins gæti orðið um síldarskort að ræða, þó leyfin væru fullnotuð.

Ég æski þess, að hv. þm. Ísaf., sem er einn af þeim, sem flytja frv., skýri frá því, eftir að hann hefir á ný athugað málið, hvort hann telur fært að undanskilja grófsaltaða síld frá ákvæðum frv., *með þeim forsendum, að með lagaákvæðum sé ómögulegt að tryggja það, að* sú síld, sem leyft yrði að veiða, verði seljanleg, né vita það, hvaða kvantum á hverjum tíma sé hæfilegt. Ég veit, að þessi hv. þm., sem hefir fengizt við síldarsöltun, þó ekki hafi verið fyrir hann sjálfan, hann veit það, að verð á síld, hvort sem það er grófsöltuð síld eða matjessíld, fer ekki eftir því, hve mikið kvantum er verkað. T. d. veit ég það, að þó að saltað væri 1933 yfir 100 þús. tunnur af síld, en 1934 ekki nema um 60 þús. tunnur, þá fengu sumir meira verð fyrir sína síld 1933 heldur en 1934. Þó að meðalverðið hafi e. t. v. verið lægra 1933, þá get ég bent á sölur, sem fóru fram 1933, sem fyllilega stóðust samanburð við sölurnar 1934.

Í grg. frv. er sagt á þá leið, að nauðsynlegt sé að útvega nýja markaði fyrir síld og finna upp betri verkunaraðferðir. Þetta er út af fyrir sig rétt, en það þarf hvorki að setja það í grg. eða frv. Slíkt er vitanlega mjög æskilegt og nauðsynlegt vegna afkomu síldarútvegsins, en það vill nú svo til, að við höfum opinn markað fyrir síld á næsta ári, ekki með því að koma síld okkar út í nýja kaupendur, heldur með því að auka og útbreiða neyzlu á síldinni í þeim löndum, *sem þegar eru opin og við verzlum við*. Það hefir farið svo raunalega fyrir okkur með þá markaði, sem við höfum notað áður, að þeir eru því miður óðum í rénun. Það má gera ráð fyrir, að markaður okkar í Svíþjóð sé alveg á förum. Það er ekki vafi á því, að við höfum misst þessa markaði vegna þeirrar innilokunarstefnu, sem við höfum rekið, með því að útiloka norska og sænska veiðimenn héðan úr landi frá þeirri aðstöðu, sem þeir áður höfðu við Norðurland, aðallega á Siglufirði, svo þeir tóku það ráð að hafa leppa. Þessi innilokunarstefna hefir leitt til þess, að Norðmenn, Svíar og Finnar hafa neyðzt til að fjölga þeim skipum, er þeir senda hingað til veiða utan landhelgi, svo mjög, að nú *hafa þeir þrefalt fleiri skip en við. Og þó nú* megi segja, að við verkum og seljum alla þá síld, sem kemur á land, þá er innilokunin samt tvieggjað sverð, þegar hún gerir það að verkum, að þjóðir þær, sem keypt hafa okkar síld, fara sjálfar að auka sína veiði og minnka kaup við okkur. Ég tel, að hæstv. ríkisstj. og þeir, sem að frv. standa, eigi ekki síður að reyna samninga við þessar þjóðir um það, hvort þær vilja ekki heldur kjósa þá aðferð, sem er áhættuminni, að kaupa ísl. síld, heldur en að senda hingað sinn skipaflota. Væri það heppilegra fyrir báða. Reynslan hefir sýnt, að sú útgerð þeirra ber sig ekki öðruvísi en með ríkisstyrk. Þess vegna álít ég, ef það væri hægt, að réttara væri að fara þá leið heldur en að þröngva þeim, er þennan atvinnuveg stunda, inn á þá sömu leið og til þeirra sömu afleiðinga og síldareinkasalan um árið færði landsmönnum. Ég verð fyrir mitt leyti að telja, að til þess að finna rök fyrir frv. verði annaðhvort að hafa sýnt sig, að sú aðferð, sem höfð hefir verið á undanförnum árum, hafi leitt til taps, eða þá, að einhver ný ástæða sé komin til sögunnar fyrir því að lögþvinga þetta fyrirkomulag, eða í þriðja lagi, að útgerðarmenn sjálfir æski eftir þessari skipan, en nú er það upplýst, að slíkt er ekki fyrir hendi. — Það var sérstakt atvik, sem olli því, að matjessíldarsamlagið var stofnað síðastl. sumar, og ef slíkt kemur fyrir aftur, er vitanlega sjálfsagt að taka það til greina. En mér virðist ekki eðlilegt, að Alþ. fari hér að taka fram fyrir hendurnar á þeim mönnum, sem í þessu máli stefna aðeins til þess að ná því takmarki, sem hv. þm. Ísaf. vitanlega ber fyrir brjósti, sem er einkasala á síld. Og mér virðist, að það væri sæmilegra fyrir þennan hv. þm. að koma fram og viðurkenna þetta hreinskilnislega heldur en að fara þá krókaleið að lýsa því fyrst yfir, að þetta sé þrautalendingin, ef hann sjálfur aðeins ætlar að lenda í þeirri víkinni.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég þarf fyrst að svara fyrirspurn frá hv. þm. G.-K. Hv. þm. spurði að því, hvort þeir, sem beittu sér á móti samtökum síldarútvegsmanna, væru einkum þeir, sem gættu erlendra hagsmuna. Ég skal leitast við að svara þessu, eftir því, sem ég get. Það er mjög algengt, að menn semji við erlenda síldarkaupendur á þann hátt, að hinir erlendu síldarkaupendur leggi til tunnur og salt, en þeir, sem salta, kaupi síldina óverkaða og leggi til vinnu við söltunina. Nú eru það nokkuð margir, sem gera svona samninga, og e. t. v. útgerðarmenn, sem salta fyrir eigin reikning, og það er ekki hægt að segja með vissu, hvað margir salta fyrir reikning erlendra kaupenda, þeir eru þó nokkrir. Hvað margir þessir menn eru, er ekki hægt að segja með neinni vissu, það er erfitt að sanna það. En það er enginn vafi á því, að þeir, sem hafa svona hagsmuna að gæta, beita sér á móti öllum samtökum síldarútvegsmanna. Í öðru lagi vil ég benda á, að hagsmunir innlendra saltenda, sem ekki eru útgerðarmenn, rekast talsvert á í þessu efni, því að saltendur, sem síld kaupa, vilja vitanlega kaupa hana fyrir sem lægst verð, og þeim er illa við *öll samtök síldarútvegsmanna, sem miða að því* að fá hækkað verð á síld til söltunar. Af þessari ástæðu er það, að hagsmunir saltenda, sem ekki eru útgerðarmenn og kaupa síld, rekast á við hagsmuni síldarútvegsmanna. En í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er sérstaklega gert ráð fyrir því, að hagsmuna útvegsmanna sé gætt, þar sem það eru útvegsmenn sjálfir, en ekki saltendur, sem kaupa síld, sem eiga að kjósa menn í n.

Ég ætla, að við séum sammála um það, ég og hv. þm. G.-K., að rétt sé af hv. Alþ. að styðja að því, að söluhagnaðurinn geti sem mest runnið til útgerðarmanna sjálfra, en ekki millilið-

anna. Ég hygg, að ég hafi með þessu svarað fyrirspurn hv. þm. G.-K.

Hv. þm. Borgf. þarf ég í raun og veru ekki miklu að svara. Að vísu var hann að bera mér á brýn, að ég hefði falið hjá sjútvn. frv. það, er ríkisstj. lagði fyrir þingið út af bráðabirgðal. Það er ekki rétt, það var lagt fyrir n. á sínum tíma og er á málaskrá hennar. En ætlunin var að geyma það í þeirri von, að þetta frv. næði samþ. Alþ. Nú er það dálitið einkennilegt, að hv. þm. Borgf., sem talaði með ágæti þessa bráðabirgðalagafrv. stj., sem hann segir, að hafi lent í salti hjá sjútvn. og harmar, að það skuli ekki koma fram í d., mælir gegn frv., sem meiri hl. sjútvn. ber fram, sem er að vísu dálitið víðtækara en fyrra frv., en bæði frv. miða í sömu átt og bráðabirgðal. og frv. það, er lagt var fram í sambandi við þau, og er það engu síður einkasölufrv. heldur en það, sem hér er á dagskrá, heldur miklu fremur, því að þar er beinlínis gert ráð fyrir í því frv., að ríkisstj. geti haft með höndum útflutning á léttverkaðri saltsíld og bannað öðrum að flytja út léttverkaða síld. Þá getur stj., ef henni þykir nauðsyn bera til, farið eftir ákvæðum þessara l. um fleiri teg. saltsíldar, ennfremur er ríkisstj. heimilt að ákveða, að sérstök n. fari með framkvæmd þessara l. Það var gert í sumar og sett á stofn einkasala á matjessíld samkv. bráðabirgðal. og það var hægt að setja upp samskonar einkasölu á allri síld. En í því lagafrv., sem hér liggur fyrir, er hinsvegar gert ráð fyrir beinlínis frjálsum samtökum síldarútvegsmanna sjálfra. Svo að þess vegna er óþarfi af hv. þm. Borgf., af því að hann er á móti einkasölum, að vera sérstaklega að mælast til, að frv. til l. á þskj. 28 sé tekið fyrir og tekið fram yfir þetta, af því að það er í ennþá ríkara mæli einkasölufrv. en það, sem hann er hér að mæla á móti. Ég vil telja það kost á því frv., sem hér liggur fyrir, að það er fyrst og fremst miðað við skipulag útvegsmanna sjálfra. Það þykir mönnum kannske undarlegt, af því að ég sé að öðru leyti einkasölumaður, en ég get sagt það, að einkasala á svona vöru, sem er sett á stofn beinlínis á móti vilja þeirra, sem eiga að framkvæma hana, er að mínum dómi í fæstum tilfellum heppileg, þó að svo kynni að fara, að hún undir vissum kringumstæðum geti orðið nauðsynleg. En í þessu frv. er sérstök áherzla lögð á skipulagningu frá síldarútvegsmönnum sjálfum, en ef þeir ekki fást til að framkvæma skipulagninguna sjálfir, getur verið nauðsynlegt að lögbjóða hana, og það er engu síður hægt eftir því frv., sem er á þskj. 28, heldur en eftir því frv., sem hér er á dagskrá, nema fremur sé.

Ég sé nú litla ástæðu til að endurtaka það, en ég hefi fært fyrir því rök, að frá síldarsölumönnum sjálfum hafa komið ákveðnar raddir um skipulagningu síldarútvegsmálanna, á þann hátt, að síldarsalan sé öll á einni hendi. Ég vísa til grg. frv. um þetta og ítreka, að það er fjarri því, að þær fari nokkuð eftir stjórnmálaskoðunum eða flokkum, þessar ályktanir, heldur er þvert á móti af þeim mönnum, sem hafa látið í ljós ákveðnar skoðanir um þetta mál, meiri hlutinn sjálfstæðismenn.

Út af því, sem drepið var á um samninga við aðrar þjóðir, var það upplýst af hv. þm. Vestm., að hann hefði komizt að raun um í sinni utanför í fyrra, að hægt væri að selja einu landi ákveðna tunnutölu af síld fyrirfram, ef hægt væri að tryggja, að ekki kæmi meira en sú ákveðna tunnutala. Þetta gildir í fleiri löndum, og það er ein höfuðástæðan fyrir því, að nauðsynlegt er að skipuleggja síldarsöluna, og það mun vera hægt að tryggja með fyrirfram ákveðnu verði talsvert mikla síldarsölu einmitt í gegnum skipulagningu á síldarsölunni. Það er vitaskuld aldrei hægt að tryggja með löggjöf, að síldarútvegurinn beri sig, en það er hægt að tryggja með löggjöf að svo miklu leyti, sem mögulegt er, að hún beri sig betur, frekar en með löggjafarleysi, eins og nú standa sakir.

Ég held nú raunar, að ég þurfi ekki að svara hv. 8. landsk. En hann var að brýna mig á því, að ég þyrfti að koma hreint til dyra. Þessi hv. þm. er nú kunnur að því að vera hreinskilinn og djarfur sjálfur, svo að það er von, að hann geri þær kröfur til annara. Ég hefi komið hreint til dyra, það get ég sagt hv. þm. Ég segi það, sem ég álít, að sé síldarútveginum og atvinnu landsmanna fyrir beztu. En út af því, sem hv. þm. sagði um síldarverðið 1933 og 1934, þá vil ég taka það fram, að matjessíldin var mest öll seld í umboðssölu 1933, og talsverður hluti hennar var sendur niður til hafnarborga í Póllandi og Þýzkalandi. Ekkert var borgað fyrir hana áður en hún fór af stað, kaupendurnir ákváðu sjálfir, hvað þeir vildu gefa fyrir hana. Þeir skoðuðu síldina þegar hún kom út og dæmdu fram undir $^1/_3$ af henni óhæfa markaðsvöru. Nú er aftur á móti farið svo að, að engin tunna er seld öðruvísi en að vera skoðuð hér heima áður en hún er send, og árangurinn hefir orðið sá, að úr síldinni hefir gengið hverfandi lítið, a. m. k. á móts við það, sem úr henni gekk 1933. Ég þori því að fullyrða, að meðalverð á matjessíld er a. m. k. 30 til 40% hærra nú heldur en var í fyrra. Það er að vísu ekki útséð um síldarsöluna ennþá, og það getur verið, að síldarsölusamlagið fái einhver skakkaföll, ef illa færi með gjaldeyrinn til Þýzkalands, en nú lítur út fyrir, að niðurstaðan verði sú, sem ég nú hefi skýrt frá.

**Pétur Ottesen** óyfirl.]: Mér skildist á frsm. þessa máls, hv. þm. Ísaf., að ég hefði verið að ásaka hann fyrir það, að hann hefði setzt á bráðabirgðal. hæstv. ríkisstj., sem sett voru á síðastl. sumri um síldarsölusamlag.

Ég gerði það út frá því, að það er ómótmælanlegt, að með því að sitja á því frv. og bera fram það frv., sem hv. meiri hl. sjútvn. ber hér fram, er horfið frá þeirri stefnu, sem bráðabirgðal. byggðust á, að veita frjálsum félagssamtökum síldarútvegsmanna nokkurn stuðning til þess að þeir gætu betur notið sín við söluna, því að þótt um bráðabirgðal. megi segja, að í þeim felist nokkuð víðtækt vald, þá er það vitanlegt, að þau eru fram komin fyrir ósk hlutaðeigandi manna og eiga ekki að ganga lengra en að styðja þessi frjálsu samtök síldarútgerðarmanna sjálfra til þess að selja sína

síld. En það frv., sem hér liggur fyrir, eins og ég hefi rakið í minni ræðu um þetta mál í dag og hv. frsm. hefir ekki á móti mælt, stefnir beinlínis að því, að tekin verði upp einkasala á síld, því að það er gerð ýtarleg tilraun til þess, að þessi n., sem á að skipa og ráða á yfir þessum málum, verði þannig skipuð, að meiri hl. verði menn, sem hafa þá yfirlýstu skoðun, að telja einkasölu bezta fyrirkomulagið á verzlunarmálum, og hvers vegna skyldi maður þá ekki ætla, að þeir færu þessa leið, sem þeir álita *bezta og heppilegasta í þessu efni*?

Það er því sá reginmunur á þessu frv., sem hér liggur fyrir, og bráðabirgðal., að bráðabirgðal. byggja á þeim grundvelli, að styðja frjáls samtök um sölu á síld, en frv. aftur á móti á því, að tekin verði einkasala á síld. Það þýðir því ekkert fyrir hv. frsm. að vera að vitna í þessi bráðabirgðal., að þau feli þetta í sér engu síður en þetta frv., sem hér liggur fyrir, því að þótt ríkisstj. hafi haft heimild til þess að skipa n. til nánari framkvæmda í þessu efni, þá var hún ekki notuð á síðastl. sumri frekar en það, að sett var n. manna, sem svo hafði engin afskipti af sölunni, en hinsvegar var talað við fulltrúa stj. um að fylgjast með því, hvað síldarsölusamlagið gerði í þessum efnum. (**FJ**: Ha?). Ha, segir hv. þm., hann skilur kannske ekki þann mikla mun, sem er á því, hvernig þetta var framkvæmt á síðastl. sumri, og hvernig hugsað er að framkvæma það eftir þessu frv., ef að l. verður. Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta, en hvað snertir ágæti þessara bráðabirgðal., þá sagði ég ekkert um það.

Hv. þm. Ísaf. *lýsti því yfir*, að þessi skipulagning, sem gerð var á síldarútveginum á síðastl. sumri, hefði leitt til góðrar úrlausnar á þessu máli, og það, sem ég sagði um þetta, var ekkert annað en það, að mér þætti undarlegt, að þingmenn vildu hverfa frá fyrirkomulagi, sem hefði gefið góða raun, og stefna að þeirri tilhögun, sem verst hefir leikið þessa útgerð.

Að því leyti sem hv. þm. minntist á, að sjálfstæðismenn hefðu verið í meiri hl. í stj. síldarsölusamlagsins, þá *vil ég vekja athygli á því*, að hv. þm. virðist gera tilraun með þessu frv. til þess, að svo geti ekki orðið framvegis, því að auk þess sem þessir fjórir aðilar, sem tilnefndir eru í frv., eiga að kjósa sinn manninn hver í síldarútvegsnefndina, þá er það tryggt, að hinir þrír í n. verði hreinræktaðir sósialistar, með því að fela Alþýðusambandinu að skipa tvo og sósialistaráðh. að skipa þriðja manninn. Ég held þess vegna, að eftir þeim till., sem hér liggja fyrir, sé gengið svo langt í því að skipa þessa n. pólitiska, að það sé fyrirsjáanlegt, að hún fari með síldarverzlunina út í einkasölu.

**Frsm. (Finnur Jónsson)**: Ég vildi leiðrétta misskilning, sem fram kom í síðustu ræðu hv. þm. Borgf.

Með þeim bráðabirgðal., sem sett voru síðastl. sumar, var allt vald lagt í hendur ríkisstj., en með því frv., sem hér liggur fyrir, er það þvert á móti lagt í hendur útgerðarmannanna sjálfra eða n., sem þeir kjósa. Þetta er höfuðmismunurinn á þessu frv. og bráðabirgðal., og ef hv. þm. Borgf. vill vera á móti einkasölu og treystir ekki ríkisstj. til annars en að lögákveða einkasölu, ef henni býður svo við að horfa, þá á hann að vera með því frv., sem hér liggur fyrir og á móti frv., sem er samhljóða bráðabirgðal.

Í öðru lagi sagði hv. þm., að í sumar hefði verið skipuð n. til þess að hafa eftirlit með síldarsölunni, sem svo hefði ekkert haft með söluna að gera. Þetta er algerlega rangt. N., sem sett var í sumar, var ekki til þess að hafa eftirlit með síldarsölunni, heldur var henni falið að hafa með höndum sölu á allri matjessíld til útlanda, og það var með reglugerð sett sem skilyrði fyrir útflutningi á matjessíld, að öll salan færi fram fyrir milligöngu þessara manna, sem skipaðir voru í n.

Með því, að ég er einn stjórnarnefndarmaðurinn í sölusamlaginu, er mér þetta vel kunnugt, og ég sé ástæðu til að undirstrika það til þess að sýna fram á, hvað lítið vit hv. þm. Borgf. hefir á því, sem hann talar um, þegar hann *segir alveg rangt frá hlutverki þessarar n., sem* þó hefir starfað opinberlega.

**Pétur Ottesen**: Ég vildi aðeins leiðrétta útúrsnúning hv. þm. Ísaf.

Á bak við þá, sem höfðu með síldarsöluna að gera, stóðu síldarútvegsmenn sjálfir, en samkv. þessu frv. á að gera þessa n. pólitíska, í staðinn fyrir, að samkv. bráðabirgðal. var hún byggð upp af síldarútvegsmönnum sjálfum. Þetta er sá reginmunur, sem hér er um að ræða.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég hefi nú e. t. v. nokkra sérstöðu í þessu máli, þannig, að ég er í raun og veru alveg mótfallinn allri slíkri lagasetningu sem þessari. Það má segja, að neyðin reki til þess, að í sumum greinum séu sett slík l., sem ganga í þá átt, að taka fram fyrir hendur manna um sölu á framleiðsluvöru þeirra, en ég get ekki séð, að nokkur ástæða sé til slíks í sambandi við síldarútveginn, og ég vil vekja athygli hv. dm. á því, að hvað snertir aðrar vörur hefir breyt., sem orðið *hefir á síðustu árum, farið í þá átt*, að réttlæta það meira, að slíkar þvingunarráðstafanir væru gerðar um sölu afurða, en hvað síldina snertir er það alveg gagnstætt. Áður var það svo, að markaður fyrir verkaða síld var mjög þröngur, aðallega í Svíþjóð. Það var að vísu selt meira og minna til Eystrasaltslandanna, en nú er sá markaður lokaður. En nú á síðustu árum hefir það breytzt þannig, að stórir markaðir hafa opnazt í Mið-Evrópu, í Þýzkalandi og Póllandi *sérstaklega, og enginn vafi er á*, að við þann markað eru miklir framtíðarmöguleikar bundnir og líkur til, að sala til þessara landa fari vaxandi, og þar af leiðandi því síður ástæða til að setja slíka löggjöf sem þessa að því er síldina snertir.

Ég minnist þess, að hv. frsm., form. sjútvn., vakti athygli á því við fyrstu umr. þessa máls, að svipaðar ráðstafanir mundi vera í ráði að gera í Bretlandi. Mætti af því sjá, hvað mikil nauðsyn væri að gera *slíkar ráðstafanir hvar* sem væri um sölu síldar. En eftir því sem ég veit bezt, er allt öðru máli að gegna um brezku síld-

veiðarnar heldur en þær íslenzku, að því leyti, að mér skilst, að markaðurinn fyrir brezku síldina sé að þrengjast, og ég hygg, að það stafi m. a. af því, að ísl. markaðurinn er að víkka. Það er að segja, að ísl. síldin, sem boðin mun vera fram fyrir lægra verð heldur en krafizt hefir verið fyrir hina brezku, er af eðlilegum ástæðum að útrýma brezku síldinni af markaðinum. Þetta gerir verulegan mun á aðstöðunni. Í annan stað hygg ég líka, að síldveiðarnar við Bretland séu reknar á allt annan hátt heldur en síldveiðarnar hér við Ísland. Ég held, að þar sé aðallega stunduð reknetaveiði, og hún krefur hærra verðs. Hér er síldveiðin aðallega stunduð með snurpinótum og veitt jöfnum höndum til verkunar og bræðslu. Það er atriði, sem breytzt hefir mjög á síðustu árum og gerir það að verkum ásamt öðru, að minni ástæða er til slíkra ráðstafana sem hér er um að ræða heldur en áður var. Nú er svo komið, að því hefir a. m. k. verið haldið fram hér af stjórnarflokkunum, að möguleikarnir til að koma síldinni í verð með því að bræða hana séu orðnir svo miklir, að það sé jafnvel ástæða til að leggja bann við því, að þeir möguleikar verði auknir, þ. e. a. s. banna, að fleiri síldarbræðsluverksmiðjur verði reistar heldur en þegar hafa verið byggðar og ráðstafanir hafa verið gerðar til, að byggðar verði. Áður var eini möguleikinn til að koma síldinni í verð, sá, að verka hana til útflutnings, og þar sem um svo tiltölulega mikla veiði var að ræða sem hér hefir verið, meðfram vegna þess, hvernig veiðarnar eru reknar, þá var bersýnilegt, að með þeim markaði, sem þá var, var mikil ástæða til þess að leggja hömlur á framboðið. Hinsvegar er svo komið nú, að útgerðarmenn geta komið allri þeirri síld í verð, sem þeir veiða, ýmist með því að verka hana til útflutnings eða láta hana í bræðslu.

Nú er það að vísu svo, að það er sagt, að það borgi sig verr að veiða síld til bræðslu heldur en til verkunar, eins og rétt er, þar sem verðið fyrir bræðslusíldina er lægra. En hinsvegar er þess að gæta, að veiðar til bræðslu bera sig betur en ella, vegna þess, að hægt er að veiða miklu meira, ef haft er eingöngu fyrir augum að veiða í bræðslu. Þess vegna hygg ég, og það er reynsla fyrir því, að meiri hl. veiðiflotans geti stundað síldveiðar með það eitt fyrir augum, að selja síldina til bræðslu. Það á sérstaklega við um hin stærri skip, a. m. k. togarana, sem geta veitt svo mikið í hverri veiðiför, að það borgar sig að selja síldina í bræðslu, þótt verðið sé lægra.

Þetta til samans gerir það að verkum, að ég verð að líta svo á, að ástæðan til þess að setja slíka þvingunarlöggjöf sem hér er um að ræða, um sölu þessarar framleiðsluvöru, séu ekki fyrir hendi; það sé ekki þörf á henni, það sé hægt með frjálsri sölu að koma í verð allri þeirri síld, sem veiðist hér við land.

Svo er fleira, sem gæta verður að í þessu sambandi, m. a. það, að þannig er háttað um fjáröflun til þessa atvinnurekstrar, að það er svo að segja ekki um önnur úrræði fyrir útgerðarmenn að ræða, til þess að geta stundað þessa veiði, heldur en að semja við kaupendurna um að fá nokkurn hluta af andvirði þeirrar síldar, sem þeir gera ráð fyrir að selja þeim, greiddan fyrirfram. Það hefir mikið verið prédikað um leppmennsku hér á Alþ. í sambandi við þessa söluaðferð, en þær prédikanir eru byggðar á hreinum hugsunarvillum. Það er algerlega óréttmætt að kalla það leppmennsku, þó menn semji fyrirfram um sölu á vöru, sem þeir væntanlega framleiða, og síldarsalan fer einmitt að miklu leyti þannig fram. Sú raunverulega leppmennska, sem áður gerði vart við sig, en nú er að mestu leyti úr sögunni, var þannig, að ísl. menn tóku að sér að annast útgerð erlendra skipa. Sá möguleiki er ekki lengur fyrir hendi, og þess vegna þarf ekki að setja neina löggjöf með það fyrir augum, að fyrirbyggja leppmennsku. Sú viðskiptaaðferð, að semja fyrirfram um söluna, er fyllilega réttmæt, enda hygg ég, að hún hafi tíðkazt á öðrum sviðum, þar sem miklu minni ástæða er til. Ég sé sannast að segja ekki, hvernig farið yrði að halda síldarútgerðinni nokkurnveginn í horfinu, ef útgerðarmenn væru algerlega sviptir möguleikanum til þess að selja fyrirfram og fá þannig fé til atvinnurekstrarins, án þess að gera um leið ráðstafanir til þess, að þeir gætu fengið lánsfé innanlands í staðinn. Því eins og nú er mun mjög miklum erfiðleikum bundið fyrir síldarútvegsmenn að afla sér rekstrarfjár innanlands.

Það er að vísu rétt, að alltaf eru svo og svo margir útgerðarmenn, sem krefjast lagasetningar í þá átt, sem hér er farið fram á, lagasetningar um hömlur á verzluninni með útflutningssíld. Nú er það alveg augljóst, að til þess að tryggja fullkomlega sölu á verkaðri síld, er algerlega nægilegt að heimila með l. að takmarka leyfi útgerðarmanna til þess að verka síld til útflutnings. Því vitanlega er það ekkert annað, sem getur gert það að verkum, að framboðið af síld verði of mikið og verðið falli af þeirri ástæðu, heldur en að of mikið sé framleitt. Ég er nú þeirrar skoðunar, að engin ástæða sé til að óttast neitt slíkt, af þeim ástæðum, sem ég hefi greint, en hinsvegar tel ég þó, að það væri miklu nær að ganga inn á samninga um, að slík heimild væri lögleidd, til takmörkunar á síldarsöltun. Það hefði þá þær afleiðingar, að menn yrðu tilneyddir að selja meira af síldinni í bræðslu, en ég er sannfærður um, að undir frjálsum kringumstæðum mundi þetta koma alveg af sjálfu sér. Útgerðarmennirnir mundu reikna út fyrirfram, hvað mikið þeim væri óhætt að verka, og hvað mikið þeir þyrftu að láta í bræðslu. En sem sagt, til þess að friða þá menn, sem eru svo hjartveikir, að þeir eru alltaf hræddir um að brenna inni með síld, vegna þess, að of mikið sé saltað, mætti ganga inn á að veita heimild til að takmarka söltunarleyfi. Aftur á móti er það fyrirkomulag, sem hér er farið fram á, að koma síldarsölunni algerlega á eina hendi, í sjálfu sér beinlínis hættulegt fyrir viðskiptalífið, og það er jafnvel viðurkennt af sósíalistum, sem annars játa þá trú, að ríkisrekstur sé æskilegur á öllum sviðum. Þeir játa það með því í þessu tilfelli, að þeir reyna að fela það, að það, sem í raun og veru er verið að undirbúa með þessari löggjöf, er að

koma á algerðri einkasölu. Eins og ég benti á um daginn við umr. um fiskimálanefnd, fara þessi frv. bæði, sem eru því nær samhljóða, fram á algerða einkasölu frá upphafi. Því valda ákvæði 5. gr., sem leggja svo miklar hömlur á viðskipti þeirra einstaklinga, sem ráðgert er, að löggiltir verði sem útflytjendur, að þeir geta í raun og veru ekkert aðhafzt, nema fá til þess samþykki þeirrar n., sem til þess á að vera skipuð af ríkisstj. að sjá um síldarsöluna. Þeir mega ekki bjóða síldina út fyrir neitt annað verð heldur en það, sem samþ. er af n., og þó verðið sé samþ. verða þeir að fá samþykki fyrir verkun, útflutningsstað og útflutningstíma síldarinnar. Þetta er ekkert annað en sérstakt form á ríkiseinkasölu, sem ekki þarf að láta sér koma til hugar, að nokkur maður, sem kynnist löggjöfinni, láti villa sig á, hvað í sér felur. Hver maður, sem skipti á við útflytjendur síldar og fiskjar, hlýtur að verða var við, að þeir geta ekkert aðhafzt, nema fá til þess leyfi hinnar ríkisskipuðu n., og komast að þeirri niðurstöðu, að þetta sé hrein einkasala. Nú er það trú manna, jafnvel sósíalista sjálfra, að það muni hafa ill áhrif á sölu afurðanna, ef kaupendurnir sannfærast um, að um einkasölu sé að ræða. Sósíalistar eru svo hræddir við þetta, að þeir reyna að fela einkasöluna með lagaflækjum. Það er játningin fyrir því, að lagasetning sem þessi geti verið hættuleg fyrir þá atvinnuvegi, sem gefið er í skyn, að hún eigi að bjarga. Sú er líka reynslan af einkasölum. Þarf ekki að vitna til annars en síldareinkasölunnar, sem hér var á árunum. Hún reyndist þannig, að söluerfiðleikarnir fóru sívaxandi ár frá ári, þangað til einkasalan varð að gefast upp við að koma síldinni út fyrir nokkurt verð. Þannig fer, hvaða form sem haft er á einkasölunni. Það er um einkasölu að ræða jafnt fyrir því, þó hún sé undir því yfirskyni, að einstaklingarnir eigi að annast um útflutninginn og koma sér saman um hann á þann hátt, sem gert var með matjessíldarsamlaginu á síðastl. sumri. Framleiðendurnir hafa engin ráð yfir framleiðslunni, kaupendurnir komast á snoðir um, hvernig allt er rigbundið og gera engan mun á því og hreinni einkasölu. Auk þess vill það nú brenna við, að þessar n., sem umráð fá yfir útflutningi afurðanna, geri sér svo mikinn mannamun í þessum viðskiptum, að það fæli menn frá viðskiptunum og minnki þannig sölumöguleikana. Ég hefi heyrt um það talað í sambandi við sölu matjessíldarinnar til Þýzkalands og Póllands í sumar, að það hafi verið töluverður munur á því, hvernig einstökum kaupendum gekk að fá samninga við sölunefndina. Ég hefi beinlínis orðið var við verulegar umkvartanir yfir því, að sumir síldarkaupendurnir hafi átt mjög erfitt uppdráttar í þessum viðskiptum, og a. m. k. skildu það svo eða fengu þá tilfinningu af samtölum sínum og samningaumleitunum við matjessíldarsamlagsstj., að þeir væru þar ekki vel séðir, og að sú ágæta stj. vildi helzt ekkert við þá skipta. Ég skal ekkert um það segja, hvort þetta hefir verið misskilningur hjá þessum mönnum, en hitt er áreiðanlegt, að þeim fannst þetta. Þeir skildu undirtektir sölunefndarinnar undir viðskiptaumleitanir þeirra þannig, að hún kysi heldur að eiga skipti við einhverja aðra en þá. Það kann að vera, að þetta hafi verið misskilningur, að samningarnir gangi svona erfiðlega hver sem í hlut á, þegar skipta þarf við svona nefndir. Það getur verið vel skiljanlegt, því oft atvikast það svo, að í þessar n. eru settir, og jafnvel hafa þar mestu völdin, menn, sem eru slíkum viðskiptum tiltölulega óvanir. Þegar þeir svo allt í einu eiga að taka ákvarðanir um stórfellda sölu, koma á þá vöflur; þeir eru orðnir flæktir í allskonar reglum og formsatriðum, sem þeir þurfa að uppfylla, en einstaklingar, vanir þessum viðskiptum, flækja sig ekki í. Þeir eru bundnir af fyrirkomulagi síns félagsskapar, fyrirmælum stj. o. fl., og þora svo ekki að taka ákvarðanir, þegar til þeirra er leitað um viðskipti, og það verður til þess, að þeim, sem viðskiptanna æskja, finnst þetta vera allt öðruvísi en á að vera og þeir eiga að venjast, og skilja það e. t. v. þannig, að ómögulegt sé, að þetta sé hin eina viðskiptaaðferð, sem allir sæta, heldur sé þetta eitthvað sérstakt, sem aðeins þeir séu látnir sæta.

Ég segi, að það kann að vera af einhverjum slíkum misskilningi, að síldarkaupendum á síðastl. sumri fannst í viðskiptum sínum við stj. matjessíldarsamlagsins, að þeir vera ekki vel séðir. Ég mun fremur geta þess til heldur en, að virkilega hafi þetta verið svona. En það kemur alveg í sama stað niður, hvort heldur sem verið hefir. Ef menn, sem leita eftir samningum um kaup á vöru, af einhverjum ástæðum fá þann skilning, að það sé ekki óskað eftir viðskiptum við þá, þá hverfa þeir frá og leita eftir viðskiptum annarsstaðar, og sala afurðanna hlýtur að fara minnkandi eftir því, sem lengra líður.

Það var nú svo, þegar útgerðarmenn komu sér saman um stofnun matjessíldarsamlagsins, að margir af þeim, sem þar voru við riðnir, gerðu sér miklar vonir um árangur. En svo leið og beið, menn fiskuðu síldina og fóru að fá reynslu af þessu skipulagi. Og ég get alveg fullyrt það, að ánægjan með þetta fyrirkomulag fór fljótt minnkandi. Að lokum fór svo, að sömu aðilar, sem samþ. stofnun matjessíldarsamlagsins í sumar, felldu í lok vertíðarinnar að halda því áfram. Hygg ég, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé meðfram fram komið vegna þess, að svona fór. Ég er því ekki kunnugur, hvað sérstaklega kann að hafa valdið því, hvað vinsældir þessa fyrirkomulags fóru fljótt þverrandi. Ég hefi að vísu heyrt ýmsar sögur um það, sem ég hirði ekki um að gera grein fyrir hér og ég þori ekki að fullyrða um, á hvaða rökum eru byggðar. En um hitt get ég ekki verið í neinum vafa, að það getur verið mjög varhugavert fyrir heildina að skapa einstökum mönnum, sem stunda sama atvinnurekstur og þeir menn, sem þeir eiga að vinna fyrir, en ekki fá nein völd um framkvæmdir, þá aðstöðu, að þeir geti haft tækifæri til að skara sérstaklega eld að sinni köku. Menn höfðu það mjög á tilfinningunni, að svo væri ástatt um stj. sölusamlagsins, að þar hefðu einstakir menn sérstaka aðstöðu til þess að komast betur frá sölu sinna eigin afurða

heldur en þeir, sem voru utan stjórnarhringsins. Og þegar svo atvikast, að í slíka stj. eru settir menn, sem hafa misjafnlega mikið traust alls almennings, er ákaflega hætt við, að allskonar sögur myndist um það, hvernig þeir nota aðstöðu sína, og að óánægja fari vaxandi. Hvað sem um þetta er, þá er það staðreynd, að svona fór með matjessíldarsamlagið, sem stofnað var eftir óskum yfirgnæfandi meiri hl. þeirra manna, sem þátt tóku í því, að eftir vertíðina var meiri hl. kominn hinum megin.

Af þessum ástæðum er ég á móti öllum hömlum í þá átt, að leggja hömlur á einstaklinga, sem þennan atvinnurekstur stunda, hömlur, sem draga úr þeirra frjálsræði til þess sjálfir að mega sjá sínum atvinnurekstri borgið. Og ég skal að lokum sérstaklega leggja áherzlu á það aftur, sem ég sagði í upphafi, að um afkomu þessa atvinnurekstrar gegnir í raun og veru talsvert öðru máli heldur en um margan annan atvinnurekstur í landinu nú, eins og ég hefi bent á. Ég hygg, að ekki verði því mótmælt, að um þennan atvinnurekstur er þveröfugt að segja við það, sem um margan annan atvinnurekstur má segja, sem sé það, að markaður er að vaxa fyrir þessar afurðir, og möguleikarnir til þess að koma þessum afurðum í verð eru miklu meiri en um margar aðrar afurðir okkar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Ólafur Thors:** Það er nú áliðið nætur og margir hv. þm. fjarverandi. Stj. hefir hinsvegar safnað saman liði sínu til þess að skera niður umr. Láti nú hæstv. forseti ganga til atkv., beini ég til hans þeirri áskorun, að hann fylgi þeirri reglu framvegis á þingi, að láta atkvgr. fara fram um mál jafnóðum og umr. þeirra er lokið.

**Forseti (JörB):** Ég get ekki sakað mig um það, að ég hafi ekki hvatt hv. þm. til þess að vera viðstadda á fundum. Hinsvegar hefi ég tekið tillit til óska hv. þm., án tillits til flokkaskiptinga, um það að fresta atkvgr., — en þess konar getur náttúrlega gengið í það óendanlega. Þar sem nú er 2. umr. um þetta mál og engin brtt. liggur fyrir frá 2. umr., því að brtt., sem síðast kom fram um málið, kom eftir að búið var að ljúka umr., svo að hún verður tekin fyrir fyrst við 3. umr. (**JakM:** Það mun rétt vera), ætla ég, að ekki þurfi að koma að sök, þótt atkvgr. fari fram nú um frv.

Hinsvegar vil ég geta þess, að ég mun taka upp þá reglu, nema alveg sérstaklega standi á, þegar atkvgr. er frestað frá deginum áður, að ganga til atkv. um það mál í byrjun fundar næsta dag á eftir, nema sérstaklega standi á eins og þegar um sjúkdómstilfelli þm. er að ræða, til þess að ekki dragist úr hófi fram afgreiðsla mála. Vil ég mega vænta þess, að menn að þessu sinni sætti sig við þessi málalok nú. (**PO:** Því var þá ekki gengið til atkv. um þetta fyrst í dag?). Þá vantaði líka marga hv. þm. (**ÓTh:** Það er rétt hjá hæstv. forseta, að þetta skiptir ekki máli, vegna þess að þetta er 2. umr.).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:9 atkv.
2.—13. gr. samþ. með 17:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:9 atkv.

---

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 11. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Ég hefi, eins og áður, ekki getað fylgt þessu frv. óbreyttu, og hefi ég þess vegna komið með brtt. við það, sem aðallega miðar að því, að fella burt einkasöluheimildina. Síðan fyrsta umr. fór fram um þetta mál hefi ég gert mér far um að eiga tal við síldarútvegsmenn og þá, sem kunnugir eru þessum atvinnuvegi, til þess að kynnast skoðunum þeirra um málið, og sérstaklega, hvort þeir álitu nauðsynlegt að breyta löggjöfinni um þessi mál nú á þessu þingi og hvort þeir álitu ekki, að þau bráðabirgðal., sem gefin voru út í sumar til stuðnings matjessíldarsamlaginu, gætu nægt í bili.

Stjórnendur matjessíldarsamlagsins bera fram sem forsendur í þessu máli, að þeir áliti, af fenginni reynslu, að þau samtök dugi ekki, og þess vegna álita þeir, að hér verði að herða betur á stj. þessara mála. En þeir, sem eru mjög kunnugir þessum málum, og sumir þeirra eru gamlir og reyndir útgerðarmenn norðlenzkir, hafa látið svo um mælt við mig, að í raun og veru sé engin reynsla fengin á starfsemi matjessíldarsamlagsins, því að árið í ár hafi verið svo afkastalítið hvað þessa vöru snertir, að þeir gætu eiginlega ekki sagt, að full reynsla væri fengin á því, hvort matjessíldarsamlagið kæmi að fullum notum eða ekki, því að saltað hefði verið svo lítið af þessari síld og tiltölulega vandalítið að losna við hana á síðasta sumri.

Eins og ég tók fram við 1. umr. málsins, stendur hér talsvert öðruvísi á heldur en t. d. um saltfiskverzlunina. En þó er það sýnt, að þau tvö frv., sem borin hafa verið hér fram um þessi mál, frv. um fiskimálanefnd og frv., sem hér liggur fyrir, þessi tvö frv. eru sniðin hvort eftir öðru og virðast vera útbúin að miklu leyti af hinum sömu mönnum.

Í frv. er talað um, að síldarútvegsn. eigi að löggilda síldarútflytjendur, og ennfremur er gert ráð fyrir, að eitt allsherjarsamlag geti fengið nokkurskonar einkarétt á því að flytja út síld, eftir að slíkt samlag hefir fengið visst ákveðið magn af síldinni til umráða. Þá er ennfremur í þessu frv., eins og í hinu frv., um saltfiskverzlunina, látið í veðri vaka, að einkasala verði sett á stofn, til þess að hægt sé að halda síldinni allri á einni hendi.

Skal ég þá koma að hinum sérstöku brtt., sem ég flyt við frv. Skal ég játa, að ég hefi hvorki haft tíma til né hirt um að eltast við hverja gr. frv., sem ég efast þó ekki um, að hægt hefði verið að lagfæra á ýmsan hátt. En á þessu stigi málsins álít ég það skipta mestu, ef hægt er að færa í betra horf heimildaratriði frv.

Í 3. gr. frv. er talað um saltaða síld eða verkaða á annan hátt, sem veidd er af ísl. skipi í ísl. landhelgi, eða verkuð hér á landi o. s. frv. En í þessari gr. er líka talað um ísaða síld og gert ráð fyrir, að n. geti veitt undanþágu um sölu hennar. Mér virðist ísaða síldin vera þessu máli alveg óviðkomandi, og ég legg til í brtt. minni, að orð frv. um ísuðu síldina verði felld burt, og henni þannig kippt undan afskiptum síldarútvegsn.

Ég minntist áðan á þann félagsskap, sem frv. gerir ráð fyrir, að eigi að hafa 80% af allri síldarframleiðslu landsmanna, til þess að fela megi honum alla verzlun með síldina. Þessi gr. er, að því er síldina snertir, alveg eins á sinn hátt og ákvæði eru í frv. um fiskimálan., sem ég hefi lagt til, að felld yrðu niður, og hefi ég einnig lagt til, að þessi gr. félli niður. Ég hefi lagt til, að þau skipulagsákvæði falli burt, að slíkur félagsskapur skuli annaðhvort vera samvinnufélag eða starfa eftir ákvæðum frvgr. Ég er þeirrar skoðunar, að ef þessir menn, sem standa að 80% af framleiðslunni á þessu sviði, á annað borð vilja vera í félagsskap og vinna saman, þá eigi þeir sjálfir að ráða því, hvernig þeir skipuleggja sinn félagsskap og að það sé óþörf íhlutun af hæstv. Alþ., að gefa þar nokkur ákvæði um. Auðvitað má skipuleggja félagsskap á fjölda margan hátt, og ég sé ekki, að ákvæði þau, sem hér eru nefnd, séu til nokkurra muna betri en ýmsar þær reglur og l., sem einstakar samlagssölur hafa sett sér. Vitanlega er það rétt, að svona félagsskapur á að vera opinn fyrir öllum síldarframleiðendum, svo að þeir geti allir átt þar aðgang. Því ákvæði gr. vil ég halda.

Við 5. gr. vil ég gera orðabreyt., þannig að í staðinn fyrir, að í upphafi gr. er það tekið fram, að þeir, sem samkv. 4. og 5. gr. fá löggildingu sem útflytjendur, komi, að þeir, sem samkv. 4. gr. fá löggildingu sem útflytjendur. Ég sé ekki annað en að hér sé um meinloku að ræða í orðalagi frv., því að það er búið að taka fram í 4. gr., hverjir fái slíka löggildingu, og í 5. gr. er engum nýjum bætt við í því tilliti. Í 5. gr. er aðeins talað um, að þeir, sem fá löggildingu n. sem útflytjendur, verði að hlíta fyrirmælum hennar um ýmsa hluti og að öðru leyti, hvað með reglugerð megi ákveða.

Síðasta brtt. mín er við 11. gr. frv., sem felur í sér einkasöluheimildina. Hér legg ég til, eins og ég lagði til viðvíkjandi frv. um fiskimálan., að heimildarákvæðið um að stj. geti tekið þessa framleiðslu í einkasölu, falli niður. Ég fæ ekki betur séð en að þótt þessi heimild sé felld niður úr frv., þá sé samt nægilega mikið vald skilið eftir í höndum stj. og síldarútvegsn. til þess að láta framleiðendur hafa nægilegt aðhald, svo að þeir fáist til þess að vera í félagsskap um söluna. Heimildin til einkasölu gæti orðið til þess, ef misklið yrði á milli manna um útflutninginn, að þá yrði horfið að ríkiseinkasölu á síldinni. Við höfum svo sorglega reynslu í þeim efnum, að ég get ekki skilið, að það sé eftirsóknarvert að fara út í einkasölu á ný. Hinsvegar er rétt, að settar séu reglur til þess að fá menn til að standa saman í síldarútflutningnum. Reynslan hefir sýnt, að það er erfiðara að fá menn til að standa saman í síldarútveginum heldur en í annari fiskframleiðslu landsmanna. Um það ræddi ég við 1. umr. og skal ekki endurtaka það hér.

Eins og ég hefi sagt, eru það ýmsir merkir menn, sem ég hefi átt tal við, sem álíta, að hættulaust sé að reyna matjessíldarsamlagið eitt ár enn, og vita, hvort það fullnægir ekki tilgangi þeirra manna, sem vilja koma síldarútgerðinni í það horf, að umboðssala og annað það, sem til niðurdreps er fyrir útveginn, hætti. Síðan þetta mál var til 1. umr. hefir ýmsum hv. þm. borizt skeyti frá síldarsaltendum á Siglufirði, og er það svohljóðandi: „Vér undirritaðir síldarsaltendur á Siglufirði skorum hér með á hið háa Alþingi að fella frumvarp það um síldarútvegsnefnd, er fyrir þinginu liggur, þingmál 161, sem felur í sér einkasölu á síld, og er það eindreginn vilji vor, að verzlun, framleiðsla og útflutningur á síld og kryddsíld verði hverjum íslenzkum borgara algerlega frjáls. Viljum vér rökstyðja þessa áskorun vora í stuttu máli með eftirfarandi:

1. Nú er svo komið, að 6 erlendar þjóðir stunda síldveiðar hér við land á meira en tvöfalt fleiri skipum en við Íslendingar, og er því aðstaðan miklu verri nú en þegar síldareinkasalan var stofnuð 1928.

2. Samþykkt ofannefnds frumvarps myndi örva þessa þátttöku útlendinga í veiðinni utan landhelgi.

3. Síldarframleiðsla Íslendinga yrði einskonar varabirgðir, sem aðeins yrðu keyptar, ef útlendingar utan landhelgi veiddu of lítið til þess að fullnægja markaðinum.

4. Lánstraust síldarsaltenda fyrir tunnur og salt myndi hverfa og ríkissjóður neyddist til að taka á sig áhættuna við að ábyrgjast innkaup á þessu.

5. Jafnframt því, sem framleiðslan hlyti að minnka við einkasölu, yrði afleiðingin tilfinnanlegur atvinnumissir fyrir almenning. Síldarútvegurinn hefir gengið sæmilega síðan síldareinkasalan hætti 1931, og engin ástæða til að hætta þessum atvinnuvegi aftur inn á einkasölubrautina, sem reynslan er búin að sýna, að hafði milljónatöp í för með sér fyrir ríkissjóð og landsmenn. Hér fara á eftir undirskriftir vorar ásamt tilgreindri tunnutölu framleiðslu hvers einstaks 1934: Ásgeir Bjarnason 3070 tunnur, Halldór Guðmundsson 9500 tunnur, Ragnarsbræður Ólafur Ragnars 13000 tunnur, Guðm. Hafliðason 1980 tunnur, O. Tynes 9400 tunnur, Helgi Hafliðason 1950 tunnur, Samúel Ólafsson 1950 tunnur, Friðrik Guðjónsson 6700 tunnur, Olaf Henriksen 4300 tunnur, Þorst. Pétursson 1400 tunnur, Sveinn Guðmundsson 6000 tunnur, Pétur Bóasson 4000 tunnur, E. Malmquist 2700 tunnur".

Ég hefi álitið rétt að lesa upp þau mótmæli,

sem þessir menn hafa sent Alþ. Það er alls enginn efi á því, að þessir menn hafa hagsmuna að gæta, og er eðlilegt, að þeir vilji láta álit sitt uppi, þegar taka á málið þeim tökum, sem hér er ráðgert í frv. Það, sem þessir menn byrja á að krefjast, er, að framleiðslan verði hverjum ísl. borgara frjáls og útflutningur á saltsíld sé frjáls. Þetta er í samræmi við skoðun þeirra manna, sem vilja halda matjessíldarsamlaginu og hafa það þannig, að framleiðsla og sala sé innan sérstakra vébanda, en láta framleiðslu og sölu á kryddsíld og saltsíld vera frjálsa. Ég hygg, að hv. frsm. þessa máls hafi lýst því við 1. umr., að þessi skoðun hafi komið fram á fundi matjessíldarsamlagsins fyrir nokkru á þann veg, að helmingur félagsmanna vill halda áfram samlaginu í sama horfi og síðastl. sumar, og þessi helmingur vill hafa kryddsíld og saltsíld út af fyrir sig. Ég tel rétt að benda á þann rökstuðning, sem þessir menn færa fyrir máli sínu. Þeir benda á það, að sex erlendar þjóðir stunda síldveiðar hér við land, og þær ráða yfir tvöfalt meiri skipakosti en Íslendingar til síldveiða. Þeir fullyrða, að aðstaða Íslendinga sé nú verri en þegar síldareinkasalan var stofnuð 1928. M. ö. o. hefir samkeppni útlendinga aukizt síðan 1928. Við þetta get ég bætt, að mér er kunnugt um, að samkeppnin muni magnast ennþá meir. Þeim þjóðum fer ekki fækkandi, sem draga sig eftir veiðinni utan landhelgi, þeir hafa „móðurskip" og salta í þau. Ég held, að mennirnir fyrir norðan hafi lög að mæla í þessum efnum, og ekkert útlit sé fyrir það, að samkeppnin minnki.

Svo halda þeir því fram, að samþykkt þessa frv. muni örva þátttöku útlendinga í veiðinni utan landhelgi. Það yrði þá sennilega einkasöluheimildin í frv., sem gerði það að verkum, vegna þess, að það er alkunnugt í nágrannalöndunum, að einkasalan, sem við höfðum, var okkur til stórtjóns. Þessi heimild yrði líklega til þess að ýta undir útlendinga til þess að koma og setjast að krásinni, þegar við sjálfir værum að spila þessu úr höndum okkar. Það er þess vegna mjög athugunarvert, hvort ganga á svo langt að samþ. einkasöluheimildina.

Þá halda Norðlendingarnir því fram, að síldarbirgðir okkar yrðu varabirgðir handa útlendingum. Þetta er ekki ólíklegt. Vitaskuld kaupa þeir og nota fyrst þá síld, sem veidd er á þeirra eigin skipum, og þeir kaupa því aðeins af okkur Íslendingum, að þeir afli ekki nóg á sín eigin skip. En ég býst við, að þessi röksemd komi til greina, hvort sem frv. verður samþ. eða ekki, úr því að útlendingar eru komnir inn á þessa braut, að veiða síld hér við land til eigin afnota. Í fjórða lagi halda þessir menn því fram, að lánstraust síldarsaltenda fyrir tunnur og salt muni hverfa og ríkissjóður neyðast til að taka áhættuna á sig við að ábyrgjast innkaup á þessu. Þetta á við lánstraust þeirra, sem í útlöndum fá lánaðar tunnur og salt. Það er hætt við, að sú verði raunin á, þegar útlendingar, sem lána tunnur og salt, verða sér þess meðvitandi, að viðskiptavinir þeirra eru ekki sjálfráðir að ráðstafa framleiðslu sinni. Það leiðir af sjálfu sér, að það er ekki fjarri sanni að ætla, að síldarsaltendur og framleiðendur yrðu að leita á einhverra annara náðir til þess að fá nauðsynlegt fé til framleiðslu sinnar. Nú er ekki gert ráð fyrir því, að síldarútvegsmenn hafi fé til umráða, og nægilegar yfirlýsingar eru fyrir hendi um neitanir bankanna, og er þá ekki ólíklegt, að horfið verði að því ráði, að leita til ríkissjóðs. En hver stj., sem situr að völdum, verður víst treg til afskipta, en hinu verður ekki neitað, að líklegt er, að sá aðgangur, sem menn hafa haft til að fá tunnur og salt að láni, lokist um leið og lögfest er, að einstakir síldarútvegsmenn ráði ekki yfir vöru sinni. Það gæti verið, að síldarútvegsnefnd ætti að vera milligöngumaður milli þeirra og lánardrottna, en frv. segir ekki neitt um það. Í frv. er ekki gert ráð fyrir öðru en því, hvernig ráðstafa skuli fullsaltaðri vörunni.

Í fimmta lagi halda þeir því fram, að framleiðslan muni minnka, og að atvinnan muni fara versnandi fyrir almenning. Ég skal nú ekki neitt um það segja, hvort þetta er rétt, því ég þori ekki að leggja dóm á það. En það er svo skýrt í skeytinu, að þeir vara við því að hætta þessum atvinnuvegi inn á einkasölubrautina, og býst ég við, að margir hv. dm. taki undir það með þeim. Nú kann einhver að segja, að það séu ekki útgerðarmenn, sem leggja þetta til. Ég býst við, að þessir menn séu ekki allir útgerðarmenn. (FJ: Hvað margir?). Ég skal játa, að ég veit ekki, hve margir þeirra eru útgerðarmenn. En hvort sem þeir eru margir eða fáir, þá eru þetta þó menn, sem árum saman hafa starfað við þennan atvinnuveg og telja rétt að láta uppi álit sitt við hv. Alþ., og er það okkar skylda að hlusta á rök þeirra og taka svo mikið tillit til þeirra, sem við treystum okkur til vegna þessa atvinnuvegar. Hinsvegar er það víst, að til eru menn í þessum hóp, sem eru áreiðanlega útgerðarmenn, og þeir halda því fram, að ekki sé aðkallandi nauðsyn að breyta til, og megi enn notast við matjessíldarsamlagið. En hæstv. stj. og þeir, sem að frv. þessu standa, eru annarar skoðunar og vilja hafa fastbundið skipulag, eins og segir í frv. Ég vil nú ekki gera mig að dómara í því efni. Það getur vel verið, að þörf sé á að bæta skipulagið. En það er engin knýjandi nauðsyn að stefna inn á einkasölubrautina. Það er mín aðaltill. í þessu máli, að þingið láti væntanlegt síldarsölusamlag byggja sig upp eins og meðlimirnir vilja og að þingið samþ. ekki frv., þar sem í eru þau ákvæði, sem geta valdið því, að aftur verði tekin upp einkasala á síld. Þar sem þess er gætt, að þetta hefir verið reynt, og að til eru gætnir síldarútvegsmenn, sem segja, að engin ástæða sé til að breyta matjessíldarsamlaginu í bili, þá er það fullvíst, að þeim mun minni ástæða er til að lögfesta ákvæði um einkasölu á síld. Önnur ákvæði frv. um síldarútflutning eru svo rík, að ótrúlegt er, að það geti sakað, þó sú aðferð væri reynd í sumar, að bæta matjessíldarsamlagið, svo að það nái yfir alla síld, og láta svo síldarútvegsnefndina veita veiðileyfi, verkunarleyfi og löggilda útflytjendur, án þess að farið sé inn á einkasölubrautina. Ég skal taka það fram, að ég get ekki fylgt svo róttækri tilraun til þess að

reka menn saman, að ég geti greitt atkv. með því að taka upp einkasölu, enda er það alveg óþarft.

Hér liggja fyrir aðrar brtt. en þær, sem ég flutti. Ég sé, að hv. þm. Ísaf. leggur til, að fyrir 80% komi 75%, og hefi ég ekkert við það að athuga. Þá flytur hv. þm. Borgf. brtt. um það, að öðruvísi verði skipað í síldarútvegsnefnd, svo að réttur einstakra landshluta verði betur tryggður. Eins og gr. er orðuð í frv. er hún óviðkunnanleg að því er snertir Sunnlendinga, og álít ég, að brtt. sé til bóta. Frá hv. 6. landsk. er brtt. um það, að Austfirðingar skipi sérstakan fulltrúa í síldarútvegsnefndina, og er þetta sjálfsagt rétt líka.

Þetta mál er svipað að byggingu og frv. um fiskimálanefnd, en hinsvegar eru hér ástæður aðrar og meiri þörf til þess að halda saman á þennan hátt í síldarútveginum. Ég álít, að það eigi að líta á þá þörf, en taka líka til íhugunar mótmæli þau, sem komið hafa fram við 1. umr. og forðast að stofna síldarútveginum aftur út í þau vandræði, sem yfir dundu, þegar gengið var inn á þá óhappabraut að lögleiða einkasölu á síld. Það eru mikil vandræði, sem steðja að síldarútveginum af samkeppninni við útlönd, og öll bygging á þeim félagsskap, sem hefir söluna á hendi, verður að miðast við það, að slíkt fél. eigi sem auðveldast með að keppa á útlendum markaði. En þeir, sem við eigum þar við að keppa, eru vanalega landsmenn sjálfir. Í Svíþjóð leggja t. d. Svíar sjálfir upp talsvert af síld, og í Þýzkalandi verðum við að keppa við Þjóðverja sjálfa á markaðinum. Síðastl. sumar sendu þeir móðurskip hingað til Íslands (FJ: Var þá einkasala á Íslandi?), og gera sennilega meira að því næsta sumar, því ég trúi, að sá leiðangur hafi heppnazt vel.

Af þessum sökum er nauðsynlegt, að sem bezt stj. sé á síldarútvegi og síldarverzlun okkar Íslendinga, og að það verði lagað eftir markaðsmöguleikum á hverjum tíma og öðrum aðstæðum. Ef í síldarútvegsn. veljast hæfir menn og séð verður fyrir sölu síldarinnar á sem beztan hátt, er engin þörf fyrir einkasöluheimild.

**Pétur Ottesen** (óyfirl.): Það kom mér satt að segja dálítið á óvart, að hæstv. forseti tók þetta mál á dagskrá nú. Ég átti tal við hæstv. forseta og spurði hann, hvort það mundi tekið fyrir á þessari nóttu, af því ég þurfti að víkja mér dálítið frá, þó það yrði ekki eins lengi og gat orðið, og lét hann þá svo ummælt, að hann mundi ekki gera það, því nóg væri af öðrum málum á dagskrá, sem hann mundi e. t. v. taka fyrir, og gæti hann því gengið framhjá þessu máli. Ég skal ennfremur bæta því við, að mér þykir það lítil nærgætni af hæstv. forseta gagnvart hv. 6. landsk., sem á brtt. í málinu, en er fyrir nokkru farinn úr húsinu og sennilega genginn til náða. **(Forseti (JörB):** Mér er ekki kunnugt um það). Ég vildi því skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að fresta þessu máli. Að því er snertir brtt. hv. 6. landsk. hafa orðið einhver mistök á um hana, því hún fellur alls ekki inn í frv. eins og er. Skilst mér, að nauðsynlegt sé, að honum sé gefinn kostur á að leiðrétta till., því að öðrum kosti er ekki hægt að samþ. hana.

Ég vil bæta því við, að mér þætti ástæða til að tala um mínar brtt. yfir fleiri mönnum en nú eru viðstaddir. Þær snerta mjög afstöðu okkar Sunnlendinga, og þætti mér gott að fá tækifæri til að tala máli sanngirninnar í viðurvist fleiri dm., því það gæti haft áhrif eða þýðingu um hvaða afdrif brtt. mínar fá hér í hv. d. Með tilliti til þessara ástæðna vildi ég ítreka vinsamlegast, að hæstv. forseti léti frekari umr. niður falla nú í nótt um þetta mál. Skal ég svo doka við og bíða eftir svari hæstv. forseta.

**Forseti (JörB):** Það er alveg rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að hann kom til mín og kvaðst þurfa að bregða sér frá eins og hálftíma, og lofaði ég að taka ekki þetta mál fyrir á meðan, og rættist það loforð. En ég hefi ekki sagt, að ég mundi alls ekki taka málið fyrir í nótt, og þar sem kallað er svo mjög eftir málunum, verð ég að taka tillit til þess. Viðvíkjandi brtt. hv. 6. landsk. þm. hefi ég tekið eftir þessu, og mun af misgáningi hafa fallið niður eitt orð. Brtt. mun hafa átt að vera stíluð við næstsíðasta málsl., en ekki síðasta, eins og stendur í till. Ætlaði ég að gera aths. um þetta áður en atkvgr. færi fram. Viðvíkjandi ósk hv. þm. Borgf. um að taka málið út af dagskrá, er mér gjarnt til að verða við óskum þm. eftir því, sem tök eru á. En þar sem það vill brenna við, að menn lengja mál sitt, og mjög er kallað eftir málunum, þar sem gert er ráð fyrir að ljúka þingi fyrir jól, og því skammt eftir af þingtíma, er ekki gott að koma þessu heim og saman. **(PO:** Eru ekki önnur mál á dagskrá, sem má taka fyrir?). Ég veit ekki, hvað hv. flm. segja um það.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði um till. hv. 6. landsk., skal ég geta þess, að ég mæli með hans till. og ber ábyrgð á henni, en óska ekki eftir, að málið sé tekið út af dagskrá.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hæstv. atvmrh., sem hefir aðallega með þetta mál að gera, er ekki viðstaddur, en ég veit, að honum er áhugamál, að málið nái fram að ganga. Það á eftir að fara gegnum fjórar umr., en stutt eftir þingtímans. Er hætta á, ef því er frestað, að það komist e. t. v. ekki áfram, og vil ég því mælast til, að umr. verði haldið áfram.

**Ólafur Thors:** Hæstv. fjmrh. var að skýra frá því, að hæstv. atvmrh. væri hið mesta kappsmál, að frv. þetta næði fram að ganga, en honum er það nú ekki meira kappsmál en svo, að hann er farinn heim og sennilega háttaður í sitt mjúka rúm, en okkur er ætlað að sitja hér á næturfundi og ræða málið. Ég skal ekki mælast undan fundarsetu, en ég vil þá mælast til þess, að hæstv. forseti sýni ágæti sitt í fleiru en þolinmæði sinni að sitja í forsetastól. Þegar haldnir eru fundir nótt eftir nótt, óska ég, að röggsemi sé sýnd í því, að halda þm. hér á fundum, svo við stjórnarandstæðingar tölum

ekki yfir tómum stólunum, en ráðh. og aðrir þm. úr stjórnarflokkunum séu löngu farnir heim að sofa. Ég hefi séð, að þm. úr stjórnarflokkunum hafa gengið hér hver á fætur öðrum upp að forsetastól og hvíslað í eyra forseta, og síðan horfið úr deildinni. Nú hefi ég ekki ástæðu til að kvarta um hlutdrægni hæstv. forseta eða væna hann um slíkt. En það er óneitanlega undarlegt, þegar þm. hverfa svona af fundum. Hæstv. fors. verður að játa það, að þó talað hafi verið nokkuð um málin á þessu þingi, af okkur sjálfstæðismönnum, hefir engu málþófi verið beitt. Þetta eru allt stórmál, sem við erum andvígir, og þetta eru engu stærri umræður en áður voru um smærri mál, er þessir flokkar voru í minni hl., er nú stjórna. En fundarhöld nótt eftir nótt, svo sem nú hefir verið, og með þeim hætti, að nær allt stjórnarliðið og allir ráðh. eru fjarverandi, er skrípaleikur, sem ekki eykur virðingu Alþingis.

**Forseti (JörB)**: Ég sé enga ástæðu til að teygja tímann og þreyta menn með umr. um þingsköp. **(ÓTh:** Eitt og eitt orð á stangli drepur engan). Það er mjög fjarri lagi, að ég hafi gefið þm. fararleyfi. Það er að vísu rétt, að ég hefi gefið 2 þm. kost á því að ganga til náða, aldursforseta þingsins, er ég sagði við áðan, fyrir 10 mín., að væri óhætt að fara, því engar ákvarðanir mundu teknar. **(Fjmrh.:** Hann er nú hér ennþá). Já, hann er hér til staðar. **(ÓTh:** Það vantar einhvern oftar en hann). Og svo hefi ég gefið hv. 1. þm. Rang. leyfi til að fara. Hann er orðinn eldri maður og farinn að þreytast, og engum öðrum hefi ég gefið leyfi. **(JJós:** Ég er sá þriðji. — **PO:** En ráðherranum? — **FJ:** Hann á ekki sæti hér í hv. d. sem þm.). En ég hefi þrásinnis bent þm. á, að ef þeir vilja koma málum fram, verða þeir að vera til staðar, og það er ekki mín sök, þó svo sé ekki. En það er náttúrlega ekki sanngjörn krafa til mín, að ég sjái um, að þm. sitji í stólunum eða sitji eins fast og ætti að vera. Ef þá kröfu á að gera, þá verða þeir menn, sem flytja ræðurnar, að gæta hófs og halda sér við efnið sem bezt, en á því hefir því miður orðið misbrestur æðioft, og er þá ekki nema von, að öðrum þm. eymist fundarsetan.

Ég vil nú í þetta sinn verða við tilmælum hv. þm. Borgf. og fresta umr. um málið, og verður það þá tekið fyrir sem fyrsta mál á morgun, en ég vil beina því til hv. þdm., að eyða ekki deginum í að tala um eitt mál og tala svo um þingsköp á nóttunni, því ég hefi enga ánægju af að sitja hér fram eftir nóttu yfir þrætum um þingsköp.

Eins og hv. þm. G.-K. drap á, eru hér fleiri mál á dagskrá, og vænti ég þess, að lítill ágreiningur sé hér um tvö mál á dagskránni, annað er til 1. umr. og ætti að geta gengið til 2. umr., og hitt málið hefir komið ágreiningslítið inn í deildina og ætti að geta gengið í gegn. Það er 14. mál á dagskrá, frv. til l. um vátryggingu opinna vélbáta, og verður það þá tekið fyrir.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 534, 701, 723, 743, 747).

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég fór nokkrum orðum um þetta frv. við 1. umr. málsins og benti þá á það, að mér virtist ófýsilegt að fara að taka upp einkasölu á síld, slík sem afdrif gömlu einkasölunnar urðu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að rifja upp nú þær ástæður, er ég þá tók fram, að mæltu móti þessu frv., og skal ég því þegar snúa mér að því, að gera grein fyrir brtt. minum við frv. Ég hefi flutt þessar till. sem öryggisráðstafanir gagnvart þeim atriðum frv., er þær snertu, ef stefna á síldarmálunum aftur inn á einkasölubrautina. En sú hlýtur að verða niðurstaðan, eins og þetta frv. er byggt upp og ég benti á við 1. umr. Þessi brtt. mín snertir eingöngu ákvæði 1. gr. frv., þau ákvæði, að hinum 4 aðilum — mönnum í landsfjórðungunum — verði gefinn kostur á að tilnefna 4 af 7 fulltrúum, sem eiga að skipa síldarútvegsnefndina. Í frv. er það þannig, að síldarútvegsmenn í Norðlendingafjórðungi eiga að fá leyfi til að skipa 2 menn af 4 í n., Vesturland 1 og Suðurland 1 fulltrúa. Ég benti á það við 1. umr., að að því leyti sem þetta snerti útnefningu Sunnlendinga, þá mundi þeirra réttur vera mjög fyrir borð borinn. Ég hafði þá að vísu ekki aflað mér upplýsinga um þátttöku úr landsfjórðungunum í síldveiðum síðastl. sumar, og við hvað bæri að miða þátttöku Sunnlendinga. En þó var mér hinsvegar fullkomlega ljóst, að þessi hlutdeild gat ekki staðizt, ef nokkurrar réttsýni og sanngirni væri gætt í þessu efni. Síðan hefi ég aflað mér upplýsinga, og það vill svo til, að það liggur fyrir hv. sjútvn. skýrsla, nákvæm og ábyggileg, um þátttöku útvegsmanna í síldveiðum á síðastl. sumri, og ætla ég, að hún hafi verið í fórum hv. form. sjútvn. og fulltrúa Vestfirðinga. Svo að hann virðist hafa haft fullkomin gögn í höndum fyrir þessu, sem gátu vísað á hina réttu leið, þegar ákvæðin um þetta voru sett í frv. Enda var það svo, að hv. þm. Ísaf. viðurkenndi það við 1. umr. þessa máls, að það hefði ekki í fyllsta máta verið gætt réttlætis um þátttöku útvegsmanna í skipun nefndarinnar. Og virðist sú viðurkenning fram komin vegna þeirrar skýrslu, sem fyrir liggur og að sjálfsögðu ber að taka tillit til. Ég ætla, að beztu heimildir, sem hægt er að fá, séu einmitt í þessari skýrslu. Og samkv. henni kemur það í ljós, að Sunnlendingar hafa gert út 40 skip á síldveiðar, sem flest voru allstór og meðal þeirra nokkrir togarar, auk margra linuveiðara og mótorbáta, sem voru allir stórir og höfðu góða aðstöðu til að beita sér mjög vel við síldveiðina og skilyrði til að fleyta miklum afla á land. Frá Vesturlandi voru 18 skip venjulega við veiðar, en frá Norðurlandi 39 skip. En við þau er það að athuga, að meginhlutinn af þeim eru mótorbátar, náttúrlega allmörg nokkuð stór skip, en líka mörg minni skip. Og yfirleitt hafa fleiri af norðlenzku skipunum verið minni en skipin frá Suðurlandi. Þar af leiðir, að afköstin eru ekki eins mikil og á stærri skipunum við síldveiðar. Þegar þetta er athugað, og ennfremur í sam-

bandi við það, að hér er verið að miða till. við síldveiðar á næsta ári, og því fremur sem nú er verið að bæta aðstöðuna til aukinna síldveiða með byggingu 2 nýrra síldarverksmiðja, sem veitir mesta möguleika fyrir stórauknum síldarútvegi, þá ber vitanlega að taka tillit til þess, úr hvaða landshlutum eru líklegastir möguleikar fyrir auknum útvegi, og hvaðan þess má vænta fyrst og fremst. Við nánari athugun kemur það í ljós, að á fjörðunum fyrir norðan var tjaldað því sem til var af skipum síðastl. sumar. Þaðan er því ekki að vænta aukinnar síldveiði, nema Norðlendingar bæti við sig skipastól. Þegar því næst eru athuguð skilyrðin á Vesturlandi og Suðurlandi, þá kemur það í ljós, að á Suðurlandi eru a. m. k. 25 togarar, sem ekki stunduðu síldveiðar síðastl. sumar. Auk þess 1—2 gufubátar og a. m. k. 8—10 vélbátar yfir 30 smál. að stærð, sem gætu gengið á síldveiðar við Norðurland. Það er því hér um 34 skip að ræða, sem gætu bætzt við þann skipastól, er stunduðu síldveiðar fyrir Norðurlandi síðastl. sumar. Á Vesturlandi eru 4 togarar og auk þess 2 vélbátar af þeirri stærð, sem venjulega eru notaðir við síldveiðar, sem mundu bætast í hópinn. En þrátt fyrir hina auknu þátttöku Sunnlendinga í síldveiðum, sem ég nú hefi talið, þá eru möguleikarnir þó ekki tæmdir um aukinn skipastól. Það hefir færzt í vöxt á síðari árum, að 2 eða 3 smærri bátar, á milli 20 og 30 smál. að stærð, hafa stundað veiði sameiginlega með einni nót. Og ef reynslan leiðir það í ljós, að þessar tilraunir koma að raunhæfum notum, þá gæti vitanlega bætzt við síldveiðiflotann fjöldi báta af Suðurlandi. Þessi aðferð við síldveiðina hefir nokkuð verið reynd á Norðurlandi, að smærri bátar, sem stundað hafa síldveiðar, hafa sameinað sig um eina nót, og hefir það gefizt sæmilega vel. Í skýrslunni er tekið fullkomið tillit til þess, að fleiri bátar hafa verið saman um eina nót. Og vitanlega er þá ekki gert ráð fyrir, að þar komi til greina, við útnefningu fulltrúa í síldarútvegsnefnd, nema eitt atkvæði fyrir þá báta, sem eru saman um eina nót. Því að ef þess er ekki gætt, þá mundu hlutföllin raskast í þessum efnum. Ég hefi þess vegna gert ráð fyrir því í brtt. minni, að það komi aðeins til greina eitt atkv. fyrir þau skip, sem stunda veiði sameiginlega með einni nót, og ætla ég, að allir geti verið sammála um, að það sé sanngjarnt í þessu falli.

Ég ætla, að samkv. þeirri skilagrein, sem ég nú hefi gert, þá sé það augljóst, að hlutur Sunnlendinga er mjög fyrir borð borinn með ákvæðum frv. Ég held því, að hv. þdm. geti fallizt á, að Sunnlendingar eiga, samkv. brtt. minni, að tilnefna 2 menn í n., en Norðlendingar og Vestfirðingar sinn manninn hvor. Að vísu er ekki hægt að ná hinu fyllsta réttlæti í þessu efni, en með till. minni er þó hægt að komast miklu nær því rétta hlutfalli, sem nú er um þátttöku einstakra landsfjórðunga í síldveiðum. Og ef svo færi, að fullnægt yrði fyllstu skilyrðum til aukningar á útveginum, þannig, að sá skipafloti, sem unnt er að fá hér sunnanlands, tæki þátt í síldveiðunum, þá mundi vera um fullkomið réttlæti að ræða, samkv. till. minni, um kosningu fulltrúa í síldarútvegsn. Ég vona því, að hv. þdm. geti fallizt á báða liði brtt. minnar, a- og b-lið.

Hv. þm. Vestm. mun hafa talað fyrir brtt. sínum í nótt; en þær miða vitanlega að því, að sníða allverulegan ágalla af frv. og fela líka í sér lagfæringar að öðru leyti. Ég mun þess vegna greiða þeim atkv. Um afstöðu mína til hinna almennu ákvæða frv. hefi ég áður getið, bæði við 1. umr. og einnig að nokkru leyti nú við þessa umr. — Ég skal því ekki lengja þessar umr. frekar, þar sem hæstv. forseti varð mjög vingjarnlega við þeim tilmælum mínum í nótt, að fresta þá umr., svo að ég gæti lýst brtt. mínum að viðstöddum fleiri hv. þdm. en hér voru til staðar eftir miðnætti í nótt.

**Ólafur Thors:** Þetta mál er eitt af þeim vandasömustu, sem fyrir Alþ. liggja nú. Því verður ekki neitað, að það eru mjög margir, sem eiga nú þegar mikið undir því, að vel skipist um síldarsöluna. Og ég treysti mér ekki til að þvertaka fyrir, að í þessu máli kunni að vera einhver þörf fyrir nýja löggjöf. Ég vil lýsa því hér yfir, að ég tel, að það standi allt öðruvísi á um síldarsöluna og síldarútveginn yfirleitt heldur en um sölu á þorskinum, af því að bæði gömul og ný reynsla hefir sýnt, að síldarútvegurinn gengur skrykkjótt og að síldarsaltendum hefir gengið mjög misjafnlega vel að selja síldina; og sérstaklega illa að koma á samtökum sín á milli, þó að þau hafi verið viðurkennd nauðsynleg.

Ég hefi leitazt við, á milli umræðna, að kynna mér skoðanir og till. þeirra manna, sem við þennan atvinnuveg eiga að búa. Og ég játa, að ég hefi rekið mig á mjög mismunandi skoðanir meðal þeirra í þessu efni, þannig að það er ákaflega erfitt að mynda sér skoðun á því, hvers meiri hl. þeirra óskar. En þó mun fyrri reynsla í þessari atvinnugrein sýna það og sanna, að mistök þau, sem orðið hafa um sölu á síldinni, hefðu orðið miklu minni, ef síldarútvegsmenn hefðu haft almenn samtök sín á milli. Þetta hefir reynslan sannfært mig um. En þó að þessu sé nú þannig háttað, þá er mér hitt einnig í fersku minni, að afskipti hins opinbera af þessum atvinnurekstri hafa leitt til afskaplegrar örbirgðar, ekki einasta fyrir sjómenn og útgerðarmenn, heldur til óbætanlegs tjóns fyrir þjóðina yfirleitt. Og jafnvel þó ég verði að viðurkenna, að oft hafi tekizt miður en skyldi um sölu á síldinni hjá einstökum útgerðarmönnum, þá held ég, að það verði játað af flestum, að aldrei hafi skort jafnmikið á um sæmilega sölu á síldinni eins og þegar farið var með hana samkv. fyrirmælum og l. frá Alþ., er sett voru um einkasölu á síldinni. Og endurminningin um reynsluna af þeirri lagasetningu hvetur til varfærni nú af hálfu Alþ.

Það hefir margoft verið sagt frá því í þessari hv. þd., að síldareinkasalan fór svo illa úr hendi, að eftir að hún var búin að fá fletta alla síldarútvegsmenn og sjómenn, þá varð hún sjálf gjaldþrota og lagði þungar byrðar á ríkissjóð, sem ekki hafa enn verið greiddar. Þessi reynsla um hinar hörmulegu afleiðingar af af-

skiptum ríkisvaldsins í þessu efni hlýtur að vaka í hugum hv. þdm. og hafa mikil áhrif til þess að draga úr þeim um nýja lagasetningu á þessu sviði. Í fyrra var stofnað til sölusamtaka meðal síldarútflytjenda um sölu á léttsaltaðri síld, sem flestir munu játa, að hafi orðið til mikilla bóta og velfarnaðar, þó að eitthvað kunni að hafa verið ábótavant. Og ég vil fyrir mitt leyti helzt reyna að takmarka löggjöfina við það eitt, að hún veiti síldarútvegsmönnum hæfilegt aðhald um að koma á nauðsynlegum samtökum sín á meðal um sölu á síldinni, en beiti engum þvingunarráðstöfunum.

Þetta frv. á þskj. 534 er því ekki aðgengilegt frá mínu sjónarmiði. Ég held, að þar sé gengið lengra en þörf er á til þvingunar, og lengra en ég þori að fara. En hinsvegar eru þær brtt., sem fram eru komnar, fyrst og fremst brtt. frá hv. þm. Vestm. á þskj. 701, allar til bóta, og mun ég fylgja þeim öllum. En ég er aftur á móti ekki viss um, hvort þær ganga nægilega langt í þá átt, sem ég tel rétt, að haldið verði. Og mun ég, ef þær verða samþ., leitast við að koma á framfæri í Ed. þeim viðbótartill., sem ég tel nauðsynlegar, svo að þessu frv. verði komið í viðunandi horf. Sérstaklega legg ég áherzlu á, að samþ. verði 2. brtt. á þskj. 701, við 4. gr. frv., og e. t. v. einkum og sérstaklega 4. brtt., sem fer fram á, að 11. gr. frv. falli niður; en hún fjallar um heimild til að stofna einkasölu á síld, eins og kunnugt er.

Af þeim öðrum brtt., sem fyrir liggja, vil ég sérstaklega gera að umtalsefni till. frá hv. þm. Borgf. á þskj. 723. Ég held, að allir sanngjarnir menn verði að viðurkenna þau rök, sem hv. þm. færði fyrir máli sínu, og hljóti að sjá, að hann fer ekki fram á annað en það, sem rétt er og augljós sanngirni mælir með. Og ég hygg, að það sé rétt fyrir þá menn, sem af einlægum huga vilja vinna fyrir þetta mál, að gæta þess vel, að beita engri ósanngirni um yfirráðin á valdsviði þessa máls. Ég tel engan vafa á því, að brtt. hv. þm. Borgf. tryggir það betur en ákvæði frv. sjálfs, og mæli ég þess vegna eindregið með henni.

Ég get efnislega verið samþykkur brtt. hv. 6. landsk., sem mun þó vera eitthvað skakkt felld inn í frv., en það má leiðrétta síðar, ef hún verður samþ. Ég hygg, að það sé einnig óhætt að samþ. brtt. hv. þm. Ísaf., um að færa hámarksákvæði í 4. gr. úr 80% niður í 75%.

Ég geri ekki ráð fyrir, að undir þessum kringumstæðum sé hættulegt, að þeir menn, sem hafa ¾, hafi rétt til að knýja hina, sem hafa aðeins ¼, til fylgis við þær ráðstafanir, sem talið er nauðsynlegt að gera til hagsbóta og sameiginlegs framdráttar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ég vil ekki að svo komnu máli ljá þessu frv. fylgi mitt, enda þótt allar þær breyt., sem fyrir liggja, yrðu samþ.

Ég vil svo að lokum gera þá skyldu mína, að lýsa yfir því, að mér hefir borizt mótmælaskeyti frá allmörgum Siglfirðingum um þetta mál. Það er óþarfi að lesa það hér upp, af því að hv. þm. Vestm. hefir þegar gert það.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég þarf ekki miklu að svara í þessum umr. Í sjálfu sér hefir ekki verið fast deilt á þetta frv., og lítur út fyrir, að það muni fá tiltölulega friðsamlega afgr. hér í hv. d. Enda er það svo, að það hefir lengi vakað fyrir þeim, sem síldarútveg stunda, að reyna að koma á hann einhverju skipulagi, og það fyrir svo löngu, að 1926 mun þáv. þm. Ak., Björn Líndal, og hv. þm. G.-K. hafa flutt hér á þingi frv., sem fór í svipaða átt og þetta, þó ég verði að segja það, að í því frv. var ekki gert ráð fyrir eins mikilli sjálfstjórn útgerðarmanna á þessum málum og í þessu frv. Ég hirði ekki að fara langt út í þetta frv. frá 1926, en vil einungis geta þess, að eins og það kom til þingsins fyrst, þá þurfti ekki annað en að einhverjir þeir menn, sem árið áður höfðu stundað síldarútveg, vildu stofna fél. með sér til þess að sjá um hagkvæma sölu á síld erlendis; þá var ráðh. heimilt að veita slíku fél. einkaleyfi til útflutnings á síld. Í frv., eins og það kom fyrst fram, var ekki tiltekin nein lágmarkstala útgerðarmanna, sem yrðu að gangast fyrir félagsstofnuninni. Síðar var því svo bætt í frv. og talan bundin við 20 menn. Í því frv. var útgerðarmönnum ekki gefin sjálfstjórn eins og í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sem borið er fram af Alþýðu- og Framsóknarfl., heldur átti ráðh. að skipa fyrstu stj. þess fél. Ég get vitnað til þessara tveggja þm., Björns heit. Líndals, þáv. þm. Ak., og hv. þm. G.-K., sem brautryðjenda á því sviði að vilja skipuleggja síldarútveginn. Það hefir að vísu komið fram hér í umr., að skoðanir manna eru skiptar í þessu máli, og það hafa þær alltaf verið. En mótmæli hafa ekki komið fram gegn frv. frá öðrum en 8 síldarsaltendum á Siglufirði. Það er von, að þeir mótmæli, vegna þess, að með frv., ef að l. verður, eru ráðin tekin af þeim og lögð í hendur útgerðarmanna, en hinir 8 mótmælendur frv. eru nær eingöngu síldarsaltendur, nema hvað einn heldur úti litlum mótorbáti yfir sumarið á síldveiðar. Ég geri því ráð fyrir því, að ganga megi út frá því, að yfirleitt séu síldarútgerðarmenn frv. þessu fylgjandi og þeim samtökum, sem það miðar að, þótt hinsvegar milliliðirnir í síldarverzluninni, saltendurnir, sem ekki hafa neina útgerð, séu því heldur mótfallnir.

Það liggur hér fyrir brtt. um skipun á þessari stj. frá hv. þm. Borgf., sem miðar að því, að taka einn fulltrúann af Norðlendingum og bæta við Sunnlendinga. Hv. þm. Borgf. skýrði réttilega frá því, að skip héðan að sunnan hefðu verið 40, en frá Norðurlandi ekki nema 39. En hv. þm. gat þess ekki, sem mér finnst, að hann hefði átt að láta í ljós, að 6 af skipunum af Suðurlandi lögðu ekki upp síld til söltunar, heldur bræðslu. Það eru því fleiri skip af Norðurlandi, sem stunda veiðar til söltunar. Það er því réttara að láta Norðlendinga hafa þennan eina mann en Sunnlendinga. Ég held, að eins og frv. er frá hálfu ríkisstj., þá sé fyllsta réttlætis gætt, sem hægt er að gæta um kosningu manna í n., og mæli ég því á móti till. hv. þm. Borgf. — Það er hér till. frá hv. 6. landsk., sem ég vildi mælast til, að yrði samþ. Hún er um það, að skipaður verði fastur fulltrúi fyrir

Austurland, og sé hann trúnaðarmaður síldarútvegsn. í einu og öllu, er að síldarútvegsmálum fjórðungsins lýtur. — Þá er hér till. frá mér á þskj. 743 um lækkun á hundraðshluta þeim, sem fél. þarf að hafa til þess að síldarútvegsn. geti ákveðið að veita því útflutningsleyfi, úr 80% í 75%. Er þetta gert til samræmis við þær breyt., sem gerðar hafa verið á frv. um fiskimálan., útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. — Brtt. hv. þm. Vestm. sé ég ekki ástæðu til að mæla með. Þær eru í samræmi við till. þær, sem hann og hv. 1. þm. Rang. lögðu hér fram við frv. um fiskimálan., og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þær, en vildi mælast til þess, að þær verði felldar, að undanskildum tölul. 3, sem er aðeins leiðréttíng á ritvillu í frv.

Það kann að vera ótti hjá mönnum um skipulagningu síldarútvegsins, vegna þess, að það muni auka á söltun útlendinga fyrir utan landhelgislínu. En þótt þessar veiðar byrjuðu að vísu á árum einkasölunnar, þá hafa, síðan salan var gefin frjáls, bætzt a. m. k. 3 þjóðir í hópinn, Svíar, Þjóðverjar og Eistlendingar, svo að þessar veiðar standa ekki í neinu sambandi við skipulagningu á síldarsölunni. Nú skal ég viðurkenna, að skipulagningin ein er ekki trygging fyrir því, að útvegurinn geti borið sig í hvaða árferði sem er, en hún er trygging fyrir því, að meiri líkur séu til, að útvegurinn geti borið sig en ella. Og ég vildi leyfa mér að benda hv. dm. á þá skýrslu, sem ég fór með hér þegar málið var til 1. umr., um skipulagningu þá, sem Englendingar eru nú að gera á þessum málum hjá sér. Þeirra aðferð er talsvert margbrotnari en okkar, og útgerðarmönnum ekki gefin nein sjálfstjórn, heldur er svo til ætlazt, að síldarútvegsnefndin enska hafi einveldi í öllum málum, síldarútveginn snertandi. Ég hefi ekki viljað leggja til, að sú leið yrði farin hér, heldur yrði útvegsmönnum fyrst og fremst gefin sjálfstjórn í þessum málum, en ef þeir ekki vildu nota þann rétt, þá yrði n., sem kosin er af þeim sjálfum, að taka að sér að annast söluna. Vænti ég þó, að til þess þurfi ekki að koma. En þeir, sem óska þess, að útvegsmenn noti þennan rétt sinn, ættu ekki að óska eftir því, að þessi gr. yrði felld niður, því að meðan hún stendur, er hún þeim heldur hvöt í þá átt. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Þessi mál hafa mikið verið rædd fyrr og síðar. En ég vil leggja áherzlu á, að Alþ. gangi frá þessum málum á þann hátt, sem hér er lagt til í frv. því frá stj., sem meiri hl. sjútvn. flytur.

**Sigurður Kristjánsson:** Hv. flm. þessa máls var rétt að sleppa orðinu um það, að sér virtist þetta mál sjútvn. ætla að fá vinglarnlega afgr. í þessari þv. d. Ekki veit ég, af hverju hann dregur þetta. Ekki a. m. k. af ágæti málsins, og ekki heldur af þeim undirtektum, sem það hefir fengið í d., því að ræðumenn hafa heldur snúizt gegn frv. Ég skal auðvitað ekkert um það dæma fyrirfram, hvernig um það fer, en eftir öllum málavöxtum finnst mér ekki sennilegt, að afgreiðslan verði vingjarnleg.

Hv. þm. Ísaf. vildi gera lítið úr því, að hópur manna norðan af Siglufirði hefði sent rökstudd mótmæli gegn frv. Hvað sem því líður, hvort þessir menn eru saltendur eða veiðimenn, þá standa rökin, að mér skilst, í sínu fulla gildi. En þó vil ég á það benda í þessu sambandi, að hér eru menn á einum einasta stað, sem hafa flutt út um 66 þús. tunnur síldar, en það hinsvegar vitanlegt, að þetta frv. er ekki, undireins og það er fram komið, flogið til allra síldarútvegsmanna, dreifðra út um allt land, hafandi með sér lítil samtök nema á helztu útgerðarstöðunum. Það er því ekki sýnt, að ánægja sé um þetta frv. annarsstaðar, þótt mótmæli hafi ekki komið fram nema frá þessum eina stað. Ég vil ekki leggja eins lítið upp úr því og hv. þm., að mótmælin koma frá síldareigendum, sem keypt hafa síldina af sjómönnum og útgerðarmönnum, því að þessir eigendur hafa því aðeins komizt yfir síldina, að haganlegt hefir þótt að selja þeim hana, og þá eru þeir orðnir mikilsverðir aðilar í málinu, þegar þeir eru orðnir útflytjendur og hafa á sig tekið áhættu og erfiði af þeim mönnum, sem upphaflega öfluðu síldarinnar, af því að þeir hafa að einhverju leyti haft betri aðstöðu til þess að hagnýta aflann. En þótt svo sé lítið á, að þeir hafi þarna minna að segja en þeir, sem afla síldarinnar, þá standa þeirra rök gegn þessu frv. í fullu gildi. Þau eru lóleg, ef þau reynast svo, en góð og gild, ef þau verða ekki hrakin, hverjir sem svo hafa borið þau fram. En nú eru það ekki einungis síldarsaltendurnir, sem hafa látið álit sitt í ljós um þetta mál. Það hafa komið fram margar raddir viðsvegar að frá útgerðar- og veiðimönnum, og þær hafa allar verið í eina átt: á móti þessu frv. Þau mótrök gegn frv., sem flestir bera fram og mér finnst eftirtektarverðust, eru þau, að síðan síldareinkasalan var lögð niður, hefir útveginum yfirleitt vegnað sæmilega og miklu betur en meðan einkasalan stóð. Þó hafa síðan verið erfið ár að ýmsu leyti, bæði hvað snertir verðfall varanna hjá þeim þjóðum, sem kaupa síld, minnkandi kaupgetu og mikla yfirfærsluörðugleika. En samt hafa síldareigendur náð betri árangri síðan einkasalan lagðist niður. Er nú mögulegt, að nokkur maður rökhugsi mál þannig, að það sé nauðsynlegt að koma á svipuðu eða sama fyrirkomulagi og gafst hörmulega illa, einmitt af því, að breyt. hefir gefizt sæmilega vel? Mönnum virðist, að til þess að hverfa að einkasölufyrirkomulaginu aftur eða nálgast það, þyrfti að hafa komið í ljós, að hin frjálsa sala og meðferð síldarinnar hefði reynzt illa. En það hefir ekki verið. Útkoman hefir orðið framar vonum. Það er réttilega á það bent af mörgum útgerðarmönnum og þeim öllum, sem síldar afla og síld eiga, að mikil hætta stafar af samkeppni útlendinga við veiðarnar á Íslandsmiðum. Í skjali sínu segja þessir síldareigendur frá Siglufirði, að 6 þjóðir stundi nú veiðar á þessum miðum og keppi við Íslendinga um veiði og markað. Nú er það víst, að hjá sumum þessara þjóða er allt, sem nálgast einkasölu og hvað þá hrein einkasala, afar óvinsælt. T. d. efast enginn um það, að hjá Svíum er einkasala ákaflega illa þokkuð, ekki sízt fyrir það, að einkasalan gamla

hefir staðið í þrálátum málaferlum við Sviana út af sölusamningum, sem ágreiningur varð um. Hefir þetta aukið mjög á óvild þeirra í garð einkasölufyrirkomulagsins og alls, sem það nálgast. Og þeir menn, sem bera fram þau rök, að slíkar þjóðir myndu leggja meiri áherzlu á síldveiðar hér eftir en hingað til, hafa óneitanlega mikið til síns máls. Ef það er rétt, sem ég hefi ekki sjálfur kunnugleika á, en hefi hinsvegar ekki heyrt móti mælt, að þær þjóðir, aðrar en Íslendingar, muni ráða yfir um tvöföldum skipastól á við okkur til veiðanna, þá er það sýnt, að ef tiðarfar er hagstætt, geta þessir menn ráðið yfir því, hvort Íslendingar geta selt sína framleiðslu erlendis, og þá ekki síður, ef það er rétt, sem ég hefi heyrt, að Norðmenn geti aflað síldarinnaar fyrir 2—3 kr. lægra verð pr. tunnu en Íslendingar geta.

Ég ætla ekki hér að fara út í miklar deilur með að rifja upp afdrif gömlu síldareinkasölunnar. Ég get þó ekki stillt mig um að láta í ljós, að ég tel það allmikla einurð, að geta fengið sig til að bera fram frv. um nýja einkasölu, meðan ekki er búið að jarða líkið af gömlu einkasölunni, svo geðþekk sem hún var, og það ekki einungis fyrir það, hvernig hún fór með ríkissjóð, heldur miklu frekar, miklu frekar fyrir það, hvernig hún lék þá menn, útgerðarmenn og sjómenn, sem nálægt henni komu, og hvernig hún eyðilagði markaðinn. Og það er eftirtektarvert, að árið eftir að einkasalan lagðist niður, seldu Íslendingar allan afla sinn, að sönnu ekki við háu verði, en þó því verði, að sjómenn og útgerðarmenn fengu talsvert hærra verð fyrir síldina, eða um 5 kr. pr. tunnu, en meðan einkasalan sá um söluna, því að þá var verðið komið í 2 kr. pr. tn. og hjá sumum niður í ekki neitt. Og það er víst, að einkasalan brann inni með megnið af vörunum síðasta árið. Gat ekki selt. Það er þess vegna ómótmælanlegt, að hvorki reynslan af einkasölufyrirkomulaginu gamla eða það ástand, sem nú er, hvetur til þess að hverfa inn á þessa braut, af þeirri einföldu ástæðu, að núv. ástand gefur stórum betri arð, bæði þeim, sem afla síldarinnar, og þeim, sem leggja í þá áhættu að kaupa síldina til útflutnings. — Út í þetta efni vil ég ekki vera að fara miklu lengra, því að það á öllum að vera augljóst, hver munur þó er á ástandinu nú eða meðan einkasalan var, þrátt fyrir vaxandi örðugleika á mörgum sviðum. En ég vil víkja að því, sem minnzt var á matjessíldarsamlagið, sem fengið hefir lögvernd og talið er að vera vel liðið, og er álitið, að menn óski eftir því, að það haldi áfram, og taka það fram, að hér er um allt annað að ræða. Það er allt annað, að hafa samtök um útflutning á einni teg. síldar eða fara að spenna yfir allan útveginn. Og svo er það ekki heldur rétt, að ánægjan sé alveg óblandin með samlagið, eftir því sem mér skilst á umsögn ýmsra þeirra, sem þar hafa verið viðriðnir. Á því munu vera margir gallar. En vera má, að þeirra hafi gætt meira en þurft hefði vegna þess, að ekki hafi valizt þar til forustu hinir hæfustu menn. En staðreyndin er sú, að mönnum þykir salan á síldinni hafa gengið ójafnt yfir. Það aflaðist og var verkað miklu minna en áður hafði verið. Og einmitt þetta aflaleysi hefir að öllum líkindum bjargað því, að ekki hlauzt stór skellur af síldveiðinni þetta ár, þótt ekki sé raunar langt síðan allmikið var óselt af þessari síld, og það er mér sagt, að sé einmitt síld hinna smærri og smæstu eigenda. Og það er illa farið, sérstaklega þegar þess er gætt, að þeir voru ekki í stj. fyrirtækisins. Ég segi þetta ekki af því, að ég telji það alveg útilokað, að slík samtök geti farið vel. Heldur ekki af því, að ég telji þetta fyrirkomulag frá síðasta sumri hafa gefizt sérstaklega illa, þótt gallar kunni að finnast á því: ég segi þetta bara til að mótmæla því, að menn hafi þar nokkra sönnun fyrir farsæld fyrirkomulagsins, þótt sloppið hafi hjá stórslysum með matjessíldarsöluna á seinastl. sumri, af því að það aflaðist miklu minna en almennt var gert ráð fyrir.

Hv. þdm. er orðið kunnugt, hvernig frv. þetta hljóðar, því að út í einstakar gr. þess hefir áður verið farið, og mun ég ekki fara mikið út í það. Ég vil þó ekki láta hjá líða að víkja að því, sem ég hefi áður minnzt á, þó ekki sé í umr. um þetta mál, að ég tel mjög varhugavert að skipa í stj. svona fyrirtækja menn, sem ekkert erindi eiga þangað. Og ég tel mjög óviðeigandi, að stj. sé valin eftir pólitiskum línum. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að Alþýðusamband Ísl. skipi tvo menn í stj. þessarar fyrirhuguðu einkasölu, því að ég geri ráð fyrir því, að 11. gr. sé mergurinn málsins. En hvers vegna á Alþýðusamband Ísl. að skipa tvo menn í þessa n. frekar en aðrir pólitiskir flokkar? Ráðh. á að tilnefna einn mann og útgerðarmenn um land allt fjóra, og er þá þörf á fleiri mönnum? Ég skal bæta einu atriði við það, sem ég hefi áður sagt, því til sönnunar, að Alþýðusambandið væri pólitiskur flokkur. Fyrst og fremst er það sett sem skilyrði fyrir upptöku félaganna, að þeir undirgangist stefnu sósialista, og þó að einhver kynni að villast inn í þenna félagsskap með öðrum pólitiskum lit, er ekki heimilt að kjósa hann til þessara starfa, sem hér um ræðir. Það er skýrt tekið fram í l. sambandsins, að ekki má kjósa aðra í trúnaðarstöður þess en þá, sem eru af réttum pólitiskum lit. Til þess að taka af öll tvímæli um þetta, skal ég lesa upp byrjun 14. gr. úr l. Alþýðusambandsins. Hún hljóðar svo:

„Kjörgengi fulltrúa í fulltrúaráð, á fjórðungsþing, sambandsþing og aðrar ráðstefnur innan sambandsins, svo og í opinberar trúnaðarstöður fyrir sambandsins eða flokksins hönd, er bundið við, að fulltrúinn sé Alþýðuflokksmaður og tilheyri engum öðrum stjórnmálaflokki."

Ég sé ekki betur en hér sé tekið af skarið um það, að þeir menn, sem Alþýðusambandið kemur til með að skipa í síldarútvegsn., verði að vera Alþýðuflokksmenn og ekkert annað. Og eigi Alþýðufl. að fá tvo menn í þessa n., þá á Sjálfstæðisfl. að skipa þar fjóra menn, þar sem hann er helmingi stærri. Líklegt þætti mér, að Framsókn vildi þá telja sig sérstakan flokk, og heimtaði einn fulltrúa a. m. k., og gott ef litli bróðir, Bændafl., vildi ekki vera með líka. Og þá fer að verða nokkuð mannmargt í þessu síldarráði.

Ég vildi gjarnan heyra rök gegn því, að pólitísku flokkarnir ættu yfirleitt fulltrúa í þessari n., fyrst einum þeirra er ætlað það. Hér er um n. að ræða, sem á að fjalla um atvinnurekstur fjölda manna, alveg án tillits til þess, hverjum stjórnmálaflokki þeir fylgja. Og nú mun það vera svo, að varla nokkur maður úr þeim flokki, sem þarna er gefin sérstaða, hættir nokkru sinni nokkru fé í atvinnurekstur. Foringjar þess flokks eru menn, sem þekktir eru að því, að vilja taka allt sitt á þurru. Eigi að fara að skipa þessa n. eftir pólitískum línum, þá ætti Alþýðufl. sízt að koma þar til greina. Það lægi nær að skipa þá menn, sem hafa sýnt áræði, ábyrgðartilfinningu og vit til þess að stjórna stórum atvinnurekstri, en þá, sem alltaf vilja taka sitt á þurru landi. Ég á ekki við stritandi fólkið, óbreyttu liðsmennina í Alþýðufl., heldur ráðamenn þess flokks. Verkafólkið er ekki kvatt til annars en að greiða atkv., það fær ekki fínu stöðurnar og háu launin.

Ég hefi dregizt á það við hæstv. forseta, að lengja ekki mikið umr. að þessu sinni, og mun ég efna það, þótt sitt af hverju sé eftir, sem vert væri að minnast á. Að lokum vil ég láta þess getið, að ég hefi ekki heyrt neinn síldarútvegsmann mæla með því, að þessu fyrirkomulagi yrði komið á, nema forstjóra eins útgerðarfyrirtækis, hv. þm. Ísaf. Annars hefi ég engan útvegsmann heyrt halda því fram, að einkasölufyrirkomulaginu hafi farnazt svo vel, að með því sé mælandi. Ég hefi ekki heldur heyrt einn einasta mann halda því fram, að ástandið í þessum málum hafi versnað svo, síðan gamla einkasalan var lögð niður, að ástæða sé til þess að fitja upp á nýrri.

Hv. flm. virðist skorta öll rök fyrir flutningi frv. Og ég býst ekki við, að hægt verði að bæta það svo, að ég verði ánægður með það. Þó mun ég að sjálfsögðu fylgja öllum till., sem til bóta horfa, ef líkindi eru til, að þessi óskapnaður eiga fram að ganga.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. sagði, að mér hefði láðst að geta þess, að 4 af þeim skipum, sem gerð voru út á síld síðastl. ár, hafi ekki saltað neitt af afla sínum. Hann sagði raunar, að þau hefðu verið sex, en það er ekki rétt, en hitt mun rétt vera, að 4 af þeim 8 togurum, sem gerðir voru út á síld, hafa látið allan afla sinn í bræðslu. Hinir togararnir fjórir létu allir nokkurn hluta af afla sínum í söltun. Það eru því aðeins fjögur skip, sem til frádráttar koma.

Hv. þm. gekk framhjá þeim aðalrökum, sem ég flutti fyrir því, að réttur Sunnlendinga væri fyrir borð borinn með tilhögun þeirri, sem í frv. felst. Það er þá fyrst til að taka, að þau skip af Suðurlandi, sem stunda síldveiðar við Norðurland, eru yfirleitt stærri en norðanskipin. Þau hafa þar af leiðandi aðstöðu til þess að afla meira. Og hér verður ekki hægt að ganga framhjá því, að taka tillit til aflamagnsins. Hinu gekk hv. þm. Ísaf. einnig framhjá, að ég sýndi fram á það, að yrði aukinn síldarútvegurinn hér við land á næstu árum, væri þeirrar aukningar að vænta af Suðurlandi, þar eru til taks 40 skip í viðbót við þann flota, sem síldveiðar stundaði síðastl. sumar. Þetta þykja mér vera nægar ástæður fyrir því, að Sunnlendingar fái tvo menn af þeim fjórum, sem útgerðarmenn skipa í n., Norðlendingar og Vestfirðingar sinn hvor, og er þá að vísu Vestfirðingum gert langhæst undir höfði, því að þeir eru ekki einu sinni hálfdrættingar á við hina landshlutana tvo, um þátttöku í útgerðinni. Ég hefi þó alls ekkert viljað skerða réttindi þeirra til íhlutunar um þessa n.

Hv. þm. Ísaf. færði það sem rök fyrir því, að réttur Norðlendinga væri svo ríkur sem frv. gerir ráð fyrir, að á Norðurlandi væri mikill fjöldi síldarsaltenda, sem engan atkvæðarétt á að hafa um þetta samkv. frv. Ég vil í því sambandi benda á, að ekki eru allir síldarsaltendur á Norðurlandi Norðlendingar, þó að þeir séu það sennilega flestir. En mér þykir það undarlegt, að hv. þm. Ísaf. skuli bregða fyrir sig þessum rökum og þykjast vilja viðurkenna rétt síldarsaltenda til íhlutunar um þetta mál, en neitar í sömu andránni að taka til greina mótmæli gegn frv., sem þessir menn hafa sent Alþ. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. fer að koma því saman.

Fleiri orð held ég, að ég þurfi ekki að hafa til andsvara hv. þm. Ísaf. Brtt. felur sjálf í sér, að réttmætt og sanngjarnt sé að samþ. hana og hafa þá skipun heldur, sem hún segir til.

Þótt ég ætlaði mér ekki að ræða mál þetta frekar en ég nú hefi gert, kemst ég ekki hjá því að benda á játningu, sem hv. þm. Ísaf. gerði í lok ræðu sinnar. Hann komst svo að orði um þá einkasölu, sem í þessu frv. felst, að hún ætti að vera hræða, — svipa á þá menn, sem við síldarútveg fást og sölu. Hún ætti að vera ógnandi sverð, sem vofði yfir höfðum þessara manna, ef þeir ekki hefðu samtök um söluna og vildu hlíta fyrirmælum síldarsölunefndarinnar. Játning þessi felur það að líkindum í sér, að svona sé því varið með einkasölur yfirleitt, þær séu svo illar og bölvaðar í alla staði, að þær eigi engan rétt á sér. Og þetta er rétt, þannig eru einkasölurnar, alstaðar gripandi inn í frjáls viðskipti einstaklinganna til ills og bölvunar. En mig undrar það, að hv. þm. Ísaf. skuli, þrátt fyrir þessa yfirlýsingu, vera stuðningsmaður alls þess fjölda af einkasölufrv., sem nú liggja fyrir þessu þingi, fyrst hann lítur svo á, að einkasölur séu bara nokkurskonar hræður. Ég bið hv. þm. að athuga þetta, og vonast til þess, að hann, í samræmi við þessa yfirlýsingu, hjálpi okkur sjálfstæðismönnum til að kveða þessa einkasöludrauga niður.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég var í vafa um það, hvort ég ætti að lengja umr. um þetta mál, því vitað er, að það muni fyrirætlun meiri hl. þessarar hv. d., að frv. nái fram að ganga, hvað sem sagt kann að verða. En samt er rétt, að hver þm. ræki þá skyldu sína, að segja það um hvert mál, sem hann veit sannast og réttast, um þetta mál sem önnur. Fyrir mér er það alveg tvímælalaust, ekki sízt hvað snertir verzlun með síld, að einkasala sé það háskalegasta, sem til bragðs getur orðið tekið. Þessi sannfæring mín hefir verið rík frá því fyrsta, að ég fór að hafa

afskipti af þessum málum. Og hún hefir styrkzt ár frá ári við hverja þá tilraun, sem gerð hefir verið til þess að koma síldarsölunni inn á þá braut, og nú síðast við stofnun matjessíldarsamlagsins, sem stofnað var síðastl. sumar með lögvernd. Þótt ég játi, að mikill munur sé á að stofna til slíkra verzlunarhátta með frjálsum samtökum, eða löggjöf eins og þeirri, sem þar var um að ræða, er þetta þó engu að síður ákveðin einkasala. Mér finnst, að hv. þdm. hafi ekki gert sér nægilega grein fyrir þróun þessa máls. Það er aðgætandi, að síldarútvegurinn er tiltölulega ungur atvinnuvegur hér á landi. Fram að síðustu aldamótum var síldveiði og hagnýting hér aðallega stunduð af útlendingum, og á allt annan hátt en nú er gert. Þá voru það aðallega Norðmenn, sem stunduðu veiðarnar og notuðu fyrirdráttarnót. Skömmu upp úr aldamótunum koma svo aðrir útlendingar til sögunnar með nýjar veiðiaðferðir, snurpinótina, og stunda veiðarnar á stórum gufuskipum. Þá var bara um það hugsað, að skófla sem mestu upp af síldinni og salta hana til útflutnings algerlega óvalda. Og fyrst þegar Íslendingar fara að stunda þessar veiðar, verður sama uppi á teningnum hjá þeim, ekki um annað hugsað en að afla sem mest og hrúga því á markaðinn. Ég held, að mégi segja, að þetta hafi svo kúlmínerað árið 1920. Síldveiðin varð þá með allra mesta móti, og verðið féll niður úr öllu lagi. Upp frá því fer ástandið að breytast. Augu manna fóru að opnast fyrir því, hve mikils virði það væri, í sambandi við þennan atvinnurekstur, að vanda vöruna. Sem afleiðing af því má heita, að lagzt hafi niður að veiða síld til söltunar með togurum, því að vitanlega fæst aldrei góð verzlunarvara með því móti. En þrátt fyrir þessa breyt. vitna einokunarpostularnir alltaf í þau mistök, sem urðu á þessu byrjunarstigi atvinnurekstrarins í höndum okkar Íslendinga, en taka minna tillit til þess, í hvert horf þessi atvinnuvegur er kominn á síðustu árum. Þetta kemur ekki sízt af því, að einstaka útgerðarmenn af gamla skólanum hugsa enn þá mest um að ná undir sig sem allra mestu af saltsíld, tefla á tæpasta vaðið með það, hvernig varan reynist, í von um, að þeim takist að selja hana alla, og slíkir menn eru talsvert áhrifamiklir innan stéttarinnar og teljast til stærstu útgerðarmannanna. Í þessa menn er ávallt vitnað, þegar krafizt er nýrrar skipulagningar á þessum atvinnurekstri og sölu afurða hans. En menn verða að gera sér ljóst, hvert þetta stefnir. Það stefnir að því að vernda þá, sem reka veiðar og söltun svo, að þeir hirða ekkert um, hvernig varan reynist, á kostnað hinna, sem komið hafa auga á það, sem er þýðingarmest við þessa framleiðslu sem aðra: kröfuna um vöruvöndun. En það hygg ég, að sé sameiginleg skoðun allra, sem á annað borð vilja líta á þetta í réttu ljósi, að slíkt skipulag — nefnilega einkasala — verki á þann hátt, að vinna á móti vöruvöndun. Einstaklingarnir missa hvöt til þess að vanda sérstaklega sína framleiðslu með það fyrir augum, að fá fyrir hana gott verð — betra en aðrir. Það er verið að ala hér upp í mönnum þá skoðun, að það skipti ekki verulegu máli fyrir þá að vanda vöruna, því allt fari í sameiginlegan sjóð. Það er jafnvel sett í l. fyrir samsölu, að vara, sem reynist skemmd, skuli bætt af samlaginu, en ekki af hlutaðeiganda, eins og t. d. hjá matjessíldarsamlaginu, þó það væri með þeim fyrirvara, að skemmdirnar væru á þann hátt, að saltendunum væri ekki um að kenna. En það vita allir, að það er í mörgum tilfellum erfitt og jafnvel ókleift að skera úr um það, hverjum skemmdirnar eru að kenna. Er því verið að gefa þeim mönnum undir fótinn, sem tilhneigingu hafa til þess, að vanda ekki vöruna, og jafnframt að draga úr hvöt annara, sem láta vöru sína í samsölu, að vanda þá heldur sinn hluta. Ef þeir þyrftu að borga allar skemmdir úr sínum vasa, mundi þetta horfa öðruvísi við. Þetta er alvarlega hættulegt fyrir allar einkasölur, og þó einkum síldarsölu, því síldin útheimtir meiri vandvirkni í allri meðferð og meiri samvizkusemi en sambærilegt sé við aðrar vörur. Það er hinsvegar svo, eins og ég benti á við 2. umr., að ástandið um sölu síldarinnar hefir breytzt svo á fáum árum, að ekki er sambærilegt við aðra framleiðslustarfsemi landsmanna; þar sem markaður fyrir aðrar vörur hefir stöðugt farið minnkandi, er því ómótmælt, sem ég sagði við 2. umr., að sölumöguleikar fyrir síld og síldarafurðir fara sívaxandi, bæði fyrir síld til vinnslu í verksmiðjum og saltsíld til matar. Báðir þessir möguleikar fara vaxandi, verksmiðjum fjölgar og fleiri og fleiri lönd opnast fyrir ísl. síld, og sölumöguleikarnir fyrir saltsíldina aukast. Þessu geri ég ekki ráð fyrir, að nokkur þm. reyni að mótmæla.

Í ræðu minni við 2. umr. þessa máls, benti ég á, að sú breyt., sem er að verða á verkun og sölumöguleikum fyrir ísl. síld, hefir aðallega orðið síðan gamla síldareinkasalan lagðist niður. Þetta hélt ég, að væri viðurkennt af öllum, enda hefir því ekki beinlínis verið mótmælt. Hinsvegar reyndi hv. frsm. meiri hl. að eigna gömlu síldareinkasölunni þetta, því sá maður, sem opnaði matjessíldarmarkaðinn, hefði verið á hennar vegum. (FJ: Hann var starfsmaður hennar í 2 ár). Það er rétt, að þessi maður, Magnús Andrésson, var hjá síldareinkasölunni. Kom hann sér einmitt í samband við hana af því hann hafði ekki önnur ráð en vera á vegum einkasölunnar, þegar hún hafði alla síldarverzlunina í sínum höndum. En hann starfaði alveg sjálfstætt að því að kenna verkun síldarinnar og koma henni á markaðinn. Það er því sannast að segja hálflítilmótlegt fyrir þá menn, sem halda með síldareinkasölunni, að seilast svo langt, að eigna þessu fyrirkomulagi verk þessa manns, sem allur landslýður veit, að vann það verk að öllu leyti að eigin frumkvæði. Það verk er því honum að þakka, en ekki síldareinkasölunni. Þess vegna stendur það óhrakið, sem ég sagði við 1. umr., að stærsti megingalli þessa fyrirkomulags væri minna frumkvæði að nýbreytni í verkunaraðferðum og vinnuframtaki um nýja markaði, þegar einstaklingurinn dregur sig til baka, en allar framkvæmdir og fyrirhöfn eru hinsvegar komin undir opinber yfirráð.

Á þeim árum, sem síldareinkasalan starfaði, veit ég ekki til þess, að nokkuð væri gert til þess að hefja verkun á síld með nýjum hætti, eða afla markaða, sem hald væri í. Nú þrengist árlega um þann markað, sem var þegar gamla síldareinkasalan byrjaði. Til Svíþjóðar fer salan sífellt minnkandi ár frá ári, og í Eystrasaltslöndunum hefir alveg tekið fyrir hana og salan lagzt niður.

Já, ég vildi ekki láta þessa umr. líða svo hjá, að ég vekti ekki athygli hv. þdm. á því, hvaða áhrif það hefði, alveg sérstaklega á vöruvönduninn, ef það á að leggja verkunina á síldinni undir einkasölu. Ég vænti, að hv. þm. taki þessar upplýsingar til greina við atkvgr. um málið.

ATKVGR.

Brtt. 723,a felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv, GTh, JakM, JJós.

nei: JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍ, HV, JörB.

BÁ, HannJ greiddu ekki atkv.

Brtt. 723,b samþ. með 17:15 atkv.

— 747 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 701,1.a samþ. með 21:3 atkv.

— 701,1.b samþ. án atkvgr.

— 701,2 felld með 17:15 atkv.

— 743 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 701,3 samþ. án atkvgr.

— 701,4 felld með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.

neí: EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, JörB.

ÁÁ greiddi ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, JörB.

nei: GÞ, GSv, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.

GÍ greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 60. fundi í Ed., 13. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 782).

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 4:10 atkv.

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Þetta frv. er flutt af sjútvn. Nd. í samráði við ríkisstj., og eru þar tekin upp ásamt meiru efni bráðabirgðal., sem gefin voru út á síðasta þingi.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn. þessarar d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.

**Ingvar Pálmason:** Sjútvn. hefir ekki haldið neinn reglulegan fund um málið, en nm. hafa talað saman, og hefir orðið samkomulag um að láta málið ganga til 3. umr. og taka það til meðferðar í n. milli umr.

**Jón Auðunn Jónsson:** Eins og form. sjútvn. sagði, hefir n. ekki getað haldið fund um þetta frv., sem er nýkomið frá Nd. En í sambandi við þetta mál vil ég taka fram, að ég tel affarasælustu leiðina, á þessu sviði eins og öðrum, frjáls samtök, og álít hægt að koma slíkum samtökum á meðal síldarútflytjenda. En með því að samþ. þessi l. er ég hræddur um, að smáútvegsmönnum verði erfitt að koma sér fyrir. Eins og e. t. v. er eðlilegt, vantar í þetta frv., að smærri útvegsmenn geti fengið lán, þegar l. koma í veg fyrir, að þeir séu frjálsir að selja vöruna.

**Forseti (EÁrna):** Ég vil geta þess, að þetta mál verður tekið á dagskrá á morgun, og því er æskilegt, að sjútvn. gæti fengið tíma til að athuga frv. í dag. Sömuleiðis hefir landbn. óskað eftir að fá tíma til að hafa fund, og vildi ég því geta slitið fundi kl. 4.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.

2.—13. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð af stjórninni, en deildin synjaði þeirra með 4:7 atkv.

Á 65. fundi í Ed., 19. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Eins og hv. d. er kunnugt, fór mál þetta í gegnum 2. umr. án þess að það væri athugað í n. Á milli umræðna höfum við farið yfir frv., og hefir meiri hl. n. gert nokkrar brtt. við það, en minni hl. hefir óbundin atkv. um þær till. Brtt. við 1. gr. er í því fólgin, að gert er ráð fyrir nokkuð öðru fyrirkomulagi á síldarn. Er ætlazt til, að Alþ. kjósi 3 menn hlutfallskosningu, Alþýðusamband Ísl. 1 og síldarútvegsmenn 1. N. yrði því samkv. brtt. skipuð 5 mönnum, en í frv. er gert ráð fyrir 7. Þetta er aðalatriði þessarar brtt. Aðalbreyt. við 4. gr. er fólgin í því, að rýmkað er allverulega um það, hverjir geti orðið þátttakendur í þessu samlagi. Það var áður bundið því skilyrði, að þátttakandi hefði 25 þús. tunnur síldar til umráða, en eftir brtt. er það lagt í vald n.,

hve mikla síld þátttakandi þurfi að hafa til umráða. Ég hygg, að þessar breyt. stuðli að því, að menn geti orðið ánægðari með frv., og að málið gangi því fremur fram. En um frv. í heild er það að segja, að hér er aðeins um skipulag að ræða, sem talið er nauðsynlegt til þess að takmarka framboð á síld til erlendra kaupenda. Reynsla síðasta árs hefir sýnt, að þörf er á slíkum ráðstöfunum. Ágreiningur er um það, hvort þessar takmarkanir eigi að ná lengra en yfir sérverkaða síld, en samkv. frv. er n. falið að úrskurða það. Reynslan verður að skera úr, hvort þörf er á frekari takmörkunum. Mér hefir skilizt af andmælum, sem fram hafa komið, að sumir telji ekki þörf á skipulagi um sölu annarar síldar en þeirrar sérverkuðu, en ég held, að allir séu sammála um, að nauðsynlegt sé að skipuleggja sölu svokallaðrar matjessíldar. Frá mínu sjónarmiði skal ég taka það fram, að ég er hræddur um, að frv. nái ekki þeim fullkomna tilgangi, sem ég vildi og teldi nauðsynlegt, en takmarkið á að vera það, að sjómennirnir fái sjálfir það raunverulega verð, sem fyrir síldina fæst á erlendum markaði. Ég er hræddur um, að reyndin verði sú, sem við þekkjum ofur vel, að milliliðunum takist að ná til sín að mestu þeim hagnaði af sölunni, sem sjómennirnir sjálfir að réttu lagi ættu að fá í sinn hlut.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefi ekki getað skrifað undir þessar till. frá hv. meiri hl. sjútvn., vegna þess, að í aðalatriðum er ég andstæður þessu frv. og tel, að allt aðra skipun þurfi á þessum málum en þar er farið fram á. Það er nokkuð öðru máli að gegna með síldarútveginn en sölu á fiski, því að markaðsmöguleikar fyrir síld eru margir. Hún er borðuð víðast hvar í Mið-Evrópu og talsvert í Ameríku, einkum af Skandinövum, Pólverjum og Þjóðverjum. Markaðsmöguleikar eru því miklu rýmri fyrir síld heldur en saltfisk. Af því leiðir, að ég tel ekki rétt að binda mjög sölu á síld, sízt með l. eins og hér er stefnt að, því að það mundi draga úr hvöt manna til að leita nýrra markaða, svo sem nauðsynlegt er til eflingar síldarútveginum. Menn vita, að eftir að síldareinkasalan var lögð niður, hafa einstakir menn farið að vinna að því að verka matjessíld, og það hefir borið þann árangur, að helmingur síldarútflutningsins síðasta ár var fluttur á matjessíldarmarkað í Póllandi og Þýzkalandi. Einnig er á það að líta, að útgerðarmenn og síldarútflytjendur, sem staðið hafa að freklega helmingi þeirrar síldar, sem útflutt var á þessu ári, hafa sent Alþ. mótmæli gegn þessu frv., en hinsvegar telja þeir rétt að setja l. um matjessíldarsamlag á svipuðum grundvelli og síðasta ár og með tilstyrk þeirra bráðabirgðal., sem þá voru gefin út. En þeir eru alveg andstæðir því, að önnur síld en matjessíld sé tekin undir þessi l. Mér hefir verið tjáð, að ef að því væri horfið að setja alla síld undir þetta skipulag og hefta aðra sölu, gæti verið hætta á því, að við það stöðvaðist atvinna ýmissa smærri útgerðarmanna, einkum þar sem svo stendur á, að bankarnir eru ófúsir á að lána útgerðarmönnum fé til að kaupa tunnur og salt, en hinir smærri útgerðarmenn hafa ekki fjármagn til þeirra kaupa og verða því að fá lán annarsstaðar frá til þess að geta gert út. Það er ýmislegt annað í framþróun þessa atvinnuvegar, sem þeir telja, að frv. mundi hefta, ef það yrði að l., og því leggja þeir eindregið til, að þetta frv. verði ekki samþ. Það verður líka nokkur vandhæfni á því að þurfa að ákveða í byrjun vertíðar, hvernig síldin skuli verkuð.

Það getur vel farið svo, að á þennan hátt verði of mikið verkað fyrir einn markað, en of lítið fyrir annan. Á þessu ári var t. d. verkað of mikið af matjessíld, þannig að nokkur hluti af þeirri síld, sem þannig er verkuð, er annaðhvort óseljanlegur, eða þá að samningum um þessa síld hefir verið riftað. Hinsvegar hefir verið, eftir því sem mér hefir verið skýrt frá, hægt að selja meira af saltsíld, sérstaklega til Sviþjóðar.

Brtt. hv. meiri hl. sjútvn. snerta ekki grundvöll frv. Það snertir ekki þann grundvöll, að skipa n. með kosningu í Sþ. að nokkru leyti, og fækka mönnum í n. Hinsvegar álít ég miklu skynsamlegra að hafa 5 manna stj.; e. t. v. væri hægt að komast af með 3 menn í þessu tilfelli, en ég tel tæplega til bóta, að þingið eigi að kjósa þessa menn eftir pólitiskum flokkum, í stað þess, sem frv. gerir ráð fyrir, að síldarútflytjendur ráði nefndarskipuninni.

Jafnvel þótt svo sé, að oftar verði skaði að fyrirframsölu á síld, er útgerðin samt þannig stödd, og hefir alltaf verið, að án þess er ekki hægt fyrir marga fátæka útvegsmenn að gera sín skip út. Ég hygg einnig, að það fyrirkomulag haldist áfram, að bankarnir vilji ekki lána fé til kaupa á tunnum og salti til útgerðarinnar, en án þess að fá það fyrirfram í byrjun vertíðar, er ómögulegt fyrir þessa menn að gera út. Ég verð því að leggja til, að þetta frv. verði felt. Hinsvegar hefði ég viljað taka upp allt aðra skipun þessara mála, en það er engin von um, að brtt. í þá átt næði samþykki hér í hv. d., því að það var svo áliðið þingtímans, þegar frv. þetta kom frá hv. Nd. Því er engin von um, að slík till. næði fram að ganga, jafnvel þótt meiri hl. fengist fyrir samþ. hennar hér í d., en þar að auki er það svo, að þessi mál eru þannig sett fram, að svo virðist sem stjórnarflokkarnir vilji í engu raska grundvelli frv. Af þessum ástæðum einnig er ólíklegt, að það bæri nokkurn árangur að bera fram brtt. í þessu efni.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Í rauninni er lítið tilefni til þess að taka til máls að þessu sinni, en mér kom andinn í ræðu hv. frsm. minni hl. n. þannig fyrir sjónir, að hv. þm. myndi leggjast á móti frv. Innan n. virtist mér honum jafnljós nauðsyn þessa máls eins og okkur hinum. Ég get vel skilið, að honum sé kærari einhver önnur skipun þessa máls heldur en sú, sem frv. gerir ráð fyrir. Síldarútvegurinn er nú þannig staddur, að það er óhjákvæmileg nauðsyn, að einhverri skipun verði komið á þessi mál af hálfu þess opinbera. Reynsla síðastl. ára hefir sýnt það, að illa hefði getað farið í þessum efnum, hefði ekki verið sett ákvæði með bráðabirgðal., sem tryggðu sæmilega sölu síldarinnar.

Nú er búið að selja næstum alla ársframleiðsluna, og það, sem eftir verður um áramótin næstu, mun talið tryggt, að seljist.

Ég hygg, að fæstir útgerðarmenn neiti því, að þetta stafar að miklu leyti af því skipulagi, sem sett var með bráðabirgðal. í sumar sem leið. Við höfum þegar fengið nokkra reynslu fyrir því, að síldarsalan hefir ekki verið nema að litlu leyti í okkar höndum. Og það er víst, að háværar raddir hafa heyrzt meðal sumra útgerðarmanna um það, að hæpið sé að unnt verði að gera út, ef það ástand endurtekur sig hér á landi, að Svíar hafi hér umboðsmenn, sem kaupa síldina fyrir mjög lítið verð. Síðan hafa innlendir síldarkaupmenn siglt í kjölfar þessara útlendu síldarkaupmanna. Þetta gildir um grófverkaða síld. Aftur á móti er það um matjessíld að segja, að hún er þannig verkuð, að eins er hægt að selja hana á pólskum og þýzkum markaði. Samkv. upplýsingum sendimanns ríkisins í Mið-Evrópu, Jóhanns Jósefssonar, í skýrslu sinni til stj., er lítt mögulegt að selja síldina nema á einni hendi, af samlagi eða einkasölu. Þess vegna er nauðsynlegt, að síldarsalan sé höfð á einni hendi, sem ríkisvaldið verður að skapa, því að útgerðarmenn sjálfir eru þess vanmáttugir, samkv. fenginni reynslu. Þetta er aðaltilefni þessarar löggjafar, sem hér er á ferðinni.

Hv. þm. hélt því fram, að engin þörf krefðist þess, að grófverkuð síld væri sett undir umráð útflutningsnefndar. En ég býst við, að útgerðarmenn séu ekki sammála um þetta, því að það er hægt að ofhlaða þann markað eins og aðra, og þar með skapast e. t. v. of mikið framboð, svo að síldin lækkar niður úr kostnaðarverði. Það er vitanlega á valdi síldarútvegsnefndar, hvort hún álítur, að þetta heyri undir sig eða ekki.

4. gr. ætlast til þess, að þessu sé ekki slegið föstu, heldur sé það að öllu leyti á n. valdi, hvort þessi síld er tekin með eða ekki. Mér skilst, að þau mótmæli, sem fram hafa verið færð í þessu sambandi, byggist aðallega á þessu tvennu: hvernig n. verði skipuð, og svo hinu, hvort grófverkuð síld heyri undir þessa skipulagningu.

Ég hefi þegar tekið það fram, að það verði í öllum tilfellum á valdi síldarútvegsn., hvort þessi síld verður tekin með eða ekki. Aftur á móti geta verið skiptar skoðanir um hitt atriðið, hvernig þessi síldarútvegsn. skuli skipuð.

Eftir till. síldarkaupmanna norðanlands, sem sent hafa þinginu mótmæli gegn þessu frv., skulu útvegsmenn ráða öllu um þessi mál. Ég lít nú svo á, að hér sé annar stór aðili, sem skipti þetta mál ekki svo litlu, sem sé öll sjómannastéttin, sem á sína afkomu að miklu leyti undir síldarverðinu.

Því er það ekkert óeðlilegt, þótt hún verði sterkur þáttur í þessari n. Eftir till. okkar er ekki ætlazt til þess, að það sé á valdi n. einnar, heldur einnig ráðh., hvort skipaður verði maður í n., sem talizt gæti fulltrúi sjómanna.

Ég get ekki séð, að þau andmæli hv. þm. N.-Ísf., að varhugavert geti verið að láta þingið kjósa þessa menn, séu á sterkum rökum reist, enda reyndi hann ekki að rökstyðja þessi orð sín. Vitanlega er það engum vafa undirorpið, að flokkarnir vilja þá eina menn í n., sem þeim er kunnugt um, að hafi þekkingu á þessum málum, menn, sem hafa starfað við þennan atvinnurekstur og reynzt vera tillögugóðir í þessu efni. Það er vafasamt, hvort þeir menn, sem útgerðarmenn kynnu að kjósa sjálfir, séu nokkuð færari starfsmenn á þessu sviði heldur en þeir, sem flokkarnir velja. Ég ber ekkert vantraust til flokkanna í þessu efni. Það liggur í augum uppi, að það skapast meiri festa í þessa útflutningsn., a. m. k. í þeim hluta hennar, sem þingið velur, heldur en ef reiptog þarf að vera milli útgerðarmanna sjálfra um það, hver eigi að gegna þessum störfum. Hv. þm. veit vel um það reiptog, sem er á milli síldarsaltenda og útgerðarmanna um það, hvernig skipa eigi þessum málum.

Hv. þm. minntist á smærri útgerðina. Hún er eins sett og hún hefir verið. Það er rétt hjá hv. þm., að bankarnir munu vera ófúsir á að lána smærri og jafnvel stærri útgerðarmönnum rekstrarfé til kaupa á tunnum og salti, því að síldin skoðast ekki nægileg trygging sem veðhæf vara. Af þeirri ástæðu telja bankarnir slíkt lán of áhættusamt.

En það er jafnopin leið og verið hefir fyrir smærri útgerðarmennina, að innlendu síldarkaupmennirnir kaupi síldina af þeim. Reynslan er sú með marga smærri útgerðarmenn, að þeir hafa, því miður, bæði hvað síldarverkunarstöðvar og fleiri snertir, ekki haft skilyrði til þess að verka síldina, og verða því að selja öðrum, sem betri tök hafa á að verka síldina. Þessi möguleiki er fyrir hendi, því að ekkert útilokar það, að hér geti þrifizt síldarkaupmenn, eins og hlýtur að vera að meira og minna leyti, af ástæðum, sem hv. þm. N.-Ísf. benti réttilega á, sem sé, að ekki er nægilegt fjármagn fyrir hendi til þess að tryggt sé, að allir útgerðarmenn geti saltað sjálfir og aflað sér nægilegra birgða af tunnum og salti. En skipulagningin á að tryggja, að smærri útgerðarmönnum sé greitt meira fyrir síldina en verið hefir. Ennfremur á það að tryggja, að hærra verð fáist með takmörkun sölunnar, þannig að framboðið á erlenda markaðinum fari ekki langt fram úr eftirspurninni, eins og oft hefir átt sér stað.

Með þessu móti er unnt að tryggja það, að verðið verði ekki fyrir neðan allar hellur, en það á vitanlega að koma, a. m. k. að einhverju leyti, þeim að góðu, sem að meira eða minna leyti hafa aflað síldarinnar. Ég veit ekki, hvort hv. þm. N.-Ísf. telur rök sín fyrir því svo veigamikil, að fella eigi þetta frv. Hann um það. En hitt er vitanlegt, að þrátt fyrir allt er það ósk síldarútvegsmanna, að sett verði löggjöf um þetta efni, og ekki langt frá því að formi, sem þetta frv. er.

Ég hefi áður bent lauslega á það, að rökin fyrir því, að löggjöf væri sett um skipulag þessara mála, væru í rauninni viðurkennd af hálfu útgerðarmanna með setningu bráðabirgðal., því að þau voru sett í samræmi við óskir þeirra. Hvar lenti það, ef engin l. ættu að vera til fyrir útveginn næsta ár? Úr þessu yrði sami glund-

roðinn og áður var, sem allir útgerðarmenn hér á landi telja óviðunandi.

Af því, sem nú var nefnt, hefir það ekki við nein rök að styðjast. að leggja til, að þetta frv. verði fellt, því að vitanlega er ekki unnt að koma með neitt í staðinn, sem tryggt geti gott skipulag í þessu efni til frambúðar.

Ég vil því eindregið leggja til f. h. meiri hl. n., að hv. d. samþ. þetta frv., í því trausti, að með því sé verið að reyna að bjarga mönnum undan því ástandi, sem var þegar óviðunandi áður en löggjöf var sett um þetta efni, því að ég tel tvímælalaust, að með þessu móti verði mönnum tryggðar miklu betri tekjur af þessum atvinnurekstri en ella mundi verða.

**Magnús Guðmundsson:** Ég lít á frv. það, sem hér liggur fyrir, sem hálfbróður frv. um meðferð saltfiskjar. Vitanlega er ég jafnt á móti þessu og hinu.

Ég hygg, að útgerðarmenn hafi alls ekki óskað eftir l. í þessa átt, sem hér er farið fram á. Ég veit ekki betur en að fyrir liggi sterk mótmæli gegn þessu frv. frá útgerðarmönnum víðsvegar af landinu. Það er rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. tók fram, að útgerðarmenn væru ekki einir aðilinn í þessu sambandi, heldur einnig sjómannastéttin. En ég efast um, að sjómenn telji sig yfirleitt hafa borið svo mikið úr býtum meðan síldareinkasalan sál. var við lýði, að þeir séu fíknir í að fá svipað fyrirkomulag á þessa vöru aftur. (**SÁÓ:** Hér er ekki um neina síldareinkasölu að ræða). Fljótt á litið ekki, því að hún er vafin inn í margfaldar umbúðir í þessu frv. Það er vissulega góðra gjalda vert og sýnir ljóslega, að hv. flm. þessa frv. vita, að síldareinkasalan er ekki sérlega vinsæl, eins og nú stendur, enda er ekki við öðru að búast, þegar tekið er tillit til þess, með hverjum ósköpum hún skildi við þennan heim. Það hefði a. m. k. mátt búast við því. að hún fengi að kólna í gröfinni, áður en farið yrði að gera tilraun til þess að vekja hana upp aftur frá dauðum. Enn er þrotabúinu óskipt, og maður veit ekki enn, hve mikið ríkissjóður þarf að greiða. Það verður a. m. k. ekki undir 1 millj. kr., og þó segja fróðir menn, að minnstur skaðinn af þessari einkasölu sé fólginn í þessari 1 millj., því að miklu meira hafi farið til spillis á mörkuðunum erlendu.

Síldareinkasalan kenndi Svíum að veiða hér við land miklu meir en þeir áður höfðu gert, og ég sé ekki betur en að hér eigi að reyra alla saltsíld í svo mikinn dróma, að varla verði unnt að snúa sér við.

Þessi n. á að hafa með höndum úthlutun útflutningsleyfa og veiðileyfa. Það má ekki einu sinni fara út á sjó í friði til þess að veiða síldina, nema n. gefi leyfi til þess. Hún á ennfremur að úthluta söltunarleyfum. Ég hefði nú haldið, að það nægði að fá leyfi til að veiða síldina, og að ekki þyrfti að sækja um leyfi til þess að fá að salta hana á eftir. Ég get ekki skilið, til hvers á að veiða síldina til verkunar, ef það er ekki gert til þess að salta hana. Svo þarf leyfi til þess að flytja síldina út. Ég hefði haldið, að flestir veiddu síld til söltunar og útflutnings, og þetta gæti því verið í einu lagi. Svo má ekki gleyma því, að það á að leggja 2% skatt á andvirði síldarinnar. Öllum er svo bannað að bjóða síld til sölu erlendis o. s. frv., sem ég skal ekki fara nánar út í að sinni. Ég held, að við ættum að muna, hvernig Svíar tóku einkasölu hér hjá okkur 1928. Því ættum við sannarlega að fara varlega í að sýna þeim aftur þennan gamla draug, en það er einmitt gert með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Því verður ekki neitað með nokkurri sanngirni.

Ég hefi haft litinn tíma til þess að athuga brtt. hv. meiri hl., en samt geri ég ráð fyrir að greiða atkv. með þeim. Það mun ég samt ekki gera af því, að ég sé svo hrifinn af því fyrirkomulagi, að pólitiskir flokkar séu látnir kjósa í stj. þessarar síldarútvegsn., heldur af því, að mér virðist vafamál, að málið fari í gegn, ef þessi breyt. verður samþ. hér.

Ég get ekki skilið, hvers vegna ekki mátti fara eftir óskum útgerðarmanna í þessu efni, að hafa ekki fast skipuleg á grófverkaðri síld. (**SÁÓ:** Það er hægt að undanskilja hana. Það er á valdi n. að gera það). Menn geta svo sem sagt, að þetta sé á valdi n., en ég fæ ekki skilið, hvers vegna verið er að veita n. þetta vald í hendur, þar sem útgerðarmenn eru yfirleitt á móti því. Sjómenn óska ekki heldur eftir þessu, svo kunnugt sé.

Ég ætla ekki að tefja tímann lengur; ég vildi aðeins láta mína skoðun á málinu í ljós.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er rétt, að ég tel nauðsynlegt að breyta skipulagningu þessara mála frá því, sem verið hefir undanfarið. Ég tel sjálfsagt, að þeir menn, sem mest eiga undir affarasælli úrlausn þessara vandamála, útgerðarmenn og sjómenn, leggi drýgstan skerf til sköpunar skipulags í þessu efni. Hitt er ég sannfærður um, að gripi ríkisvaldið fram fyrir hendurnar á þessum aðilum, þá mun illa fara. Við höfum séð þess dæmi undanfarið, að það eina, sem eitthvað dugir, er, að þeir, sem hafa hér mestra hagsmuna að gæta, útgerðarmenn og sjómenn, myndi með sér félagsskap til þess að bæta úr ágöllum síldarverzlunarinnar. Með tilliti til þess símskeytis, sem borizt hefir frá síldarútflytjendum norðanlands, hygg ég, að bráðabirgðal., sem lögð hafa verið fyrir þingið, muni nægja.

Hv. frsm. meiri hl. hélt því fram, að öll síld væri seld og seljanleg á næstunni. Ég hygg nú samt, að það sé rétt, sem ég heyrði síðast í dag, að „refúserað" hefði verið sölu á 15 þús. tunnum af matjessíld, og að lítil von væri um, að sú síld seldist nema fyrir lágt verð.

Ég hefði talið, að bráðabirgðal. ætti að staðfesta sem skipulagningu fyrst um sinn a. m. k. Þau voru sett samkv. óskum útgerðarmanna og síldarútflytjenda og í fullu samræmi við óskir þær, sem fram komu á hv. Alþ. í símskeyti frá útgerðarmönnum á Norðurlandi. Þess vegna tel ég ekki rétt, að þessum málum verði öðruvísi skipað í bili, þangað til þessir aðilar óska einhverra breyt. á skipulaginu, en þær geta þeir alltaf fengið hjá þinginu, hvenær sem þeir vilja.

ATKVGR.
Brtt. 869,1 samþ. með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** SÁÓ, ÞÞ, BSt, GL, HG, HermJ, JBald, JJ, MG, PHerm, EÁrna.
**nei:** JAJ.
Fjórir þm. (PM, ÞBr, IngP, MJ) fjarstaddir.
Brtt. 869,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 869,3 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv. og endursent Nd.

---

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 898).

Á 65. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 21. des., var frv. aftur tekið til einnar umr.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Mér þykir leitt, að hv. form. sjútvn. er ekki viðstaddur. Ég ætlaði að fá upplýsingar hjá honum í sambandi við þetta mál. **(Forseti (JörB):** Ég skal gera ráðstafanir til þess að ná í hann). Þegar þingstörfin eru orðin að annari eins þrælkunarvinnu og nú á sér stað, er þess varla að vænta, að þm. geti fylgzt fullkomlega með hverri smábreyt., sem gerð er á frv. í hinni deildinni. Nú er þetta frv., eins og hv. þdm. vita, komið hingað aftur frá hv. Ed., og voru þar gerðar á því breyt. Að sjálfsögðu er það hlutverk þeirrar n., sem um málið fjallar, að athuga, hvaða breyt. eru gerðar á því í hinni d., og sú skylda hvílir á n. að gera grein fyrir þeim breyt., sem gerðar hafa verið. Af þessum ástæðum væri gott, að hv. form. sjútvn. væri hér viðstaddur, hann sem jafnframt hefir verið frsm. hv. meiri hl. n. í þessu máli. Það, sem ég vildi spyrja hv. form. sjútvn. um, sem ég sé að er nýkominn inn í d., var viðvíkjandi matjessíldarsamlaginu. Eins og ég hefi áður tekið fram í þessari ræðu, væri mjög æskilegt, að hv. form. sjútvn. og frsm. meiri hl. n. í þessu máli vildi gera grein fyrir þeim breyt., sem gerðar voru á þessu frv. í Ed. Þegar liðið er svo langt á þingtímann, og hv. þm. eru uppteknir við þingstörf allan daginn og jafnvel mestallan sólarhringinn, þá er þess varla að vænta, að hver einstakur þm. fylgist með hverri smábreyt., sem gerð er á frv. Þess vegna er nauðsynlegt, að þær n., sem málin hafa til meðferðar, geri grein fyrir þeim breyt., sem gerðar hafa verið.

Nú vil ég spyrja hv. form. sjútvn., sem einnig er í stj. matjessíldarsamlagsins, sem hefir haft með höndum einkasölu á matjessíld á þessu ári, hvernig viðhorfið er með sölu á þeirri síld, sem samlagið hefir haft með höndum á þessu ári, sem nú er að enda. Sumir fullyrða, að nokkur tvísýna sé á því, hvernig fara muni um sölu á töluverðum hluta af þessari matjessíld, sem söltuð var á síðustu vertíð og samlagið hefir einkasölu á. Sá orðrómur gengur manna á meðal, að viðskiptamenn samlagsins í Póllandi, sem samið höfðu um kaup á töluverðu magni af þessari síld, muni ekki vera það ábyggilegir í þessum viðskiptum, að vissa sé fyrir því, að þeir muni standa við gerða samninga. Það er sagt, að þessir menn, sem náð hafa samningum við samlagið, séu ekki reglulegir síldarkaupmenn, heldur einhverjir menn, sem hafi vegna þessarar aðstöðu, sem var um þessi viðskipti, komizt framhjá þeim reglulegu pólsku síldarkaupmönnum, hafi náð samningum við matjessíldarsamlagið, í fullu missætti við síldarkaupmennina í Póllandi. Ég fyrir mitt leyti fullyrði þetta ekki, en bið hv. form. sjútvn. að upplýsa það fyrir hv. þdm.

Menn segja, að af þessum ástæðum séu þessir menn komnir í einhverjar ógöngur með að standa við þessa samninga og ætli að reyna að komast undan þeim. Þeir hafa að vísu sett tryggingu fyrir viðskiptunum að einhverju leyti.

Ég tel nauðsynlegt, að upplýst sé fullkomlega, hverju fram vindur um söluhorfur og framkvæmdir þessa samlags, sem gera má ráð fyrir, samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir, að eigi að fara með síldarsöluna framvegis. Ég áskil mér svo að lokum rétt til þess að taka aftur til máls, að fengnum umræddum upplýsingum um þetta mál.

**Frsm. (Finnur Jónsson):** Ég skal svara fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. Aðalbreyt., sem gerð var á frv. í hv. Ed., hefðu hv. þm. átt að geta gengið úr skugga um sjálfir, þar sem þeir hafa fyrir 2 dögum síðan fengið frv., eins og það breyttist í Ed. Samt skal ég taka það fram, að höfuðbreyt., sem gerð var á frv., er sú, að í stað þess, að gert hafði verið ráð fyrir því, að í síldarútvegsn. sætu 7 menn, er farið fram á það í frv. eins og það kemur frá hv. Ed., að þeir séu aðeins 5. Í öðru lagi var sú breyt. gerð, að 3 af 5 mönnum skyldu kosnir með hlutfallskosningu í Sþ., einn útnefndur af síldarútvegsmönnum og einn af Alþýðusambandi Ísl. Ennfremur var gerð nokkur breyt. á 4. gr. frv., þannig að felld var niður málsgr. um, að fél. skuli opið öllum síldarframleiðendum, þannig að fél. geti verið þátttakendur í síldarsamlaginu, heldur er gert ráð fyrir, að einstaklingar komi í þess stað. Aðrar verulegar breyt. hafa ekki getað fengizt á þessu frv. í Ed.

Það má náttúrlega deila um það, hvort heppilegra sé að haga kosningu í síldarútvegsn. eins og gert er ráð fyrir í frv. núna heldur en eins og það var, þegar n. skilaði frv. frá sér. Eins og ég tók fram við umr., sem þá fóru fram um frv., var allur atkvæðisréttur tekinn af síldarsaltendum, eins og frv. var upphaflega, og lagður í hendur útvegsmanna. Ýmsir eiga þarna hagsmuna að gæta, og er því ekki auðvelt að finna út, hvernig heppilegast sé að haga atkvgr. við kosningu stj., svo að fullt réttlæti náist. Ég viðurkenni, að þetta hefir ekki tekizt til fullnustu í frv., eins og það var samþ. frá Nd., og má því líta svo á, sem rétt mun og vera, að síldarútvegsn. sé kosin á Alþ. að einhverju leyti, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að hún hafi neitt með útflutning síldar að gera, nema því aðeins, að til einkasölu komi, sem ég býst ekki við, að verði.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. um

horfur á sölu matjessíldar, skal ég upplýsa það, að óseld eru 5000 tn. af ársbirgðunum. Ástæðan fyrir því, að þessi síld er enn óseld, er sú, að illa hefir gengið að fá síld borgaða gegnum þá greiðslusamninga, sem gerðir hafa verið við eina af okkar beztu viðskiptaþjóðum á þessu sviði, Þýzkaland, vegna þess, að legið hefir fyrir svo mikið af mörkum, að ekki lítur út fyrir, að þau seljist næstu 5 mán., en eftir útlitinu að dæma lagast það næstu mán.

Hv. þm. sagði, að í fél. því, sem samið var við í Póllandi, hafi enginn stór síldarkaupmaður verið. Þetta er alls ekki rétt. Í síldarinnflytjendafél., sem gerðir voru samningar við, eru stærstu síldarkaupmennirnir pólsku. Ég sé ekki ástæðu til að nefna nein nöfn, því hv. þdm. mundu verða litlu nær, en í þessu fél. voru a. m. k. tveir stærstu síldarkaupmenn Póllands. Af Danzigkaupmönnum eru fáir í fél., þó er einn sá stærsti í því.

Það er ekki rétt, að slitnað sé upp úr samningunum, en í sambandi við skipstrand, sem varð í nóv., þá kom hik á í bili, því það skip var með síldarfarm. En nú er búið að endurnýja samningana, og í dag er verið að afskipa 5000 tn. matjessíldar upp í þessa samninga. Tryggingar eru ekki aðrar en þær, sem venjulega gilda, að sett er bankaábyrgð fyrir greiðslu um leið og farmi er afskipað.

Ég hygg, að ég hafi þá svarað fyrirspurnum hv. 3. þm. Reykv. Ég skal aðeins bæta því við, að í ár hefir sú breyt. orðið á matjessíldarsöltunni, að í stað þess, sem áður var, að hún var send til útlanda og ekki borguð fyrr en á ákvörðunarstað, stundum ekki fyrr en eftir marga mán. og stundum alls ekki, hefir hún nú verið seld frítt um borð hér á landi í ár, og umboðsmenn viðskiptafirmanna hafa skoðað hana hér og metið, hafa því engar skemmdir verið á þessari vöru í ár, sem annars voru vanalega miklar, og því talsverður úrgangur.

Eftir útlitinu að dæma má gera ráð fyrir, að meðalverð á síld, kominni um borð í skip, verði 30 kr. pr. tn. Er þá vitanlega reiknað án gengisáhættu, sem matjessíldarsamlagið óhjákvæmilega verður að taka á sig vegna viðskiptanna við Þýzkaland, en vonandi verður ekki hættulegt í þetta skipti.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að svara. En ég get itrekað það, að það, að útkoman í ár er svona miklu betri en undanfarið, stafar af samtökum síldarframleiðenda og því, að aflazt hefir mun minna en undanfarið.

**Sigurður Kristjánsson:** Hv. þm. er það eflaust kunnugt, að það hafa borizt kröfur um það frá mjög mörgum síldarútvegsmönnum og síldareigendum, að frv. það um síldarútvegsn. o. fl., sem hér liggur fyrir, verði ekki samþ. af þinginu. Ég ætla, að það hafi verið nokkuð hátt á sjöunda tug útvegsmanna, sem sendu Alþ. kröfu um þetta frá Siglufirði. Því hefir nú raunar verið haldið fram, að þetta séu aðallega saltendur síldar, miklu meira en útgerðarmenn, en mér virðist, að þeim komi líka þetta mál allmikið við. Því að vitað er það, að þeir, sem kunna að hafa selt þeim síld, hafa gert það, af því að þeir hafa séð sér hag í að gera þá að milliliðum. Þeir eru þá orðnir eigendur síldar, og það kemur þeim þá sannarlega mest við, hvort gripið er fram í fyrir þeim. En ef nú ekki er heimilt að selja slíkum mönnum síld, þá er sennilegt, að það yrðu útgerðarmennirnir sjálfir, sem stæðu í þeirra sporum, svo að einu gildir í raun og veru, hvort þeir eru allir útgerðarmenn eða ekki. Nýlega hafa borizt mótmæli frá mönnum við Eyjafjörð, sem hafa ráð yfir að mig minnir 120 þús. tunnum af síld. Þeir mótmæla því harðlega, að þetta frv. verði að l.

Það væri nú nokkuð einkennilegt, ef þeir menn, sem sitja á þessari háu samkomu, hafa yfirleitt meira vit á því heldur en síldarútgerðarmenn og síldareigendur sjálfir, hvert væri heppilegast fyrirkomulag á sölu síldarinnar, og það væri mjög einkennilegt, ef hér væri svo mönnum skipað, að þeir þættust upp úr því vaxnir, að taka nokkurt tillit til umsagnar og raka þeirra manna, sem langmesta aðstöðu og bezta hafa til þess að hafa þekkingu á þessum málum, og þar að auki hafa fyrir sína hönd og fjölda manna, sem hjá þeim vinna, fyrir miklum hagsmunum að sjá, hagsmunum, sem oftast, ef ekki ætíð, munu fara saman við hagsmuni þjóðfélagsins.

Að þessu alveg slepptu, sem ég tel þó vera stórkostlega þýðingarmikið atriði í þessu máli, þá ættu menn ekki að vera svo gleymnir, að þeir væru algerlega búnir að missa sjónir á því ástandi, sem skapaðist hér undir einkasölufyrirkomulaginu gamla. Nú þykist ég vita það, að því verði svarað af einhverjum, að hér sé ekki farið fram á eingöngu einkasölu, heldur sé hún ætluð sem þrautalending. En það þýðir nú ekki mikið að vera að reyna að blekkja sjálfan sig, og ekki heldur aðra. Það er nokkurn veginn ljóst, að með þessu frv. er stefnt að einkasölu aftur. Það mál er nú svo leiðinlegt og margrætt, afdrif gömlu einkasölunnar, að ég ætla ekki að fara út í það á ný. Ég gerði það nokkuð við 2. umr. málsins hér í d., og það gerðu raunar fleiri, en annars eru þessi mál sjálfsagt öllum í fersku minni. En hitt er annað mál, að hér á Alþ. kunna að vera menn, sem láta sér það vel líka, að í sama horfið sæki. En ég lít svo á, að þær raddir, sem komið hafa frá fjölmennustu síldarverum á Norðurlandi, séu einmitt sprottnar af því, að þar er fólkinu í fersku minni, hvaða óhamingja gamla síldareinkasalan leiddi yfir almenning, ekki aðeins síldareigendur, heldur líka þá menn flesta, sem unnu að síldinni á sjónum. Og það er skylt að taka tillit til þess.

Það hefir verið vitnað hér í það, að félagsskapur hafi verið um léttsaltaða síld í sumar, matjessíld, og að hún hafi verið í höndum fárra manna, og þeirra sala á henni hefir verið lögvernduð. Þetta er náttúrlega rétt, að það fékk fél. manna lögvernd fyrir því, að vera einkaútflytjandi að þessari síld. Og það er einnig rétt, að þessum útflutningi hefir farnazt vel, a. m. k. samanborið við gömlu síldareinkasöluna. En þó voru þessi samtök ekki gallalaus. Verðið var nokkuð hátt á þessari síld, en það er ekki rétt að láta blekkjast af því verði, því að í fyrra-

sumar var ekki saltað af þessari síld nema eitthvað um 67 þús. tunnur, en árið áður voru saltaðar 120 þús. tunnur. Nú getur hver maður sagt sér það sjálfur, að það eru a. m. k. sáralitlar líkur fyrir því, að þessi síld hefði selzt við jafngóðu verði, ef saltað hefði verið allt að því tvöfalt á við það, sem kom á markaðinn frá Íslandi. Og af því að hér er nú kominn í d. aftur hv. flm. þessa máls, og sá maður, sem líka var í stj. þessa síldarsamlags, sem ég hefi verið að minnast á, þá vil ég nú þegar taka það fram, að mér er tjáð, að salan á þessari síld hafi gengið mjög misjafnt yfir síldareigendur, og m. a. s., að stærstu síldareigendurnir hafi klemmt það í gegn, að þeir yrðu í stj. síldarsamlagsins, með hótunum um að kljúfa félagsskapinn að öðrum kosti, en að þeir hafi síðan ekki verið mjög hörundsárir um að ýta fram sínum hagsmunum og nota til þess þá aðstöðu, sem þeir höfðu hlotið með því að lenda í stj. þessa félagsskapar. Það er ekki langt síðan það voru óseldar af þessari síld að ég ætla 12 til 15 þús. tunnur. Nú upplýsti hv. þm. Ísaf. það í dag, að óseldar mundu vera ennþá um 5 þús. tunnur. En það mun hafa verið svo, að smærri síldareigendur sátu lengst með sína síld óselda og sitja sjálfsagt með eitthvað af henni ennþá óselt, en þeir stærstu fengu alla sína síld afsetta með því allra fyrsta, eða allra fyrst.

Ég hygg nú samt, að almennt mundu menn kjósa, að um þessa síld væri svipaður félagsskapur framvegis, en að einhverjar skorður yrðu settar við því, að salan gengi ójafnt yfir, því að þó að þetta hafi orðið til nokkurs baga fyrir smærri eigendur þessarar síldar nú í ár, þá segir það sig sjálft, að að því hefði orðið miklu meiri bagi, ef svo mikið hefði verið aflað og svo mikið verkað á þennan hátt, að erfitt hefði orðið um sölu á e. t. v. allmiklum hluta af síldinni. Því að þó að í þetta síldarfél. sé vitnað, þá álít ég ekki, að meðferð á málefnum þessa félagsskapar og sú síldarsala, sem það hafði með höndum, hafi verið svo ákjósanleg, að það sé í raun og veru hægt að kalla þennan félagsskap til vitnis um ágæti síldarfélagsskapar um alla síld, með svipuðu fyrirkomulagi, og því síður er hægt að kalla hann til vitnis um ágæti algerðrar ríkiseinokunar á henni.

Það er ekki nema eðlilegt, að síldareigendur og útgerðarmenn séu hræddir við að stefna að svipuðu eða sama ástandi og var hér á árunum 1929—1931. Það er ekkert undarlegt, þegar menn athuga það, að jafnvel í ekki miklu síldarári brunnu síldareigendur inni með megnið af aflanum, og hann varð verðlítill eða verðlaus. Það er því ekki undarlegt, þó að mönnum hrjósi hugur við að leggja út í það sama. En auk þess virðast skilyrðin vera ennþá verri nú en þau þá voru. Það er vitað, að viðskiptamönnum okkar, sem hafa verið stærstir í Svíþjóð, er ákaflega illa við einkasölu. Og það bætir ekki úr skák, að fram til þessa dags hefir gamla síldareinkasalan verið í málaferlum við sænska síldarkaupmenn, og af því hefir skapazt alveg sérstök ótrú frá þeirra hálfu á sliku fyrirkomulagi, ef þá ekki beinlínis óvild. En það er ekkert álitlegt að hefja slíkt fyrirkomulag, vitandi það, að stærstu viðskiptamenn okkar líta það jafnóhýru auga eins og stærstu viðskiptamenn okkar hvað þessa framleiðslu snertir, a. m. k. sumir, hljóta að líta nýja síldareinkasölu, ekki aðeins vegna mistaka um verkun síldarinnar og efndir á samningum, heldur líka vegna þeirra málaferla, sem yfir hafa staðið og yfir standa ennþá, milli síldareinkasölunnar og kaupenda síldarinnar.

Ég skal þá víkja að því, hvað bíður þeirra manna, sem síldar afla eða kaupa, ef ný þvingunarl. verða sett um þennan atvinnurekstur. Það er öllum vitanlegt, að lánsstofnanir hafa yfirleitt ekki talið síld veðhæfa, og að erfitt hefir verið að fá lán út á síld, og það þó hún sé verkuð. Þeir, sem fengið hafa lán til öflunar og verkunar síldar, hafa yfirleitt verið menn, sem komið hafa sér í mjúkinn hjá bönkunum á annan hátt. Það hefir því verið fangaráð félitilla manna, sem fengizt hafa við þennan rekstur, að fá lán hjá einstaklingum, oft erlendis, til kaupa á efninu til útgerðarinnar, tunnum, salti, o. s. frv. Með þessu móti hafa þeir getað haldið rekstri sínum áfram. Sýnilegt er, að þetta mundi hverfa úr sögunni við lögfestingu þessa fyrirhugaða skipulags, mönnunum yrði meinað að afla sér lána erlendis og ekki heldur gefinn kostur á innlendum lánum. Og þar með eru þeir úr sögunni. Það gæti verið heppilegt fyrir þá, sem geta vaðið í bankana, þeir gætu þá ginið yfir öllum atvinnurekstrinum, og svo yrði einkasalan kaupandi að megninu af síldinni, að öðrum kosti yrði útgerðin að leggjast niður. Það var svo með gömlu síldareinkasöluna, að hún lagði útgerðarmönnum til tunnur og salt, en ég sé ekki, að til þess sé ætlazt með fyrirhugaða einkasölu. Þá færi eins og ég hefi sagt, að einkasalan neyðist til þess að vera bara kaupandi að síldinni. Ég minntist á það við 2. umr., að mér þætti undarlegur áhugi manna á því, að koma sama fyrirkomulagi á síldarmálin og var hér á árunum 1928—1931. Enginn mælir á móti því, að þeirri stofnun, sem þá réð í þessum málum, hafi farnazt ákaflega illa. Mér finnst því nokkuð frekt að fitja nú upp á því sama, meðan ekki er fyllilega búið að hylja hræið af gömlu einkasölunni. Þó gæti mönnum sýnzt út í þetta leggjandi, ef ásigkomulag atvinnurekstrarins væri svo bágborið, að það gæti ekki verra orðið, og menn álitu einkasölu það skárra af tvennu illu. En nú er fjarri því, að svo sé. Ekki er hægt að mæla á móti því, að síðan síldareinkasalan lagðist niður, hefir útveginum farnazt mun betur, og öllum þeim, sem að honum vinna, hvort sem er á sjó eða landi, hefir vegnað betur, allir hafa þeir borið úr býtum þó nokkurn arð fyrir vinnu sína. Allir munu vera ánægðari með afkomu útvegsins síðastl. ár en á þeim árum, sem einkasalan var við lýði. Og ég vildi gjarnan heyra einhver rök fyrir því, að það væru hagsbætur einhverjum aðilanum, að breytt væri aftur um fyrirkomulag. Ég óska eftir þessum rökum m. a. til þess, að ég þurfi ekki að halda, að hv. flm. gangi illt eitt til með þessari uppástungu.

Það var ekki ætlun mín að rifja neitt upp af óhöppum gömlu síldareinkasölunnar nú, en ég

vil þó minnast á atriði, sem gæti skýrt fyrir mönnum, hvílíkt óhagræði útgerðarmönnum og öðrum, sem við þenna útveg fást, er að einkasölu. Eitt af hlutverkum gömlu síldareinkasölunnar var að úthluta veiði- og verkunarleyfum, og það yrði enn lagt í hendur einkasölu, yrði hún stofnuð á ný. Þetta fór svo, að smærri skipin fengu ekki verkunarleyfi nema fyrir um helming þess, sem þau gátu aflað. Og einmitt þessi smærri skip hafa enga aðstöðu til að selja síldina öðruvísi en til verkunar, nema þá eitthvað lítilsháttar í beitu. Með því að gefa þeim ekki leyfi til að verka nema helming þess, sem þau gætu aflað, er loku skotið fyrir það, að útgerð þeirra beri sig. Öðru máli er að gegna um stærri skipin. Þau geta tekið í sig stóra farma og selt þá í bræðslu. Ekki sízt út af þessu atriði liggur kvíði í flestum, sem við síldarútveg fást, fyrir því að lenda aftur í þessu sama striði um verkunarleyfin. Og það eru ekki bara útgerðarmennirnir, sem bera áhyggjurnar, heldur líka allur sá fjöldi fólks, sem vinnur við síldina á sjó og landi og yrði atvinnulaus, ef útgerðarmenn sjá sér ekki fært að gera út. Ég veit, að það er ekki létt verk að úthluta þessum leyfum, og ég segi ekki, að gamla síldareinkasalan hafi leikið vissa menn illa af ásettu ráði, en útkoman verður herfileg. Ég hefi ekki heyrt því haldið fram hér í umr., að aðstaða síldarsaltenda og útgerðarmanna hafi verið betri, síðan einkasalan var lögð niður. Menn kynnu að halda, að útkoman þessi síðari ár væri betri, af því að aðstaðan hefði batnað. En það er síður en svo. Árið eftir að einkasalan lagðist niður, var miklu meira aflaár en síðustu ár einkasölunnar. En þrátt fyrir erfiðari aðstæður til sölu á síld, þá tókst að koma henni allri út, en einkasalan brann inni með megnið af sinni síld. Einkasalan hafði síður en svo bætt fyrir þeim, sem á eftir komu, heldur velti hún mörgum steini í götu útgerðarmanna. Hún hafði komið inn ótrú og óvild kaupenda á vörunni og viðskiptum við Íslendinga. En nú hefir tekizt að vinna traust kaupendanna aftur undir frjálsu skipulagi á meðferð og sölu síldarinnar. Það hefir áunnizt á ekki lengri tíma.

Annars er ég á þeirri skoðun, að þýðingarlaust sé að ræða þetta mál mikið, og að rök hafi lítið að segja, en þó hefi ég talið mér skylt að segja þessi aðvörunarorð. Og ég vil leggja þunga áherzlu á það, hvílíkur ábyrgðarhluti það er fyrir löggjafarvaldið að grípa svona inn í þennan atvinnurekstur, þar sem að baki er tvennskonar ástand, einkasalan, með öllum þeim vandræðum, sem af henni leiddu, og tímabil frjálsu sölunnar síðan, þegar atvinnureksturinn hefir gengið miklu betur. Nú virðist það sjálfsagt, að menn fái að búa áfram við það fyrirkomulag, sem betur hefir gefizt, en verði ekki neyddir að hverfa til þess, sem þeir hafa enga aðra reynslu af en illa. Verði þetta gert, hlýtur eitthvað annað að liggja á bak við en umhyggja fyrir þessum mönnum og afkoma atvinnuvegarins. Formælendur frv. hafa ekki látið þann tilgang í ljós, en mér leikur sterkur grunur á því, að þar sé um tvennt að ræða. Í fyrsta lagi ofstæki þeirra, sem knýr þá til þess að koma hér á ríkisrekstri, kommúnistafyrirkomulagi á sem flestum sviðum, og í öðru lagi eiginhagsmunavon, svo sterk, að hún láti sig það engu skipta, þó að sníða verði utan af almenningshagsmunum til að fullnægja henni. Hvorugt þetta er frambærileg ástæða til þess að knýja nú mál þetta í gegn. Ég krefst annarra, frambærilegra raka, og komi þau ekki fram, þá mótmæli ég í nafni allra þeirra, sem sent hafa Alþ. andmæli gegn frv., að það verði gert að l. Og það eru menn, sem eiga fyllstu kröfu til þess, að álit þeirra sé tekið hér til greina.

**Guðbrandur Ísberg:** Í sambandi við það frv., sem fyrir liggur, vil ég leyfa mér að benda á örfá atriði, og þá fyrst það, að um sölu síldar gegnir í verulegum atriðum allt öðru máli en um sölu saltfiskjar. Síldarútvegurinn byggist á tveim höfuðþáttum, veiði og sölu. Stundum fer þetta saman, en oft eru þessir þættir aðgreindir með öllu. Og hagsmunir þeirra manna, sem reka þessar tvær greinar síldarútvegsins, rekast oft á allóþyrmilega. Af þessu stafar það, að síldarútvegsmenn eiga erfiðara með að koma sér saman um hagsmunamál sín en flestir aðrir atvinnurekendur. Síldarútvegsmenn, veiðendur og saltendur, viðurkenna þetta fúslega sjálfir. En þrátt fyrir þessa erfiðleika á almennu samkomulagi, eða öllu heldur vegna þessa ósamkomulags, mun þó mega fullyrða, að yfirgnæfandi meiri hl. þessara manna sé þó fylgjandi nokkrum afskiptum löggjafans af málum þeirra, a. m. k. svipuðum afskiptum og þeim, sem fólust í bráðabirgðal. um þetta efni frá síðasta sumri. Og það verður ekki komizt hjá að játa, að allmargir síldarútvegsmenn, veiðendur a. m. k., eru því fylgjandi, að löggjafarákvæðin nái ekki aðeins til matjessíldar, heldur og til allrar saltsíldar.

En það er þó eitt, sem nálega allir, eða allir síldarútvegsmenn eru sammála um, og það er, að einkasala á síld sé ekki aðeins óæskileg, heldur muni hún beinlínis verða stórkostlega skaðleg fyrir síldarútveginn. Samkv. þessu hefði verið eðlilegt, að ég hefði a. m. k. borið fram brtt. þess efnis, að einkasöluákvæðið yrði fellt niður. Að ég geri það ekki, stafar af því, að mér, eins og öllum hv. þm., er kunnugt um, að frv. á fram að ganga óbreytt, og brtt. mundu því aðeins verða til þess að tefja málið, án þess að hindra framgang þess. Vegna einkasöluákvæðisins get ég með engu móti greitt atkv. með frv. En í trausti þess, að einkasöluákvæðinu verði ekki beitt, og í trausti þess, að tækifæri gefist á næsta þingi til þess að laga þá galla, sem á frv. eru, mun ég heldur ekki greiða atkv. gegn því, og mun því sitja hjá við atkvgr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 67. fundi í Nd., 22. des., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 937).

## 79. Fólksflutningar með bifreiðum.

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um skipulag á fólksflutningum á landi** (þmfrv., A. 79).

Á 12. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv. á þskj. 79 er flutt af meiri hl. samgmn., en undirbúið og samið af skipulagsnefnd atvinnumála. Frv. var sent til samgmn. af atvmrh., og ákvað meiri hl. að verða við því að flytja það. Einn nm. vildi þó ekki taka þátt í flutningi þess, og annar var fjarverandi, er meiri hl. samgmn. ákvað að flytja málið.

Þótt meiri hl. samgmn. hafi tekið að sér að flytja frv., geri ég ráð fyrir, að einstakir nm. muni telja sig hafa óbundnar hendur um að flytja brtt. við frv. undir meðferð málsins. En í höfuðatriðum teljum við hér stefnt í rétta átt: að koma skipulagi á fólksflutninga á landi, sem fram fara með bifreiðum. Þessir flutningar aukast stöðugt, eftir því sem vegakerfin færast út. Í sumar sem leið opnaðist þannig bílvegasamband milli tveggja landshluta, norður- og austurlands.

Ég ætla, að öllum sé það ljóst, að þörf sé á að skipuleggja þessa flutninga, þar sem þeir eru farnir að aukast svo mjög, og haga þeim þannig, að almenningi sé fyrir bestu. Hættan er nefnilega sú, að bifreiðarnar verði of margar og þar af leiðandi ekki nærri nóg fyrir þær að gera. — Við flm. teljum því, að hér sé stefnt í rétta átt með þessu frv.

Eins og menn sjá, þá fer frv. ekki fram á, að tekin sé upp opinber rekstur á þessari atvinnugrein, heldur að skipulagður sé einkarekstur sá, sem hér um ræðir, undir yfirstjórn póstmálastjórnarinnar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vil leyfa mér að vænta þess, að þar sem n. ekki sem slík hefir fjallað um þetta mál, þá verði því vísað til samgmn. og 2. umr.

**Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég var ekki viðstaddur í samgmn., þegar sú ákvörðun var tekin þar að flytja þetta frv. samkv. beiðni hæstv. atvmrh. Það mun þó vera svo, að meiri hl. n. flytur frv. og er víst aðallega átt við einn mann, hv. 1. þm. Rang., sem er minni hl. En ef ég hefði verið viðstaddur, þá hefði ég sennilega ekki skorizt úr leik með að koma málinu fram, þó ég hafi ýmislegt við það að athuga.

Ég býst ekki við, að það þyki fært vegna þingskapa að vísa málinu aftur til n., en þar fyrir geta einstakir nm. tekið málið til athugunar í n., því það hefir enn ekki verið gert. Vonandi verður því málinu ekki hraðað um of eða tekið á dagskrá fyrr en nm. hafa haft aðstöðu til þess að athuga það rækilega.

Þetta mál er þannig vaxið, að það má segja, að tímabært sé að gera einhverja gangskör í líka átt og hér er farið fram á, enda er í nálægum löndum, þar sem ég þekki til, svipað fyrirkomulag komið á, en skakkar þó talsverðu. Það eru þegar nokkrar hömlur á frjálsum flutningi fólks á Norðurlöndum að því er bifreiðar snertir. Í Noregi mun það t. d. vera svo, að til fastra áætlunarferða þarf sérleyfi, en það er ekki neitt stjórnarráð, sem veitir það leyfi í öllum tilfellum. Það eru héruðin eða bæirnir, sem þau leyfi veita. Miðað við okkar staðhætti mætti segja, að til bifreiðaflutninga í héruðum veittu héraðsstjórnir leyfin, en í bæjunum bæjarstjórnirnar. Þetta hefir sérstaka þýðingu hér, þar sem, eins og kunnugt er, tekið hefir verið upp fyrirkomulag, sem kallast Strætisvagnafélag Reykjavíkur. Það er því síður en svo ástæða til að taka nú með slíkri löggjöf ráðin af bæjarstj. Rvíkur um að veita leyfi til þess að annast farþegaflutninga innan bæjarins.

Það má líka benda á einstök önnur atriði, sem þar tíðkast og eiga meira og minna við hér. Og skal ég nefna sem dæmi, að það getur verið eins gott, að vegamálastjórnin hafi með höndum þessa yfirstjórn eins og póstmálastjórnin, en það er að vísu fyrirkomulagsatriði eitt. Ráðunautur stj. í þessum málum hefir verið vegamálastjóri, en ég veit ekki, hvort hann hefir verið sérstaklega hér til ráða kvaddur, sem þó hefði átt að vera, því að hann er allra manna fróðastur um slíka hluti og hefir í höndum skýrslur og upplýsingar viðvíkjandi bifreiðaferðum landsins.

Frv. þetta er komið frá skipulagsnefnd atvinnumála, þessari ruslakistu, sem um allt fjallar milli himins og jarðar. Í erindisbréfi hennar segir, að hún eigi að skila till. til stj. að rannsókn lokinni. Nú er nefndin alveg nýstofnuð, en samt er hún farin að káka við að koma með eitt og eitt mál hér inn á þing. En það sýnir sig, að þessi nefnd er ennþá nokkuð villuráfandi og að hún veit ekki fótum sínum forráð, sem ekki er óeðlilegt, þar sem henni er ekki markaður neinn bás og veit því ekki, hvar á að nema staðar, því nóg er til, og eins og stendur í erindisbréfinu, þá er það allur þjóðarbúskapurinn, sem hana varðar. Og þessi n. hefir samið þetta frv., sem ekki er sérlega gagngert, ef það ætti að vera til frambúðar, og alveg óhæfilegt að ana í það án þess að spyrja þann mann ráða, sem verið hefir ráðunautur stj. í þessum efnum undanfarin ár. Er það ekki góð byrjun hjá n., að bera ekki þar niður með rannsóknir sínar og leita upplýsinga þar, sem þær er helzt að fá.

Hvað sérleyfunum viðvíkur, þá verður að taka tillit til þess, að þeir, sem leyfin eiga að fá, séu sem bezt við starfinu búnir. Þeir hafa væntanlega og vitanlega lagt of mikið í kostnað til þess að eiga það yfir höfði sér að verða sviptir sérleyfinu eftir 2 ár. Annarsstaðar þar sem ég er kunnugur, hefir ekki þótt hlýða að hafa þennan tíma, sem leyfið á að gilda, styttri en 3 ár. Hér er því teflt á það tæpasta, að taka aðeins til 2 ár.

Eins er mjög athugandi, hvort eigi að miða við stærð bifreiðanna. Annarsstaðar er miðað við öll flutningstæki, allar bifreiðar til mannflutninga, sem eiga að halda uppi föstum áætl-

unarferðum á vissum svæðum. Þetta má laga, og er nokkuð í áttina til þess í frv. sjálfu. En þar sem gert er ráð fyrir því í 6. gr., að fargjöldin megi skiptast milli sérleyfishafa, sem geta orðið fleiri á sama svæðinu, eftir tölu sætakilómetra þeirra bifreiða, sem þar eru í förum, þá er það athugandi, ef ætti að lögleiða þetta, að það er mjög misjafnt, hvað menn hallast að flutningatækjum og bifreiðarstjórum. Menn taka ástfóstri t. d. við vissan bifreiðarstjóra og bifreið, og kannske líka bifreiðartegund, eftir því hvað mönnum fellur bezt í geð. Af þessum sökum getur það verið ranglátt, að félög eða menn, sem fólk helzt vill aka með, verði harðara úti en aðrir og að þeir fái ekki hlunnindin, af því hvað þeir fara vel með menn og flutninga. Þetta getur líka orðið til þess að kippa burtu hvötinni til þess að fara að öllu vel og greiðlega. Í þessu á nátturlega að felast jöfnuður, en það getur ekki síður verið ranglæti. Við megum ekki við því að taka af þeim, sem vinna verk sín vel og gera almenningi gagn, þeirra réttmæta hluta og láta allt aðra fá það. Þeir geta að vísu verið góðir líka, en þeir geta líka verið skussar, og ég vil ekki láta hlynna að skussunum á kostnað afburðamannanna.

Það er mjög æskilegt, að samgmn. — og mun ég gera mitt til þess — vilji taka málinu sómasamlega, svo einhver bót verði gerð á ríkjandi ástandi í þessum efnum. Einnig tel ég sjálfsagt, að leitað sé upplýsinga hjá vegamálastjóra um þessi mál. En svo bezt verður rétt á þessum málum tekið, að bæði n. og hæstv. atvmrh. séu af vilja gerð til þess að koma þeim á heilbrigðan grundvöll. Ég neita því sem sé ekki, að hér sé um nokkra þörf að ræða til endurbóta, og það er kunnugt, að bifreiðaakstur fer mjög misjafnlega úr hendi, og það er síður en svo, að hann fari æfinlega bezt úr hendi hjá þeim, sem mest hafa magnið til þess að halda honum uppi, enda líkar mönnum alls ekki ætíð bezt við þau félög, sem mest slá um sig í þessum efnum.

Ég álít líka, að það geti verið mikil ástæða til fyrir hið opinbera að létta undir með almenningi til þess að komast að góðum og greiðum flutningum með sanngjörnum gjöldum, því að það hefir hagað svo til nú upp á síðkastið, að almenningur hefir verið gersamlega ofurseldur þessum flutningafélögum, af því að ekki hefir verið um annað að ræða. Menn hafa orðið að ferðast með bifreiðunum, en hafa engin önnur ráð en að sitja og standa eins og þeim þóknast, sem yfir bifreiðunum ráða.

Ég legg því til, að þetta mál verði athugað nánar í samgmn., þótt því verði ekki formlega þangað vísað aftur.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég tel eins og hv. þm. V.-Sk., að rétt sé að vísa málinu til 2. umr., en ekki til n. Það er alger óþarfi; n. getur gert sínar till. án þess.

Þær aths., sem hv. þm. gerði við þetta frv., finnst mér í raun og veru ekki mikilsverðar. Það er svo að sjálfsögðu, að frv. hefði getað verið betur úr garði gert, eins og flest frv., sem hér eru borin fram. En ef komið er með skynsamlegar brtt. við það, þá munu þær að sjálfsögðu verða teknar til greina.

Hv. þm. V.-Sk. hélt því fram, að frv. hefði verið tímabært, en ekki að sama skapi undirbúið. Ég ætla bara að segja hv. þm. það, að við í skipulagsnefndinni munum ekki spyrja hann, hvenær við leggjum fram mál. Það hefir ekki verið skoðun stj., að ekki mætti koma álit frá skipulagsnefndinni fyrr en öllum rannsóknum á viðkomandi málum væri lokið, heldur skyldi n. koma með sínar till., þegar málin þættu nægilega tekin til athugunar, þó að aðalgrundvöllurinn fyrir þeim væri ekki tilbúinn.

Það er rétt hjá hv. þm., að ekki hefir verið leitað álits vegamálastjóra, enda er mér ekki kunnugt um, að hann hafi meiri þekkingu á þessum málum heldur en fjölda margir aðrir, t. d. þeir, sem hafa bifreiðaakstur með höndum.

Það kann vel að vera, að mönnum finnist rétt að tiltaka annan tíma, er sérleyfin skuli gilda. Hv. þm. V.-Sk. áleit, að tíminn mætti ekki vera styttri en 3 ár, en við höfum miðað við 2 ár, með hliðsjón af því, að stórar fólksflutningsbifreiðar eru venjulega farnar að ganga mjög úr sér eftir tveggja ára akstur á vegum landsins.

Þá fann hv. þm. V.-Sk. að þeirri heimild, sem er í 6. gr. þessa frv., að póstmálastjórnin geti ákveðið, að fargjöldunum skuli skipt milli sérleyfishafa eftir tölu sætakilómetra bifreiða þeirra, sem þar eru í förum. Ég sé ekki, að þetta geti verið hættulegt, því það er sett í frv., að ekki megi gera þetta nema með samþykki nefndar, sem kosin er af sérleyfishöfum sjálfum.

Hv. þm. minntist á það, að bifreiðastjórar gerðu misjafnlega mikið fyrir viðskiptavini sína. Það er vitanlega rétt. Þeir eru mjög misjafnlega vinsælir, en sumt af því, sem þeir gera, er þess eðlis, að það kostar mikla peninga. En ef þeir álíta það sjálfir, að það borgaði sig að skipta fargjöldunum niður eftir vissum reglum, þá sé ég ekki annað en að löggjöfin geti heimilað það.

**Frsm. (Gísli Guðmundsson)**: Ég hefi í raun og veru ekki miklu hér við að bæta. Ég þóttist heyra það á meðnm. mínum, hv. þm. V.-Sk., að hann muni vera frv. hlynntur, og þykir mér vænt um það.

Hæstv. forseti hefir það náttúrlega eins og hann telur í samræmi við gildandi reglur, hvort málinu verði vísað aftur til n. eða ekki. En ég vil mega vænta þess, að þó málinu verði ekki vísað til n., þá verði það þó rækilega athugað þar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 79, 339, 340).

**Frsm. meiri hl. (Jónas Guðmundsson)**: Um þetta mál hefir samgmn. klofnað, og meiri og

minni hl. skila hvor sínu áliti og till. og skal ég víkja örfáum orðum að till. meiri hl.

1. brtt. er við 1. gr. frv. Þar er haldið hinni sömu stefnu og í frvgr. upphaflega felst, sem er, að fólksflutningabifreiðar, sem stærri eru en 6 farþega, skuli þurfa sérstakt leyfi frá ríkisstj. Við höfum eiginlega fellt efni 8. gr. frv. inn í 1. gr., þar sem okkur þótti betra að hafa þetta í einu lagi, þó önnur gr. fjalli um póstmálastjórnina, en hin um ríkisstj., sem að nokkru leyti hafa þetta sama verkefni með höndum. En svo höfum við bætt við nýrri málsgr. um það, að slíkt leyfi, sem þarna er gert ráð fyrir, þurfi ekki hvað snertir vörubifreiðar, sem fara í smáferðir og flytja fólk, eins og allir kannast við að gert er í kaupstöðum og annarstaðar þar, sem bifreiðar eru. Þessi er þá aðalbreyt., sem við höfum gert við 1. gr. frv.

Við 5. gr. er næsta breyt., um það, að í stað 2 ára komi 3 ár, og að orðið „ávallt" í stafl. b. verði fellt burt úr gr. Þá er gert ráð fyrir, að nýr liður komi þarna inn, þar sem ráðh. er heimilað að fyrirskipa, að sérleyfishafar skuli nota vissar tegundir og gerðir bifreiða, sem fullnægi skilyrðum um útbúnað og öryggi bifreiða. Síðan koma breytingar á liðum, sem af þessum breyt. leiðir, og vona ég, að hv. dm. átti sig á þeim. Þá kemur nýr liður, og á samkv. honum að reyna að tryggja það, að þeir, sem fást við akstur stærri bifreiða, hafi nægilega þekkingu og reynslu í því að fara með bifreiðar og kunni nægilega skil á öllu, sem að því lýtur.

Þá er 3. brtt. n., að ráðh. sé heimilt að láta þessi ákvæði frv. einnig ná til smærri bifreiða en þeirra stóru fólksflutningsvagna, sem um er talað, ef þessar smáu bifreiðar hafa fastar áætlunarferðir á ákveðnum leiðum. Það má nefnil. hugsa sér þann möguleika, að litlar bifreiðar taki upp slíkar ferðir á sömu slóðum og sérleyfi hefir verið veitt til. Ætti þá með þessari heimild að vera hægt að fyrirbyggja tjón það, sem sérleyfishafi ella myndi hljóta af þessu. Annars er ekki meiningin, að ákvæði þessara l. nái til bifreiða fyrir 6 menn og færri. Ég vil vekja athygli á því, að það er illa að orði komizt í brtt., þar sem sagt er „sem rúma færri en 6 farþega", og væri betra að segja: sem rúma 6 farþega og færri. — Ófullnægjandi eru ákvæðin um brot gegn l., og höfum við úr því bætt. Við leggjum til, að 7. gr. færist aftur og verði 9. gr., en eins og nú er, eru ákvæðin um brot gegn l. í 7. gr. frv. Þær refsingar, sem lagðar eru við brotum á l., eru, eins og sjá má, fyrst og fremst sektir, og ef sérleyfishafi brýtur l., þá hafi hann fyrirgert sérleyfisréttindum sínum.

Þá leggjum við til, að 8. gr. sé felld burt, þar sem efni hennar hefir verið fært í 1. gr. En í stað 8. gr. komi ný gr., sem er sérstæð, og ekkert af efni hennar í frv. upphaflega, nfl. að ef kaupstaðir vilja taka í sínar hendur flutninga með strætisvögnum innan síns lögsagnarumdæmis og nágrennisins, þá sé ríkisstj. skylt að veita viðkomandi bæjarstj. einkaleyfi í því skyni. Þetta er gert með það fyrir augum, að bæirnir geti komið þeirri skipun á þessi mál, sem þeim þykir bezt henta, og að ríkisstj. geti ekki leyft neina samkeppni við þau fyrirtæki innan lögsagnarumdæmisins. Seinasta brtt. fjallar um það, að l. öðlist ekki gildi fyrr en 1. marz 1935. Er það gert með tilliti til þess, að nokkurn undirbúning muni þurfa í málinu, en nú komið langt fram á haust. Enda alveg óþarft, að þetta gangi í gildi fyrr en í vor, svo að allt verði komið í fast horf áður en aðalbifreiðasamgöngur hefjast.

Ég vil taka það fram, að þessar brtt. eru meiri að fyrirferðinni en verulegum breyt., því að anda hins upphaflega frv. er alstaðar fylgt, nfl. að reyna að skipuleggja fólksflutninga með stórum bifreiðum í landinu. Við höfum engar járnbrautir hér á landi, eins og flestar aðrar þjóðir hafa. Járnbrautirnar eru víðast hvar kostaðar af ríkinu og reknar af félögum með meiri eða minni ríkisstyrk. Þær eru hið skipulagsbundna samgöngukerfi á landi í þessum löndum. Ekkert slíkt er hér til. Hér eru allt einstaklingar, sem þennan rekstur, fólksflutningana, annast, og hver notar sína aðstöðu eins og hann hefir vit og tök á í gróðaskyni. Með þessum l. er reynt að koma þessu í skipulagsbundið kerfi, svo að almenningur geti reiknað með þessum landferðum, eins og menn geta nú orðið reiknað með skipaferðum meðfram ströndum landsins. Frv. er fyrst og fremst borið fram til að tryggja þetta, og í öðru lagi til þess, að á þeim erfiðu tímum, sem við lifum á, þegar okkur veitir sannarlega ekki af öllum okkar gjaldeyri, verði ekki dembt inn á markaðinn allt of miklu af bifreiðum, því að það eru stór og dýr tæki, heldur verði reynt að hagnýta á sem hagkvæmastan hátt það, sem fyrir er í landinu, bæði fyrir eigendur farartækjanna og almenning, sem þarf að nota þau. — Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um málið.

**Frsm. minni hl. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Eins og ég gat um við 1. umr. málsins, þá hefi ég fallizt á það, og það var samkomulag um það í samgmn., að gengið yrði inn á þessa braut, sem frv. fer fram á. Við teljum allir tímabært að gera nokkra gangskör að því að koma bifreiðaferðunum í fast horf, en eins og fram kemur hjá minni hl. samgmn., þá telur hann, að frv. hafi verið valið skakkt heiti, „fólksflutningar á landi", í stað þess, að hér er um að ræða fólksflutninga með bifreiðum einungis, og flytjum við brtt. að þessu lútandi. Þá er það rétt, sem getið hefir verið um af hv. frsm. meiri hl., að minni hl. hefir ekki getað orðið sammála hinum hlutanum um það, hvernig fara ætti með þetta mál og hvernig ætti að „regulera" þessa flutninga, í hvaða horf ætti að færa þessar samgöngur, og þeir hv. þdm., sem lesa brtt. og hlýða á mál mitt — þeir eru nú ekki yfrið margir —, geta séð, að stefnumunur er hér, og ekki óverulegur í sumum atriðum. Minni hl. hefir talið rétt að taka þessa fólksflutninga yfirleitt fastari tökum en frv. sjálft gerir. Við teljum, eins og brtt. á þskj. 340 við 1. gr. frv. bera með sér, að þurfa skuli leyfi til þess yfirleitt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum. Það er að vísu sagt, að fyrir slík leyfi skuli ekkert gjald greiða, og getur þó undantekning komið þar til með póst-

flutninga, en það verður þá við sérleyfi. En þessi alm. leyfi eru einskonar atvinnuleyfi, sem allir þeir þurfa að fá hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra, í samræmi við önnur atvinnuleyfi, sem ætla sér að annast þessa flutninga. Við teljum rétt að fara þegar inn á þá braut, að félög, fyrirtæki eða einstaklingar geti ekki lagt þessa atvinnu fyrir sig nema að fengnu leyfi. Er það í fyrsta lagi vegna þess, að rétt þykir að hafa einhverjar reglur um það, hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að slíkt leyfi fáist. Við teljum t. d. allskostar ósambærilegt að flytja vörur og flytja fólk. Það kemur í ljós í 2. brtt. okkar, þar sem fjallað er um, að almennt leyfi á lögreglustjóri að veita, en skilyrðin fyrir þessu alm. leyfi á að setja með reglugerð, og verður væntanlega gert. Það, sem við eigum við, er aðallega öryggi hvað snertir bifreiðarstjóra og farartækið. En undantekning frá þessum l. er í till. okkar, eins og hjá hv. meiri hl. Meiri hl. tók hana uppi í sínar till., en það er með vörubifreiðarnar, sem endrum og sinnum eru e. t. v. útbúnar til þess að flytja fólk. Það getur komið sér vel, þegar fólk vill fara í ódýrar skemmtiferðir með bifreiðum, sem ella eru ekki notaðar til fólksflutninga. Þykir því rétt, að ekki þurfi leyfi til slíks. Þetta er nýtt ákvæði, og einnig hitt, sem fram kemur undir b-lið (ný 3. gr.), undir hvaða kringumstæðum á að veita sérleyfi, og ákveður, að það eigi að veita fólksflutningabifreiðum, sem fara fastar áætlunarferðir á ákveðnum leiðum, og það, hvenær skuli veita leyfið, er í samræmi við frv. sjálft. Það er einungis nákvæmara í brtt. hjá okkur og ekki bundið við vissa stærð, heldur skuli það veita öllum bifreiðum í föstum ferðum á ákveðnum leiðum. Við höfum ekki séð neina ástæðu til að tiltaka stærð bifreiðanna í þessu skyni, heldur einmitt, sem meiri hl. líka féllst á, að setja ákvæði um, að bifreiðarstjórar stærri bifreiðanna skyldu fullnægja öðrum skilyrðum. Um þetta er brtt. undir f-lið við 5. gr., sem verður 7. gr.

Brtt. minni hl. felur það í sér, að bæjarstj. verði gefin heimild til þess að veita sérleyfi til fólksflutninga með leigubifreiðum í áætlunarferðum, innanbæjar og um nágrenni bæjarins. Slíka heimild hefir vantað, því að þótt einu félagi í Rvík hafi verið veittur nokkurskonar einkaréttur á slíkum flutningum, hefir það ekki verið gert samkv. sérstöku lagaákvæði, heldur með þeim almenna rétti, sem bæjarstjórnirnar hafa til þess að ráða innanbæjarmálum. En hvað viðvíkur flutningi milli tveggja nærliggjandi bæja, er gert ráð fyrir samkomulagi milli viðkomandi bæjarstjórna um veitingu sérleyfis. Hér eru auðvitað fyrst og fremst Rvíkurbær og Hafnarfjarðarkaupstaður hafðir í huga. Náist ekki samkomulag milli bæjarstjórnanna, er ráðh. ætlað að skera úr. — Þá er svo fyrir mælt, að sýslunefndir skuli veita sérleyfi til þessara flutninga, sem fram fari innan takmarka sýslunnar. En eftir sem áður eru aðalsérleyfin veitt af ráðh., nefnilega leyfi til allra langferða, þar sem farið er yfir fleiri sýslur. Ég get þess, að þótt slíkt fyrirkomulag sé nýtt hjá okkur, hefir það verið reynt annarsstaðar á Norðurlöndum, og þá fyrst og fremst í Noregi, en líka að nokkru leyti í Danmörku. Aðalreglan er sú, að fylkin og bæirnir ráða þessum málum innan sinna takmarka, en stjórnin ræður um langferðirnar. — Minni hl. n. sér ekki ástæðu til þess að binda yfirstjórn þessara mála við póstmálastjóra, og þykir eðlilegra, að vegamálastjóra sé falið að hafa hana á hendi, í samráði við póstmálastjóra, og berum við fram brtt. þess efnis. En þetta er aðeins fyrirkomulagsatriði og skiptir ekki miklu máli. Þó hefir okkur þótt rétt að gefa póstmálastj. heimild til þess að taka í sínar hendur póst- og mannflutninga með bifreiðum á ákveðnum leiðum. En eðlilegast er, að yfirstjórn þessara mála sé hjá vegamálastjóra. Það er öllum kunnugt, að stjórnirnar hafa haft hann sem ráðunaut í þeim málum, er snerta bifreiðar og flutninga með bifreiðum, og í samræmi við það leitaði n. álits hans, þegar ýmsir aðilar þessa máls voru spurðir ráða. Vegamálastjóri gaf ræki lega umsögn um málið, enda hefir hann kynnt sér það manna bezt, og eru brtt. minni hl. n. að ýmsu leyti byggðar á umsögn hans. Strætisvagnafélag Rvíkur sendi líka umsögn um málið, og eru báðir þessir aðilar sammála um það, að rétt sé að hafa í þessum efnum sama fyrirkomulag og tíðkast annarsstaðar á Norðurlöndum, nefnilega að bæjarstjórnir ráði sérleyfum innan bæjar sins, en ríkisstj. á langleiðunum. Mér skildist á hv. form. skipulagsn., 2. þm. Reykv., að ef bæjunum væri áhugamál að fá þessi mál í sínar hendur, ættu þeir og yrðu að taka reksturinn á sínar herðar, og það er sú braut, sem hv. meiri hl. n. vill, að farin sé. En minni hl. sér enga ástæðu til þess að binda bæjunum þær byrðar, að skylda þá til að reka flutningana. Hv. þm. mun vera kunnugt um það, að þegar kom til mála að hefja þessa starfsemi hér í Rvík, auglýsti bæjarstj. eftir félögum, sem vildu taka að sér þessar ferðir. Og félag það, sem tók að sér ferðir þessar, hefir meira að segja verið styrkt af bæjarstjórninni beint með ýmsum hlunnindum, enda mun það hafa getið sér góðan orðstír. Og minni hl. n. sér enga ástæðu til að meina bæjarstj. að veita slíku félagi leyfi til rekstrar, og jafnvel veita því hlunnindi, ef vel líkar við það. — Hitt er annað atriði, hvort praktiskt er að veita sýslunefndum sama rétt, og legg ég ekki mikið upp úr því.

Viðvíkjandi þeirri brtt. okkar, að sérleyfistiminn sé ákveðinn 4 ár, skal ég taka það fram, að forstjóri strætisvagnafélagsins hefir upplýst, að bifreiðar þær, sem hér um ræðir, endist í 4—5 ár. Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa það, sem stendur í bréfinu um þetta. Þar segir svo: „Hér ber að athuga, að yfirbygging þeirra bíla, sem hér eru byggðir, er svo dýr og vönduð, að áætla má, að hún endist í 4—5 ár, og er þá möguleiki að endurnýja vél og annað, sem undirvagni tilheyra, með tiltölulegum kostnaði. Myndum við því telja hæfilegri tíma 5 ár en 2, þar sem þetta ákvæði að öðrum kosti gæti dregið úr framtaki manna á þessu sviði".

Mér þykir það mjög sanngjarnt að miða sérleyfistímann við endingu vagnanna, og því mælir brtt. okkar svo fyrir, að leyfistíminn skuli vera 4 ár. — Þá þótti okkur sjálfsagt að skylda

sérleyfishafa til að nota þær tegundir og gerðir bifreiða, sem ráðh. telur í reglugerð, að fullnægi kröfum, sem setja verður til öryggis og þæginda farþegum. Svipaða brtt. hefir hv. meiri hl. líka tekið upp í sínar brtt. — Þá er d.-liðurinn. Þar leggjum við til, að póstmálastj. sé heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu bifreiða í fólksflutningum milli landsfjórðunga samkv. taxta, er um semur milli hennar og eiganda bifreiðar eða nefndar þeirrar, er um ræðir í 5. gr., þarna kemur póstmálastj. til, en að öðru leyti ekki mikið eftir till. okkar.

Eins og ég gat um í byrjun, sé ég ekki ástæðu til þess að láta sérstakar reglur gilda fyrir bíla, sem rúma minna en 6 farþega. En að svo stöddu hefir ekki náðst samkomulag í n. um þetta mál. Ég vil geta þess, að þótt n. hafi nú klofnað, vona ég, að hún geti haldið áfram að vinna að *málinu, ef þeir, sem standa að ágreiningsatriðunum*, taka nokkurt tillit hvor til annars. Ég get t. d. ekki fallizt á 6. gr. frv. eins og hún er nú. Þar er gert ráð fyrir því, að fargjöldum megi skipta milli sérleyfishafa eftir tölu sætakílómetra bifreiða þeirra, *sem eru í förum þar*, sem fleiri en einn aðili hefir fengið sérleyfi til fólksflutninga. Það er óhæfilegt að taka frá einum, sem uppfyllir allar skyldur sínar vel, til þess að umbuna öðrum. Veiting sérleyfis á ekki að vera nein náð og miskunn, heldur á að taka tillit til möguleika umsækjenda til þess að leysa starf sitt vel af hendi. Og sérleyfishafi má gjarnan hafa ágóða af því, að hann útbýr bíla sína betur, hefir viðkunnanlegri bílstjóra, o. s. frv., en keppinautur hans, sem miður stundar þetta. Og samkeppni á að fá að komast þar að.

Hv. meiri hl. n. hefir komið fram með brtt. um það, hvernig fara skuli með brot á þessum l., en það vantaði í frv. Um þetta atriði flytur minni hl. líka brtt., svo hljóðandi:

„Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkv. þeim verða settar, varða sektum frá 10—500 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál".

Þetta er í samræmi við ákvæði bifreiðal. um þetta atriði, og þótti okkur eðlilegra, að svo væri. — Aðrar brtt. okkar fara ekki fram á neinar stórvægilegar breytingar, og eru annaðhvort lagfæringar á orðalagi frv. eða afleiðingar af öðrum brtt. Ég skal því ekki fjölyrða frekar um málið að sinni. Ég vona, að hv. dm. komist að þeirri niðurstöðu, að með brtt. minni hl. sé *málinu bezt borgið*.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég vil þakka hv. n. fyrir það, að hún hefir tekið frv. til rækilegrar athugunar, og lýsa yfir því, að ég er *samþ. brtt. meiri hl. hennar. Þó eru þar tvö atriði*, sem ég mun bera fram brtt. um við 3. umr., en hvorugt þeirra er þýðingarmikið. Annað er það, að í stað ríkisstj. komi ráðh. Hitt er það, að í gr., sem verður 8. gr., er talað um, að bæjarstj. *geti ákveðið að taka í sínar hendur* rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins og um nágrenni. Ég mun leggja til, að orðin „og um nágrenni" falli burt. „Nágrenni" er óákveðið hugtak, og ég tel réttara að hafa þetta atriði bundið við lögsagnarumdæmið eitt. — Ég get ekki verið samþ. brtt. hv. minni hl. eða gengið inn á þau ummæli hv. frsm., að í þeim sé málið tekið fastari tökum. Ég held þvert á móti, að þar sé tekið á málinu á ópraktiskari hátt, einkum hvað það snertir, að láta allar bifreiðar þurfa að sækja um leyfi til flutninga. Mér er ekki ljóst, hvaða skilyrði ætti að setja fyrir þessum leyfum önnur en þau, sem nú eru sett. Hv. frsm. minni hl. var að tala um, að farþegar yrðu að njóta sem allra mests öryggis. Nú er þessu svo farið, að þeir bílstjórar, sem fólksflutninga stunda, verða að hafa sérstakt meira próf, þurfa að hafa ekið lengur og kunna meira að viðgerðum. Ég sé ekki, að hægt sé að setja frekari skilyrði til öryggis farþegum. Nú þegar er rækilegt eftirlit haft með útbúnaði fólksflutningabíla, og tel ég, að óþarft sé að herða á því. — *Skipulagsn. taldi óþarft* að ganga lengra nú en að skipuleggja þá fólksflutninga, sem fram fara með stærri bílum. Þar, sem þessir stóru vagnar ganga, svo sem suður á Reykjanes, innanbæjar og víðar, er það mjög erfitt, ef ekki *ómögulegt fyrir minni bíla að keppa við þá*. Ég tel því, að nóg sé að gert með brtt. hv. meiri hl. Auðvitað má taka smærri vagna með í kerfið síðar, ef þurfa þykir. Ég er því mótfallinn þessari brtt. minni hl.

Viðvíkjandi brtt. um leyfi sýslun. og bæjarstjórna til að veita sérleyfi innan síns umdæmis, þá get ég fallizt á brtt. meiri hl. n. um það, að bæirnir megi taka þennan rekstur í sínar hendur, ef þeir vilja. En um sýslurnar held ég, að ekki geti verið um slíkt að ræða hjá þeim, meðan þær hafa ekki meira umleikis en þær hafa nú. Um flesta þessa flutninga er það svo, að þeir ganga milli sýslna. Og ættu sýslunefndir að fá þetta vald, held ég, að stöðugir árekstrar yrðu milli leyfa sýslunefndarinnar og ráðherrans. Hv. frsm. minni hl. gat sérstaklega Rvíkur, að þar hefði starfað strætisvagnafélag með góðum orðstír, og óeðlilegt væri, að bæjarstj. Rvíkur mætti ekki veita því áfram þau hlunnindi, sem það hefði haft, og leyfi til flutninga. Ég veit ekki til, að strætisvagnafélagið njóti nokkurra annara fríðinda en þeirra, að fá stæði fyrir vagna sína á Lækjartorgi, en með því er auðvitað útilokað, að aðrir komist þar að með sína bíla. Og ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að ráðh. fái þetta veitingarvald, ef bæjarstj. sjálf vill ekki taka þetta í sínar hendur.

Ég hefi áður lýst tilgangi flm. með þessu frv., *hann er ekki sá, að taka atvinnu af neinum*, sem hana hefir nú, heldur sá, að koma skipulagi á þessa flutninga. — En ég vil geta þess út af orðum hv. frsm. minni hl. um Strætisvagnafélag Reykjavíkur, að Alþýðuflokksmennirnir í *bæjarstj. voru oft búnir að gera till.* um það, að bærinn tæki upp slíka flutninga. En sjálfstæðismenn hafa nú einu sinni fyrir allt bitið sig í það, að einstaklingsrekstur væri eitthvað sérstaklega affarasæll á öllum sviðum, og vildu því ekki aðhyllast þessar till.

Þá er það atriði í brtt. meiri hl., að sérleyfin gildi í 3 ár. Þó frsm. minni hl. segðist hafa talað við 4—5 bílstjóra, sem töldu þetta of stuttan tíma, virðast liggja fyrir fullgildar upplýsingar

um, að þetta sé nægilega langur tími fyrir leyfishafa. Ég hefi meðal annara átt tal við form. Strætisvagnafélags Reykjavíkur, og hann hefir sagt mér, að vegna vondra vega endist bifreiðarnar svo illa, að það þurfi að afskrifa þær á 2 árum, og að það sé hægt með þeim töxtum, sem þær nú hafi. Virðist því ekki ástæða til að hafa sérleyfistímann lengri en 3 ár.

Þá hefir minni hl. þrengt nokkuð aðstöðu póststjórnarinnar til að taka að sér flutningana. Til þess er engin ástæða, því það mun póststjórnin ekki gera, nema hún telji það hentugt, og þá er það líka sjálfsagt.

Að því er snertir greiðslu fyrir póstflutninga munu bifreiðarstjórar ekki setja fyrir sig að flytja hann endurgjaldslaust. Ég hefi átt tal við 3 bifreiðarstjóra, sem mest hafa flutt, og ber þeim saman um þetta. Yfirleitt munu bifreiðastjórar vera svona skipulagi hlynntir, því þeir finna, að þessi mál eru að komast í öngþveiti fyrir skipulagsleysi. Mér finnst alstaðar ganga á hag þess opinbera, þar sem því verður við komið. (GSv: Vantar rök). Ég hefi þegar nefnt tvö dæmi.

Þá hefir minni hl. lagt til, að miðstjórn þessara flutninga væri í höndum vegamálastjóra, en ekki hjá póstmálastjóra. Þetta er alveg fráleitt. Er sjálfsagt, að miðstjórnin sé hjá póstmálastjóra, sem hefir starfsmenn, sem geta annazt afgreiðslu og eru í hans þjónustu, úti um allt land, en þar hefir vegamálastjóri engum mönnum á að skipa. Eftir brtt. minni hl. yrði ekki hjá því komizt, að þessi mál heyrðu undir tvo ráðh., og yrði við það óþarflega þungt í vöfum. Ég mæli því eindregið með, að till. meiri hl. verði samþ.

Þá hefir minni hl. lagt til, að 6. gr. falli burt. En þar sem þar er áskilið samþ. sérleyfishafa til þess, að sú heimild verði notuð, tel ég rétt, að hún sé veitt, og verð því mótfallinn, að gr. sé felld niður. Þessum samgöngum þarf að koma á sama grundvöll og járnbrautarferðum annarsstaðar, að þær verði nákvæmlega tímavissar og ábyggilegar. Ef haldið yrði áfram á þeirri braut, sem nú er farin, bæði með bifreiða- og skipaferðir, að gera ýmsa hluti — sem að vísu getur verið gott fyrir farþegana — svo sem stöðugar aukaferðir og allskonar snatt, komast samgöngurnar aldrei í sæmilegt lag.

**Frsm. minni hl. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Ég veit ekki, hvort ég á að fara að flytja ræðu mína yfir svo fáum þm. — Form. hinnar svokölluðu skipulagsn., hv. 2. þm. Reykv., hefir nú látið í ljós álit sitt á þessum till. frá meiri og minni hl. n. Mér kom það ekki á óvart, að hann sneri nú við blaðinu, þó að ég gæfi í skyn honum til hróss, að hann hefði látið í ljós við mig, að hann mundi ganga inn á sanngjarna miðlun á málinu, svo sem að bæjarstj. fengi heimild til að veita leyfi innan sinna takmarka. Mér kom ekki á óvart, þó að hann hyrfi til náttúrunnar aftur, till. hv. meiri hl., sem ef til vill er frá honum runnin, sem sé að binda það við bæjarrekstur, en leyfa alls ekki bæjarstj. að hafa neina íhlutun þessara mála, nema því aðeins, að bæjarstj. taki það upp á sína arma. Nú má hann vita, af því að hann er líka bæjarfulltrúi, að Rvíkurbær hefir ekki treyst sér til að annast þessar ferðir, en það taldi hann, að hann og hans samherjar í bæjarstj. hefðu viljað, en það var ekki í öndverðu, heldur á seinna stigi málsins, að þeir vildu, að bærinn tæki sjálfur upp þessa flutninga. Ég hefi eftir því sem fyrir liggur um þetta mál, álitið, að bæjarfélag Rvíkur hafi ekki treyst sér til þess og muni ekki treysta sér til þess, svo að það væri engin ástæða til að hverfa að þessu, sem og er gagnstætt því, er reynsla annarsstaðar frá bendir til.

Í þessu efni höfum við góða reynslu að vitna í á Norðurlöndum. Það er rangt hjá hv. þm., að bæjarstjórnunum væri ætlað að reka þetta á Norðurlöndum, en bæjarstjórnir hafa heimild til að veita innan sinna takmarka slík leyfi.

Það má benda hv. þm. á það, þó að hann þættist ekki vita, hvernig þessu máli væri farið, að Rvíkurbær hefir samkv. því valdi, sem bæjarstj. hefir sama sem gefið þessu félagi, einkarétt til að halda uppi þessum ferðum. Það má segja, að það sé ekki einkaréttur formlega séð, með því að það lágu ekki fyrir lagaákvæði, sem heimiluðu bæjarstj. að gera það formlega, en bæjarstj. hefir veitt þessu félagi þau hlunnindi, að önnur félög komast þar ekki að. Það er faktiskur og praktiskur einkaréttur, sem þetta félag hefir haft, og það hefir fengið styrk a. m. k. um tíma til að halda uppi ferðum um Rvík og nágrenni. Í fyrsta lagi var það, að samkv. ráðstöfun bæjarstj. var auglýst eftir einstaklingum eða félögum, sem kynnu að vilja taka þetta að sér. Og þá var það, að bæjarstj. samdi við þetta félag, sem nú heitir Strætisvagnafélag Reykjavíkur, og lagði því til stofnstyrk, 15 þús. kr. fyrsta árið, og rekstrarstyrk 12 þús. Síðan hefir félagið ekki krafizt styrks né fengið hann. Félagið hefir verið rekið mjög gætilega og farið vægt í fargjöld, og hefir það blessazt svo, að það hefir ekki þurft á styrk að halda. En bærinn mun ekki veita neinu öðru félagi þennan styrk. Bærinn hefir líka veitt þessu félagi stæði á Lækjartorgi, og það eru dæmi til þess, eins og hv. þm. veit, að annað félag hefir sótt um stæði þar, en ekki fengið, og það mun ekki verða veitt, því að fyrir svo stóra vagna fleiri en þessa félags er ekki pláss þar.

Í þriðja lagi hefir bærinn veitt þessu félagi rétt til að hafa ákveðnar stöðvar, til að nema staðar á og taka fólk, og ekki væri hægt eins og hagar til að veita öðru félagi samskonar leyfi. Þessa undanþágu hefir bæjarstj. veitt með fullkomnu samþykki bæjarráðs, og þetta verður ekki veitt öðrum.

Loks má geta þess í fjórða lagi, að bæjarstj. lagði til, að þetta félag fengi leyfi til að hafa sína vagna breiðari en ella má. Lög heimila, að breidd bifreiða sé aðeins 1.86 m., en þetta félag fékk í gegnum bæjarstj., eða eftir tillögum bæjarstj. til ráðh., leyfi til að hafa sína vagna 2 m. Þetta mundi annað félag ekki fá.

Nú er farið fram á það í brtt. okkar, að þetta heppilega skipulag, samanborið við það, sem er annarsstaðar á Norðurlöndum, sé staðfest með l. sem skipulag bifreiðaferða út um land og líka í bæjum, en með þessu frv. frá skipulagsn. er nú

tæplega átt við bæina, því að um það er ekkert tekið fram. Hann sagði líka við 1. umr., hv. 2. þm. Reykv., að þetta hefði ekki verið tekið með, og ef svo er, þá er það galli á frv.

Nú hefir hv. 2. þm. Reykv. horfið frá þessu eðlilega fyrirkomulagi, og veit ég ekki, hverju sætir, því að þótt hann sé að nokkru leyti einokunar- og þjóðnýtingarpostuli, þá er hann það þó ekki svo, að hann geti ekki vitað af einstaklingsfélagsskap, sem einhverjum er til hagsbóta. Ég veit ekki, hvort hann hefir horn í síðu þessa félagsskapar, strætisvagnafélags Rvíkur. Ég vil ekki meina, að hann geti haft það, heldur sé það einhver firra, sem hefir hlaupið í hann, að bæjarstj. sé ókleift að hafa þessi mál með höndum, nema því aðeins, að það sé bæjarrekstur.

Ég var líka hissa á því — þó að hv. 6. landsk., sem er í sama flokki og hv. 2. þm. Reykv., kæmi með þetta —, að framsóknarm. í samgmn. skyldu hoppa inn á það fyrirkomulag, nema þeir fyrir samvinnu sína við sósialista geti nú ekki greint rétt frá röngu og sjái nú ekkert nema opinberan rekstur, og það þótt sízt skyldi. Ég bjóst ekki við, að þeir væru orðnir svo samdauna sem raun ber vitni um.

Það má vel vera, að hér sé maður að tala fyrir daufum eyrum, þ. e. a. s., þó mennirnir séu skynsamlega sjáandi, þá séu þeir fyrirfram ráðnir í að fella okkar till., minni hl., enda þótt þeir kannske inni við beinið fallist á þær; en þetta sýnir sig nú við atkvgr. En ég vil ætlast til þess og vænta þess, að þegar verið er nú að byrja á því að skipuleggja þennan atvinnuveg, þá geri þeir það ekki að stefnulegu keppikefli endilega að gera úr honum ríkisrekstur eða bæjar. Ég trúi því ekki, að hv. 2. þm. Reykv. vilji egna bæjarstj. hér á móti sér í þessu máli. Honum hlýtur að vera það kunnugt, að meiri hl. hennar er á móti því að þjóðnýta þessa atvinnugrein. Og vill hann þá taka á sína arma ábyrgðina á því að gera þetta gegn vilja bæjarstj. Ég hygg, ef hv. þm. vill fara hér eftir réttum reglum og vera algerlega „loyal" gagnvart bæjarstj., þá eigi hann að byrja á því að spyrja um álit hennar á málinu. Meiri hl. samgmn. hefir ekki leitað til bæjarstj., heldur til þess aðila, sem nær stendur sjálfum rekstrinum hér. Ég vissi ekki fyrr en á síðustu stundu, að taka ætti ákvæði um flutninga innan bæja upp í frv., og hafði því ekki ráðrúm til að afla mér álits bæjarstj. Tókum við því það ráð að kljúfa n. Nú vil ég skjóta því til hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Þ., hvort þeir vilja nú ekki sýna bæjarstj. þann heiður að óska eftir áliti hennar og fara eftir því. Hv. 2. þm. Reykv. þóttist ýmislegt hafa að athuga við till. minni hl. n., þó það væri auðsjáanlega meira af vilja en mætti, því hann fór hreint ekki í neinn „habit", heldur byrjaði á því að þakka allri n. fyrir samstarfið. Enda býst ég við, ef málið hefði ekki komizt inn á þessa braut, að þá hefði n. öll orðið samferða. Ég þarf mjög fáu að svara aths. hans, þær voru flestar almenn orð og hvergi sérstaklega sýnt fram á, að till. okkar væru óframkvæmanlegar. Hvað snertir lengd sérleyfistímabilsins, sem við viljum hafa 4 ár, en þeir ekki nema 3, þá er það náttúrlega ekkert stórt atriði. Hér er ekki verið að tala um það, hvort sé rangt og hvort rétt, hér er aðeins fyrirkomulagsatriði, og það lítur út fyrir, að 4 ára tímabilið sé haganlegra fyrir leyfishafa. — Hv. þm. virtist vera óskiljanlega mikið á móti því að láta þessi mál heyra undir vegamálastjóra. Hann talaði þar með slíkum krafti (ég er nú svo kurteis að kalla það kraft, en ekki eiginlega vonzku), að ég á sannast að segja bágt með að skilja ástæðuna. Þetta er nú ekki stærra atriði fyrir mér en það, að ég tel það rétt heppilegra. Ef hv. þm. væri því kunnugur, hvernig þessum málum er hagað í Noregi og Danmörku, þá vissi hann það, að þau heyra meira undir vegamálin heldur en póstmálin. Í lögunum í Danmörku er leyft að gefa póststjórninni heimild til ákveðinna flutninga á ákveðnum leiðum, vegna póstflutnings. Að öðru leyti er það víst, að það geta verið þau tilfelli, þar sem auðveldara er fyrir vegamálastjóra, sem öllum leiðum er kunnugur, að hafa yfirstjórn þessara flutninga. Hann hefir í sinni skrifstofu öll nauðsynleg gögn viðvíkjandi ferðum og vegum, en póststjórnin hefir ekkert með flutninga að gera, nema póstflutninga. Hv. 2. þm. Reykv. ætti að vera kunnugt, að póststjórnin hefir ekki betri aðstöðu til að þekkja til vega og flutninga en það, að hún hefir veitt sína flutninga þeim mönnum, sem sízt skyldi og ófærastir hafa verið oft og tíðum til að hafa þá á hendi. Hún hefir því sýnt í því, að hún er lítt fær til að hafa með slíkt að gera. Hún á að koma póstflutningunum fyrir á sem sæmilegastan hátt, en upp á síðkastið hefir hún hugsað um það eitt, að fá þá sem ódýrasta, látið þá til þess, sem bauð lægst, án þess að taka tillit til hins, hvort viðkomandi var starfinu vaxinn, hvort hann skilaði flutningunum eða væri nýtur ábyrgðarmaður fyrir þeim. Við á Suðurlandi þekkjum mörg dæmi um óheppilega stjórn póstflutninganna. Nú er í brtt. okkar póststj. ætlað að vera með í ráðum um þessa flutninga, þar sem hún á að geta fengið fólksflutninga á vissum leiðum, ef hún þarf þess vegna póstflutninganna, sem sjaldnast kemur til. Þessu verður ekki fyrir komið nema á tvennan hátt, annaðhvort með því að láta póststj. hafa þessi mál, eins og gert er ráð fyrir í frv., eða þá að taka þá leið, sem lagt er til í brtt. okkar minni hl. og heppilegri er.

Þá furðar mig það, að þó hv. þm. vilji hér smíða skipulag, þá skuli þeir vilja halda 6. gr. frv. Ég hefi sýnt hv. þdm. fram á, hversu óþarft og óheppilegt það er, að póstmálastjórn hafi þetta vald gagnvart yfirráðum sérleyfishafa yfir atvinnu sinni, því þau ákvæði draga úr áhuga þeirra, sem flutningana hafa á hendi, til þess að láta þá verða notendum til sem mestra þæginda, þegar á að draga af einum og bæta við annan með því að jafna fargjöldunum milli leyfishafa, en ekki láta hvern bera úr býtum eftir því, sem hann vinnur fyrir. Með þessu er kippt burt hvötinni hjá þeim til að vanda sig, þegar þeir fá ekki að njóta þess sjálfir, sem þeir gera betur en aðrir. Þetta er að vísu í samræmi við margt annað í stefnu þessara hv. þm. En ég tel þetta mjög óheppilegt, því stefna þessarar löggjafar á að vera sú að taka sem mest tillit til hagsmuna þeirra manna úti um allt

land, sem eiga að njóta flutninganna. Minni hl. samgmn. leggur til, að 6. gr. verði felld burt, og mér er óskiljanlegt, að meiri hl. skuli endilega vilja halda í hana. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væru skorður gegn einræði póststj. í þessu máli, að nefnd, sem sérleyfishafar skipa, ætti að hafa hér hönd í bagga um þetta atriði. En sú n. þarf ekki að vera skipuð af þeim mönnum, er bezt stunda þessa flutninga. Það gæti vel farið svo, að meiri hl. þeirra, sem n. skipa, væru í hópi þeirra manna, sem hefðu hag af þessari jöfnun, og væru því „interesseraðir" fyrir því að jafna fargjöldunum. Það eitt er víst, að þetta miðar að því að draga úr því, að ferðirnar verði sem þægilegastar fyrir einstaklingana, sem eiga að nota þær, en það er ef til vill það, sem á að nást með þessari 6. gr.

Annað er nú víst ekki svaravert í ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hann sagði, að minni hl. n. vildi vinna því opinbera sem mest ógagn með sínum brtt. Þetta er náttúrlega hin mesta fjarstæða. Rauði þráðurinn í okkar brtt. er sá, að gera viðskipti þessi sem greiðust, jafnframt því, að sjá borgið þörfum almennings. Og ég get ekki skilið, á hvaða grundvelli frv. sem þetta á að byggjast, ef ekki á þessum. Annar grundvöllur er ekki heppilegur og sízt í samgöngumálum. Þau mál eru þannig vaxin, að það er alveg sérstök þörf í sambandi við þau að taka tillit til allra.

Það fer um þetta mál sem auðið er, og líklega keyrir meiri hl. í gegn sínar brtt. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að tala meira að þessu sinni yfir því fámenni, sem við hæstv. forseti höfum hér við að búa.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég vona, að ég þurfti ekki eins langan tíma til þess að svara hv. þm. V.-Sk. eins og hann notaði til þess að svara mér. — Í sambandi við fólksflutninga í bæjum talaði hann eingöngu um Reykjavík og sýndist hafa mestan áhuga fyrir því, að Strætisvagnafélag Rvíkur gæti haldið áfram sínum ferðum í sama formi. Nú er það svo, að allar líkur eru fyrir því, að félagið fái að halda áfram. Með frv. er bænum ekki gert að skyldu að taka þessa flutninga í sínar hendur, heldur er hér aðeins heimild fyrir sérleyfi, og annað ekki. Ég er hinsvegar sannfærður um, að það væri bænum fyrir beztu að fá það leyfi; það er ljóst, er litið er á rekstur strætisvagnanna. Með 27000 kr. styrk frá bænum og 40000 kr. framlagi hefir þetta félag getað tvöfaldað sína vagnatölu á 2 til 3 árum. Ég get því ekki séð, að bænum ætti að vera ofvaxið að hafa hagnað af þessum rekstri. Það eina, sem bærinn er riðinn við hina svokölluðu samninga félagsins, er það að leyfa félaginu stæði fyrir vagna sína á Lækjartorgi. Breidd vagnanna hefir ríkisstj. með að gera, og hefir hún gefið fleirum en strætisvagnafélaginu undanþágu í því efni. Ég tel alveg rétt, að bærinn taki í sínar hendur þennan rekstur, af því hann getur áreiðanlega haft hag af því, þó hann hækki ekki taxtann. Eins tel ég sjálfsagt að samþ. ákvæði um það, að bærinn hafi rétt til að taka flutningana í sínar hendur á 3 ára tímabili, í stað þess, sem hún gæti það ekki fyrr en eftir 7 eða 8 ár eftir núgildandi samningum. Hitt er rétt hjá hv. þm., að það er heppilegast, að þessir flutningar séu á einni hendi. Það er nú komið svo, að strætisvagnarnir aka ekki einasta um bæinn, heldur eru þeir nú farnir að teygja sig langt út fyrir bæinn, út í nágrennið og ómögulegt að vita, hvar þeir láta staðar numið. Ég hygg, að það hafi verið óþarft að spyrja bæjarstj. um álit á þessu máli. Ég hygg, að það muni vera fyrirfram víst, hvernig hún mundi taka í það mál. Sjálfstæðismennirnir þar mundu verða sammála flokksbræðrum sínum hér, en stjórnarflokkarnir fylgja frv.

Það þarf ekki að deila um leyfistímabilið. Ég held því fram, að 4 ár sé of langur tími. Á þeim árum þurfa leyfishafar að vera búnir að endurnýja vagna sína, en það er óþægilegt fyrir þá, ef þeir halda ekki flutningunum áfram, og því er það óheppilegur tími.

Ég er nú búinn að færa fram ástæður fyrir því, hvers vegna réttara er, að póststjórnin hafi yfirstjórn þessara mála heldur en vegamálastjóri og póststjórnin í sameiningu. Þá leggur hv. þm. mikið kapp á að fella burt 6. gr. Sú grein felur aðeins í sér heimild, og hún kemur varla til greina nema þar, sem um verulegan mun er að ræða, og þeir, sem um þessi mál fjalla, óski eftir því, að munurinn sé jafnaður. Hinsvegar álít ég, að þessi ákvæði verði til þess, að gerðar verði jafnari kröfur til ökumanna en gert hefir verið. Aftur mundi draga úr ýmiskonar greiða, sem bifreiðastjórar gera sumu ferðafólki á kostnað annara farþega, t. d. með því að fara óteljandi snattferðir og króka, sem að vísu eru þægilegir fyrir suma, en til stórra óþæginda fyrir aðra. Það er einmitt líklegt, að skipulagið felli niður þennan ósið, og er áreiðanlegt, að allir verða ánægðir með það, þegar breytingin er komin á.

**Gísli Guðmundsson** [óyfirl.]: Aðeins vegna þess, að hv. frsm. meiri hl. samgmn. er ekki viðstaddur, skal ég hér fara nokkrum orðum um málið af hálfu meiri hl. — Eins og sjá má af brtt. meiri og minni hl., hefir n. lagt nokkra vinnu í málið, og hefir verið útveguð umsögn ýmsra aðilja um frv., svo sem vegamálastjóra og bifreiðastjórafélagsins hér í bænum. Aftur hafa bifreiðarstöðvarnar engan félagsskap með sér, og hefir því ekki verið leitað til þeirra. Hinsvegar hefir n. fengið umsögn Strætisvagnafélags Reykjavíkur um frv.

Ég skal taka það fram, út af því, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að ég fæ ekki séð, að ástæða hafi verið til að leita umsagnar bæjarstj. Rvíkur um málið. Hún er enginn sérstakur aðili í þessu máli fremur en t. d. sýslumenn viðsvegar um landið, eða bæjarstjórnir í öðrum kaupstöðum. Með tilliti til þeirra umsagna, sem n. fékk og ég hefi skýrt frá, byggði meiri hl. sínar brtt., eftir skoðunum nefndarmanna meiri hl. Frá einum þeim aðila, sem skilaði mjög ýtarlegu áliti, komu meira að segja brtt. við frv., og mig undrar það, að hv. minni hl. taldi sér fært að taka upp allar þessar brtt., og það gersamlega óbreyttar og án þess að bæta nokkru við. Og svo mikil nákvæmni var í þessu hjá hv. minni hl., að hann tók með eitt atriði í till. vegamála-

stjóra, sem hv. frsm. minni hl. hefir lýst yfir, að hann gæti vel sætt sig við, þó haft yrði á annan veg það atriði, en svo fastheldinn er hann samt sem áður á till. vegamálastjóra, að hann sleppir ekki þessu atriði, en tekur það líka með. Og þetta atriði er einmitt það, að vegamálastjóra skuli vera falin yfirstjórn þessara mála. Annars skal ég taka það fram, að álit vegamálastjóra er sérstaklega ýtarlegt, og þær upplýsingar, sem hv. minni hl. n. hefir borið hér fram í hv. d. um fyrirkomulag mannflutninga í Noregi og Danmörku, eru allar úr því áliti, frumheimildir hefir n. ekki haft í höndum. (GSv: Ég hefi lögin í höndum). Ég segi, að þau hafi ekki komið n. fyrir sjónir. Annars get ég tekið undir flest það, sem hv. 2. þm. Reykv. hefir sagt um málið, enda er hann einn af þeim, sem upphaflega höfðu undirbúning þess með höndum. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að svara sérstaklega ýmsu, sem hann hefir áður svarað, í ræðu hv. frsm. minni hl. Út af því, að hv. þm. V.-Sk. þótti það óeðlilegt, að bæjarstj. Rvíkur veitti ekki sérleyfi til flutninga innan bæjarins, þá er það í samræmi við þá stefnu, sem meiri hl. n. hefir tekið gagnvart sýslunum. Við höfum ekki viljað, að sýslurnar veittu leyfi innan sinna takmarka, og þá auðvitað ekki heldur bæjarstjórnirnar. Það virðist óheppilegt, að sýslurnar veittu slík sérleyfi, því vel gæti þá verið, að ríkisstj. væri búin að veita leyfi í mörgum sýslum samstæðum án þess að sýslunefndir vissu af, og gæti þá orðið árekstur af því. Annars undrar mig það, að hv. frsm. minni hl. skuli furða sig á því, að framsóknarmenn skuli fylgja þessu frv., og að hv. þm. skuli finna þjóðnýtingarbragð að frv., því í frv. er engin þjóðnýting, eins og allir sjá, heldur er þar að ræða um einkarekstur. Eina þjóðnýtingin, sem þar er hugsanleg, er sú, ef bæjarstj. Rvíkur skyldi detta í hug einn góðan veðurdag að þjóðnýta þessa flutninga, þá viljum við ekki vera meinsmenn hennar í því efni. Að síðustu vil ég vekja athygli á því, að brtt. beggja nefndarhlutanna eru að sumu leyti sama efnis, og er því sama hvorar þeirra, sem shlj. eru, verða samþ., en ég vil vekja athygli á því, að þær eru hvorar um sig í samræmi innbyrðis, og verður því réttara að hafna öðrumhvorum alveg. Þess vegna er það svo að *minni hyggju*, að annaðhvort verður að fella allar brtt. minni hl. eða ekkert af þeim. Það yrði aðeins til að valda ruglingi, ef samþ. væru sumar till. minni hl. og sumar till. meiri hl. Þess vegna bið ég menn að athuga það, að við leggjum til, að allar till. minni hl. verði felldar, einnig þær, sem við höfum út af fyrir sig ekkert á móti, og það er af því þær eru út úr samræmi við frv. að öðru leyti og þær brtt., sem við vonumst eftir, að verði samþ. frá meiri hl.

**Sigurður Einarsson:** Þetta er aðeins örstutt aths. áður en umr. er slitið. — Það hafa komið hér fram í umr. um brtt. á þskj. 339 og 340 alveg samskonar átök eins og við höfum orðið varir við í fleiri málum, sem komið hafa til kasta þessarar hv. d., að annar hlutinn vill hafa löggjöf fyrir allt landið, en hinn hlutinn óskar að vísu í orði kveðnu að fá löggjöf fyrir allt landið, en fyrst og fremst sniðna við hæfi vissra aðila hér í höfuðstaðnum. Það hefir þegar verið tekið greinilega fram, að brtt. minni hl. eru fyrst og fremst gerðar til þess að þóknast vissum aðilum hér í Rvík. Það er sama aðstaða sem kom fram við umr. um frv. um vinnumiðlun og frv. um verkamannabústaði.

Það er eitt atriði, sem ég vil sérstaklega vekja athygli á, og það er, að minni hl. leggur til, að yfirstjórn þessara mála sé einkum lögð í hendur vegamálastjóra, en póststjórnin er sá aðili, sem meiri hl. og frv. upphaflega gerir ráð fyrir, að hafi með þetta að gera. Nú eru það mjög óskyld störf, sem þarf ólíka hæfileika og kunnáttu til, annarsvegar að leggja ráðin á um það, hvar vegir eigi að vera og hvernig sé hagkvæmast að gera þá úr garði, og hinsvegar að skipuleggja notkun vegakerfisins til þess að það komi að sem almennustum notum. Um leið og vegamálastjórnin væri gerð að hinum eiginlega stjórnanda þessa skipulags á flutningunum, væri vegamálastjóri gerður að einskonar dómara sinna eigin verka, sem hinsvegar gæti ekki átt sér stað, ef póstmálastjórnin færi með þessi mál. Póstmálastjórnin hefir fyrst og fremst „interesse“ af því, að það gangi sem greiðlegast að koma blöðum og bréfum út um landið, og verður því gleggsti dómarinn um það, hvernig tekizt hefir að gera vegakerfið úr garði, eftir því, sem efni standa til á hverjum tíma. Ég er heldur alls ekki viss um, að vegamálastjóri kæri sig um að leggja á sig sérstök skipulagningarstörf á þessu sviði ofan á önnur störf sín, sem liggur í hlutarins eðli, að póststjórnin er hvort sem er alltaf að fást við. Það er viðurkennt, að núv. vegamálastjóri er duglegur embættismaður, en hann er maður, sem ég efast stórlega um, að *fari* að *bæta á sig yfirstjórn* flutninga á landi. Hann á framundan sér svo ótakmörkuð viðfangsefni og vandaverk á sviði vegalagninganna sjálfra, að ég held, að það sé alls ekki rétt hugsað að fara að blanda flutningamálunum inn í hans verkahring.

Það er rétt hjá hv. þm. N.-Þ. og þarf að takast greinilega fram, að brtt. meiri og minni hl. eru svo samræmdar innbyrðis, að ekki dugir að samþ. eina og eina till. af hvoru blaði á víxl, til þess að þetta verði heppilega rímað saman. Hér er um tvær götur að velja; minni hl. vill fara allt aðra braut í þessu máli heldur en meiri hl., og ég verð að líta svo á, að það sé að velja verri leiðina af tveimur, ef brtt. minni hl. eru samþ.

**Frsm. minni hl. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Ég skal ekki vera langorður og tel ég megi við það hlíta, að ég tali seinastur, þar sem hv. meiri hl. mun telja sig fullbirgan til að koma sínu fram. En ég ætla að svara þessari aðstoð, sem hann fékk; hitt er annað mál, hvort ég þarf að svara staðgöngumanninum, hv. þm. N.-Þ., því að hann virtist standa upp til þess eins að „tala“, þar sem frsm. var ekki viðstaddur, eins og hann sagði, enda hafði hann ekkert til brunns að bera, því það, sem hann sagði, var búið að taka fram áður, sumpart af mér og

sumpart af öðrum. Hann virtist hneykslast á því, að ég tók það fram sérstaklega, að vitandi vits hélt minni hl. sínum till. að formi til rökréttum og í innbyrðis samræmi, þótt hann leggi mismunandi áherzlu á þær. T. d. er það eitt aðalatriðið, að bæjarstjórnirnar fái sinn rétt hvað sérleyfi snertir óskoraðan, en afleiðing af því að formi til er það, að sýslunefndir geti átt kost á hinu sama. Ég gat þess, að hvað sýslunefndirnar snerti mundi þetta ekki hafa mikla praktíska þýðingu; þá má nefna dæmi þess, þar sem langleiðir ná ekki til og vegakerfi eins héraðs er innilokað, að ekki hefði þýðingu, að aðrir kæmu til málanna heldur en viðkomandi sýslunefnd. En þetta er á engan hátt sambærilegt við hitt, sem er algerlega af praktiskum uppruna.

Nú gengur þessum hv. þm. illa, og það bætti ekkert úr skák, þótt hv. 9. landsk. stæði upp líka; þeim gengur báðum illa að koma mönnum í skilning um og halda sjálfum sér í skilningi um, að það sé óhæfa, að bæirnir fái þennan rétt. Ef svo væri, hefðu þeir eigi þurft að berja þetta svona fast fram, þar sem aðeins einn maður andmælir; þeir eru víst tryggir með sína menn. — Ég hefi nú sýnt fram á, að það er langt frá því, að það sé óhæfa, að bæirnir hafi þennan rétt; bæði líta aðrar þjóðir svo á og þetta hefir blessazt vel hér. Því þó ákvæði hafi vantað í lög um það, að bæjarstjórnir gætu veitt fullkomin sérleyfi, þá hafa strætisvagnarnir verið reknir hér í Rvík eins og þeir hefðu fengið slíkt leyfi. Þeir eru einir um flutningana með slíkum farartækjum á þeirra ákveðnu leiðum innan bæjar og þar í nánd. Það er því ekki undarlegt, þótt minni hl. vilji láta þetta haldast. En þeir þrír hv. þm., sem talað hafa hér, hafa lagt mikla áherzlu á, að þeir stæðu saman, og skorað hverjir á aðra að drepa nú allar till. minni hl., svo að þeim ætti ekki að verða skotaskuld úr því. Það er ekki hætt við, að í þeirra liði verði skeikað frá þeirri reglu að fella allt, sem kemur frá andstæðingunum, en samþ. hinsvegar allt frá sínum fylgismönnum, hvað fáránlegt sem það er.

Hv. þm. í samgmn. hafa orðið að viðurkenna það, að skýrsla vegamálastjóra sé gagngerð og merkileg, en þá ættu þeir ekki heldur að undrast það, þótt talsvert tillit sé tekið til hans till. Vegamálastjóri hefir, eins og bent hefir verið á, haft mest með þessi mál að gera og verið aðalráðunautur stjórnanna í þeim, en samt vilja hv. þm. nú koma honum sem mest út úr þessu máli.

Hv. 9. landsk. fann hvöt hjá sér til þess að standa upp í þessu máli, eins og mörgum öðrum nú upp á síðkastið, þótt það væri ekki til annars en sýna, að hann hafði ekkert til brunns að bera í því, virtist jafnvel ekki skilja eða hafa lesið það, sem fyrir liggur um málið. Hann vill láta líta svo út, að minni hl. sé með till. sínum að þóknast einhverjum aðilum hér í Rvík. Ég hygg nú, að hv. þm. sé það læs, að hann geti séð það sjálfur með því að líta yfir till. okkar, að þetta hefir ekki við neitt að styðjast. En hann vill, eins og fleiri af hans núv. flokksbræðrum, keyra alla hluti inn í einhverja ganga, hafa andstæðingana og þeirra mál í öðrum ganginum, en sína menn með sín mál í hinum, og slá því svo föstu, að hans menn vinni alltaf með alþjóðarheill fyrir augum, en hinir fyrir einhverja sérhagsmuni. En við vitum það um þessa hv. þm., að þeir hafa sýnt sig í því að hugsa mest um sjálfa sig, svo að þeim ferst ekki að segja um okkur, sem tökum málin á viðtækum grundvelli, að það séum við, sem bindum okkur við persónur. Það kemur ljóst fram í umr. um yfirstjórn þeirra mála, sem hér eru nú til umr., að þeir tala eingöngu út frá persónum og persónulegum sjónarmiðum. Hv. þm. talaði um að vegamálastjóri mundi ekkert kæra sig um að taka þetta að sér. Hvað veit hann um það? Hann mun ekkert hafa talað við vegamálastjóra um þetta. Eða hefir hann talað um það við póstmálastjórnina, hvort hún vill taka þetta að sér? Ef fara á að leggja þann mælikvarða á mál hér á Alþ., hvort þessi og þessi maður, sem nú gegnir einhverju starfi fyrir þjóðfélagið, vill taka þetta og þetta að sér eða ekki, þá eru málin orðin of persónuleg frá okkar sjónarmiði, en sennilega mátuleg fyrir hv. 9. landsk., því að það er algerlega fyrir utan efni málanna, hvað þessi maður vill og hinn vill ekki. Hafi hv. þm. ekki annað til málanna að leggja, stendur hann sig vel við að sitja kyrr og hlýða á og læra af mér og öðrum.

Ég ætla svo ekki að fara frekar út í þessi atriði. Það er búið að ræða málið svo mikið, að mönnum ætti að vera vorkunnarlaust að ganga til atkvgr. Það er augljóst, að ef atkvgr. á að miðast við það, sem síðast hefir komið fram, hvað þessi vill og hvað hinn vill, en ekki við það, hvað bezt er í sjálfu sér, þá er ekki mikið á henni að byggja til frambúðar, og get ég óskað hv. andstæðingum til hamingju með þá lausn, sem þannig fæst á málinu.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Guðmundsson):** Þótt ég ætti að vera frsm. þessa máls, hefi ég því miður ekki getað fylgzt með umr. til hlítar, vegna þess að ég var að gegna öðrum störfum hér í þinghúsinu, sem nauðsyn bar til að inna af hendi. En ég geri ráð fyrir, að umr. hafi fallið hér í svipaða átt eins og í samgmn. Þar komu fram tvö ólík sjónarmið, sem brtt. þær byggjast á, sem hér liggja fyrir. Sjónarmið meiri hl. er það, að skipuleggja þessa flutninga á svipaðan hátt og gert er erlendis með járnbrautar- og sporvagnaferðum; en hitt er að hafa þetta að mestu leyti óbundið, aðeins veita sérleyfi, sem helzt eiga að veitast af héraðs- og bæjarstjórnum, innan vissra takmarka. Þessi tvö sjónarmið eru ósamræmanleg, og það er rétt hjá hv. þm. N.-Þ., að það er ekki til neins að samþ. neitt af brtt. á þskj. 340, nema þá að frv. verði alveg sniðið upp að nýju á þeim grundvelli, sem þar er lagður. Ég sé ekki ástæðu til að ræða mikið um þetta, en vil aðeins fara nokkrum orðum um, hvort er heppilegra, að ríkið veiti þessi sérleyfi eða bæjar- og héraðsstjórnir. Það mun vera gert talsvert að því annarsstaðar á Norðurlöndum, að héraðsstjórnir veiti slík leyfi sem þessi. En það verður að gá að því, að þar er sumstaðar í einu héraði sexfalt fleira fólk held-

ur en hér á landinu öllu. Flutningaþörfin þar er miklu umsvifameiri á allan hátt heldur en hér. Og menn hljóta að sjá það, að ef ná á því marki að fá verulega festu í þennan bifreiðarekstur hér, þá er heppilegra, að einn aðili veiti leyfi til hans heldur en margir. Það er miklu hættara við árekstrum, ef bæjarstjórnir og sýslunefndir veita leyfin, heldur en ef ríkið gerir það eitt. Með því er ekkert frekar gengið á rétt Rvíkur heldur en annara.

Um það, hvort heppilegra sé að fela póstmálastjórninni eða vegamálastjóra yfirstjórn þessara mála, má vitanlega deila endalaust. Mér fyrir mitt leyti finnst þetta falla betur undir póstmálastjórnina, sem hefir það með höndum að koma á sem reglubundnustum póstferðum um landið. Þessar bílasamgöngur eru, þann tíma sem bílar geta á annað borð gengið, fljótustu og ódýrustu póstferðirnar og því miklu eðlilegra, að póststjórnin hafi yfirstjórn þeirra. — Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Nd., 14. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 340,1 felld með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PHalld, PO, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS.

nei: PZ, PÞ, SigfJ, SE, SK, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, JörB.

Brtt. 340,2 tekin aftur.

— 339,I (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 340,3 felld með 17:14 atkv.

2. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 340,4 tekin aftur.

3. gr. samþ. með 18:3 atkv.

Brtt. 340,5 felld með 15:14 atkv.

4. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 340,6 felld með 15:8 atkv.

— 339,II samþ. með 18:1 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 340,7 felld með 16:9 atkv.

6. gr. samþ. með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, JörB.

nei: SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO.

MT greiddi ekki atkv.

Brtt. 339,III (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 339,IV (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 18:5 atkv.

— 340,8 kom ekki til atkv.

— 339,V (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 18:5 atkv.

— 340,9 kom ekki til atkv.

— 339,VI (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 340,10 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB.

nei: ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS.

HannJ greiddi ekki atkv.

Fyrirsögn eftir 2. umr.:

**Frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.**

Á 38. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 446, 447, 484).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 484. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Við hv. 1. þm. Rang. höfum leyft okkur að bera fram nokkrar brtt. við þetta frv. við þessa (3.) umr. Það er ljóst, að bæði ég og ýmsir aðrir hv. dm. eru óánægðir með frv. eins og það var afgr. við 2. umr. Við mundum þó telja það til nokkurra bóta á verstu ágöllum frv., ef brtt. á þskj. 484 yrðu samþ. Ég ætla, að þær séu þann veg sniðnar, að allir hv. dm. geti sætt sig við, að þær fái að fljóta inn í frv. — 1. brtt. er um það, að póstmálastjórnin hafi með höndum yfirstjórn og eftirlit flutninganna í samráði við vegamálastjórnina. Við 2. umr. var felld till. minni hl. n. um, að vegamálastjórnin hefði aðalumsjónina, og samkv. frv. eins og það er nú er þetta falið póstmálastjórninni einni. Við álítum, að það sé til bóta að hafa vegamálastj. með í ráðum, því að hún hefir að ýmsu leyti betri aðstöðu og betri tök á þessum málum en póstmálastjórnin.

2. brtt. er við 6. gr. og mælir svo fyrir, að því aðeins skuli leyfð sú skipting milli hlutaðeigenda, sem þar greinir, að sú nefnd, sem til er vitnað, sé á einu máli um það atriði. En sú nefnd er skipuð fulltrúum sérleyfishafa.

3. brtt. er við 8. gr., og er farið fram á, að álits bæjarstj. sé leitað áður en veitt er sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum. Aðstaða bæjarstjórna var nokkuð umþráttuð við 2. umr., og skal ég ekki fara út í það. Ég tel það til nokkurra bóta, ef þessi þrtt. verður samþ., þó að ég hefði kosið verulegri breytingar á 8. gr.

Þá er 4. brtt., sem ég hygg, að sé í fullu samræmi við þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið í deildinni og einnig er vikið að í grg. Það er að sjálfsögðu ekki meiningin að hundsa þá menn, sem komið hafa á föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum, þegar lögin koma í gildi. Það virðist sjálfsagt, að þeir sitji fyrir að öðru jöfnu við veitingu sérleyfis, og við viljum tryggja, að ekki sé gengið á eðlilegan rétt þessara manna. — Ég tel svo ekki þörf á að hafa um þetta fleiri orð, því að málið hefir þegar verið mikið rætt og er öllum kunnugt.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég flyt ásamt hv. þm. Hafnf. tvær smávægilegar brtt. á þskj. 447. Sú fyrri er við 5. gr., um að í stað „ríkisstjórninni" komi: ráðherra, — og er það í samræmi við g., að öðru leyti. Hin brtt. er við 8. gr., þar sem talað er um, að bærinn taki í sínar hendur rekstur

strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins og um nágrenni. Vil ég að „nágrenni“ verði fellt út frv., því að sjálfsögðu á valdsvið bæjarstj. ekki að ná nema um bæinn, og kemur þá hér til greina samningsatriði við hinn aðilann. Vænti ég, að þetta sæti ekki andmælum.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Guðmundsson):** Út af þeim brtt., sem hér hafa komið fram, vil ég segja f. h. meiri hl. samgmn., að við brtt. á þskj. 447 höfum við ekkert sérstakt að athuga. Hún nemur burt óákveðið orðatiltæki, og er ekki nema gott um það að segja, því bezt er, að lög séu sem skýrust í öllum greinum.

Um 1. lið brtt. á þskj. 484 er það að segja, að við getum ekki séð, að sú breyt. sé á neinn hátt til skaða. Aðalstjórn þessara mála verður eftir sem áður í höndum póstmálastj., og ef ágreiningur verður, sker ráðh. úr. Ég sé að vísu ekki, að þessi breyt. sé til neinna bóta, en meinlaus má hún víst teljast. — Um 3. lið er líkt að segja. Það getur ekki skaðað á neinn hátt, þó að leitað sé álits og till. bæjarstjórna um veiting sérleyfis til fólksflutninga innan kaupstaða. Yfirstjórn þessara mála er ekki bundin við að fara eftir þeim till., ef henni sýnist annað hagkvæmara og réttara. — Um 4. lið brtt. skal ég taka það fram, að allir munu hafa litið svo á í upphafi, að sjálfsagt væri, að þeir sætu fyrir sérleyfum, sem þegar hefðu tekið upp fastar ferðir á ákveðnum leiðum. Þetta var talið svo sjálfsagt, að ekki þyrfti að setja það í lögin, en vitanlega er ekkert á móti því, að það sé sett í frv. — Um 2. lið brtt. gæti helzt verið spurning, hvort breytt væri til hins verra eða betra. Eftir frv. má líta svo á, að meiri hl. þeirrar n., sem bifreiðaeigendur skipa, geti ráðið í þessu tilfelli, en samkv. brtt. er ákveðið, að til þess þurfi einróma samþ. hennar. Afleiðingin yrði sú, að einstakur sérleyfishafi gæti hindrað þá framkvæmd, sem aðrir væru sammála um. Þetta er eina atriðið í brtt., sem gæti verið hættulegt, og geri ég ráð fyrir, að ég greiði atkv. á móti því, en hinsvegar mun ég fylgja hinum brtt.

ATKVGR.
Brtt. 484,1 samþ. með 19:12 atkv.
— 447,1 samþ. án atkvgr.
— 484,2 felld með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh.
**nei:** HV, JG, MT, PZ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG.
JörB greiddi ekki atkv.
Einn þm. (SK) fjarstaddur.
Brtt. 484,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 447,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 484,4 samþ. með 25:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:10 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 41. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 495).

Á 43. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál að svo stöddu, en vil aðeins skjóta því til n., sem fær frv. til meðferðar, að hún athugi rækilega þá hlið málsins, sem veit að notendum bifreiða, og einnig hvort ekki sé með þessu frv. stofnað til verulega mikillar hækkunar á fargjöldum. Það er augljóst, að samkv. frv. er gengið út frá, að veitt verði einkaleyfi til fólksflutninga á öllum föstum ferðum á langleiðum í stórum bifreiðum. Og nú er búið að bæta inn í frv. heimild fyrir ráðh. til þess að láta slíka samninga einnig ná til bifreiða, sem rúma 6 farþega. Þessi heimild minnir mig að sé í 7. gr. frv. En þar að auki stefnir nú óðum í þá átt, að á langleiðum eru nú orðið yfirleitt notaðar stærri bifreiðar til fólksflutninga en 6 farþega. Mér hefir verið sagt á bifreiðastöðvunum, að það sé fullt eins vel hægt að komast leiðar sinnar í stóru bifreiðunum hér á vegunum eins og hinum; svo að ég hygg, að það verði nálega eingöngu notaðar hér stærri bifreiðar til fólksflutninga, a. m. k. á lengri leiðum. Og ef ekki hefði verið skotið þessari heimild inn í 7. gr. frv., þá liggur það ljóst fyrir, að þetta frv. setur þróun þá, sem orðið hefir hér síðustu missirin á fólksflutningum með bifreiðum, alllangt aftur á bak, því að til þess að komast framhjá sérleyfishöfum, eru menn knúðir til þess að nota hinar smærri bifreiðar. En á þessu er nú minni hætta, af því að bætt hefir verið í frv. heimild til þess að taka smærri bifreiðar einnig undir einkaleyfin.

Það hefir nú farið svo á síðari árum, að farþegagjöld með bifreiðum hafa farið sílækkandi, og verður því að athuga það vel, hvort þetta frv. leiðir ekki til þess, að í skjóli einokunarinnar, eða hinna fyrirhuguðu einkaleyfa, verði stöðvuð lækkunin á fargjöldunum, eða að þau komi jafnvel til með að hækka aftur. Sú hætta er alltaf fyrir hendi, að þegar einokun er tekin á einhverju, þá hækkar verðið.

Ég skal fúslega játa, að hinni frjálsu samkeppni fylgja þeir ókostir, að þar gengur alltaf nokkuð í súginn. En því má ekki gleyma, að meginkostir hennar eru þeir, að þá er venjulega hægt fyrir neytendur að fá hlutina með sæmilegu verði, og oftast mjög ódýrt.

Það hefir verið talið, að megn óregla væri ríkjandi um fólksflutninga á landi og að bifreiðastöðvarnar eyði miklu fé í að togast á um flutningana. Ég held, að þetta sé mjög orðum aukið. Bifreiðastöðvarnar eru nú einmitt byrjaðar að skipta á milli sín ferðum og farleiðum eftir samkomulagi. Þær finna, að hin frjálsa samkeppni er þeim allóþægileg, og það er áreiðanlega bezta lausnin á þessu máli, að bifreiðastöðvarnar tempri hana sjálfar og skipuleggi fólksflutningana. — Ég hreyfi ekki þessum aths. vegna bifreiðastöðvanna, heldur vegna landslýðsins, sem þarf að nota bifreiðarnar. Þetta bið ég hv. n. að athuga gaumgæfilega, áður en hún mælir með þessu frv. til samþykktar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 6. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 495, n. 641, 643, 659).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta mál hefir legið fyrir samgmn. þessarar d., og er n. í öllum aðalatriðum sammála um að leggja til, að frv. nái fram að ganga. Einn nm. hefir þó skrifað undir með fyrirvara, og er sá fyrirvari fram kominn á þskj. 659. Þær till., sem fluttar eru á nefndu þskj., get ég ekki fallizt á; þó að þær séu ekki veigamiklar að efni til, breyta þær frv. nokkuð. En frv. hefir fengið rækilega meðferð í Nd. og tekið þar stórum breyt., bæði í samgmn. Nd. og frá einstökum þm. Meiri hl. n. lítur því svo á, að þannig sé frá frv. gengið, að brtt. hv. þm. N.-Ísf. séu ekki til bóta. Sé ég ekki ástæðu til að tala um efni þeirra. — Brtt. frá hv. þm. Dal. er í sjálfu sér ekki skaðleg að efni til, að mínu áliti, en ég hefi ekki borið mig saman við meðnm. mína. En ég tel, að mjög orki tvímælis, hvort frv. næði þá fram að ganga í Nd., ef hv. deild samþ. breyt. á því. Þar var ágreiningur um málið eins og það var borið fram, en varð að lokum samkomulag um það eins og það er nú. Ég álít því breyt. varhugaverðar, þó smávægilegar séu. Gætu þær valdið því, að málið dagaði uppi, þar sem skammt mun til þinglausna. Meiri hl. mælir með frv. óbreyttu og leggur til, að það verði samþ.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég get ekki fallizt á það, sem hv. frsm. sagði, að það þurfi að verða frv. að falli, þó breyt. séu gerðar á því. Vissulega eru frv. send í báðar deildir til þess að þau séu athuguð og gerðar breytingar á þeim í báðum d., ef svo sýnist. Annars væri það þýðingarlaust að láta frv. ganga gegnum báðar þingd. Ég get ekki heldur fallizt á, að brtt. mínar séu óþarfar, enda finn ég ekki, að hann hafi bent á neitt, sem mæli gegn þeim. Í fyrsta lagi fara brtt. mínar fram á að veita vöruflutningabifreiðum undanþágu í einstökum tilfellum til fólksflutninga, þó að þær flytji fleiri en 6 farþega. Vil ég hafa sömu undanþágu hvað snertir fólksflutningsbifreiðar. Það gæti hugsazt, að yfirbyggingu þeirra væri breytt svo, að þær gætu flutt fleira fólk í einstökum ferðum en 6 farþega.

Brtt. mín við 5. gr. er sú, að í stað orðanna: „og er ráðh. þá heimilt“ komi: póstmálastjórn er heimilt. — Er það í samræmi við fyrri gr. frv. Þá er og gert ráð fyrir í minum brtt., að sérleyfishafar fái að kjósa 3 manna n., til að vera í ráðum með póstmálastj. um veitingu sérleyfa. Mér finnst sjálfsagt, að leitað sé ráða þeirra, og að ráðh. leiti einnig álits og ráða póstmálastjórnar. En aðalbreytingarnar í till. minum eru þær, að þeir, sem halda póstflutningum nú og hafa annazt þá undanfarin ár, fái þá flutninga áfram, ef þeir fullnægja settum skilyrðum. Mér þykir dálítið hart, ef þeir, sem ekkert er upp á að klaga og staðið hafa vel í stöðu sinni, fá ekki flutningana eftirleiðis.

Það hefir verið venja áður um atvinnurekstur, sem breytt hefir verið með löggjöf, að þeir menn hafa fengið að halda stöðu sinni eða atvinnu, sem stunduðu áður, og mér finnst sjálfsagt að halda þeirri reglu í þessu tilfelli eins og öðrum hliðstæðum. Náttúrlega er sjálfsagt, að sett séu skilyrði eins og ráð er fyrir gert í 5. gr. frv. fyrir því, að leyfið sé veitt. Það má vel vera, að með auknum samgöngum fái fleiri menn leyfi til að starfa á sömu leið. En fyrst og fremst á stefnan að vera sú, að þeir, sem lagt hafa fé í bifreiðir og haldið uppi ferðum í 2—3 ár, fái leyfi til að reka þá atvinnu áfram, ef þeir hafa að öllu staðið vel í starfinu og geta boðið farþegum engu lakari kosti í fargjöldum og farkosti en aðrir. Það eru mörg dæmi í löggjöfinni hliðstæð þessu, að þegar breytt löggjöf hefir verið sett, hefir verið farið þannig að.

**Magnús Guðmundsson:** Ég vildi aðallega fá skilgreiningu hjá hv. n. um 1. gr. frv. Þar stendur, að engum sé „heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa fengið til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni“. Mér finnst þetta svo rúmt orðað, að jafnvel sé óheimilt að flytja fólk t. d. til skemmtana, sem er þó algengt, í bílum, sem tjaldað er yfir. Mér þykir ólíklegt, að slíkir fólksflutningar eigi að falla undir þetta ákvæði, og vildi því spyrja hv. n., hvernig hún skilur þetta. **(SÁÓ:** Þetta er skýrt í 2. málsgr. 1. gr. frv.). Ég sé, hvað stendur þar, en er í efa um, að það sé fullnægjandi, og sé því ekki ástæðu til að falla frá fyrirspurn minni.

**Þorsteinn Þorsteinsson** [óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. n. virtist vera á því máli, að brtt. sú, sem ég hefi borið fram og er á þskj. 643, gæti frekar verið til bóta, en samt var að heyra á honum, að hann vildi ekki taka hana til athugunar eða færa inn í frv., vegna þess að hann vildi engar breyt. gera á frv., heldur samþ. það eins og það liggur fyrir. Ég vil taka undir með hv. þm. N.-Ísf., að það er til lítils að láta frv. ganga hér um deildina og setja þau í nefndir, ef ekki má taka til greina þær brtt., sem fram koma og miða til bóta. Ég hélt, að tilgangurinn með athugun frv. og sendingu milli deilda væri að gera þau svo úr garði, að frágangur yrði sæmilegur.

Þessi brtt. mín fer í þá átt, að hlutaðeigandi héruð, sem þessar fólksflutningsbifreiðir ganga til, eða héraðsstjórnir hafi tillögurétt um, hverjir eigi að fá sérleyfi á þeirri leið. Ég verð að segja, að það er ekki lítils virði fyrir héruðin, hver bílstjórinn er. Það er geysilegur munur, hver það er, sem hefir þessa flutninga á hendi. Sumir eru klaufar við stjórn, gleymnir og óáreiðanlegir, aðrir eru hið gagnstæða, liprir stjórnendur, samvizkusamir og ábyggilegir. Héruðin ættu að þekkja vel þá menn, sem áður hafa stjórnað ferðum þangað, og mér finnst mjög gagnlegt, að þau fái tillögurétt um þetta, þó þau hafi ekkert úrskurðarvald. En það hefir verið svo nú um tíma, að freklega hefir verið gengið á rétt héraðanna, og er von, að það sé í þessu máli sem öðrum; það eru ýmsir menn, sem miða allt við stjórn hér syðra og að hér

skuli vera úrskurður í hverju máli og ráðið úrslitum hér.

Ég tel illa farið, ef héruðin eiga ekki að fá að segja sitt álit. Það hefir verið sagt, að erfitt mundi að koma þessu við. Ég tel þetta mjög hægt. Þó í einstaka tilfellum verði að spyrja 2—3 héruð um sama bílstjórann, er hægt að gera það bréflega eða með símskeyti, og geri ég ráð fyrir, að nægi að snúa sér til oddvita sýslunefnda. — Ég skal ekki fara lengra út í þetta, en ég get ekki orða bundizt, því að ég óttast mjög, að svo fari, ef frv. verður samþ., að það verði héruðunum til stórtjóns. Ég geri ráð fyrir, að með einkaleyfum eða sérleyfum sé loku skotið fyrir heilbrigða samkeppni. Og ég ætla þá að segja hv. deild það, að nú er fargjaldið frá Búðardal og hingað komið niður í 10 kr. sætið. Það hefir verið talað um sparnað og ódýr fargjöld af meðhaldsmönnum þessa frv., en ég er viss um, að fargjöldin verða færð upp og að allt verður þvert á móti því, sem boðað er af þeim, er flytja frv. þetta inn á þingið.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég hreyfði andmælum gegn frv. þessu þegar við 1. umr., og hv. n. hefir ekki gert neina tilraun til að bæta úr göllum þess. Þó hefir hv. þm. N.-Ísf. flutt brtt., sem mér þykir miður, að hann hefir borið fram, vegna þess að hann hefir viðurkennt frv., en það á ekki að ganga inn á þessa fáránlegu braut. Ég get tekið undir með hv. þm. Dal., að verið er að brjóta niður framtak þeirra manna, sem undanfarið hafa brotizt í að taka upp nýjar og nýjar leiðir, lækkað fargjöldin og keppzt um að bjóða sem bezta bíla. Það hefir verið svo, að sú bifreiðastöð, sem ætlað hefir að halda uppi ferðum, hefir orðið að endurnýja bílana, fá betri bifreiðar, eða hætta, og þetta er eingöngu að þakka hinni marghötuðu frjálsu samkeppni. Það hefir verið svo, að þeir hafa ekki þolað samkeppnina, sem ekki hafa átt beztu bifreiðarnar. Ég spyr: Hver hugsar um að hafa sem beztar bifreiðar, ef þetta frv. verður samþ., og hver hugsar þá um að lækka fargjöldin? Ég held, að með þessu sé verið að gera tilraun til að stöðva eðlilega þróun á þessu sviði. Þetta frv. mætti eins vel heita sérleyfi bifreiðastöðva til að okra á farþegum. Það er síður en svo, að ég hreyfi þessum andmælum hér f. h. bifreiðastöðvanna. Það er svo fjarri því, að þær hafi hreyft andmælum gegn þessu frv. Þeir eru ánægðir, sem eiga bifreiðastöðvarnar, þeim þykir gott, að landinu er skipt á milli þeirra, svo þeir geti okrað hver á sínum stað. Þeim þykir hentugt að geta eftirleiðis sett þá taxta, sem þeim líkar bezt, til handa landslýðnum. Það er bara sá galli á, að ekki er unnt að sjá, hvaða skaða þetta veldur, því samanburðinn vantar. Er því erfitt að sjá árangur frv. Mér finnst ákaflega óljóst ákvæði í frv. um flutningana. Í 1. gr. frv. er t. d. sagt, að engum sé heimilt að hafa með höndum fólksflutninga í bifreið, er rúmar fleiri en 6 farþega. Hvað er að hafa með höndum fólksflutninga? Hvar eru mörkin á milli? Mér finnst, að það þurfi nánari ákvæði um þetta. Má bílstjóri t. d. ekki taka menn upp af götu sinni? Það þarf nánari skilgreiningu á, hvað eru fólksflutningar. Í 5. gr. frv. stendur: „Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið ...“. En ef enginn sækir nú um sérleyfið á einhverri leið, t. d. af því hún er fáfarin. Má þá enginn flytja farþega á þeirri leið? Það getur verið, að einhversstaðar í frv. sé gert ráð fyrir, að póstmálastjórn taki þá leið að sér, en þetta er mjög óljóst. En þessi einstöku atriði eru fyrir mér ekki aðalatriði, heldur hitt, að verið er að stöðva þá þróun, sem verið hefir. Bifreiðastöðvarnar hafa keppt um leiðirnar, og eru nú komnar á það lag að skipta leiðunum milli sín, svo þær drepi ekki hver aðra. Þetta er það rétta, því svo er öllum frjálst að koma inn á þessar leiðir. Ég get hugsað, að Austfirðir standi verst að vígi, því þeir eru skemmst komnir. En það getur verið, að Dalir fái 10 kr. taxta áfram, sem annars hefði kannske lækkað niður í 8 kr., en ég tel meiri líkur til, að hann hækki nú upp í 18 kr. En hvaða kjörum verða Austfirðingar að sæta, sem ekki hafa neinn samanburð? Ég hefi einu sinni látið blekkjast til að skipuleggja hlut. Það var í alþingishátíðarnefndinni að ég dróst með að skipuleggja fólksflutninga með öllum tilheyrandi umbúðum, forstjóra, töxtum og allskonar kreddum. Flutningarnir austur gengu stirt og illa, en þó keyrði um þverbak, þegar flytja átti fólkið suður aftur. Þá brotnaði allt kerfið, svo ekki varð við neitt ráðið, og í skyndi var ákveðið að hætta við allt saman og gefa flutningana frjálsa. Ég hefi heitið því að láta ekki teyma mig út í slíka skipulagningu oftar. Og það voru margir bifreiðaeigendur, sem sögðu mér, að þeir hefðu orðið því fegnastir, þegar þeir heyrðu, að átti að setja á þetta skipulag, því að þeir þurftu ekki að hugsa, að þeir hefðu fengið eins há fargjöld og þeir fengu, ef þetta skipulag hefði ekki verið sett. Það sama verður hér. Þetta frv. verður til þess, að þeir, sem ferðast með bifreiðum, verða að borga hærra og fá verri bifreiðar. Það verður það eina, sem almenningur hefir upp úr þessu skipulagi.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)**: Það er út af brtt., er fyrir liggja, sem ég vil segja nokkur orð. — 1. brtt. á þskj. 659 sé ég ekki, að geti orðið til bóta. Sú málsgr., sem þar um ræðir, á sérstaklega við vörubifreiðar, sem verða teknar til fólksflutninga, eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði, sérstaklega ef fólk fer í skemmtitúr, en þær bifreiðar, sem eru mest notaðar til fólksflutninga, eru hinar svonefndu drossíur, og þær eru fyrir 6 farþega og minni, auk hinna stærri bifreiða til fólksflutninga, sem notaðar eru á langleiðum og þetta skipulag, sem frv. gerir ráð fyrir, á fyrst og fremst að ná til. Þessar bifreiðar rúma marga farþega og eru notaðar á löngum leiðum, Rvík — Akureyri o. s. frv. Ég tel það til hins verra að setja fólks- og vörubifreiðir undir sama ákvæðið, eins og till. fer fram á. Meiri hl. n. leggur því á móti þessari brtt. Sama er að segja um a-lið 2. brtt.; meiri hl. leggur einnig á móti honum.

Síðasta brtt. er bundin sérstaklega við þá, sem hafa áður haft þessar ferðir. En nú getur

verið, að einhverjir þeir séu til, sem hafa haldið slíkum ferðum uppi, en vilja ekki halda þeim uppi framvegis. Nei, það verður að vera á valdi þeirra, sem stjórna þessu, hvort þessir menn eiga að hafa þessar ferðir áfram, eða hvort nýir menn eiga að koma til greina, sem vildu taka þessar ferðir upp. Það væri hugsanlegt, að einhverjir nýir aðilar kynnu að koma, sem vildu taka þessar ferðir fyrir lægra verð en áður hefir verið. Ég sé því ekki, að þessi brtt. hafi neitt það sér til ágætis, að rétt sé að samþ. hana.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessar brtt. Meiri hl. n. telur þær alls ekki til bóta og er þeim því mótfallinn.

Um brtt. á þskj. 643, frá hv. þm. Dal., skal ég játa það, að það gæti í einstöku tilfellum verið þægilegt að hafa slíkt ákvæði í l. En hversu margar héraðsstjórnir eru það, sem láta sig nokkru skipta, hvort það er Pétur eða Páll, sem ferðirnar tekur að sér?

Þá vil ég beina nokkrum orðum til hv. 1. þm. Reykv. Það er ekkert við það að athuga, þó að hann sé á móti þessu frv., því að það er í samræmi við hans stefnu að vera á móti öllu slíku skipulagi, sem hann segir, að hefti frjálst framtak einstaklingsins, sem hann jafnvel á öðrum sviðum verður að viðurkenna, að sé nauðsynlegt. Í þessu tilfelli vill hann ekki ganga inn á það, en færir það fram sem höfuðástæðu gegn frv., að það gangi á móti þeirri þróun, sem orðið hafi á þessu sviði. Ég vil ekki hefja langa orðasennu við hann út af þessu, en ég hygg, að með þessu frv. sé á engan hátt gripið fram í þá þróun, eins og hann orðar það, sem orðin er í flutningum með bifreiðum. Nú er gert ráð fyrir, að fleira en eitt félag geti keppt um þessar ferðir, og þá verður náttúrlega reynt að hafa þau farartæki í boði, sem ganga bezt í augu þeirra, sem þau eiga að nota. Sennilega fær samkeppnin að komast hér að, sem þm. lofar svo mjög. Ég geri ráð fyrir, að þessi samkeppni, sem hann óttast, að yrði útilokuð, geti notið sín. Skipulagningin á þessu sviði, sem frv. stefnir að, er m. a. sú, að ekki sé settur óeðlilega mikill fjöldi bifreiða á hverja leið (rútu), til þess að tryggja þeim, sem ferðirnar annast, nægilega marga farþega, og með því móti væri unnt að lækka fargjöldin.

Hann segir, að beztu bifreiðarnar séu helzt notaðar, og það er rétt að vissu takmarki. Beztu bifreiðarnar eru teknar svo lengi sem þær eru fáanlegar og ef þær eru ekki of dýrar. En ef beztu bifreiðarnar geta ekki fullnægt eftirspurninni, þá verður að nota hinar lélegri. — Annars er það mál út af fyrir sig, hvort við höfum ráð á að nota þessar finustu luksusbifreiðar til langferðalaga, eins og átt hefir sér stað, því vitanlega eru þær dýrari farkostur. En í þessu sambandi er óþarfi að vera að tala um þessa tegund bifreiða, því þeim er ekki ætlað að koma undir hið fyrirhugaða skipulag. Þó ég hinsvegar sjái, að nauðsyn beri til, að þær gætu heyrt þar undir. Reynslan ein sker úr því.

Þá sagði hann, að bifreiðastöðvarnar mundu fagna þessu. Ég hefi ekki kynnt mér sérstaklega, hvernig þeirra skoðun er, en þó veit ég, að það er þó til bifreiðastöð, sem mun vilja vinna á móti þessari skipulagningu eftir því sem hún getur. Ég nafngreini hana ekki hér, en ég get sagt honum það einslega, en hún er hvorki í tölu þeirra auðmustu eða minnstu, og hygg ég, að áhrifa hennar hafi nokkuð gætt í andstöðunni gegn þessu máli.

Hv. þm. segir, að eftir þessum ákvæðum megi enginn aka vögnum, sem eru 6 manna bifreiðar og minni, á langferðum. Þetta er hártogun, því að frv. bannar mönnum ekki að fara í ferðalag með minni bifreiðum. En til langferða er gert ráð fyrir, að notaðar séu stórar bifreiðar af hálfu þeirra bifreiðastöðva, er selja farmiða. Einstaklingar, sem leigja sér bifreið hvert á land sem er, geta hagað sér eins og þeir vilja. T. d. ef ég og hv. þm. tökum okkur saman um að aka út um land með konur okkar, þá banna þessi ákvæði okkur það ekki. Það eru bifreiðar, sem taka ákveðið gjald fyrir hvern mann, selja farmiða. Um það fjallar þetta skipulag, en það er ekki bannað, að menn leigi sér bifreið fyrir sig og sína. En eins og ég sagði áðan, verður sérleyfi að bindast við bifreiðar, sem eru stærri en 6 manna bifreiðar.

Ég skal nú stytta mál mitt, en að lokum taka það fram, að ég hefi enga trú á því, að þetta skipulag valdi því, að fargjöldin hækki, en úr því verður reynslan að skera, eins og hv. þm. Dal. sagði, en ég hefi meiri ástæðu til að ætla, að þau geti lækkað, ef vel er á spilunum haldið.

Að síðustu minntist hv. þm. á skipulagninguna á bifreiðum á alþingishátíðinni. Ég skal játa, að það skipulag fór út um þúfur, en það var af því, að ein bifreiðastöð hér í bænum fékk þar forréttindi fram yfir alla aðra og setti á stað þá ólgu, sem varð þess valdandi, að skipulagið var upp hafið, og sízt til heiðurs þeim, er því ollu. Það var ástæðan, og þegar svo var í pottinn búið sem þá, var ekki við að búast, að þeir menn, sem hlut áttu að máli, væru ánægðir. Þetta veit hv. þm. eins vel og ég, að er satt, og því bezt að fara ekki lengra út í þá sálma.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég fékk ekki svar hjá hv. þm. við þessu, sem er þó stórt atriði í málinu, hvað það er, að hafa fólksflutninga um hönd. Ef það er ekki skilgreint, þá er hægt að fara í kringum þetta.

Hann segir, að okkur sé ekki bannað að fara í ferð með konur okkar og taka okkur bíl. Er þá ekki hægt að fara í kringum þetta? Við skulum segja, að við ætlum að fara alla leið til Reyðarfjarðar og höfum ráð á stórri bifreið. Til þess að létta undir kostnaðinn, viljum við taka nokkra farþega. Þá verðum við að semja við þessa menn um það, að við förum saman að gamni okkar og tökum bifreiðina á leigu í sameiningu, því að ekki megum við selja þeim farið. Þannig skilst mér, að megi alltaf fara í kringum þetta, svo að það verði ekki nema svipur hjá sjón. Við verðum því að hafa nákvæma skilgreiningu á því, hvað það er að hafa með höndum fólksflutninga.

Þá verður líka að gera sér grein fyrir, hvað á að gera við þær leiðir, sem enginn sækir um, en það verður hv. frsm. að játa, að getur vel komið fyrir. Má þá enginn flytja fólk þar? (SÁÓ:

Yfirstjórnin sér fyrir því). Hún hefir ekki vald til þess. Þetta getur verið fáförul leið, en það er vont, að enginn haldi uppi ferðum á þeirri leið fyrir því, en það getur komið fyrir, þegar á að rígbinda á þennan hátt allar samgöngur í landinu.

Hann segir, að ekkert sé við það að athuga, þó að ég sé á móti þessu. Þá er ekki heldur neitt við það að athuga, þó að hann sé með því. Hann er með þessari skipulagningu, af því að það er í sambandi við hans stefnu. En ég er ekki á móti þessu af teoretiskum ástæðum, heldur af því, að ég held, að þetta verði til óþæginda og tjóns. Ég er ekki á móti því sérstaklega vegna minna kjósenda, ég býst við, að þetta komi tiltölulega létt niður á þeim. En ég álít, að það sé skaðlegt almennt séð að hefta samgöngurnar í landinu. Það er þess vegna, að ég er á móti þessu. Einu sinni átti að skipuleggja bifreiðaferðir í Rvík. Þá voru hér ekki hreyfðir bílar fyrir minna en 3 kr. Mönnum þótti þetta dýrt og sögðu, að gera þyrfti mun á því, hvert farið væri. Stjórnarráðið tók sig til og skipti bænum niður í belti; það var ógurlega flókið, það kostaði svona og svona mikið innan fyrsta beltis, en ef farið væri úr fyrir það og út í annað belti, þá hækkaði það um þetta og þetta. Það skildi enginn neitt í þessu, og bílarnir voru dýrir eftir sem áður, svo að allt þetta kerfi brotnaði niður. En rétt á eftir tók ein bifreiðastöðin upp á því að aka mönnum út um allan bæ fyrir eina krónu. Þá urðu hinar stöðvarnar vegna samkeppninnar að lækka líka hjá sér. Næst kom svo það, að þeir, sem ætluðu að nota gamlar og slæmar bifreiðar, fengu enga farþega. Ég hygg, að ef skipulagning hefði gert það þarna að verkum, að gjöldin hefðu lækkað úr 3 kr., þó að ekki hefði verið nema niður í 2, þá hefði það þótt vel að verið, þó að menn hefðu eftir sem áður orðið að nota gömlu og lélegu bifreiðarnar.

Ég verð að viðurkenna það, að hv. frsm. bar þó fram eina ástæðu, sem hefði reyndar ekki átt að koma fram frá honum. Hann sagði, að þótt þessi skipulagning kæmist á, yrði samt sem áður frjáls samkeppni að talsverðu leyti. Mér fannst þetta helzta ljósglætan í þessu, því að þegar farið er að bjóða þetta út, þá munu menn keppa um það. En það skyldi lukka til, að bifreiðastöðvarnar hefðu ekki samtök um að bjóða ekki niður hver fyrir öðrum. Og svo þegar búið er að veita sérleyfið, þá kemst engin samkeppni að í 3 ár. Og það er það minnsta, sem samtök geta verið um, að bjóða ekki allt of mikið niður hver fyrir öðrum. Nei, það er einmitt þessi hugarskíma hjá þessum hv. þm., sem bregzt alveg, því að þessi samkeppni er útilokuð, nema að því leyti, sem farið verður í kringum l., sem verður kannske til að bæta úr mestu göllunum.

Hann sagði, að þetta yrði til þess að gefa mönnum atvinnu við að aka þessar leiðir. Hann heldur þá, að ef allt er frjálst, þá yrði samkeppnin svo mikil, að engin atvinna yrði af að aka bíl. Það er þá af umhyggju fyrir bifreiðaeigendum, en ekki fyrir þeim, sem þurfa að kaupa sér far með bifreiðum, að þetta er borið fram, og ég efast ekki um, að það verður góð atvinna að aka með sérleyfi.

Ég skal ekki mikið fara út í það, sem hann var að tala um, að ekki gætu allir notað beztu bifreiðarnar, en það er vel séð fyrir því með þessu frv., að menn aki ekki í of fínum bifreiðum. Það eru góðir menn eins og aðrir, sem aka bifreiðum, en þeir eru mannlegir og vilja fá að nota sínar bifreiðar sem lengst, og til þess fá þeir aðstöðu, ef enginn er til að keppa við þá.

Hv. þm. sagði, að það væri til bifreiðastöð, sem væri á móti þessu. Ég hugsa, að það væri þá helzt, ef einhver stöð hefði nú meiri flutninga en aðrir vegna góðra bifreiða og bifreiðarstjóra. Ég gæti hugsað, að slíkar stöðvar mundu ekki kæra sig um þetta. M. ö. o., tilgangurinn er að rífa niður þá, sem gera bezt í þessu efni.

Hann er ekki viss um, að fargjöldin lækki, en fullyrðir bara, að þau hækki ekki. Til hvers er þetta þá? Er það bara til þess að fargjöld hækki ekki? Ég hélt nú, að þeir mundu halda því fram, að gjöldin lækkuðu, en það er þá svo, að jafnvel helztu forsvarsmenn frv. geta ekki búizt við, að þau lækki.

Ég skal svo ekki ræða um þetta meira. Reynslan mun leiða það í ljós, hvílíkt glapræði var framið með samþ. þessa frv.

Ég skal ekki tala mikið um það, hvers vegna skipulagið mistókst á alþingishátíðinni, en mér er ekki kunnugt um, að nein bifreiðastöð hafi þá haft sérstaka samninga. Það var settur taxti, sem var hærri en hann þurfti að vera, og af því brotnaði þetta allt.

Ég vil svo að endingu óska þess, að hv. þm. svari þessari spurningu, hvað það er, að hafa með höndum fólksflutninga, og hvernig eigi að fara að, ef enginn sækir um sérleyfi á einhverri leið, hvort allar samgöngur eiga þá að falla þar niður.

**Pétur Magnússon:** Það er eitt atriði í sambandi við þessa löggjöf, sem ég býst við, að hv. þm. sé óljóst og hv. frsm. gerði litla tilraun til að hjálpa okkur til réttari skilnings á, og það er það, hvert er tilefnið til þessa frv. Ég hefi ekki heyrt hér gerða neina tilraun til að skýra það fyrir mönnum, hvers vegna þetta frv. er fram komið.

Það munu nú vera um 20 ár síðan bifreiðaferðir hófust hér á landi. Þær byrjuðu í smáum stíl, með litlum og lélegum bifreiðum. Vegir voru mjög vondir og það var ekki nema um mjög takmarkað svæði á landinu, sem bifreiðar gátu farið. En þessu hefir fleygt svo ört fram á síðari árum, að undrum sætir í okkar fátæka þjóðfélagi. Bifreiðar fara nú orðið um langmestan hluta landsins, og bifreiðarnar eru yfirleitt vandaðar, og það hefir mjög mikið að segja, eins og vegir eru hér víða hættulegir, að það séu góðar bifreiðar, sem eru notaðar. Hv. frsm. talaði um það, að við hefðum ekki ráð á að nota góðar bifreiðar, en ég segi, að við höfum ekki ráð á að nota lélegar bifreiðar, því að slys af því yrðu alvarlegri en svo, að við það yrði unað til lengdar.

Bifreiðastöðvar og bifreiðastjórar hafa líka átt mjög mikinn þátt í því, hve víða hefir verið

hægt að komast um landið á bifreiðum. Flutningsgjöldin hafa verið lág, svo að það er ómögulegt að segja annað en að á síðari árum hafi það verið mjög litið tilfinnanlegt að ferðast með bifreiðum. Það hefir kostað margfalt minna en áður en bifreiðarnar komu til sögunnar, enda þótt dýrtíð hafi vaxið, og án þess að tekið sé tillit til þess tímasparnaðar, sem bifreiðaferðir hafa í för með sér. Það var upplýst, að það hafi kostað síðasta sumar 10 kr. að fara í góðri bifreið frá Reykjavík til Búðardals. Áður fyrr kostaði það a. m. k. þrefalt meira, án þess að tekið sé tillit til þess, að þá tók það þriggja daga ferðalag, í staðinn fyrir, að nú tekur það ekki nema 8—9 stundir. (**JBald:** Það er nú líka búið að leggja þarna mikla vegi). Já, að vísu, þó allmikill hluti af veginum sé aðeins ruddar götur.

Þá hafa íslenzkir bifreiðastjórar fengið mjög mikið orð á sig fyrir það, hversu sýnt þeim sé að fara með bifreiðar og komast klaklaust yfir þær vegleysur, sem þeir víða verða að fara með bifreiðar yfir. Menn, sem ekið hafa í bifreiðum erlendis, láta í ljós stórkostlega undrun yfir því, hversu snilldarlega íslenzkir bifreiðastjórar leysa þetta starf af hendi, enda er það orðið svo, sem betur fer, að bifreiðaslys eru tiltölulega fá, borið saman við það, hvað slysahættan er mikil.

Við höfum ströng lög um bifreiðar og eftirlit með þeim, þar sem settar eru fastar reglur um notkun þeirra, og hörð ákvæði, sem lögð eru við vítaverðu framferði bifreiðarstjóra. En þrátt fyrir það, og þó að notaðar séu vandaðar bifreiðar yfirleitt og fargjöldin séu lág, þá virðast bifreiðastöðvarnar þrífast vel, t. d. hér í bænum. Sumar hafa grætt mikið fé og hinar þrífast sæmilega, en fáar hafa tapað. Og svo er verið að tala um, að nú sé sérstaklega nauðsynlegt að skipuleggja þennan atvinnurekstur, sem ég nú hefi lýst. Sannleikurinn er sá, að bifreiðaferðir hafa verið skipulagðar hér í mörg ár, og það sem meira er um vert, að sú skipulagning hefir reynzt ágætlega. Eins og öllum er kunnugt, þá hafa bifreiðastöðvarnar ákveðnar áætlunarferðir til vissra staða samkv. fyrirfram settum áætlunum, einkum þar, sem umferðin er mest, og aukaferðir eftir þörfum, eða þegar krafizt er. Ég hefi ekki skilyrði til að dæma um, hvort í einstökum tilfellum kunni að vera óþarflega margar bifreiðar á einhverjum vegum. En ég ætla, að reynslan muni sýna, að ef bifreiðar eru einhversstaðar of margar, þá liggi það í hlutarins eðli, að stöðvarnar fækki þeim þar sjálfkrafa. En hitt liggur í augum uppi, hvað sem menn annars segja um þessa blessaða skipulagningu, þetta orð, sem er svo óskaplega misnotað, þá er gersamlega óþarft að nýskipuleggja atvinnurekstur, sem gengið hefir mjög vel með núv. skipulagi. Það hafa líka verið færð sterk rök fyrir því, að sú skipulagning, sem ráðgerð er í þessu frv., muni reynast lakari en sú, sem fyrir er. Og sérstaklega virðist það liggja í augum uppi, að þegar farið verður að einoka þessa atvinnugrein og veita einstökum mönnum eða fámennum félögum sérréttindi til fólksflutninga með bílum, þá er mjög mikil hætta á því, að tilkostnaðurinn aukist. Og einnig er mikil hætta á því, að ekki verði hugsað um að hafa bílana í nægilega góðu lagi, eftir að slíkt skipulag væri komið á.

Ég hefi yfirleitt ekki orðið þess var, að nokkur óánægja hafi verið meðal almennings undanfarið um það, hvernig fólksflutningum með bifreiðum væri hagað hér á landi. Ég held þvert á móti, að á síðari árum hafi ríkt mjög almenn ánægja meðal manna í því efni. Þetta bendir auðvitað til þess, að á bak við þetta frv. sé einhver önnur ástæða fólgin, sem ekki þyki rétt að hreyfa og hv. frsm. þykir ekki henta að minnast á. En sé svo, þá er bezt fyrir hv. þm. að koma hreinskilnislega fram með það, því að réttast er að hafa hreint mjöl í pokanum. Ég veit, að sú skoðun er almennt ríkjandi hér í bænum, og veit líka, að hv. frsm. hefir heyrt það, að hér liggi aðrar ástæður á bak við en gefnar hafa verið upp. Og þær ástæður eru þannig, að það er mjög hæpið að láta löggjöfina í þessu efni velta á þeim.

Ég tek undir það með hv. 1. þm. Reykv., að það er allt of ónákvæmt orðalag í 1. gr. frv. Þar er talað um, að engum sé heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa fengið til þess sérstakt leyfi frá ríkisstjórninni. Mér virðist óhjákvæmilegt að skýra þetta nánar. Hvað segir hv. frsm. um það, þegar bifreiðastöð auglýsir, að hún hafi með höndum bifreiðar til leigu án þess að um fastar ferðir sé að ræða? Er þetta að hafa með höndum fólksflutninga? Hv. frsm. segir, að það sé bundið við ákveðinn sætafjölda í bifreiðum. En ef um 6 manna bifreiðar er að ræða og bifreiðastöð gerir sér þetta að atvinnu, — er það þá heimilt? Mér er þetta ekki vel ljóst. Ef þetta frv. skyldi nú fara í gegnum þingið og verða að lögum, þá væri mjög gott, ef hinn ágæti frsm. vildi láta það í ljós, hvernig hann skilur þetta. Það gæti komið sér vel, þegar þarf að fara að skýra lögin á eftir.

Þá er annað ákvæði í 6. gr., sem sýnist vera talsvert varhugavert, og vil ég beina því til n. að athuga það til 3. umr. Þar er gert ráð fyrir, að svo framarlega sem fleiri en eitt félag eða einstaklingur hafi fengið sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, þá hafi póstmálastjórn heimild til að ákveða, að fargjöldum skuli skipt milli sérleyfishafa eftir tölu sætakílómetra bifreiða þeirra, sem þar eru í förum. Ég skal játa, að ég skil ekki þetta orð: „sætakílómetra“. En mér skilst, að hugsunin sé sú, að fargjöldin skiptist á milli bifreiða eftir sætafjölda og vegalengd, sem bifreiðarnar fara. Það er augljóst, að ef þetta yrði gert, þá er hætt við, að það skipti sérleyfishafa ekki miklu máli, hvort það er hann eða keppinauturinn, sem fer þessa eða hina ferðina og hlýtur viðskiptin. Sérleyfishöfum verður vitanlega alveg sama, hvort þeir fara með hálffulla bifreið af fólki eða næstum því tóma, ef þeir fá borgun fyrir auðu sætin frá annari stöð. Ég er hræddur um, að þetta verði ekki sérstaklega uppörvandi fyrir sérleyfishafa til þess að þeir leggi sig fram um að hafa bifreiðarnar sem bezt útbúnar fyrir þá, sem eiga

að nota þær. Ætli það væri ekki betra, að sérleyfishafar væru á einhvern hátt knúðir til þess að kosta nokkru til, svo að farþegar kysu heldur að fara með bifreiðum þeirra? Þessu vildi ég beina til hv. n., til fyllri athugunar.

Annars verð ég að segja það, að mér finnst þau rök, sem flutt hafa verið til meðmæla þessu máli, svo léttvæg — en rökin, sem á móti því mæla, svo þungvæg, — að ég trúi því naumast, að þetta frv. eigi að ganga fram, þó maður hafi nú orðið að reyna margt misjafnt á þessu þingi.

**Páll Hermannsson:** Það var víst hv. 1. þm. Reykv., sem fyrstur óskaði eftir fyllri skýringum á því, hvað það þýddi, sem stendur í 1. gr. frv.: „að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum". Ég held, að hv. þm. skilji þetta sjálfur mætavel, enda finnst mér það vel skiljanlegt. Ég lít svo á, að „að hafa með höndum" o. s. frv. þýði að reka sem atvinnu fólksflutninga með bifreiðum. Mér skilst, að það sé ekki talið að hafa með höndum fólksflutninga, þó að menn fái t. d. far með vöruflutningabifreiðum. (**PM:** Þetta er þveröfugt við skýringar frsm.). Ég hefi þá ekki veitt því eftirtekt. En ég skil þetta ákvæði svo, að um sé að ræða þá atvinnu, að flytja fólk um lengri veg.

Sami hv. þm. var að spyrja að því, hvernig ætti að fara að á þeim stöðum eða vegum, þar sem ekki væri sótt um sérleyfi til fólksflutninga. Mér sýnist það ógnarlega einfalt mál. Þar, sem ekki verður sótt um sérleyfi, er sennilega ekki um mikla fólksflutninga að ræða, enda verða þar nógir möguleikar til þess að flytja fólkið. Á það má benda, að 7 manna bifreiðar heyra ekki beinlínis undir þetta frv., en þær eru einmitt mjög almennt notaðar til fólksflutninga þar, sem ekki er um lengri leiðir að ræða. (**MJ:** Ákvæði 7. gr. frv. ná til þeirra). Það er bara heimild, ef um fastar áætlunarferðir er að ræða. Auk þess er það vitað, að fólksflutningar fara víða fram með vörubifreiðum, sem aðallega eru notaðar til vöruflutninga, og flytja fólk ásamt vörum eina og eina ferð. Þetta er fullkomlega leyfilegt eftir frv. — Mér skilst, að það verði því engin vandræði með fólksflutninga á þeim vegum, þar sem ekki verða veitt sérleyfi. Þar situr við það sama og nú er. Enda engin þörf fyrir sérstök flutningatæki á þeim leiðum.

Hv. 2. þm. Rang. áleit, að það væri ekki enn komið í ljós, hver væri hinn upprunalegi tilgangur með þessu frv., eða tilefni þess, að það er fram komið. Mér skilst, að tilefni frv. sé blátt áfram það, að fólk ferðast nú orðið mikið með bifreiðum hér á landi, og að það fer stöðugt vaxandi með hverju ári. Nú er því orðið um svo mikla fólksflutningaþörf að ræða, að löggjafarvaldið telur rétt að hafa þar hönd í bagga, og fulla ástæðu til þess, á þann hátt, að tryggt verði, að fólksflutningarnir geti farið sem best úr hendi, fyrst og fremst vegna ferðafólksins, og líka með tilliti til bifreiðastöðvanna, sem reka þessa atvinnu.

Hv. 2. þm. Rang. benti á, alveg réttilega, hversu ágætir íslenzkir bifreiðastjórar væru og hvað bifreiðarnar væru vandaðar og vel útbúnar. Mér þykir ekki líklegt, að þetta þurfi neitt að versna, þó að frv. verði að lögum og að hið opinbera hafi íhlutun um fólksflutningana. Hv. 2. þm. Rang. veit það líka fullvel, að það eru ekki allar bifreiðar jafntraustlega eða vel útbúnar. Og vera má, að þær verði það ekki heldur, þó að ríkisvaldið hafi þar hönd í bagga, en ég held, að það spilli engu í því efni a. m. k. En ég hygg, að það sé sízt af öllu verið að koma í veg fyrir opinbert eftirlit með frágangi bifreiða, þó að þessu skipulagi verði komið á um fólksflutninga.

Mér virtist það ekki vera alveg rétt, sem hv. 2. þm. Rang. gat um í sambandi við 6. gr. frv., að þegar þetta skipulag væri komið á fólksflutninga og fleiri en ein bifreiðastöð fengju sérleyfi til flutninga á sömu leiðum, þá mætti þeim standa alveg á sama, hvort þær sendu tóman bíl eða fullhlaðinn farþegum, af því farfjöldin ættu að skiptast hlutfallslega jafnt á milli sérleyfishafa. Það er að vísu rétt, að í frv. er áskilið, að fargjöldum sé skipt á milli leyfishafa eftir sætafjölda í bifreiðum og vegalengd.

Náttúrlega hlýtur það að vera hverjum skynbærum manni ljóst, að það dregur hverja bifreið mikið niður, sem keyrð er tóm um langan veg, samanborið við þá, sem er fullskipuð fólki, þó að hún fái eitthvað til uppbótar fyrir ómakið. En það má líka nokkuð til sanns vegar færa, ef farþegar fara einungis með öðrumhvorum sérleyfishafa á sömu flutningaleið, þó að tekjum sé þannig jafnað á milli bifreiða. (**MG:** Þetta er miðað við sætafjölda, en ekki farþega). Já, það er mér fyllilega ljóst.

Hv. 2. þm. Rang. var að tala um einhverjar ástæður, sem lægju á bak við flutning þessa frv. og ekki hefði mátt hreyfa opinberlega á Alþingi. Mér skilst, að hann sé hér að fara með rakalausar dylgjur, sem er ólíkt honum og ekki venjulegt. Ef hv. þm. veit eitthvað til þess, þá ætti hann að skýra frá því hér í þd.; það er engin ástæða til að þegja yfir því. Mér er ekki kunnugt um neina aðra ástæðu fyrir flutningi þessa frv. en þá, að fólksflutningar með bifreiðum aukast óðum hér á landi, og þess vegna skiptir miklu máli, að þeir fari vel úr hendi og séu sem ódýrastir fyrir almenning.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég ætla mér ekki að svara orði til orðs andmælendum þessa frv. — Hv. 2. þm. Rang. var með ýmsar aths. og fjarstæður út af einstökum atriðum frv. En því hefir nú verið svarað af hv. 1. þm. N.-M., og ég ætla ekki að endurtaka það.

Hv. 2. þm. Rang. var eitthvað að hártoga ummæli mín og leggja þau út á þann veg, að ég vildi hafa mannflutningabifreiðar sem einfaldastar og ódýrastar. — Ég verð nú að ætla, að það skipti ekki mestu máli að hafa bifreiðarnar sem flottastar. Ég hygg, að menn gefist yfirleitt upp á því að hafa fólksbifreiðar eins fínar og verið hefir, vegna þess hvað það kostar mikið. En bifreiðar geta verið góðar, þó þær séu ekki með öllum nýmóðins luksuseinkennum, og þær geta verið fullkomlega eins öruggar og forsvaranlegar að ferðast með þeim fyrir því.

Hv. þm. minntist einnig á, að við ættum ekki öðru að venjast en góðum bílstjórum, og er það yfirleitt rétt. Og mér er einnig kunnugt um, að bifreiðarstjórar hér á landi keyra venjulegar bifreiðar af alveg eins mikilli leikni og kunnáttu og hinar skrautlegu 1. flokks bifreiðar.

Þá vildi hv. 2. þm. Rang. halda því fram, að bifreiðastöðvar hér á landi bæru sig ákaflega vel fjárhagslega. En ég veit ekki betur en að bifreiðastöðvar hér í bænum hafi beinlínis siglt sig í strand í samkeppni um fólksflutninga á löngum leiðum. Hv. þm. vill meina, að núv. skipulag á fólksflutningum með bifreiðum sé svo gott, að ekki þurfi um það að bæta. En um það deilum við. (PM: Hvað er að því?). Ég skal koma að því síðar, í sambandi við það, sem hv. þm. var að spyrjast fyrir um tilefni þess, að þetta frv. er fram komið. Hv. þm. taldi alveg óþarft að breyta til um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum. Það væri nú svo gott, að ekki yrði um það bætt, enda allir ánægðir með það. Ég efast ekki um, að honum þykir þetta gott, en það er vandalaust að sanna hið gagnstæða og sýna fram á, að ánægjan með skipulagið er ekki eins almenn og hann vill vera láta.

Hv. þm. beindi til mín fyrirspurn um það, hvert væri hið raunverulega tilefni þess, að þetta frv. væri fram komið. Ég álít, að það komi skýrast fram í grg. frv., og skal því leyfa mér að lesa upp kafla úr henni, með leyfi hæstv. forseta:

„Fólksflutningar með bifreiðum hafa, eins og kunnugt er, aukizt svo stórfelldlega á síðari árum, að segja má, að bifreiðar séu nú, auk skipa, aðalfarartæki landsmanna. En þessi atvinnurekstur er nú með þeim hætti, að þörf virðist á því, að haft sé eftirlit með honum og hann kerfisbundinn að allverulegu leyti. Er nú svo komið, að eins mikil þörf er á því fyrir landsmenn að skipuleggja þessa tegund flutninga eins og járnbrautarrekstur er skipulagður í öðrum löndum álfunnar. Eins og bifreiðaflutningarnir eru reknir nú, fer mjög mikið fé forgörðum, sökum óþarflegrar samkeppni, án þess að almenningur hljóti þann hag af, sem að nokkru leyti samsvari eyðslunni. Margir aðilar keppa nú um flutningana á þeim leiðum, sem mestan arðinn gefa af sér, en fyrir bragðið eru sjálf farartækin oft miklu fleiri en þörf væri á, ef ferðunum væri komið í fast kerfi. Farartæki þessi og orkugjafa þeirra verður að kaupa frá útlöndum, og skiptir miklu, að sem sparlegast sé haldið á þessum efnum."

Ég sé ekki betur en að í grg. frv. sé sagt það, sem í raun og veru er kjarni þessa máls, og það, sem segja þarf. (PM: Hvaða þingskjal er þetta?). Þetta þskj. er nr. 79. Ég taldi ekki þörf á því að rifja þetta upp í minni framsöguræðu, af því að ég hélt, að hv. þm. hefði lesið frv.

Þá var því einnig beint til n., hvernig ætti að skilja 1. gr. frv. Það er alls ekki rétt hjá hv. 2. þm. Rang., að ég hafi annan skilning á henni en hv. 1. þm. N.-M. gerði grein fyrir í ræðu sinni. Þetta skipulag á fyrst og fremst að ná til allra þeirra manna eða félaga, sem reka fólksflutninga með stærri bifreiðum en 6 manna, bifreiðarstjóri undanskilinn. Með takmörkun þeirri, sem felst í 7. gr. frv., er 6 manna bifreiðum heimilað að fara sinna ferða utan skipulagsins. Þó er að vísu í 7. gr. talað um, að ráðh. megi láta þetta ná til bifreiða, sem rúma 6 farþega og færri, en það er sérstaklega stílað upp á fastar ferðir á löngum leiðum. (MJ: En ef búið væri nú að binda alla fólksbíla yfirleitt undir þetta skipulag?). Ég veit ekki, hvað hv. þm. á við. Annars geri ég tæplega ráð fyrir því. En þó að til þess kæmi, þá eru allir vöruflutningabílar eftir, sem jafnframt eru afarmikið notaðir til fólksflutninga í sveitum á styttri leiðum.

Hv. 2. þm. Rang. beindi einu atriði, síðast í ræðu sinni, sérstaklega til mín. Hann bar það á mig, að ég mundi vita um einhverja sérstaka ástæðu til þess, að þetta frv. væri fram komið, sem ég vildi ekki koma neitt inn á eða láta uppi. (PM: Hefir þm. ekkert heyrt um það í bænum?). Nei, ég hefi ekkert um það heyrt. Ég vænti, að hv. 2. þm. Rang. sé svo hreinskilinn að koma með þessa ástæðu fram í dagsljósið og sleppi öllum ósæmilegum dylgjum.

Ég vil aðeins taka undir það, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði, að mér er ekki kunnugt um neina dulda ástæðu á bak við þetta frv. Tilefni frv. er það skipulagsleysi, sem ríkt hefir um fólksflutninga á landi, og nauðsynin til þess, að ráða þar bót á og koma þeim í fastara horf.

**Þorsteinn Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ég ætla ekki að láta berast inn í þann straum, sem hér hefir myndazt, en einungis halda mér við þá till., sem ég hefi leyft mér að bera hér fram við frv., og minnast á hana örfáum orðum. — Það hafa komið fram tvær ástæður gegn till., ef ástæður á að kalla. Það hefir verið ymprað á þeim aðeins. Önnur er sú, að búið sé að athuga þetta frv. svo vel í hv. Nd. af n. þar og einstökum hv. þm., að ekki muni þar þurfa um að bæta, og yfirleitt kom sá andi fram um það, að úr því að Nd. hefði lagt sig fram til þess að gera frv. vel úr garði, þá sé þessi hv. d. ekki fær um að endurbæta það. Ég vil algerlega mótmæla þessu. Ég sé enga ástæðu til þess, að við getum ekki bætt um það, sem Nd. hefir gert, og tel okkur enga eftirbáta þeirra hv. þm., sem þar eiga sæti. — Ef till. þessi er sæmileg, þá er nákvæmlega sama, hvort hún kemur í bága við gerðir Nd. eða ekki. Hún á þá hér fram að ganga. — Þá var og á það minnzt, að fá hér uð myndu um það skeyta, að gera tillögur sínar. Þau um það, ef þau vilja ekki nota þann rétt sinn. En allt um það sé ég ekki ástæðu til annars en leyfa þeim, sem vildu, tillögurétt í þessu efni. Ég æski þessa réttar mjög fyrir sveitahéruðin. Ákvæði frv. snerta þau mjög, og það er ekki nema velvild og sanngirni í því, að löggjafinn verði við þessari ósk.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Ég ætla fyrst að minnast örfáum orðum á skilninginn á 1. gr. frv., því orðalagi, að „hafa með höndum" fólksflutninga. Þegar hv. frsm. talaði í annað sinn og var að svara hv. 1. þm. Reykv., tók hann sem dæmi, að ef nokkrir menn slægju sér saman

um bifreið og færu í ferðalag, þá væri þeim það vitanlega heimilt, þótt þeir ætluðu að fara með fjölskyldur sínar og þyrftu að taka bifreið stærri en 6 sæta. Það er vitanlegt, að þær falla ekki að sjálfsögðu undir ákvæði þessara l. (**SÁÓ:** Ég átti við „drossíur"). Þá er svarið út í hött, og því geta menn ekki varað sig á. Ég hélt, að hv. þm. ætti við, að mönnum væri heimilt að taka „privat"-bifreið, þótt stærri væri en sex sæta. Hv. 1. þm. N.-M. kemur svo á eftir og segir, að undir þetta ákvæði falli að sjálfsögðu allt, sem geti heitið að hafa atvinnu af því að flytja fólk í bifreiðum. Þarna finnst mér vera komið fram ótvírætt ósamræmi, og þótt menn vilji halda sér við þennan þrengri skilning hv. 1. þm. N.-M., þá ætla ég, að erfitt sé að skera úr um það, hvað er að hafa atvinnu af því að flytja fólk í bifreiðum. Hér í Rvík hefir t. d. tíðkazt í mjög stórum stíl, að svokallaðir „kassar" hafa verið settir á vörubifreiðar og fólk farið í þessum „kössum" út um sveitir, aðallega á sunnudögum. Er þetta að hafa atvinnu af því að flytja fólk í bifreiðum, úr því að leiga er tekin fyrir bifreiðina? Þurfa þessir menn sérleyfi? (**PHerm:** Þeir heyra undir síðari málsgr. 1. gr. — **MJ:** Ef einhverjir auglýsa nú þessar ferðir á hverjum sunnudegi?). Já, ef þetta er gert að staðaldri um allar helgar, þá er ég samt ekki viss um, að hægt væri að heimfæra það undir þetta. (**SÁÓ:** Það er nú ætlazt til þess samt). Það kann að vera. En það hefir komið skýrt fram í þessum umr., að ákvæðin um þetta atriði eru hvergi nærri nógu skýr, þar sem hv. þm. greinir á um, hvernig beri að skilja þetta. — Svo kem ég að tilefninu til þess, að farið var að setja þessa löggjöf, og get þá svarað báðum í einu, hv. frsm. og hv. 1. þm. N.-M. Þeir segja, að tilefnið sé það, að bifreiðanotkun hefir aukizt stórlega á seinustu árum, og séu nú aðalfarartækin, að skipunum undanteknum. Ég fullyrði, að þetta út af fyrir sig gefi alls enga ástæðu til þess að setja þessar reglur, sem hér er farið fram á, svo framarlega sem ekki er sýnt fram á, að skipulagið hafi reynzt illa, og líkindi séu til, að hið nýja skipulag reynist betur. Í grg. frv. segir: „Eins og bifreiðaflutningarnir eru reknir nú, fer mjög mikið fé forgörðum sökum óhóflegrar samkeppni, án þess að almenningur hljóti þann hag af, sem að nokkru leyti samsvari eyðslunni."

Ég hafði sýnt fram á það, og því ekki verið mótmælt, að fargjöldin með bifreiðum undanfarin ár hafa verið mjög lág. Það er ekki hægt að segja, að það hafi verið mjög tilfinnanlegt fyrir fólkið að ferðast með bifreiðum, miðað við önnur flutningatæki. Það hefir og verið sýnt fram á, að þrátt fyrir lág flutningsgjöld hafa bifreiðastöðvarnar þrifizt vel, og þetta hefir verið sómasamlegur atvinnurekstur. Hvernig stendur þá á því, að hægt er að draga af þessu þá ályktun, að þarna fari mikið fé forgörðum vegna of mikillar samkeppni? Menn verða fyrst að sýna fram á eitt af tvennu: Annaðhvort að flutningsgjöldin séu óþarflega há, — nú held ég að forsvarsmönnum frv. gangi illa að telja mönnum trú um, að þau lækki við skipulagninguna —, eða þá hitt, að rekstur bifreiðastöðva hafi verið og sé svo óarðvænlegur atvinnurekstur, að ástæða sé til þess að grípa fram í þess vegna. Hv. frsm. drap að vísu á það, að einhverjir bifreiðastjórar hjá einni stöð, sem hafa haft flutninga á langleiðum, hafi borið rýran hlut og stöðin orðið að gefast upp. En þetta er einungis eitt einstakt dæmi, sem ekkert sannar. Til þess geta legið margar ástæður aðrar en þær, að bifreiðum hafi verið ofhlaðið á þessar leiðir. Að óánægja hafi verið meðal almennings í þessu efni undanfarið, eins og frsm. drap á, þá held ég, að það sé alveg tilefnislaust hjá honum. Það kann að vera ein og ein óánægjurödd í garð einstakra bifreiðarstjóra, eins og alltaf gerist, en mér þykir ótrúlegt, að ef almenn óánægja hefði verið með þetta atriði, þá hefði ég aldrei orðið hennar var, en það hefi ég aldrei orðið. Ég get því endurtekið það, sem ég áður sagði, að þegar búið er að sýna fram á, að það skipulag, sem nú er á þessum málum, hafi reynzt ágætlega og engin óánægja er með það, þá er fásinna að fara að gera tilraunir með annað skipulag, þótt það e. t. v. geti gefizt vel — um það er ekkert hægt að fullyrða; formælendur þess halda því a. m. k. fram, en um það er ekkert hægt að segja að svo stöddu. Slíkar tilraunir gætu verið réttmætar, ef þessi atvinnurekstur væri í því horfi, að ástæða væri til þess og óánægja almenn. En þegar þetta er ekki fyrir hendi, eru þessar ráðstafanir óréttmætar. — Hv. 1. þm. N.-M. talar um það, að það sé engin ástæða til þess að ætla, að bifreiðarnar versni, verri tegundir verði notaðar og að bifreiðastjórarnir verði ekki eins hæfir til síns starfs undir hinu nýja skipulagi. Aðalatriðið er það, hvort bifreiðarnar eru nú í boðlegu ástandi eða ekki. Ef þær eru það ekki, þá eru það engin meðmæli með hinu væntanlega skipulagi, að þær versni ekki. En ég er ekki óhræddur um nema annað af þessu færi versnandi, bifreiðarnar eða bifreiðastjórarnir, nema hvorttveggja væri. Það er ekki hættulaust, þegar búið er að útiloka alla samkeppni og eigendurnir vita, að fólkið verður að sætta sig við þeirra bifreiðar, hvort sem þær eru góðar eða vondar, að hætt verði að hugsa um, að farartækin séu almenningi boðleg. (**SÁÓ:** Frsm. þótti þær óþarflega góðar). Já, það er eitthvað til hér af „luksus"-bifreiðum, en ekki mikið af þeim notað á langleiðum. Þessir 7 manna vagnar, sem ein stöðin hafði í langferðum um skeið, voru ákaflega vandaðir, en ekki hægt að kalla þá „luksus"-vagna. (**MG:** Svo falla þeir heldur ekki undir þetta). Þessir stóru vagnar eru búnir til með tvennt fyrir augum aðallega. Annarsvegar öryggið, og hinsvegar þægindin fyrir farþegana. (**SÁÓ:** Það eru engar „luksus"-bifreiðar). Nei, og þessar bifreiðar eru mest notaðar á langleiðunum. Vel getur farið svo, að þegar skipulagningin er á komin, minnki áhuginn fyrir því að fá góða og vel hæfa bifreiðarstjóra, af þeirri einföldu ástæðu, að fólkið **verður** að sætta sig við bifreiðastjórana eins og bifreiðarnar sjálfar. Þetta er stóra hættan við þessa skipulagningu.

Það er verið að tala um, að ég fari hér með dylgjur, þegar ég segi, að það sé almennt álit-

ið, að annað liggi til grundvallar þessu frv. en upp sé látið. Það má vel taka það gilt, að hv. 1. þm. N.-M. þykist ekkert vita um þetta, en ég trúi naumast, að hv. 4. þm. Reykv. hafi ekki heyrt þess getið. En annars tel ég mér ekki bera skyldu til þess að skýra frá hinum leyndu ástæðum, því að flestum hv. þm. munu þær kunnar. Það er þeirra, sem mæla fyrir frv., að koma fram með allar ástæður, en ekki þeirra, sem tala gegn því, svo að ef þeir vilja fá ástæðuna fram, þá ættu þeir ekki að þykjast of góðir til að nefna hana. (**JBald**: Því ekki að koma fram með dylgjurnar? Þeir, sem brjóta upp á þeim, eiga að koma fram með þær).

**Bernharð Stefánsson:** Aðeins lítil fyrirspurn til hv. n. um það, hvernig beri að skilja 2. málsgr. 1. gr. frv. Það er nfl. svo í mínu héraði, og e. t. v. víðar, að það eru daglegar ferðir með vörubifreiðum úr sveitinni til kaupstaðarins og svo aftur upp í sveitina á kvöldin. Þessar bifreiðar taka svo fólk jafnframt, og stundum margt fólk. Nú er það svo með þessar bifreiðar, að þær hafa ekki beint farþegarúm fyrir fleiri en e. t. v. einn mann, en sumar þó fyrir 4—5 menn. En þrátt fyrir það fer miklu fleira fólk með þessum bifreiðum, og stendur þá uppi á pallinum. Nú vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort n. líti svo á, að þessar ferðir fólksins yrðu heimilar, ef ákvæði 2. málsgr. 1. gr. verða samþ. óbreytt. Mér skilst í fljótu bragði, að þessir fólksflutningar myndu ekki heimilir nema með sérleyfi. Og þótt það fengist, þá yrðu þær samt ekki heimilar á sama hátt og verið hefir, því að vitanlega væri ekki hægt að koma við útbúnaði til öryggis og þæginda, a. m. k. ekki þæginda, sem sjálfsagt yrðu settar kröfur um í reglugerðinni. Ef skilningur minn á þessari málsgr. er réttur, þannig að þessar ferðir, sem ég hefi getið um og bráðnauðsynlegar eru, séu óheimilar samkv. þessu ákvæði, þá vildi ég mælast mjög til þess, að n. tæki þetta til athugunar til 3. umr. Þarna er einungis um mjög stuttar ferðir að ræða, og finnst mér, að vel geti komið til mála að veita undanþágur fyrir stuttar innansveitarferðir. Nú kynni það að vera, að þetta gilti ekki nema um ákveðnar leiðir, sem sérleyfi hefðu verið veitt til, en að því er til míns héraðs kemur, þá verður ein sérleyfisleiðin áreiðanlega leiðin frá Akureyri til Reykjavíkur, og vegurinn frá Akureyri og upp sveitina heyrir alveg þarna undir. Það er nú svo, að í öllu því moldviðri af þingskjölum, sem daglega berst til manns, hefi ég ekki veitt þessu þá athygli sem skyldi fyrr en nú undir umr., annars hefði ég e. t. v. flutt brtt. hvað þetta atriði snertir. Og það getur verið fleira í þessu frv., sem mér, við nánari athugun, finnst athugavert. Mun ég þó greiða atkv. með frv. nú við þessa umr., því að það væri e. t. v. af ástæðulausri tortryggni, ef ég færi að greiða atkv. á móti frv. nú, þar sem ég hefi ekki athugað málið nægilega vel. En þá endanlegu ákvörðun geymi ég mér til 3. umr.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Af því að ég hefi aðeins leyfi til stuttrar aths., skal ég ekki fara út í aukaatriði, en þó verð ég að segja það, að mér finnst undarlegt að jafna bílferðum hér á landi við járnbrautir erlendis, því að ríkin reka yfirleitt sjálf járnbrautirnar, og þá hefði til samræmis við það átt að þykja nauðsynlegt, að ríkið tæki að sér bifreiðaferðirnar. (**PM**: Það kemur bráðum). Já, e. t. v. (**SÁÓ**: Það er ekki alstaðar, að ríkið reki járnbrautirnar). Með þessum 6 manna bifreiðum er átt við það, að 7 manna bifreiðar falli ekki undir l. Ég hélt nú satt að segja, að þær myndu koma undir þetta líka, en heyri nú, að svo er ekki. Ég vil, að það komist alveg tvímælalaust inn í þingtíðindin. Annars finnst mér undarlegt, að spurningum hv. 2. þm. Rang. og mínum um það, hvað sé átt við í þessum vafaatriðum, sem við höfum gert fyrirspurnir um, er bara alls ekki svarað. Hv. frsm. n. tók það sem dæmi, að það félli ekki undir þessi l., ef menn leigðu sér bifreið í félagi til þess að ferðast um landið. Og ég held, að þetta sé alveg rétt. Slíkir menn hafa ekki með höndum fólksflutninga. En með þessu ákvæði er hægt að fara ákaflega mikið í kringum l., ef það er ekki orðað nægilega skýrt og greinilega. Mér virtist hv. 1. þm. N.-M. vilja takmarka mjög þetta ákvæði og hlaupa í það, að allar bifreiðar undir 6 manna væru lausar undan þessu ákvæði, en í 7. gr. frv. er heimild til þess að láta l. líka taka til minni bifreiða. Og það verður að gera ráð fyrir því, að þetta geti komið til framkvæmda. Annars væri meiningarlaust að hafa það í l. Og hvaða bifreiðar eru þá frjálsar? Það er enginn munur gerður á fólks- og vörubifreiðum í þessu efni, svo framarlega sem vörubifreiðarnar flytja farþega. Þetta sést á því, að einungis er sagt „með bifreiðum“, og í síðari málsgr. 1. gr. frv. er sagt frá því, með hvaða skilyrðum megi aka í fólksflutningabifreiðum eða öðrum bifreiðum: „Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, en rúma fleiri en 6 farþega, enda sé umbúnaður þeirra, til öryggis og þæginda farþegum, samkv. reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.“

Þetta sýnir, að þegar svo stendur á sem hér er talað um, þá eru flutningabifreiðar einnig undir þessum l., að svo miklu leyti, sem þær geta flutt þá farþega, sem annars er bannað að flytja nema með sérleyfi. Þetta er tvímælalaust. Annars verð ég að segja það hér sem aukaatriði, — hvers vegna eru ekki vörubifreiðarnar skipulagðar, ef þetta er svo ágætt? Því er það ekki gert og veitt til þeirra sérleyfi? — Eftir þessu frv. og þegar búið er að hagnýta heimild 7. gr., þá er óheimilt að flytja farþega um landið nema með sérleyfi, og þá orðið heldur erfitt að ferðast um á ýmsum þeim leiðum, sem ekki yrði sótt um leyfi til. Ég held, að þetta hafi verið of lítið hugsað mál. — Mér þótti vænt um, að hv. 2. þm. Rang. hreyfði hér umr. um 6. gr., af því að ég gleymdi því áðan í minni ræðu, en það er um það, að ef fleiri en einn fá sérleyfi á sama vegi, þá skuli skipta gjaldinu á milli þeirra eftir á, eftir sæta-km. Nú vil ég taka til dæmis leið eins og til Þing-

valla eða Hafnarfjarðar. Mér þykir sennilegt, að flestar stöðvarnar myndu sækja um þetta leyfi, og sennilega yrði að veita flestum stöðvunum það, því að það er svo mikið að gera, að allar stöðvarnar þarf til að fullnægja þörfinni á vissum tímum. Nú vil ég spyrja hv. n.: Hvernig hugsar hún sér að framkvæma þetta ákvæði í 6. gr.? Mér skilst, að hið opinbera verði að hafa sérstakan mann til þess að geta séð um að deila gjaldinu rétt niður, og það innheimtumann í hverri bifreið, til þess að athuga, hvað mikla peninga hver fær og hve marga km. hefir verið ekið. Svo er að reikna út sæta-km. hverrar bifreiðar og jafna gjaldinu niður á hverja stöð. Ég skal játa, að þetta er að vísu bara heimild í l., en til hvers er heimildin, ef ekki á að gera ráð fyrir, að hún verði notuð? Ég skal svo ekki misnota leyfi hæstv. forseta til lengri ræðu, enda tími til að ræða málið nánar við 3. umr.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)**: Ég mun ekki eyða löngum tíma til þess að svara hv. 1. þm. Reykv. Ég vil benda honum á orðin í niðurlagi 1. gr.: „ef þær hafa fastar áætlunarferðir.“ Nú er það allur fjöldi bíla, sem ekki hefir fastar áætlunarferðir, og þeir koma ekki til greina samkv. þessu ákvæði. — Hv. 1. þm. Eyf. spurði um skilning n. á ákvæðum 1. gr., með tilliti til ástands þess í sínu héraði, sem hann lýsti. Eftir því, sem ég þekki til hér á Suðurlandi, er bannað að flytja fólk lengri leiðir á bifreiðarpalli. Hinsvegar er oft afþiljað farþegarúm í flutningsbifreiðunum, svo að fólkið getur alveg verið óháð vöruflutningunum. Ég veit ekki, hvort nokkrar reglur gilda um þetta, það er komið inn í meðvitund fólks, að þessir flutningar eigi að vera aðskildir frá farþegarúmi, en það skal verða athugað fyrir næstu umr. Hinsvegar eru slíkir mannflutningar á palli algengir hér, þegar bílar flytja menn til og frá vinnustað. En þetta hefir reynzt hættuleg aðferð, og hafa hlotizt stórslys af hér í Reykjavík. Það er því ástæða til að athuga, hvort rétt sé að leyfa slíka flutninga, öryggis vegna. En hv. þm. getur auðvitað borið fram brtt. um þetta atriði, ef hann telur þess þörf, og mun n. taka henni með velvilja.

Mér þykir hafa kennt málþófs frá andmælendum þessa frv., og bersýnilegt er, að þeir beita öllum gáfum sínum og rökfimi til þess að gera málið tortryggilegt. Hvort þeir ná tilgangi sínum, að koma frv. fyrir kattarnef, verður reynslan að sýna.

**Páll Hermannsson**: Því hefir verið haldið fram nú við þessa umr., að ég og samnm. minn, hv. 4. þm. Reykv., værum ekki sammála um það, hvernig skilja beri orðtæki frv.: „að hafa á hendi mannflutninga.“ Annaðhvort hafa hv. þm. ekki heyrt mál okkar, eða þetta er tilraun til þess að snúa út úr. Við erum alveg sammála um það, að með þessum orðum sé átt við að hafa mannflutninga með höndum í atvinnuskyni, og öllum hlýtur að vera ljóst af frv., að þar er aðallega átt við flutninga á langleiðum. Ég kalla það að hafa mannflutninga með höndum í atvinnuskyni, þegar atvinna manna byggist á því að halda uppi mannflutningum á langleiðum, t. d. milli Reykjavíkur og Austfjarða, eða á milli Rvíkur og Akureyrar. En það væri að snúa blaðinu við að mínum dómi, ef í því ætti að felast bann við því, að vörubílar mættu flytja fólk til og frá vinnu innan Fljótsdalshéraðs t. d. Og mér skilst, að undantekningarákvæði síðari málsgr. 1. gr. megi skiljast svo, að vörubílum sé heimilt að flytja fólk. — Það hefir í þessu sambandi verið talað um sunnudagsflutning fólks héðan úr bænum. Mér finnst ákvæði 7. gr. taka af öll tvímæli um þetta hvað snertir 7 manna bifreiðar og minni. Heimildin til þess að láta ákvæði l. ná yfir slíkar bifreiðar er nefnilega bundin því skilyrði, að þær fari fastar áætlunarferðir. — Ég held, að hv. 1. þm. Eyf. geti líka alveg verið óhræddur um, að ákvæði l. nái yfir þær kringumstæður, sem hann lýsti, enda tæki ég þá í sama streng og hann. Viðvíkjandi þeirri hættu, sem hv. frsm. benti á af svona flutningum, tel ég sjálfsagt, að eitthvað verði gert til að tryggja öryggið, þar sem mikið er um slíka mannflutninga. En ákvæði um það eiga ekki heima í þessu lagafrv. — Annars tel ég þýðingarlaust að þrátta meira um mál þetta en nú þegar hefir verið gert. Ég skal taka það fram, að þau kynni, sem ég hefi af bílstjórum, eru á þá leið, að þetta séu yfirleitt góðir menn og vel starfi sínu vaxnir. En það er engin sönnun fyrir því, að þeir geti ekki orðið enn betri og færari, og þessa flutninga mætti gera bæði þægilegri og ódýrari.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að það væri skylda þeirra, sem flyttu mál, að vita ástæður til þess og koma fram með þær. Það er hvorki hægt að ætlast til þess af mér eða öðrum, að maður viti um ástæður, sem hvergi eru til nema í ímyndun sumra hv. þm. — Ég get tekið undir það með hv. frsm., að n. skal athuga það fyrir 3. umr., hvort ástæða er til að gera sérstakar ráðstafanir í þá átt, sem hv. 1. þm. Eyf. benti á, en það er mín skoðun, að til þess þurfi ekki að koma.

**Bernharð Stefánsson** [óyfirl.]: Ég þakka hv. frsm. og hv. 1. þm. N.-M. fyrir loforð þeirra um að taka orð mín til yfirvegunar fyrir 3. umr. Hv. frsm. gat þess, að hér væri það komið í meðvitund fólks, að vöru- og mannflutningar ættu að vera aðskildir. Þessu er ekki svo farið úti á landi, enda hagar þar víða öðruvísi til. Ferð t. d. austan úr sveitum til Reykjavíkur tekur svo langan tíma, að það mundi fara illa um fólk, ef það ætti að vera á bifreiðarpalli alla þá leið. Og hér úr næstu sveitunum eru ferðir svo tíðar, að menn geta alltaf fengið sig flutta á annan og þægilegri hátt. Aftur á móti hagar svo til í mínu héraði, að þar er ekki að ræða um aðrar ferðir úr sveitunum í verzlunarstaðinn en mjólkurbílana, sem fara á hverjum morgni ofan úr sveitunum í kaupstaðinn og aftur upp í sveitirnar að kvöldi. Og oftast nær óskar fleira fólk eftir fari en það, sem kemst fyrir í farþegarúmi bílanna. Ef þessir flutningar væru bannaðir, mundi það valda stór-

kostlegri truflun í öllu daglegu lífi fólksins. Hv. frsm. talaði um hættu, sem stafaði af svona flutningum. Það má vera, að einhver slys hafi orðið af því hér, en ég veit ekki til, að neitt slys hafi orðið af þessu t. d. í minu héraði, og eru þó svona flutningar mjög algengir þar, svo að varla er hægt að kenna fyrirkomulaginu um. Ég er alveg sammála hv. þm. um það, að á langleiðum séu þetta óhæfir flutningar, en á 5—10 km. leiðum sé ég ekkert, sem mæli á móti þeim.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Mér fannst það koma mjög skýrt fram í ræðum hv. frsm. og hv. 1. þm. N.-M., að þeir botna ekkert í því, hvernig eigi að skilja ákvæði fyrri málsgr. 1. gr. Hv. 1. þm. N.-M. vill skilja þau svo, að þetta taki aðeins til mannflutnings með bifreiðum í atvinnuskyni, og aðallega sé átt við flutninga á langleiðum, þar sem um áætlunarferðir er að ræða. En víða eru notaðar stærri bifreiðar en 7 manna á langleiðum, og það eru til fleiri ferðir en áætlunarferðir. **(PHerm:** Aðalatriðið eru langferðirnar). Já, það má vera, að sú sé meiningin. En segjum svo, að einhver bílstöð auglýsi bíla til leigu fyrir ákveðna borgun á dag, og þeir taki 6—7 farþega. Fellur þetta undir ákvæði l., má taka þessa bíla á leigu í nokkra daga án þess að hafa sérleyfi? Eftir orðanna hljóðan finnst mér, að það ætti ekki að vera, en skildist á hv. 1. þm. N.-M., að hann mundi telja þetta heyra undir l. — Það er eftirtektarvert, að engin tilraun hefir verið gerð til að sýna fram á, að þessi atvinnurekstur sé í því ólagi, sem geri slíka löggjöf sem þessa nauðsynlega. Og það er hreint og beint raunalegt, ef á að fara að knýja fram svona löggjöf og skapa kyrrstöðu í jafnblómlegum atvinnurekstri og þessi hefir verið. Ég er alveg hissa á því, að hv. þm. skuli byrja á slíku gerræði. Öllum er kunnugt það vandræðaástand, sem ríkti hér í flutningum á landi áður en bílarnir komu til sögunnar. Og þessi atvinnurekstur hefir vaxið upp og þróazt og vel verið til hans vandað. Með bifreiðaflutningunum hefir ein sú merkilegasta breyting orðið í þjóðlífi voru síðustu 20 árin, þó að margar hafi þær orðið þýðingarmiklar. — En bifreiðaferðirnar hafa komið því til leiðar, að fjarlægðirnar mega heita að hafa horfið hér á landi.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls nú við þessa umr., en það hefir hvað eftir annað verið lýst eftir ástæðum fyrir því, að þetta frv. er fram komið, og því haldið fram, að n. hafi ekki borið fram nein þau rök, er réttlæti það, að frv. er fram borið. Ég mun ekki fara mörgum orðum um frv. sjálft, hv. n. hefir lofað að athuga það fyrir 3. umr., hvort ekki má gera orðalag greinilegra á stöku stað, sem misskilningi hefir valdið. Annars held ég, að ekki geti orðið miklar deilur um það, hvernig skilja beri ákvæði 1. gr. Hv. 2. þm. Rang. talaði um það, hvort leyfilegt væri að taka stóran bíl á leigu um stuttan tíma. Ég játa það, að ég tel ekki hægt að skilja orðalag frv. svo, að ákvæðið „að hafa á hendi mannflutninga“ nái yfir svona tilfelli. En leiki vafi á einstökum atriðum frv. vegna ógreinilegs orðalags, má vafalaust úr því bæta. — Hv. þm. sagði, að engin rök hefðu fram komið, sem réttlættu flutning þessa frv. Ég vil þá fyrst benda á það, að Norðurlandabjóðirnar hafa þegar gert svipaðar ráðstafanir hjá sér, og þó hafa þær járnbrautirnar, sem fara ákveðnar áætlunarferðir, sem sérstaklega er hagað með tilliti til fólksflutninga, og hafa sambærilegar ferðir og þessar stóru bifreiðar, sem hér um ræðir. Og því meiri þörf er á því að taka þessa flutninga undir hið opinbera, þar sem það hingað til hefir engin áhrif getað haft um fyrirkomulag mannflutninga, þar sem járnbrautirnar eru engar til. Það hefir verið sagt, að það ætti að knýja þetta frv. fram af flokkslegum þráa, og annað slíkt. Ég vil í því sambandi benda á, að vegamálastjóri hefir í samtali við mig viðurkennt, að full nauðsyn væri á því að taka þessi mál til rækilegrar athugunar, ekki síður hér en annarsstaðar, og eins og ég hefi bent á, frekar hér en annarsstaðar, vegna þess, að við höfum hér engar járnbrautir undir ríkiseftirliti. — Ég vil taka það fram, að frv. þetta er ekki síður borið fram með hagsmuni þeirra manna fyrir augum, sem bifreiðareksturinn hafa, en fólksins, sem notar þessa flutninga. Og það sýnir glögglega, að hv. 2. þm. Rang. hefir ekki sett sig vel inn í afkomu þessa atvinnurekstrar, að hann skuli halda, að þetta sé eitthvað sérstaklega blómlegur atvinnurekstur. Nei, undanfarin ár hefir hvert fyrirtækið eftir annað farið á hausinn vegna skipulagsins, sem á þessum ferðum hefir verið. Á sumum leiðum hefir samkeppnin verið svo hörð, að bifreiðarnar fara stundum tómar fram og aftur. Þetta vita allir. T. d. á línunni milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hefir verið svo hörð samkeppni milli tveggja bifreiðastöðva, að fjöldinn allur af bifreiðunum gengur tómur þarna á milli, og stórmikið fé eyðist til einskis vegna þessarar vitlausu samkeppni. Þarna er bara um það að ræða, hvor geti svælt hinn út. Samkeppnin hefir verið svo hörð, að bifreiðastjórar þessara félaga hafa borið það hver á annan fyrir rétti, að keppinautarnir hafi keyrt á sig viljandi af tómri vonzku. Þetta er mjög arðsöm lína, og samkeppnin þar verður því óvægin og hlífðarlaus, en það hélt ég, að allir gætu orðið sammála um, að svona skipulag, eða réttara sagt skipulagsleysi, getur ekki gengið til lengdar. Ég mótmæli því eindregið, að frv. sé fram komið af flokkslegum þráa. Hitt viðurkenni ég, að vandi er að semja l. sem þessi, og tel ég vissara að athuga frv. nú enn rækilega fyrir 3. umr. Það getur lengi komið ýmislegt fram í sambandi við svona löggjöf, sem að er gætandi, t. d. eins og aths. hv. 1. þm. Eyf. Að því ber vitanlega að gæta, að l. grípi ekki yfir atriði, sem engin þörf er á og geta ef til vill orðið til skaða. — Skoðun mín er sú, að stóru bílarnir verði járnbrautir okkar Íslendinga. Þessar bifreiðar, sem taka allt að 15 farþegum, eru í reyndinni að verða okkur nokkuð í líkingu við það, sem járnbrautir eru öðrum þjóðum. Það er því engu síður þörf á að skipuleggja þessa flutninga en járnbrautarreksturinn

erlendis, og það nær því ekki nokkurri átt að segja annað eins og það, að það sé raunalegt, ef frv. nái samþ. — Það er svo langt frá því, að skipulagning þessara mála er að verða óhjákvæmileg nauðsyn.

ATKVGR.

Brtt. 659,1 felld með 9:7 atkv.
1. gr. samþ. með 9:6 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 643 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ, MG, MJ, PM.
nei: SÁÓ, BSt, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, EÁrna.
Brtt. 659,2.a felld með 9:7 atkv.
— 659,2.b felld með 8:6 atkv.
5. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 659,3 felld með 9:6 atkv.
6. gr. samþ. með 9:6 atkv.
7.—10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv.

---

Á 56. og 60. fundi í Ed., 8. og 13. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 15. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 495, 698, 792, 811).

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Það hefir nú staðið nokkur deila um þetta frv. í þessari d., og ég skal ekki fara að endurtaka það, þó margt af því hafi að vísu átt betur við þessa umr. heldur en við 2. umr. En ég hefi borið hér fram brtt. á þskj. 698, sem er um það, að 7. gr. frv. falli niður. Þessari gr. var aukið við frv. við meðferð málsins í Nd. Eins og kunnugt er, náðu ákvæði þessa frv. eins og það var upphaflega einungis til þeirra bifreiða, sem eru stærri heldur en þær venjulegu fólksflutningsbifreiðar, 7 manna bifreiðar, þ. e. a. s. einungis til þeirra bifreiða, sem nú eru mest notaðar til langleiða. En svo var sett inn þetta ákvæði 7. gr., sem gerir frv. allt miklu víðtækara, þar sem ráðh. er heimilt að ákveða, að ákvæði þessara l. nái einnig til bifreiða, sem eru minni, þannig að mér skilst, að ef þessi heimild er notuð, fari að verða tvísýnt um það yfirleitt, hvað menn megi ferðast frjálst í bifreiðum á vegum landsins, því þá koma þegar í stað í gildi þessar ónákvæmu skilgreiningar frv. um það, til hverra þessi l. eigi að ná. Ég hefði nú haldið, að það hefði mátt láta sér nægja frv. eins og það var upphaflega, þ. e. a. s. byrja þetta skipulag á fólksflutningum á langleiðum með þessum sérstaklega stóru bifreiðum, sem eru beinlínis byggðar til þess og engum „privatmanni“ mundi detta í hug að nota til einkaferðalags. Svo framarlega sem l. eru aðeins látin ná til þessara bifreiða, þá léttir það mikið framkvæmd l. Það má náttúrlega segja, að þessi gr. sé meinlaus og gagnslaus, ef heimildin er ekki notuð, en ég álít þá ástæðulaust að vera að setja heimildina í l., ef ekki er ætlazt til þess, að hún sé notuð, og þess vegna hefi ég borið fram þessa brtt. um það, að 7. gr. falli niður. Ég fer sem sagt ekki fram á annað en að frv. sé breytt í sama horf eins og það var borið fram upphaflega. Ég held, að það sé nægur tími, ef mönnum þykir þetta skipulag gefast vel, til þess að taka fleiri bifreiðar undir ákvæði þessara l.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég skal víkja nokkrum orðum að þeim brtt., sem hér liggja fyrir við þetta frv. Efni frv. sjálfs mun ég ekki fara út í. Það hefir verið rætt nokkuð í báðum d. þingsins, og hefi ég þar engu við að bæta, nema mér virðist, að með þeim ákvæðum, sem sett eru í 1. gr. frv., að l. nái aðeins til bifreiða, sem rúma fleiri en 6 farþega, þá sé skýrt ákveðið um það, hvaða bifreiða þetta taki til fyrst og fremst, þ. e. a. s. þau ná til hinna stærri bifreiða, og þó aðallega til þeirra, sem bezt borgar sig að nota í langar ferðir, auk þess sem þau náttúrlega taka til strætisvagnanna hér í Rvík, og eins til slíkra bifreiða, ef þær ganga milli Rvíkur og Hafnarfjarðar.

Við 1. gr. frv. eru brtt. á þskj. 811, frá hv. þm. Eyf. Fyrri brtt. gengur í þá átt, að bifreiðar, sem skráðar eru til vöruflutninga og annast að staðaldri flutning á vörum til bænda, skuli verða undanþegnar ákvæðum þessara l. Ég hygg nú, að flestar af þessum bifreiðum, sem vakir fyrir hv. flm. þessara till. að skuli undanþegnar þessum l., muni ekki falla undir ákvæði þeirra, þar sem í þessum bifreiðum er aðeins um eitt eða tvö sæti að ræða, fyrir utan sæti bifreiðarstjórans, og þó að í þeim sé ef til vill 1 bekkur til viðbótar, þá kemst sætatalan ekki svo hátt, að þær falli undir ákvæði l., nema um sé að ræða yfirbyggða vörubíla með bekkjum á pöllum, þá falla þeir að sjálfsögðu undir ákvæði l.

Ég held því, að það sé ekki ástæða til þess að samþ. þessa till., a. m. k. eins og hún er úr garði gerð, og sérstaklega vegna þess, að ég óttast, að ef hún verði samþ., þá yrði opnuð smuga, sem gæti haft þau áhrif að draga mjög úr gildi l., þannig, að þá yrði farið að semja um vöruflutninga á bifreiðum, sem að miklu leyti yrðu svo notaðar til þess að annast fólksflutninga. Ég álít sem sagt, að það yrði ákaflega erfitt að annast framkvæmd l., ef slík smuga væri í þeim. Ég skil það svo, að ef þessi brtt. á þskj. 811 verður samþ., þá verði fyrri brtt. á þskj. 792 tekin aftur.

Þá leggur hv. 1. þm. Reykv. það til, með brtt. á þskj. 698, að ákvæði 7. gr. falli niður með öllu, en hv. þm. Eyf. leggja það til, með 2. brtt. á þskj. 811, að ráðh. ödlist ekki þá heimild, sem í þeirri gr. segir, fyrr en eftir 1. jan. 1937, þ. e. a. s. að til þess tíma sé ekki heimild fyrir ráðh. að láta ákvæði l. ná til bifreiða, sem hafa 6 sæti eða minna. Ég skal nú játa það, að í mínum augum er þetta ekkert höfuðatriði, þó að þessi heimild komi ekki í gildi fyrr en 1937, en hinu get ég ekki neitað, að mér finnst það hálfhlægilegt, ef heimildin er sett inn í l. á annað borð, að jafnframt sé ákveðið, að hún skuli ekki ganga í gildi fyrr en eftir 2 ár. Hinsvegar gæti ég fellt mig við það, að heimildin yrði

ekki notuð fyrr en 1. jan. 1936, því að eftir árið 1935 yrði það farið að sýna sig, hvort smærri bifreiðar yrðu notaðar til þess að draga úr gagnsemi rútubíla. Hinsvegar vildi ég til samkomulags ganga inn á, að þessu yrði frestað t. d. til 1. jan. 1936.

Þá er í brtt. enn á þskj. 792, frá þeim hv. þm. Eyf., þar sem þeir leggja það til, að 10. gr. frv. verði orðuð eins og þar segir. En í 10. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Félög og einstaklingar, sem haldið hafa uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum áður en l. gengu í gildi, ganga fyrir að öðru jöfnu við veitingu sérleyfis á sömu leiðum". Þetta finnst mér í alla staði sjálfsagt og eðlilegt, en eftir brtt. á þskj. 792 á að skylda þá, sem sérleyfin veita, til þess að láta þá menn, sem hafa haldið uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum, fá sérleyfi til þess að halda þeim áfram, ef þeir fullnægja að öðru leyti þeim kröfum og skilyrðum, sem l. þessi setja. Mér finnst þetta allt of langt gengið. Mér finnst, að ef þessi brtt. yrði samþ., þá væri það sama sem að gefa þessum mönnum, sem nú af einhverri tilviljun hafa haldið uppi ferðum einhverjar sérstakar leiðir, fullkominn einkarétt til þess að annast þessar ferðir, a. m. k. um það 3 ára bil, sem þetta nær til. (JAJ: Þá má eftir gr. veita fleirum en þessum mönnum sérleyfi). Ég kem að því síðar. Þar má bæta því við, að á sumum leiðum er án efa svo ástatt, að fleiri félög annast ferðirnar en heppilegt er, og þá er náttúrlega ekki skynsamlegt eða æskilegt að veita öllum þeim félögum eða einstaklingum sérleyfi til þess að annast flutninga á þeim leiðum, sem svo hagar til um.

Í sambandi við þetta vil ég segja frá því, hvernig mér finnst, að eðlilegast sé, að úthlutun sérleyfa verði höfð með höndum. Ég tel sjálfsagt, að þegar verið er að úthluta þessum sérleyfum, þá verði fyrst og fremst, eins og líka tekið er fram í 10. gr. frv., tekið tillit til þeirra manna, sem hafa haldið uppi ferðum á ákveðnum leiðum undanfarið, þannig, að þegar einstakur maður eða félag hefir byrjað fastar áætlunarferðir á einhverri leið, og haldið þeim áfram með svo og svo mörgum bílum með svo og svo mörgum sætum og um svo og svo langan tíma, þá verði það allt tekið til greina, þegar sérleyfin eru veitt, og ef það er unnt, þá verði farið sem næst því, sem nú er gert við úthlutun út- og innflutningsleyfa, og að miðað verði við þau hlutföll, sem maðurinn hefir haft í þessum flutningi undanfarin ár. Þá verður tekið tillit til þess, ef einhver maður hefir byrjað ferðir um eitthvert ákveðið svæði og lagt í það fé að koma þeim ferðum á stað, og verður hann þá látinn ganga fyrir öðrum. Ég skal þó ekki segja, að hægt verði að framkvæma þetta svona undir öllum kringumstæðum, vegna þess, að sumstaðar getur þessu hagað svo til, að það séu óheppilega margir menn um sömu „rútuna", og það verði því hagkvæmara að ákveða, að þeim skuli fækka. En þá yrði náttúrlega að bæta þeim manni það upp, sem yrði að hætta þannig ferðum sínum um einhverja ákveðna leið, með því að gefa honum sérleyfi til þess að annast ferðir á öðrum leiðum. En eins og 10. gr. frv. ber með sér, þá er ætlazt til þess, að þeir, sem halda uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum, þegar þessi l. ganga í gildi, gangi að öðru jöfnu fyrir öðrum mönnum við veitingu sérleyfis á þeim leiðum. Þetta hefi ég hugsað mér, að yrði framkvæmt eins og ég nú hefi gert grein fyrir.

Ég veit, að það er örðugt að setja um þetta fyrirfram nokkrar fastar reglur. Menn verða að þreifa sig áfram með það, hvernig þessu verði heppilegast fyrir komið, en eftir þeim tilgangi, sem mér virðist vera með því að setja l. sem þessi, þá fæ ég ekki betur séð en að hægt sé að úthluta betri sérleyfum til þeirra manna, sem hafa haldið uppi ferðum á hverjum stað.

Það er svo ekki fleira, sem ég finn ástæðu til þess að taka fram í sambandi við þær brtt., sem fyrir liggja.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Ég hefi flutt skriflega brtt. við fyrri brtt. hv. þm. Eyf. á þskj. 811, viðvíkjandi undanþágu þeirri, sem ég býst við, að nauðsynlegt sé að hafa í þessu frv. að því er snertir fólksflutninga í sveitum. Þegar þetta frv. var í smíðum í skipulagsnefnd, þá var aldrei til þess ætlazt, að ákvæði þess yrðu látin ná til litilla bifreiða. Sú viðbót hefir komizt inn í frv. í Nd., og orkar það nokkuð tvímælis, hvort ávinningur sé að því að koma þessum litlu bifreiðum undir fast skipulag, bifreiðum, sem hafa þetta 4 farþegasæti og mest eru notaðar til innanbæjaraksturs og í stuttar ferðir. Ég hefi þess vegna hugsað mér að greiða atkv. með till. hv. 1. þm. Reykv., því að ég hygg, að með því að samþ. hana verði miðlað nokkuð málum í þessum efnum, og þá mundi frestunartill. þeirra hv. þm. Eyf. falla niður af sjálfu sér, því að ég ímynda mér, að þeir hafi borið hana fram í því skyni, að komin væri reynsla á þetta skipulag áður en þetta ákvæði 7. gr. kæmi til framkvæmda.

Það, sem vakti fyrir okkur í skipulagsn. með þessu frv., var í raun og veru eingöngu það, að skipuleggja þá tegund fólksflutninga, sem fara fram á hinum svokölluðu stóru bifreiðum, eða m. ö. o. þeim bílum, sem taka þetta allt að því 14 til 18 farþega. Þessar umbætur, að farið var að nota þessi farartæki, hafa komið svo skyndilega og haft svo gagngerð áhrif, að alvinsælustu bifreiðategundirnar, sem hér voru notaðar áður, sem voru sterkar amerískar bifreiðar með 6 farþegasætum, eru alveg að hverfa úr sögunni, af því að þær standast ekki samkeppnina við hinar stóru og vel yfirbyggðu bifreiðar.

Fólksflutningar með bifreiðum fara fram hér á landi aðallega eftir þrem leiðum. Fyrst og fremst eru þessar stóru bifreiðar notaðar, sem þetta frv. nær til, og svo þær litlu bifreiðar, sem hv. 1. þm. Reykv. hefir borið fram till. um, að ekki skuli falla undir ákvæði þessara l., ef frv. nær fram að ganga. Í þriðja lagi eru fólksflutningar í sveitum mjög algengir á bifreiðum, sem eru að nokkru leyti yfirbyggðar og hafa þetta 6 til 7 sæti fyrir farþega og þar að auki allmikið rúm fyrir flutning. Þetta munu vera þær

þrjár tegundir bifreiða, sem bezt hæfa flutningaþörf manna hér á landi nú sem stendur. Og af þeim hygg ég, að ekki sé ástæða til þess að reyna að skipuleggja aðrar en hinar stóru fólksflutningabifreiðar, eins og líka tilgangur frv. upphaflega var.

Ég ætla ekki að lengja umr. mikið um þetta efni, en get þó sagt frá því, að eftir upplýsingum frá manni, sem hafði mjög góða aðstöðu til þess að þekkja rekstrarkostnað þessara stóru bifreiða, og sem við í skipulagsn. byggðum að nokkru leyti starf okkar á, þá virðist þar benda til þess, að með því að nota slíkar bifreiðar mætti halda uppi fólksflutningum á milli Reykjavíkur og Akureyrar með þeim árangri, að sætið kostaði ekki nema 20 kr., í staðinn fyrir að það kostar nú 30 kr. Ég get líka sagt frá því svona til samanburðar, að á síðasta sumri kostuðu sæti í bifreiðum 20 kr. austur til Víkur, en þangað er miklu styttri leið og betri vegur en norður til Akureyrar. Ef þessi útreikningur er réttur, sem full ástæða er til að ætla, þá eru hér fyrir hendi afarmiklir sparnaðarmöguleikar fyrir almenning. Fólkið getur þá með því að nota þessar stóru bifreiðar, sem eru að verða nokkurskonar járnbrautir fyrir okkur, komizt hjá óþarfa eyðslu, sem af því leiðir, að dýr fargjöld eru greidd. Ég get náttúrlega ekki frekar en aðrir, sem eiga að sjá fram í tímann, fullyrt það, að þó að þetta skipulag takist, þá verði árangurinn svo glæsilegur, að hægt verði að lækka fargjöldin um þriðjung. En við treystum því, að það muni ganga í þá átt, og að í öllu falli muni mikið sparast almenningi í fargjöldum, ef þetta verður vel skipulagt.

Ég skal játa það, að það atriði er ekki nógu ljóst í frv., hvernig haga skuli fólksflutningum í dreifbýlinu, þar sem það borgar sig ekki að hafa fólksflutningabifreiðar með föstum áætlunarferðum, en verður aftur á móti að sameina fólksflutninga og vöruflutninga. Brtt. mín gengur út á það, að ráðh. geti látið sérstök ákvæði gilda um mannflutninga á bifreiðum, sem hafa fastan flutning á framleiðsluvörum bænda, eins og t. d. í sambandi við sláturhúsin, mjólkurbúin, kaupfélög o. fl. Það er bezt að gera sér það ljóst, að fólkið í dreifbýlinu ferðast að talsverðu leyti með þeim bifreiðum, sem flytja þar vörur á milli, hvort sem það er löglegt eða ekki, og bifreiðal. eru þess vegna stöðugt brotin á þeim stöðum, þar sem ekki er hægt að koma á hinni æskilegu verkaskiptingu í þessum efnum.

Ég hefi þess vegna hugsað mér að miðla málum milli þessara dálítið andstæðu skoðana og reyna að hjálpa til þess, að þær bifreiðar, sem hv. 1. þm. Reykv. vill koma undan ákvæðum þessara l., ef frv. nær fram að ganga, verði ekki að svo stöddu settar undir skipulagninguna. Í öðru lagi vil ég styðja það, að ríkisstj., ef henni er það unnt, láti þessa eðlilegu flutningaþörf strjálbýlisins fara fram áfram eins og hún fer fram nú, en aftur á móti verði því aðalefni frv. komið í framkvæmd, að allur mannflutningur með þessum stóru bifreiðum verði öruggari og hagkvæmari, og sérstaklega að fargjöldin lækki og kostnaðurinn við þessa flutninga þar með minnki.

Ég mun svo biðja hæstv. forseta að lesa brtt. mína upp fyrir hv. þdm.

**Forseti (EÁrna)**: Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 811, frá hv. þm. S.-Þ.: „Ráðh. getur einnig látið sérstök ákvæði gilda um mannflutninga samkv. þessum l. á bifreiðum, sem hafa fasta flutninga á framleiðsluvörum bænda að aðalstarfi.“

Það þarf afbrigði til þess að þessi brtt. megi koma hér til umr. á þessum fundi, og vil ég hér með leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (þskj. 834) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson** [óyfirl.]: Þegar þetta mál var hér til 2. umr., hreyfði ég nokkrum aths. út af sumum ákvæðum frv., sem okkur þm. Eyf. fannst reka sig á hið daglega líf í okkar héraði, og við vissum ennfremur til, að þannig var ástatt í mörgum öðrum héruðum, en það er viðvíkjandi þeim fólksflutningum, sem nú fara fram á vörubifreiðum og eru ordnir afarmiklir. Ég lét þess þá getið, að ég vildi gjarnan eiga tal við n., sem hafði þetta mál til meðferðar, og ræða við hana um nauðsynlegar breyt. í þessu efni, og a. m. k. fá hjá henni fullnægjandi skýringu á þessum ákvæðum, sem við þm. Eyf. gerðum aths. við. Hv. frsm. n. tók vel í þetta og bjóst við, að við mundum auðveldlega geta fengið að ræða við n. um þessi efni. Við þm. Eyf. biðum því talsvert með það að gera brtt. við frv. En af þessu samtali okkar við n. varð þó ekki neitt. Ég get því ekki ásakað okkur þm. Eyf., þó að við höfum borið fram brtt. án þess að það væri í samráði við n. Með þessu er ég þó ekki að ásaka n. eða frsm. hennar fyrir það, að ekkert varð af þessu samtali, því að ég býst við, að ástæðan til þess, að þetta samtal fórst fyrir, hafi eingöngu verið hið mikla annríki, sem verið hefir. Ég man það, að daginn áður en frv. var tekið á dagskrá hér til 3. umr. kom hv. frsm. til mín og sagði mér, að nú mundi málið verða tekið á dagskrá daginn eftir og að nú skyldi ég koma með brtt. við það. Niðurstaðan varð því sú, að við þm. Eyf. fluttum brtt. við frv., sem eru á þskj. 792, og svo aftur síðar brtt. á þskj. 811. Hvað snertir brtt. á þskj. 792, þá mun ég ekki ræða hina fyrri þeirra, því að við tökum hana aftur, jafnframt því sem við berum fram fyrri brtt. á þskj. 811, því að hún er um sama efni. Við nánari athugun sáum við það, að fyrri brtt. á þskj. 792 náði ekki fyllilega þeim tilgangi, sem við vildum ná, og við gerðum því ýtarlegri till. um þetta efni.

En hin brtt. okkar á þskj. 792, sem er við 10. gr. frv., er um efni, sem ég hafði ekki gert neinar aths. við, þegar málið var hér til 2. umr., sem sé um það, að í staðinn fyrir, að í 10. gr. frv. er kveðið svo á, að þeir, sem hafa haldið uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum áður en l. gengu í gildi, skuli, að öðru

jöfnu, ganga fyrir um veitingu sérleyfa, þá viljum við með þessari brtt. okkar við 10. gr. frv. kveða svo á, að þeim **skuli** veitt sérleyfi á sömu leiðum. ef þeir að öðru leyti fullnægja ákvæðum l. Ferðalög eru orðin og hafa æfinlega verið svo mikill þáttur í lífi hvers manns, að fyrir okkur vakir það yfirleitt, að þegar sett eru ákvæði um fólksflutninga með bifreiðum, — og fólksflutningar hér á landi fara, eins og allir vita, að mestu leyti fram með bifreiðum [Eyða í handr.].

Ég skal játa, að eftir að hafa heyrt ræðu hæstv. atvmrh. tel ég ekki eins mikla nauðsyn á þeim breyt. við 10. gr., sem farið er fram á í þskj. 792. Hann sagðist álíta rétt, að þegar til veitingar sérleyfa kæmi, yrði miðað við það hlutfall, sem verið hefði um fólksflutninga, og að menn fengju sérleyfi í hlutfalli við þá flutninga, sem þeir hefðu haft, svo að mér sýnist, að þá yrði ekki beinlínis gengið á rétt manna. Hann sagði ennfremur, að ef ekki væri hægt að fullnægja þessu, þá teldi hann rétt að bæta hlutaðeigendum það upp með því að veita þeim sérleyfi á öðrum leiðum. Ég væni hæstv. ráðh. ekki um, að hann muni ekki framfylgja því, sem hann telur rétt. En það er þó ekki alveg það sama að telja eitthvað rétt og að segjast ætla að framkvæma það. Ég er ekkert að tortryggja ráðh., en ef hann lýsir því yfir, að hann ætli að framkvæma 10. gr. á þann hátt, sem hann taldi rétt vera, þá getum við fallið frá till. og tekið hana aftur. (**PM:** Það kunna nú að koma ráðh. eftir þennan!). Rétt er það, en það koma líka önnur þing og aðrir menn, sem kynnu að vilja breyta þessum lögum. En ég tel tilgangi okkar fullnægt, ef hið sama næst gegnum stjórnarráðstöfun, sem við ætluðum að ná með till. okkar.

Þá eru brtt. okkar á þskj. 811. Ég þarf ekki að skýra fyrri till. Hún er um það, sem ég talaði um við 2. umr., að undanþiggja þær bifreiðar, sem gegna vöruflutningum fyrir bændur, en flytja jafnframt fólk. Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann teldi þessa till. alveg óþarfa. Mér skildist hann viðurkenna ástæður okkar fyrir því, að þessir fólksflutningar væru nauðsynlegir, en till. væri hinsvegar óþörf, af því að þessar bifreiðar kæmu ekki undir lögin. Ef hann getur sannfært mig um, að svo sé, þá getum við vitanlega tekið till. aftur. En það var nú gerð tilraun til að sannfæra okkur um þetta við 2. umr., og hæstv. ráðh. reyndi það líka í ræðu sinni áðan, en við erum ekki sannfærðir enn. Það stendur í 1. gr. frv., að engum sé heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa fengið til þess sérleyfi frá ríkisstj. Það er alls ekki talað þar um, að átt sé við bifreiðar, sem hafa sæti fyrir fleiri en 6 farþega. Þeir, sem ferðast með vöruflutningabifreiðum, eru óneitanlega farþegar bifreiðarinnar, þó að þeir kunni að sitja á mjólkurdunkum. Það hefir því ekki enn tekizt að sannfæra mig um, að till. okkar sé óþörf. Ég held þvert á móti, að hún nauðsynleg, ef á annað borð á að undanþiggja þessa fólksflutninga, sem hafa mikla þýðingu fyrir héruðin. Það mundi valda mikilli truflun um allt daglegt líf í sveitunum, ef settar væru hömlur á þessar samgöngur. Hv. þm. S.-Þ. hefir flutt skrifl. brtt. við okkar till., þess efnis, að það, sem við viljum, að sé ákveðið í l., vill hann heimila ráðh. að gera. Okkur má nú standa nokkuð á sama, hvort þetta er beinlínis löggjafaratriði eða framkvæmdaratriði, ef það er tryggt, að löggjöfin verði ekki til þess að trufla þessa flutninga, sem við teljum mjög nauðsynlega fyrir sveitirnar. Við flm. till. höfum ekki borið okkur saman, en við værum kannske tilleiðanlegir að taka till. aftur, ef hæstv. ráðh. lýsti því skýrt yfir, að hann ætlaði að nota till. hv. þm. S.-Þ. til þess að heimila þá flutninga, sem ég hefi lýst, eftir sem áður. Ég skal bera það undir meðflm. minn, hvort hann vill taka till. aftur, ef hæstv. ráðh. gefur slíka yfirlýsingu.

Síðari brtt. á þskj. 811 fer fram á það, að fresta heimild 7. gr. til að taka minni bifreiðar undir þetta ákvæði. Þetta er sprottið af sömu hugsun og aðrar brtt. okkar, að æskilegt sé, að þessar fyrirhuguðu breyt. komi sem hægast og valdi sem minnstum truflunum í venjum og atvinnuháttum. Vitanlega er betra, ef á að skipuleggja þetta líka, að á því verði nokkur frestur, heldur en að því verði skellt á öllu í einu, svo að bifreiðaeigendur og almenningur geti vitað um þetta fyrirfram og búið sig undir þær afleiðingar, sem slík skipulagning hefir. Af þessum ástæðum er till. fram komin. Ég býst við, að ég gangi nokkru lengra í þessu efni en till. beinlínis ber vott um og greiði atkv. með brtt. á þskj. 698, um að þessi 7. gr. falli niður. Þessi gr. var ekki í frv. upphaflega, og ég tel, að vel mætti a. m. k. byrja þannig, að undanskilja þessar litlu bifreiðar. Ef mönnum sýndist nauðsynlegt, mætti breyta þessu og setja ákvæðið inn síðar. En ég skal geta þess, að hv. meðflm. minn er algerlega óbundinn af þessum orðum mínum um till. hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 698.

**Magnús Guðmundsson:** Ég hefi látið þess getið áður, að ég er ekki sérlega hrifinn af þessu frv. Þó skal ég játa, að ég leit nokkuð öðrum augum á það eftir að fram voru komnar brtt. frá hv. þm. Eyf., en nú sýnist mér vera farið að krukka allfreklega í þær. Aðalatriðið fyrir mér er fyrri till. á þskj. 811. En nú leggur hv. þm. S.-Þ. til, að ráðh. geti látið sérstök ákvæði gilda um fólksflutninga með bifreiðum, sem hafa vöruflutninga að aðalstarfi. Þetta sýnist mér svo takmarkað, að ég held, að það nái ekki þeim tilgangi, sem hv. 1. þm. Eyf. lýsti hér við 2. umr. Ég get tekið fram, að í minu kjördæmi stendur líkt á og í Eyjaf. Bílar ganga þar daglega um sveitir, og flutningar á hestum í þessu hestauðga héraði eru nú mjög minnkaðir. Skagfirðingum er því mjög nauðsynlegt, ekki síður en Eyfirðingum, að fá að vera frjálsir með þessa flutninga sína, og verður sú þörf ennþá ríkari eftir að komið er mjólkur- og rjómabú á Sauðárkróki, sem nú er verið að setja á stofn. Ég er óánægður með till. hv. þm. S.-Þ. og þykir hún of óákveðin. Þar er gert ráð fyrir, að ráðh. geti látið gilda sérstök ákvæði um þetta, en það

er ekki tekið fram, í hvaða átt þau eigi að ganga. Hann gæti eins bannað þessa flutninga eða látið vera að nota heimildina. Þessi sérstöku ákvæði, sem enginn veit, hvernig eiga að vera, eiga svo að gilda um þær bifreiðar, sem hafa að aðalstarfi að flytja vörur fyrir bændur. Það er nú svo um það fólk, sem notar þessa flutninga, að ferðalag þess með bílunum er ýmsum tilviljunum háð; það notar oft tækifærið, ef það nær í bíl á veginum, og það er engin leið að fara að rannsaka það í hvert skipti, hvort viðkomandi bíll hefir vöruflutninga að aðalstarfi. En ef það er meining hv. þm. S.-Þ. að ná sama marki og hv. 1. þm. Eyf. vill, hvað er þá unnið með því að gera mönnum að skyldu að sækja um þessa undanþágu? Og svo ætti ráðh. hér að lofa slíkum undanþágum til þess að till. verði samþ. Ég sé ekki, að annað hefðist upp úr þessu en skriffinnskan við að sækja um þessar undanþágur, og þá er þetta aðeins skollaleikur, sem eykur á fyrirhöfn þeirra, sem vilja nota bifreiðar á þennan hátt. En svo er annað í þessu máli. Það er venjulega svo, að þeir, sem eiga bifreiðarnar, kæra sig ekkert um þessa flutninga. Það er oftast fyrir greiðasemi, að þeir lofa fólkinu að vera með. En ef þeir þyrftu að fá undanþágu frá lagaákvæði til þess að mega flytja fólkið, gætu þeir sagt: Við höfum enga undanþágu! Það væri engin ástæða fyrir þá að tryggja sér slíka undanþágu fyrirfram, því að þessir flutningar eru ekki í þeirra þágu. Ég mælist því til, að hv. þm. vildi taka þessa till. aftur, því að hún gerir aðeins óleik þeim héruðum, sem líkt stendur á um eins og Eyjafjörð og Skagafjörð. (JJ: Misskilningur!). Það er enginn misskilningur. Um síðari brtt. á þskj. 811 þarf ég ekki að ræða, því að hún kemur víst ekki til atkv., ef ætlunin er að samþ. till. hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 698. — Um brtt. á þskj. 792 þarf ég ekki mikið að segja; sú fyrri verður víst tekin aftur, og kannske sú síðari líka. Þessar brtt. snerta ekki mitt kjördæmi sérstaklega. En það snertir alla, sem um er rætt í þessu frv. yfirleitt, að vera að skipuleggja þessar ferðir. Því var lofað, að flutningsgjöldin skyldu lækka um helming. Mér heyrðist hv. þm. S.-Þ. draga það í efa, en hann mun vera aðalfaðir þessa máls — (JJ: Það er nú oflof!). Jæja, það mætti kannske reyna að taka blóðprufu. Það má vera, að fleiri hafi lagt í púkkið, og skal ég ekki fara í kappræður út af því, ef hv. þm. vill ekki kannast við faðernið. En kunnugt er honum a. m. k. um faðernið. Hv. þm. vildi ekki lofa því, að flutningsgjöldin lækkuðu um þriðjung, en að áreiðanlega mundu þau lækka. (JJ: Þýðir ekki að lofa, reynslan sker úr). Hann lofaði nú samt, að þau skyldu lækka, og hann nefndi $^1/_3$. Það verður gaman að sjá, hvernig þetta verður í framkvæmd. (JJ: Til þess þarf að samþ. frv.!). Já, það verður nú víst nógur meiri hl. til þess; ég býst ekki við, að farið verði að draga frv. til baka héðan af. En ég er ekki sannfærður um, að þessi lækkun verði eins mikil og hv. þm. hefir lofað. Hinsvegar gæti ég trúað, að farþegum yrði ekki sýnd eins mikil lipurð og verið hefir hingað til. Það er venjulega svo, að þegar menn hafa fengið slík einkaleyfi, finnst þeim fólkið meira upp á sig komið en ella og sýna því ekki eins mikla lipurð. (JJ: Tóbakseinkasalan gengur ágætlega!). Hún kemur ekki þessu máli við, en eitthvað rámar mig í það, að kvartað hafi verið á Austurlandi yfir henni, og ég man, að eitt sinn var góður kunningi minn og þessa hv. þm. með tóbaksvörur, sem vafasamt þótti að væru frá verzl., en það tóku víst allir fyrir góða og gilda afsökun, að hann hefði ekki getað fengið þessar vörur hjá verzluninni heima hjá sér. Viðvíkjandi brtt. á þskj. 792 vil ég segja það, að það er rétt hjá hv. 1. þm. Eyf., að úr því að ráðh. lýsir yfir því, að sömu menn skuli fá þessa flutninga, sem hafa haft þá, virðist lítil ástæða til að segja í frv., að þeir skuli að öðru jöfnu látnir sitja fyrir. Ég get vel skilið, að hv. þm. S.-Þ. sé ekkert sérlega montinn af þessu afkvæmi Rauðku, því að fá frv. hafa sætt hér jafnmiklum breytingum og þetta. Það hefir m. a. alveg gleymzt að taka tillit til flutninga um sveitir landsins. Þessu frv. var breytt stórkostlega í Nd., og hér er fjöldi brtt. á ferðinni. Ef svo á að lappa upp á það með hinum og öðrum yfirlýsingum frá ráðh. um, að hann ætli að framkvæma þetta eða hitt svo eða svo, yfirlýsingum, sem hæpið er, að geti samrýmzt ákvæðum frv. sjálfs, þá má segja, að þó að frv. verði á endanum samþ., þá er það ekki með neinum glans.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Eyf. óskaði eftir, að ég skýrði nánar frá, hvernig ég mundi framkvæma 10. gr. eins og hún er í frv., og get ég orðið við þeim tilmælum hans.

Ég get gefið þá yfirlýsingu, að það leikur ekki á tveim tungum, hvernig ég álít, að 10. gr. þessara laga verði framkvæmd, eftir því sem hún fellur undir minn úrskurð. Þetta verður þannig framkvæmt, að úthlutað verður sérleyfum, eftir því sem við verður komið, eftir sömu reglum og notaðar hafa verið við úthlutun innflutnings- og útflutningsleyfa. Krafizt verður upplýsinga um ferðir, sem óskað er eftir sérleyfum fyrir, og veiting sérleyfanna verður miðuð við það, hvort menn hafa undanfarið annazt fólksflutninga á þeirri leið, sem um er að ræða í það og það skiptið. Þó getur þessi regla ekki orðið algild, ef of margir sækja t. d. um einhverja leið. Í slíkum tilfellum verður reynt að bæta úr þessum vandkvæðum með því að gefa mönnum kost á sérleyfum á öðrum leiðum, eftir því sem unnt er.

Það liggur í augum uppi, að það er tilgangur laganna, að 10. gr. verði framkvæmd. Mér skildist á hv. þm., að hann vildi fá yfirlýsingu frá mér um framkvæmd skrifl. brtt. hv. þm. S.-Þ. Ég vil taka það fram, að ég treysti mér ekki til þess að gefa yfirlýsingu í þessu efni, sem að haldi komi, svo að ég segi eins og er. Yfirlýsing þessi kynni að vera á annan veg heldur en ég síðar óskaði ef til vill eftir að væri. Með leyfi hæstv. forseta mun ég lesa upp skriflegu brtt. Hún hljóðar svo:

„Ráðherra getur einnig látið sérstök ákvæði gilda um mannflutninga samkv. þessum lögum,

á bifreiðum, sem hafa fasta flutninga á framleiðsluvörum bænda að aðalstarfi".

Mér finnst þessi till. vera skýr og ákveðin, þ. e. a. s., að það er rétt að fara fram á, að settar verði sérstakar reglur um flutning með þessum bifreiðum einum og aðrar en um flutning þeirra bifreiða, sem úthlutað hefir verið sérleyfum til langferðaflutninga yfirleitt. Ég get ekki að svo stöddu gefið yfirlýsingu um tilhögun þessara sérstöku ákvæða. Hinsvegar get ég lýst yfir því, að ég mun, eftir því sem auðið er án þess að ganga á rétt einstakra manna, taka fyllsta tillit til eigenda og notenda þeirra bifreiða, sem hér um ræðir.

Í sambandi við þetta mál að öðru leyti skal ég taka það fram, að í flestum tilfellum, a. m. k. í því héraði, sem hv. þm. ber mest fyrir brjósti, Eyjafirði, eru bifreiðar þannig gerðar, að þær koma ekki undir ákvæði þessara laga. Flestar eru þessar bifreiðar þannig útbúnar, að þær hafa aðeins einn bekk fyrir utan bílstjórabekkinn, svo að þær hafa ekki rúm fyrir fleiri en 6 farþega í senn. En ákvæði þessara laga ná, sem kunnugt er, einungis til bifreiða, sem sæti hafa fyrir fleiri en 6 farþega.

Um það, að flytja fólk á pöllum eða mjólkurbrúsa, skal ég fátt eitt segja. Það kemur þessari löggjöf ekkert við, ef bifreiðar hafa ekki 6 sæti fyrir farþega, en eftir bifreiðalögunum er þetta óheimilt, ef ég man rétt. Það snertir ekkert þessi lög. Hinsvegar, ef sú smuga er opnuð, sem gert er ráð fyrir í brtt. hv. 1. þm. Eyf., að allar bifreiðar, sem starfa við flutninga fyrir bændur, verði undanþegnar ákvæðum þessara laga, þá er þeim opnuð smuga, sem ómögulegt er að segja, hversu mikið verði notuð. Bifreiðar, sem hafa kassa til fólksflutninga, geta með hægu móti gert samning við bændur, aðeins til málamynda, og haldið áfram sömu flutningum fyrir þá eftir sem áður. Þessi möguleiki getur dregið úr gagnsemi slíkra laga sem hér um ræðir.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég vil segja fáein orð út af ummælum hv. 1. þm. Eyf., enda þótt hann sé ekki viðstaddur. Í öllum aðalatriðum var það rétt, sem hann sagði um afskipti n. af þessu máli gagnvart honum, að því viðbættu, að þau ummæli, sem hann flutti eftir mér, að ég óskaði eftir, að hann kæmi fram með þá hugmynd í brtt., sem n. gæfist kostur á að kynna sér. Þetta var ekki gert, og n. var þess vegna ókunnugt um hans brtt. fyrr en þær komu fram á þskj. hér í hv. deild.

N. hafði í öllum aðalatriðum óbundin atkv. um þær. — Um hv. þm. N.-Ísf. er það að segja, að hann mun að sjálfsögðu geta fylgt sumu þar, því að efni til eru þær shlj. brtt., sem hv. þm. flutti við 2. umr.

Ég skal eigi fjölyrða um 3. n.-manninn. Meiri hl. var á þeirri skoðun, að rétt væri, að engin breyt. yrði gerð á frv., og mun hann með sínu atkv. um brtt. sýna, hvort hann telur, að við höfum haft rétt að mæla. Ég fyrir mitt leyti get ekki greitt brtt. á þremur þskj. atkv. Öðru máli er að gegna um skrifl. brtt. frá hv. þm. S.-Þ. Ef hún gæti orðið til þess að sætta menn, þá mun ég greiða henni atkv. Ég lít þannig á, að hæpið sé, hvort þetta frv., ef að lögum verður, nær til þessara bifreiða, sem hér eru mest bornar fyrir brjósti, þ. e. flutningabifreiða í ýmsum héruðum landsins, sem ekki fara í langar ferðir, en taka undir sérstökum kringumstæðum fólk til flutnings, meira fyrir fólkið sjálft en til hagnaðar fyrir bifreiðarnar. Ég er viss um, að þetta er gert víða á landinu, en ég er líka viss um, að bifreiðarnar eru ekki að jafnaði til slíkra flutninga, enda að mínum dómi að ýta undir slíkt með löggjöfinni, því með tilliti til slysahættunnar ætti þessi siður að leggjast niður. Hinsvegar er mér ókunnugt um það, hvort tekið er gjald fyrir þessa flutninga, enda skiptir það minnstu máli í þessu sambandi.

Ég minntist á það við 2. umr. málsins, að hér á Suðurlandi væri það orðin föst venja, að flutningabifreiðar, sem yfirleitt taka fólk til flutnings undir vissum kringumstæðum, hefðu sérstakan útbúnað á palli fyrir þá farþega, sem þær flytja. Sé sú regla tekin upp, sem felst í þessari brtt., þá er hætt við, að sú skoðun yrði ofan á í þessu sambandi, að þessi regla skyldi löggilt um land allt.

Reynslan hefir sýnt það, a. m. k. á lengri leiðunum, að nauðsynlegt er, að nokkurnveginn örugg vissa fáist fyrir farþega þessara bifreiða fyrir því, að ekki hljótist slys af ófullnægjandi útbúnaði bifreiðanna. Ég ímynda mér, að þeir, sem samið hafa þetta frv., hafi talið, að þetta væri nauðsynlegt, en ég tel mjög vafasamt, að þetta nái yfirleitt til flutningabifreiða innan héraða í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum og annarsstaðar á landinu innan héraðs. Því hefir áður verið haldið fram hér, að til væri ákvæði í bifreiðalöggjöfinni, sem bannaði þetta í raun og veru. Ég hefi ekki getað fundið þetta ákvæði, en til munu þó vera einhverjar settar reglur, sem segja til um, hvernig útbúnaður bifreiða skuli vera, sem einnig nái til þess, sem við ræðum hér um. Vitanlega er nauðsynlegt, að vélaútbúnaður sé í fullkomnu lagi, svo að þessi farartæki séu nógu ábyggileg. Um það eru til ákveðnar reglur. En ég hygg, að ekki finnist nein ákvæði þar á meðal, sem tryggja öryggi farþeganna sjálfra beinlínis.

Ég get ekki betur séð en að hægt verði að halda uppi þeirri venju, að fólki sé lofað að skjótast með flutningabifreiðum á stuttum leiðum innan héraðs, enda þótt frv. verði samþ. óbreytt. Frá því sjónarmiði tel ég óhætt, að þetta frv. fari í gegn breytingalaust.

Skal ég svo láta í ljós afstöðu mína til till. hv. 1. þm. Reykv. viðvíkjandi því að fella niður 7. gr. Það er rétt hjá hv. þm., að þetta ákvæði var sett í frv. í hv. Nd. og kom frá hv. meiri hl. samgmn. þeirrar deildar og fékk samþ. hv. deildar. Ég býst við, að fyrir þeim, sem þetta gerðu, hafi vakað það eitt, að þessar bifreiðar, sem vitanlega fara líka langar leiðir, gætu ef til vill orðið nokkuð skæðir keppinautar stærri bifreiða, sem fara fastar ferðir, og gæti ef til vill, ef reynslan sýndi, að það væri nauðsynlegt, verið ástæða til þess að binda þetta langferðalag líka við fólksflutningsbifreiðar af þessari stærð. Því fjársterkir bifreiðaeigendur

geta notað slíkar bifreiðar til óeðlilegrar samkeppni gegn hinum stærri, sem ferðunum eiga að halda uppi, og á þann hátt gert þeim ókleift að halda ferðunum uppi. Ég hygg, að eitthvað slíkt hafi vakað fyrir þessum mönnum. Sú skoðun á líka við nokkur rök að styðjast, og tel ég hana rétta. Þess vegna tel ég rangt að fella þessa breyt. burt úr frv.

Ég tel óþarft að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég mun greiða atkv. með þeirri skrifl. brtt., sem hér hefir fram komið, sökum þess að mér skilst, að með samþ. hennar verði aðrar till. teknar aftur, en þeim mundi ég ekki greiða atkv.

**Magnús Jónsson:** Ég vil leyfa mér að bera fram stutta fyrirspurn um þingsköp. Verður fundi haldið áfram, þar til umr. um þetta mál er lokið? Eigi að fresta umr., vil ég frekar bíða með mína ræðu. Ég býst við að koma fram með till., sem ég óska, að lagðar verði fyrir hv. deild, svo að ég geti mælt fyrir þeim eftir að þær eru komnar fram.

**Forseti (IngP):** Það er óákveðið, hversu lengi fundinum verður haldið áfram. Það fer eftir því, hvernig fundinum í Nd. líður, því að það er ákveðinn fundur í Sþ. Ég geri ráð fyrir, að slitið verði fundi hér, þegar búið er að slíta fundi í Nd.

**Magnús Jónsson:** Ég spurði hæstv. forseta Nd., hvenær fundur í Sþ. byrjaði, og hann sagði, að það færi eftir því, hvað hæstv. forseti Ed. segði um það.

**Forseti (IngP):** Nú eru 4 ræðumenn á mælendaskrá, og geta bætzt við fleiri, svo að líklegt er, að málinu verði frestað hvort sem er, og getur hv. 1. þm. Reykv. þá beðið með sína ræðu, ef hann vill. Ég geri ráð fyrir, að umr. verði frestað og að málið verði tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 495, 698, 792, 811, 834, 848).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 848. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Þegar þessu máli var frestað, hafði ég borið fram skriflega brtt. við till. frá hv. þm. Eyf. á þskj. 811, og hefir hún nú verið prentuð á þskj. 834. Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa till. upp. Hún hljóðar svo: „Ráðherra getur einnig látið sérstök ákvæði gilda um mannflutninga samkvæmt þessum l., á bifreiðum, sem hafa fasta flutninga á framleiðsluvörum bænda að aðalstarfi". Við þetta vil ég svo bæta fáeinum orðum til skýringar, og þá fyrst og fremst sem einn af þeim, sem sæti eiga í skipulagsn. atvinnumála og gert hafa þetta frv., sem hér hefir komið fram, og er í öllum aðalatr. óbreytt frá því að n. skildi við það. En um það, að fella niður þá gr., sem hv. 1. þm. Reykv. óskar eftir, og komið hefir til mála að ég styddi hann í, þá er þar um nýtt viðhorf að ræða, sem skipulagsn. hafði ekki athugað. En af því að um það er meiningarmunur, hve mikið frv. þetta grípi inn í fólksflutninga í sambandi við kaupstaðaferðir í sveitum, finnst mér rétt að taka það fram, að skipulagsn. ætlaðist ekki til þess, að frv. gripi inn í bifreiðalögin gömlu eða reglugerð samkv. þeim, og í till. minni og hv. þm. Eyf. er skýrt tekið fram, að frv. komi ekki þeim l. við. Það, sem ég vil með minni brtt. undirstrika, er sá upprunalegi tilgangur n., að frv. yfirleitt snerti ekki fólksflutninga í sveitum, og um það vil ég láta falla þessi orð:

Stuðningur minn við þetta frv. hefir bæði í skipulagsn. og á Alþ. verið bundinn við þann skilning á ákvæðum þess, að frv. breytti engu frá því, sem verið hefir um aðstöðu manna í dreifbýlinu til að nota vöruflutningabíla til ferða innan héraðs. Ég ætlast til, að héraðsbúar í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, til að nefna þrjú sveitakjördæmi, sem eiga fulltrúa í þessari d., og vitaskuld á hið sama að gilda annarsstaðar á landinu, þar sem eins stendur á, fari á sinn verzlunarstað, að sínu mjólkurbúi eða sínu sláturhúsi og þaðan heim aftur með þeim bifreiðum, sem flytja vörur til og frá sveitaheimilunum, alveg eins og verið hefir, þó að þetta frv. verði samþ. Hið ráðgerða skipulag á fólksflutningunum nær til höfuðþjóðveganna, þar sem mannflutningar eru aðalatriðið, og fullkomin aðgreining komin á í framkvæmd milli vöruflutninga og fólksflutninga. En brtt. mín á þskj. 834 tekur af allan vafa um þetta efni, ef samþ. verður. Með henni er mörkuð sú stefna, að ákvæði þessa frv. eiga alls ekki í framkvæmd að ná til þeirra innanhéraðsmannflutninga, sem gerast með bifreiðum þeim, sem hafa reglubundnar ferðir með því höfuðtakmarki að flytja vörur bænda úr kaupstað heim til þeirra, og framleiðslu þeirra að markaðsstað.

Með þessu vildi ég skýra afstöðu mína til málsins, bæði í skipulagsnefnd og hér á þingi. Ef svo færi, að framkvæmd þessara l. þrengdi að þessum óhjákvæmilegu flutningum í sveitunum, væri það mjög tilfinnanlegt, og er brtt. minni ætlað að koma í veg fyrir það.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Hv. þm. S.-Þ. hefir nú gert sig svo hátíðlegan að lesa upp af blaði yfirlýsingu þess efnis, að brtt. hans eigi að skilja öðruvísi en hún hljóðar, og frv. eigi líka að merkja ýmislegt annað en það, sem þar í stendur. Ég býst við, að menn hafi tekið eftir því, að ráðherrar hafa haft þann sið, að lesa slíkar yfirlýsingar í þýðingarmiklum málum, til þess að vera vissir um, að það, sem þeir segðu, kæmist orðrétt í þingtíðindin. En þarna er þó þess að gæta, að yfirlýsing ráðh. getur varðað miklu um framkvæmd l., og því gott að hafa hana orðrétt skjalfesta. Og hvað þessari yfirlýsing viðvíkur, þá hefir ekki verið tilkynnt opinberlega, eftir því sem ég bezt veit, að hv. þm. S.-Þ. eigi að taka við ráðherraembætti svo bráðlega, að hann komi til með að framkvæma þessi l. Ég býst því við, að flestum sé sama um það, hverju þessi hv. þm. lýsir yfir um brtt. sínar og frv. sjálft. Líklega væri réttast fyrir hann að bera

þessa löngu ræðu sína fram sem brtt. við frv. Till. segir ekkert annað en það, að ráðh. geti einnig látið sérstök ákvæði gilda um mannflutninga samkv. þessum l., á bifreiðum, sem hafa fasta flutninga á framleiðsluvörum bænda að aðalstarfi. Nú segir hv. þm., að þetta eigi við Skagafjörð, Eyjafjörð, Þingeyjarsýslur og önnur héruð, sem líkt sé ástatt um, en ekki við langleiðirnar, þar sem komin sé greinileg verkaskipting milli fólks- og vöruflutninga. En við skulum taka til dæmis Norðurlandsveginn. Samkv. till. má ráðh. láta sérstök ákvæði gilda um mannflutninga með vörubílum á þessum leiðum, hvað sem yfirlýsingu hv. þm. líður. Þetta er, að ég held, einstakt atriði í l., að ráðh. sé gefið svona víðtækt vald til þess að haga framkvæmd l. eftir sínum geðþótta. Það má vel vera, að hv. 1. þm. Eyf., sem komið hefir þessari brtt. af stað, treysti núv. atvmrh. til þess að setja heppileg ákvæði um þetta efni, en það geta komið ráðherrar á eftir honum, sem hv. þm. treystir ekki eins vel, og að því er vert að gæta nú, þegar á að leggja þetta vald í hendur ráðh. Mér skildist það á hv. 1. flm. brtt. á þskj. 811, að hann teldi sig una við till. eins og hún verður með breyt., sem felst í till. á þskj. 834. Ég á bágt með að trúa því, að hv. flm. láti sér lynda þá afgreiðslu á till. sinni. Í brtt. þeirra, 1. brtt. á þskj. 811, eru ákvæðin um þetta alveg skýr; þar stendur, að þær bifreiðar, sem hér um ræðir, skuli vera undanþegnar ákvæðum l. En það er aðeins önnur hliðin á till. hv. þm. S.-Þ. Hin er sú, að ráðh. er gefin heimild til þess að setja önnur ákvæði í staðinn. Mér finnst ákvæðin í 1. brtt. á þskj. 811 vera eðlileg; þetta eru víða einu samgöngurnar, ekki bara í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, heldur líka hér í nágrenni Reykjavíkur. Og fyrir tillögumönnum vakir það, að ekki verði hægt að banna slíka mannflutninga með vörubifreiðum. Ég er því með þessari brtt. og tel hana til bóta. Og ég vona, að hv. flm. gerist ekki svo litilþægir að láta sér nægja þá meðferð, sem hér hefir verið stungið upp á.

Mér skildist á hv. fyrri flm. brtt. á þskj. 792, að hann hefði tekið aftur 2. brtt. á því þskj., um að þeim félögum og einstaklingum, sem haldið hafa uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum áður en lögin gengu í gildi, skuli veitt sérleyfi til flutninga á þessum sömu leiðum. Ef það er rétt, að hv. flm. hafi tekið þessa till. aftur, vil ég leyfa mér að taka hana upp sem mína till., því að ég tel hana sjálfsagða. Þeir eru svo hættulegir víða, okkar íslenzku vegir, að miklu varðar, að kunnugir menn aki þá. Enda er það svo, að þessar áætlunarbifreiðar verða að fara allra ferða sinna hvernig sem viðrar, á degi sem nóttu. Það er því sjálfsagt, að þær bílstöðvar og þeir bílstjórar, sem orðnir eru þaulkunnugir þessum langleiðum, fái sérleyfi á þeim leiðum. Það er ekki sambærilegt, hvað miklu meira veltur á bílstjóra, sem stjórnar bíl um langleiðirnar hér á landi, en lestarstjóra á eimvagni, sem rennur eftir sléttum teinum. Og þó þykir svo mikið undir því koma, að vagnstjórarnir séu kunnugir leiðinni, að sami maðurinn er alltaf látinn aka sama spölinn. Þetta sér maður, þegar ferðazt er lengri leið með járnbrautarlest, þá er alltaf verið að skipta um vagnstjóra. Svo mikið er gert til þess, að vagnstjórinn verði þaulkunnugur leið sinni. Enda er sjálfsagt að raska sem minnst atvinnurekstri landsmanna með l. sem þessum. Og það er hreinasta gerræði, ef félögum eða einstaklingum er bægt út af leiðum, sem þeir hafa lengi ekið á og eru orðnir nákunnugir. Það er miklu óákveðnara að segja, að ráðh. skuli veita þetta sérleyfi svo að jafnaði. Með því móti er ekkert hægt að segja við því, þótt ráðh. veiti allt öðrum þetta sérleyfi; hann gæti borið það fram sem rök, að viðkomandi keypti ekki sitt benzín og smuroliu á réttum stað, en eins og við vitum, er það mikið atriði, að þessar vörur séu keyptar á vissum stöðum. Hæstv. ráðh. sagði í sambandi við þessa brtt., að sérleyfunum yrði úthlutað á svipaðan hátt og útflutningsleyfum væri nú. Ég skil ekki, hvað hann á við með þessu; mér finnst hér svo ólíku saman jafnað. Ennfremur tók hæstv. ráðh. það fram, að þegar margir sæktu um sérleyfi á einni leið, yrði þeim, sem bægt verður frá, veitt sérleyfi á einhverri annari leið. En þá skilst mér, að einhver þurfi að víkja af henni, og svo getur það gengið koll af kolli, og hvar á að láta þann síðasta? Enda er ekkert vit í því að taka kunnuga bílstjóra af leiðum þeirra og skella þeim á aðrar ókunnugar. Þegar bílstjóri er búinn að aka nokkuð lengi á sömu leiðinni, fer hann að þekkja fólkið, sem aðallega þarf að nota flutningana, og getur af því leitt mikil þægindi fyrir fólkið, sem það yrði að vera án, ef bílstjórinn væri ókunnugur.

Þá hefir verið sett í frv. ákvæði, sem miðar að því að útiloka gersamlega alla heilbrigða samkeppni milli bílstöðva á þeim leiðum, sem fleiri en ein má aka á, og það er ákvæðið um, að úthluta skuli fargjöldunum milli sérleyfishafa eftir tölu sætakílómetra bifreiða þeirra, sem þar eru í förum. Það er m. ö. o. verið að taka alla hvöt af stöðvunum til þess að vanda bíla sína og viðurgerning við farþega, svo að þeir taki einmitt þá bíla fram yfir aðra. Þetta ákvæði 6. gr. er að vísu í heimildarformi, og þarf n. sú, sem gert er ráð fyrir í 3. gr., að samþ. það áður en framkvæmt verður, en ég get vel trúað því, að sérleyfishafar vildu láta samþ. þetta, svo að ekki þurfi að vanda eins bíla og viðurgerning.

Hv. 4. þm. Reykv. var að kvarta yfir því, að bílarnir væru yfirleitt of góðir. Honum er þá ekki eins annt um öryggið á landi eins og sjó, ef honum þykir að því, að hér skuli yfirleitt vera í förum nýlegir bílar. Skraf hans um lúksusbíla var hrein og bein vitleysa; verksmiðjurnar útbúa flestar bíla sína snoturlega, þeir kosta ekkert meira fyrir það, þó haft sé nikkel á luktum o. s. frv. Lúksusbílar sjást hér varla. Ég geri ráð fyrir því, að ef pantaðir væru sérstaklega ómálaðir bílar, þá fengjust þeir. Og vel má vera, að hin fyrirhugaða einkasala panti slíka bíla til þess að fróa augum hv. 4. þm. Reykv., sem þykir bílarnir, sem algengastir eru nú, of fínir og fallegir.

Eini ljósi punkturinn í þessu máli er nú sá, ef líkindi væru til, að brtt. mín um að fella niður 7. gr. yrði samþ., þá næðu ákvæði l. ekki

til 7 manna bifreiða eða smærri. Það eina, sem gæti haldið aðbúðinni við þessa flutninga á sómasamlegu stigi, væri samkeppnin frá frjálsu bifreiðunum. Að öðrum kosti mundi þetta skipulag leiða af sér meira öryggisleysi og verri viðurgerning en áður hefir þekkzt.

Auk brtt. á þskj. 698, sem ég áður hefi mælt fyrir, flyt ég nú 3 brtt. við frv., á þskj. 848, ásamt hv. þm. Dal. Fyrsta brtt. er við 1. gr. frv., en í henni felst sem kunnugt er aðalefni frv., nefnilega, að enginn megi hafa með höndum fólksflutninga með þeim bifreiðum, er þar um ræðir, án þess að hafa sérleyfi. Brtt. mín fer fram á það, að þetta sérleyfi þurfi ekki til fólksflutninga með bifreiðum til skemmtiferða eingöngu. Þar sem því hefir verið lýst yfir, að blessun þessa skipulags eigi einkum að falla þeim í skaut, sem þurfa að nota bílferðir á langleiðum, sé ég enga ástæðu til þess, að skemmtiferðalög séu dregin undir ákvæði l. T. d. koma hér á sumrum stóreflis skemmtiferðaskip með þetta 400—600 farþega, og allir vilja þeir komast sem víðast um landið á þeim stutta tíma, sem skipið stendur við. Og það getur verið, að þetta fólk vilji fara eftir einhverjum sérleyfisleiðunum. Og þá er eftirspurnin eftir farartækjum svo mikil, að það verður að taka alla fáanlega bíla í bænum til þess að mæta henni. Í svoleiðis tilfelli nær það ekki nokkurri átt, að fjöldi bíla verði að liggja ónotaðir vegna skipulagshaftanna. Eða ef við tækjum dæmi eins og þegar Markarfljótsbrúin var vígð, þegar þarf að grípa til allra fáanlegra flutningstækja. Mér finnst því ótækt að láta ákvæði l. ná til þessara flutninga, og brtt. mín fer fram á, að þeir verði undanþegnir. Og eftir því sem tilgangi l. hefir verið lýst, skil ég ekki, að sú breyt. geti farið í bág við hann. Mætti ákveða nánar í reglugerð, hvað átt er við með skemmtiferð. Ég geri ráð fyrir, að leiðin hér austur yrði seld á leigu samkv. l., en það er dæmalaus fjarstæða, sem ekki nær nokkurri átt, að ætla að banna öllum öðrum að aka á þeim leiðum stærri bifreiðum en 7 manna. Við skulum bara taka t. d., að það hefði átt að banna öllum nema ákveðnum sérleyfishafa að aka austur að Markarfljótsbrúnni í sumar. Mér skilst, að slík skemmtiferðalög þurfi að vera undanþegin í l. En þegar við hv. 4. landsk. leigjum okkur bifreið saman til þess að skemmta okkur, erum við ekki svo ríkir, að við tökum nema 4 manna bifreið, og þá ná lögin ekki til okkar.

2. brtt. er við 5. gr. a., þar sem stendur, að sérleyfið gildi um 3 ár og sé óframseljanlegt. Ég sé ekki ástæðu til að binda þetta svo fast, að leyfið sé óframseljanlegt undir öllum kringumstæðum. Það getur vel staðið svo á, að mikil ástæða sé fyrir þann, sem fengið hefir sérleyfi, að framselja það. Við skulum taka t. d., að einhver bifreiðastöð hafi fengið sérleyfi. Nú vill einhver bifreiðarstjóri, sem ekið hefir á þeim leiðum, setja upp sjálfstæðan rekstur, og er þá ekki óeðlilegt, að hann geti gengið inn í leyfið með samkomulagi. Og þegar bifreiðarstjórinn er sá sami, sé ég ekkert athugavert, þó sérleyfið sé framseljanlegt, og er því farið fram á að heimila þetta í samráði við póstmálastj. Þetta er einnig hagræði fyrir ráðh., að losna við fólksstraum og erfiði, og ekki sé verið að ónáða hæstv. stj. og hún þurfi að bjóða þetta út oftar en þörf er á. Það er því eins hentugt, að þetta fari fram í samráði við póstmálastj. án þess til ríkisstj. þurfi að koma. Vitanlega getur enginn framselt leyfið til lengri tíma en hann hefir sérleyfið fyrir.

Þá er 3. brtt., við 8. gr. frv., viðvíkjandi strætisvögnum og sérleyfum til þeirra. Það getur vel verið, að það sé ekki að öllu leyti óhentugt að veita sérleyfi til aksturs um bæi. Ég veit ekki nema það sé þörf að hafa þar nokkurt eftirlit, þó það verði sennilega til að útiloka samkeppni, og verði því dýrara og að því leyti óhentugt fyrir notendur. En ef sérleyfið er veitt, verður að takmarka skýrt það svæði, sem þeim er heimilt að aka um, og hvað heyrir undir strætisvagnaakstur. Ég hefi heyrt orðað, að það væri rétt að binda sérleyfið við það, að strætisvagn mætti ekki fara út fyrir lögsagnarumdæmið. Ég held, að þetta sé ekki rétt og það gæti oft verið mjög eðlilegt, að þeir fari út fyrir lögsagnarumdæmið. Ég skal taka t. d. Rvík, sem ég er kunnugastur. Það er mjög eðlilegt, að strætisvagnar aki út á Nes og upp að Rauðhólum eða annað um næsta nágrenni, sem tilheyrir bæjarumferð, enda jafneðlilegt eins og fara suður í Öskjuhlíð, og strætisvagnarnir hafa alltaf ekið á þessum leiðum, þó þær séu utan lögsagnarumdæmis bæjarins. Þó væri e. t. v. enn meiri ástæða í sumum öðrum bæjum, t. d. Akureyri, sem má segja, að sé ein lengja og því mjög vel fallin fyrir strætisvagna, og líklegt, að farið verði að nota þá þar, en þá eðlilegt og nauðsynlegt, að þeir mættu fara lengra en um lögsagnarumdæmið. Ég hefi því orðað till. svo: „Skal í sérleyfi skýrt afmarkað það svæði, sem strætisvögnum er heimilt að aka um, enda miðist það við umferð í bænum og næsta umhverfi". Það verður að taka það skýrt fram, hvert strætisvagnarnir mega fara, til þess að ganga ekki inn á rétt annara sérleyfishafa á langleiðum, og er þá eðlilegast að takmarka svæðið við venjulega bæjarumferð.

Ég hefi þá mælt fyrir þessum brtt., og hefi ekki borið fram fleiri, enda þótt ástæða væri til. En ég vil taka það fram, að þó ég telji þessar till. til bóta og þó að þær verði samþ., þá tel ég frv. í heild engan veginn til bóta. Að vísu er það stórt atriði, ef 7. gr. verður felld niður samkv. brtt. minni á þskj. 698. Hitt er annað mál, ef mínir spádómar rætast ekki, en vel reyndist með stóru bifreiðarnar, að fara þess þá á flot við Alþ., að það bætti við. Það hefði verið sérstök ástæða að bera fram brtt. við 6. gr., og satt að segja láðist mér það. Það ákvæði er eins óheppilegt og það getur verið og útilokar alveg samkeppni á þeim leiðum. Mætti í þess stað setja, að ráðh. ákvæði einhver verksvið fyrir hvern leyfishafa á sömu leið. En ég treysti því, að erfitt verði að fá þetta leyfi hjá póstmálastjóra, og að menn sjái, að með því er stefnt að því að spilla samgöngunum.

**Bernharð Stefánsson** [óyfirl.]: Þegar ég lauk ræðu minni við fyrri hl. þessarar umr., var ég

svo óheppinn, að ég var kallaður burt, svo að ég heyrði ekki til þeirra ræðumanna, sem á eftir mér töluðu. Þessu hefi ég þó nokkuð bætt úr, þar sem ég hefi nú lesið kafla úr ræðu hæstv. atvmrh., *og eftir þeirri yfirlýsingu, sem* þar kom fram, getum við flm. till. á þskj. 792 tekið aftur aðra brtt., ef fengin er fullnægjandi yfirlýsing frá hans hendi, að fyllsta réttlætis verði gætt við úthlutun sérleyfanna. En fyrri brtt. á þskj. 792 var hinsvegar áður tekin aftur af þeirri orsök, að við fluttum aðra till. síðar um sama efni.

Þá er að minnast á fyrri brtt. okkar þm. Eyf. á þskj. 811, sem hefir orðið talsverður þyrnir í augum ýmissa, þó að undarlegt sé, því að sumir af þeim mönnum, sem hafa haft á móti þeirri till., segja jafnframt, að þeir, sem við viljum undanþiggja ákvæðum l., heyri ekki undir l. Þá er bágt að sjá, hvaða skaða till. gæti gert, ef svo er, en náttúrlega má þá um leið segja, að hún sé gagnslaus.

Viðvíkjandi brtt. frá hv. þm. S.-Þ. við okkar till. er það að segja, að hún er nokkuð óákveðin. Ég skal að vísu játa, að ef full trygging væri fengin fyrir þessum lagaákvæðum á þann hátt, eins og hann gaf yfirlýsingu um, að hann meinti það, væri hægt að ganga að henni, en sú trygging liggur ekki fyrir. En það kynni nú að vera, að menn kynnu að hafa það mest á móti þessari till. okkar á þskj. 811, og það hefir enda komið fram, að það er beint tekið fram, að ákveðnir flutningar skuli vera undanþegnir ákvæðum þessara l. Það er náttúrlega útlátalaust að ákveða þetta öðruvísi, og við munum því leyfa okkur að leggja fram skrifl. brtt. við 2. málsgr. 1. gr., að á eftir orðunum „sem skráðar eru til vöruflutninga" komi: né bifreiðar, sem flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda. Með því að þetta verði þannig orðað, þá er fullnægt okkar vilja í þessu efni, en ef til vill þykir orðalagið aðgengilegra, og ég hygg líka, að þá sé þessu fullnægt um allar bifreiðar, sem flytja fyrir bændur, þó að ekki sé um mjólkurbú eða neitt þesshátt að ræða, því að venjulega er það svo, að þær bifreiðar, sem flytja vörur að staðaldri heim til bænda, flytja einnig að staðaldri framleiðsluvörur bænda, þó að það sé kannske ekki mjólk á hverjum degi. Ég þori samt ekki að taka till. á þskj. 811 aftur þegar í stað, en verði afbrigði leyfð fyrir hinni skrifl. brtt. okkar, þá er hún tekin aftur, og þá kemur þannig ekki til greina till. á þskj. 834, af því að hún er brtt. við brtt. á þskj. 811.

Út af orðum, sem hv. frsm. n. lét falla við fyrri hluta þessarar umr. um það, að hann hefði meint ummæli sín til mín á þá leið, að ég hefði átt að bera brtt. undir n., þá getur það vel verið, að sú hafi verið meiningin. En það var síðari hluta dagsins daginn áður en átti að taka frv. fyrir, sem hann orðaði það við mig, að *ég skyldi koma með brtt., en eftir* að við sömdum brtt., sáum við hann alls ekki, svo að þótt hann kynni að hafa meint þetta svo, þá var a. m. k. ekkert tækifæri til þess að fullnægja því. — Ég mun svo afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 886) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Magnús Guðmundsson:** Mér skilst, að fyrst brtt. 811 er tekin aftur, þá falli niður af sjálfu sér brtt. á þskj. 834, því að hún er brtt. við brtt., sem aftur hefir verið tekin. Þarf ég því ekki að tala neitt um brtt. á þskj. 834.

Ég vil benda á, að frv. þetta, eins og það kom fram í byrjun, sýndi, að sú n., sem stendur að því, virðist hafa athugað það mjög lítið, því að það er alveg víst, að um þá flutninga, sem hér hefir verið rætt svo mikið, hefir ekkert verið hugsað, og hv. þm. S.-Þ., sem er einn af feðrum þessa frv., *lýsti því yfir fyrir sitt leyti*, að hann áliti, að þessir flutningar um sveitir ættu alls ekki að falla undir frv., en eins og frv. kom til d. var ómögulegt að skilja það svo, enda fann n. það og bætti því við 2. málsgr. 1. gr.

Ég verð að segja það um upplestur hv. þm. S.-Þ., að þó að hann skoði hann sem páfaúrskurð, þá býst ég ekki við, að hann hafi mikla þýðingu, þegar á að fara að skýra þessi l. Þess vegna er nauðsynlegt að samþ. brtt. eins og hv. þm. Eyf. hafa stungið upp á, og ég get lýst því yfir, að mér lízt í fljótu bragði vel á hina framkomnu skrifl. brtt., og ég álít, að hún geti komið í staðinn fyrir brtt. á þskj. 811. Ég sé því ekki ástæðu til að taka hana upp, en það er önnur brtt., sem tekin hefir verið upp af hv. 1. þm. Reykv., sem sé brtt. á þskj. 792.

Ég hjó eftir því, að hæstv. atvmrh. vildi alls engu lofa um framkvæmd laganna viðvíkjandi þeim bifreiðum, sem ræðir um á þskj. 834, en það er þá því nauðsynlegra að fá inn í frv. greinileg ákvæði, og ég vona, að þau ákvæði, sem felast í skrifl. brtt., séu nægileg í þessu efni, þó að ég hefði heldur kosið ákveðnara orðalag. Hitt er rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að venjulega mun það vera svo, að sömu bifreiðar flytja að og frá bændum, og þess vegna *muni þetta ekki koma verulega* að sök. En það getur eigi að síður farið þannig, að ákvæði þessa frv. verði öðrum mönnum að tjóni heldur en þeim, sem bjarga á með þessari brtt., þó hún verði samþ. Þetta gæti borið við fyrir þá sök, að frv. er í heild vanhugsað og óþarft, að því er séð verður.

Það hefir rækilega verið á það bent við fyrri umr. í þessu máli, að bifreiðaflutningur hefir gengið mjög vel undanfarið. Það hefir mjög lítið borið á slysum, og fargjöldunum hefir mjög verið í hóf stillt, og þó hv. þm. S.-Þ. lofi því, að fargjöldin lækki allt að því um ⅓, þá hef ég enga trú á því, að slíkt verði. Ég hygg, að gjöldin séu alls ekki ósanngjörn nú, meðan vegir eru jafnslæmir og þeir eru enn hér á landi. Þess vegna hefi ég ekki trú á því, að gjöld þessi verði lækkuð nema með því að það gangi út yfir öryggi farþeganna, eða þá að það dragist þangað til vegunum hefir miðað betur áfram, því það er vitanlegt, að bifreiðarnar slitna miklu fyrr hér en annarsstaðar, fyrir það hve vegirnir eru slæmir. Einnig þurfa bifreiðar hér meira benzín af þessum ástæðum en annarsstaðar.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég hefi ekki getað fylgzt með umr. hér í hv. d. í þessu máli, en út af brtt. þeim, sem fyrir liggja frá hv. þm. Eyf., skal ég taka fram, að mér er ljúft að fallast á þá brtt., sem síðar hefir komið fram á þskj. 886. Hún nær því að öllu leyti, sem meint er með brtt. 811,1, en sú brtt. undanþiggur þessar bifreiðar frá öllum ákvæðum frv., m. a. líka ákvæðunum um öryggi, þó þær flytji fólk. (**MG**: Bifreiðalögin gilda þó fyrir þær líka). Bifreiðalögin gilda fyrir þær, segir hv. þm., og mun hann eiga þar við ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar frá 1928, en þá er óþarfi að taka það fram, og er mjög óviðkunnanlegt, að ákvæði þessa frv. um þetta atriði gildi fyrir sumar bifreiðar, sem flytja fólk, en ekki allar. Ég er þess vegna ákveðinn í því að taka brtt. þessara hv. þm., þá er síðar kom fram, fram yfir brtt. þeirra á þskj. 811.

ATKVGR.

Brtt. 792,1 tekin aftur.
— 811,1 tekin aftur.
— 834 kom ekki til atkv.
— 886 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 848,1 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MG, MJ, PM, ÞÞ, GL, JAJ.
**nei:** JBald, JJ, PHerm, SÁÓ, HG, HermJ.
BSt, EÁrna greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (ÞBr, IngP) fjarstaddir.

Brtt. 848,2 felld með 8:6 atkv.
— 698 samþ. með 8:6 atkv.
— 811,2 tekin aftur.
— 848,3 felld með 7:7 atkv.
— 792,2 tekin aftur af flm., en tekin upp af 1. þm. Reykv. og talin felld, vegna vantandi þátttöku í atkvgr., að viðhafðu nafnakalli, og sögðu:

**já:** MG, MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ.
PHerm, SÁÓ, BSt,[1]) HG, HermJ, JBald, JJ, EÁrna[2]) greiddu ekki atkv.
Einn þm. (IngP) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:5 atkv. og endursent Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 887).

Á 65. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til einnar umr. (A. 887, 917).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 917. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Ég hefi borið fram á þskj. 917 þrjár brtt. við þetta frv. eins og það er nú hingað komið frá Ed.

1. brtt. er við 2. málsgr. 1. gr. Í þeirri gr. stendur, að ekki þurfi sérleyfi til fólksflutninga með þeim vörubifreiðum, sem flytji fólk endrum og sinnum. Í Ed. kom fram brtt. um það, að þessi orð „endrum og sinnum“ væru felld burt, en hún náði ekki samþykki þar. Það eru þessi orð, sem ég með þessari fyrstu brtt. óska, að séu felld burt. Ég sé ekki, að það sé ástæða til að fá leyfi til þess, að bifreiðar, sem eru skráðar til vöruflutninga og flytja vörur yfirleitt eða framleiðsluvörur bænda, og þannig einnig notaðar sem vörubifreiðar, því að það er kunnugt, að í fólksmörgum sveitum eru vörubifreiðar notaðar til þess að flytja fólk til og frá kaupstöðunum jafnframt vörunum og hafa sæti fyrir 1—2 farþega. Þetta eru helzt bifreiðar, sem flytja mjólk daglega og vörur til baka, og virðist því ástæðulaust að vera að gera nokkra skerðingu á því, að þessar bifreiðar megi flytja farþega, sem annaðhvort vill fara í kaupstað eða úr kaupstað út í sveitirnar, þar sem þessir mjólkurbílar ganga. Þessar bílferðir eru líka miklu tíðari en ferðir fólksbílanna, og þess vegna er þægilegt fyrir fólk að geta fengið þarna ferðir svo að segja hvenær sem það vill.

Þá er líka þess að gæta, að þetta er nokkurt fjárhagsatriði fyrir þessa menn og þær sveitir, sem eiga þessa bíla, vegna þess að þessir mannflutningar gefa þó dálitlar tekjur. Nú virðist mér í sambandi við þessa frvgr., að annaðhvort verði þessar bifreiðar að fá sérleyfi til þessara fólksflutninga í hvert sinn eða vera alveg undanþegnar að þurfa að sækja um sérleyfi. Ég fæ því ekki skilið, hvað þessi orð „endrum og sinnum“ eiga að þýða, og því rétt, að þau séu felld burt strax.

Það er líka svo, að það dettur engum í hug að halda, að það sé aðalmeiningin að meina þessum mjólkurbílum að flytja fólk. Þetta frv. er eins og allir vita flutt af hv. 2. þm. Reykv. til þess að hann geti þannig náð undir sig meiri benzínsölu, því að hann mun gera það að skilyrði fyrir sérleyfunum, að bifreiðarnar kaupi benzín af honum. (**HV**: Ég vil óska, að hv. þm. endurtaki þessi orð utan þinghelginnar). Ég get gert það, og þetta mun þá sýna sig, þegar þar að kemur, og það er meira að segja sannanlegt, að hann er þegar búinn að ráðstafa sumum þessum ferðum, og hann gerir það áður en þessi l. eru gengin í gildi. (**HV**: Þetta er haugalygi. — Forseti hringir). Það er gott, að allur þingheimur fær að heyra, hversu þinglega hv. þm. hagar sér. Það má þar segja, að sannleikanum er hver sárreiðastur. Og þegar hv. þm. Eyf. fluttu í Ed. till. í svipaða átt, gekk þessi hv. þm. þar um eins og grenjandi ljón, svo að flm. þorðu ekki, þegar til kom, að greiða sinni eigin till. atkv. Svona mikla áherzlu lagði hann á, að þetta yrði ekki samþ., og má nærri geta, hvort það er aðalatriðið að koma í veg fyrir, að mjólkurbílar fái að flytja fólk. Nei, tilgangurinn er vitanlega sá, að ná völdum á þessu sviði eins og öðrum, því að hann vill alstaðar öllu ráða. En hann þarf ekki að vera svona reiður yfir þessu,

1) **BSt**: Ég er að sönnu samþykkur efni þessarar till., þar sem ég hefi flutt hana upphaflega, en með því að komið hefir yfirlýsing frá hæstv. stj. um það, að þetta atriði verði framkvæmt á þann hátt, sem brtt. mælir fyrir, sé ég ekki ástæðu til, að sett verði um það ákvæði í l., og greiði því ekki atkv.

2) **EÁrna**: Með sömu forsendum og hv. fyrri þm. Eyf. greiði ég ekki atkv.

**MJ**: Ég vil benda hæstv. forseta á það, að aðeins tveir hv. þm. hafa gert grein fyrir því, hvers vegna þeir greiddu ekki atkv.

**Forseti EÁrna**: Ég hefi ekki krafizt ástæðna af hv. þm., er eins hefir staðið á um atkvgr. og nú gerir. Samskonar tilfelli og þetta kom fyrir í atkvgr. í öðru máli hér í dag, og fór ég þá eins að og nú og krafðist ekki ástæðna hjá þeim, er sátu hjá.

því að hann veit, að það er rétt. Og ég gæti nefnt honum menn, sem eru búnir að fá loforð fyrir ákveðnum „rútum“, en þeir menn, sem þar um ræðir, hafa ekki verið sér þess meðvitandi, að þetta væri eins mikið launungarmál eins og hv. 2. þm. Reykv. gefur í skyn, þar sem hann kallar það haugalygi.

2. brtt. er um það, að ekki þurfi sérleyfi til fólksflutninga með bifreiðum til skemmtiferða. Þetta er einnig brtt., sem var flutt í Ed., en náði þar ekki samþ., því að hv. 2. þm. Reykv. agiteraði svo mikið á móti henni. Þessi till. gengur út á það eitt, að þótt eitthvert félag hafi sérleyfi fyrir fólksflutningum á einhverri leið, þá megi þó aðrir flytja fólk á þeirri leið, ef það er að fara í skemmtiferðir. Við skulum t. d. hugsa okkur, að haldin sé héraðsskemmtun, sem margir vilja sækja. Þá fer því vitanlega fjarri, að það félag, sem hefir sérleyfi til flutninga á þeim leiðum, sem þangað eru farnar, geti fullnægt allri þeirri flutningaþörf. Hér er því farið fram á það, að í slíkum tilfellum sé öðrum heimilt að flytja fólk á þeirri leið. Ég fæ ekki heldur séð, hvaða hætta er í sambandi við þetta. Það er ekki einu sinni nein hætta fyrir sérleyfishafann, því að samkv. þessari brtt. yrði öðrum því aðeins leyft að flytja á þessari leið, að svo mikill fjöldi manna sækti á einn stað, að leyfishafi gæti hvergi nærri fullnægt flutningaþörfinni.

3. brtt. er um það, að þeir, sem hafa haldið uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum áður en l. gengu í gildi, skuli sitja fyrir sérleyfunum, enda fullnægi þeir vitanlega þeim skilyrðum, sem annars eru gerð fyrir veitingu slíkra sérleyfa. Þessi till. er í fullu samræmi við það, sem áður hefir verið látið almennt gilda í öllum viðskiptum, sem sé að sá, sem vegna síns eigin framtaks öðlast einhverja sérstöðu, hann fái að njóta hennar. Það virðist ekki sanngjarnt, að þeir bifreiðaeigendur, sem hafa ef til vill árum saman haldið uppi ferðum milli ákveðinna staða, fyrst kannske með tapi, en síðan með árangri, séu nú látnir afhenda þau verðmæti til annara. Það er því fullkomlega réttmætt, að slíkir menn sitji að öðru jöfnu fyrir þeim leiðum, sem þeir áður hafa stundað akstur á. Ég get því ekki séð frá neinu sjónarmiði, hvernig þeir, sem sérleyfin veita, geta gengið á móti slíkum ívilnunum til þessara manna, sem þannig er ástatt um.

4. brtt. er aðeins orðabreyt.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég hygg, að hér séu sömu brtt. á ferðinni og felldar voru í Ed.

Ég heyrði ekki alla ræðu hv. 8. landsk., en þóttist heyra á niðurlagi hennar, að hann teldi, að tilgangur þessara laga væri sá, að láta þá, er fengju sérleyfi samkv. þeim, kaupa benzin hjá ákveðnum manni. Ég vil fastlega mælast til þess, að hv. 8. landsk. endurtaki þessi ummæli utan þings og reyni að standa við þau þar á réttum vettvangi, en sýni ekki þann ódrengskap og ómennsku, að slá hér fram rakalausum rógi í skjóli þinghelginnar.

Það fellur í minn hlut að úthluta sérleyfum þeim, sem hér ræðir um, og ég hefi gefið yfirlýsingar í Ed. um það, hvaða reglum ég muni fylgja við úthlutunina, og þær yfirlýsingar hafa verið teknar gildar. Ég lýsti yfir því, að ég teldi sjálfsagt að í höfuðdráttum yrði fylgt samskonar reglum um úthlutun þessara sérleyfa og um út- og innflutningsleyfi, að tekið væri tillit til þess, hvort menn hefðu áður haft flutninga á vissum leiðum, hvort þeir hefðu byrjað á þeim, og hve lengi þeir hefðu annazt þá, og yrði sérleyfunum úthlutað eftir þessum hlutföllum. Í frv. sjálfu er líka beint tekið fram, að þeir, sem haldið hafa uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum, skuli ganga fyrir um sérleyfi á sömu leiðum, að öðru jöfnu. Hinsvegar er alveg ófært að lögbinda, að veita skuli öllum, sem haldið hafa uppi slíkum ferðum á vissum leiðum, slík sérleyfi, án tillits til þess, hvort þeir hafa gert það um lengri eða skemmri tíma, og auk þess borgar sig ekki á mörgum leiðum að hafa þar jafnmarga vagna og nú eru þar, og verður því að veita sumum þeirra, er nú halda þar uppi mannflutningum, sérleyfi á öðrum leiðum. En reglan, sem fylgt verður, er sú, að úthluta sérleyfunum sem næst núv. hlutföllum.

Hitt er versta tegund af rógi, að með lögunum eigi að neyða menn til að kaupa benzín á vissum stað, og ég vil endurtaka áskorun mína til hv. 8. landsk. um að ítreka þau ummæli utan þings.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég þarf litlu að bæta við ræðu hæstv. atvmrh. öðru en því, að hv. 8. landsk. virðist ekki skilja frv. Í 2. mgr. 1. gr. er talað um vörubifreiðar, sem setja „endrum og sinnum“ upp kassa til fólksflutninga, eins og vörubifreiðar hér í bænum gera oft á sumrum um helgar, til að geta flutt fólk út úr bænum gegn vægu verði. Til slíkra flutninga þarf ekkert sérleyfi. Þá er og tekið fram, að þær bifreiðar, sem flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, falli ekki undir ákvæði l., þótt þær rúmi fleiri en 6 farþega, en bifreiðar, sem flytja færri farþega, falla aðeins undir hin almennu bifreiðalög. Yrði hinsvegar brtt. hv. 8. landsk. um það, að ekki þurfi sérleyfi til fólksflutninga með bifreiðum til skemmtiferða, samþ., væri það skipulag, sem hér er verið að reyna að byggja upp, eyðilagt, því að fara mætti kringum lögin á þann hátt, að kalla flest eða allt skemmtiferðir.

Hæstv. atvmrh. hefir sýnt fram á, hve sú brtt. hv. 8. landsk., að lögbinda skuli að veita öllum sérleyfi á sömu leiðum og þeir nú annast flutninga um, er fjarstæð, og þarf ég ekki að fara um hana frekari orðum. Ég legg til, að allar brtt. verði felldar, því að augljóst er, að ekki verður hægt að ljúka þessu frv. nema með afbrigðum, ef brtt. við það verða samþ., og ég hefi enga ástæðu til að treysta sjálfstæðismönnum í Ed. til að bregðast vel við í því efni, hverju sem þeir lofa.

Út af þeirri áskorun hv. 8. landsk., að ég hafi unnið að þessu frv. í skipulagsnefnd og á þingi í eiginhagsmunaskyni, vil ég segja það, að hann skal ódrengur og hvers manns níðingur heita,

ef hann endurtekur ekki þau ummæli sín utan þings, svo að hann geti fengið atvinnu við að verja sitt eigið mál.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég vil minnast dálítið á 1. gr. frv. í sambandi við þær brtt., sem fram hafa komið.

Í 1. mgr. 1. gr. er tekið fram, að fólksflutningar í bifreiðum, sem taka færri en 6 farþega, falli ekki undir ákvæði laganna. Í 2. mgr. 1. gr. segir, að bifreiðar, sem skráðar eru til vöruflutninga, megi flytja fólk „endrum og sinnum“, án þess að sérleyfi þurfi til, þótt þær flytji fleiri en 6 farþega. Slíkir flutningar tíðkast hér í Reykjavík á sumrin, á laugardagskvöldum og sunnudögum. Jafnframt er svo ákveðið, að þær bifreiðar, sem flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, þurfi ekki sérleyfi, þótt þær flytji fleiri en 6 farþega. Slíkir flutningar tíðkast allmjög til sveita, einkum á Austurlandi, að bifreiðar flytji fólk jafnframt vörum. **(PHalld:** Því var þetta ekki sett inn í frv. strax?). Ég áleit, að frv. í sinni upphaflegu mynd næði ekki til þessara bifreiða, þótt ég væri því samþ., að þetta væri tekið skýrar fram.

Frv. nær því aðeins til mannflutningabifreiða, sem taka yfir 6 farþega. Við erum með frv. að reyna að koma skipulagi á mannflutningana með stóru bifreiðunum, sem svara til járnbrautanna erlendis.

Ég vil benda á dæmi, sem mér er vel kunnugt úr lögreglustjóratíð minni, til sönnunar því, hvílík þörf er orðin á slíkri löggjöf sem þessari. Á veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur er samkeppnin orðin svo mikil, að hvað eftir annað hafa borizt kvartanir og kærur yfir því, að ekið hefði verið með það fyrir augum af ásettu ráði að tefja fyrir keppinautum. Fólk á Hafnarfjarðargötum hafði ekki frið fyrir bílstjórum, sem rifust um að fá það upp í bíla sína. Og þó hefi ég sannfrétt, að nú um langan tíma hafi ekkert verið upp úr þessum ferðum að hafa og vagnarnir skrölt hálftómir eða alveg tómir á milli.

Hér er alveg sama þörf á skipulagi á mannflutningum með stórum bifreiðum og með járnbrautum erlendis.

Verði sú brtt. hv. 8. landsk. samþ., að fella niður orðin „endrum og sinnum“ í 2. mgr. 1. gr., er þar með allt skipulagið fallið, því að vandinn að fara kringum lögin er þá ekki annar en sá, að láta skrá bifreið sína sem vörubifreið. Sama er að segja um bifreiðir, sem notaðar eru til skemmtiferða. Skemmtiferðir eru svo teygjanlegt orð, að flestar ferðir mætti með brögðum telja undir þær. Ég legg því áherzlu á það, að þessar brtt. verði felldar, því að þær miða að því að spilla skipulagi, sem gæti komið að miklu gagni, ef vel tekst um framkvæmd á því, en slíkt er auðvitað erfiðleikum bundið.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. sagðist „hyggja“, að þetta væru sömu brtt. og felldar hefðu verið í Ed. Hví hefir hann ekki gengið úr skugga um þetta? Er það máske af því, að þessar brtt. séu, eins og aðrar brtt. stjórnarandstæðinga, dæmdar fyrirfram?

Út af þeirri skýringu hv. 2. þm. Reykv., að 2. mgr. 1. gr. eigi við vörubifreiðar, sem einstöku sinnum setja sæti á pallinn, vil ég taka það fram, að það er ekkert í málsgr., sem gefur til kynna, að hún sé miðuð við þetta. Það er t. d. hvergi sagt, að mjólkurbíll megi flytja fleiri en 6 farþega. Ég sé ekki betur en að greinin sé fortakslaus að því leyti, að bíll, sem flytur framleiðsluvörur bænda og flytur yfir 6 farþega, þurfi að fá til þess leyfi. En ég vil fella burt „endrum og sinnum“, svo að mjólkurbílar megi flytja að vitalausu 6—7 farþega án þess að fá til þess sérleyfi.

2. brtt. mín, um það, að bílar, sem annast mannflutninga til skemmtiferða, þurfi ekki sérleyfi, virðist mér ekki orka tvímælis. Hv. 2. þm. Reykv. þóttist sjá þar opnaða leið til að fara í kringum lögin. Vill hv. þm. þá bera fram skrifl. brtt. við hana, svo að hún verði ótvíræð? Hann var nú reyndar eitthvað að tala um það áðan, að hann treysti ekki á það, að sjálfstæðismenn í Ed. veittu afbrigði, ef brtt. yrðu samþ. hér. En ef sjálfstæðismenn í Ed. hafa fallizt á að veita afbrigði um málið, sem ég skal ekkert um segja, þá kemur það úr hörðustu átt, að þeim sé ekki treystandi til að standa við orð sín. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að sjálfstæðismenn í Ed. séu ekki svikulli en hv. 2. þm. Reykv. telur sjálfan sig vera, og þættist hann þó líklega fá tilefni til að fá atvinnu við að verja sjálfan sig, ef honum væri borið það á brýn, að engu hans orði væri treystandi.

Annars veit ég, að hv. 2. þm. Reykv. kemur með þetta sem tylliástæðu til þess að fá brtt. mínar felldar. Það er nú einu sinni hans aðferð, að vera með ógnanir í einu eða öðru formi, og nú ætlar hann að hræða samherja sína frá því að greiða brtt. mínum atkv.

Um síðustu brtt. mína vil ég segja það, að ég get ekki betur séð en að það sé alveg sjálfsagt að veita þeim, sem áður hafa haldið uppi áætlunarferðum á vissum leiðum, sérleyfi til flutninga á sömu leiðum. Ég býst við, að hv. 2. þm. Reykv. þætti hart, að vörutegund, sem hann hefði unnið inn hér á markaðinn, væri fengin öðrum í hendur, og hann væri þar í sínum fulla rétti. Það er almennt viðurkennd regla í viðskiptalífinu, að menn eigi að njóta ávaxtanna af iðju sinni. Margar bifreiðastöðvar hafa haldið uppi áætlunarferðum með tapi fyrst í stað, en eru fyrst nú farnar að hafa nokkurn hag af þeim. Hæstv. atvmrh. gat ekki heldur andmælt því, að þessi brtt. væri réttmæt. **(Atvmrh.:** Það stendur í frv., að þessar stöðvar gangi fyrir, að öðru jöfnu). Já, því má þetta þá ekki vera skilmálalaust, að þær **skuli** ganga fyrir, að öðru jöfnu?

Þá varð þeim hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Reykv. ákaflega mikið um ummæli mín um benzínverzlun hins síðarnefnda. Ég skal taka það fram, að þessi orð eru ekki fyrst frá mér runnin. Öllum hv. þm. mun það kunnugt, að þessi orðrómur gengur staflaust manna á meðal utan þings og innan. Og enginn einasti maður, sem um þetta talar utan þings, lætur sér detta annað í hug en að þetta sé allt gert fyrir oliu-

konginn, hv. 2. þm. Reykv. Það, að ég segi þetta manna fyrstur hér, er einungis af því, að ég er hreinskilnari en aðrir, sem um málið tala. (HV: Hv. þm. ætti að endurtaka þessi ummæli utan þings). Ég þarf þess ekki, því þessi skoðun er ekki fyrst runnin frá mér. Hv. þm. þarf efalaust ekki annað en fara hér út fyrir húsdyrnar, þá gæti hver sem er sagt honum frá þessu, ef hann fyrirhitti nógu hreinskilinn mann. (HV: Ætlar þá hv. þm. ekki að þora að endurtaka þessi ummæli utan þings?). Ég get sagt hv. þm., ef hann vill, ýmsar sögur um þennan orðróm.

Þá vil ég spyrja hæstv. atvmrh., hvort hann hefir þegar veitt einstökum mönnum sérleyfi til fólksflutninga með bifreiðum. Ég hygg, að hann muni ekki hafa gert það, en ef svo er, þá vildi ég fá skýringu á því, hvers vegna ákveðnir menn telja sig þegar hafa fengið ákveðin loforð fyrir þessum sérleyfum. Ef hæstv. atvmrh. einn veitir þessi leyfi, og ef hann hefir engum veitt nein slík leyfi, hvers vegna telja þá ákveðnir menn bæði utan og innan Reykjavíkur, að þeir hafi þegar fengið loforð fyrir þessum leyfum? Það er af því, að hv. 2. þm. Reykv. er búinn að veita þessi leyfi. (HV: Þetta eru ósannindi). Ég játa, að ég hefi sjálfur ekki verið viðstaddur þá samninga. Það, sem ég segi hér frá, er ekki annað en það, sem ég hefi heyrt fleiri en einn og fleiri en tvo segja, en ég hefi ekki ástæðu til að rengja. Ég læt það ósagt, hvort ég muni endurtaka þessi ummæli utan þings, en ég hygg, að sögumennirnir séu þegar það margir, að óþarft sé að bæta í þann hóp. En ég mun á sínum tíma, þegar sannleikurinn kemur í ljós og staðfestir þessar sögur, minna á það, sem ég hefi nú sagt. Og það eitt er víst, að ef sögur þessar rætast ekki, þá er það fyrir það, að hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Reykv. víkja frá þeim áætlunum, sem þeir hafa nú gert. Annars sannast þessi ummæli mín um hv. 2. þm. Reykv. bezt með framkomu hv. þm. við þessa umr. Hann gengur hér um öskuvondur yfir því að heyra sannleikann, því sök bítur sekan. Allir vita, hvernig hann hefir hamazt hér í þinginu fyrir þessu máli. Allir vita, að það getur ekki verið neitt höfuðatriði, hvort frv. verður að l. á þessu þingi eða því næsta. Allir vita, hver barizt hefir mest fyrir því að drífa frv. gegnum hv. Ed. Það var enginn af hv. þm. þeirrar d. Það var utandeildarþm., hv. 2. þm. Reykv. Og hvers vegna barðist hann svo fyrir þessu máli í hv. Ed.? Ekki var það af því, að hann eigi að veita sérleyfin, eftir því sem hæstv. atvmrh. segir. Var það af því, að hann er í þessari svokölluðu skipulagsnefnd? Hvorugt af þessu er ástæðan. Ástæðan er sú, að þetta frv. er hagsmunamál hv. 2. þm. Reykv. Hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Reykv. vita báðir, að annað og meira liggur á bak við í þessu máli en hin köldu orð frv. segja. Og það verða engir kunnugir hissa á því, þótt þessi hv. þm. berjist fyrir sínum hagsmunum með þessu frv. Slíkt er ekki annað en daglegt brauð nú á dögum. Öll þau frv., sem verða að l. nú, eru mótuð af sósialistum og barin fram í hagsmunaskyni fyrir þá og þeirra flokk. Þeir sitja sig ekki úr færi til þess að stofna bitlinga handa sér og sínum mönnum. Þeir hika ekki við að fjölga framkvæmdastjórastöðum af sömu ástæðum. Þeir hika ekki við að setja lög um hvað sem er, til framdráttar sínum flokki og sínum mönnum. Og hver er það, sem harðast berst í þeim efnum? Það er enginn annar en hv. 2. þm. Reykv. En ég verð að segja, að hver sem kunnugur er orðinn framkomu þessa hv. þm. hér á Alþingi, hann veit það, að svo hiklaust sem hann berst fyrir hagsmunum síns flokks á þingi, þá berst hann þó ennþá harðar fyrir sínum eigin persónulegu hagsmunum.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég skal ekki fara mörgum orðum um þær hnippingar, sem orðið hafa milli hv. 2. þm. Reykv. og hv. 8. landsk. í þessu máli, en mér þykir rétt og drengilegt að segja það, að sá orðrómur, sem hv. 8. landsk. minntist á, er mjög almennur bæði utan þings og innan. Og ég get trúað því, að hv. 2. þm. Reykv. eigi einmitt sjálfur drýgstan þátt í því að gefa slíkum orðrómi byr með sínum takmarkalausa áróðri í málinu. Það er kannske út af fyrir sig ekki mikið við því að segja, þó hv. þm. sæki málið fast, en það er hinsvegar dálítið áberandi, hve hart hann sækir þetta mál, og því er ómögulegt að neita, lög þessi er hægt að nota þessum hv. þm. til framdráttar, og ég álít, að hv. 2. þm. Reykv. eigi að gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að hreinsa sig af þeim orðrómi, sem gengur um hann í sambandi við þetta mál. Og það vill svo vel til, að ég ætla að gefa honum tækifæri til þess, ég skal hjálpa honum til þess að hreinsa sig af þessum þungu ásökunum um að hann ætli sér með hjálp þessa frv. að reyna að skara eld að sinni köku. (HV: Ef hv. 8. landsk. gefur mér þetta tækifæri, þá er mér það nóg). Ég ætla að gefa hv. 2. þm. Reykv. tækifæri til þess að hrekja orðróminn, en ekki með því að endurtaka neitt utan þings, svo að hann fái tækifæri til þess að stefna mér, því með því móti getur hann ekki hreinsað sig. Ég ætla að gefa honum þetta tækifæri hér í þinginu. Þessi hv. þm. lét þau orð falla, að þekktur bílasali hér í Reykjavík hefði lofað Sjálfstfl. stuðningi, ef brtt. á þskj. 917 yrðu samþ. Þetta er tómt fleipur. En hæstv. atvmrh. var að tala um það — og vil ég leiða athygli að því —, að í sambandi við hið nýja skipulag ætti að gæta þess, að breytingin gerði sem minnsta truflun á atvinnurekstri þeirra manna, sem haft hafa lífsframfærslu sína af fólksflutningum áður en frv. verður að l. Væri þetta veigamikið framkvæmdaratriði, sagði ráðh. Um þetta eru allir sammála; ég hefi ekki annað heyrt frá hv. 2. þm. Reykv. Í 9. gr. frv. er það beinlínis sagt, að þeir, sem hafi hingað til stundað þessa fólksflutninga, eigi að sitja fyrir þeim að öðru jöfnu. Um þetta erum við allir sammála, en hv. 8. landsk. telur, að þetta orðalag tryggi ekki fullkomlega það, sem meint er, og hefir þess vegna flutt við 9. gr. brtt. á þskj. 917 á þá leið, að félögum þeim eða einstaklingum, sem haft hafa þessa fólksflutninga, skuli veitt sérleyfi til þess að hafa þá framvegis. Hæstv. atvmrh. segist ekki geta sætt sig við

þetta. Hvers vegna? Vegna þess, að það geti komið fyrir, að á vissum leiðum hafi fleiri félög eða einstaklingar haldið uppi fólksflutningaferðum undanfarið heldur en þörf hafi krafizt eða krefjist í framtíðinni. Þetta er rétt athugað hjá hæstv. ráðh., og get ég vel sætt mig við þá hugsun, að fleiri sérleyfi séu ekki veitt á ákveðnum leiðum en þörf krefur, en þeir, sem þegar hafa byrjað þessa fólksflutninga á ákveðnum leiðum, þurfa að sitja fyrir sérleyfunum, og það vil ég tryggja betur en gert er í frv. Ég mun því greiða atkv. með brtt. hv. 8. landsk. við 9. gr., þó með brtt., er ég ætla að bera fram við hana á þann hátt, að á eftir orðinu „skal“ komi orðin: eftir því sem henta þykir. Ætti þessi viðbót að tryggja það, að fleiri mönnum eða félögum verði ekki veitt sérleyfi en þörf krefur, en til þess að tryggja það, að sérleyfi verði fyrst og fremst veitt þeim, sem stundað hafa fólksflutninga sem atvinnu, vil ég flytja nýja brtt. við gr. — Ég vil biðja hæstv. forseta að reyna að lægja hávaðann í salnum, svo að hæstv. atvmrh. megi heyra mál mitt. Þessi brtt. mín er ný málsgr., svo hljóðandi:

„Hafi svo margir aðilar haldið uppi ferðum á ákveðnum leiðum, að ekki þyki hagkvæmt að veita þeim öllum sérleyfi til að halda áfram þeim atvinnurekstri, skal sá eða þeir aðilar ganga fyrir, sem lengst hafa haldið uppi ferðum á þeim leiðum, en hinir ganga fyrir um sérleyfi á nýjum leiðum, eftir því sem hægt er“.

Ég þykist með þessum brtt. mínum hafa bent á leið í þessu máli, sem gerir hvorttveggja í senn, að tryggja það, að fyrirkomulag fólksflutninganna verði betra, og hitt, að hreinsa hv. 2. þm. Reykv. af þeim leiðinlega orðrómi, sem um hann hefir kvisazt í sambandi við þetta mál. Einnig vil ég með þessum brtt. gefa hæstv. atvmrh. tækifæri til þess að sýna það, hve sterkan hug hann hefir á því að vilja vernda rétt og atvinnu þeirra, er nú stunda fólksflutninga, sem mest, án þess þó að veita fleiri sérleyfi en þörf krefur. Ég vil nú segja það, ef brtt. mínar verða samþ., þá skal ég mæla með því við mína flokksbræður í hv. Ed., að þeir synji ekki um afbrigði fyrir þetta mál, svo að það hafi tíma til þess að ná afgreiðslu. Ég segi mæla með, því ég get ekki lofað þessu, en ég mun afla mér vitneskju um það áður en atkvgr. fer fram hér í hv. d. um brtt. mínar, hvort tilmæli mín um að greiða fyrir frv. verði tekin til greina af flokksbræðrum mínum í hv. Ed. Ég get vel skilið það, að hv. flm. þessa frv. vilji ekki eiga það á hættu, að frv. dagi uppi fyrir það, að brtt. mínar yrðu samþ.

**Forseti (JörB)**: Mér hafa borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. G.-K., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 926].

Þar sem brtt. eru skrifl. og jafnframt of seint fram bornar, mun ég leita atkv. um, hvort þær megi taka til meðferðar á þessum fundi.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég sé ekki minnstu ástæðu til þess að breyta þessu frv. í þeim tilgangi að þvo hv. 2. þm. Reykv. af áburði hv. 8. landsk. (**JakM**: Það er ekki hægt. — **SK**: Það er ekki til svo mikil sápa). Það er kannske ekki til nóg sápa, ef ætti að þvo þennan hv. þm. Annars skal ég taka það fram, að ég er alveg á sama máli og hv. þm. G.-K. um þau atriði, er brtt. hans fjalla um, en ég fæ ekki séð, að það fyrirkomulag, sem við erum sammála um, verði betur tryggt með brtt. hans en gert er með frv., þar sem sagt er, að veita eigi sérleyfin að öðru jöfnu þeim mönnum, er stundað hafa fólksflutninga, og ég sé ekki, að bætt verði um það orðalag. Þess vegna finn ég ekki ástæðu til að samþ. brtt. hv. þm. G.-K., enda þótt ég sé samþykkur efni þeirra.

Út af ræðu hv. 8. landsk. mætti vafalaust margt segja, og get ég ekki látið hjá líða að benda á nokkur glögg einkenni á ræðu hans. Seinni hluti ræðu hans snerist um það, hve eftirtektarverður og athugaverður væri áhugi hv. 2. þm. Reykv. fyrir þessu máli. „Hvernig stendur á þessum mikla áhuga?“ sagði hv. þm. „Ekki á hv. 2. þm. Reykv. að úthluta sérleyfunum, og samt hefir hann þennan mikla áhuga. Ekki getur sá mikli áhugi stafað af öðru en eiginhagsmunum.“ — Og hv. þm. kemst að þeirri niðurstöðu, að 2. þm. Reykv. ætli að hagnast á benzinsölu til sérleyfishafa. Þarna kemur skýringin á þessum mikla áhuga, segir hv. 8. landsk. Þessi hv. þm. getur ekki hugsað sér, að nokkur hafi áhuga og berjist fyrir máli á Alþingi nema hann hafi af því einhverja hagsmuni sjálfur. Það má segja um þennan hv. þm., að „margur heldur mann af sér.“ Annars linaðist hann nú heldur í lok ræðunnar. Ég fullyrði ekkert, sagði hann, en þessar sögur ganga um bæinn, og þær eru taldar sannar. „Ólyginn sagði mér“, ekki hefi ég búið þær til. Það er samskonar sagnfræði og hjá hinni gömlu heiðurskonu á Leiti. — Hv. þm. spurði að því, hvort búið væri að veita sérleyfi. Ég get svarað því hispurslaust neitandi. Frv. er ekki samþ. enn, og þó það verði samþ., þá mun það dragast, að sérleyfi verði veitt. Ég býst við, að gefinn verði langur umsóknarfrestur. Það er því langt frá því, að ég hafi gefið nokkrum manni eða félagi sérleyfi. Aðeins einn maður hefir talað utan að því við mig að fá sérleyfi til fólksflutninga. Það er Steindór Einarsson.

Þá spyr hv. þm. að því, sem ég get ekki svarað, hvar þessir menn, sem hann talar um, hafi þá fengið loforð fyrir sérleyfi. (**GÞ**: Frá hv. 2. þm. Reykv.). Hv. 2. þm. Reykv. svarar fyrir sig, en ég get fullvissað hv. 8. landsk. um það, að hv. 2. þm. Reykv. hefir engum veitt sérleyfi, af eðlilegum ástæðum. En þá kom þessi merkilega spurning, er hv. þm. fór að slá enn meira af: Hvernig stendur þá á því, að þessir menn halda því fram, að þeir hafi fengið loforð fyrir sérleyfi, ef hv. 2. þm. Reykv. hefir ekki gefið þau? — Undanhaldið í ræðu þessa hv. þm. er ákaflega broslegt. Hann finnur það svo vel sjálfur, að hann undrast það í lok ræðu sinnar, að hv. 2. þm. Reykv. skuli verða vondur yfir því, að á hann eru bornar ærumeiðandi sakir. Hér ber

allt að sama brunni fyrir þessum hv. þm. „Margur heldur mann af sér.“ Ég sé ástæðu til þess að óska eftir því, að hv. 8. landsk. endurtaki ummæli sín utan þings, svo hægt sé að sjá, hversu hann trúir á sannleiksgildi þeirra. Ef hann gerir það ekki, er hann sá eini af hv. þm., sem leyfir sér þá ósvinnu að dylgja um sakir á einstaka þingbræður, sem hann svo ekki getur staðið við er til kemur.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég vil taka undir það með hæstv. atvmrh., að engin þörf er á að samþ. brtt. hv. þm. G.-K. í þeim tilgangi að hreinsa mig af áburði hv. 8. landsk., og finnst mér það satt að segja nokkuð einkennileg aðferð til þess að hnekkja meiðandi ummælum um ákveðinn mann, að fara að breyta lögum í þeim tilgangi. Ummæli þessara hv. þm. í minn garð í sambandi við þetta mál mun ég hinsvegar láta mér í léttu rúmi liggja að öðru leyti en því, að ég mun stefna þeim til ábyrgðar fyrir þau, ef þeir gefa mér færi til þess með því að endurtaka þau utan þings. Hinsvegar er ég samþykkur hæstv. atvmrh. um það, að skipulagið sé bezt eins og það er í frv. óbreyttu, og ég hefi leyft mér að fylgja þessu frv. fast fram hér í þinginu, eins og ég geri um öll þau mál, er ég álít, að horfi til bóta. Ég býst við, að hv. þm. kannist við, að þetta er rétt. Eftir hugsunarhætti hv. 8. landsk. ætti hver ákveðinn flokksmaður að vera kominn á þing og starfa þar aðeins vegna ákveðinna eiginhagsmuna. Við jafnaðarmenn lítum ekki svo á, og skilur þar með okkur og hv. 8. landsk. En út af dylgjum hv. þm. í minn garð vil ég aðeins benda á það, að hann lætur hvergi vilja koma nærri hinum ómerkilegu sögum sjálfur. Ég er ekki að segja þetta sjálfur, segir hann, „en ólyginn sagði mér“, og ég segi þetta bara í þinghelginni. Hvað ætli þessi hv. þm. segði, ef ég færi að tala um það, að hann sem málaflm. hefði átt í fjárhættuspili og grætt á opinberum gjaldþrotamálum, eða ef ég talaði um hv. þm. í sambandi við fjárdrátt og segði síðan: Ég staðhæfi þetta aðeins í þinghelginni, en til þess að hreinsa hv. 8. landsk. af þessum orðrómi verður Sjálfstfl. að samþ. brtt. við eitthvert ákvæði frv., sem ég tilnefni. En þetta ætla ég ekki að gera. (**JakM**: Og gerir það þó samt). Það kann að vera, að þessir hv. þm. séu í ákveðnum flokki í þeim eina tilgangi að verja sína eigin hagsmuni, en jafnaðarmenn líta svo á, að allt annað eigi að vera markmið þingmanna.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég verð að segja, að það er dálítið skoplegt að heyra hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Reykv. fyllast heilagri vandlætingu yfir því að heyra hv. 2. þm. Reykv. bendlaðan við að blanda saman stjórnmálum og eigin hagsmunamálum. Það er vitað, að þessi hv. þm. hefir einu sinni fengið breytt skattalögum til hagsbóta fyrir sjálfan sig. Ég skal gera nánari grein fyrir þessu. Það er kunnugt, að tekjuskattslögin voru þannig, að það gilti önnur regla um skatt hlutafélaga heldur en um skatt einstaklinga. Reglurnar um skatt hlutafélaga voru þannig, að þau hlutafélög, sem höfðu lítið hlutafé samanborið við arð, greiddu nokkuð háan skatt, og það virðist vera réttlátt, að þau félög, sem litlu fé hætta, en gefa mikinn ágóða, borgi tiltölulega hærri skatt heldur en þau félög, sem hætta tiltölulega miklu fé, en gefa lítinn ágóða. Nú hefir þessu verið breytt þannig, að hlutafélög eru látin greiða sama skatt og einstaklingar, þ. e. a. s. miðað við tekjuhæðina eina saman.

Ennfremur er það vitað, að það eina félag, sem hefir hagnað af þessu, sem um munar, er það félag, sem hv. 2. þm. Reykv. veitir forstöðu og á mikinn hluta hlutafjárins í. Svo fyllast þessir hv. valdamenn þingsins heilagri vandlætingu yfir því, að þessi maður skuli vera bendlaður við að fara eftir sínum eigin hagsmunum í sínum stjórnmálaafskiptum, þar sem það er sannanlegt með meðferð mála hér á þinginu sjálfu. Þessu getur enginn hv. þm. neitað, og ekki einu sinni þessi hv. þm. heldur. Þetta skal ég endurtaka utan þinghelginnar með mestu ánægju. Annars er það dálítið skoplegt, þegar hæstv. ráðh. er að hafa í hótunum og ógna mönnum til þess að endurtaka utan þings það, sem honum finnst meiðandi fyrir sína flokksmenn. Hæstv. forsrh. hefir orðið fyrir ásökunum utan þings, og þeim svo þungum, að hann hefir fundið sig knúðan til þess að lýsa því yfir í blöðum, að hann ætlaði að setja rögg á sig og láta sökudólgana sæta ábyrgð fyrir þá ósvífni að bera hann slíkum sökum. (**Forsrh.**: Hvaða ásakanir voru það?). Þessi hæstv. forsrh. lýsti því yfir í blöðum, að hann ætlaði að höfða mál gegn tveimur nafngreindum blöðum í bænum, Morgunblaðinu og Vísi, út af ummælum, sem þau höfðu um hann. Bæði þessi blöð gerðu hæstv. forsrh., þáverandi lögreglustjóra hér í Reykjavík, þann greiða að endurtaka og undirstrika öll þau ummæli, sem þau höfðu um hann haft, en hann hefir ekki farið í mál enn þá. (**Forsrh.**: Hvaða ummæli voru það?). Það voru ummæli í sambandi við 9. nóv. 1932. Ég veit, að hæstv. ráðh. man vel eftir þessum ummælum, en málið er ekki höfðað enn þá. Og ef ég man rétt, hefir verið sagt fullum fetum í blöðum hæstv. atvmrh., að hann hafi tekið þátt í viðskiptum fyrir nafngreint fyrirtæki, sem hann veitti forstöðu, Kaupfélag Reykvíkinga, sem menn kalla okur. Það er að segja, að kaupfélagið keypti skuldabréf með svo miklum afföllum, að það var af almenningsálitinu kallað okur, og að hann í sambandi við hv. 2. þm. Reykv. og fleiri mikils metna menn innan þessara tveggja flokka, sem nú fara með völdin, svindlaði með þessi bréf í sambandi við varasjóð landsverzlunarinnar. Þetta hefir verið sagt fullum fetum utan þinghelginnar í blöðum, og hæstv. atvmrh. hefir ekki höfðað mál út af þessu né heldur neinn þeirra manna, sem við þetta mál eru bendlaðir. En nú eru bornar sakir á hv. 2. þm. Reykv., slíkar, sem menn finna mörg dæmi til utan þings og innan, og þá fyllist þessi göfuga(!) persóna heilagri vandlætingu og skorar á menn að endurtaka þær utan þings, svo að hann geti farið í mál út af þeim. En ég sé ekki mikla ástæðu til þess að fara að óskum þeirra um að endurtaka þetta. Ég geri auðvitað

ráð fyrir, að það mundi vera óhætt, af því að þegar til kæmi að fara í mál, mundu viðkomandi menn ekki þora það, eins og t. d. hæstv. forsrh., sem ekki þorði að fara í mál, sem hann þó var búinn að lýsa hátíðlega yfir, að hann ætlaði að gera. Ég er nokkurnveginn sannfærður um, að þeir þyrðu það ekki þegar til kæmi, þó að þeir sannarlega hefðu nóg tækifæri til þess að veita málaflutningsmönnum hér í bænum, bæði hv. 8. landsk. og öðrum, atvinnu við þennan málaflutning. Ég veit, að hv. 1. landsk. stóð næstur að fá atvinnu, þegar hæstv. forsrh. ætlaði að fara í mál. Ég minnist þess að hafa heyrt á samtal þeirra um hvað málatilbúningnum liði, og hv. 1. landsk. sagði, að hann væri nokkuð umfangsmikill og þyrfti töluverðan tíma til undirbúnings. Ég geri því ráð fyrir, að ef til hefði komið, hefði þessi hv. málaflm. haft góða atvinnu við að flytja málið, því að ég er ekki í neinum vafa um, að hæstv. forsrh. hefði borgað honum vel fyrir hans vinnu í málinu, því að ég geri ekki ráð fyrir, að þeir, sem málið var höfðað á móti, hefðu þurft að borga mikið. (**Forseti**: Ég vil minna hv. 3. þm. Reykv. á, að til umr. er mál um fólksflutninga með bifreiðum). Ég er að svara hæstv. ráðh., sem talaði um þetta mál. (**Forsrh.**: Ég hefi aldrei um það talað. Ummæli hæstv. ráðh. hafa gefið mér fullt tilefni til þess, er ég hefi hér sagt.

Ég hefi líka ýmislegt að segja um þetta mál sjálft. Fyrst og fremst út af þeim brtt., sem fyrir liggja. Hæstv. atvmrh. sagði nú, að það gæti ekki komið til mála að samþ. þær, og ég, eins og hv. þdm. heyrðu, var að krefja hann sagna um, hvers vegna það væri, og ég verð nú að segja, að þótt flokksbróðir minn, form. flokksins, hv. þm. G.-K., sæi ástæðu til þess að koma til móts við hæstv. ráðh. út af þessari aths. hæstv. ráðh., þá sé ég ekki ástæðu til þess, vegna þess að það, sem hann hafði fram að færa, var ekkert annað en þýðingarlaus viðbára. Það var augljóst af svari hæstv. ráðh., að hann vildi bara ekki láta breyta þessu. Hæstv. ráðh. sagðist hafa gefið yfirlýsingu um það í hv. Ed., að hann mundi sem ráðh. haga sér samkv. tilgangi hv. 8. landsk. með sinni brtt., og ég skal viðurkenna, að ég efast ekki um, að hæstv. ráðh. muni telja sér skylt að haga sér samkv. þeirri yfirlýsingu. En hann gætir þess ekki, að hann á ekki víst að verða ráðh. að eilífu, og þó að hann ætti að verða ráðh., standa lögin a. m. k. þangað til þeim verður breytt, og ef galli er á lögunum í upphafi, er réttara að gera þau þannig úr garði, að þeir gallar komi ekki til greina, jafnvel þótt ekki þurfi að gera ráð fyrir því í ráðherratíð þessa hæstv. ráðh. Þó að hann lýsti yfir að framkvæma lögin samkv. till. hv. 8. landsk., á hann ekki víst, að sá, sem við tekur af honum, geri það sama. Við skulum segja, að það yrði innanflokks „revolution“ og í staðinn fyrir hv. þm. Seyðf. kæmi samþm. minn, hv. 2. þm. Reykv., og þá kynnu að vakna nokkrar efasemdir um, að sá væntanlegur eða hugsanlegur ráðh. teldi sér skylt í einu og öllu að fara eftir yfirlýsingum, sem fyrirrennari hans kynni að hafa gefið. Þess vegna er engin trygging í þessari yfirlýsingu hæstv. atvmrh., nema meðan hann situr í ráðherraembætti. En ástæður þær, sem hæstv. ráðh. færði á móti því, að hægt væri að setja slíkt ákvæði, voru þær, að það kynni að fara svo, að það yrðu þá of margir vagnar í gangi á ákveðinni leið. En það liggur í hlutarins eðli, að það er hægt að veita sérleyfi fyrir ákveðna tölu vagna, og vitanlega verður það gert, svo að það er enginn óviðráðanlegur hlutur að sjá við því, enda efast ég ekki um, að hæstv. ráðh. mundi takast að sjá við þeim örðugleika. Við verðum að gæta þess, að þessi lagasetning nær ekki til nema hinna stærri fólksflutningavagna, en þessir stóru vagnar eru vitanlega ekki í ferðum nema á fáum leiðum, og á einni langleiðinni er það vitanlegt, að aðeins tvær bifreiðastöðvar hafa haft þessa stóru vagna í ferðum. Og það er víst, að á þeirri langleið, leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar, er hægt að veita tveimur bifreiðastöðvum sérleyfi fyrir einn eða fleiri vagna hvorri. Það er ekki endilega skylda, þó að þessi brtt. hv. 8. landsk. verði samþ., að veita sérleyfi fyrir alla vagna, sem þessar tvær bifreiðastöðvar kunna að hafa haft í förum. Þess vegna er hér ekki um neina hindrun að ræða, eins og hæstv. ráðh. lét í veðri vaka, og er því ekkert því til fyrirstöðu að samþ. brtt. hv. 8. landsk. En ég skil, að þar sem málið er til einnar umr. í þessari hv. d. og svo stendur á, að ef frv. verður breytt, verður það að ganga til hinnar deildarinnar, þá sé hæstv. ráðh. og öðrum fylgismönnum málsins nauðugt að breyta frv. nokkuð. En hitt er mér svo óskiljanlegt, hvers vegna hæstv. ráðh. beygir sig undir, ja, ég vil ekki segja svipu hv. 2. þm. Reykv.; þó að ég að vísu hafi heyrt orðróm um það, get ég ekki sannað, að hann hafi beint verið með svipu, en það get ég fullyrt, að hv. 2. þm. Reykv. lagði mikið kapp á, að þessi brtt. yrði ekki samþ. í hv. Ed., og hæstv. ráðh. lagðist líka á móti því, og til þess að koma í veg fyrir, að hún yrði samþ., gaf hann þessa merkilegu yfirlýsingu, sem er að vísu góðra gjalda verð. En ég læt mér ekki skiljast, að það sé nokkur ástæða málsins sjálfs vegna að leggja svona mikið kapp á, að þessu yrði ekki breytt í hv. Ed., og ég leyfi mér að segja, að ég verð að leita að einhverjum öðrum ástæðum fyrir því, að svo mikið kapp hefir verið lagt á að hindra, að þessi brtt. yrði samþ. í hv. Ed., en vegna málefnisins sjálfs.

Ég þykist nú hafa fært sönnur á, að af samþ. brtt. þurfi ekki að leiða nein vandkvæði. Ég nefndi að vísu eina langleið, þar sem þessir stóru vagnar eru í förum. Ég veit, að það kunna að vera stórir vagnar í förum á öðrum leiðum, en ég þori að fullyrða, að í flestum tilfellum standi svo á, að það sé aðeins ein stöð, sem starfrækir þær ferðir, svo að engin vandkvæði þarf af því að leiða. Yfirleitt eru það ekki nema tilbúnar ástæður, sem hæstv. ráðh. hefir fært á móti þessu, en hvers vegna hann seilist svo langt til raka, get ég ekki skilið á annan veg en þann, að hann hafi látið undan áköfum óskum um, að þessu ákvæði yrði ekki breytt. Það er einnig annað ákvæði í frv., sem ég hefi dálítið furðað mig á, hvað mikið kapp hefir verið lagt á, að ekki yrði breytt. Það er ákvæði 6. gr.

frv. Mér er það óskiljanlegt, hvers vegna á að koma því fyrirkomulagi á, að þar, sem svo stendur á, að fleiri en ein bifreiðastöð hafa ferðir á sömu leið, skuli jafna tekjunum á milli þeirra stöðva, ef þær eru misjafnar. Það getur vitaskuld komið fyrir, og er þekkt úr starfrækslu þessara ferða, að bifreiðastjórarnir eru misjafnlega vinsælir hjá almenningi. Sumir bifreiðastjórar draga svo að segja að sér meginþorra þeirra manna, sem þurfa að nota þessar ferðir. En þeir eiga ekki að njóta þessara kosta sinna, heldur bæta þeim upp, sem starfrækja þessar ferðir jafnhliða þeim, og láta af hendi til þeirra nokkurn hluta af tekjum sínum. En hvers vegna eiga þeir að gera þetta? Ég get ekki gert mér grein fyrir neinni annari ástæðu en að það eigi að tryggja þeim bifreiðastjórum viðskiptamenn, sem minna eru sóttir og minni tekjur hafa. En þá komum við aftur að benzíninu. Mér finnst benzínið ganga eins og rauður þráður í gegnum allt þetta, og á bak við benzínið sé ég engan annan en hv. 2. þm. Reykv. Ég skal endurtaka þetta utan þinghelginnar með mestu ánægju.

Svo bætist við alla þá galla, sem eru á frv., að það er þannig byggt upp, að það er engin ástæða til að ætla, að það geti orðið að nokkru gagni, og það er af því, að það nær ekki til allra bifreiða. Því er ekki ætlað að ná til annara bifreiða en þeirra, sem hafa rúm fyrir fleiri en 6 farþega. En eins og menn vita, eru margar bifreiðar, sem ekki rúma nema 6 farþega, starfræktar á öllum vegum landsins, og má gera ráð fyrir, að það verði engu síður eftirleiðis en undanfarið, og einmitt miklu fremur vegna þessa skipulags, sem hér er gert ráð fyrir. Má þá búast við, að þeir, sem eiga smábifreiðar, hugsi sér til hreyfings og reyni að komast upp á milli, og geti þannig gersamlega ónýtt það starf, sem hér er verið að vinna að.

Svo að það er — auk þess að í minum augum er tilgangur frv. mjög blandaður — ekki sjáanlegt, að þeim góða tilgangi, sem gefinn er upp í sambandi við frv., geti orðið náð, vegna þess, að lagasmíðin er ófullkomin, eins og vænta mátti, þegar vitað er, hvaðan skepnan er komin, því að ég veit ekki til þess, að frá þessari dæmalausu nefnd, sem kölluð er Rauðka, hafi komið nokkurt frv. fyrir þingið, sem hefir verið gengið skammlaust frá.

Í þessu sambandi vil ég aðeins víkja örlítið að öðru máli, sem mun hafa verið afgr. frá hv. Ed. í dag sem lög frá Alþingi, en það er frv. um heimild handa ríkisstj. til þess að taka einkasölu á bifreiðum o. fl. Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir því, í hvaða vanda hún getur komizt út af því máli. Það hafa nýlega verið birtir viðskiptasamningar milli Spánverja og Íslendinga, þar sem samið er um, að Íslendingar kaupi 80% af öllu víni, sem flutt er til landsins, á Spáni. Nú er það kunnugt, að Íslendingar reka mikil viðskipti við fleiri þjóðir en Spánverja, sem framleiða vín, og það er ómögulegt annað en að hafa áhyggjur út af því, hvernig ætti að fara að, ef t. d. önnur vínframleiðsluþjóð gerði sömu kröfur um að við keyptum 80% af öllum vininnflutningi okkar af henni. En þetta mál kemur ekki beinlínis við því máli, sem hér er um að ræða, og skal ég viðurkenna það við hæstv. forseta, að ég met það við hann, að hann hefir ekki tekið fram í fyrir mér, en þó er það þannig lagað, að þetta mál er nokkuð skylt bifreiðaeinkasölunni. Nú virðist hæstv. ríkisstj. ætla sér að taka einkasölu á bifreiðum. Nú eru búnar til bifreiðar á Spáni, þ. e. a. s. að það eru settar þar saman tvær lökustu tegundirnar, sem hér eru notaðar, eftir því sem mér er sagt. Í þeim samningum, er ég áðan minntist á, er kveðið svo á, að þegar tekin verði einkasala á víni, skuli 80% af því verða keypt á Spáni. Við skulum segja, að Spánverjar frétti, að komin sé á bifreiðaeinkasala, og afleiðingin verður sú, að þeir gera þá kröfu, að við kaupum 80% af öllum þeim bifreiðum, sem við flytjum inn, hjá þeim. Og jafnvel þó að svo yrði ekki, þá er í þessu frv. svo ákveðið, að ríkisstj. geti ráðið gerð þeirra bifreiða, sem notaðar eru á þeim ferðum, sem á að skipuleggja með þessari lagasetningu. Mér virðist, að það geti farið svo, að ríkisstj. komist í það öngþveiti í sambandi við þessi mál, bæði bifreiðaeinkasöluna og skipulagningu fólksflutninganna, að hún verði neydd til þess að vernda lökustu bifreiðategundirnar, sem hægt er að fá, og þá verður ekki um að ræða mikið gagn af þessari skipulagningu. Ég hygg, að það hefði verið skynsamlegra að fara með nokkuð meiri gætni í þessu máli og fleirum heldur en gert hefir verið. Ég held, að hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn hafi ekki allskostar kunnað fótum sínum forráð, þegar þeir voru að undirbúa frv. undir þetta þing, og ekki athugað út í æsar allar þær afleiðingar, sem þau mundu hafa í för með sér, þegar kæmi til að framkvæma þau.

Ég held, að ekki væri mikill skaði skeður, þótt breyting yrði gerð á þessu frv., og að afleiðingin yrði sú, að það dagaði uppi að þessu sinni. Það er ekki hundrað í hættunni hvað almenningsheill snertir, þó að þessi skipulagning tefjist til næsta þings, sérstaklega ef það verður haldið fyrri hluta næsta árs. Ég er þess fullviss, að heill almennings líður ekkert við það, en hitt kann að vera, að heill Olíuverzlunar Íslands eða hv. 2. þm. Reykv. liði við það. Ég fullyrði ekkert um það, en það er bezt, að það komi fram, ef það er það, sem ræður því, að þessi lög eru endilega knúð fram á þessu þingi. Ég hika því ekki við að greiða atkv. með brtt., sem fram hafa komið, en mun greiða atkv. á móti frv.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég vil benda á í þessu sambandi, að ef brtt. hv. þm. G.-K. yrði samþ., fengi atvmrh. meira vald til að ákveða, hverjir fá sérleyfi til áætlunarferða samkv. frv., heldur en hann hefir eftir frv. eins og það er nú. Það er sagt í brtt., að atvmrh. skuli láta þá, sem ferðirnar hafa haft áður, hafa þær áfram, eftir því sem henta þykir, þ. e. a. s. eftir því, sem ráðh. þykir henta. (ÓTh: Vill ekki hæstv. forsrh. lesa till. áfram?). Það er sama, þó till. sé lesin áfram. Þar segir, að þeir, sem útundan verða um sérleyfi á leiðum, sem þeir

hafa haft ferðir um, skuli sitja fyrir ferðum annarsstaðar, eftir því sem hægt er. Auðvitað sker ráðh. úr, hvað hægt er í því efni. Eins og frv. er nú, er ráðh. skyldur til að láta þá, sem haldið hafa uppi föstum ferðum á ákveðnum leiðum, „ganga fyrir að öðru jöfnu“ við veitingu sérleyfis á sömu leiðum. Ráðh. er þannig bundnari eftir frvgr. óbreyttri heldur en ef brtt. er samþ.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist á ummæli um mig, sem ég hefði hætt við að höfða mál út af. Mun hann þar eiga við það, að hann sagði um mig í blaði eftir atburðina 9. nóv., að ég hefði verið í samráði við kommúnista. Ég vil láta það sjást, hvaða ummæli það voru, sem ég sá ekki ástæðu til að fara í mál út af. Að öðru leyti þarf ég ekki að svara hv. þm. Ég get aðeins sagt honum frá því, að ég athugaði einusinni, hvað mörg meiðyrðamál ég hefði getað farið í á einu ári, og það voru eitthvað 78 svívirðingar um mig, sem ég hefði getað fengið andstæðingana dæmda fyrir. En ég hefi aldrei á æfi minni farið í meiðyrðamál, og mun ekki gera það fyrst um sinn. Þeir, sem vilja trúa illu um mig, mega það fyrir mér, ég læt mig það engu skipta.

Út af ummælum hér í d., sem beðið hefir verið að endurtaka utan þings, vil ég benda hv. 3. þm. Reykv. á, að hann ætti ekki að vera að rifja upp slíkt. Mér eru minnisstæð ummæli, sem ég heyrði hér í d. þegar ég var í skóla. Jón heitinn Magnússon var að tala og minntist á „saurblaðið Vísi“. Núv. hv. 3. þm. Reykv. stökk þá upp og heimtaði, að hann fengi að höfða mál á hendur honum fyrir þau ummæli. Jón gekkst fyrir því, að málshöfðun var leyfð, en hv. 3. þm. Reykv. höfðaði málið aldrei, af hvaða ástæðum sem það hefir nú verið.

Ég vil biðja hv. 3. þm. Reykv. að skipta sér ekkert af því, hvenær ég höfða meiðyrðamál og hvenær ekki; ég býst við, að hver sé sjálfráður í því efni. Og honum er óhætt að láta Vísi halda áfram þess vegna, að ég mun ekki taka hátíðlega það, sem þar er sagt.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var það, að ég þurfti að svara hæstv. forsrh. nokkrum orðum. Ég vona, að hann sé hér nærstaddur, svo að ég sé ekki ástæðu til að fresta því.

Hann reyndi að bera það af sér, að hann hefði hikað við að fara í mál við blöðin. Hann sagðist ekki hafa séð ástæðu til þess. En hví sá hann þá ástæðu til að láta sín blöð flytja þau ósannindi, að hann ætlaði að höfða mál, og hví leiðrétti hann þetta ekki a. m. k., ef þau ummæli voru ekki með hans vilja birt? En í desember 1932 lét hann einmitt Tímann flytja þann boðskap, að hann hefði gert ráðstafanir til málshöfðunar gegn þessum blöðum fyrir þær sakir, er þau höfðu á hann borið. Ef ég hefði viljað vera að þæfa hér í þingsalnum, hefði ég getað náð í þessi blöð og lesið upp úr þeim, en ég kæri mig ekki um það, enda mun flestum, sem á hafa hlustað, vera kunnugt, hverjar þær sakir voru.

Hæstv. ráðh. hvað það höfuðásökunina, að hann hefði verið í samsæri við kommúnista. Ég held, að það hafi ekki staðið í neinu blaði. En það þarf ekki miklu að breyta til þess að rétt verði. Það var staðhæft, að hann hefði verið í vitorði með sósialistum um það að gera aðför að bæjarstjórn Reykjavíkur, til þess að kúga hana með ofbeldi til að breyta þeim samþykktum, er hún hafði gert. Og það var full ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh. að fara í mál út af þessum ásökunum. Það hefði átt að fyrirskipa honum að fara í mál. En með því að láta í veðri vaka, að hann ætlaði í mál, kom hann sér undan þeirri fyrirskipun. Hann sagðist ekki hafa séð ástæðu til að höfða mál. Ef svo er, þá er hann undarlega gerður. Sem lögreglustjóri hefir hann, ef hann hefði reynzt sannur að sök, brugðizt skyldu sinni svo geypilega, að hann hefði ekki átt að sitja í embætti stundinni lengur.

Hæstv. ráðh. minntist á, að ég hefði á sínum tíma fengið samþykkt Alþingis fyrir því, að ég mætti höfða mál á hendur Jóni Magnússyni fyrir hönd blaðsins Vísis, vegna þeirra ummæla hans, að það væri saurblað. Ég held, að hann skilji ekki, að eftir að Jón Magnússon hafði beitt sér fyrir því, að slíkt leyfi yrði veitt, fannst mér ég ekki geta höfðað málið. Ég veit, að mér er ekki til neins að reyna að koma honum í skilning um þetta, ef hann skilur það ekki af sjálfsdáðum. Ef hv. 8. landsk. beitti sér fyrir því, að hv. 2. þm. Reykv. fengi að höfða mál á hendur honum fyrir ummæli, er hann hefir um hann haft, þá býst ég ekki við, að hv. 2. þm. Reykv. myndi gera það, ef ég dæmi út frá sjálfum mér. Ef ráðh. skilur þetta ekki án útskýringar, þá treysti ég mér ekki til að gera honum það skiljanlegt. En okkar skapferli er svo ólíkt, að það, sem mér finnst eðlilegt, kann honum að finnast óeðlilegt. (**Forsrh.**: Vandræðaleg vörn!). Ég get skilið, að þeir, sem eiga engan drengskap eða sómatilfinningu, eigi erfitt með að grípa þessi rök. (**Forseti** hringir). Ég hefi ekki sagt, að hæstv. ráðh. ætti ekki til sómatilfinningu eða drengskap, heldur ekki, að hann skilji ekki afstöðu mína. Hann lætur víst ekki skilja hana. Veit ég, að hæstv. forseti vítir ekki þessi ummæli mín.

Hæstv. forsrh. sagðist aldrei hafa farið í meiðyrðamál. Ég man það nú ekki fyrir víst. En hitt veit ég, að hann hefir haft tilefni og tækifæri til þess, og er eðlilegt, að það rifjist upp fyrir manni í sambandi við þessar umr. hér.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég ætla ekki að gera hv. 3. þm. Reykv. það til geðs að lengja umr. út af þessum glósum hans. Ég vil aðeins undirstrika, hvílík neyðarvörn kom fram í ræðu hv. þm. Hann stendur hér upp með miklum rosta og finnur að viðkvæmni, sem komið hefði fram hjá mér og eins hv. 2. þm. Reykv. og hæstv. atvmrh., af því að þeir hafi heimtað að fá að höfða mál út af ummælum, sem látin voru falla hér í þinginu. Hann kallaði þetta hlægilegt. En ég benti honum á, að hann hefði sjálfur sýnt sömu viðkvæmnina, þegar Jón Magnússon kallaði blað hans Vísi saurblað. Nú reynir hann að breiða yfir það með því að segja, að honum hafi ekki þótt viðeigandi að fara í mál, eftir að Jón Magnússon

hafði beitt sér fyrir, að honum yrði leyft það. Jón Magnússon kvaðst mundu standa við ummæli sín og það þingdm. um leyfi til, að hv. þm. mætti höfða málið. Hefði það enginn ódrengskapur verið að koma þannig á móti honum frammi fyrir dómstólunum. Það væri heldur enginn ódrengskapur af hv. 2. þm. Reykv. að nota sér þennan rétt, ef hv. 8. landsk. byði honum það sama. Svona neyðarvörn er þýðingarlaus. Þetta mál hv. þm. vakti sérstaka athygli hér í bæ á sínum tíma. Ég man t. d. hvílíka eftirtekt það vakti í háskólanum. Kemur það honum að sjálfsögðu illa, að það sé nú rifjað upp, að hann þorði ekki að höfða málið.

Ég hefi ekki sýnt hér neina viðkvæmni og ekki heldur sakað aðra um slíkt. Það er hv. þm. sjálfur, sem mesta viðkvæmni hefir sýnt, þegar líkt stóð á.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Það er til of mikils ætlazt að gera ráð fyrir, að hæstv. forsrh. skilji, að ég undraðist viðkvæmni hv. 2. þm. Reykv. og hæstv. atvmrh. með tilliti til þess, hvernig þeir höfðu um búið, þegar hv. 2. þm. Reykv. var sakaður um að blanda stjórnmálum inn í eiginhagsmuni sína. Ég benti á, hvernig hann hefði einmitt gert þetta. Ég benti á ásakanir, sem þessir tveir hv. þm. hefðu orðið fyrir á öðrum vettvangi án þess að sýna slíka viðkvæmni, og ég bætti hæstv. forsrh. í hópinn. Þeir voru þá ekki eins viðkvæmir fyrir sínum góða málstað og mannorði. Ef þeir væru alveg flekklausir, ef ekki væri hægt að sýna fram á, að þeir hefðu misbeitt stöðum sínum, þá væri ekki að undrast, þótt þeir væru nú viðkvæmir. En að menn með þeirra dagfari skuli vera svona hvimpnir, það undrar mig.

Um afstöðu mína til málssóknarinnar, eftir að Jón Magnússon var búinn að þvinga það fram, að flokksmenn hans greiddu atkv. með heimild til málshöfðunar, þó að ég væri þá búinn að taka það fram, að ég myndi ekki fara í mál — um það hefi ég þegar sagt, að ég geri mér enga von um, að hæstv. forsrh. geti skilið það. Hann talaði um háskólann. Hann hefir víst verið þar þá. Hefir hann líklega ekki skilið þetta mál betur þá en nú. Hann var á sínum háskóladögum þekktastur sem íþróttamaður. Honum óaði ekki við því að beita hvers kyns brögðum í sinni íþrótt og kveinkaði sér ekki við því að níðast á þeim, sem minni máttar voru. Gæti ég sagt af því ýmsar sögur, ekki aðeins úr sögu hans sem íþróttamanns, heldur líka sem lögreglustj. (**Forsrh.**: Vill ekki hv. þm. segja frá því?). Ég skal gera það, fyrst hæstv. ráðh. óskar þess.

Þegar hann var lögreglustjóri, átti hann sæti í fátækran. Rvíkur. Eftir fund varð hann samferða manni niður stigann frá bæjarskrifstofunum, og áttu þeir orðakast á leiðinni. Reyndi hann þá að hrinda manninum niður stigann. Síðan fóru þeir upp á skrifstofu lögreglustjóra, og þar tók þáv. lögreglustjóri utan um kverkarnar á manninum og barði höfði hans við vegginn. (**Forsrh.**: Ég vil biðja hv. þm. að nefna þennan mann). Viðkomandi maður hefir ekki beðið mig þess, og því nefni ég engin nöfn. Aftur hefir hæstv. ráðh. skorað á mig að segja þessa sögu. Og hann veit, að þetta er satt. (**Forsrh.**: Það er haugalygi). Hæstv. ráðh. gat ekki sagt, að það væri lygi, sem ég sagði áðan, að hann hefði lýst yfir því, að hann ætlaði í mál við dagblöðin, en hann hefði vafalaust sagt það, ef hann hefði getað.

Hæstv. ráðh. talaði um, að ég hefði áðan verið með glósur í hans garð. Hvaða glósur? Hafi ég verið með glósur til hans, fór ég svo með þær, að það þurfti mikið næmi til að finna þær, ef þær hefðu ekki átt við rök að styðjast.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** [óyfirl.]: Ég geri ráð fyrir, að flestir, sem lesa Alþt., hugsi sem svo, að þarna geti ekki talað maður með öllum mjalla. Hér er verið að ræða um fólksflutninga á landi, og undrar mig, að nokkur þm. skuli geta fengið af sér að flytja slíkar ræður, sem ekki koma málinu hið minnsta við. Vitanlega dettur mér ekki í hug að virða svona orð svars. Ég vil aðeins taka upp orð hv. þm., ef hann skyldi sjálfur strika þau út úr ræðu sinni. Ég á að hafa tekið mann neðan af bæjarskrifstofum, farið með hann upp á mína skrifstofu, tekið um kverkar hans, ætlað að kyrkja hann og barið höfði hans upp við vegg. (**JakM**: Ég sagði ekki, að hæstv. ráðh. hefði ætlað að kyrkja manninn). Ég skora á hv. þm. að nefna nafn þessa manns. Minna er ekki hægt að krefjast af honum, er hann ber fram slíkar slúðursögur og lygasögur, því að öðru nafni get ég ekki kallað þetta. Ég get sagt það hér í d., að ég hefi aldrei, síðan ég fór af unglingsárum, síðustu 10 árin a. m. k., tekið á manni að fyrra bragði. Það hefir verið regla mín. Hitt eru tilhæfulausustu ósannindi. Ég hefi ekki notað mér það í íþróttum, þótt ég væri vaskari en sumir aðrir. Ég get játað, að ég hefi e. t. v. stundum verið harðleikinn og óvæginn í íþróttum, en ég hefi ekki síður orðið að sæta því sama, þegar ég hefi átt við menn, sem mér voru stórum knárri.

Ég skora hér með á hv. þm. að koma með nafn þessa manns, sem hann átti við, og skal ég þá samstundis útvega yfirlýsingu hans um, að þetta séu uppspunnin ósannindi, því að ég skil varla, að til sé sá ódrengur hér í bæ, sem hægt væri að fá til að bera hitt.

**Ólafur Thors**: Eftir þær upplýsingar, sem fram eru komnar, þykir mér ráðlegra að deila ekki mjög á hæstv. forsrh., því að það eru harðir veggirnir hérna.

Þegar hæstv. ráðh. segir, að þeir, sem lesa umr. þær, er hér hafa verið fluttar, í Alþt., muni hugsa með sér, að þarna geti ekki talað maður með öllum mjalla, þá þykist ég vita, að hann eigi við, að bændum þyki ekki líklegt, að forsrh. þeirra standi úti á miðju gólfi í þingsalnum og æpi „haugalygi".

Út af aths., sem hér kom fram í tilefni af brtt. minni, vil ég undirstrika orð hæstv. atvmrh., sem kvaðst vera sammála öllu, sem ég hefði sagt um málið, og taldi tilgang minn með brtt. í alla staði réttmætan. Ef brtt. mín skyldi verða felld, vil ég undirstrika, að hæstv. atvmrh. hefir þó gefið yfirlýsingu þess efnis, að hann, sem fer þarna með framkvæmdarvaldið, muni

beita því svo, að ef um ræðir fleiri aðila, sem fara með fólksflutninga, en hann telur rétt að gefa sérleyfi til þess, þá muni hann velja og hafna eftir grundvallarreglu minnar brtt., sem er sú, að þeir njóti forréttindanna, sem lengst hafa stundað þennan atvinnurekstur. Þessi yfirlýsing held ég, að gefið geti sæmilegt öryggi í þessum efnum. Ég segi sæmilegt öryggi. Ekki af því, að ég væni hæstv. ráðh. um, að hann muni bregðast, heldur af því, að það eitt er víst, að hans nýtur ekki við að eilífu. En þegar hann er farinn, standa l. eftir óbreytt. En ég vildi með brtt. minni tryggja, að þá yrði réttur þessara manna ekki fyrir borð borinn. Við viljum báðir réttlæti í þessu efni. Er það því ekki á rökum byggt, þegar sagt er, að mín till. sé ekki til bóta. Hún er til bóta, því að hún tryggir betur en yfirlýsing hæstv. ráðh. það, sem við teljum báðir nauðsynlegt, að tryggt sé.

Hitt er misskilningur hjá hæstv. ráðh., er hann slær því fram að lítt athuguðu máli, að mín till. skerði rétt manna frá því, sem er í frv. Er það af því, að hann hefir aðeins litið á fyrra hluta brtt. minnar. En sú brtt. fer fram á, að þau félög eða einstaklingar, sem lengst hafi haldið uppi ferðum á ákveðnum leiðum, skuli halda þeim áfram. Ég viðurkenni, að ef till. væri ekki lengri, þá væri það rétt hjá hæstv. forsrh., að hún drægi úr réttindum aðila í þessum efnum. En mín till. nær lengra, því hún segir skýrt og ákveðið: „Hafi svo margir aðilar haldið uppi ferðum á ákveðnum leiðum, að ekki þyki hagkvæmt að veita þeim öllum sérleyfi til að halda áfram þeim atvinnurekstri, skal sá eða þeir aðilar ganga fyrir, sem lengst hafa haldið uppi ferðum á þeim leiðum, en hinir ganga fyrir um sérleyfi á nýjum leiðum, eftir því sem hægt er.“ Ég vil biðja hæstv. forsrh. að athuga, að það er ekki á valdi atvmrh. að velja eftir geðþótta, ef mín till. verður samþ. Geðþótta hans er þar stakkur sniðinn, sá stakkur, að þeir aðilar gangi fyrir, sem lengst hafa haldið uppi ferðum á ákveðnum leiðum. Ég viðurkenni, að eftir skýringum hv. 3. þm. Reykv. er fyrir hendi sá möguleiki að samræma þörf almennings og réttlætiskröfur atvinnurekenda, án þess að breyta till. hv. 8. landsk. Sá möguleiki liggur í því, að ef fleiri aðilar eiga hlut að máli en þörf almennings krefur, þá er hægt, ef til vill undir öllum kringumstæðum, að veita þeim sérleyfi, en fækka þá bifreiðum hvers einstaks, en hver og einn verður að uppfylla það skilyrði, að hann hafi haldið fleiri en eina bifreið. Ég er ánægður, ef mín brtt. verður samþ., og ég vona, að hv. 8. landsk. sé það líka. — Ég hefi þá að því er ég held lokið að ræða efnishlið málsins. En út af árásunum á hv. 8. landsk. vegna ummæla hans í garð hv. 2. þm. Reykv., skal ég bæta því við það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að mér finnst sjálfum, að þessar árásir séu að mörgu leyti óréttmætar. Hv. 8. landsk. er ekki sá eini, sem hefir látið þessi ummæli falla, því það eru líka aðrir, og það jafnvel úr öðrum flokki en Sjálfstfl., sem hafa talið rétt að gera hv. 2. þm. Reykv. aðvart um þetta, og það áður en hv. 8. landsk. lét þessi ummæli falla. Hv. 2. þm. Reykv. var sjálfur búinn að heyra þessi ummæli utanþings og veit, að þau eru á margra vörum, og að það er ekki hv. 8. landsk., sem fyrst hefir látið þessi ummæli falla í hans eyru.

Hv. 2. þm. Reykv. var með þau ummæli, að ég bæri fram mína till. til þess að bæta í hans garð vegna ummæla hv. 8. landsk. Ég ber fram mína till. málefnisins vegna, en gef jafnframt hv. 2. þm. Reykv. aðstöðu til þess að hreinsa sig af því ámæli, sem á hann er borið. Því ef hann samþ. till. mína, þá sýnir hann, að hann hefir vilja á því, að l. rúmi ekki möguleika til þess að þeim sé misbeitt til hagsmuna fyrir hann sem benzínsala. Till. er fyrst og fremst flutt málefnisins vegna, eins og ég hefi gert grein fyrir, og til þess að vernda svo sem auðið er rétt atvinnurekenda, sem hafa haft lífsframfæri sitt af því að halda uppi fólksflutningum með bifreiðum hér á landi. En um það, hvort sérstök ástæða er til þess að láta hv. 8. landsk. endurtaka ummæli sín utanþings, til þess að gefa hv. 2. þm. Reykv. aðstöðu til þess að láta hann sæta ábyrgð að l. þeirra vegna, er það að segja, að það gæti tekizt, þó ummælin væru sönn. En með þessu er ég þó ekki að segja, að þau séu sönn, því ég veit ekkert um það, þó að ég hafi heyrt þau víða að. Hér hafa oft í þessari hv. d. fallið ummæli, sem eru meiðandi fyrir einstaka þm., og ég hefi sjálfur sætt frá hv. 2. þm. Reykv. ummælum, sem ég hefði getað látið dæma ómerk, ef hann hefði viljað hlutast svo til, að mér tækist að leysa hann undan þinghelginni. En þetta hefi ég ekki gert, m. a. af því, að ég geri greinarmun á því, sem sagt er innan þinghelginnar, og því, sem sagt er á öðrum vettvangi. Ég viðurkenni, að það getur verið tilefni til þess að krefjast slíks, en það situr ekki á þm., sem sjálfur hefir gert sig sekan í þessum efnum, að vera með heilaga réttlætiskröfu.

Það eru aðeins þrír dagar síðan kveðinn var upp dómur í hæstarétti í meiðyrðamáli, sem ég höfðaði gegn utanþingsmanni. Og það, sem maðurinn hafði unnið til saka, var, að hann festi trúnað á illmæli, sem hv. 2. þm. Reykv. hafði um mig hér í þingsalnum. En af því að hv. 2. þm. Reykv. sagði þetta, þá hélt þessi maður, að ummælin væru sönn, og hafði þau eftir á prenti. Þennan mann dró ég til ábyrgðar vegna ummæla, sem upphaflega runnu af vörum hv. 2. þm. Reykv. Í undirrétti var þessi maður dæmdur í 60 kr. málskostnað og 100 kr. sekt, en það má nú einu sinni ljúga af manni æruna fyrir 100 kr. En ég hugsaði honum þegjandi þörfina og fannst rétt, að hæstiréttur úrskurðaði þetta mál. En sakirnar, sem þessi maður bar á mig, voru þær, að ég hefði gert samninga við Noreg í eiginhagsmunaskyni. En í hæstarétti fór því svo fjarri, að það sannaðist nokkuð í þessa átt, að það fannst ekki einn einasti hlutur í samningunum eða í framkvæmd þeirra þau tvö ár, sem þeir hafa gilt, sem benti í þessa átt, og það var ekki hið minnsta tilefni til þess að væna mig um þetta, og þessi vesalings maður, sem trúði hv. 2. þm. Reykv., var dæmdur í 300 kr. sekt og 300 kr. málskostnað. Þetta er óvenjulega harður dómur í meiðyrðamáli. En enginn sökudólgur hefir verið dæmdur í hærri sekt en

ritstjóri Tímans, en hann var dæmdur í 600 kr. sekt, en það var fyrir ummæli, sem hann hafði eftir Jónasi Jónssyni, en síðar var sá maður gerður að dómsmrh., og náðaði hann svo ritstjórann. Mér finnst rétt að skýra frá þessu vegna árásarinnar á hv. 8. landsk.

Ég held að ég hafi gert skýra grein fyrir því, að mín brtt. fullnægi betur því réttlæti, sem ber að fullnægja og hæstv. atvmrh. viðurkennir, að eigi að fullnægja. Ég hefi boðið upp á það, ef till. mín verði samþ., að þá skuli ég reyna að tryggja aðstoð flokksbræðra minna í Ed. í því að málið dagi ekki uppi. Ég hefi beðið um yfirlýsingu um það, að mér verði veittur örstuttur frestur, svo að ég geti spurt flokksbræður mína, til þess að þessu tilboði geti fylgt örugg vissa. Ég hefi ekki fengið undirtektir undir þá ósk mína og óttast, að af því megi draga þá ályktun, að það sé tilgangur stjórnarliða að fella till. Ef brtt. verður felld, þá hvílir nokkur skuggi yfir afgreiðslu málsins, þar sem það er í almæli, að ákvæðum frv. verði beitt til framdráttar vissum aðilum, sem hafa beitt sér fastlega fyrir því, að frv. verði samþ. hér á hv. Alþ. En verði mín till. samþ. fyrir þeirra tilstilli, þá er þeim skugga af létt. Og úr því að hægt er að létta þessum skugga af, þá finnst mér, að rík skylda hvíli á mönnum að gera það. Ég vil beina þessu til hæstv. atvmrh., hv. 2. þm. Reykv., og ennfremur til hv. þm. Hafnf., og skal ég ekki leyna því, að í orðrómnum er hans nafn bendlað við málið, ekki þannig, að það eigi að vera honum til framdráttar, heldur sem skipulagsnefndarmaður í Rauðku og kannske sem væntanlegur póstmálastjóri, sem sé byrjaður að tala með herrans valdi á þessu sviði. Ég álít, að hann sé svo sanngjarn maður, að hann muni ljá mínu máli samþykki, því brtt. mín er mikil umbót á frv. (**Varaforseti PZ**: Ég vil minna hv. þm. á að halda sér við málið). Hæstv. forseti verður að viðurkenna, að ekkert tilefni er til þess að beina til mín þessum orðum, því að ég fór ekkert út fyrir málið frekar en umr. gáfu tilefni til.

**Garðar Þorsteinsson** [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. tók til athugunar í ræðu sinni það, sem ég hafði sagt um hv. 2. þm. Reykv. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að hv. 2. þm. Reykv. væri mjög hygginn maður, og að allt starf hans mótaðist af óeigingirni, og að allar árásir á hann væru sprottnar af því, hvað hann væri dyggur málsvari alþýðunnar. Hann sagði, að það, að ég áliti, að starf hv. 2. þm. Reykv. mótaðist af eigingirni, bæri vott um, að ég væri sjálfur eigingjarn. Við erum auðvitað allir breyskir. En ákafi hv. 2. þm. Reykv. í þessu máli hefir vakið alveg sérstaka eftirtekt. Og ég fór að gera upp með sjálfum mér, hvað vekti fyrir þessum hv. þm. og hvernig stæði á því, að hann væri svona áhugasamur í þessu máli. Ég kom fram með ýmislegt í sambandi við málið, hvort það gæti verið þetta eða eitthvað annað, en það var í öllum tilfellum neitandi, vegna þess að ekki var hægt að bendla hv. 2. þm. Reykv. við málið að því leyti. En Olíuverzlun Íslands hefir verið blandað inn í málið, og hv. 2. þm. Reykv. er einn af aðalhluthöfunum þar og forstjóri hennar, og af því má ályktа ýmislegt. Hæstv. atvmrh. segir, að hv. 2. þm. Reykv. starfi af áhuga, sem sprottinn sé af hreinu hjartalagi, og óeigingirnin móti líf hans, eins og það beri með sér, ef það er athugað nákvæmlega, en ég játa, að það þarf nákvæma athugun til þess að sjá það. Er það afstaða hv. 2. þm. Reykv. gagnvart „Félagi sjálfstæðra verkamanna", sem mótast af óeigingirni? En þar var barizt um það, að þeir fengju jafnrétti í Byggingarfélagi verkamanna. Ég verð, af því að ég vil ekki taka orð hæstv. atvmrh. öðruvísi en bókstaflega, að ganga inn á það, hvað hv. 2. þm. Reykv. er samvizkusamur og óeigingjarn, þegar hann gengur milli hv. þm. og hefir hótanir í frammi, ef þeir greiða ekki atkv. eins og honum líkar. Þetta stafar auðvitað eingöngu af hreinu hjartalagi, þar sem hann er að fylgja góðum málstað. Allt þetta sé ég nú, þegar hæstv. ráðh. lýsir því svona vel. En svo koma staðreyndirnar og segja annað. Þær skýra m. a. frá því, að tveir Hafnfirðingar hafa fengið loforð fyrir sérleyfi á ferðum milli Hafnarfjarðar og Rvíkur. (**EmJ**: Hverjir?). Ég get nefnt nöfn, en ég geri það ekki. Þessir menn verzluðu fram að 1. okt. við Shell, en síðan hafa þeir verzlað við Olíuverzlun Íslands. Þessir menn hafa ekki dregið dul á það, að þeir hafi fengið loforð fyrir sérleyfi. Þegar menn skipta svona um allt í einu, þá getur maður margt hugsað. Þá get ég nefnt það, að maður á Akureyri hefir ekki dregið dul á það, að hann eigi að fá sérleyfi á ferðum milli Rvíkur og Akureyrar, Akureyrar og Dalvíkur og ennfremur milli Akureyrar og Húnavatnssýslu. Og í trausti þessa loforðs hefir hann fengið sér tvo nýja bíla, sem hann ætlar að nota í þessum ferðum. Þegar allt þetta er athugað, þá skilst það, að hv. 2. þm. Reykv. þarf ekki að stökkva upp á nef sér, þó viðhöfð séu um hann þau ummæli, sem ég hafði í dag. Í beinu áframhaldi af þessu hefir fjölda bílstjóra verið lofað ferðum, og allir verzla þeir við Olíuverzlun Íslands.

Í sambandi við það, hvort ég vilji endurtaka ummæli mín utan þings, skal ég skýra hv. 2. þm. Reykv. frá því, að ég mun gera það á sínum tíma, en fyrst ætla ég að láta staðreyndirnar sanna mál mitt, og ef hv. 2. þm. Reykv. æskir þess að höfða mál gegn mér, þá er opin leið fyrir hann að láta d. leyfa málshöfðunina. Ég get sannað með tugum vitna, að ákveðnum mönnum hefir verið lofað sérleyfum. Ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. verður að borga málskostnað, og mundi gleðja mig núna í dýrtíðinni að fá slíkt mál.

Þó að þessar umr. í dag hafi kannske ekki borið þann árangur, að till. verði samþ., þá vona ég, að þær hafi valdið því, að þeir, sem ekki hafa fengið að njóta jafnréttis, nái meira rétti hér eftir vegna óttans við almenningsálitið.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Það er réttmætt, að þessi brtt. verði samþ., þó að það sé ekki vegna þess, að hún bæti mikið úr fyrir þeim, sem reka bílaflutninga í einkafyrirtækjum. Með þessari löggjöf á að setja farartækin undir náð ráðh., og það er á hans valdi, hvort menn fá að

flytja lengur eða skemur. Menn eiga það hér eftir alveg undir náð ráðh., hvort kjörin eru þannig, að nokkurs sé um vert að fá að halda flutningunum áfram. Þetta er allt á valdi ráðh., og það, hvort lög eru orðuð nokkuð mildar eða ekki, skiptir ekki neinu verulegu máli. En þrátt fyrir það mun ég þó verða fylgjandi till., því hún er spor í rétta átt.

Í þessum efnum hafa sósíalistar fengið fram nýja tegund af ríkisrekstri, sem eftirtektarverður er að því leyti, að hann er á þann hátt, að þeir, sem eiga höfuðstól í þessum rekstri, eru látnir eiga hann áfram, en ráðh. ræður, hvaða hagnað þeir fá, og hann getur sett þau skilyrði, að reksturinn verði arðvænlegur, en hann getur líka sett þau skilyrði, að þessi höfuðstóll þeirra verði einskis virði. Þar sem þessu er svo háttað, þá er hér um að ræða mikil völd, sem ráðh. eru fengin í hendur, og ennfremur er hér um að ræða ríkisrekstur með fé einstaklinga. Þetta getur leitt til þess, að menn biðja ríkið að kaupa farartækin, vegna þess að þeir reki þau með tjóni. Það er fyrirsjáanlegt, að eftir frv. er póstmálastjórninni, sem er angi af ríkisstj., heimilt að taka upp á því að reka vagna á þessum leiðum. M. ö. o. það er farin sú leið að nota fé og þekkingu einstakra manna og leggja kostnaðarlaust eða kostnaðarlítið undir ríkið. Er stefnt beint að þessu, og er á valdi ráðh., hvenær það verður gert. Það er þægilegt fyrir ríkisvaldið að nota fyrst tækin eins og því líkar, og kaupa þau svo eftir mati, þegar þau eru orðin skemmd eða einstaklingarnir orðnir uppgefnir á að reka þau, vegna þess að ekkert er upp úr því að hafa. Hitt er annað mál, að það er eftir að sjá, hvað verður, ef þetta tekst og allt þetta er komið í hendur ríkisins. Er spennandi að sjá, hver hagnaðurinn verður, ef núv. meiri hl. tekst að halda völdum svo lengi ennþá í landinu, að það komi í ljós, hver tilgangurinn er. Frv. er á ýmsum stöðum klaufalega orðað og ekki ljóst, og skal ég ekki deila um, hvernig beri að skilja það; úr því verður skorið af dómstólunum á sínum tíma, en þýðir ekkert fyrir einstaka þm. að segja neitt um þau atriði. Frv. þetta verður að lögum í dag eða á morgun og til framkvæmda um áramót, og með því er kveðinn upp dauðadómur yfir einstaklingsrekstri á þessu sviði.

Eftir þessari löggjöf er, eins og ég hefi áður sagt, ríkinu gefin heimild að taka þennan rekstur í sínar hendur, og af þessum lögum, eins og ýmsum öðrum, sem samþ. hafa verið á þessu þingi, er yfirvofandi hætta af þeirri nýju stefnu, að óvönduð ríkisstj. geti hagnýtt sér heimildina til að taka réttinn af einstökum mönnum. Þetta þekkist sumstaðar erlendis, en ég veit ekki til, að þetta hafi verið praktiserað hér á landi fyrr en á þessu þingi. Ríkisvaldið hefir sverðið hangandi yfir þegnunum og getur sagt við þá: Ef þú vilt gera kaup og ganga að því, sem ég set upp, þá skaltu lifa, en annars fellur öxin að rótum trjánna og þér verður slátrað. Þetta er hin nýja stefna, og hún er stórhættuleg, því á meðan ríkið tekur ekki flutningatækin í sínar hendur hefir stj. sverðið hangandi yfir höfðum þeirra, sem reka þau. Ég skal ekkert fullyrða um, hvort löggjöfin verður notuð eða ekki, en þetta er atriði, sem löggjafinn verður mjög vel að athuga og líta eftir, að þessi stefna þróist ekki í voru landi, því þá er opnuð leið fyrir spillingu í þjóðfélaginu, sem ef hún fær að grafa um sig, er dauðadómur yfir einstaklingsrekstrinum og þjóðarheill. Ég er á móti slíkri löggjöf í einu og öllu, og þó ég greiði atkv. með þeim brtt., sem ég tel til bóta, mun ég greiða atkv. gegn frv., því ég álít þetta óhæfilega löggjöf í höndum hvað heiðarlegrar stj. sem væri, óhæfilega gagnvart borgurunum, sem með þessu eiga allt sitt fjárhagslega líf undir einum ráðh.

**Jakob Möller:** Það skal vera afarstutt, aðeins til að vekja athygli hæstv. forsrh. á því, er hann undraðist í ræðu minni áðan. Það, sem hann undraðist, var það, sem ég sagði frá eftir beinni ósk hans, af því hann sagði, að maðurinn, sem ég talaði um, gæti ekki verið hann. Mér virtist ýmislegt í ræðu hans benda til, að þetta væri hann. Ég gæti vel ímyndað mér, að hann hefði ekki verið sjálfráður gerða sinna, er hann gerði það, sem ég nefndi. Hann gerði ráð fyrir, að ég mundi strika ummælin út úr ræðu minni áður en hún birtist í þingtíðindunum. Ef hæstv. ráðh. óskar eftir því, get ég talað um það við hann. Annars er það ekki minn siður að falsa þingtíðindin, og býst ég því ekki við að geta orðið við þessum tilmælum hæstv. ráðh.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 22. des., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 917,1.a felld með 17:7 atkv.
— 917,1.b felld með 17:7 atkv.
— 926,a felld með 17:7 atkv.
— 926,b felld með 16:7 atkv.
— 917,2.a felld með 17:7 atkv.
— 917,2.b kom ekki til atkv.

Frv. samþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB.

nei: GÍ, GTh, JakM, JÓl, JónP, PHalld[1]) PO, GÞ.

MT greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (HannJ, JJós, JS, ÓTh, SK, TT, GSv) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 938).

1) **PHalld:** Herra forseti! Þótt ekki sé að mínu áliti um jafndjöfullega löggjöf að ræða eins og það atriði í löggjöf vorri, að blóðpeningum hinna ógæfusömustu manna skuli hrúgað í svokallaðan »menningarsjóð«, og þar sé um brennivín að ræða, en hér líklega bara benzín, þá þykir mér þessi löggjöf svo óhæfileg, þar sem hún leggur ríkisstj. það vald í hendur að ákveða um hag þeirra, sem þessi viðskipti hafa nú í þjóðfélaginu, og opnar um leið möguleika til ameríska viðskipta, eins og Tammanyfélagið í New York hefir við borgina, hvort sem sá möguleiki verður notaður eða ekki, — þá segi ég nei.

# Önnur mál.

## I. Afgreiðsla þingmála.

Á 2. fundi í Ed., 4. okt., utan dagskrár, mælti

**Magnús Guðmundsson:** Þetta er fjórði dagur þingsins, og hefir þó enn hér um bil engu verið útbýtt af þskj., aðeins þeim 3 skjölum, sem útbýtt hefir verið í dag. Vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvernig á þessu stendur. Þm. hafa nú ekkert að gera, svo að þeir hefðu góðan tíma til þess að setja sig inn í málin. Ég man og ekki betur en að stjskr. mæli svo fyrir, að fjárlagafrv. a. m. k. skuli lagt fyrir þingið strax. Vildi ég skora á hæstv. forseta að stuðla að því, að frv. verði útbýtt strax og auðið er, svo að þm. gefist kostur á að kynna sér þau.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. 1. þm. Skagf. spurðist fyrir um það, hvernig á því stæði, að stjfrv. hefði ekki verið útbýtt enn. Skal ég svara þessu. Svo stendur á þessu, að skipið, sem frv. voru send með til konungs, varð á eftir, seinkaði því um 3 daga, vegna þess að það var látið taka lykkju á leið sína til Osló, sem því hafði ekki verið ætlað í áætlun. Nú hefi ég frétt, að skipið muni koma til Kaupmannahafnar í dag, svo að konungsskeyti um frv. ætti að geta komið á morgun, og verða frv. þá strax lögð fyrir þingið. — Vænti ég, að hv. 1. þm. Skagf. geti fallizt á það, eftir þessar upplýsingar, að það er ekki stj. sök, þótt þessi dráttur hafi orðið á útbýtingu frv. að þessu sinni.

**Magnús Guðmundsson:** Ég get ekki fallizt á það, þrátt fyrir upplýsingar hæstv. forsrh., að hæstv. stj. eigi ekki sökina á því, að stjfrv. hefir ekki verið útbýtt enn. Það er bert af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að þessi dráttur stafar af því, að stj. hefir teflt á fremsta hlunn með ferðir. Ég sé því ekki betur en að sökin sé stj. Og a. m. k. hefði verið hægt að senda frv. strax frá Osló til Kaupmannahafnar, í stað þess að láta þau bíða í skipinu í Osló.

---

Á 40. fundi í Nd., 19. nóv., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

**Garðar Þorsteinsson:** Herra forseti! 6. okt. kom ég fram með frv. um virkjun Fljótaár. Málinu var vísað til n. 11. okt., en síðan hefir það ekki komið fram, þrátt fyrir ítrekuð loforð frá formanni n. Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. forseta að hlutast til um, að málið komist úr nefnd, þar sem mér virðist það búið að vera þar nógu lengi.

**Forseti (JörB):** Ég mun beina þessari ósk hv. þm. til nefndarinnar.

**Hannes Jónsson:** Ég vil endurtaka beiðni mína um það, að frv. það, er ég flutti hér snemma á þinginu um framlenging á gildi l. um vaxtatillag, fari að koma fyrir deildina frá landbn. Ég vænti þess, að hæstv. forseti krefji n. um skil, þar sem nú er meira en mánuður síðan hún fékk málið í hendur.

**Sigurður Einarsson:** Ég vil, úr því að kveinstafir eru hafðir hér í frammi um seina afgr. mála, minna á, að eitt af fyrstu frv., sem fram komu, var frv., sem ég bar fram á þskj. 54, um breyt. á l. um kosningar í málefnum sveita og bæjarfélaga. Það er búið að afgr. ein slík lög, en ég vildi gjarnan, að þær hvatningar, sem forseti kann að senda frá sér í sambandi við það, sem hér hefir komið fram, nái einnig til þessa litla frv.

**Forseti (JörB):** Ég vil vænta þess yfir höfuð, að nefndirnar afgreiði þau mál, er þær fá til meðferðar.

---

Síðar á sama fundi, þá er forseti hafði ákveðið að fresta fundinum, mælti

**Sigfús Jónsson:** Það er nú þegar liðinn hálfur mánuður síðan fjhn. gat haldið fund, og nú liggja fyrir hjá nefndinni ýms mál, svo sem kærumál 8. landsk., landsreikningurinn o. fl., sem þörf er að afgreiða. Vildi ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hafi ekki deildarfund á sama tíma og n. þarf að halda sinn fund í dag.

**Jakob Möller:** Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að þær 7 vikur, sem þingið hefir staðið, hefir fjhn. aðeins getað haldið 8 fundi, sökum þess að deildarfundir eru jafnan haldnir á sama tíma og n. er ætlað að hafa sína fundi. Það er gert ráð fyrir, að n. hafi 3 fundi í viku, en hefir aðeins getað haldið 8 frá því að þing byrjaði.

**Forseti (JörB):** Þetta eru gildar ástæður, og mun ég því breyta ákvörðun minni og halda ekki fundinum lengur áfram í dag.

---

Á 47. fundi í Nd., 28. nóv., utan dagskrár, mælti

**Garðar Þorsteinsson:** Það er út af orðum hæstv. forseta áðan, að tvö mál, 12. og 13. mál á dagskránni (frv. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins, og frv. um Söfnunarsjóð Íslands) hefðu lengi beðið afgreiðslu. Ég hefði ekki kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár, ef hæstv. forseti hefði ekki látið þessi orð falla. En ég veit ekki, hví hann nefndi ekki líka 14. málið á dagskrá (frv. um frystigjald beitusíldar). Það er þó talsvert eldra en þau tvö mál, 12. og 13. mál, sem nú voru afgreidd. Sé ég ekki ástæðu til að láta ójafnt ganga yfir menn og læt í ljós þá ósk, að 14. mál á dagskrá fái líka að ganga umr.laust til 2. umr.

**Forseti (JörB):** Þetta er rétt hjá hv. 8. landsk. Ég hefi oft reynt að skjóta svona málum áfram. Hefi ég þá helzt reynt að taka fyrir þau mál, er ég hefi haldið, að minnstur ágreiningur mundi um verða. — Af minni hálfu skal engin fyrirstaða verða gegn því, að þessu máli verði þokað áleiðis.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil í þessu sambandi benda á 4. og 5. mál á dagskrá (frv. um eftirlit með opinberum rekstri og frv. um ferðamannaskrifstofu), sem hafa verið á dagskrá upp undir hálfan mánuð. Vona ég, að hæstv. forseti taki þessi mál fyrir með fyrstu málum á morgun.

**Forseti (JörB):** Þetta er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Reykv. En ég get ekki sakað mig um að hafa tafið afgreiðslu þessara mála. Ég er enn ekki farinn að taka til máls á þessu þingi að öðru leyti en því, er við kemur minni fundarstjórn.

---

Á 54. fundi í Nd., 8. des., þá er forseti hafði í fundarlok lesið dagskrá næsta fundar, mælti

**Sigurður Kristjánsson:** Mig furðaði á því, er hæstv. forseti las hér upp sem 15. mál á dagskránni frv. um skuldaskilasjóð. Það er kunnugt, að þetta mál hefir verið tafið á öllum sviðum, og að langt er síðan það kom frá n. Ég fæ ekki séð, að sanngjarnt sé að hafa það sem 15. mál á dagskránni. Það eru því tilmæli mín til hæstv. forseta, að málið verði sett á eftir þeim málum, er aðeins á að fara fram atkvgr. um.

Sömuleiðis vænti ég þess, að hæstv. forseti fari svo með frv. um Fiskveiðasjóð, en á því máli hefir einnig orðið mikill dráttur.

**Forseti (JörB):** Ég var að bíða eftir nál. frá meiri hl. n. Þess vegna hefir málið ekki verið tekið fyrir fyrr. Annars mun ég gera það, sem kostur er á, til þess að flýta fyrir afgreiðslu málsins, enda þótt það sé svona neðarlega á dagskránni.

---

Á 55. fundi í Nd., 10. des., utan dagskrár, mælti

**Magnús Torfason:** Ég mun 6. f. m. hafa borið fram frv. til l. um breyt. á l. um fasteignaskatt, og var það tekið fyrir hér í d. 17. f. m. En nú er 10. des., og enn hefir ekkert til frv. sézt aftur. Nú er það ósk mín til hæstv. forseta, að hann gangi eftir því, að n. segi sitt álit um málið, af eða á. Þetta er einfalt mál. Það er um stefnuna að ræða. En vegna þess að stefna frv. er sú, að hlynna heldur að héraðsvaldinu, þá hefði ég kunnað betur við, að afstaða þingsins til málsins kæmi fram.

**Forseti (JörB):** Ég skal kynna mér, hvað líður afgreiðslu þessa máls, sem hv. 2. landsk. spurðist fyrir um.

**Gunnar Thoroddsen:** Á öndverðu þingi bar ég fram frv. til l. um opinberan ákæranda. Því var útbýtt 9. okt., og að lokinni 1. umr. vísað til hv. allshn. Álit meiri og minni hl. eru löngu komin, hið síðara 13. nóv., eða fyrir um mánuði síðan. Málið kom einu sinni á dagskrá í nóv.-lok, en ekki svo framarlega, að það kæmi til umr. Síðan hefir það ekki sézt á dagskrá. Nú vil ég beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki málið aftur á dagskrá, og það framarlega, að það komi til umr. Mér finnst tími til þess kominn, þar sem mánuður er liðinn síðan meiri og minni hl. n. skiluðu áliti.

**Forseti (JörB):** Það er rétt, að mál þetta er fyrir löngu komið frá n. og tilbúið til umr. Nú hefi ég lengstum, að ég ætla, haft það mörg mál á dagskrá, að henni hefir því nær aldrei verið lokið, og mjög hefir verið kallað eftir flestum þessum málum. Hinsvegar hefir dm. stundum fundizt fulllangar fundarsetur. (**ÓTh:** Það er nú ekki oft). En ég er reiðubúinn að láta þetta og önnur mál koma á dagskrá og lengja þá fundartíma sem þörf krefur, en þá kröfu geri ég, að þm. séu þá hér viðstaddir til þess að taka þátt í afgreiðslu mála. — Ég skal sjá um, að þetta mál komi á dagskrá og til umr. hér, því að hv. 11. landsk. hefir sýnt mikla þolinmæði. Hinu get ég ekki lofað, að það fái afgreiðslu á þessu þingi.

**Jóhann Jósefsson:** Ég hefi ásamt hv. 2. og 3. landsk. flutt hér frv. um hlutabréfakaup í Útvegsbanka Íslands h/f. Þetta frv. fer í þá átt, að rétta hlut þeirra manna, sem áttu sparisjóðsinnstæðu í Íslandsbanka, þegar hann hætti störfum. En sem kunnugt er, var það fé látið ganga sem hlutafé inn í Útvegsbankann. Í frv. þessu eru gerðar ráðstafanir, hagkvæmar og lítt þungbærar ríkissjóði, til þess að leysa inn þessi bréf á löngum tíma, og þar með gera féð að verðmætri eign fyrir eigendurna, en verðmæt eign getur það ekki talizt í núverandi formi. Ég skal geta þess, að stór hluti þessa fjár er kominn úr minu kjördæmi, og mest frá fólki, sem a. m. k. á þessum erfiðu tímum má á engan hátt vera án þessa fjár eða láta liggja án þess að hafa þess nokkur not. — Frv. var hér til 1. umr. og vísað til hv. fjhn. þ. 19. f. m., ef ég man rétt. Þar sem nú svo langt er síðan þetta skeði, og

mér ekki kunnugt, að n. hafi nokkuð látið frá sér heyra um málið, þá vildi ég beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann hlutist til um, að n. segi álit sitt um málið hið allra fyrsta.

**Forseti (JörB):** Ég skal gjarnan verða við tilmælum hv. þm. Vestm. og spyrjast fyrir um, hvað líði málinu.

**Gunnar Thoroddsen:** Ég vil geta þess, að frv. um opinberan ákæranda er komið fram á þingi fyrr en ég ætla flest þau mál, sem fram hafa verið borin af einstökum þm., og mér skilst, að sú regla eigi að gilda, þegar mál eru tekin á dagskrá, að láta hin eldri ganga fyrir. En þar sem hæstv. forseti hefir tekið þessu vel, skal ég ekki hafa um það fleiri orð.

---

Á 20. fundi í Sþ., 10. des., utan dagskrár, mælti

**Ólafur Thors:** Ég vildi aðeins leyfa mér að minna hæstv. forseta á það, að snemma á þingi bárum við 3 þm., hv. 3. landsk., hv. þm. Borgf. og ég, fram þáltill. um gæzlu veiðarfæra á Faxaflóa, og vildi ég beina þeim vinsamlegu tilmælum til hæstv. forseta, að hann tæki málið á dagskrá núna einhvern næsta daginn.

**Forseti (JBald):** Það eru margar fleiri till., sem liggja fyrir Sþ., en ég hefi hlífzt við að taka þær á dagskrá til þess að draga ekki frá d., sem virðast hafa ærið nóg að starfa. En ég mun svo fljótt sem unnt er taka þessa till. á dagskrá.

**Gísli Guðmundsson:** Ég vildi einnig geta þess, að ég bar fram snemma á þingi þáltill. um eftirlit með veiðarfærum sjómanna, og ætla ég, að hún hafi komið fyrr fram en till. sú, sem hv. þm. G.-K. minntist á. Ég vildi beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann tæki þessa till. á dagskrá svo fljótt sem unnt væri.

**Forseti (JBald):** Þetta verður tekið til ihugunar svo fljótt sem verða má vegna starfa þingsins. En eins og ég tók fram áðan, er beðið eftir því, að d. ljúki við það mesta af sínum störfum, og vona ég, að það muni ekki líða á löngu áður en þetta mál verður tekið fyrir.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvers vegna 1. málið, kosning hins íslenzka hluta hinnar dansk-íslenzku ráðgjafarnefndar, er tekið af dagskrá.

**Forseti (JBald):** Það er samkv. ósk Sjálfstæðisflokksins.

---

Á 59. fundi í Ed., 12. des., utan dagskrár, mælti

**Magnús Jónsson:** Ég vil aðeins endurnýja tilmæli til hæstv. forseta um að hann herði á n. um afgreiðslu frv. um ríkisgjaldanefnd. Mér þykir n. ganga héldur seint að átta sig á málinu, og vona, að hæstv. forseti taki það til 2. umr. sem fyrst.

**Forseti (EÁrna):** Ég hefi talað um þetta mál við hv. form. n. og spurt hann eftir því, og hefir mér skilizt, að það mundi ekki vera von á nál. um frv. Ég get náttúrlega gert það fyrir hv. flm. að taka málið á dagskrá, þó að það sé alls ekki sjáanlegt, að málið nái fram að ganga þar sem komið er nú að þinglokum.

**Pétur Magnússon:** Ég vil eindregið leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki sem allra fyrst á dagskrá frv. mitt á þskj. 39, sem ég flutti í byrjun þings og var eitt af fyrstu málum, sem vísað var til landbn. Ég og hv. 10. landsk. höfum gefið út nál. um frv. fyrir viku síðan. Ég geri ekki ráð fyrir, að það þurfi að búast við nál. frá hv. meiri hl. landbn. um málið, og þýðir ekki að bíða eftir því. Ég vil heldur, að málið fái einhverja afgreiðslu í þd. en að það dagi uppi.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil beina því til hæstv. forseta, að hann taki nú einungis á dagskrá þau mál, sem lengst eru komin áleiðis og líklegt er, að fái afgreiðslu, en tefji ekki tímann með málum, sem eru hér til 1. umr. og engar líkur eru til, að geti gengið fram á þessu þingi. Ég er flm. að einu af þeim frv., sem ekki er komið lengra áleiðis og vísað var til landbn. Það hefir verið sent til athugunar og umsagnar í ýmsar áttir, og má segja, að n. hafi tafið fyrir því. En ég geri þó ekki kröfu til þess, að það verði tekið á dagskrá, úr því sem komið er.

**Magnús Jónsson:** Ég álít, að það eigi mjög illa við, að hv. 4. landsk. rísi hér upp og mótmæli því, að þetta frv. mitt verði tekið á dagskrá, af því að hann hefir sem form. fjhn. legið á því allan þingtímann og ekki afgr. það frá n., þó að ég viðurkenni þá almennu reglu, að þau mál, sem lengra eru komin, eigi að sitja fyrir afgreiðslu svo síðla á þingi. En ég vona, að hæstv. forseti taki málið á dagskrá, þrátt fyrir það, þó að ekki væri til annars en í refsingarskyni við hv. fjhn.

**Forseti (EÁrna):** Ég skal reyna að taka þessi tvö mál á dagskrá á föstudaginn 14. þ. m., þó að þau verði vitanlega ekki sett framan við þau mál, sem nauðsynlega þurfa að fá afgreiðslu á þessu þingi og verða því að sitja fyrir, þar sem mjög er orðið áliðið þings.

---

Á 24. fundi í Sþ., 18., des., utan dagskrár, mælti

**Sigurður Kristjánsson:** Það er nokkuð síðan ég bar fram till. til þál. um þjóðaratkvæði. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann hafi hugsað sér, hvenær hún verði tekin fyrir. Ég sé, að hún er ekki á dagskrá í dag, en nú er langt á þingið liðið, og ég býst ekki við, að margir fundir séu eftir, og ég vildi vita, hvaða forlög till. á að fá.

**Garðar Þorsteinsson:** Það er langt síðan ég bar fram till. um rannsókn út af tjóni einstakra manna í ofviðrinu 27. okt. og till. um rekstrar-

lán til smáútgerðarinnar. Þetta eru engin flokksmál, og ég veit ekki betur en að allur þingheimur muni yfirleitt vera hlynntur því, að þessar till. verði samþ., en það er nauðsynlegt, að þær verði samþ. á þessu þingi. Ég vil því mælast til þess, að hæstv. forseti taki þessar till. á dagskrá sem fyrst.

**Forseti (JBald):** Ég mun taka þessar till. allar á dagskrá eftir því sem tími vinnst til, og einnig till. þeirra þm., sem ekki hafa nú kvatt sér hljóðs.

## II. Þingskrifarapróf.

Á 10. fundi í Sþ., 31. okt., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

**Gunnar Thoroddsen:** Ég vil leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. forseta um það, hvernig á því stendur, að þingskrifarapróf hefir nú verið lagt niður. Um mörg undanfarin ár hafa slík próf verið haldin, keppendum gefnar einkunnir og þeir ráðnir til starfsins, sem bezt próf leystu af hendi. Nú virðist ráðningin að sumu leyti hafa farið fram af handahófi, því að ráðnir hafa verið nokkrir menn, sem hvorki hafa verið skrifarar áður né leyst af hendi þingskrifarapróf. Ég álít þetta miður farið, og leyfi mér því að spyrja hæstv. forseta, hvers vegna prófið hafi niður fallið, og jafnframt beina þeirri áskorun til hæstv. forseta, að það verði tekið upp aftur fyrir næsta þing.

**Forseti (JBald):** Út af fyrirspurn hv. 11. landsk. skal ég geta þess, að þetta var tekið til athugunar í þingbyrjun, en af því að eigi hafði verið gerður sá undirbúningur, sem þurfti, var tíminn of naumur til þess að koma prófinu á. Ég þori ekki að fullyrða, hvort forsetarnir allir eru sammála um þetta atriði, en áður en þingi lýkur mun koma fram till. um, að þetta próf verði tekið upp aftur.

## III. Kosningin í Skagafjarðarsýslu.

Á 62. fundi í Nd., 17. des., og á 63. fundi í Ed., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

**Nál. um kæru út af kosningunni í Skagafjarðarsýslu** (A. 836).

Á 27. og 28. fundi í Sþ., 21. og 22. des., var nál. sett á dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## IV. Kosningar.

### 1. Yfirskoðunarmenn landsreikninga.

Á 2. fundi í Sþ., 4. okt., var tekin til meðferðar **kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1933, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 38. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseta bárust 2 listar, með samtals nöfnum þriggja manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:

Hannes Jónsson dýralæknir (af A-lista),
Magnús Jónsson alþm. (af B-lista),
Sigfús Sigurhjartarson kennari (af A-lista).

### 2. Annar varaforseti Sþ.

Á 11. fundi í Sþ., 21. nóv., var tekin á dagskrá **kosning annars varaforseta samkv. l. nr. 54 14. nóv. 1934, um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., 23. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Kosningu hlaut
Emil Jónsson, þm. Hafnf.,
með 26 atkv. — Þorbergur Þorleifsson fékk 1 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

### 3. Dansk-íslenzk ráðgjafarnefnd.

Á 17. fundi í Sþ., 30. nóv., var tekin á dagskrá **kosning hins íslenzka hluta hinnar dansk-íslenzku ráðgjafarnefndar, samkv. tilskipun 28. maí 1919, fyrir tímabilið frá 1. des. 1934 til 30. nóv. 1942.**

**Ólafur Thors:** Út af þeirri kosningu, sem samkv. dagskrá á fram að fara af hendi Íslendinga í hina dansk-íslenzku lögjafnaðarnefnd, vildi ég leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann fresti kosningunni. Það er að vísu rétt, að hæstv. forseti tilkynnti mér í gær, að kosning þessi ætti fram að fara í dag, en eins og kunnugt er, þá var þingfundur allan daginn í gær og í dag, og hefir því ekki unnizt tími til að ná saman flokksfundi Sjálfstfl. hvorugan daginn. Mér væri því mjög kært, ef hæstv. forseti sæi sér fært að verða við þessari ósk minni.

**Forseti (JBald):** Enda þótt kjörtímabil nefndarinnar sé útrunnið í dag, skiptir það ekki miklu máli, og mun ég verða við þeirri ósk að fresta kosningunni fram til næstk. mánudags.

**Ólafur Thors:** Ég þakka forseta góðar undirtektir, en vildi beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann sæi sér ekki fært að fresta kosningunni eitthvað lengur. Ég veit, að það er ekki hægt að ná saman flokksfundi á morgun, t. d. verða sumir flokksmenn á fundi utanríkismálanefndar. Vildi ég því spyrja, hvort nokkur bagi væri að fresta kosningunni fram yfir mánudag, því þá er fastur fundardagur í Sjálfstfl.

**Forseti (JBald):** Það getur kostað, að boða þurfi nýjan fund í Sþ., og getur orðið til að tefja þingstörf í deildum, og mun ég því sjá til fram yfir helgina, og læt svo búið standa.

**Ólafur Thors:** Ég sætti mig við úrskurðinn, en tilkynni þá hér með hæstv. atvmrh., að við sjálfstæðismenn munum ekki sækja fund í utanríkismálanefnd á morgun.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Mér þykir miður, ef ég þarf að aflýsa fundi á morgun, þar sem búið er að boða hann, og ég býst ekki við, að hann taki langan tíma. Ég efa líka, að hv. þm. G.-K. hafi haft umboð sinna flokksmanna, eða talað við þá alla, til að gefa þessa yfirlýsingu. (ÓTh: Það hefi ég áreiðanlega gert, og hæstv. ráðh. þarf ekki að bera kvíðboga fyrir því).

**Ólafur Thors:** Ég vil endurtaka það, að hæstv. ráðh. þarf ekki að bera kvíðboga fyrir því, að ég hafi ekki haft umboð flokksmanna minna til að gefa þessa yfirlýsingu.

Eins og menn vita, þá sitja þm. fundi dag eftir dag og eru þreyttir af fundasetu, og er því eðlilegt, að þeir séu tregir til að sitja óþarfa fundi. Ég hefði satt að segja haldið, að hægt væri að komast af án þess að kjósa í lögjafnaðarnefndina einn eða tvo sólarhringa. Ég á ekki von á, að neitt það komi fyrir, er þurfi að gera sættir um milli ríkjanna, svo að ekki þoli bið, t. d. að fyrirbyggja þurfi ófrið milli ríkjanna. Ég ætlaði aðeins að fá ráðh. í lið með mér til að fá frestun á kosningunni, svo hún fari ekki fram fyrr en eftir mánaðamót. En ég veit, að hæstv. forseti lætur eftir ósk okkar um frestun, svo að hæstv. ráðh. þarf ekki að fresta eða aflýsa fundinum á morgun.

**Magnús Guðmundsson:** Ég ætlaði að taka það fram, sem hv. þm. G.-K. hefir nú sagt, svo að óþarfi er af mér að taka til máls. Vona ég, að sættir komist á þannig, að sjálfstæðismenn geti setið utanríkismálanefndarfund á morgun, eins og ætlað var, en frestað verði kosningu í lögjafnaðarnefndina fram á þriðjudag. Ég er alveg sammála hv. þm. G.-K. um, að ekki muni stafa nein hætta af því.

**Forseti (JBald):** Það má vel vera, að friðnum í álfunni sé ekki nein hætta búin, þó kosningu sé frestað. En forseta þótti rétt að setja málið á dagskrá, þar sem kjörtímabil nefndarmanna er útrunnið 30. nóv.

En ég hefi ekki gefið afsvar um frestun, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi, og mun ég haga því eftir atvikum. En mér finnst það muni þurfa að fara eftir því, hvort það tefji eða trufli að einhverju leyti störf þingsins að þurfa að skjóta á sérstökum fundi til þessarar kosningar. — Ég álít svo útrætt um þetta mál, og verður þá tekið til þar sem fyrr var frá horfið.

Á 19. fundi í Sþ., 5. des., var kosningin aftur tekin á dagskrá.

**Forseti (JBald):** Samkvæmt ósk þingmanna sem ekki gátu verið viðstaddir hér nú, vil ég taka málið út af dagskrá, og verður síðar gefin út dagskrá um það, hvenær þessi kosning fer fram.

Á 20. fundi í Sþ., 10. des., var kosningin enn tekin á dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin enn tekin til meðferðar.

**Þorsteinn Briem:** Af því að svo stendur á hér á Alþingi, að einn stjórnmálaflokkurinn hefir ekki nægilegt atkvæðamagn til þess að koma að fulltrúa frá sér í ráðgjafarnefndina, þá vildi ég f. h. Bændafl. gera þá kröfu, að við þessa kosningu yrði fylgt sömu reglu, sem hefir verið látin gilda hér hjá okkur til þessa, að hver þingflokkur fái að koma manni í nefndina, þó að einhver þeirra hafi ekki nægilegt atkvæðamagn til þess. Ég óska því eftir svörum um það frá hinum flokkunum, hvort þeir telji ekki rétt að fylgja þeirri reglu, sem hingað til hefir tíðkazt um þessa kosningu, og verða við þessari kröfu Bændaflokksins.

**Jónas Jónsson:** Eins og hv. 10. landsk. hlýtur að vera ljóst, þá verður þetta að vera mál á milli hans og Sjálfstfl. Hv. þm. getur ekki búizt við, að hinir flokkarnir falli frá því, að hafa sína fulltrúa í nefndinni; enda þykist ég vita, að hann eigi ekki við það, heldur að Sjálfstfl. láni Bændafl. annað af sínum sætum í n. Við því er náttúrlega ekkert að segja frá hálfu hinna flokkanna. Þetta getur því aðeins orðið á þann hátt, að Sjálfstfl. gefi eftir annað sæti sitt eða skipti atkv. sínum til stuðnings við lista Bændafl. — Ég vona, að hv. þm. sjái, að þetta getur ekki náð til annara flokka. Enda skilst mér, að undanfarna daga hafi eitthvað verið unnið að þessum kosningaundirbúningi á milli hinna flokkanna, og athugað, hvaða menn ættu að koma í n. fyrir Sjálfstfl. og Bændafl. Nú mun það vera afgert mál, og er þá væntanlega ekkert því til fyrirstöðu, að kosning geti farið fram.

**Þorsteinn Briem:** Það var meining Bændafl., að ef skýr svör fengjust um þetta frá hinum flokkunum, þá mundi flokkurinn bera fram sérstakan lista. Ég óska eftir, að hv. form. Framsfl., sem síðast talaði, gefi skýrari svör við því, hvort hann telur þetta rétt, að fylgja þeirri reglu, sem tíðkazt hefir. Hér er um princip að ræða, og óska ég, að hver flokkur láti það í ljós, hvernig hann lítur á það.

**Héðinn Valdimarsson:** Alþfl. mun ekki stilla nema einum manni á lista til kosningar í ráðgjafarnefndina, og hefir fyrir sitt leyti ekkert á móti því, að Bændafl. beri fram sérstakan lista.

**Ólafur Thors:** Ég vildi gjarnan, að það kæmi skýrt í ljós áður en kosning fer fram, hvort það er álit stjórnarflokkanna, að það beri að aðhyllast þá grundvallarreglu, að hver þingflokkur hafi fulltrúa fyrir sig í nefndinni, án tillits til þess, hvort hann hefir atkvæðamagn til þess að koma þar að manni. Og hvort þeirri reglu beri að fylgja á meðan þingflokkar eru ekki fleiri en fulltrúar þeir, sem skipa á í nefndina.

Ég get ekki neitað því, að afstaða Sjálfstfl. í þessu máli veltur á því, hvort þetta á að vera grundvallarregla við þessa nefndarkosningu framvegis. Ég óska, að stjórnarflokkarnir láti í ljós álit sitt á þessu. Það er auðvitað, að ef sú ástæða er viðurkennd, þá er eðlilegt, að Sjálfstfl., sem á að afhenda annað sæti sitt samkvæmt þessari sanngirniskröfu, vilji að fleiri dæmi um það en hann sjálfur, og bindandi ákvörðun sé tekin um það.

**Jónas Jónsson:** Mér hefði fundizt það eðlilegast, að formaður Bændafl., sem búinn er að hugsa um þetta mál í 10 daga, hefði notað þann tíma til þess að snúa sér til hinna þingflokkanna með þetta mál, svo að hægt hefði verið að ræða það á flokksfundum. En við framsóknarmenn tókum ákveðna afstöðu í þessu máli fyrir 1. des. síðastl., og gengum við þá út frá því, að annaðhvort mundi Sjálfstfl. skipa tvö sætin í n. eins og verið hefir undanfarið, eða afhenda Bændafl. annað þeirra, og við hvorugu ætluðum við að amast. Það verður því að vera algerlega á hans baki, hvort hann gefur eftir sæti sitt eða ekki. Ég get sagt hv. þm. G.-K. það, að við framsóknarmenn höfum ekki átt við þessa svokölluðu sanngirni að búa áður. Þegar við vorum ca. ¼ hluti þingsins, vorum við algerlega bolaðir frá því að eiga sæti í nefndinni. Og ráðgjafarnefndin var búin að starfa í 8 ár áður en Framsfl. fékk að skipa mann í n. Flokknum var haldið fyrir utan hana á meðan hægt var. Þess vegna höfum við ekkert að þakka flokki hv. þm. G.-K., og heldur ekkert að ásaka fyrir í þessu efni eða vanþakka. Sjálfstfl. hefir jafnan háð viðskipti sín við okkur með valdi hins sterkasta.

Þetta mál er algerlega innan vébanda hinnar sameiginlegu fjölskyldu Sjálfstfl. og Bændafl., og ég vil benda hv. þm. G.-K. á, að enginn af þessum þremur Bændaflokksmönnum hefði nú átt sæti á Alþ., ef flokkur hv. þm. hefði ekki lánað nokkur atkv. við síðustu kosningar til þess að koma hv. þm. V.-Húnv. á þing. Menn úr miðstjórn Sjálfstfl. skrifuðu nokkur meðmælabréf í kjördæmið til handa frambjóðanda Bændafl., en á móti sínum eigin frambjóðanda, og þeir hafa nú uppskorið ávextina af þeim bréfum. — Framsfl. gerir ráð fyrir að koma einum fulltrúa í n. og skiptir sér ekki frekar af þessu máli.

**Hannes Jónsson:** Ég skal halda mig við efni þess máls, sem fyrir liggur, þó að hv. þm. S.-Þ. hafi gengið hér í svefni um stund og látið sig dreyma allskonar fjarstæður um kosningu mína í V.-Húnavatnssýslu. Út af því, sem hv. þm. sagði, má ráða það, að hann og hans flokkur er fyrirfram ákveðinn í því að halda opinni leið til þess að beita óréttri hér á Alþingi bæði nú og framvegis. Að vísu sér hv. þm., að hann getur það ekki í þetta sinn, af því að flokkur hans getur ekki komið nema einum fulltrúa í nefndina, og samstarfsflokkur hans líka einum fulltrúa. En það, sem við Bændafl.menn vildum sérstaklega fá skorið úr, er það, hvort þingflokkarnir geta ekki fallizt á að hlíta þeirri reglu, hvernig sem á stendur um þingmannatölu í flokkunum, að hver flokkur skipi einn mann í nefndina. — Ég skal t. d. benda á það, að ef Alþfl. hefði nú einum þm. færra á Alþingi, þá væri hægt með valdi að útiloka flokkinn algerlega frá því að hafa mann í n. Þetta er svo augljóst, að ekki þarf um það að deila. Ég skal ennfremur benda á það, að ef Sjálfstfl. hefði haft einum manni færra í þinginu en nú er, þá væri hægt, með samtökum hinna flokkanna, að bola honum frá að hafa nema 1 mann í n. Hlutföllin á milli flokkanna þurfa yfirleitt ekki mikið að raskast frá því, sem nú er, til þess að hægt sé að veikja liðstyrk þeirra í n., eins eða fleiri.

Þegar Alþfl. kom að manni í ráðgjafarnefndina, þá var það gert á þeim grundvelli, að það væri réttur flokksins að hafa þar fulltrúa, en atkvæðamagn hans réði þar engum úrslitum. Og ekki var það af því, að Framsfl. afsalaði sér rétti til fulltrúavals í n., þó hann gæti þá komið þar tveimur að. En ég geri ráð fyrir, að hv. þm. S.-Þ. hafi þá verið að gera það, sem rétt var. Eða var þetta afsal réttinda þá frá hendi Framsfl.? Nei, ég held, að það hafi ekki verið byrjað á neinu afsali þá.

Ég þakka hv. þm. G.-K. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf frá sínum flokki; ég skildi það svo, að það væri meining hans, að þetta væri réttlætismál.

Ég skal geta þess, að þegar þetta mál kom fyrst á dagskrá, þá sneri ég mér til hæstv. forseta Sþ. og óskaði eftir áliti hans flokks á þessu máli, en það er nú þegar fram komið frá flokksbróður hans, hv. 2. þm. Reykv., og er það dálítið öðruvísi en svar hv. þm. S.-Þ.

Alþfl. kemur hreint fram í málinu og viðurkennir sama rétt gagnvart Bændafl. eins og áður var gert af Framsfl. gagnvart Alþfl. En ef það hefir ekki átt að vera réttlæti, þá var það a. m. k. liðið, að Alþfl. fengi mann í nefndina. Annars skilst mér, að hv. þm. S.-Þ. sé búinn að gleyma þessu, sem gerðist 1927, þegar kosið var í ráðgjafarnefndina.

**Ólafur Thors:** Ég vildi leyfa mér að fara fram á það við hæstv. atvmrh., að hann segði álit sitt um það, hvort hann teldi, að rétt væri og eðlilegt í þetta skipti og til frambúðar að fylgja þeirri grundvallarreglu, að hver þingflokkur fengi fulltrúa í þessa n., meðan flokkarnir eru ekki fleiri heldur en nm. eru.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég er ekki búinn við því að gefa neina ákveðna yfirlýsingu um þetta og mér er óskiljanlegt, hvers vegna hv. þm. biður um hana. Mér skilst þetta vera mál milli Sjálfstfl. og Bændafl. Að því er snertir kosninguna nú, þá hefir hv. 2. þm. Reykv. svarað því greinilega, að við munum ekki stilla upp nema einum manni, svo þó við vildum miðla Bændafl., þá getum við það ekki. En að ég slái nokkru föstu um þetta án þess að ráðfæra mig við minn flokk, sér hv. þm., að alls ekki kemur til mála.

**Ólafur Thors:** Mér er þetta óskiljanlegt svar. Ég get ekki skilið það, að hæstv. ráðh. þurfi

að ráðfæra sig við sinn flokk til þess að segja skoðun sína um það, hvort hann telji eðlilegt og heppilegt til frambúðar að leggja til grundvallar við val þessara manna þá reglu og það sjónarmið, að hver flokkur fái að ráða mann í þessa n. meðan flokkarnir eru ekki fleiri heldur en nm., enda þótt hann hafi ekki atkv.-magn á þingi til þess að tryggja sér hann.

Mér skilst, að þetta geti alls ekki verið flokksmál, og það er ekkert undarlegt, þó Sjálfstfl. óski eftir því að fá umsögn hæstv. ráðh. og ýmsra ráðandi manna þingsins um það, hvað þeir telji eðlilegast, að lagt sé til grundvallar í framtíðinni við val nefndarmanna. Vilji hæstv. ráðh. ekki svara þessu, mun ég mælast til þess, að hæstv. forseti Sþ., formaður Alþfl., segi um þetta álit sitt.

Ég get ekki verið að æskja neinna yfirlýsinga frá hv. þm. S.-Þ., því það er um þetta mál eins og svo mörg önnur, að það virðist vera um seinan að ræða við hann málefnalega.

**Jónas Jónsson:** Ég vil benda hv. síðasta ræðumanni á, að þetta mál hefir nú staðið fyrir honum og hans ágæta flokki í 10—11 daga. Hv. þm. veit það, að frestað var þessari kosningu hans vegna síðustu dagana í nóvember, vegna þess að hann var ekki við því búinn að skera úr því, hvort Sjálfstfl. skyldi afhenda hv. 10. landsk. annað sæti sitt. Um þetta hefir svo verið þingað allan þennan tíma, og var víst ákvörðun fyrst tekin um það í gær eða fyrradag, að sætið skyldi vera afhent hv. 10. landsk., og er því óþarft að bera þetta undir aðra þm.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. þm. G.-K. ætti að geta skilið, að ég vil ekki gefa yfirlýsingu án þess að ráðfæra mig við minn flokk, því ég vil ekki gefa þær yfirlýsingar, sem ég get ekki staðið við. Hv. þm. G.-K. þurfti 10—12 daga til þess að ráðfæra sig við sinn flokk, og ég lasta það ekki; það er mjög virðingarvert. En hv. þm. getur ekki ætlazt til þess, að ég sé nein ljósmóðir við þessa fæðingu, sem nú stendur fyrir dyrum. Það er engin ástæða til, að ég sé þar neinn aðstoðarmaður.

**Ólafur Thors:** Ég hefi ekki farið fram á það við hæstv. ráðh., að hann lýsti yfir skoðun síns flokks, heldur aðeins að hann segði sitt álit um þetta. Ég þykist viss um, að innan Alþfl. geti verið skiptar skoðanir um þetta, eins og innan hinna annara flokka, þar á meðal Sjálfstfl. Þetta getur ekki verið flokksmál, og af þeim ástæðum einum hefir Sjálfstfl. þurft þennan langa tíma til þess að ráðgast um þetta mál. Ég sé þess vegna ekki, að hæstv. ráðh. hafi frambærilegar ástæður til þess að neita að svara því, hvað hann persónulega álítur um þetta. Mér þætti því vænt um, ef hæstv. forseti Sþ. vildi verða við þeim tilmælum mínum að segja sitt persónulega álit, hvort hann álíti rétt, að það sé þetta sjónarmið, sem eigi að leggjast til grundvallar. Hann hefir lengi átt sæti í þessari n. og er bæði forseti þessarar virðulegu samkundu og formaður síns flokks, svo það er fyllilega eðlilegt að beina til hans þessari fyrirspurn, og ég veit, að honum er bæði ljúft og skylt að verða við þeim tilmælum mínum að svara henni.

**Forseti (JBald):** Ég skal aðeins segja hv. þm. G.-K. það, að við Alþfl.menn héldum því fram á sínum tíma, að í þessa n. ættu að veljast menn úr öllum þeim flokkum, sem fyrir væru, en þetta getur breytzt, ef flokkarnir verða fleiri en nm. Það er því ekki hægt að taka neina almenna ákvörðun um það, hvað gilda skuli.

**Hannes Jónsson:** Ég er að vissu leyti ánægður með umsögn hæstv. forseta, því mér skilst, að a. m. k. meðan flokkarnir eru ekki fleiri heldur en nægir til þess að skipa í þessa n. einn mann frá hverjum flokki, þá muni þessi regla viðhöfð, og það er aðalatriðið. Náttúrlega kemur annað til greina, ef flokkarnir yrðu fleiri, því þá get ég hugsað mér, að ekki sé hægt að fara eftir atkv.magni flokkanna hvers um sig, því verið gæti, að tveir minni flokkar vildu slá sér saman, og þeir samanlagt hefðu meira heldur en sá hinna flokkanna, sem flest atkv. hefði.

En það, sem ég hefi viljað fá fram við þessa umr., en ekki hefir tekizt, er það, hvort það hafi verið réttmætt, sem Framsfl. leyfði fyrir sitt leyti á sínum tíma, að Alþfl. fengi sæti í n., þótt hann þá ætti ekki nema 2 fulltrúa á þingi. Ef þetta er viðurkennt, hlýtur líka sama reglan að vera gildandi nú og í framtíðinni.

**Ólafur Thors:** Ég hefi skilið tilmæli Bændafl. þannig, að hann óski eftir að fá sæti í n., ef það sé viðurkennt af þinginu, að hans grundvallarsjónarmið sé rétt, þ. e. a. s., að hver flokkur fái að ráða sæti í n. meðan flokkarnir eru ekki fleiri en fulltrúarnir. Mér skilst, að það séu tilmæli til allra flokka, að þetta sjónarmið sé viðurkennt.

**Þorsteinn Briem:** Við Bændaflokksmenn höfum vænzt þess, að þessi réttur sé viðurkenndur af öllum flokkum þingsins. En með því að sú yfirlýsing liggur ekki fyrir frá öllum flokkum, óskum við eftir því, að málinu verði frestað um sinn.

**Forseti (JBald):** Ég hefi nú tekið málið af dagskrá nokkrum sinnum, í því skyni, að hægt væri að ná samkomulagi. Ég vil ekki taka það út af dagskrá enn á ný. Það er orðið áliðið þings og ástæðulaust að tefja málið lengur.

**Þorsteinn Briem:** Ég verð að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti málinu enn, þar sem Bændafl. hefir ekki átt kost á að ná tali af þeim manni, sem hann hefir sett á lista sinn, vegna veikinda.

**Forseti (JBald):** Að þessu upplýstu mun ég fresta málinu til kl. 5 í dag, en þá verður kosningin látin fara fram hvað sem tautar. Mun ég þá fresta fundi til kl. 5 síðd.

**Jörundur Brynjólfsson:** Það er mjög fjarri því, að ég hafi á móti því, að kosningunni sé

frestað, en ég vil beina því til hæstv. forseta, að hann sliti fundi nú, og setji þá annan fund kl. 5, þar sem fundir eiga að vera í deildunum að afloknum fundi í Sþ. og gætu ella ekki hafizt.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., s. d., var kosningin enn tekin til meðferðar.

**Ólafur Thors:** Ég vil aðeins um leið og ég leyfi mér að leggja fram lista fyrir hönd Sjálfstfl., lista með nöfnunum Magnús Guðmundsson og Magnús Jónsson, lýsa yfir því, að ef aðrir flokkar þingsins telja það rétt, að enginn stjórnmálaflokkur eigi nema einn fulltrúa í þessari n. meðan flokkar þingsins eru jafnmargir eða fleiri heldur en mennirnir eru, sem á að kjósa í n., þá er Sjálfstfl. fyrir sitt leyti reiðubúinn til þess að taka undir það með því að draga aftur annan þeirra manna, sem hann hefir sett á sinn lista.

**Forseti (JBald):** Þá er umr. lokið, og verður gengið til kosningar. — Mér hafa borizt 4 listar, er ég auðkenni með A, B, C og D. Á listunum eru þessi nöfn: Á A-lista Jón Baldvinsson, á B-lista Jónas Jónsson og Einar Árnason, á C-lista Tryggvi Þórhallsson, og á D-lista Magnús Guðmundsson og Magnús Jónsson.

**Þorsteinn Briem:** Ég vil skjóta því til hins flokksins, sem hefir tvo menn á sínum lista, hvort hann vill fyrir sitt leyti taka undir þá ósk og kröfu, sem fram er komin frá Bændafl. um að draga annan manninn til baka.

**Jónas Jónsson:** Ég er búinn að svara því alveg ljóst, að þetta er mál, sem tilheyrir eingöngu Sjálfstfl. og flokki hv. 10. landsk., og þar við situr.

ATKVGR.

A-listi fékk 10 atkv., B-listi 15 atkv., C-listi 3 atkv. og D-listi 19 atkv. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina:

Magnús Guðmundsson,
Jónas Jónsson,
Jón Baldvinsson,
Magnús Jónsson.

### 4. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðsins.

Á 65. fundi í Ed., 19. des., var tekin á dagskrá

**kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands 1934 til 1937.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Kosningu hlaut

Sigurður Ólafsson gjaldkeri, Hverfisgötu 71, með 9 atkv. — Guðjón Guðlaugsson fyrrv. alþm. hlaut 5 atkv., en 1 seðill var auður.

### 5. Þingfararkaupsnefnd.

Á 26. fundi í Sþ., s. d., var tekin til meðferðar

**kosning þingfararkaupsnefndar.**

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 3 listar. Á A-lista var JG, á B-lista BJ og PZ, og á C-lista PO og JakM. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina án atkvgr.:

Pétur Ottesen,
Bergur Jónsson,
Jónas Guðmundsson,
Jakob Möller,
Páll Zóphóníasson.

### 6. Menntamálaráð.

Á 28. fundi í Sþ., 22. des., var tekin til meðferðar

**kosning menntamálaráðs (fimm manna) til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 7 12. apríl 1928, um menntamálaráð Íslands.**

Fram komu 2 listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jónas Jónsson alþm. (af A-lista),
Árni Pálsson prófessor (af B-lista),
Barði Guðmundsson sagnfræðingur (af A-lista),
Kristján Albertson rithöfundur (af B-lista),
Pálmi Hannesson rektor (af A-lista).

### 7. Þingvallanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

**kosning Þingvallanefndar (þriggja alþingismanna) til loka næsta þings eftir nýafstaðnar kosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.**

Tveir listar komu fram. Voru á A-lista JJ og JBald, en á B-lista MG. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr. alþingismennirnir

Jónas Jónsson,
Magnús Guðmundsson,
Jón Baldvinsson.

### 8. Landskjörstjórn.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

**kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.**

Fram komu 2 listar, og voru á þeim samtals nöfn jafnmargra aðalmanna og varamanna og kjósa skyldi. Kosningu hlutu samkv. því án atkvgr.:

Aðalmenn:

Magnús Sigurðsson bankastjóri (af A-lista),
Jón Ásbjörnsson hæstaréttarmflm. (af B-lista),
Vilmundur Jónsson landlæknir (af A-lista),
Þorsteinn Þorsteinsson hagst.stj. (af B-lista),
Ragnar Ólafsson lögfræðingur (af A-lista).

Varamenn:

Gissur Bergsteinsson stj.ráðsftr. (af A-lista),
Eggert Claessen hæstaréttarmflm. (af B-lista),
Rútur Valdimarsson ritstjóri (af A-lista),
Einar B. Guðmundsson lögfr. (af B-lista),
Þórður Eyjólfsson prófessor (af A-lista).

**9. Landsbankanefnd.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning 5 manna og jafnmargra varamanna í landsbankanefnd, allra til 6 ára, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 34. gr. l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.**

Fram komu 2 listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og aðalmenn og varamenn skyldi kjósa. Forseti lýsti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr. þeir menn, sem á listunum voru tilnefndir, en þeir voru þessir:

Aðalmenn:
Ingvar Pálmason alþm. (af A-lista),
Gísli Sveinsson alþm. (af B-lista),
Jónas Guðmundsson alþm. (af A-lista),
Magnús Guðmundsson alþm. (af B-lista),
Sveinbjörn Högnason sóknarpr. (af A-lista).

Varamenn:
Bjarni Ásgeirsson alþm. (af A-lista),
Pétur Halldórsson alþm. (af B-lista),
Jón Axel Pétursson hafnsögum. (af A-lista),
Pétur Ottesen alþm. (af B-lista),
Gísli Guðmundsson alþm. (af A-lista).

**10. Útvarpsráð.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning þriggja manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna, samkv. ákv. til bráðabirgða í nýafgreiddum lögum frá Alþingi um útvarpsrekstur ríkisins, sbr. 4. gr. þeirra laga, allra til 4 ára, frá 22. marz 1935, að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Fram komu 2 listar, með samtals jafnmörgum nöfnum aðalmanna og varamanna og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna, er á listunum voru tilgreindir, en þeir voru þessir:

Aðalmenn:
Sigurður Baldvinsson póstmeistari (af A-lista),
Valtýr Stefánsson ritstjóri (af B-lista),
Pétur G. Guðmundsson ritari (af A-lista).

Varamenn:
Hallgrímur Jónasson kennari (af A-lista),
Jón Ófeigsson yfirkennari (af B-lista),
Guðjón Guðjónsson skólastjóri (af A-lista).

**11. Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fjögra manna í stjórn byggingarsjóðs og tveggja endurskoðenda reikninga sjóðsins, samkv. ákv. til bráðabirgða í nýafgreiddum lögum frá Alþingi um verkamannabústaði, sbr. 8. og 9. gr. þeirra laga, allra til 4 ára, frá 1. jan. 1935 til 31. des. 1938, að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Fram komu 3 listar, A, B og C. Á listunum voru þessi nöfn: Á A-lista: Stjórnarmenn Stefán Jóh. Stefánsson, Þorlákur Ottesen, endurskoðandi Ágúst Jósefsson. Á B-lista: Stjórnarmenn Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, endurskoðandi Jón Þorláksson. Á C-lista: Stjórnarmaður Magnús Sigurðsson.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég hafði hugsað mér að skipa Magnús Sigurðsson sem formann í sjóðsstjórnina, og mun gera það, ef hann fengist til þess, en ella skipa annan eftir ósk Framsfl., ef hann vill taka sinn lista aftur.

**Jónas Jónsson:** Þar sem sá maður, er Framsfl. hefir sett á lista, getur, ef hann vill, orðið formaður í sjóðsstjórninni, eða annar maður, sem flokkurinn óskar eftir, komið í hans stað, tek ég aftur C-listann f. h. Framsfl.

Þar sem þá var ekki um fleiri að velja en kjósa skyldi, er C-listi var aftur tekinn, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Stjórnarmenn:
Stefán Jóh. Stefánsson alþm.,
Jakob Möller alþm.,
Þorlákur Ottesen verkstjóri,
Jóhann Ólafsson stórkaupmaður.

Endurskoðendur:
Ágúst Jósefsson heilbrigðisfulltrúi,
Jón Þorláksson borgarstjóri.

**12. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins og endurskoðendur.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fjögra manna í stjórn síldarverksmiðja ríkisins til 3 ára, frá 1. jan. 1935 til 31. des. 1937, og tveggja endurskoðenda verksmiðjanna til eins árs, frá 1. jan. 1935 til 31. des. s. á., samkv. ákv. til bráðabirgða í nýafgreiddum lögum frá Alþingi um síldarverksmiðjur ríkisins, sbr. 4. gr. þeirra laga, að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Fram komu 3 listar, og voru á þeim þessi nöfn: Á A-lista: Stjórnarmenn Páll Þorbjörnsson, Jón Sigurðsson, endurskoðandi Sophus A. Blöndal. Á B-lista: Stjórnarmenn Sveinn Benediktsson, Jón Þórðarson, endurskoðandi Hannes Jónsson. Á C-lista: Stjórnarmaður Þormóður Eyjólfsson.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég hafði hugsað mér að skipa Þormóð Eyjólfsson formann í stjórn síldarverksmiðja ríkisins, og mun gera það, fáist hann til þess. Vil ég því mælast til, að Framsfl. taki sinn lista aftur.

**Jónas Jónsson:** Ég segi sama viðvíkjandi þessari kosningu og þeirri fyrri, að þar sem skipa á formann í stjórn síldarverksmiðja ríkisins þann mann, sem Framsfl. hefir sett á lista, tek ég C-listann aftur f. h. Framsfl.

Eftir að C-listi var tekinn aftur, voru ekki fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, og lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Stjórnarmenn:
Páll Þorbjörnsson alþm.,
Sveinn Benediktsson framkvæmdarstjóri,
Jón Sigurðsson erindreki,
Jón Þórðarson fulltrúi.

Endurskoðendur:
Sophus A. Blöndal konsúll,
Hannes Jónsson alþm.

**13. Eftirlitsráð með opinberum rekstri.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning þriggja ráða til 3 ára, frá 1. jan.**

1935 til 31. des. 1937, hvert skipað þremur mönnum, samkv. ákv. til bráðabirgða í nýafgreiddum lögum frá Alþingi um eftirlit með opinberum rekstri, sbr. 1., 3. og 5. gr. þeirra laga, að viðhafðri hlutfallskosningu. Ráðin eru skipuð til eftirlits með ríkisfyrirtækjum eftir þessari flokkun:

1. flokkur:
Póstmálakerfið, landssíminn, ríkisútvarpið og skipaútgerð ríkisins.

2. flokkur:
Tóbakseinkasala ríkisins, áfengisverzlun ríkisins, viðtækjaverzlun ríkisins og áburðareinkasala ríkisins.

3. flokkur:
Skrifstofur vegamálastjóra, vitamálastjóra og húsameistara ríkisins, ríkisprentsmiðjan og landssmiðjan.

Við kosningu hvers ráðs komu fram 2 listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Allar kosningarnar fóru því fram án atkvgr., og urðu ráðin svo skipuð:

Ráð 1. flokks:
Sigurvin Einarsson kennari (af A-lista),
Sigurður Kristjánsson alþm. (af B-lista),
Sigurður Ólafsson gjaldkeri (af A-lista).

Ráð 2. flokks:
Guðm. Kr. Guðmundsson skr.st.stj. (af A-lista),
Jakob Möller alþm. (af B-lista),
Guðmundur Pétursson símritari (af A-lista).

Ráð 3. flokks:
Magnús Stefánsson verzlunarm. (af A-lista),
Halldór Steinsson læknir (af B-lista),
Jón Guðlaugsson bifreiðarstj. (af A-lista).

**14. Síldarútvegsnefnd.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd til 3 ára, frá 1. jan. 1935 til 31. des. 1937, og jafnmargra til vara, samkv. 1. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Fram komu 2 listar, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn aðalmanna og varamanna og í nefndina skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jakob Frímannsson fulltrúi (af A-lista),
Sigurður Kristjánsson útgerðarm. (af B-lista),
Finnur Jónsson alþm. (af A-lista).

Varamenn:
Björn Kristjánsson kaupfélagsstj. (af A-lista),
Loftur Bjarnason útgerðarmaður (af B-lista),
Jón Jóhannsson sjómaður (af A-lista).

**15. Eftirlitsmenn með opinberum sjóðum.**

Á sama fundi var loks tekin til meðferðar **kosning 3 eftirlitsmanna með opinberum sjóðum til 5 ára, frá gildistöku laganna til 31. des. 1939, samkv. 1. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Fram komu 2 listar, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti þá menn rétt kjörna, er á listunum voru tilnefndir, en þeir voru þessir:
Andrés Eyjólfsson bóndi (af A-lista),
Jakob Möller alþm. (af B-lista),
Sigurjón Á. Ólafsson alþm. (af A-lista).

## V. Símanot þingmanna.

Á deildafundum 9. okt. skýrðu forsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu ákveðið, að símanot þingmanna á kostnað Alþingis skyldu vera þeim takmörkunum bundin, að hámarkseyðsla hvers þingmanns færi ekki fram úr 150 kr. alls um þingtímann. Jafnframt væri þó ákveðið að krefjast ekki endurgreiðslu af einstökum þingmönnum, þeim sem lengst ættu að eða væru þingmenn hinna fjarlægustu kjördæma og hæst yrðu því að greiða fyrir hvert viðtalsbil, þó að símanot þeirra færu nokkuð fram úr þessu hámarki.

## VI. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 5. okt. skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

**Skrifstofan og prófarkalestur:**
Svanhildur Ólafsdóttir, Svanhildur Þorsteinsdóttir, Theodóra Thoroddsen.

**Skjalavarzla og afgreiðsla:**
Andrés Eyjólfsson.

**Lestrarsalsgæzla:**
Pétrína Jónsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

**Innanþingsskriftir:**
Teknir strax: Lárus H. Blöndal, Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Birgir Thorlacius, Kristinn Sigmundsson, Jóhann Hjörleifsson, Björn Haraldsson, Þórólfur Sigurðsson, Finnur Sigmundsson, Ólafur Tryggvason, Ólafur H. Kristjánsson, Guðrún Sigurðardóttir.
Teknir síðar eftir þörfum: Sigurður Guðmundsson, Björn Franzson, Kristrún Guðmundsdóttir, Magnús Ásgeirsson, Hermann Guðbrandsson, Jón Símonarson, Kristjón Kristjónsson,[1]) Guðjón B. Baldvinsson.

**Dyra- og pallavarzla:**
Árni S. Bjarnason, Þorgrímur Jónsson, Ingimundur Magnússon, Hjálmtýr Sigurðsson, Páll Ó. Lárusson, Theodór Friðriksson.

1) Var skömmu síðar ráðinn ritari fjárveitinganefndar, en í hans stað var tekinn innanþingsskrifari Pétur Jónsson.

**Þingsveinastörf:**
Ólafur Haukur Flygenring, Snorri Gunnarsson, Friðrik Jónsson, Svavar Jóhannsson, Magnús Sigurvin Magnússon, Sigurður Sigurðsson, Ólafur Jóhann Sigurðsson.

**Símavarzla:**
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

**Fatagæzla:**
Ragna Þorvarðardóttir, Ragnheiður Ásgeirs, Sigríður Jónsdóttir.

## VII. Starfslok deilda.

**a. Í efri deild:**
Á 69. fundi í Ed., 22. des., mælti

**forseti (EÁrna):** Fyrir þessum fundi liggur það verkefni eitt, að ljúka störfum deildarinnar.

Ég finn á þessum síðasta fundi að þessu sinni ástæðu til þess að þakka öllum hv. þdm. fyrir ágæta samvinnu. Svo sem endranær hefir það verið margt, sem borið hefir á milli flokka á þessu þingi, en þrátt fyrir það hafa allir ávallt gætt ýtrustu kurteisi og prúðmennsku. Mér er ánægja að geta þessa, og um leið vil ég þakka öllum hv. þdm. það umburðarlyndi, sem þeir hafa sýnt gagnvart því, sem kann að hafa verið áfátt í fundastjórn minni.

Ég óska svo að lokum öllum hv. þdm. farsællar ferðar, góðrar heimkomu og gleðilegra jóla og vona, að við megum allir hittast hér heilir á næsta þingi.

**Magnús Guðmundsson:** Ég þakka hæstv. forseta hin hlýlegu ummæli hans. Og í tilefni af því, að hann þakkar okkur fyrir prúðmannlega framkomu hér í deildinni, vil ég segja honum það, að sú framkoma er ekki annað en afleiðing af þeirri prúðmennsku og sanngirni, sem hann ávallt hefir sýnt okkur. Ég vil að lokum óska honum góðrar heimkomu og þakka honum góða stjórn og góða samvinnu. **(PM:** Við tökum allir undir það).
(Þdm. stóðu allir upp).

**Forseti (EÁrna):** Ég þakka þá velvild og sæmd, sem hv. deild sýnir mér, og segi fundi slitið.

**b. Í neðri deild:**
Á 67. fundi í Nd., 22. des., að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (JörB):** Þetta mun nú verða síðasti fundur deildarinnar að þessu sinni. Ég þakka hv. þdm. góða samvinnu á þessu þingi og óska þeim gleðilegra jóla og nýárs, og utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimkomu og árna þeim allrar blessunar og að við megum allir heilir hittast hér aftur.

**Ólafur Thors:** Þetta þing hefir ekki verið að öllu leyti ánægjulegt fyrir okkur sjálfstæðismenn. Þó vil ég ekki, að því ljúki án þess að við vottum hæstv. forseta þakkir fyrir hans ágætu fundastjórn. Það hefir ekki verið vandalaust að stjórna fundum á þessu þingi, en hann hefir, nálega undantekningarlaust, leyst það prýðilega af hendi, að ég tel, og í alla staði drengilega. Óska ég honum gleðilegra jóla og góðrar heimkomu og árna honum allrar blessunar.

**Forseti (JörB):** Ég vil þakka hv. þm. G.-K. einkar hlýleg árnaðarorð í minn garð og óska honum allra heilla, og endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þdm. Segi ég svo þessum síðasta fundi þd. slitið.

## VIII. Þinglausnir.

Á 29. fundi í Sþ., 22. des., mælti

**forseti (JBald):** Skrifstofa Alþingis hefir samið eftirfarandi skýrslu yfir störf þingsins frá því fyrsta:

Þingið hefir staðið frá 1. okt. til 22. des., samtals **83 daga.**

Þingfundir hafa verið haldnir:

| | |
|---|---|
| í neðri deild | 67 |
| í efri deild | 69 |
| í sameinuðu þingi | 29 |
| Alls | 165 þingfundir. |

Þingmál og úrslit þeirra:

**I. Lagafrumvörp:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Stjórnarfrumvörp: | | | |
| a. lögð fyrir neðri deild | 21 | | |
| b. — — efri deild | 13 | | |
| c. — — sameinað þing | 3 | | |
| | | — | 37 |
| 2. Þingmannafrumvörp: | | | |
| a. borin fram í neðri deild | 77 | | |
| b. — — - efri deild | 31 | | |
| | | — | 108 |
| | | —— | 145 |
| Þar af | | | |
| a. afgreidd sem lög | | | |
| stjórnarfrumvörp | 33 | | |
| þingmannafrumvörp | 46 | | |
| | | — alls | 79 lög |
| b. felld | | | |
| þingmannafrumvörp | | | 2 |
| c. afgr. með rökst. dagskrá | | | |
| þingmannafrumvörp | | | 6 |
| d. ekki útrædd | | | |
| stjórnarfrumvörp | | | 4 |
| þingmannafrumvörp | | | 54 |
| | | | 145 |

**II. Þingsályktunartillögur:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Bornar fram í neðri deild | 4 | | |
| b. — — - efri deild | 10 | | |
| c. — — - samein. þingi | 24 | | |
| | | — | 38 |
| Þar af | | | |
| a. Þingsályktanir, afgr. til stjórnarinnar | | | |

| | | |
|---|---|---|
| 1. ályktanir Alþingis .... | 14 | |
| 2. ályktanir neðri deildar . | 2 | |
| 3. ályktanir efri deildar .. | 6 | |
| | | — alls 22 þál. |
| b. vísað til stjórnarinnar ... | | 2 |
| c. ekki útræddar ..... | | 14 |
| | | 38 |

**III. Fyrirspurnir:**

Borin fram í neðri deild og svarað ..... 1

Ennfremur kom fram í Sþ. till. frá meiri hl. kjörbréfanefndar um kæru út af kosningunni í Skagafjarðarsýslu, en varð ekki útrædd ..... 1

Mál til meðferðar í þinginu alls ..... 185

Störfum þessa Alþingis er nú lokið, og hefir það staðið í 83 daga.

Þetta er hið fyrsta þing, sem háð er samkv. stjórnarskrárbreytingu þeirri, sem samþykkt var til fullnustu á aukaþinginu haustið 1933. En í þeirri stjórnarskrárbreytingu fólst m. a. heimild til allmikillar fjölgunar á alþingismönnum, og hafa á þessu þingi setið fleiri þingmenn en nokkru sinni áður, eða 49, eins og stjórnarskráin frekast leyfir.

Þingið hefir að þessu sinni afgreitt mörg stórvægileg mál, og vil ég þar til nefna löggjöf viðvíkjandi skipulagi á sölu landbúnaðarafurða innanlands og um sölu sjávarafurða erlendis, sem hvorttveggja eru hin þýðingarmestu mál, er ráða þarf fram úr. Og þótt skiptar séu skoðanir um einstök málsatriði, þá geta sjálfsagt allir sameinazt um þá ósk, að þessi löggjöf, svo og önnur störf Alþingis, megi verða til gagns og nytsemdar þjóð vorri, og eins um þá ósk, að oss takist að sigrast á þeim iskyggilegu örðugleikum, sem nú ógna atvinnuvegum landsmanna.

Ég óska alþingismönnum þeim, sem heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

**Jónas Jónsson:** Ég vil fyrir hönd okkar, sem starfað höfum undir stjórn hæstv. forseta Sþ., tjá honum frá þingheimi þakklæti fyrir ágæta stjórn á fundum í vetur, sem borið hefir þann árangur, að þingið hefir afkastað ákaflega miklu og erfiðu starfi á stuttum tíma. Og eins og hann óskaði þeim góðrar heimferðar, sem eiga ferð fyrir höndum, eins vil ég óska honum góðs gengis, og enn á ný þakka honum fyrir góða stjórn á fundum í vetur.

Stóð þá upp forsætisráðherra, **Hermann Jónasson**, og las upp umboð konungs sér til handa til þess að segja Alþingi slitið.

Síðan mælti

**forsrh. (Hermann Jónasson):** Það eru nú liðin 1004 ár síðan Alþingi Íslendinga var stofnað, en þetta er 48. löggjafarþingið síðan Alþingi var endurreist. Ég leyfi mér í því umboði konungs, sem ég las upp, og í nafni hans að segja þessu Alþingi slitið.

Lengi lifi ættjörðin og konungurinn.

[Tók þingheimur undir með ferföldu húrrahrópi].

**Var síðan af þingi gengið.**